



# Jómsvíkinga saga

Sérstaða, varðveisla og viðtökur

Pórdís Edda Jóhannesdóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs  
Nóvember 2016



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**HUGVÍSINDASVIÐ**

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

# **Jómsvíkinga saga**

Sérstaða, varðveisla og viðtökur

Þórdís Edda Jóhannesdóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Íslensku- og menningardeild  
Nóvember 2016

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands  
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar  
við doktorspróf í íslenskum bókmenntum

Reykjavík, 3. október 2016

Gunnþórunn Guðmundsdóttir  
deildarforseti

Doktorsnefnd:

Ármann Jakobsson, leiðbeinandi

Alison Finlay

Sverrir Tómasson

*Jómsvíkinga saga: Sérstaða, varðveisla og viðtökur*

© Þórdís Edda Jóhannesdóttir  
Reykjavík 2016

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9935-9260-8-1

Prentun: Háskólaprent



## Ágrip

Jómsvíkinga saga er meðal elstu varðveittu veraldlegra sagna á Íslandi. Hún hefur að öllum líkindum verið skrifuð á fyrri hluta 13. aldar en er varðveitt í fjórum ólíkum gerðum frá miðöldum í jafnmörgum handritum. Fræðileg umfjöllun um söguna hefur einkum beinst að tveimur þáttum. Annars vegar hefur uppruni og tilurð sögunnar verið í brennidepli fræðimanna en hins vegar hvernig eigi að skilgreina hana. Hún hefur þótt falla illa að hefðbundinni flokkun íslenskra miðaldabókmennta vegna þess að í henni mætast einkenni konungasagna, Íslendingasagna og fornaldarsagna. Í rannsókninni er fjallað um Jómsvíkinga sögu í víðu samhengi með það í huga að textinn, varðveisla hans og hugmyndir um hann á ýmsum tíma geti skýrt stöðu hennar meðal íslenskra miðaldabókmennta. Um leið er textinn nýttur til þess að varpa ljósi á ýmsa þætti sagnaritunar á miðöldum. Jómsvíkinga saga er meðal elstu íslensku verka þar sem sögulegum atburðum er miðlað með aðferðum sem fremur einkenna skáldskap en sagnfræði. Í ritgerðinni eru færð rök fyrir því að nýjungar í bókmenntum á 12. öldinni á meginlandi Evrópu skipti máli þegar kemur að þróun íslenskra miðaldabókmennta um og upp úr 1200. Með nákvæmri greiningu á Jómsvíkinga sögu kemur í ljós blöndun hefða og nýjunga sem á eftir að taka á sig skýrari mynd í veraldlegum íslenskum miðaldabókmenntum á 13. og 14. öldinni.



## Abstract

Jómsvíkinga saga is amongst the oldest Icelandic sagas. It was most likely written in the first half of the 13th century but has been preserved in four different versions from the Middle Ages in four vellum manuscripts. Two aspects of the saga have been the main focus of scholars hitherto. On the one hand the saga's origins and on the other hand the question of *genre*. Characteristics from different *genres* like kings' sagas, family sagas and legendary sagas can be found in Jómsvíkinga. In this thesis however, the saga is analysed on the grounds that the text, its preservation and reception can shed light on its place in the history of Icelandic literature. At the same time, the analysis sheds light on medieval Icelandic saga writing. Jómsvíkinga saga is one of the earliest sagas to relate historical events with methods that are attributed to fiction rather than history. In the thesis it is argued that 12th century novelties in literature in Europe affect how Icelandic medieval literature develops around 1200 and later. With close reading of Jómsvíkinga saga comes into light the combination of tradition and innovation that develops further in Icelandic sagas during the 13th and 14th centuries.





## Efnisyfirlit

Formáli.....	ix
1 Inngangur.....	1
2 Uppruni Jómsvíkinga sögu og rannsóknarsaga.....	11
2.1 Handrit.....	12
2.2 Tilurð.....	18
2.3 Aldur.....	25
2.4 Gerðir.....	29
2.4.1 Perg. 4to nr. 7 og AM 291 4to.....	30
2.4.2 AM 510 4to og AM 291 4to.....	42
2.5 Samantekt.....	48
3 Hefð og nýmæli.....	49
3.1 Jómsvíkinga saga og aðrar heimildir.....	49
3.1.1 Persónur.....	50
3.1.2 Sögusvið.....	62
3.1.3 Jómsvíkingabardagi.....	67
3.2 Sagnfræði og skáldskapur.....	70
3.2.1 Skáldskapur og sagnfræði á miðöldum.....	71
3.2.2 Satt og ósatt.....	79
3.2.3 Unnið úr heimildum.....	83
3.3 „Má og vera að hvorki sé satt“.....	88
3.3.1 Sagnfræði og Jómsvíkinga saga.....	88
3.3.2 Rómönsur og sagnaritun.....	91
3.3.3 Íslendingasögur og skáldskapur.....	94
3.3.4 Jómsvíkinga saga og Flateyjarbók.....	99
3.4 Samantekt.....	102
4 Textinn.....	105
4.1 Bygging.....	105
4.1.1 Vísur.....	112
4.2 Stíll.....	114
4.2.1 Yfirlit um stíl íslenskra miðaldabókmennta.....	114
4.2.2 Stíll Jómsvíkinga sögu.....	119

4.2.3	Mót rithefðar og munnmennta .....	129
4.3	Samantekt.....	131
5	Efniviðurinn .....	133
5.1	Konungar.....	134
5.1.1	Haraldur Gormsson.....	135
5.1.2	Sveinn Haraldsson .....	140
5.1.3	Hákon jarl .....	147
5.2	Hetjur og víkingar .....	154
5.2.1	„Vaskleikur og karlmennska“ .....	155
5.2.2	Riddarar, Jómsvíkingar og konur .....	160
5.2.3	Jómsvíkingar og hetjur .....	164
5.2.4	„Eitt sinn skal hver deyja“ .....	172
5.2.5	Víkingar og hermenn .....	174
5.3	Samantekt.....	177
6	Bókmenntategundir og Jómsvíkinga saga .....	179
6.1	Fræðileg umræða.....	179
6.2	Jómsvíkinga saga og aðrar sögur .....	181
6.2.1	<i>Færeyinga saga og Orkneyinga saga</i> .....	182
6.2.2	<i>Yngvars saga víðförla</i> .....	184
6.2.3	<i>Egils saga</i> .....	186
6.3	Staða Jómsvíkinga sögu .....	190
6.4	Samantekt.....	195
7	Niðurstöður .....	197
	Heimildaskrá .....	201

## Formáli

Þessi ritgerð er unnin í doktorsnámi við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands á árunum 2011–2016. Margir hafa lagt hönd á plóg og stutt við bakið á mér frá upphafi til enda. Er mér ljúft og skylt að færa þeim þakkir.

Í doktorsnáminu hlaut ég doktorsstyrk Rannsóknarsjóðs Háskóla Íslands sem gerði mér kleift að helga mig ritgerðinni alfarið í tvö ár á tímabilinu. Að auki var ég svo lánsöm að fá styrk frá Den Arnamagnæanske Kommission til rannsókna á handritum Jómsvíkinga sögu við Den Arnamagnæanske Samling í Kaupmannahöfn. Þá bauðst mér styrkur til tímabundinnar dvalar við Háskólann í Katowice, Póllandi, þar sem ég fékk meðal annars að kenna og halda fyrirlestra um Jómsvíkinga sögu og er þakklát Jakub Morawiec fyrir þetta tækifæri.

Vinnan við þessa ritgerð hefði bæði orðið erfðari og leiðinlegri ef ekki hefði verið fyrir allt hið mæta fólk sem hefur verið mér samferða í gegnum námið til lengri eða skemmri tíma. Samnemendur mínir fá sérstakar þakkir fyrir alla fundina, bæði formlega og óformlega. Fyrri hluta námsins sat ég í aðstöðu doktorsnema á Hugvísindasviði í Gimli og er þakklát öllu því góða fólk sem sat með mér, hvort sem var við skrifborð eða á kaffistofunni. Síðari hluta námsins naut ég aðstöðu við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og verð fyrir það ævarandi þakklát. Starfsfólki stofnunarinnar þakka ég ýmis góð ráð, hjálpssemi og hvatningu en sérstakar þakkir fá félagar mínir í drottningadyngjunni fyrir allt spjallið og sáluhjálpinu. Vinkonum mínum og systkinum vil ég þakka þolinmæði og skilning sem og frænkunum sem eru besta klapplið sem hægt er að hugsa sér. Fyrir yfirlestur á ritgerðinni að hluta eða heild sem og ómældan stuðning þakka ég foreldrum mínum.

Fyrst og fremst vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Ármanni Jakobssyni, sem ýtti mér af stað og fylgdi verkinu eftir jafnt og þétt, ætíð boðinn og búinn í yfirlestur eða samræður á öllum stigum verksins. Í doktorsnefnd sátu að auki Sverrir Tómasson og Alison Finlay. Samstarf okkar var farsælt og ráðgjöf þeirra ómetanleg.

Þegar ég hafði tekið ákvörðun um að hefja doktorsnám sagði amma mín Herdís oftast sem áður: „Ljómandi, þú hefur nefnilegan nægan tíma til að læra allt sem þú vilt.“ Ég tileinka þetta verk minningu ömmu Dísu og lofa henni að ég er ekki hætt að læra.



# 1 Inngangur

Jómsvíkinga saga (Jvs.) telst ekki til frægustu verka íslenskra miðalda. Hún er þó meðal elstu varðveittu veraldlegra sagna á Íslandi og hefur að öllum líkindum verið skrifuð á fyrri hluta 13. aldar. Sagan er nokkuð stutt, frásögnin er hröð, yfirbragðið er kímið og lýsingar á köflum grófar. Aðalpersónur Jómsvíkinga sögu eru danskar og norskar, söguviðið er Danmörk, Noregur og hin goðsagnakennda Jónsborg. Jómsvíkingar sjálfir eru danskir. Sagan snýst ekki um eina aðalhetju heldur nokkrar hetjur sem frægar eru af bardögum og vaskleika. Deilur milli Danmerkur og Noregs eru rauður þráður í sögunni. Hámarki nær sagan í svo kölluðum Jómsvíkingabardaga í Hjörungavogi í Noregi þar sem Jómsvíkingar lúta í lægra haldi fyrir Hákonu jarli Sigurðarsyni og Eiríki syni hans. Í kjölfarið eru margir Jómsvíkingar teknir af lífi. Í lýsingum á aftökunni koma einkenni sögunnar vel fram, menn horfast í augu við dauðann glottandi út í annað, með gamanyrði eða grófyrði á vörum og blikna ekki eitt andartak.

Margar orsakir liggja að baki því að sagan er ekki meðal þekktustu sagna; einn þáttinn má rekja til þess hve litla athygli hún hefur hlotið í fræðilegri umfjöllun í samanburði við aðrar 13. aldar sögur, ekki síst á Íslandi. Með þessu verki er ætlunin að á þessu verði nokkur bragarbót gerð. Fálæti Íslendinga gagnvart sögunni á sínar skýringar. Sagan er ekki stórvirki á borð við *Heimskringlu* sem hefur alla tíð hlotið mesta athygli þeirra sagna sem fjalla um erlenda konunga. Þá er hlutverk Íslendinga í sögunni lítilfjörlegt og því hafði hún engan tilgang í pólitískri sjálfstæðisbaráttu Íslendinga en kunnugt er hvernig sjálfstæðissinnar nýttu fornsögurnar, einkum Íslendingasögur sem vitnisburð um sína glæstu fortíð. Í ljósi þess að Danakonungar koma mjög við sögu og Jómsvíkingar eru danskir kemur ef til vill ekki á óvart að flestar útgáfur sögunnar eru danskar. Hér á landi var sagan fyrst gefin út árið 1969 af Ólafi Halldórssyni og er það enn þá eina íslenska útgáfa sögunnar.<sup>1</sup>

Ólafur ritaði ágætan inngang að Jvs. og fjallaði þó nokkuð um hana í skrifum sínum næstu áratugi á eftir. Auk Ólafs má nefna Torfa H. Tulinius sem gerði sögunni hátt undir höfði í rannsókn sinni á vexti skáldskapar á Íslandi á 13. öld í bókinni *La Matière du Nord*. Segja má að Ólafur og Torfi hafi verið brautryðjendur í túlkun og gagnrýnni bókmenntafræðilegri nálgun á söguna. Aðrar rannsóknir á Jvs. hafa einkum beinst að ytri þáttum hennar. Annars vegar tilurð og uppruna sem fela í sér ýmsar athuganir og ályktanir um varðveislu sögunnar. Hins vegar hefur sjónum talsvert verið beint að því hvernig skuli flokka söguna. Um hvort tveggja verður fjallað betur í 2. og 6. kafla ritgerðarinnar en skal vikið að þessum atriðum í stuttu máli hér.

---

<sup>1</sup> Þess ber þó að geta að þegar þetta er ritað er unnið að nýrri útgáfu hjá Hinu íslenska fornritafélagi.

Jómsvíkinga saga er varðveitt í fjórum miðaldahandritum og hvert þeirra varðveitir texta sem er nógu frábrugðinn öðrum til þess að geta kallast sérstök gerð sögunnar. Handritin eru: AM 291 4to (stytt 291) talið frá síðari hluta 13. aldar, Sth. Perg. 4to nr. 7 (stytt Perg. 7) talið frá um 1300, Flateyjarbók (GKS 1005 fol.) skrifuð 1387-1394 og AM 510 4to frá 16. öld (stytt 510). Af latneskri þýðingu Arngríms Jónssonar lærða frá 17. öld virðist einnig sem hann hafi haft undir höndum handrit með fimmtu gerð sögunnar en það hefur ekki varðveist. Í ljósi varðveislu sögunnar hafa fræðimenn fjallað töluvert um skyldleika gerðanna og velt vöngum yfir því hver gerðanna sé elst eða upprunalegust. Farið verður nánar í helstu kenningar um uppruna sögunnar hér á eftir en þegar sú umræða er krufin til mergjar kemur í ljós að aldrei hefur myndast sátt meðal fræðimanna um niðurstöðu í þessum efnunum.

Þessi varðveisla gerir það einnig að verkum að erfitt getur reynst að fjalla um Jómsvíkinga sögu sem ákveðna einingu. Þegar fræðimenn hafa staðið frammi fyrir því að velja texta Jvs. til umfjöllunar eða útgáfu stendur valið einkum á milli Perg. 4to nr. 7 og AM 291. Ástæðan er sú að þessar gerðir eru varðveittar sjálfstæðar og heilar frá upphafi til enda með nokkrum undantekningum í 291 þar sem handritið er skaddað, einkum við upphaf og lok sögunnar.<sup>1</sup> Í AM 510 vantar fyrsta hluta sögunnar, sem samsvarar fyrstu sjö köflum í útgáfu Ólafs Halldórssonar. Handritið er auk þess yngst þessara handrita og hefur þetta tvennt eflaust haft áhrif á að lítið hefur verið fjallað um sögugerðina í 510.

Á síðustu áratugum er algengast að gerðin í 291 verði fyrir valinu í umfjöllun um Jómsvíkinga sögu. Ólafur Halldórsson hefur án nokkurs vafa haft áhrif á þessa þróun þar eð útgáfa hans og rannsóknir á sögunni beinast aðallega að 291. Aftur á móti hefur sú gerð aldrei verið þýdd á ensku og því er misjafnt til hvaða gerðar erlendir fræðimenn vísa. Til eru tvær þekktar enskar þýðingar á Perg. 7, önnur í útgáfu Lee M. Hollander 1955 og hin er gerð af Norman Francis Blake 1962. Hollander rökstyður val sitt ekki rækilega í formála útgáfu sinnar en kallar hana „authentic“ og „preferable“.<sup>2</sup> N.F. Blake hefur á hinn bóginn skýra sýn á texta Perg. 7 í samanburði við aðrar gerðir:

The hallmark of *H* [Sth. Perg. 4to nr. 7] is its elliptical style. The other versions tend to be longwinded and verbose, whereas the redactor of *H* has compressed everything and has created a crisp, pithy saga style. He omitted all connecting phrases, making one clause follow baldly on the next. Nouns and pronouns which the scribe thought unnecessary were done away with ... By comparing *H* with the other redactions one can see that the scribe had gone over the text carefully rearranging and rephrasing where he thought necessary. Even small details have been rearranged to make the story more convincing or more straightforward ... It is typical of the redactor of *H* that he tries never to repeat himself. What is tedious in the other versions becomes interesting and alive in *H*.<sup>3</sup>

---

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson nýtir texta *Flateyjarbókar* til þess að fylla upp í eyður. Þar sem eyðurnar koma stendur Flateyjarbókartextinn næst 291.

<sup>2</sup> Hollander, „Introduction,“ 20 og 24.

<sup>3</sup> Blake, „Introduction,“ xxi.

Það er athyglisvert að Ólafur Halldórsson, sem gaf söguna út á 7. áratugnum eins og Blake, skuli velja aðra gerð og skýrir val sitt með því að 291 hljóti að vera næst frumgerð og það réttlæti hans val. Í inngangi hans má einnig skynja að „frásagnargleði“ hafi ráðið nokkru um valið.<sup>1</sup> Þetta staðfestir hann síðar í greininni „Um Jómsvíkinga sögu“ frá árinu 2009 þar sem hann tekur fram að hann telji 291 varðveita textann „eins og höfundur hennar hefur gengið frá henni í upphafi“ og bætir við að textinn sé „sérkennilegur og frábærlega skemmtilegur.“<sup>2</sup> Blake telur raunar að 291 endurspegli ef til vill elstu gerð en réttlætir val á 7 fram yfir 291 þannig:

The *Jómsvíkinga saga*, as was pointed out above, is not a historical text and has no value as a historical document. The main claim that the saga has to our attention is its literary excellence. Consequently *H* has been selected as the text for editing here. Firstly it is complete, and though the story has been shortened, all the essential features have been retained. Secondly it is without doubt the best redaction of the saga from a literary point of view. 291 is unsuitable for the beginning and the end are missing and there are various gaps in the text. It is also too verbose and discursive. Its literary excellence is small in comparison with *H*.<sup>3</sup>

Ólafur og Blake tína til gamalkunnar og vel þekktar ástæður fyrir rökstuðningi á útgáfum, Ólafur heldur sig við rökin um „elstu gerð“ og Blake gengur út frá óáþreifanlegum og óskilgreindum mælikvarða bókmenntalegs ágætis. Í þessari rannsókn verður fordæmi Ólafs fylgt að mestu og í almennri umfjöllun um söguna er vísað til gerðarinnar í 291. Taka má undir með Ólafi að sú gerð er skemmtilegri en í vísindalegri rannsókn duga slík rök skammt. Það sem hefur ráðið þessu vali er einkum tvennt. Í fyrsta lagi að með umfjöllun og útgáfu Ólafs hlaut sú gerð sess sem sá texti sem þekktur er á Íslandi þegar vísað er til Jómsvíkinga sögu. Það má því segja að ákveðin hefð sé fyrir þeirri gerð í umræðu um söguna. Í öðru lagi verða færð rök fyrir því í þessari rannsókn að 291 sé elsta gerð sögunnar. Bókmenntasögulegt samhengi er afar mikilvægt fyrir niðurstöður ritgerðarinnar og því er heppilegast að styðjast við þá gerð sem varðveitt handrit benda til að sé elst en aldur sögunnar verður betur ræddur í kafla 2.3.

Við þetta má bæta að texti 291 er lengri en Perg. 7 og virðist allt benda til að texti Perg. 7 hafi verið skorinn niður eins og Blake bendir á í tilvitnun hér að framan.<sup>4</sup> Í Perg. 7 hverfa ýmis einkenni textans í 291 eins og írónía, viðhorf til ýmissa persóna verður hlutlausara og sviðsetningar eru færri. Farið verður í saumana á þessum einkennum í kafla 2.4.

Hinn vandinn sem kastljós fræðimanna hefur beinst að þegar fjallað er um Jvs. er hvernig á að skilgreina hana með tilliti til hefðbundinnar flokkunar veraldlegra íslenskra miðalda-bókmennta. Hér er átt við meginflokka eins og Íslendingasögur, konungasögur, fornaldarsögur, riddarasögur og samtíðarsögur. Almennt má segja að í stórum dráttum hafi ríkt sátt um

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 54.

<sup>2</sup> Ólafur Halldórsson, „Um *Jómsvíkinga sögu*“, 292.

<sup>3</sup> Blake, „Introduction“, xix-xx.

<sup>4</sup> Sjá nánari rökstuðning hér á eftir, bls. 30–32.

skilgreiningu á flokkunum og hefð er fyrir því að nota hugtökin án þess að skilgreina þá sérstaklega.<sup>1</sup> Líkt og með flesta slíka flokkadrætti vandast oft málið þegar kafað er undir yfirborðið og upp stinga kollinum sögur sem ekki falla beinlínis að skilgreiningum þessara flokka. Jómsvíkinga saga er ein slíkra sagna og má segja að hún dragi ágætlega fram í dagsljósið annmarka hinnar hefðbundnu flokkunar. Í brennidepli sögunnar er hópur manna en ekki ein hetja, tiltekin ætt eða ákveðnir konungar. Þetta er meðal þess sem gerir söguna erfiða skilgreiningar.

Ef litið er í formála að útgáfum Jómsvíkinga sögu og yfirlitsrit, til dæmis bókmenntasögur, kemur í ljós að ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til þess að skilgreina söguna. Í *Íslenskri bókmenntasögu* er Jómsvíkinga saga nefnd í tveimur flokkum og er hvor flokkur í sínu bindinu. Í fyrra sinnið drepur Sverrir Tómasson á sögunni í kaflanum um konungasögur þar sem hann raunar tekur fram að ekki eigi að flokka hana með konungasögum. Fremur telur Sverrir hana skyldasta Íslendingasögum.<sup>2</sup> Sagan hefur hingað til ekki verið talin til þess flokks, mögulega vegna þess að aðalpersónurnar eru flestar danskar og sögusviðið er aldrei á Íslandi, en þau rök hafa raunar ekki komið í veg fyrir að *Færeyinga saga* sé jafnan flokkuð með Íslendingasögum.<sup>3</sup> Ekki er fjallað um söguna í kaflanum „Íslendingasögur og þættir“ eftir Véstein Ólason í öðru bindi *Íslenskrar bókmenntasögu*. Þar er aftur á móti rammagrein um söguna í kaflanum „Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum“ eftir Torfa H. Tulinius. Í inngangi að þeim kafla segir: „Hér verður nú fjallað um stóran og fjölbreyttan flokk fornsagna, þýddra og frumsaminnna, sem eiga það sameiginlegt að sögusvið þeirra og sögutími á fátt skylt við veruleika íslenskra höfunda og lesenda á miðöldum heldur tengist framandi löndum og grárri forneskju.“<sup>4</sup>

Þrátt fyrir að í þessum kafla sé brotin upp hefðbundin flokkun í fornaldarsögur og riddarasögur er samt sem áður sett fram skilgreining á flokknum og sú skilgreining nær ekki yfir Jómsvíkinga sögu. Sögusviðið er vissulega ekki Ísland en það ætti að vera kunnuglegt úr sagnaheimi bæði konungasagna og Íslendingasagna og auk þess er sögutíminn ekki „grá forneskja“ heldur sá sami og er til umfjöllunar í sagnabókmenntum 13. aldar. Þó er raunin sú að Jómsvíkinga saga fær umfjöllun í rammagrein í þessum kafla, nánar tiltekið í umfjöllun um fornaldarsögur Norðurlanda. Þar eru slegnir varnaglar á flokkun sögunnar og rætt um ritun „litt trúverðugra sagna sem gerast á víkingaöld“ og að sennilega sé Jómsvíkinga saga slík. Enn

---

<sup>1</sup> Skal þó ekki litið framhjá þeirri umræðu sem þó hefur átt sér stað um skilgreiningar á þessum flokkum eins og til dæmis umræðan um fornaldarsögur á síðustu áratugum, til að mynda í „Interrogating genre in the fornaldarsögur: round-table discussion“ í öðru hefti *Viking and Medieval Scandinavia* árið 2006 og má einnig nefna bók Ármanns Jakobssonar um stöðu og tilurð Íslendingaþátta sem sérstaks undirflokks í bókinni *Íslendingaþættir: saga hugmyndar*.

<sup>2</sup> Sverrir Tómasson, „Konungasögur“, 387.

<sup>3</sup> Vésteinn Ólason, „Íslendingasögur og þættir“, 42 og 80.

<sup>4</sup> Torfi H. Tulinius, „Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum“, 167.



fremur er tekið fram að sagan hafi oft verið flokkuð til konungasagna en hafi þó bókmenntaleg einkenni fornaldarsagna.<sup>1</sup>

Í bókmenntasögu Finns Jónssonar leggur Finnur ekki mikla áherslu á hvers kyns saga Jvs. en skipar henni niður í kafla sem ber heitið „Sagaer vedrørende Danmark og Sverrig för Snorre“.<sup>2</sup> Í þeim kafla fjallar Finnur eingöngu um Jómsvíkinga sögu og *Skjöldunga sögu*. Í *Sögu Íslands* II ræðir Jónas Kristjánsson Jómsvíkinga sögu einnig stuttlega í kafla um konungasögur og segir hana „einkennilegt verk“. Hann líkir lýsingunni á aftöku Jómsvíkinga í lok sögunnar við hetjukvæði og bendir að lokum á að sagan hafi enda „verið kölluð hetjuljóð í lausu máli“.<sup>3</sup> Sama orðalag notar Ólafur Halldórsson í inngangi sínum að Jómsvíkinga sögu og segir það eiga ágætlega við hvað varðar afstöðu höfundar sem fari í manngreinarálit og standi jafnan með hetjunni. Flokkunarvandamál sögunnar endurspeglast ágætlega í orðum Ólafs þar sem hann segir að Jómsvíkinga sögu „verði ekki skipað í neinn sérstakan flokk í íslenskum miðaldabókmenntum. Efnislega eru hún nálægust sögum af Danakonungum, en sem bókmenntir eru hún skyldust Íslendinga sögum, og er hún þó ólík þeim á margan hátt“.<sup>4</sup>

Á síðustu áratugum hefur greinin „The Political Sagas“ eftir Melissu A. Berman haft nokkur áhrif á skilgreiningu Jvs. en þar leggur hún til að *Orkneyinga saga*, *Færeyinga saga* og Jómsvíkinga saga myndi undirflokk sem megi kalla „pólitískar sögur“. Þær eigi það sameiginlegt að landfræðilegt svið þeirra er vítt, valdamiklir og metnaðarfullir menn sem bjóða stækkandi veldi ríkjandi yfirvalds byrginn leika lykilhlutverk og sú staðreynd að valdið er hverfult er jafnan í brennidepli. Torfi H. Tulinius mótmælir hins vegar Berman í bók sinni *La Matière du Nord*.<sup>5</sup> Hann fellst þó á að Jómsvíkinga saga sé „pólitísk saga“ en að pólitísk hugðarefni sögunnar séu af öðrum toga en þeim sem hún lýsir. Hann bendir á að hún noti í greininni óvarlega hugtakið „þjóð“ (*nation*) en hún telur að sögur „þjóðanna“ í Orkneyjum og Færeijum fléttist saman við nágrannalönd sín<sup>6</sup> og að eitt þriggja meginatriða Jvs. séu persónur sem ögra „expanding national authority“.<sup>7</sup> Torfi telur að merki um einhvers konar þjóðarvitund sé erfitt að greina í Jómsvíkinga sögu. Hann tekur fram að samskipti séu bundin við einstaklinga, kappsemin ríki á milli einstakra höfðingja, jarla og konunga en nái ekki til annarra þegna eða almúgans. Skilgreining Berman á sögunni verður tekin til frekari umræðu og hrakin í 6. kafla ritgerðarinnar.

<sup>1</sup> Torfi H. Tulinius, „Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum,“ 186–187.

<sup>2</sup> Finnur Jónsson, *Den Oldnorske og Oldislandske Litteraturs Historie* 2, 659–665.

<sup>3</sup> Jónas Kristjánsson, „Konungasögur,“ 234.

<sup>4</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 51. Sjá einnig Alison Finlay, „*Jómsvíkinga Saga* and Genre,“ 77.

<sup>5</sup> Hér er stuðst við enska þýðingu ritsins, *The Matter of the North*, 191–216.

<sup>6</sup> Berman, „The Political Sagas,“ 114

<sup>7</sup> Sama rit 117.

Torfi rær raunar á ný mið í umfjöllun sinni um söguna og nálgast hana í samhengi við upphaf og vöxt skáldskapar á 13. öldinni.<sup>1</sup> Hann setur fram þá tilgátu að sagan sé mögulega fyrsta sagan þar sem hefðbundar aðferðir sagnfræðiritunar séu ekki í heiðri hafðar og að hún kunnir að vera með elstu íslensku sögum sem er rituð sem ódulinn skáldskapur.<sup>2</sup> Að því leyti marki hún slóðina fyrir fornaldarsögurnar sem eru að öllum líkindum allar ritaðar síðar en Jómsvíkinga saga. Síðast en ekki síst telur Torfi að sagan sé vendipunktur í íslenskri bókmenntasögu því að hún geri „fæðingu“ Íslendingasagna mögulega.<sup>3</sup> Í Jómsvíkinga sögu sé ókonungbornum höfðingjum gert hátt undir höfði en slík áhersla er fyrirferðamikil í Íslendingasögunum. Þannig hafi næsta rökrétta skref í þróun sagnaritunar verið fyrsta Íslendingasagan, *Egils saga Skallagrímssonar*.

Þessi stutta greinargerð um ólíkar ályktanir fræðimanna um hvernig skuli skipa sögunni niður ber að sama brunni og niðurstaða um uppruna hennar: sitt sýnist hverjum og lítil eining hefur ríkt. Nefndir eru til sögunnar þrjár stórir flokkar í umræðunni, konungasögur, Íslendingasögur og fornaldarsögur, en að auki tillögur að óhefðbundnari niðurskipan. Þá eiga þessar rannsóknir það einnig sameiginlegt að þær eru ekki grundvallaðar á rækilegri athugun á textanum og varðveislu hans í menningar- og sögulegu samhengi. Markmið þessarar rannsóknar er ekki síst að stækka rannsóknarsvið sögunnar og hrekja eða styðja ofangreindar hugmyndir fræðimanna og voru þær meðal annars hafðar að leiðarljósi við mótun rannsóknarspurninga verkefnisins. Hér á eftir er þannig leitast við að svara og skýra eftirfarandi atriði:

- Er hægt að skilgreina Jómsvíkinga sögu í samhengi við hefðbundnar tegundir íslenskra miðaldabókmennta?
- Hvernig getur varðveisla sögunnar varpað ljósi á viðtökur hennar á miðöldum?
- Er Jvs. mikilvægur hlekkur í þróun hugmynda um sagnfræði og skáldskap á Íslandi á 13. öld?
- Hvaða lærdóm má draga af sögunni um bókmenntahefð á 13. öld?

Í ljósi þess hve skilgreiningar á sögunni eru fjölbreyttar hentar sagan vel til sérstakrar rannsóknar þar sem texti hennar, varðveisla og hugmyndir á ýmsum tímum getur skýrt stöðu hennar meðal íslenskra miðaldabókmennta. Rannsóknaraðferð ritgerðarinnar má skipta gróflega í tvennt, annars vegar er hinn ytri heimur sögunnar kannaður, það sem lýtur að ríkjandi hugmyndafræði og bókmenntastraumum á ritunartíma og hvernig þessar ytri aðstæður geta haft áhrif á ritun sögunnar. Þessi nálgun er í ætt við aðferðir samanburðarbókmennta í þeim skilningi

---

<sup>1</sup> Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 191–192.

<sup>2</sup> Sama rit, 192: „...it may be one of the first overtly fictional sagas.“

<sup>3</sup> Sama rit, 215–216.

að verið er að kanna hvernig almenn bókmennta- og hugmyndaleg áhrif geta skipt máli fyrir ritun Jvs.<sup>1</sup> Færð verða rök fyrir því að ýmsar hræringar og nýjungar sem koma fram á 12. öldinni á meginlandi Evrópu skipti máli þegar kemur að þróun íslenskra miðaldabókmennta um og uppúr 1200. Þá verður textinn einnig kannaður á eigin forsendum, hann túlkaður og borinn saman við aðrar íslenskar miðaldabókmenntir með það í huga að textann sjálfur sé merkingarbær. Í þeirri umfjöllun er rannsókn á viðtökum sögunnar rauður þráður. Þó að hér sé ekki um textaútgáfu að ræða eru aðferðir hinar svo kölluðu *nýju textafræði* hafðar til hliðsjónar við rannsóknina með það í huga að samhengi og varðveisla geti borið vitni um samtíðarviðhorf til textans.<sup>2</sup> Eftirfarandi skilgreining Sverris Tómassonar á nýju textafræðinni fellur vel að aðferðarfræði þess hluta ritgerðarinnar:

Hin svokallaða nýja textafræði byggir að nokkru leyti á kenningum franska bókmenntafræðingsins Roland Barthes um hlutverk lesandans eftir að höfundurinn hefur skilið við; hann deyr um leið og verkið kemst á legg, lesendurnir halda því síðan á lífi og það mótast áfram í huga þeirra – og ef til vill síðar í endursögn eða einhvers konar annarri miðlun. Þetta veldur því að texti (bók eða handrit) er *sibreytileg stærð*.<sup>3</sup>

Ritgerðin skiptist í fimm kafla, að inngangi og niðurstöðum frátöldum. Hver kafli miðar að því að nálgast söguna frá ólíkum hliðum. Ástæða þess að sú leið er farin í stað þess til dæmis að einblína á eina hlið sögunnar er fyrst og fremst sú að opna ólíkar víddir sögunnar og sýna þá möguleika sem rannsókn á einu bókmenntaverki býður upp á. Tvennt hefur einkum áhrif á þessa ákvörðun, annars vegar að hinar fjölbreyttu niðurstöður fræðimanna sem raktar eru hér að framan kalla á rækilegri rannsóknir á hlutverki sögunnar og hins vegar að aldrei hefur verið fjallað um ýmsa þætti hennar vandlega. Þetta á til dæmis við um efni 2. kafla sem þó er helgaður þeim rannsóknum á Jvs. sem mest hefur verið ritað um, það er að segja varðveisla og uppruni. Þar verða ræddar fyrri niðurstöður fræðimanna um uppruna og tengsl varðveittra gerða. Kaflanum lýkur með samanburði á þremur sjálfstæðum gerðum sögunnar, AM 291 4to, Perg. 4to nr. 7 og AM 510 4to. Samanburðurinn leiðir í ljós að sagan hefur þróast í tvær ólíkar áttir sem geta mögulega varpað ljósi á ólíkan smekk skrifara og eða áheyrenda á ólíkum tímum. Niðurstöðurnar eru bornar saman við sambærilegar rannsóknir en leiða einnig í ljós að tilefni er til enn rækilegri rannsókna á ólíkum gerðum íslenskra miðaldabókmennta.

Í þriðja kafla er fyrst gerð grein fyrir því hvernig atburðir og persónur birtast í öðrum heimildum. Þetta er rakið í því skyni að stækka sögusviðið og varpa ljósi á að viðtakendur

<sup>1</sup> Um samanburðarbókmenntir sjá t.d. Wellek og Warren, *Theory of Literature*, 46–53; Remak, „Comparative Literature, Its Definition and Function,“ 3–21; Saussy, *Comparative literature? (Problems of definition)*, 336–341; Ferris, „Why Compare?“ 28–45.

<sup>2</sup> Sjá Haugen, „Tekstkritikk og tekstfilologi,“ 88–89; sbr. einnig Nichols, „Introduction: Philology in a Manuscript Culture,“ 1–10. Greinin er í hefti *Speculum* frá 1990 sem er helgað greinum um nýju textafræðina (*New Philology*).

<sup>3</sup> Sverrir Tómasson, „Er nýja textafræðin ný?“ 202.

sögunnar geti hafa þurft að sætta ólíkar myndir persóna sem þeir könnuðust við og setja þekktu atburði í annað samhengi. Umfjöllunin leiðir af sér spurningar um hugmyndir viðtakenda um skáldskap og sagnfræði. Leitast verður við að varpa ljósi á þessar hugmyndir, hvernig þær birtast í bókmenntum og heimspeki á 12. öld í Evrópu og gætu hafa borist til Íslands. Rætt verður hvernig þróun bókmennta á meginlandinu, einkum Englandi og Frakklandi, hefur gert höfundum kleift að rita sögur þar sem mörk skáldskapar og sagnfræði eru óljós, ekki síst vegna áhrifa Chrétien de Troyes. Sýnt verður fram á hversu náin þessi hugtök eru í íslenskum miðaldabókmenntum, að ekki sé rétt að stilla þeim upp andspænis hvort öðru og að Jómsvíkinga saga sé prýðilegt dæmi um sögu sem dregur þessa þætti fram í dagsljósið.

Í fjórða og fimmta kafla er kafað ofan í texta sögunnar sjálfrar, hún greind og túlkuð. Fjórði kafli er helgaður byggingu og stíl sögunnar. Sjónum verður sérstaklega beint að sögunni í 291 og sett verður fram sú tilgáta að ekki sé löng rithefð að baki þeirrar gerðar og að hún hafi ekki verið skrifuð oft upp. Þetta verður stutt með dæmum og sýnt hvernig óþarfa endurtekning orða einkennir stílinn en sú endurtekning er horfin í sögugerðinni í Perg. 7.

Í fimmta kafla er sagan greind með nákvæmum lestri og dregin upp rækileg mynd af persónum hennar í því augnamiði að setja efni sögunnar í samhengi við aðrar sögur frá svipuðum tíma. Hrakin verður sú algenga hugmynd að viðhorf sögunnar til konungvalds sé fjandsamlegt<sup>1</sup> og sýnt fram á að neikvætt viðhorf sé persónulegt en ekki hugmyndafræðilegt. Ræddar verða ýmsar samfélagslegar hugmyndir miðalda í samhengi við söguna, meðal annars hvernig karlmennskuhugsjón sögunnar fellur vel að 13. aldar bókmenntum. Fjallað verður um hugtök eins og *hetjur*, *riðdara* og *víkinga* og hvernig persónur sögunnar geta brugðið ljósi á þessi hugtök sem oft og tíðum eru notuð án skilgreiningar.

Í sjötta og síðasta kafla fyrir niðurstöður er að lokum vikið að bókmenntategundum og flokkun sögunnar. Nánari grein verður gerð fyrir hugmyndum fræðimanna um hvaða sess Jvs. skipar í bókmenntasögunni með hliðsjón af kenningum um bókmenntategundir á miðöldum. Jvs. hefur verið spyrt saman við nokkrar sögur sem einnig storka viðteknum skilgreiningum flokkunar og verða þessi tengsl gaumgæfð í kaflanum. Niðurstöður annarra kafla nýtast til þess að skilgreina söguna og verða færð rök fyrir því að ekki eigi að setja söguna í einn ákveðinn flokk heldur teygist þræðir hennar sérstaklega inn í þrjá flokka, fornaldarsögur, konungasögur og Íslendingasögur. Í þessu ljósi á að túlka söguna til þess að koma í veg fyrir að litið sé fram hjá ákveðnum eiginleikum hennar. Þá verður sett fram sú tilgáta að þessi niðurstaða gildi fyrir fleiri sögur frá fyrstu 150 árum sagnaritunar á Íslandi.

---

<sup>1</sup> Sbr. t.d. Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 52–53; Berman, „The Political Sagas,“ 116–117; Miller, *The Epic Hero*, 38.

Með þessu verki stækkar heimur Jómsvíkinga sögu umtalsvert frá fyrri rannsóknum en sýnir um leið hvernig rannsókn á einni íslenskri miðaldasögu getur teygt anga sína víða. Mikill heimur er umhverfis eina sögu frá 13. öld og á honum getur verið örðugt að henda nokkrar reiður. Rannsókn á Jómsvíkinga sögu er þannig óhjákvæmilega hluti af stærri heild. Íslenskar miðaldabókmenntir eru rannsóknarsvið sem aldrei þrýtur og hér verður leitast við að taka eitt skref í átt að auknum skilningi á þeim.



## 2 Uppruni Jómsvíkinga sögu og rannsóknarsaga

Jómsvíkinga saga er varðveitt í fjórum skinnhandritum og pappírsuppskriftir sögunnar eru yfir tuttugu. Ekkert skinnhandritanna varðveitir eins sögugerð og fimmtu gerðina má finna í latneskri þýðingu eftir Arngrím lærða sem hann gerði væntanlega eftir glötuðu frumriti. Auk þess má finna frásagnir af Jómsvíkingum í öðrum heimildum eins og *Fagurskinnu*, *Heimskringlu*, *Ólafs sögu Tryggvasonar* eftir Odd Snorrason, *Ólafs sögu Tryggvasonar hinn mestu*, *Dana sögu Saxo* og *Jómsvíkingadrápu*.

Líklegt verður að teljast að sagan hafi verið samin á Íslandi enda öll varðveitt handrit hennar upprunnin þar. Velta mætti upp þeim möguleika hvort uppruna sögunnar megi rekja til Orkneyja eða Noregs. *Jómsvíkingadrápa* er talin ort af Bjarna Kolbeinssyni, biskupi í Orkneyjum líkt og betur verður rakið síðar og D. A. Seip taldi víst að forrit AM 291 4to hafi verið norskt.<sup>1</sup> Því til stuðnings rekur hann mál- og skriftareinkenni sem hann telur til norskra máláhrifa eða „norvagma“. Má til dæmis nefna „hotvetna“ sem kemur fimm sinnum fyrir, einföldun tvíhljóða í orðum eins og „meri“ fyrir meiri, „hella“ fyrir heilla, „egi“ fyrir eigi, æ sem er stundum ritað fyrir e í áhersluatkvæðum; vætr (í veturnætur), sæ (fyrir sé), ræpo (fyrir réðu). Þessi einkenni eru þó ekki ráðandi. Þannig er áhersluatkvæðið í „vetur“ oftár táknað með e en æ.<sup>2</sup> Þá telur Seip að þar sem er skrifað *ft* í orðunum „aftur“ og „kraft“ í stað *pt*, sem er algengara, sé arfur frá norsku forriti.<sup>3</sup> Líkt og Stefán Karlsson hefur bent á getur það verið vandkvæðum bundið að útskýra norvagma í handritum frá 13. öld, meðal annars vegna þess að norska og íslenska eru enn á 13. öld strangt til tekið sama tungan og erfitt að greina hvað er séríslenskt og hvað er sérnorskt.<sup>4</sup> Að auki er hægt er að hugsa sér ýmsar ástæður fyrir því að einkenni sem eru algengari í Noregi en á Íslandi birtist í íslenskum handritum, aðrar en þær að handrit hafi verið skrifuð í Noregi. Almenn áhrif gætu verið ein skýring; í sambandi Íslands og Noregs á þessum tíma var Ísland á jaðrinum og auðvelt að ímynda sér að íslenskir skrifarar verði fyrir áhrifum frá norskum. Hvað sem þessu líður má taka undir með Peter Foote að þrátt fyrir þessi einkenni verði að teljast ósennilegt að 291 eða forrit þess sé skrifað í Noregi því að þótt ekki sé hægt að útiloka að í Orkneyjum eða í Noregi hafi verið til rituð saga um Jómsvíkinga benda varðveittar sögugerðir fremur til íslensks uppruna líkt og nú verður rakið.<sup>5</sup>

<sup>1</sup> Seip, *Nye studier i norsk språkhistorie*, 149–150.

<sup>2</sup> Sjá útgáfu Petersens, *Jómsvíkinga saga efter Arnamagnæanska handskriften n:o 291 4to*, 37 (46), 42 (27), 44 (8), 46 (24), 48 (10, 22 og 29), 50 (6, og 20), 58 (6), 63 (15), 66 (9), 79 (27).

<sup>3</sup> Sjá *Jómsvíkinga saga efter Arnamagnæanska handskriften n:o 291 4to*, 32 (15), 74 (16).

<sup>4</sup> Stefán Karlsson, „Om norvagismer i islandske håndskrifter,“ 91–92.

<sup>5</sup> Foote, „Notes on Some Linguistic Features,“ 41–44.

Þrátt fyrir að efni sögunnar hafi næsta litla þýðingu fyrir sögu Íslands koma fyrir nafnkunnir Íslendingar sem hafa lítil áhrif á rás atburða, en eru vitni og í lokin er vísað til þeirra sem heimildarmanna:

En Skjaldmeyjar-Einar fór til Íslands og drukknaði á Breiðafirði, og heita þar af því Skáleyjar, að þar rak skálirnar á land, þær sem jarl gaf honum. En Þórður örvahönd fór heim í Dýrafjörð til Þorkels föður síns í Alviðru, og verður hér svo sagt að þeir Þorleifur skúma og Þórður örvahönd hafi bræður verið, og bjó Þórður í Alviðru eftir föður sinn, og er margt manna frá honum komið í Fjörðum vestur, og sögðu þeir Einar glöggvast frá þessum tíðendum út til Íslands (205).

Þessi texti er raunar prentaður eftir *Flateyjarbók* vegna þess að síðasta blað 291 vantar. Því er ekki hægt að fullyrða að þessi orð hafi staðið þar en hins vegar fylgjast 291 og Flb. nokkuð vel að í köflunum þarna á undan. Þá koma þau einnig fyrir í lokin á AM 510 4to en ekki í Perg. 7.

Þá má einnig spyrja hvort það geti verið tilviljun að af sjö dróttkvæðum vísunum í sögugerðinni AM 291 4to eru sex ortar af Íslendingum. Innskotssagan af níði Íslendinga um Harald Gormsson í 291 (99–100) bendir enn fremur til Íslands því að hún hefur að öðru leyti litla þýðingu fyrir framvinduna. Þar birtast einnig orðin „og þá hafði spurzt út hingað ósættin Haralds konungs.“ Orðin „út hingað“ hljóta að eiga við Ísland því að í framhaldinu segir að af þessu tilefni hafi Eyjólfur Valgerðarson ort vísu og Eyjólfur bjó samkvæmt *Heimskringlu* í Eyjafirði.<sup>1</sup> Flest bendir því til að varðveittar sögugerðir séu íslenskar.

Útgáfur sögunnar eru nokkrar en flestar komnar til ára sinna. Fyrst var sagan prentuð í Svíþjóð árið 1815 en á 19. öldinni kom sagan að auki út eftir öllum fjórum aðalhandritum hennar. eru þá ótaldar þýðingar sögunnar. Einu íslensku útgáfuna annaðist Ólafur Halldórsson árið 1969 en hún er einnig nýjasta útgáfa sögunnar. Útgáfa Ólafs er alþýðleg en henni fylgir ágætur inngangur og skýringar. Til útgáfu Ólafs er jafnan vísað hér nema annað sé tekið fram.

## 2.1 Handrit

Jómsvíkinga saga er varðveitt sjálfstæð í þremur skinnhandritum frá miðöldum, AM 291 4to, Perg 4to nr. 7 og AM 510 4to. Þá er hún einnig varðveitt nokkurn veginn í tveimur hlutum í *Ólafs sögu Tryggvasonar* í *Flateyjarbók*, GKS 1005 fol. Ekkert þessara handrita varðveitir nákvæmlega sömu gerð sögunnar. Auk þess er varðveitt latnesk þýðing Arngríms lærða og er ljóst að hann hefur þýtt fimmtu gerð sögunnar, en forrit hans að þýðingunni hefur ekki varðveist. Skal hér gerð nánari grein fyrir handritum sögunnar en síðan vikið frekar að gerðum hennar.

Elst varðveittra handrita er AM 291 4to. Í handritaskrá Kálunds er það talið ritað um 1300 og Hreinn Benediktsson tiltekur það með handritum frá seinni hluta 13. aldar í *Early Icelandic*

---

<sup>1</sup> *Heimskringla* I, 271.



*Script*.<sup>1</sup> Peter Foote telur ljóst að forrit 291 hafi verið nokkuð eldra vegna fjölda fornlegra mál- og skriftareinkenna og að það hafi verið ritað eigi síðar en 1230.<sup>2</sup> Handritið er ekki alveg heilt, það vantar í það tvö blöð, skorið hefur verið neðan af áttunda blaði og auk þess eru rifur og göt hér og hvar. Einnig er handritið mjög dökkt og illlæsilegt sums staðar. Fáeinar yngri viðbætur má finna á spássíum en ein hönd er á megintexta handritsins. Ekki er annað efni í handritinu en Jómssvíkinga saga.

Lítið er vitað um feril handritsins. Árni Magnússon skrifar athugasemd um handritið í AM 435 a-b 4to þar sem segir: „Mig minner eg hafe feinged hana fra Bæ, fra Sveine Torfasyne.“<sup>3</sup> Mögulegt er að Sveinn Torfason (um 1662–1725) hafi fengið handritið úr safni föður síns, Torfa Jónssonar (1617–1689) prests í Gaulverjabæ, en Torfi var bróðursonur Brynjólfs biskups Sveinssonar (1605–1675) og erfði mikinn hluta eigna hans, þar með talin handrit.<sup>4</sup> Ólafur Halldórsson telur aftur á móti líklegt að Árna misminni að handritið hafi komið frá Bæ. Sveinn Torfason var klausturhaldari að Munkaþverá og Ólafur telur líklegra að Sveinn hafi eignast handritið norður í Eyjafirði en að hann hafi erft það eftir föður sinn í Gaulverjabæ. Þetta byggir hann á því að á spássíu á einum stað er ritað nafnið Grímur Arason. Rithöndin er talin frá 14. öld. Einn mann er að finna með þessu nafni í Íslenzku fornbréfasafni. Þar kemur nafn hans fyrir í tveimur bréfum, öðru frá Svarfaðardal árið 1388 og hinu frá Skagafirði árið 1391.<sup>5</sup> Vitað er að Sveinn Torfason eignaðist einhver handrit þann tíma sem hann var á Munkaþverá og gæti nafn Gríms Arasonar bent til þess að handritið hafi verið á Norðurlandi á 14. öld en um þetta er ekkert fast í hendi.<sup>6</sup>

Yngsta útgáfa handritsins er fyrrnefnd útgáfa Ólafs Halldórssonar frá árinu 1969. Áður hafði Carl af Petersens gefið textann út árið 1882 og er það einnig þessi gerð sögunnar sem C.C. Rafn gaf út í ellefta bindi *Fornmanna sagna* ásamt Knýtlinga sögu árið 1828.<sup>7</sup>

Sth. Perg. 4to nr. 7 er frá fyrri hluta 14. aldar og varðveitt í Konungsbókhöðunni í Stokkhólmi. Það hefur upphaflega verið stór bók, hluti hennar er varðveittur í Árnasafni sem AM 580 4to en hluti er glataður.<sup>8</sup> Sá partur sem er varðveittur í Svíþjóð geymir Jómssvíkinga

<sup>1</sup> Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script*, 14–15; Kålund, *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling I*, 838.

<sup>2</sup> Foote, „Notes on Some Linguistic Features,“ 28–29; sjá bls. 27 hér á eftir.

<sup>3</sup> Árni Magnússon, *Arne Magnussons i AM. 435 a-b, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser, med to tillæg*, 23; Kålund, *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling I*, 538.

<sup>4</sup> Páll Eggert Ólafsson, *Íslenzkar æviskrár* 5, 28.

<sup>5</sup> *Diplomatarium Islandicum* 3:288 og 4:12.

<sup>6</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 8-9; Petersens, „Förord,“ iv-vi.

<sup>7</sup> Bindið var þó hið fjórða sem kom út í ritröðinni. Áður var gefin út *Ólafs saga Tryggvasonar* í þremur bindum, en þegar hafði verið ákveðið að hafa fyrstu 10 bindin um Noregskonunga. Þegar tekin var ákvörðun um að setja sögur er viðkoma Danmörku í forgang var talið best að breyta ekki upphaflegri hugmynd um röð sagna. Sjá *Jómssvíkingasaga og Knýtlinga*, 5.

<sup>8</sup> Sjá Gödel, *Katalog*, 45–46, en hann telur handritið skrifað um 1350 og Cederschiöld sem telur það frá byrjun 14.

sögu í félagsskap annarra sagna, á milli *Hrólf's sögu Gautrekssonar* og *Ásmundar sögu kappabana* en aðrar sögur eru: *Konráðs saga keisarasonar* (óheil), *Örvar-Odds saga* og upphaf *Egils sögu*. Þær sögur sem varðveittar eru í AM 580 4to eru: *Elís saga og Rósamundu*, *Bærings saga*, *Flóvents saga*, *Mágus saga jarls* og *Hrólf saga Gautrekssonar*. Texti Jvs. er í þessu handriti stytur og breyttur og einnig líklega aukinn úr annarri heimild.<sup>1</sup> Þrjár rithendur eru á þessu handriti en einn skrifari hefur þó skrifað stærstan hluta handritsins, þar með talið Jómsvíkinga sögu. Til Svíþjóðar kom þessi bók sem hluti af bókasafni Jörgens Seefeldts (1606–1666). Jörgen var landsdómari á Sjálandi og talið er að í bókasafni hans hafi verið yfir 26.000 rit og þar á meðal hafi verið mörg sjaldgæf handrit, norsk, dönsk, sænsk og íslensk. Stórum hluta bókasafnins var rænt í ferð sænska hersins um Sjáland 1657–1658.<sup>2</sup> Hvernig handritið varð upphaflega hluti af safni Jörgens er aftur á móti á huldu. Svo virðist þó sem handritið hafi komið við hjá Magnúsi Ólafssyni í Laufási (um 1573–1636). Hann skrifaði upp þrjár vísur úr Jómsvíkinga sögu og sendi ásamt öðru efni til Ole Worm. Uppskrift Magnúsar er glötuð en St. J. Stephanius hafði skrifað ritið upp eftir Magnúsi og er það rit varðveitt í Uppsölum (nr. R:693). Af þeirri uppskrift virðist sem Magnús hafi skrifað vísurnar eftir Perg. 7. Ekki er víst hvar Magnús hefur fengið handritið en á spássíu á einum stað koma líklega fyrir nöfnin Árni Ketilsson og Haraldur Andrésón.<sup>3</sup> Fyrra nafnið má finna í tveimur fornbréfum, öðru frá Hvanneyri árið 1437 en hinu frá Saurbæ í Eyjafirði árið 1486.<sup>4</sup> Vegna tengingar handritsins við Laufás í Eyjafirði er freistandi að álykta að spássíugreinin eigi við um Árna Ketilsson í síðar nefnda bréfinu. Um seinna nafnið er lítið vitað.<sup>5</sup>

Elsta útgáfa þessarar gerðar er frá 1824 og var hún prentuð í Kaupmannahöfn, en textinn er þó ekki prentaður beint eftir Perg. 7 heldur uppskrift Rasmusar Rasks (Rask 26) sem hann skrifaði „orðrétt eftir skinnbókinni“.<sup>6</sup> Í útgáfunni er þó fyrstu 7 köflunum sleppt af þeirri ástæðu að þeir þóttu ekki eiga við sögu Jómsvíkinga. Útgefendur studdust einnig við önnur handrit sögunnar, sérstaklega pappírshandrit í Kaupmannahöfn, og breyttu stundum orðalagi án þess að auðkenna breytingar þar sem „aðalritsins orðatiltæki sýndist rángt eðr óljóst.“<sup>7</sup> Næst var allur textinn gefinn út stafrétt af Gustaf Cederschiöld 1874 í Svíþjóð og yngsta útgáfa þessarar gerðar

aldar, sbr. *Jómsvíkinga saga efter skinnboken*, ii.

<sup>1</sup> Sjá Cederschiöld, *Jómsvíkinga saga efter skinnboken*, 6 og 35. Ágæta lýsingu á handritinu má finna hjá Blake, „Introduction“, xix–xxi.; sjá nánar um breytingar í kafla 2.4.

<sup>2</sup> Werlauff, „Jörgen Seefeldt og hans Bibliothek“, 222–229.

<sup>3</sup> Cederschiöld, prentar það sem má lesa af þessari spássíugrein svo: ---arni ketil fon ek haraldr andref--- sbr. *Jómsvíkinga saga efter skinnboken*, v.

<sup>4</sup> *Diplomatarium Islandicum* 5:330 og 4:510

<sup>5</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 10–11; Gödel *Katalog*, 45–46; Cederschiöld, *Jómsvíkinga saga efter skinnboken*, iii–vi.

<sup>6</sup> *Jómsvíkinga saga útgefin eptir gamalli kálfskinnsbók*, 53.

<sup>7</sup> Sama rit, 54.

er frá 1962. Þar má finna formála eftir útgefandann, N. F. Blake sem einnig þýddi textann á ensku og prentaði ásamt íslenska textanum.

Í *Flateyjarbók* (GKS 1005 fol.) er texti Jómsvíkinga sögu varðveittur í tveimur hlutum í *Ólafs sögu Tryggvasonar*.<sup>1</sup> Sá texti er náskyldur textanum í 291, sérstaklega frá og með 8. kafla ef miðað er við útgáfu Ólafs Halldórssonar. *Flateyjarbók* er eins og vel er þekkt stærst allra íslenskra skinnbóka, var upphaflega 202 blöð og talið er að í henni hafi verið stuðst við fleiri heimildir en í nokkru öðru miðaldahandriti. Í sjálfu handritinu stendur að bókin hafi verið skrifuð árið 1387 og skrifarar nefndir Magnús Þórhallsson og Jón Þórðarson. Í handritinu er og nefndur eigandi hennar, Jón Hákonarson, ríkur höfðingi úr Víðidalstungu í Húnavatnssýslu.<sup>2</sup> Ferill hennar er að nokkru leyti á huldu en í samantekt Elizabeth Ashman Rowe um sögu handritsins eftir að Magnús Þórhallsson hætti skrifum kemur meðal annars fram að næsti þekkti eigandi bókarinnar á eftir Jóni hafi verið Þorleifur Björnsson á Reykhólum (d. 1486) og að hann hafi látið bæta við bókina, blöðum 188–210.<sup>3</sup> Á 16. öld tilheyrði bókin fjölskyldu í Flatey á Breiðafirði og af því er nafn hennar dregið en þessu eignarhaldi er lýst á bl. 1v. Bókin hefur dvalið í Skálholti í einhvern tíma og fjölmargar uppskriftir af efni hennar urðu til þar. Að lokum sendi Brynjólfur biskup hana til Danmerkur árið 1656 sem gjöf í konunglega bókasafnið.

Fyrri hluti Jómsvíkinga sögu er varðveittur í *Flateyjarbók* á blöðum 13r–14r en sá síðari á blöðum 20v–27r. Þar á milli koma „Þáttur Ottó keisara og Gorms konungs“ og „Þáttur Þrándar og Sigmundar“. Fyrri textinn kallast að nokkru leyti á við 6. og 7. kafla Jómsvíkinga sögu en er mun lengri og um margt ólíkur. Síðari textinn samsvarar fyrstu 26 köflum *Færeyinga sögu* í útgáfu Íslenskra fornrita.<sup>4</sup> Texti *Flateyjarbókar* hefur tvisvar verið gefinn út, 1860–1868 í þremur bindum af C. R. Unger og Guðbrandi Vigfússyni, og árin 1944–1945 var hún gefin út á Íslandi í fjórum bindum; Vilhjálmur Bjarnar og Finnbogi Guðmundsson önnuðust útgáfu en Sigurður Nordal ritaði formála allra binda.

AM 510 4to er skinnhandrit sem er varðveitt í Árnasafni á Íslandi og talið skrifað um miðja 16. öld. Í handritinu er fyrsta hluta Jómsvíkinga sögu sleppt, textinn hefst þar sem í útgáfum er yfirleitt 8. kafla. Sögugerðin í 291 líkist þeirri sem hér hefur verið lögð til grundvallar en einnig hefur textinn verið aukinn með öðrum heimildum, skriflegum eða munnlegum, og mögulega annarri gerð sögunnar (sjá nánar kafla 2.4). Sagan er hér, líkt og í Perg. 4to nr. 7, varðveitt með öðrum sögum og stendur á milli *Þorsteins sögu bæjarmagns* og *Finnboga sögu ramma*. Aðrar sögur eru: *Víglundar saga*, *Bósa saga* og *Herrauðs*, *Jarlmanns saga* og *Hermanns*, *Drauma-*

<sup>1</sup> *Flateyjarbók*, 1:96–106 og 153–203.

<sup>2</sup> Sjá *Flateyjarbók* I, ónúmeruð bls. Kolbrún Haraldsdóttir, „Innhald og komposisjon,“ 93–94.

<sup>3</sup> Sjá nánar Louis-Jensen, „Den yngre del af *Flateyjarbók*,“ 235–250; sbr. einnig Ashman Rowe, *The Development of Flateyjarbók*, 403–414 og Kålund, *Katalog over de oldnorsk-islandske håndskrifter*, 15.

<sup>4</sup> *Færeyinga saga*, 3–65.

*Jóns saga* og *Friðþjófs saga frækna*. Nokkrir hafa orðið til þess að rannsaka rithönd handritsins, meðal annarra Jón Helgason, Ólafur Halldórsson og Stefán Karlsson. Samanlögð niðurstaða þeirra er sú að tveir eða þrír hafa skrifað handritið, feðgarnir Ari Jónsson prestur frá Súgandafirði og synir hans Tómas og Jón.<sup>1</sup> Karl Ó. Ólafsson rannsakaði skrift handritsins rækilega í meistarpófrófsritgerð sinni og komst að þeirri niðurstöðu að þeir hafi allir þrír skrifað handritið.<sup>2</sup> Texti sögunnar eftir 510 var gefinn út stafrétt af Carl af Petersens í Svíþjóð 1879.

Líkt og fyrr er getið er fimmta gerð Jómsvíkinga sögu varðveitt í latneskri þýðingu eftir Arngrím lærða Jónsson líklega frá árunum 1592–1593. Handritið sem Arngrímur fylgdi hefur að öllum líkindum verið gamalt skinnhandrit og var í eigu Arild Huitfeldts, dansks sagnaritara, á seinni hluta 16. aldar og Arngrímur ritaði söguna líklega fyrir hann.<sup>3</sup> Talið er að skinnhandritið hafi brunnið í Háskólabókasafninu í Kaupmannahöfn árið 1728 en um aldur þess verður ekkert fullyrt. Ólafur Halldórsson taldi að það væri líklega frá 14. öld og Jakob Benediktsson komst að sömu niðurstöðu þar eð ekki sæjust nein áhrif frá yngri ritum en frá 13. öld í textanum.<sup>4</sup> Hvað sem niðurstöðum Ólafs og Jakobs líður er harla erfitt að aldurstætja handrit sem ekki er til og engar heimildir til um uppruna þess. Af þýðingunni má sjá að textinn er um margt svipaður gerðinni í 291 en þó víða ljóst að stuðst hefur verið við texta úr annarri átt, líklega *Fagurskinnu* eða það rit sem *Fagurskinna* studdist við.<sup>5</sup> Líkt og Jakob Benediktsson hefur gert rækilega grein fyrir sker þýðingin sig frá öllum öðrum gerðum Jvs. í þó nokkrum atriðum en eins og Jakob bendir á er ómögulegt að skera úr um hvort þær hafi allar verið í forriti Arngríms eða að hann hafi sjálfur verið ábyrgur fyrir breytingum á textanum.<sup>6</sup> Latneska þýðingin hefur verið gefin út tvisvar. Gjessing gaf hana út árið 1877 og byggði á handritunum NKS 1778 4to, AM 1022 4to og GKS 2434 en hið síðastnefnda geymir aðeins útdrátt þýðingarinnar. Þýðingin var aftur gefin út árið 1950 í riti númer 9 í ritröðinni *Bibliotheca Arnarnagana* en þá útgáfu annaðist Jakob Benediktsson.<sup>7</sup>

Auk framangreindra miðaldahandrita er sagan varðveitt í 26 yngri pappírsuppskriftum, flestar þeirra eru í Kaupmannahöfn en sjö uppskriftir eru varðveittar í Stokkhólmi.<sup>8</sup> Þá er enn

<sup>1</sup> Kálund, *Katalog over den Arnarnaganaanske håndskriftsamling* I, 670; Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 11–12; Jón Helgason, „Nokkur íslensk handrit frá 16. öld,“ 161–168; Stefán Karlsson, „Bókagerð Ara lögmanns Jónssonar,“ 12–13.

<sup>2</sup> Karl Ó. Ólafsson, „Þrír feðgar hafa skrifað bók þessa...“, 34–83. Fyrir nána lýsingu á útliti handritsins sjá sama rit, 12–13. Á blaði 8r í handritinu stendur beinlínis að þrír feðgar hafi skrifað handritið, sjá tilvitnað rit bls. 9.

<sup>3</sup> Jakob Benediktsson, *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta*, 171–172. Jakob vitnar í handritið GKS 2434 4to þar sem fram kemur, líklegast með hendi Huitfeldts, að Arngrímur hafi þýtt Jvs. fyrir hann.

<sup>4</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 12 og Jakob Benediktsson, *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta*, 139–140.

<sup>5</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 12; Gjessing, „Forord,“ i og xi–xvii. Um samband *Fagurskinnu* og þýðingarinnar sjá Jakob Benediktsson, *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta*, 121–136.

<sup>6</sup> Jakob Benediktsson, *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta*, 124–139.

<sup>7</sup> Um þýðingarhandritin sjá Jakob Benediktsson, *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta*, 173–177.

<sup>8</sup> Fyrir nánari umfjöllun um varðveislu pappírshandrita og feril þeirra, sjá Þórdís Edda Jóhannesdóttir og Veturlíði

ógetið elstu útgáfu sögunnar frá 1815. Útgáfuna annaðist L. Hammarsköld og Magnus Adlerstam þýddi yfir á sænsku, en textinn á íslensku og sænsku er prentaður á tveimur samsíða dálkum. Útgáfan er nokkuð óvenjuleg því að fyrsti hluti hennar er prentaður eftir Perg. 4to nr. 7 og yngri uppskriftum þess en frá 8. kafla er prentaður texti AM 288 4to, sem er uppskrift AM 510 4to.

Fyrir útgáfu sögunnar árið 1969 rannsakaði Ólafur Halldórsson handritageymd hennar með það að markmiði að grafast fyrir um feril sögunnar á Íslandi. Ekki hefur hann á miklu að byggja en bendir þó á að það litla sem vitað er um feril handrita bendi fremur til Norðurlands en annarra landsfjórðunga. Það byggir hann meðal annars á tengslum Perg. 7 við Laufás í Eyjarfirði og líkur þess að 291 hafi Árni Magnússon fengið frá Sveini Torfasyni staðarhaldara að Munkaþverá líkt og greint er frá að framan.

Ef rýnt er í pappírsvarðveislu sögunnar er eftirtektarvert að elsta handritið, AM 291 4to, hefur ekki varðveist í einni einustu uppskrift og þó hefur það verið á Íslandi í um 400 ár áður en það varð hluti af safni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn. Hvort það hafi einfaldlega legið í gleymsku og ekki vakið áhuga skrifara skal ósagt látið. Af varðveittum pappírshandritum er auk þess eftirtektarvert að einungis lítið brot þeirra er skrifað á Íslandi og ekkert handrit er varðveitt á Íslandi eftir að þau komust í safn Árna Magnússonar til Danmerkur. Þá eru uppskriftir handritsins sem er geymt í Stokkhólmi aðeins varðveittar í Svíþjóð.<sup>1</sup> Engin uppskrift sögunnar hefur þannig varðveist í handritasafni Landsbókasafns Íslands eins og raunin er um margar aðrar fornsögur. Sagan virðist því hafa verið lítið þekkt á Íslandi á síðari öldum, áður en fyrstu prentuðu útgáfur bárust til landsins frá Danmörku eða Svíþjóð. Rímur af Jómsvíkingum hafa þó varðveist í tveimur gerðum, annarri eftir Sigurð Breiðfjörð (1798–1846) en hinar eru níu rímur af Jómsvíkingum eftir Jón Jónsson frá Staðarhrauni (d. 1653).<sup>2</sup> Báðir höfundar virðast hafa ort rímurnar eftir AM 510 4to eða uppskrift þess, það má ráða meðal annars af því að ekkert efni úr fyrstu sjö köflunum er í rímunum og þar er sá sem heitir Ögmundur í 291 (bls. 168) nefndur Geirmundur líkt og í AM 510 4to og yngri uppskriftum þess. Rímnakveðskapurinn bendir því til einhverrar þekkingar á Jómsvíkingum og sögunni á Íslandi en varðveittar uppskriftir þessara rímna eru þó sárafáar sem útilokar þó ekki að þær hafi þekkt í munnlegri geymd.

Óskarsson, „The Manuscripts of *Jómsvíkinga saga*.“

<sup>1</sup> Þau sem eru með vissu rituð á Íslandi eru AM 13 fol., AM 288 4to, AM 293 4to, AM 15 fol. og AM 57 fol.

<sup>2</sup> Rímur Jóns eru varðveittar í AM 607 4to sem er yngri uppskrift rímnanna, rituð á síðasta áratug 17. aldar. *Rímur af Jómsvíkinga sögu* eftir Sigurð Breiðfjörð eru varðveittar í ÍB 515 4to (1820–1822) og Lbs 4541 8vo (s.hl. 19. aldar). Þær hafa einnig verið gefnar út tvisvar, í Viðey 1836 og Reykjavík 1912.

## 2.2 Tilurð

Drjúgur hluti rannsókna á Jvs. hefur beinst að hugsanlegum uppruna sögunnar en það felur í sér að tengja saman skyldleika hinna fimm varðveittu gerða og þróun þeirra. Verður hér tæpt á helstu rannsóknarniðurstöðum fyrri fræðimanna áður en kemur að frekari samanburði gerðanna.

Fyrst er að nefna rökræðurnar um fyrsta hluta sögunnar sem vantar í 510. Eldri fræðimenn hafa skipst á skoðunum um hvort 510 endurspegli elstu gerð og hvort að sagan hafi upphaflega verið samin án þess hluta, þeim sem samsvarar fyrstu sjö köflunum í útgáfu Ólafs Halldórssonar á 291. Þessir kaflar fjalla um Danakonunga frá Gormi hinum barnlausa til Haralds Gormssonar. Þá er meðal annars fjallað um svik Hákonar jarls við Harald Gráfeld og Gull-Harald, sagt frá dauða Gunnhildar konungamóður og skýrt frá því er Danmörk varð kristnuð fyrir tilstilli Ótta keisara og Poppa biskups í kjölfar bardaga við Ótta og Ólaf Tryggvason sem var í liði hans. Upphaf sögunnar í 510 er aftur á móti þar sem eiginleg saga af Jómsvíkingum hefst og Tóki er kynntur til sögunnar.

Í formála útgáfu handritsins kemst Carl af Petersens að þeirri niðurstöðu að Jómsvíkinga saga hafi upprunalega verið án fyrsta hlutans vegna þess að hann standi ekki í nægilegu samhengi við það sem eftir er af sögunni.<sup>1</sup> Þar tekur hann undir niðurstöðu Gjessing sem áður hafði sett fram þessa tilgátu í formála útgáfu sinnar að þýðingu Arngríms lærða á sögunni.<sup>2</sup> Rök Gjessing eru þó ekki sett fram í löngu máli heldur segir hann að sagan hafi varðveist í tveimur megingerðum, annars vegar án fyrsta hluta og hins vegar með honum og útskýrir síðan: „Den første Hovedform er rimeligvis, med Hensyn til Stoffets Omfang, den oprindeligste, da den med større Enhed í Emnet indskrænkes til Jomsborgs Anlæg og Jomsvikernes Hærfærd“.<sup>3</sup> Undir þetta tók Finnur Jónsson sem taldi að fyrsti hlutinn hlyti að vera yngri viðbót og að samhengi milli hlutanna tveggja væri lítið, einkum vegna þess að það er ekki Haraldur blátönn sem á frumkvæði að hefnd gegn Hákon jarli heldur Sveinn Haraldsson.<sup>4</sup> Með þessum rökum mótmælir Finnur niðurstöðu Gustavs Storm sem hafði áður skrifað um samhengi þessara tveggja hluta sögunnar. Storm var þeirrar skoðunar að fyrsti hlutinn væri nauðsynlegur til þess að skilja það sem á eftir kemur, einkum til þess að útskýra hvers vegna Jómsvíkingar ráðast inn í Noreg en ekki eitthvert annað. Fyrsti hlutinn væri þannig nauðsynlegur inngangur að hinni eiginlegu sögu af Jómsvíkingum og telur Storm að svo lengi sem Jómsvíkinga saga hafi verið til rituð hafi þessi hluti tilheyrt henni.<sup>5</sup>

---

<sup>1</sup> Petersens, *Jómsvíkinga saga (efter Cod. Am. 510, 4to)*, ix.

<sup>2</sup> Gjessing, „Forord“, i.

<sup>3</sup> Gjessing, „Forord“, i.

<sup>4</sup> Finnur Jónsson, *Den Oldnorske og Oldislandske Litteraturs Historie*, 660–662.

<sup>5</sup> Storm, „Om Redaktionerne af *Jomsvikingasaga*“, 236–237.

Undir orð Storms hafa meðal annarra tekið Gustav Indrebø, Bjarni Aðalbjarnarson og Eugen Mogk.<sup>1</sup> Indrebø taldi rökin fyrir því að fyrsti hluti sögunnar sé seinni tíma viðbót veigalítil. Þá hafa bæði Jakob Benediktsson og Torfi H. Tulinius beint sjónum að þáttum úr fyrri hlutanum sem benda fram í söguna.<sup>2</sup> Á hinn bóginn benti Peter Foote á að í samanburði á fornlegum einkennum í máli á 291 megi greina mun á hlutunum tveimur og að líkur séu á að þeir hafi upprunalega ekki tilheyrt sömu heildinni. Foote tekur þó fram að mögulega gætu frekari rannsóknir á máli handritsins leitt til annarrar niðurstöðu.<sup>3</sup> Af frekari rannsóknum á stafsetningu handritsins varð ekki og svo virðist sem áhugi á þessu efni hafi fjarað út.

Um þessar rökræður gildir hið sama og fleiri kenningar um uppruna sögunnar, niðurstaðan verður aldrei afdráttarlaus og ávinningur umræðunnar er takmarkaður. Hver væri fengur rannsakenda ef niðurstaðan væri eindregið annað hvort að Jvs. hafi verið frá upphafi rituð með eða án fyrsta þáttar? Hann yrði sá að vissa um hvort væri eldra, sagan með fyrsta þætti eða án hans, fengist en lítið umfram það. Það sem á að skipta túlkendur máli er að varðveislan bendir til að höfundar eða skrifarar sáu ástæðu til þess að skrifa söguna eins og hún hefur varðveist og það er vitnisburður um viðhorf til hennar. Þeir miðaldamenn sem sáu til þess að sagan varðveittist voru ekki sammála um hvert upphaf og endir hennar væri, né hvernig nákvæmlega átti að orða það sem var þar á milli. Um þetta á rannsókn á gerðum sögunnar að snúast fyrst og fremst.

Ef haldið er áfram að rekja upp rannsóknir á uppruna sögunnar kemur í ljós að rökræður um fyrsta og annan hluta sögunnar er aðeins brot af umræðunni. Fræðimenn á borð við Jakob Benediktsson, Gustav Storm, Heinrich Hempel, Gustav Indrebø, Ólaf Halldórsson og John Megaard<sup>4</sup> sem allir hafa fjallað um tilurð sögunnar, taka í því samhengi einnig tillit til allra annarra texta sem eiga að einhverju leyti sameiginlegt efni með Jvs. Það eru einkum *Fagrskinna*, *Heimskringla*, *Jómsvíkingadrápa*, *Ólafs saga Tryggvasonar* eftir Odd munk, *Ólafs saga Tryggvasonar hin mesta* og *Dana saga Saxa*. Rækilegust þessara rannsókna er einnig sú nýlegasta, greinin „Studier i Jómsvíkinga sagas stemma“ eftir John Megaard frá 2000.

Megaard byggir þó í rannsókn sinni talsvert á fyrri rannsókn Hempels frá árinu 1923. Megaard og Hempel bjuggu hvor um sig til stemma fyrir Jvs. og eru þau birt hér til hægðarauka fyrir komandi umræðu.<sup>5</sup>


<sup>1</sup> Indrebø, *Fagrskinna*, 56–57; Bjarni Aðalbjarnarson, *Om de norske kongers sagaer*, 202; Mogk, *Geschichte der Norwegisch-Isländischen Literatur*, 264–265.

<sup>2</sup> Jakob Benediktsson bendir á hvernig draumar Gorms vísi fram til ófriðarins milli Sveins og Haralds, sbr. *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta*, 124–127, sjá einnig bls. 109–110 hér að aftan; Torfi H. Tulinius fjallar um hvernig frásögnin um bardagann við Danavirki speglast í förn Hákonar jarls, sbr. *The Matter of the North*, 197.


<sup>3</sup> Foote, „Notes on Some Linguistic Features“, 32.

<sup>4</sup> Jakob Benediktsson, *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta*, Storm, „Om Redaktionerne af Jomsvikingasaga“, Hempel, „Die Formen der Jómsvíkinga saga“, Indrebø, *Fagrskinna*, Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, Megaard, „Studier i Jómsvíkinga sagas stemma“.

<sup>5</sup> Í millitíðinni hafði Jakob Benediktsson bent á að stemma Hempels gengi ekki upp því að þeir textar sem hann



Mynd 1: Stemma varðveittra gerða Jvs. skv. Hempel.<sup>1</sup>



Mynd 2: Stemma varðveittra gerða Jvs. skv. Megaard<sup>2</sup>

Hempel skiptir varðveittum gerðum í \*A og \*B og telur fyrri hópinn endurspegla eldri gerð. Undir \*A falla að hans mati gerðirnar í 510, þýðing Arngríms og *Ólafs saga Odds* eftir AM 310 4to. \*B er forveri gerðanna í 291, Perg. 7 og *Flateyjarbók*. Hempel taldi \*A og \*B runnar undan \*S sem stendur fyrir elsta form eiginlegrar Jómsvíkinga sögu. Niðurstöðuna byggir Hempel á samanburði sagnanna og taldi hann upp 20 atriði þar sem handritin í \*A standa saman gegn handritunum í \*B. Megaard bætir um betur og telur upp alls 29 atriði.<sup>3</sup> Hempel var þeirrar

fellir undir \*A geti ekki verið jafnskyldir og Hempel vildi láta heldur verði að gera ráð fyrir sjálfstæðri þróun hvers og eins, líkt og greina má hjá Megaard, sbr. *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta*, 119–120.

<sup>1</sup> \*Jó= Allar sameiginlegar heimildir um Jómsvíkinga, OT= þeir hlutar *Ólafs sögu Tryggvasonar hinnar mestu* sem eru frábrugðnir gerðum Jvs., \*S= Upprunaleg gerð Jvs. sem skiptist í \*A and \*B, J= Latneska þýðingin, 510= AM 510 4to, OA= AM 310 4to, 291= AM 291 4to, F= *Flateyjarbók*, H= Perg. 4to nr. 7.

<sup>2</sup> Hkr.= *Heimskringla*, Fsk.= *Fagrskinna*, Saxo= *Gesta Danorum*, J= Latneska þýðingin, F= *Flateyjarbók*, H= Perg. 4to nr. 7, 291= AM 291 4to.

<sup>3</sup> Sjá Hempel, „Die Formen der *Jómsvíkinga saga*,“ 38–44 og Megaard, „Studier i *Jómsvíkinga sagas* stemma,“



skoðunar að textarnir sem tilheyra \*A hafi oftar endurspeglad svokallaðan „frumtexta“ eða upprunalega gerð Jómsvíkinga sögu og Megaard tekur undir þá niðurstöðu.

En hvað er frumtexti? Hugtakið gerir ráð fyrir að einhvern tíma hafi einn maður skrifað í fyrsta sinn niður sögu sem mætti kalla Jómsvíkinga sögu og frá þeirri sögu hafi allir aðrir textar um Jómsvíkinga runnið. Þessar hugmyndir um frumtexta eru hæpnar þegar kemur að því að lýsa sambandi varðveittra Jómsvíkinga sagna og annarra texta líkt og leitast verður við að skýra hér á næstu síðum.

Ástæða þess að Hempel og Megaard draga þessar ályktanir um vensl gerðanna er sú að fyrrnefndur samanburður á A- og B-hóp felst í því að sýna einstakar setningar hlið við hlið og í langflestum tilfellum er textinn úr hópi \*A fyllstur eða nákvæmastur (no. *den mest fullstendige tekst*). Með því á Meegard við að flest þau dæmi sem tínd eru til sýna að einhver smáatriði, til dæmis nafn, persóna eða hluti setningar, sem má finna í viðkomandi dæmi úr hópi \*A vantar í textana í hópi \*B. Megaard vísar þó frá niðurstöðu Hempels að því leyti að hann hyggst færa rök fyrir því að gerðirnar í B-hópnum séu runnar frá handriti úr A-hóp. Auk þess bætir hann *Heimskringlu*, *Fagurskinnu* og *Dana sögu Saxa* í stemmað en sleppir *Ólafs sögunum* sem Hempel hafði með. Áður en vikið er nánar að gerðum sjálfrar Jvs. er rétt að víkja orðum að þessum sögum sem fjalla að nokkru um atburði Jvs. og Megaard og Hempel hafa felld inn í stemmu sín.

Fyrst ber að geta þess að *Dana saga Saxa* á hvorki heima í þessum samanburði né í stemma Jómsvíkinga sögu líkt og hjá Megaard. Þar koma hér og hvar fram persónur úr Jvs. eins og Haraldur Gormsson, Knútur bróðir hans og Hákon jarl. Lítill samhljómur er með sögunum, í lok 9. bókar *Dana sögu* er Knútur til að mynda drepinn á Írlandi og í upphafi 10. bókar er frásögn sem líkist sögunni af bardaganum við Hjörungavog þar sem greint er frá stríði Dana og Norðmanna.<sup>1</sup> Danakonungur, sem þá er Haraldur Gormsson, sendir til Noregs sjóræningja frá Iuline sem eru undir forystu Bo og Siualdo og þegar Hákon sér allan þann styrk sem Danir hafa, fórnar hann tveimur sonum sínu á altari með þeim afleiðingum að á brestur tröllaveður og kraftar himnanna tryggja sigurinn. Danirnir tapa vegna óveðurs en vita ekki að þeir hafa reiði guðanna á móti sér. Ekki er minnst á að hin guðlega reiði sé á einhvern hátt tengd tröllkonum eins og í Jvs. þó að notað sé orðið tröllaveður. Saxi nefnir þessa sjóræningja aldrei Jómsvíkinga þó að Iuline vísi í hugmyndaheimi miðaldamanna sennilega til sama staðar og Jómsborg.<sup>2</sup> Að

135–140.

<sup>1</sup> Saxo Grammaticus, *Gesta Danorum*, 628–631. Raunar er Knútur sagður hafa látist í Englandi í sumum heimildum, m.a. í Perg. 7, sbr. Blake, „Inngangur,“ 6 og í *Ólafs sögu Tryggvasonar hinnar mestu* 1, 130, sjá einnig Ólaf Halldórsson, *Danish Kings and the Jomsvikings*, 12. Þetta bendir til arfsagnar af sama meiði og þeirri sem birtist hjá Saxa.

<sup>2</sup> Sjá Petrulevich, „On the etymology of at Jómi, Jumne and Jómsborg, 65–66 og Udolph, „On the etymology of

öðru leyti er fátt sem tengir saman *Dana sögu* og *Jómsvíkinga sögu*, einhverjar heimildir eða arfsagnir virðast þær eiga sameiginlegar en hæpið er að um eiginleg rittengsl sé að ræða, það er að eitt ritverk hafi hér áhrif á annað.

Hin íslensku verk sem greina að einhverju marki frá sömu atburðum og *Jvs.* eiga það öll sameiginlegt að kastljós þeirra beinist í grófum dráttum að þremur bardögum og aðdraganda þeirra: bardaga Hákonar jarls og Haralds Gormssonar við Harald gráfeld, bardaga Dana við Ótta keisara við Danavirki og kristnun Danmerkur í kjölfarið og bardaga Jómsvíkinga við Hákon jarl á Hjörungavogi. Líkt og betur verður greint hér á eftir er í sumum þessara heimilda samsvarandi efni og í *Jvs.*, til að mynda togstreitan milli Haralds Gormssonar og Sveins sonar hans og þegar Sigvaldi rænir Sveini frá Danmörku til þess að gifta hann á Vindlandi.

*Fagurskinna* og *Heimskringla* greina frá öllum þremur bardögum en ýmis smærri atriði eru mismunandi og frásagnarháttur er ólíkur. Sem dæmi má nefna að *Fagurskinna* getur Ólafs Tryggvasonar ekki í orrustunni við Danavirki en í *Heimskringlu* er hann þátttakandi, ekki er minnst á Pálnatóka í *Fagurskinnu* en honum bregður fyrir í mýflugumynd í *Heimskringlu* og *Fagurskinna* sleppir fórn Hákonar en í *Heimskringlu* er bætt við eftir bardagann í Hjörungavogi að það sé „sögn manna“ að Hákon hafi fórnað syni sínum og það hafi orsakað élið í bardaganum.<sup>1</sup>

*Ólafs saga Tryggvasonar* eftir Odd munk Snorrason er talin hafa verið rituð á latínu undir lok 12. aldar en sagan er aðeins varðveitt í íslenskri þýðingu og óvíst er hvenær fyrsta íslenska þýðingin var rituð. Aðalhandrit textans, AM 310 4to (frá um 1250–75) og Perg. 4to nr. 18 (frá um 1300), varðveita auk þess ólíkar gerðir textans.<sup>2</sup> Báðar gerðir varðveita frásögn af þessum þremur atburðum en texti A-gerðar er fyllri en S-gerðar. Ólafur Halldórsson taldi að í þessum þáttum væri orðalag víða svo nálægt texta AM 291 4to að heimild þýðandans hlyti að vera texti náskyldur þeirri gerð *Jvs.*<sup>3</sup> Ólafur benti á að texti *Jvs.* frá 6. kafla til bls. 98 og frá 26. kafla til bls. 159, miðað við hans útgáfu, hefði verið nýttur í A-gerð Ólafs sögu Odds.<sup>4</sup> Fyrri þátturinn segir af því þegar Ótta keisari, með liðsinni Ólafs Tryggvasonar, heyr tvo bardaga við Harald Gormsson með þeim afleiðingum að Danavirki fellur og Danmörk var kristnuð en sá síðari segir

---

Jómsborg,“ 186.

<sup>1</sup> Sjá *Fagurskinnu* 104–111; 116–122; 124–138 og *Heimskringlu* I 220–240; 254–260; 272–286. Sjá einnig umræðu um samband *Fagurskinnu* og *Jvs.* hjá Indrebø, *Fagurskinna* og Finlay, „Introduction,“ 13–14. Hér er nafn Pálnatóka ritað í samræmi við útgáfu Ólafs Halldórssonar. Í handritinu AM 291 4to er það einnig ritað í einu orði, þegar það er ekki stytta, en leiða má getum að því að hann hafi heitið Pálna-Tóki, þ.e. Tóki sem er kenndur við Pálni föður sinn líkt og raunin er í AM 510 4to. Sjá Petersens, *Jómsvíkinga saga (efter Cod. Am. 510,4to)*, 9. Ef til vill hefði önnur hefð tíðkast í rithætti nafnsins ef sagan hefði komið út hjá Hinu íslenska fornritafélagi á 20. öld þar sem samsett nöfn á borð við þetta eru rituð með bandstriki, sbr. Skalla-Grímur og Brennu-Njáll.

<sup>2</sup> Sjá t.d. Ólafur Halldórsson „Formáli,“ cxliii–clii.

<sup>3</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 12.

<sup>4</sup> Sjá *Ólafs sögu Odds*, 169–175 og 228–230.

frá því þegar Sigvaldi rænir Sveini konungi og færir hann til Vindlands til þess að giftast dóttur Búrizláfs. Sögurnar tvær eru vissulega keimlíkar á þessum stöðum og orðalag oft svipað. Sem dæmi má taka þegar Ótta keisari hörfar undan liði Haralds og Hákonar, þá segir í Jvs. (86–87):

Og þar kómur að hann leggur á flóttu undan með lið sitt. Ótta keisari var á hesti um daginn, og er nú sagt að þeir sækja ofan að skipunum, og keisarinn riður fram að sjónum og hefir í hendi spjót eitt mikið, gullrekið og alblóðugt; og síðan stingur hann spjótinu í sæinn og nefnir síðan guð almáttkan í vitni og mælti síðan: ‘Í annað sinn þá er eg kem til Danmerkur, þá skal vera annað hvort að eg skal kristnað fá Danmörk eða ella láta hér lífið.’

Sami kafli í A-gerð *Ólaf sögu Odds* hljóðar svo:

Ok þar kómur at keisari leggr á flóttu með sitt lið. Ok er hann kom til skipa sinna, þá hafði hann spjót í hendi gullrekit, alblóðugt allt; hann stingr (spjótinu) í sjóinn ok nefndi Guð í vitni ok mælti svá: „Annað sinn er ek kem til Danmerkr skal vera annat hvárt, at ek skal fá kristnat Danmörk, eða láta hér líf mitt.“<sup>1</sup>

Úr síðari þættinum má nefna að báðar sögur tiltaka að Sigvaldi fari með þrjú skip og þrjú hundruð manna og að Sveinn sé að veislu með sex hundruð manna. Í báðum frásögnum snúa framstafnar skipanna frá landi og þeir „leggja árar allar í háreiðar“, konungurinn kemur á skip Sigvalda við tíunda mann og „fyrir vináttu sakir“ hefur Sigvaldi brugðið á þetta ráð svo að Sveinn „missti ekki hins besta kvonfangs“.<sup>2</sup>

Ólafur Halldórsson lagði til rökrétta skýringu á skyldleika sagnanna í þessum tveimur þáttum, þá að skrifarinn eða þýðandinn að verki í A-gerð *Ólaf sögu Odds* hafa haft sögugerð Jvs. við hendina, hann gæti hafa unnið þennan texta beinlínis upp úr forriti 291 eða öðru náskyldu.<sup>3</sup> Aftur á móti eru þetta ekki langir þættir sem hafa verið nýttir úr Jvs. og sagan á því ekki heima í stemma með Jvs.

Hið sama má segja um *Ólaf sögu Tryggvasonar hina mestu*, þeirri gerð sem er varðveitt í AM 61 fol. og talin rituð á 14. öld. Samsvarandi frásagnarefni í Jvs. má finna í útgáfu Ólaf Halldórssonar á *Ólaf sögu* frá 1958, á bls. 88–96, 132–146, 172–200. Í flestum tilvikum er texti *Ólaf sögu* lengri en Jvs. og Ólafur Halldórsson lýsti skyldleika þeirra í stuttu máli þannig:

Mikill hluti þessa efnis er tekinn beint eftir Heimskringlu, en sumt er runnið frá Jómsvíkinga sögu sjálfri. Þó er ekki öruggt, hvort höfundur ÓlTr hefur notað sérstakt handrit af Jómsvíkinga sögu, eða hvort kaflar úr henni hafa verið felldir inn í texta þeirrar sögu af Danakonungum sem hann notaði ... örðugt er að koma samanburði við, vegna þess hve textinn er stytur og blandaður öðrum heimildum.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> *Ólaf saga Odds*, 170.

<sup>2</sup> Jvs., 152–159 og *Ólaf saga Odds*, 228–230.

<sup>3</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 12.

<sup>4</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 15. Síðar segir Ólafur að einnig geti verið mögulegt að hvor veggja, Danakonunga saga og Jómsvíkinga saga, hafi verið heimild *Ólaf sögu*, sbr. *Danish Kings and the Jomsvikings*, 91.

Þrátt fyrir að *Ólafs saga hin mesta* eigi fleira efni sameiginlegt með Jvs. en *Ólafs saga Odds* gildir hið sama um þær báðar, þær eru allt aðrar sögur með annan tilgang en Jvs. og lítið annað hægt að segja um skyldleika þeirra við gerðir Jvs. að öðru leyti en benda á líkindi milli þeirra á viðeigandi stöðum en þær hafa ekki sjálfstætt gildi í stemma.<sup>1</sup>

Einnig mætti spyrja hvort verið geti að þau rit sem hafa verið nefnd hér og eiga skemmri eða lengri frásagnir sameiginlegar með Jómsvíkinga sögu hafi mögulega byggt á eldri sagnaritum en ekki sjálfstæðri Jómsvíkinga sögu. Jvs. er stutt saga, að einhverju leyti byggð á sögulegum fyrirmyndum og atburðum en fyrst og fremst er hún saga með sínu upphafi og endi. Sjónarhornið er annað vegna þess að sagan er ekki sögð í samhengi við stærri sögu af norskum konungum líkt og í öllum hinum ritunum. Það má gera ráð fyrir að vinnubrögð skrifara Jvs. og sagnaritanna hafi ekki endilega lotið sömu lögmálum.

Í Perg. 7 eru tvö rit nefnd sem heimildir, *Konungabók* og *Konungasögur*.<sup>2</sup> Í AM 510 er auk þess vísað til *Sæmundar fróða*.<sup>3</sup> Titill ritanna sem nefnd eru í Perg. 7, ef um tvö er að ræða fremur en að sama ritið hafi gengið undir tveimur nöfnum, bendir til að um einhvers konar samsteypurit um konunga hafi verið að ræða. Þannig þyrfti ekki að gera ráð fyrir einni frumgerð Jómsvíkinga sögu sem allar stórar og smáar frásagnir af Jómsvíkingum renna frá heldur tveimur hefðum sem þróast, annars vegar sagnarit þar sem efni er sett saman eftir tilgangi og hins vegar sögu sem, þegar hún er fyrst rituð, inniheldur blöndu af munnlegum arfsögnum og þekktum stefjum úr sagnaritum.<sup>4</sup> Þar með er þó ekki sagt að þau sagnarit sem hafa varðveist fram á okkar daga geti ekki hafa nýtt skriflega Jómsvíkinga sögu. Líkur benda til að Jómsvíkinga saga hafi þegar verið til þegar *Heimskringla* var rituð og kann vel að vera að hún hafi verið meðal heimilda en það þarf ekki endilega að gera ráð fyrir að hún hafi verið eina tiltæka heimild höfundar *Heimskringlu* um Jómsvíkinga.<sup>5</sup>

Þessar vangaveltur bera í raun allar að sama brunni: þær aðferðir sem hafa verið nýttar til þess að draga upp mynd af skyldleika varðveittra gerða Jvs. eru misheppnaðar. Stemmun sem Megaard og Hempel settu fram gefa ranga mynd af tengslum sögugerðanna. Stemma er ágæt

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson bar saman texta 291, *Ólafs sögu Odds* og *Ólafs sögu* í AM 61 fol. og prentaði saman svipaðar eða eins klausur sem benda til að þessir þrjú textar hafi átt sameiginlega heimild, sjá *Danish Kings and the Jomsvikings*, 65–70. Hver sú heimild var og hvernig hún var nýtt er samt sem áður jafnmikið á huldu og áður.

<sup>2</sup> Sjá *Jómsvíkinga saga. The Saga of the Jomsvikings*, 8 og 44.

<sup>3</sup> Ekki er víst að skrifari textans hafi endilega haft rit eftir Sæmund fróða undir höndum en tilgangurinn með tilvísuninni hlýtur að vera að gefa eigi til kynna að stuðst hafi verið við heimildir við smíð sögunnar.

<sup>4</sup> Sjá Clover, „Scene in Saga Composition,“ 57–83 en hún rekur mörg dæmi um sögur sem eru settar saman úr mörgum litlum „atriðum“ sem hvert hefur sinn inngang, miðju og endi. Sjá einnig Lönnroth, *Njáls Saga: A Critical Introduction*, 42–55. Síðar benti Clover einnig á að Íslendingasögur væru settar saman úr þáttum (í merkingunni hluti eða þráður í heild) sem hafi verið vel þekktir hver um sig sem nokkurs konar hluti af almælti sagnahefð en ekki settir saman í heild fyrr en með tilkomu skriflegrar hefðar; sbr. Clover, „The Long Prose Form,“ 30–39. Á svipuð mið rær Tommy Danielsson í umfjöllun um *Hrafnkels sögu*, sbr. *Hrafnkels saga eller Fallet med den undflydende traditionen*, 231–277.

<sup>5</sup> Sjá nánar um aldur sögunnar í kafla 2.3.

leið til þess að sýna skyldleika handrita sem varðveita sömu gerð tiltekins texta en líkt og samanburður á gerðum Jvs. í síðasta hluta þessa kafla sýnir, eru þær of frábrugðnar hver annarri til þess að þessi aðferð hafi tilætlaðan árangur.

### 2.3 Aldur

Umræða um skyldleika gerðanna hefur einnig fléttast saman við spurninguna um hver gerðanna sé talin elst. Lítil eining hefur ríkt um svarið við þeirri spurningu. Auðvelt er að draga þá ályktun að gerðin í 291 hljóti að vera elst, hún er heil, sjálfstæð og varðveitt í elsta handritinu. Þetta er meðal annars niðurstaða Bjarna Aðalbjarnarsonar, N. F. Blake og Ólafs Halldórssonar.<sup>1</sup> Finnur Jónsson og Lee M. Hollander töldu að Perg. 7 væri fulltrúi elstu og bestu gerðarinnar, Sofus Larsen færði rök fyrir að 510 varðveitti elstu gerð textans en Gjessing benti á að samviskusemi og nákvæm vinnubrögð Arngríms lærða væru meðal annars rök fyrir því að hann hefði ótvírætt þýtt söguna eftir bestu og elstu gerðinni. Storm tók undir röksemdarfærslu Gjessing.<sup>2</sup> Í niðurstöðum sínum gerir Megaard ráð fyrir að aldursröð sagnagerðanna sé sem hér segir: Þýðing Arngríms, 510, Flateyjarbók, Perg. 7 og 291.<sup>3</sup>

Þessar ályktanir fræðimanna eiga það sameiginlegt að engin þeirra svarar fyllilega spurningunni um hver gerðanna sé elst. Niðurstöðurnar eru vangaveltur, hversu vissir sem nefndir fræðimenn kunna að hafa verið um eigin ályktanir á sínum tíma. Þess vegna er ástæða til þess að nálgast spurninguna á nýjan hátt og viðurkenna að ótvíræð niðurstaða fæst aldrei. Því ætti fremur að spyrja: hvaða ályktanir geta varðveitt handrit og ytri röksemdir, s.s. samanburður við aðrar sögur og málsöguleg rök, leyft okkur að draga um aldur og uppruna sögugerðanna?

Sem fyrr segir er elsta varðveitta handrit Jómsvíkinga sögu, AM 291 4to, talið ritað um 1300 en mögulega má rekja forrit þess aftur til um 1230. Sú niðurstaða er byggð á rannsóknum Peter Foote sem benti á ýmis atriði í skrift, stafsetningu og máli sem teljast fornleg í málinu um árið 1300.<sup>4</sup> Má sem dæmi nefna að forsetning *of* kemur víða fyrir sem og myndin *umb*, notkun á táknum úr latínu fyrir skammstafanirnar *sed*, *vel* og *post* fyrir *heldr*, *eða* og *eptir*. Í stafsetningu má nefna að oft er límingastafurinn *η* notaður til að tákna *ng* og á tveimur stöðum er m-rúnin notuð til þess að tákna orðið *maðr* og þá er bókstafurinn *þ* notaður í innstöðu og bakstöðu. Þessi atriði eru öll sjaldgæf eftir um 1250.<sup>5</sup>

<sup>1</sup> Bjarni Aðalbjarnarson, *Om de norske kongers sagaer*, 203; Blake, *Jómsvíkinga saga*, xix; Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 21.

<sup>2</sup> Finnur Jónsson, *Den Oldnorske og Oldislandske Litteraturs Historie*, 655–656; Lee M. Hollander, „Studies in the *Jómsvíkingasaga*“, 210; Sofus Larsen, „Jomsborg, dens Beliggenhed og Historie“, 57–58; Gjessing, „Forord“, xvii; Storm, „Om Redaktionerne af *Jómsvíkingasaga*“, 244–245.

<sup>3</sup> Megaard, „Studier i *Jómsvíkinga sagas* stemma“, 179.

<sup>4</sup> Foote, „Notes on Some Linguistic Features“, 28.

<sup>5</sup> Peter Foote, komst að þeirri niðurstöðu eftir rannsókn á elstu handritum að forsetningin *of* hafi tekið að vikja fyrir *um* upp úr 1200 og á milli 1200 og 1250 hafi breytingin verið orðin almenn, sbr. „Notes on the prepositions OF and

Perg. 7 hefur einnig verið talið ritað um eða upp úr 1300 eða jafnvel um 1350. Fyrri ályktunin kemur frá Cederschiöld en í handritaskrá Gödels er það tímasett til um 1350.<sup>1</sup> Hvorugur þeirra gerir nákvæma grein fyrir þessari aldursgreiningu og svo virðist sem þessi niðurstaða hafi aldrei verið tekin til nákvæmrar skoðunar. Því verður hér rýnt aðeins rækilegar í aldur handritsins.<sup>2</sup> Skriftin er textaskrift og stafsetning nokkuð regluleg á öllu handritinu og mörg einkenni hennar benda til þess að aldursákvörðunin 1300–1350 sé rétt. Verður þessi niðurstaða rökstudd frekar hér.

Stefán Karlsson bendir á að stutt sérhljóð á undan *nk* og *ng* hafi tekið að breytast um 1300 þannig að lokuð sérhljóð féllu saman við samsvarandi löng hljóð (*ing* > *íng*) en opin sérhljóð urðu tvíhljóð (*eng* > *eíng*).<sup>3</sup> Í Perg. 7 er þessi breyting orðin almenn og kemur fram í ritun ólíkra orða og orðmynda eins og *England*, *drengr*, *engi*, *fengi*, *vinfengi*, *lengi*, *heitstrenging* og *strengi* sem eru með nokkrum undantekningum ritað *ei* á undan *ng*; undantekningin er dæmi um ritháttinn *engi* á stangli. Til samanburðar má nefna að í Möðruvallabók sem talin er rituð einhvern tíma á bilinu 1330–1370 er þessi breyting ekki orðin almenn og myndir með *-e* á undan *-ng* algengari en *-ei*.<sup>4</sup> Á 14. öld varð einnig breyting á rithætti þar sem *k* varð *g* í áhersluléttri bakstöðu í orðum eins og *mig*, *þig*, *sig*, *og*, *eg* og *mjög*. Stefán Karlsson benti á að þessarar breytingar verði vart þegar í 13. aldar handritum.<sup>5</sup> Í Perg. 7 er breytingin komin fram en ekki orðin almenn. Þannig er orðið *mjög* yfirleitt með *-g* í bakstöðu en öll hin orðin með *-k* eða *-c* þó að einstaka dæmi megi finna um orðmyndirnar *mig* og *þig* með *-g*. Þetta má einnig bera saman við Möðruvallabók því að þar er misjafnt hvort ritað er *-g* eða *-k* í bakstöðu nema í orðinu *mjög* sem er ritað með *-g* 497 sinnum en aðeins 9 sinnum með *-k*.<sup>6</sup>

Þá má einnig nefna að breytingin *vá* > *vo* sem Hreinn Benediktsson tímasetur til 14. aldar er ekki komin fram í Perg. 7, dæmi um hana má finna í Möðruvallabók en myndir með *vá* eru miklu algengari.<sup>7</sup> Staða þessara 14. aldar breytinga bendir því til að handritið sé frá fyrri hluta 14. aldar. Líklega er það ekki frá 13. öld sem dæma má af breytingum sem koma fram þá og eru

UM(B),“ 78–79. Lindblad bendir á að þó að *m-rúnin* komi fyrir í Konungsbók eddukvæða sem talin er frá um 1270 sé það fornt einkenni í því handriti, sbr. *Studier i Codex Regius*, 54–55. Stefán Karlsson bendir á að *þ* hafi verið orðið fátítt í innstöðu og bakstöðu í byrjun 14. aldar, sbr. „Tungan“, 37. Hreinn Benediktsson taldi að notkun *η* í 291 væri vegna áhrifa forrits því að þetta sjáist helst í elstu handritum, sbr. *Early Icelandic Script*, 54. Lindblad benti enn fremur á að *η* kæmi aðeins fimm sinnum fyrir í Konungsbók eddukvæða og væri þar merki um fornleg áhrif, sbr. *Studier i Codex Regius*, 38–39.

<sup>1</sup> Cederschiöld, *Jómsvíkinga saga eftir skinnboken*, ii og Gödel, *Katalog*, 45–56.

<sup>2</sup> Við athugun á þeim atriðum sem talin verða upp í greiningu á aldrinum var kannaður texti allrar Jómsvíkinga sögu í handritinu sem og 12 blöð fyrir framan og aftan hana, úr *Hrólfs sögu Gautrekssonar* og *Ásmundar sögu kappabana*. Sama rithönd er á öllum textunum.

<sup>3</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, 9.

<sup>4</sup> Sjá de Leeuw van Weenen, *A Grammar of Möðruvallabók*, 63–64.

<sup>5</sup> Stefán Karlsson, „Tungan“, 14.

<sup>6</sup> Sjá de Leeuw van Weenen, *A Grammar of Möðruvallabók*, 82 og 195.

<sup>7</sup> Hreinn Benediktsson, „Relational Sound Change“, 231–242; de Leeuw van Weenen, *A Grammar of Möðruvallabók*, 66.

orðnar sjaldséðar eftir 1300. Má nefna þau einkenni sem talin eru sem rök til aldursgreiningar 291 hér að framan og birtast ekki í Perg. 7. Þannig sést *p* varla í innstöðu og bakstöðu, límingarstafurinn *ŋ* kemur ekki fyrir og forsetningin *um* er ráðandi. Þó má finna örfá dæmi um *of* í stað *um* sem bendir mögulega til áhrifa frá forriti. Fleiri dæmi benda til arfs frá eldra forriti, þar sem stafsetning er ólík því sem almennt tíðkast í handritinu. Þannig má finna örfá dæmi um *o* í bakstöðu þar sem almennt er ritað *u* í orðmyndum eins og *pínu*, *vildu*, *litlu* og *komu* en líkt og Hreinn Benediktsson bendir á breiðast *i* og *u* út sem endingarsérhljóðar í stað *e* og *o* á 13. öld; breytingin *i* fyrir *e* breiddist um hálfri öld fyrr út en *u* fyrir *o* sem varð á síðari hluta 13. aldar.<sup>1</sup> Raunin í Perg. 7 er enda sú að þessar orðmyndir með *o* í bakstöðu eru afar sjaldgæfar. Myndir með *e* í bakstöðu þar sem alla jafna er *i* fundust ekki. Athyglisverður er rithátturinn „ugþo“ á 29v fyrir þt. so. *ugga* í ljósi þess að *p* í innstöðu og bakstöðu sem og *o* í bakstöðu eru mjög sjaldgæf í öllu handritinu. Hér hlýtur því að skína í eldra forrit.

Af þessari stuttu greinargerð er ljóst að lítil rök eru fyrir því að Perg. 7 sé skrifað fyrir 1300 og líklegast að það hafi verið ritað á fyrri helmingi 14. aldar. Þau fáu atriði sem talin eru hér að framan sem eldri áhrif á Perg. 7 eru öll tekin úr texta Jvs. og kunna því að benda til að þessi gerð Jvs. hafi verið samin þegar á 13. öld.

AM 510 4to er auðveldara að tímasetja en Perg. 7 vegna þess að skrifarar þess eru þekktir líkt og fyrr er getið. Talið er að feðgarnir þrír sem rituðu handritið hafi starfað um miðja 16. öld.<sup>2</sup> Ef leitað er eftir einkennum í textanum sem benda til eldra forrits eru vísbendingar fáar og því ómögulegt að segja hversu langt aftur megi rekja þá gerð sögunnar. Karl Ó. Ólafsson telur almennt engin merki þess í handritinu öllu að forrit hveðrar sögu hafi verið fleiri en eitt og líklegast að hver saga hafi aðeins átt eitt forrit.<sup>3</sup> Aldur þessarar gerðar er því erfitt að rekja lengra aftur en til 16. aldar. Betur verður vikið að þróun hennar og aldri í samanburði við aðrar gerðir í kafla 2.4.

Þá er rétt að geta þess að *Ólafs saga Tryggvasonar* eftir Odd munk Snorrason, eftir handritinu AM 310 4to, hefur verið nýtt til marks um aldur Jvs. Líkt og fram kemur hér að framan eru ákveðin atriði sem benda til að í þessari gerð sögunnar hafi verið stuðst við handrit Jómsvíkinga sögu, skylt AM 291 4to. Ekki er þó hægt að útiloka að AM 291 4to og AM 310 4to hafi nýtt sama sagnaritið sem heimild. AM 310 4to er talið ritað á árabílinu 1250–1275 og því ljóst að forritið sem skrifari þess nýtti hefur verið ritað fyrir þriðja fjórðung 13. aldar.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> Hreinn Benediktsson, „The Unstressed and the Non-Syllabic Vowels,“ 81–83.

<sup>2</sup> Sjá Karl. Ó. Ólafsson, „Þrír feðgar hafa skrifað bók þessa...“, 13–14. Sömu rithendur má finna t.d. á AM 713 4to en þar er meðal annars varðveitt kvæði eftir Jón Arason biskup sem var tekinn af lífi 1550.

<sup>3</sup> Sama rit, 30: nmgr. 18.

<sup>4</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 12–13; Sveinbjörn Rafnsson, *Ólafs sögur Tryggvasonar*, 55–57.

Greining Foote á máli og skrift elsta handrits Jómsvíkinga sögu og möguleg tengsl AM 291 4to við AM 310 4to eru þannig sterkustu rökin fyrir aldri sögunnar. Aðrar tilgátur um aldurinn byggja á getgátum og því hversu líklegt er að allar heimildir um Jómsvíkinga byggi á einni frumsögu. Líkt og fyrr er getið fjallaði Megaard um eldri og yngri gerð sögunnar. Megaard miðar *terminus ante quem* fyrir eldri gerðina við árið 1188. Þá niðurstöðu byggir hann einkum á embættistíð Bjarna Kolbeinssonar biskups í Orkneyjum sem orti að öllum líkindum Jómsvíkingadrápu. Bjarni var biskup á árunum 1188–1223 en Megaard telur að kvæðið hljóti að vera ort áður en hann varð biskup því að efni og tónn drápunnar bendi til að höfundur hennar sé ekki bundinn af virðuleika biskupembættis.<sup>1</sup> Auk þess er Bjarni fyrst nefndur skáld í *Orkneyinga sögu* og síðar biskup.<sup>2</sup> Ólafur Halldórsson hefur aftur á móti bent á að ekki sé víst að Bjarni Kolbeinsson biskup sé höfundur drápunnar heldur getur þar verið á ferð óþekktur nafni hans. Ólafur tekur fram að í kvæðinu stuðla *hl*, *hn* og *hr* við *h+* sérhljóð líkt og í íslensku en að í Orkneyjum hafi *h* á undan *l*, *n* og *r* fallið brott ekki síðar en á 12. öld. Ef kvæðið væri ort í Orkneyjum telur Ólafur að það væri þá merk heimild um mál Orkneyinga sem stangaðist á við aðrar heimildir.<sup>3</sup> Megaard telur þessi rök Ólafs ekki vega þungt því að líklegt sé að hin fastmótaða kvæðahefð geti einfaldlega endurspeglad íhaldsemi um forn máleinkenni.<sup>4</sup>

Ekki verður tekin afstaða til þess hvort Bjarni biskup hafi ort drápuna eða ekki því að hér skiptir höfuðmáli að niðurstaða Megaards um eldri mörk sögunnar stendur og fellur með því að *Jómsvíkingadrápa* hafi verið ort eftir ritaðri sögu en ekki til dæmis eftir munnmælum eða öðrum sagnaritum. Drápan segir frá för Jómsvíkinga til Danmerkur, heitstrengingum þeirra og ferðinni til Noregs í kjölfarið. Þá er bardaganum lýst og örlögum Jómsvíkinga þar sem að lokum er greint frá griðum Vagns. Vissulega kemur efni drápunnar mjög vel heim og saman við samsvarandi texta Jvs., sagan og drápan eiga sameiginleg ýmis smáatriði og nöfn. Meginhluti sögunnar, allt sem gerist fram að heitstrengingum, er þó ekki hluti kvæðisins og því má spyrja hvort höfundur Jvs. hafi nýtt drápuna sem heimild fremur en sagan hafi verið heimild drápunnar. *Terminus ante quem* í skilgreiningu Megaards er á of veikum grunni byggt, möguleikarnir tveir, að hún sé ort eftir munnmælum og/eða að drápan sé heimild Jvs. verða ekki útilokaðir.

*Terminus post quem* fyrir yngri sögugerðina telur Megaard vera stuttu eftir árið 1200 og byggir hann þá niðurstöðu á eldri rökum Hempels. Hempel bendir á að í upphafi 6. kafla sé nefndur til sögunnar Ótta keisari yfir Saxlandi og Peitulöndum. Þar telur hann að ruglað sé saman Otto IV við eldri keisara með sama nafni en að enginn hinna eldri hafi átt keisaradóm í

<sup>1</sup> Sjá einnig Petersens, „Anmärkningar till *Jómsvíkinga drápa*,“ 120.

<sup>2</sup> *Orkneyinga saga*, 193 og 282.

<sup>3</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 27.

<sup>4</sup> Megaard, „Studier,“ 169–170.



svo nefndum Peitulöndum (Poitou). Það hafi Otto IV á hinn bóginn gert en hann ríkti þar frá árinu 1196 uns hann lést árið 1218. Hempel telur þess vegna að Ótta í sögunni sé sagður keisari yfir Peitulöndum vegna þess að á ritunartíma sögunnar hafi keisari með því nafni ríkt í Peitulöndum.<sup>1</sup>

Í ljósi þess að elsta handrit Jómsvíkinga sögu er frá því um 1300 og rök hníga að því að forrit þess geti verið frá því um 1230 er erfitt að ákvarða ritunartíma sem er mörgum áratugum fyrir árið 1230. Þrátt fyrir að vísbendingar séu um að Bjarni Kolbeinsson biskup hafi ort Jómsvíkingadrápu, mögulega ekki síðar en á 9. áratug 12. aldar, er ekki endilega víst að hann hafi ort drápuna beint eftir skrifaðri sögugerð. Drápan og Ólafs saga Odds tengja því þræði Jvs. við 12. öld en sanna ekki að sagan hafi verið rituð á 12. öld. Einnig má nefna til sögunnar *Ágrip af Noregskonungasögum* sem talið er að hafi verið ritað einhvern tíma á tímabilinu 1190–1200. Þó að Jómsvíkingar komi þar lítt við sögu er Jómsborg nefnd til sögunnar og þessir þrír textar benda til að sögur af Jómsborg og Jómsvíkingum hafi þegar markað spor á 12. öld þó að ekki sé hægt að fullyrða að þá hafi sagan fyrst verið rituð. Að öllu samanlögðu má telja nokkuð öruggt að sagan hafi verið til á fyrstu áratugum 13. aldar og að angar hennar teygi sig aftur til 12. aldar. Hvað sem öllu líður um nákvæmari aldursgreiningu telst hún í hópi elstu varðveittra sagna á íslensku.

## 2.4 Gerðir

Líkt og þegar hefur verið rakið er hefð fyrir því að telja Jvs. varðveitta í fimm ólíkum gerðum. Til þess að samanburður gerðanna geti varpað einhverju ljósi á þróun sögunnar og þar með mögulegar viðtökur hennar verður aðeins tekið tillit til þriggja gerða, það er 291, Perg. 7 og 510. Þessar þrjár gerðir eru sjálfstæðar í þeim skilningi að þær eru skrifaðar frá upphafi til enda án nokkurra athugasemda eða stórvægilegra breytinga á byggingu, ef frá eru taldir fyrstu kaflarnir sem ekki eru í 510. Þetta gildir vitaskuld einnig um þýðingu Arngríms en vegna þess að hún er þýðing frá lokum 16. aldar og forritið er óþekkt verður samanburður á orðalagi og stíl ómögulegur þó að efnislegur samanburður sé mögulegur líkt og Gustav Gjessing og Jakob Benediktsson hafa gert rækilega grein fyrir.<sup>2</sup> Jakob bendir enn fremur á að í latnesku þýðingunni sé ómögulegt að vita hvort frávík frá öðrum gerðum komi beinlínis frá Arngrími sjálfum eða úr forriti.<sup>3</sup> Því er erfitt að vita hvort að breytingar megi rekja til miðalda eða endurspeglis fremur viðhorf lærðra manna á borð við Arngrím á 16. og 17. öld.

<sup>1</sup> Hempel, „Die Formen“, 47.

<sup>2</sup> Sjá Gjessing, „Forord“, xi–xvii þar sem er listi yfir mun gerðanna í formála útgáfu að þýðingu Arngríms en samanburðurinn var tekinn rækilega til endurskoðunar hjá Jakobi Benediktssyni, *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta*, 121–140.

<sup>3</sup> Jakob Benediktsson, *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta*, 121.

Í *Flateyjarbók* er Jvs. á hinn bóginn hluti af stærra samhengi. Þó að hægt sé að taka texta Jvs. út úr *Flateyjarbók* og prenta sem sjálfstæða sögu þá yrði það alltaf upp að vissu marki tilbúin eða endurgerð saga. Sannarlega er orðalag á köflum mjög líkt á síðari hluta 291 og síðari þætti Jómsvíkinga í *Flateyjarbók*, en heildin er ólík. Líkt og gildir um þýðingu Arngríms er forrit textans í *Flateyjarbók* óaðgengilegt og sagan hefur þar öðlast nýjan og annan tilgang. Þó að alvanalegt sé að gefa sögur *Flateyjarbókar* út sérstakar er hún ein heild. Sverrir Tómasson hefur til dæmis bent á að Magnús Þórhallsson, aðalritstjóri bókarinnar, „hafi ætlað sér að gera sögu norskra konunga frá öndverðu að hlut í kristinni veraldarsögu, segja þá sögu með dæmum bæði í bundnu máli og óbundnu.“<sup>1</sup> Lárus H. Blöndal komst enn fremur að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni á texta *Sverris sögu* að margt bendi til að Magnús Þórhallsson hafi sjálfur styt, bætt eða breytt textanum þegar hann skrifaði hann í *Flateyjarbók*.<sup>2</sup> Af þeirri niðurstöðu má draga þá ályktun að forrit þau sem nýtt voru við gerð *Flateyjarbókar* hafi ekki verið afrituð beint án nokkurra breytinga og hún er þannig ekki nákvæmur fulltrúi forritsins. Jómsvíkinga saga í *Flateyjarbók* er þess vegna saga í sögu, ekki sjálfstæð saga.

#### 2.4.1 Perg. 4to nr. 7 og AM 291 4to

Ef aðeins er litið til gerðanna þriggja sem hafa varðveist sjálfstæðar á íslensku í miðaldahandritum og þær metnar óháð fyrri rannsóknum og tilgátum um stemma geta vaknað nýjar hugmyndir og vangaveltur. Fyrst verður sjónum beint að samanburði Perg. 7 og 291. Sem fyrr segir er texti Perg. 7 umtalsvert styttri en í 291. Svo virðist sem textinn þar hafi verið stytur fremur en að aukið hafi verið við 291.<sup>3</sup> Þessi niðurstaða er best skýrð með nokkrum dæmum úr textunum þar sem orðalag er svipað en svo virðist sem orðum hafi markvisst verið eytt eða skipt út í Perg. 7 án þess að merkingin breytist.<sup>4</sup>

##### AM 291 4to

- 1) ...og lét síðan sveininn vatni ausa og nafn gefa og kallaði Knút. En það var fyrir þá sök er fingurgullið hafði knýtt verið í enni sveininum þá er hann fannst, og tók konungur þar nafn af, það er hann gaf sveininum (62).

##### Perg. 4to nr. 7

- ...ok lét svein ausa vatni ok kalla Knút af því at gull var knýtt um enni hans (1–2).

<sup>1</sup> Sverrir Tómasson, „Þingeyrar – stærsta íslenska menningarsetrið á miðöldum,“ 18.

<sup>2</sup> Lárus H. Blöndal, *Um uppruna Sverris sögu*, 19–29.

<sup>3</sup> N.F. Blake taldi t.d. að 291 endurspeglaði eldri gerð og Perg. 7 yngri gerð sem hefði verið styt, sjá Blake, *Jómsvíkinga saga*, xviii. Hitt er vissulega þekkt og sennilega algengara að talið sé að sögur séu auknar fremur en stytta því algengt var að miðaldahöfundar bættu við sögur (*amplificatio*) í endurritun texta. Sjá Ryding, *Structure in Medieval Narrative*, 62–63 og umfjöllun um *amplificatio* síðar í þessum kafla. Sem dæmi um þetta má nefna styttri og lengri gerð *Sigurðar sögu þögla*, sjá umræðu hjá Driscoll, „Introduction,“ *Sigurðar saga þögla*, lxxxix–xcii.

<sup>4</sup> Í sviga fyrir aftan dæmin í þessum kafla er vísað til blaðsíðutals í útgáfum Ólafs Halldórssonar og N.F. Blake.

- |    |   |   |
|----|---|---|
| 2) | En þar skaltu sofa í vetrarnátt hina fyrstu og þrjár nætur í samt, og mundu glöggst ef þig dreymir nokkvað og send síðan menn á minn fund, að þeir segi mér drauma þína ef nokkorir eru, og mun eg þá að kveða fyrir þeim, hvort þú skalt fá þetta ráð eða eigi (64). | En þar skaltu sofa í vetrarnótt hina fyrstu ok þrjár nætr í samt. Ok mun þú glöggst ef þik dreymir nokkut ok lát segja mér. Mun ek þá segja sendimönnum hvárt þú skalt vitja þessa ráðahags eða eigi (2). |
| 3) | Og er hún hafði heyrt draumana, þá mælti hún: 'Nú skulu þér hér vera svo lengi sem þér vilið sjálfir. En þér megið svo segja konungi yðrum, að eg mun ganga með honum' (65).  | En er hon hefir heyrt drauma, þá mælti hon at þeir segði konungi at hon mun ganga með honum (3).  |
| 4) | En Haraldur var fæddur heima með hirð föður síns. Hann var þeirra bræðra mjög miklu yngri, og var snemmendis ýgur og æfur og illur viðskiptis, og varð hann fyrir því óvinsæll í sínum upprunum (68).   | Haraldr var heima með hirðinni ok hinn óvinsælsti í uppruna sínum (4).  |
| 5) | Tóki faðir þeirra hefir þá verið gamall að aldri er þetta var. Og eitt hvert haust um veturnáttaskeið, þá tók hann sótt og andaðist úr sóttinni. Eigi liðu og langar stundir áður Þórvör tók sótt og andaðist, kona Tóka (101).                                       | Tóki var þá gamall ok tók hann sótt ok andaðisk; litlu síðarr Þórvör, kona hans (8).  |
| 6) | Nú slítur þar hjali, og býst Sigurður til þessar ferðar og hefir eitt skip og sex tigu manna, og fer síðan þar til er hann kómur til Gautlands, og tekur Óttar jarl vel við honum (104).  | Nú býsk Sigurðr heiman. Hann hafði eitt skip ok sex tigi manna, ok ferr norðr til Gautlands (9–10).   |

Mörg dæmanna sýna ótvíræð merki um skyldleika textanna tveggja, eins og orðalagið „veturnótt hina fyrstu og þrjár nætur í samt“ í 2) og „eitt skip og sex tigu manna“ í 6). Í öllum þessum tilvikum er texti Perg. 7 knappari án þess að efnislegar breytingar séu stórvægilegar. Þessi dæmi lýsa líklega því sem Blake á við í inngangi útgáfu sinnar þegar hann segir að óþarfa orðum hafi verið útrýmt.<sup>1</sup> Þessi tilteknu dæmi eru ekki nægileg rök fyrir því að texti Perg. 7 hafi verið stytur fremur en að 291 hafi verið lengdur. Fleira kemur þar til. Efni 4., 5., 6. og 7. kafla Jvs.

<sup>1</sup> Blake, „Introduction,“ xxi: „Nouns and pronouns which the scribe thought unnecessary were done away with ... one can see that the scribe had gone over the text carefully rearranging and rephrasing where he thought necessary.“

291 er nánast öllu sleppt í Perg. 7, það er, þegar sagt er frá samskiptum þeirra Hákonar jarls og Haralds Gormssonar og hvernig þeir losa sig við Gull-Harald, Harald gráfeld og Gunnhildi konungamóður. Í Perg. 7 er aðeins tæpt á þessu í 6. kafla útgáfu Blake; hluti efnisins er til að mynda útskýrður svo:

Þenna vetr settu þeir Haraldr konungr Gormsson ok Hákon jarl vélræði um Harald, Nóregs konung, ok móður Haralds, Gunnhildi. Ok um várit sviku þeir hann í Limafirði eptir því sem segir í Konungabók at Gull-Haraldr feldi Harald. En Hákon jarl lét síðan festa Gull-Harald á gálga. En síðan tók Hákon jarl við einvaldi yfir Nóregi ok skyldi gjalda skatta Danakonungi (8).

Hér fylgjast gerðirnar ekki að en höfundur Perg. 7 hefur þó ljóslega kunnað rækilegri frásögn af þessum atburðum eins og orðin „eptir því sem segir í Konungabók“ benda til.<sup>1</sup> Blake telur að þarna sé vísað til annað hvort *Heimskringlu* eða *Ólafs sögu Tryggvasonar* en vissulega er einnig mögulegt að hér sé vísað til samsteypuverks um konunga sem ekki hefur varðveist.<sup>2</sup> Það eru vísbendingar í textanum um að höfundur Perg. 7 hafi haft *Ólafs sögu Tryggvasonar hina mestu* við hendina, skyldri þeirri gerð sem er varðveitt í AM 61 fol. Til marks um þetta er dauði Knúts, sem í 291 er drepinn af Haraldi bróður sínum.

#### **Perg. 4to nr. 7**

Í þann tíma réð Aðalsteinn konungr Englandi. Hann var góður konungr ok gamall. Á hans dögum ofarla kom Danaherr í England ok váru synir Gorms konungs höfðingjar fyrir, Knútr ok Haraldr. Þeir herjuðu víða um Norðimbraland, ok lögðu undir sik mikit ríki ok töldu þat arftekinn hluta sinn er átt höfðu Loðbrókarsynir ok aðrir þeira forellrar. Aðalsteinn konungr hafði liðsafnað mikinn ok fór í mót þeim bræðrum ok hitti þá fyrir norðan Kliflönd ok drap hann fjöldu af Dönum. Nokkuru síðarr gengu þeir upp Gormssynir um Skarðaborg ok þorðusk þar ok höfðu Danir sigr. Eptir þat ætluðu þeir til Jórvíkr suðr ok gekk þá allt fólk undir þá. Ugðu þeir þá ok ekki at sér. Einn dag er heitt skin var á föru menn á sund milli skipanna ok konungar báðir. Þá hljópu menn af landi ofan ok skutu á þá. Þá var Knútr lostinn öru til bana ok tóku þeir líkit á skipit (6).

#### **AM 61 fol.**

Eftir hann var konungr Aðalbrikt, hann var góður konungr ok varð gamall. Á hans dögum ofarlega kom Danaher til Englands ok voru þeir bræður höfðingjar fyrir liðinu synir Gorms hins gamla Knútur ok Haraldur. Þeir herjuðu víða um Norðimbraland ok lögðu undir sig margt fólk. Töldu þeir það arftekjulönd sín er átt höfðu Loðbrókarsynir ok aðrir margir þeirra forellrar. Aðalbrikt konungr hafði liðsafnað mikinn ok fór móti þeim. Hann hitti þá fyrir norðan Kliflönd ok drap af Dönum margt manna. Nokkuru síðar gengu Gorms synir upp við Skarðaborg ok börðust ok þar höfðu Danir sigur. Eftir það fóru þeir suður með landi ok ætluðu til Jórvíkur, gekk þar undir þá allt fólk. Ugðu þeir þá ekki að sér. Einn dagi var skin heitt ok fóru menn á sund milli skipanna. En er konungar voru á sundinu þá hljópu menn af landi ofan ok skutu á þá. Þá var Knútur lostinn öru til bana.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Hér er rétt um höfund Perg. 7 sem þann óþekktu mann sem er ábyrgur fyrir breytingum á sögunni. Ekki er endilega víst að Perg. 7 sé fyrsta handrit þessarar gerðar en hér er það notað bæði sem heiti á handriti og heiti á gerð.

<sup>2</sup> Blake, „Introduction,“ 8: nmgr. 2. Í Fríssbók, AM 45 fol. er *Heimskringla* þó kölluð „konungabók“ í titli við upphaf *Ynglinga sögu* sem getur bent til þess að hún hafi gengið undir því nafni, sjá AM 45 fol., 1v. Það er á hinn bóginn erfitt að skera úr um hvort þetta sé sérnafn eða samnafn í þessu samhengi, enda gefur stafsetning það ekki til kynna.

<sup>3</sup> *Ólafs saga Tryggvasonar en mesta* I, 129–130; stafsetning samræmd.

Textarnir tveir eru ekki nákvæmlega eins, ekki er samhljómur um hvort konungur hafi verið Aðalsteinn eða Aðalbrikt en orðalagið er að öðru leyti víða svo svipað að hér hljóta að vera rittensl. Hið sama má segja um tvö minni tilvik til viðbótar. Þegar drottning heyrir af dauða Knúts lætur hún í 291 „ofan taka allan hallarbúning. En síðan lét hún tjalda í staðinn blám reflu, þar til altjölduð var höllin“ (76). Í Perg. 7 „lét dróttning tjalda höllina grám vaðmálum“ (7). Í ÓITr segir á sama hátt: „þá lét Þyri tjalda höllina grám vaðmálum“.<sup>1</sup> Þegar Gormur fær fréttir af dauða Knúts mælir Gormur í Perg. 7: „Svá drúpir Danmörk sem dauður sé Knútr, son minn“ (7). Í *Ólafs sögu* segir einnig: „Svo drúpir nú Danmörk sem dauður sé Knútur son minn.“<sup>2</sup> Þessi setning kemur hvorki fyrir í 291 né öðrum gerðum Jvs. eða öðrum gerðum *Ólafs sögu Tryggvasonar*. Höfundur Perg. 7 virðist þó eiga við aðra heimild þegar hann vísar til „Konungabókar“ því að þessi gerð *Ólafs sögu Tryggvasonar* geymir ekki frásögnina af vélræðum Haralds og Hákonar við Harald konung gráfeld.

Ef sögunni er vikið aftur að breytingum á sögunni í köflum 4–7 í Perg. 7 miðað við 291 vekja þær upp spurningar um ætlun eða ásetning höfundar Perg. 7. Hvernig getur staðið á því að sögugerðirnar tvær fylgjast nokkurn veginn að fram að því sem telst 4. kafli í 291 og síðan aftur frá og með 8. kafli? Er hægt að ímynda sér eitthvert tilefni til þess að sleppa því sem samsvarar köflum 4–7 í 291, endursegja efnið í afar stuttu máli og vísa síðan til annarra rita? Einn möguleiki er sá að höfundi hafi þótt þessi hluti útdúrur í sögu Jómsvíkinga og ekki eiga heima í sögu sem kennd er við þá.<sup>3</sup> Þessi ályktun er keimlík þeim sem settar voru fram um ástæður þess að fyrsta hlutann vantar alfarið í 510.<sup>4</sup> En það er nauðsynlegt að rýna betur í textann áður en þessu er slegið föstu. Það er raunar athyglisvert að höfundur Perg. 7 hafi sleppt svo stórum hluta af fyrstu köflunum en séð ástæðu til þess að halda því sem þó stendur af fyrsta hlutanum. Það mælir gegn því að honum hafi ekki þótt allt efni fyrsta hlutans standa í nægilegu samhengi við sögu Jómsvíkinga.

Því er fróðlegra að kanna hvort efnið geti borið frekari vitni. Í upphafi er í báðum sögum greint frá konunginum Gormi sem tekur að sér barn sem hafði fundist úti í skógi og var í Perg. 7 og *Flateyjarbók* sonur jarls að nafni Arnfinnur og systur hans; Arnfinnur hafði því látið bera hann út. Ekki er hægt að fullyrða að þannig hafi þetta einnig verið í 291 því að fyrsta blaðið vantar í handritið sem fyrr segir. Alltént greina báðar gerðir síðan frá Gormi hinum gamla, draumum hans og kvonfangi, sonum og örlögum þar til Haraldur Gormsson tekur við ríki þó með þeim frávikum sem þegar hefur verið greint frá. Þessi hluti er því eins konar inngangur eða

<sup>1</sup> Sama rit, 130.

<sup>2</sup> Sama rit, 131.

<sup>3</sup> Sagan er ótvírætt kennd við þá í handritinu: „her hefur upp Jomsuikinga saugu“ segir í upphafi bl. 27v.

<sup>4</sup> Sjá kafla 2.2 hér að framan.

kynning að konungi sem á eftir að leika mikilvægt hlutverk í sögu Jómsvíkinga. Á hinn bóginn er dregið úr lýsingum þegar þar er komið sögu miðað við 291 þannig að í fyrstu köflunum í Perg. 7 er saga Gorms stærri að vöxtum en saga Haralds, ólíkt 291. Hér kann að vera að höfundi Perg. 7 hafi þótt efniviður þessara kafla nógu þekktur og því hafi dugað að geta atburðanna í stuttu máli og vísa síðan til „Konungabókar“. Hér að framan er þess getið hvernig hann lýsir samskiptum Haralds Gormssonar og Hákonar jarls við Harald gráfeld og frásögnin af kristnitökunni í Danmörku er stutt:

Litlu síðarr kom Otta keisari af Saxlandi til Danmerkr með miklu liði ok þá kom Ólafur Tryggvason til liðs við hann. Þeir brutu Harald konung til kristni ok Hákon jarl. Var þá kristnuð öll Danmörk. En Hákon jarl gekk aptr til heiðni þegar hann kom aptr til Nóregs og galt aldri skatta síðan (8).

Hér er því ekkert nánar um bardagana sem Haraldur og Hákon áttu við Ótta og Ólaf eða um fall Danavirkis og jartegnir Poppa biskups. Þessi stutta samantekt í Perg. 7 á þeim atburðum sem verða í 4.–7. kafla 291 er ekki gildishlaðin. Þó að þess sé getið að Haraldur Gormsson og Hákon jarl hafi beitt vélræðum og svikið Harald gráfeld er frásögnin svo knöpp að ef viðtakendur þekktu söguna ekki fyrir fá þeir engar nánari skýringar á framferði þeirra Haralds og Hákonar. Í 291, þar sem frásögnin er miklu rækilegri, verður ljóst að mynd þeirra Haralds Gormssonar og Hákonar jarls er neikvæðari.<sup>1</sup>

Ólafur Halldórsson taldi að þær breytingar sem gerðar hafi verið á Perg. 7 hafi verið ætlaðar til þess að „milda ótuktarskapinn í garð Danakonunga“.<sup>2</sup> Þessa ályktun Ólafs má taka til nánari athugunar. Frásögnin í 291 sem felld er niður í Perg. 7 lýsir konungi og jarli sem leggja á ráðin til þess að losa sig við helstu keppinauta sína. Þannig ryður Haraldur Gormsson úr vegi Gull-Haraldi sem átti tilkall til krúnunnar og Hákon ryður úr vegi Harald gráfeld og Gunnhildi móður hans og fær þar með vald yfir Noregi þó að hann sé um sinn skattskyldur Danmörku. Frásögnin feugar ekki mynd þeirra. Gunnhildur og Haraldur gráfeldur koma til Danmerkur í góðri trú um að Haraldur Gormsson ætli að kvænast Gunnhildi en raunin verður sú að Haraldur gráfeldur er drepinn í bardaga og Gunnhildi er drekkt í mýri.<sup>3</sup> Þá er einnig látið liggja milli hluta í Perg. 7 hvernig bardaginn við Ótta keisara og Ólaf Tryggvason fer fram og hvernig Hákon bregst við eftir kristnitökuna þegar hann herjar á Gautland á leið sinni frá Danmörku til Noregs.<sup>4</sup> Strax í kjölfarið kemur í 291 frásögn af því þegar Haraldur Gormsson ætlar að herja á Ísland vegna níðs sem Íslendingar hafa ort um konunginn. Þessu er að engu getið í Perg. 7.

---

<sup>1</sup> Sjá nánari greiningu á mynd þeirra í 5. kafla.

<sup>2</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 21.

<sup>3</sup> Sjá Jvs. 77–84.

<sup>4</sup> Sjá Jvs. 97–98.

Kaflarnir sem felldir hafa verið brott í Perg. 7 gefa þannig allir rækilegri mynd af Haraldi Gormssyni og Hákonar jarli og viðhorf til þeirra er ekki að öllu leyti jákvætt. Eins og rakið verður nánar í 5. kafla beinist neikvætt viðhorf til konunga í 291 fremur að ákveðnum persónum en konungsvaldinu sem slíku. Hvað sem því líður er ljóst að í annarri gerðinni er framferði Haralds og Hákonar lýst í þaula en í hinni ekki. Þessi munur á gerðunum kann að lýsa hugmyndafræði þeirra sem settu saman söguna. Sögugerðin í Perg. 7 virðist hafa sprottið úr umhverfi þar sem konungsvald er virt eða að minnsta kosti ríkir virðing fyrir valdhöfum, en sá sem setti saman söguna í 291 hefur kært sig kollóttan um slíka virðingu.

Þessi munur á afstöðunni til efnisins í sögugerðunum tveimur endurspeglast ef til vill skýrast í lýsingunni á dauða Haralds Gormssonar. Rétt fyrir dauða hans hafa feðgarnir Haraldur og Sveinn háð bardaga. Í Jómsvíkinga sögu verður hann vegna togstreitunnar sem skapast þegar Haraldur gengst ekki við því að Sveinn sé sonur hans. Pálnatóki sem hafði fósturað hinn óskilgetna konungsson Svein, hvetur fósturson sinn til þess að fara á fund konungs og fá hann til þess að gangast við honum ellegar gefa honum þrjú skip og mannskap. Konungur kýs síðari kostinn, Pálnatóki gefur Sveini jafnmörg skip og tekur Sveinn að herja á ríki Haralds að ráði Pálnatóka. Ári síðar fer Sveinn aftur á fund konungs og heimtar nú sex skip og mannskap annars muni Pálnatóki láta honum skip í té og Sveinn myndi nýta þau í hernað um Danmörku. Haraldur samþykkir aftur með þeim formerkjum að hann vilji aldrei síðar sjá Svein. Aftur veitir Pálnatóki honum hið sama og konungur svo nú herjar Sveinn á Dani með tólf skip og fjögur hundruð manna. Þriðja sumarið endurtekur Sveinn leikinn og fer fram á tólf skip frá konungi sem þó er orðinn langþreyttur á ófriði Sveins en játar enn ekki frændsemi við hann heldur gefur honum skipin. Þegar Sveinn tekur að herja í þriðja sinn um Danmörku er Haraldi nóg boðið og fer sjálfur með fimmtíu skip gegn honum. Um haustið finnast þeir við Borgundarhólm. Um þessi atriði eru 291 og Perg. 7 nokkurn veginn samhljóða.

Pálnatóki hafði verið fjarri þegar bardaginn milli feðganna hófst en siglir inn á sögusviðið að kvöldi til þegar hlé hefur orðið á bardaganum vegna myrkurs. Lið Haralds er í lykilstöðu á þessum tímamarki og hefur náð að króa af skip Sveins inni í vogbotni. Konungurinn tekur sér hvíld, heldur uppá land og inn í skóg ásamt sínum nánustu mönnum. Þeir kveikja eld og orna sér við hann en Pálnatóki tekur til sinna ráða. Hann læðist inn í skóginn einn síns liðs og tekst að liggja í leyni fyrir konungi og mönnum hans. Þegar þarna er komið sögu birtist áhugaverður munur á gerðum Jvs. þar sem 291, 510 og Flb. standa saman gegn þýðingu Arngríms og Perg. 7. Í fyrrnefnda hópnum er dráp Haralds mjög sjónrænt en í hinum síðarnefnda er lýsingin þurrkuð út. Í 291 er Haraldur á fjórum fótum, nakinn, og bakast við eldinn þegar Pálnatóki kemst í skotfæri:

En konungurinn í annan stað bakast við eldinn og bakar bringspöluna á sér og er kastað undir hann klæðum, og stendur hann á knjánum og ölbogunum og lýtur hann niður mjög við, er hann bakast við eldinn. Hann bakar og við axlirnar, og ber þá upp við mjög stjölinn konungs. Pálnatóki heyrði görla mál þeirra, og þar kennir hann görla mál Fjöltnis föðurbróður síns. Og nú leggur hann ör á streng og skýtur hann til konungsins, og er svo sagt af flestum fræðimönnum, að örin flýgur beint í rassinn konunginum og eftir honum endilöngum og kom fram í munninn, og fellur konungurinn þegar á jörð niður örendur, sem von var. En förunautar hans sjá hvað í hafði gerzt og þótti þetta öllum vera hið mesta býsn (119).<sup>1</sup>

Sama atburði í Perg. 7 er lýst þannig:

Konungr afklæðisk ok bakask. Pálna-Tóki sér eldinn í skóginn; ferr hann þar í svig við; þekkir mennina; leggr nú or á streng; ok skýtur gegnum Harald konung. Fell hann þegar dauðr niðr. Pálna-Tóki snýr þegar aprt til liðs síns, en förunautar Haralds konungs styrma yfir honum (14).

Fyrri dæmið er ljóslega töluvert orðmeira en hið síðara. Hér verður hver að skera úr fyrir sig hvort þetta sé það sem Blake nefnir langdreginn og langorðan stíl 291.<sup>2</sup> Það sem fyrri tilvikið hefur aftur á móti fram yfir það síðara eru fleiri tækifæri til túlkunar. Þar birtist meiri vilji til þess að veita konunginum neyðarlegan og niðurlægjandi dauðdaga sem hlýtur að tengjast ásetningi. Síðar í sögunni er þetta endurtekið og áherslan á dauðdagann undirstrikuð. Sveinn hefur þá tekið við konungdæmi af föður sínum og vill halda erfi eftir hann. Sveini var mikið í mun að Pálnatóki mætti til veislunnar sem frestaðist um tvo vetur vegna þess að Pálnatóki beiddist sífellt undan að mæta. Að lokum hótar Sveinn honum ævilangri reiði ef hann mætir ekki og lætur Pálnatóki þá tilleiðast. Fram að því hafði ekki komist upp að Pálnatóki væri banamaður konungsins. Í veislunni fer Fjöltnir föðurbróðir Pálnatóka að Sveini og talar við hann í hálfum hljóðum um hríð en Sveinn verður rauður í framan undir talinu. Fjöltnir veit hið sanna því að hann var einn manna Haralds og var viðstaddur drápið. Hér er því gefið í skyn að Fjöltnir upplýsi Svein um kringumstæður drápsins. Bregður Sveinn í kjölfarið á það ráð að taka fram

<sup>1</sup> Atburðurinn er ekki orðrétt eins í þessum þremur gerðum sem greina frá drápinu á þennan hátt en keimlíkur. Í 510: „En Haraldur kóngur bakast við eldinn, og bakar hann bringspöluna á sér, og var kastað á hann klæðum, og stendur hann þar á knjám ofan og ölbogunum, og lýtur hann niður mjög, svo að axlirnar ber niður en rassinn í skóginn. Heyrir Pálnatóki gjörla til Haralds kóngs og þekkir hann gjörla. Pálnatóki setur ör á streng og skýtur til kóngs, og flýgur örin beint í rass kónginum og eftir honum endilöngum, svo að kom í munninn út, og var það hans banasár. Haraldur kóngur féll þegar dauður niður á jörðina“ (*Jómsvíkinga saga (efter Cod. Am. 510, 4to)*, 20. Stafsetning samræmd).

Í Flb.: „Konungurinn bakast við eldinn og færir að bringspalirnar og er kastað undir hann klæðum og stendur á knjánum og lýtur mjög er hann bakar bringspalirnar og axlirnar og fór upp þjóin mjög. Pálnatóki heyrir mál konungs og þar kennir hann mál Fjöltnis föðurbróður síns og leggur hann nú ör á streng og skýtur til konungs. Og er svo frá sagt að örin flygi beint í rass konunginum og svo út um munninn og fellur konungur dauður niður sem von var að.“ (*Flateyjarbók* I, 161–162. Stafsetning samræmd).

Þýðing Arngríms sker sig úr og er líkari Perg. 7: „Forte fortuna Rex Haraldus novem stipatus militibus in vicinam navibus sylvam digressus fuerat focumqve in loco quodam accendi curaverat, membra nativo calore ferè destituta (jam enim ad crudam, ut dici solet, senectam pervenerat) foturus. Conspecto igitur igne Palmatoko rei novitate incensus, quidnam ibi rerum agatur, visurus eò deflexit. Nox erat intempesta. Cum autem Regem Haraldum esse intellexisset, intenso arcu sagitta Regem pectus igni obvertentem transverberavit vitaqve dicto citius orbavit“ (*Historia Jomsburgensium seu Juliniensium*, 115).

<sup>2</sup> Sbr. Blake, „Introduction,“ xxi.



örina sem hafði orðið föður hans að bana, láta hana ganga um veisluna og kanna hvort einhver muni þekkja hana. Þegar örin kemur til Pálnatóka víkur hann ekki undan heldur spyr hví hann ætti ekki að þekkja sína eigin ör? Þögn slær á mannskapinn og Sveinn konungur spyr þá hvar hann hafi séð örina síðast. Pálnatóki svarar þá að bragði: „Oft hefi eg þér eftirlátur verið, fóstri, og ef þér þykir það þinn vegur meiri að eg segja þér það í allmiklu fjölmenni heldur en svo að færi sé hjá, þá skal það veita þér. Eg skildumst við hana á bogastrengnum, konungur,” segir hann, „þá er eg skaut í rassinn föður þínum og eftir honum endilöngum, svo að út kom í munninn“ (125–126).

Hér áréttar Pálnatóki aðferðina við dráp Haralds. Í Perg. 7 fer þessu atriði fram í samræmi við lýsingu drápsins. Kertasveinn konungs er látinn ganga um salinn með örina og þegar kemur að Pálnatóka kennir hann vissulega ör sína. Þegar Sveinn spyr hvar Pálnatóki hafi síðast séð hana er svarið líkt því í 291 með ákveðnum úrfellingum þó: „Opt hefi ek þér eptirlátr verit, fóstri, ok svá skal enn. Ek skildumk við á bogastrengnum þá er ek skaut í gegnum feður þinn“ (16).

Líkamsstaða konungsins þykir mikilvæg í annarri frásögninni en í hinni ekki frásagnar verð. Það þarf ef til vill ekki að leita langt til að ímynda sér ástæðu þessa mismunar, annars vegar er dauddaginn niðurlægjandi og hjákátlegur, hins vegar hlutlaus og allt að því kurteis í samanburði, sem kemur vel heim og saman við orð Ólafs Halldórssonar um að ótuktarskapurinn í garð Danakonunga hafi verið mildaður í þessari gerð.<sup>1</sup> Þetta tilvik sýnir svo ekki verður um villst að á einhverjum tím punkti hefur einhver ákveðið að draga úr frásögninni hér þannig að dauði Haralds verður ekki jafn þrunginn merkingu. Erfitt er að líta framhjá skemmtanagildinu því þrátt fyrir að auðvelt sé að ímynda sér að dráp hans í 291 geti hafa vakið hneykslan er jafnauðvelt að ímynda sér að fólk á öllum tímum skemmti sér yfir örlögum konungsins. Það er aftur á móti lítið sem bendir til þess að dauði Haralds í Perg. 7 geti á einhvern hátt vakið kátínu. Í 291 er meira gefið í skyn, viðhorf til persóna og atvika eru augljósari og skiptir það ekki síður máli en meitlaður stíll eða niðurskurður á orðum.<sup>2</sup>

Atvikið í Perg. 7 mætti jafnvel túlka á þann hátt að Haraldur hljóti samúð og að líta megi á verk Pálnatóka sem grimmdarverk. Fræg eru orð Arinbjarnar í *Egils sögu* þegar hann mælir við Eirik konung að hann skuli ekki drepa Egil því að „náttvíg eru morðvíg“ og víðar kemur fyrir að ekki þyki maklegt að vega menn að næturlagi.<sup>3</sup> Þó að ekki komi fram beinum orðum í Perg. 7 að

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 21.

<sup>2</sup> Sjá nánar um niðurskurð á orðum í umfjöllun um stíl í 4. kafla.

<sup>3</sup> *Egils saga Skalla-Grimssonar*, 181. Sbr. *Ólafs saga helga (Heimskringla II, 202)* þar sem það er kallað morðverk ef menn eru drepnir um nætur; *Magnúss sögu Erlingssonar (Heimskringla III, 387)* þar sem segir að það standi í lögum að það heiti niðingsverk eða morðvíg ef menn eru drepnir um nætur. Í *Þorsteins sögu Víkingssonar* veigrar Víkingur sér við því að drepa mann að nóttu (*Fornaldar sögur Norðrlanda 2, 399–400*) og í *Brennu-Njáls sögu*

dráp Haralds sé illvirki er sá möguleiki fyrir hendi að viðtakendur sögunnar hafi lagt aukna merkingu í náttvíg úr launsátri. Lýsingin í 291 gerir það aftur á móti að verkum að vandræðaleg líkamsstaða konungsins þegar hann deyr verður eftirminnilegri en það að Pálnatóki skuli vega konung að nóttu.

Þegar kemur að því að greina þetta atvik sögunnar vakna ýmsar spurningar um tilgang þess. Hvers vegna er Haraldi lýst nöktum á fjórum fótum við eldinn og hví læðist Pálnatóki að honum í skjóli myrkurs þannig að enginn verði hans var? Þessi aðferð er hvorki til þess fallin að upphefja Pálnatóka né konunginn, hér svífur enginn hetjubragur yfir vötnum. Er eitthvað í sögunni, eða sagnahefðinni, sem mögulega getur skýrt þennan atburð?

Ef rýnt er nánar í líkamsstöðu konungsins þegar Pálnatóki drepur hann er erfitt að ímynda sér annað en að hún eigi að gefa eitthvað í skyn, ekki er ólíklegt að hér sé um kynferðislegar aðdróttanir að ræða. Í bókinni *Pain, Pleasure and Punishment in Medieval Culture* bendir Robert Mills meðal annars á ákveðin mynstur í íkonógrafíu frá miðöldum, einkum 13. öld og síðar, þar sem sódómískir menn eru þræddir á tein af djöflinum, til dæmis með því að snúa teini inn um bakrauf og út um munn. Í öllum tilvikum sem Mills tínir til er þessari aðferð beitt til þess að refsa fyrir sódómíska hegðun. Til sódómískrar hegðunar gat talist hvers kyns óeðlilegt kynferðislegt háttalag, eða raunar allar kynferðislegar athafnir sem ekki eru kynlíf í trúboðsstellingu. Þessi ímynd af sódómískum mönnum á teinum er þó algengari til þess að tákna einkum refsingar fyrir kynlíf tveggja karlmannna.<sup>1</sup> Má hér einnig minnst þeirra sögusagna sem fóru á kreik í kjölfar dauða Játvarðs II. Englandskonungs (1284–1327) og voru skráðar þó að óvíst sé að nokkur fótur hafi verið fyrir þeim. Sagan segir að hann hafi verið drepinn og að drápsaðferðin hafi verið sérvalin til þess að refsa honum fyrir sódómískt líferni, honum hafi verið haldið niðri á meðan eldheitum flein var snúið inn um endaparm þar til hann lést.<sup>2</sup>

Það er of djúpt í árinna tekið að líkja myndum og sögum af sódómískum mönnum við dráp Haralds Gormssonar. Á myndunum eru tilvísanir til syndsamlegs hátternis miklu augljósari og gróteskari en í Jvs. er ekki sagt berum orðum að Haraldur hafi framið einhvern glæp og hvergi er nokkuð gefið í skyn að hann hafi tekið þátt í afbrigðilegu kynlífi, hvað þá að hann hafi

---

þjargar það lífi Gríms og Helga að Sveinn sonur Hákonar jarls ræður honum frá því að drepa þá að næturlagi (*Brennu-Njáls saga*, 221).

<sup>1</sup> Mills, *Suspended Animation*, 86-91.

<sup>2</sup> Sjá m.a. W.M. Ormrod, „The Sexualities of Edward II,“ 22–47. Ormrod bendir á og vitnar til 14. aldar heimilda þar sem fjallað er um ólífnað og svall Játvarðs konungs, grimmd hans við undirmenn og ást á karlmönnum. Sagnfræðingar hafa samkvæmt Ormrod fjallað um Játvarð II. sem samkynhneigðan konung en hann telur að slíkt sé tímaskekkja því að hugtök eins og sam-, tví- og gagnkynhneigð séu nútímahugtök. Hann leggur fremur áherslu á að í umfjöllun um Játvarð II. á 14. öld og síðar hafi áhersla á syndir holdsins, græðgi, ofdrykkju og saurlífi, verið áberandi og sagan af dauða hans er hluti þeirrar myndar sem dregin hefur verið upp af konunginum í tímans rás. Sagan hafi því fremur merkingu sem viðhorf til minningarinnar um konunginn en sem heimild um sódómískt líferni hans.

stundað kynlíf með öðrum karlmanni. Aftur á móti er athyglisvert hve örin sem drepur hann, þar sem hann „bakast“ við eld minnir um margt á teininn sem djöfullinn mundar, jafnan yfir eldi, á myndunum sem Mills tekur sem dæmi.<sup>1</sup> Það er þó nærtækara að tengja dauða Haralds við níð og ergi. Um merkingu þessara tveggja nátengdu hugtaka í norrænum textum hefur margt verið ritað og hefðin að baki án vafa flókin.<sup>2</sup> Algeng merking þess er að taka á sig hlutverk kvendýrsins í kynlífi, það er, að vera aðgerðarlaus viðtakandi. Að ásaka karlmann um níð stefndi um leið karlmennsku hans í hættu. Þrátt fyrir að Haraldur konungur sé aldrei nefndur níðingur eða að vísað til dauða hans sem níðs er staðreyndin sú að örin fer í gegnum hann að aftan í stellingu sem minnir á dýr á fjórum fótum, og er hann því settur í sömu stöðu og kvendýr þegar karldýr fer upp á það.

Líkt og betur verður fjallað um síðar (sjá kafla 3.1) deyr Haraldur ekki á þennan hátt í öðrum heimildum og hans er fremur minnst sem konungsins sem kristnaði Danmörku. Í Jvs. hverfur þessi áhersla með dauða hans, því að drápið er þannig úr garði gert að fólk man dauða konungsins umfram annað í lífi hans. En ef ætlunin hefur verið að gefa í skyn að Haraldur væri níðingur eða að dráp hans sé níð, hver gæti verið ástæðan?

Beatrice La Farge fjallaði um þetta atvik árið 1983 í dómi um bók Preben Meulengracht Sørensen, *Norrønt níð*.<sup>3</sup> Hún tiltekur þetta dæmi sérstaklega sem atvik sem Meulengracht Sørensen hefði getað nýtt í bók sinni til þess að víkka út hugmyndina um níð. La Farge spyr í þessu samhengi hver ástæðan sé fyrir því að Pálnatóki lædist í skjóli nætur að konunginum, hvort hann hafi ef til vill æðri tilgang með drápinu en þann að ljúka bardaganum fyrir Svein fósturson sinn. Drápsaðferðin bendir til að ástæðan geti verið persónulegri. Einn möguleiki væri hefnd fyrir Áka, föðurbróður Pálnatóka. Áki var mikill höfðingi og vinsæll svo að „engi maður þótti þvílíkur í Danaveldi sem hann í þann tíma, sá er eigi bæri tignarnafn“ (101) og lét Haraldur konungur drepa Áka af ótta við að hann yrði vinsælli en konungurinn. Bróðir Áka og faðir Pálnatóka, Pálnir, leggst í rekkju í kjölfarið því að hann sér ekki fram á að hægt sé að ná fram hefndum við sjálfan konunginn. Dráp Áka var því óhefnt og getur skýrt óvild Pálnatóka í garð

<sup>1</sup> Sjá til dæmis Mills, *Suspended Animation*, myndir nr. 43, 45 og 46. Hér má einnig minnast Gilla bakraufar sem kemur fyrir í *Morkinskinnu* en Davíð Erlingsson telur að viðurnefnið gæti verið viðeigandi hafi átt að brigsla Gilla um kynferðislegt óeðli og að bakhlutinn væri táknræn vísun í heimsmýndarlegar andstæður: fram og aftur stæðu fyrir hugmyndirnar um hið besta og hið versta, guð og andguð (djöfulinn). Sjá nánar Davíð Erlingsson, „Bakrauf og bakrauf“, 406–409.

<sup>2</sup> Um níð hafa ýmsir fræðimenn fjallað rækilega, sjá t.d. Meulengracht Sørensen, *Norrønt níð*; Folke Ström, *Níð, ergi and Old Norse moral attitudes*; Bo Almquist, *Norrøn Niddiktning I*, einkum bls. 38–88; Ármann Jakobsson, „The Trollish Acts of Þorgrímur the Witch“, 55–63; Gunnar Karlsson, *Ástarsaga Íslendinga að fornu*, 285–297. Bandlien, *Man or Monster? Negotiations of Masculinity in Old Norse Society*, 82–115, rekur á skýran hátt helstu heimildir um hugtökin, sem og túlkun og kenningar fræðimanna.

<sup>3</sup> La Farge, „Preben Meulengracht Sørensen“, 59–64.

Haralds konungs. Líkt og La Farge bendir á getur hinn kynferðislegi undirtónn í drápinu einnig staðið í samhengi við framkomu Haralds við móður Sveins.

Haraldur gekkst aldrei við Sveini í Jómsvíkinga sögu. Móðir Sveins er bóndadóttir í 291 og ambátt í öðrum gerðum og samband hennar við Harald varði ekki lengur en um það bil eina nótt. Í 291 er Haraldur á ferð ásamt nokkru liði þegar brestur á með illviðri. Þeir leita skjóls hjá Atla hinum svarta en af honum eru ekki sögð frekari deili en að hann sé bóndi og eigi þessa einu dóttur sem heitir Æsa og er kölluð Saum-Æsa.<sup>1</sup> Ekki kemur fram að annað fólk sé statt á bænum. Bóndinn Atli tekur vel á móti konungi og veitir vel, svo að konung skortir hvorki öl né mat og gengur dóttirin um beina. Konungi list vel á hana og biður Atla um leyfi til að fá að sænga hjá henni. Orðalag konungsins er athyglisvert því hann biður um að fá Æsu „og gás hennar“. Gás merkir í þessu samhengi ‘sköp’ og er því ekki farið í launkofa með ætlan konungs. Viðbrögð Saum-Æsu eru ekki gerð kunn, ekki virðist sem hún sé spurð álit og samþykki föður hennar hið eina sem skiptir máli. Í ljósi hinnar kynferðislegu skírskotunar sem birtist við dráp Haralds má ímynda sér að þessi atburður geti tengst drápi hans því að það fellur í skaut Pálnatóka að taka að sér Æsu og óskilgetinn son hennar sem fæðist níu mánuðum síðar. Nokkru síðar eru bæði Æsa og Haraldur stödd í veislu hjá Pálnatóka og ræður Pálnatóki henni að fara með Svein til Haralds og kynna hann fyrir syni sínum. Haraldur kallar hana firna djarfa og heimska fyrir uppátækið og hefur í hótunum við hana. Pálnatóki tekur þá upp hanskann fyrir hana, setur ofan í við konunginn sem tekur það óstinnt upp. Stuttu síðar fer konungurinn úr veislunni og neitar að þiggja þær gjafir sem Pálnatóki býður honum fyrr en Fjöltnir, föðurbróðir Pálnatóka, talar um fyrir honum. Konungur þakkar þó ekki fyrir sig „og var auðfynt að konunginum hafði mjög mislíkað“ (110).

Þá er athyglisvert að líta aftur til textans í Perg. 7, þar sem líkama konungsins er ekki lýst á dauðastundinni, því að þar má túlka samskipti Æsu og Haralds á annan hátt. Hún er ekki sögð bóndadóttir og Haraldur er ekki að leita skjóls í óveðri heldur fer beint til veislunnar hjá Pálnatóka:

Pálna-Tóki býr nú til veizlu ok býðr til Haraldí konungi, ok konungr þekkisk þat. Hann var þar lengi á veizlu. En kona sú var fengin til þjónostu við konung, er Æsa hét ok kölluð Saum-Æsa. Hon var snauð kona ok þó vel kunnandi. Nú fór konungr af veizlu ok var reifðr mörqum gjöfum. Um sumarit eptir var Saum-Æsa með barni (11).

Hér biður Haraldur engan um leyfi og ekki er hægt að fullyrða að getnaður Sveins hafi í þessu tilviki verið eingöngu að frumkvæði konungsins. Þvert á móti er tekið fram að þrátt fyrir að Æsa

---

<sup>1</sup> Ekki er gefin nein skýring á viðurnefni Æsu í sögunni. Það mætti túlka á tvíráðan hátt eða sem kynferðislegar dylgjur því að *saumur* í merkingunni ‘eitthvað sem er saumað saman’ minnir á rifu eða skoru og væri því hugsanlegt sem myndhvörf fyrir sköp. *Saumur* getur einnig merkt ‘nagli’ sem hefur fallíska skírskotun.

hafi verið fátæk hafi hún ekki verið heimsk, jafnvel göldrótt vegna skyldleika orðanna ‘kunnandi’ og ‘(fjöl)kunnug’, og því allt eins mögulegt að hún hafi tælt konung til lags við sig. Hvernig sem því líður er ljóst að í þessu tilviki er konungurinn firrtur ábyrgð að samræði þeirra Æsu, einkum ef sama atvik er borið saman við gerðina í 291. Samskipti konungsins og Æsu eru þannig á sama hátt og dauði Haralds, milduð til þess að sýna konunginn í betra ljósi. Munurinn á gerðunum tveimur bendir til að í 291 sé konungurinn dæmdur fyrir ósæmilega hegðun en í hinni síðari er textinn hlutlaus og enginn dómur er felldur, né heldur nokkuð gefið í skyn sem flekkað gæti orðstír konungsins.

Í 291 eru bæði atvik grófari og kynferðislegar skírskotanir meira áberandi og ekki er útilokað að getnaður Sveins og framkoma konungsins við Æsu skipti máli þegar Pálnatóki drepur hann. Þetta liggur þó síður en svo í augum uppi og mætti jafnvel kalla oftúlkun því að þrátt fyrir allt biður Haraldur föður Æsu um leyfi og ekki er nokkuð tekið fram um að Atla hafi verið illa við að gefa leyfið.<sup>1</sup> Aftur á móti varpa þessar vangaveltur ljósi á þá möguleika sem atvikið í 291 býður upp á í túlkun sem erfiðara er að gera í Perg. 7 þar eð öll grófyrdi hafa verið þurrkuð út og viðhorfið til Haralds mildað.

Ef þessi munur á drápinu eins og það hefur hér verið rakið er settur í samhengi við muninn á fyrstu köflum sögunnar sem fjallað var um hér að framan má finna ákveðinn hugmyndafræðilegan þráð í afstöðu höfundanna til Haralds Gormssonar. Breytingar þær sem birtast í Perg. 7 benda til að höfundur hafi borið virðingu fyrir konungi og valið að segja hlutlægt frá atburðum. Í Perg. 7 eru þó engar viðbætur til þess gerðar að fegra mynd konungsins og ef 291 væri ekki til samanburðar kæmu þessar vangaveltur ekki til greina. Það mætti spyrja hvort frásögnin af drápi Haralds lýsi ekki fremur siðferðiskennd eða blygðunarkennd höfundar sem kann ekki við kynferðislegar skírskotanir drápsins, en ólíklegt verður að teljast að ástæðan sé sú, því að í lok sögunnar, þegar Jómsvíkingar eru teknir af lífi, hafa klúryrðin sem fjúka af vörum Jómsvíkinga ekki verið skorin niður. Má hér taka sem dæmi Jómsvíkinginn sem er með buxurnar á hælunum. Textinn er styttri í Perg. 7 hér líkt og almennt gildir þar og lýsingin er rækilegri í 291 en atriðið er gróft í báðum gerðum:

<sup>1</sup> Sambærilegt atvik verður í *Morkinskinnu* en því er þó rækilegar lýst. Magnús góði er staddur í veislu og vill rekkja hjá Margréti, dóttur gestgjafans. Ljóst er að Magnús ætlar sér að taka Margréti nauðuga viljuga en Ólafur helgi birtist og kemur í veg fyrir að Magnús fái sínu framgengt. Viðhorfið til áætlunar Magnúsar er þannig skýrt, faðir hans stýrir honum af rangri braut á síðustu stundu, sbr. *Morkinskinna* I, 148–151.

## 291

‘en það vilda eg að þú veittir mér að þú látir dvöl á að höggva mig, að eg nái áður að bjarga brókum mínum.’ ‘Það skal veita þér,’ segir Þorkell; ‘en þó sé eg þér ekki það skipta, hvort þú gerir þetta, en þó skaltu ráða.’ Sjá maður var vænn yfirlits og mikill vexti. Og er hann hafði það gjört sem hann vildi, þá tekur hann til orða, og hefir eigi upp kippt brókunum og hélt á félaganum: ‘Það er þó satt,’ segir hann, ‘að margt verður annan veg en maðurinn ætlar sér, því að það hafða eg ætlað að þessi félagi minn skyldi nær koma Þóru Skagadóttur, konu jarls, og skyldi hún hann föstra og í rekkju hafa hjá sér,’ — og hristir hann við nokkuð svo er hann mælti þetta, og kippir síðan upp brókunum (197).

## Perg. 7

‘Þat vil ek at þú bíðir meðan ek bjarga brókum mínum.’ ‘Þat skal veita þér,’ segir Þorkell. Ok er hann hafði þat gørt mælti hann: ‘Mart verðr annan veg en maðrinn ætlar. Ek hugða að koma í rekkju hjá Þóru Skagadóttur, konu jarls’ — ok hristi félagann. Kippir upp síðan brókunum“ (40).

Af samanburði Perg. 7 og 291 virðast einkum tvær ástæður stjórna för þegar sögunni var breytt í Perg. 7. Annars vegar er orðum eytt þannig að sama efni er sett fram án þess að merking eða atburðarás breytist mikið. Hins vegar er texti stytur eða honum breytt þannig að merkingin verður önnur. Þar er ekki hægt að útiloka áhrif frá öðrum heimildum, þar sem höfundur hefur ákveðið að fylgja öðrum ritum en Jvs. Frásögnin af drápi Haralds er þó þannig að líklegt verður að teljast að breytingin sé komin frá þeim sem útbjó þessa gerð sögunnar. Atburðarásin er í meginatriðum eins, Pálnatóki fer einn inn í skóg og skýtur Harald úr launsátri þar sem hann bakast við eld ásamt föruneyti sínu, en kynferðislegum skírskotunum er sleppt í Perg. 7 og konungur er ekki niðurlægður á sama hátt.

#### 2.4.2 AM 510 4to og AM 291 4to

Í samanburði á Perg. 7 og 291 birtist tilhneiging til þess að draga úr lýsingum og gera frásögnina hlutlægari. Í því ljósi er áhugavert að líta til AM 510 4to. Þar er vitaskuld ekki hægt að taka tillit til fyrsta hluta sögunnar og samanburðurinn því aðeins mögulegur frá og með 8. kafla. Sem fyrr segir er handritið frá 16. öld og í handritinu sjálfu eru fáar vísbendingar sem benda til forrits sem er mikið eldra. Þessi gerð kann því að vera ung í samanburði við hinar tvær; að þessum möguleika verður betur vikið síðar í kaflanum. Sá eða þeir sem sett hafa saman söguna eins og hún er í 510 virðast hafa verið á öndverðum meiði við þann sem ritaði gerðina í Perg. 7. Í 510 er textinn jafnan lengri en í hinum gerðunum, ýmsar viðbætur og athugasemdir má finna sem virðast nokkurs konar útskýringar á því sem er ósagt látið í öðrum gerðum og þá er ýktara hið neikvæða viðhorf til sumra persóna, þar á meðal Haralds Gormssonar. Þessar ályktanir eru best studdar með dæmum úr sögugerðunum.

Ein fyrsta breytingin sem blasir við í 510 er mynd Fjölnis, frillusonarins sem reiddist við bræðurna Áka og Pálni þegar þeir fengu meiri arf eftir Tóka föður þeirra en Fjölnir. Í öllum sögugerðum er það ljóst að vegna rógburðar Fjölnis við Harald konung, lætur konungur drepa Áka.<sup>1</sup> Í 510 er lögð aukin áhersla á þetta hlutverk Fjölnis og ekki fer á milli mála hvaða mann hann hefur að geyma. Þegar Fjölnir hvetur Harald til þess að koma Áka fyrir kattarnef mælir hann: „eg vil yður heilráður vera þótt skyldur maður eigi hlut í; og eigi muntu einkóngur vera yfir Danaveldi, meðan Áki er á lífi.“ Sögumaður bætir við: „En með því að kóngur var talhlýðinn og eigi djúpsær, enn Fjölnir var bæði slægur og illgjarn, þá leggur kóngur trúnað á það, er Fjölnir ló.“<sup>2</sup> Frá þessu er sagt í 291: „Fjölnir segir svo Haraldi konungi, að hann mundi eigi þykja einn konungur yfir Danmörku meðan Áki Tókason væri uppi, bróðir hans. Og svo gat hann um talið fyrir konunginum loks, að eigi gerist óhætt með þeim Áka og Haraldi konungi“ (101) og Perg. 7 fylgir 291 nánast orðrétt.

Þessi stutta efnisgrein er athyglisverð á margan hátt. Í fyrsta lagi er samtal Fjölnis og konungsins sviðsett með beinni ræðu í 510 en ekki 291 og Perg. 7. Í öðru lagi er lögð aukin áhersla á að Fjölnir sé illur og slægur, sem kemur fram í öllum gerðum þegar hann er kynntur til sögunnar en ekki endurtekið nema í 510. Í þriðja lagi er konungurinn sagður „talhlýðinn og eigi djúpsær“ og nokkru áður segir einnig í 510 „konungur var eigi djúpsættur“ (4). Þessi orð um konunginn er ekki að finna í öðrum gerðum þó að viðtakendur kunni að hafa dregið þessar ályktanir af óbeinum lýsingum.

Fleiri dæmi má finna í 510 þar sem hlutur Fjölnis í sögunni er stærri en í öðrum gerðum. Þegar Pálnatóki hefur sent Svein á fund Haralds sem neitar að gangast við syninum en fær honum sex léleg skip kemur viðbót í 510:

... er það undarlegt,“ segir Pálnatóki „er kóngur gjörði svívirðingarhlut til þín, en hefur þá menn til ríkis og gjörir þá að höfðingjum, er ekki eigu að réttu í ríkinu, og gjörir ráðgjafa sína;“ og sagði, að Fjölnir mundi því valda, er honum var svo þungt landsfólkið, „og er þeim maklegt að þola af þér harðan dóm eður rétt“ (13).

Síðasta verk Fjölnis stækkar einnig hlutverk hans í 510. Pálnatóki drepur Fjölni í erfidrykkjunni eftir Harald í öllum gerðum en aðdragandi þess að Sveinn uppgötvar að Pálnatóki hafði drepið Harald er ólíkur. Í 291 segir: „þá er þess við getið, að Fjölnir víkur að konunginum og talar við hann nokkura hríð hljótt. Konungurinn brá lit við og gerir rauðan á að sjá og þrútinn“ (125). Perg. 7 segir frá á svipaðan hátt: „Fjölnir hneigðisk at konungi ok talaði við hann hljótt um hríð. Konungr brá lit við ok gærði rauðan sem blóð“ (15). Í 510 eru viðtakendur ekki látnir velkjast í vafa um hvað þeim Fjölni og konungi fer á milli þó að sú skýring komi raunar nokkru fyrir erfið:

<sup>1</sup> Sjá nánari umfjöllun um þessa atburðarás í 6. kafla.

<sup>2</sup> *Jómsvíkinga saga* (efter *Cod. Am. 510, 4to*) samt *Jómsvíkinga drápa*, 5; stafsetning samræmd. Það sem eftir er þessa kafla verður vísað til þessarar útgáfu með blaðsíðutali í sviga þar sem eru beinar tilvitnanir í 510.

Fjöltnir kom á fund Sveins kóngrs og bauð honum sig til þjónustu sem föður hans; kóngrur játar því. Fjöltnir eldist ekki að illráðum, þótt hann væri mjög að aldri farinn. Fjöltnir mælti til kóngrs: „Vita skulu þér þá hluti, er yður er skylt að vita, þótt með leynd hafi farið um líflát Haralds kóngrs; og hefur Pálnatóki mikla vél að yður dregið, og það gekk honum til eflingar við yður að vera í svikum við föður þinn, og er Pálnatóki sannur hans banamaður, og mun ég það með vitni segja, og máttu eigi kóngrur vera, ef þú hefnir eigi föður þíns; og lít hér á örina: þessi veitti honum svívírdilegan bana, og munu vera menn til vitnis, að ég segi það satt.“ Sveinn kóngrur reiddist þá mjög við þetta; og síðan gjörðu þeir ráð sín, að kóngrur skal bjóða Pálnatóka til veislu. Ætlar hann þá ekki lengur á fresta, því að þá átti að drepa Pálnatóka í þeirri veislunni, er hann drakk eftir föður sinn (22–23).

Höfundur 510 túlkar þannig nákvæmar persónu Fjöltnis en höfundar hinna gerðanna og mynd hans verður þannig nokkuð einhliða. Hið sama má segja um Harald Gormsson eins og kemur fram hér að framan þar sem sagt er berum orðum að hann sé ekki vitur maður. Engar slíkar einkunnir koma fyrir um konunginn í 291 eða Perg. 7 og það er túlkun viðtakenda sem ræður.

Önnur eftirtektarverð viðbót í 510 er Guðurvísi/Gunnvísi (í handriti Guduruísi).<sup>1</sup> Hann er kynntur til sögunnar í 18. kafla (bls. 31) sem vitur maður og ráðgjafi Haralds jarls og síðan kemur hann aftur fyrir í 23. kafla (bls. 37) þar sem Búi drepur hann í hefndarskyni fyrir Véseta föður sinn eftir að synir Strút-Haralds höfðu rænt búi Véseta. Hvaðan þessi sögn er komin inn í söguna og hvort hún hefur alltaf verið hluti hennar skal ósagt látið en mannsins er hvergi getið annars staðar og nafnið er ekki þekkt heldur. Mögulega hefur þessi frásögn þann tilgang einan að stækka hefnd Búa því að í öðrum gerðum er enginn maður drepinn í málum þeirra Véseta og Strút-Haralds.

Einkennandi fyrir textann í 510 er sviðsetning atburða. Samtöl eða bein ræða kemur fyrir þar sem í 291 og Perg. 7 er óbein ræða. Viðræður Sveins og Fjöltnis eru gott dæmi um þennan mun. Má einnig nefna hvernig þetta birtist þegar Pálnatóki og Sveinn fara um Danmörku vegna konungsskipta. Í 291 segir: „Síðan fara þeir Pálnatóki og Sveinn báðir samt of alla Danmörk. Og hvar sem þeir komu, þá lætur Pálnatóki kveðja húsþings, og er Sveinn til konungs tekinn um alla Danmörk áður en þeir létti“ (121–22) og í Perg. 7: „Síðan fóru þeir báðir ok kveðja þings: var þá Sveinn til konungs tekinn yfir alla Danmörk“ (14). Í 510 er frásögnin rækilegri, viðtakendur heyra ræðu Pálnatóka á þingi og viðbrögð þegna landsins þegar hann tilkynnir erindi þeirra:

Síðan var stefnt fjölmennt þing í Jótlandi og í Vébjörgum, og sótti þangað víða af Danmörk [allri] þetta þing mikið fjölmenni. Pálnatóki talaði snjallt erindi á þinginu og segir mönnum kunnigt vera mundi fráfall Haralds kóngrs „og hefir hans ríki lengi verið yfir þessu landi; er það nú maklegt“ segir Pálnatóki, „að sá ráði nú ríkinu eftir hann liðinn, er áður hefur lengi án verið. En þó Sveinn hafi nokkuð af gjört við yður, vill hann það nú allt bæta yður, sem áður hefir hann brotið, og þótt nokkuð hafi orðið harðleikið í hans tilgjörningum, er það þó vorkunnarmál fyrir sumra hluta sakir; en nú vill

<sup>1</sup> D.A. Seip, *Nye Studier i norsk språkhistorie*, 151 telur þennan rithátt sérstaklega benda til norsks forrits því að myndir með -ðr(-) hafi verið norsk ritvenja en ekki íslensk. Hann gefur þó engin frekari röksemdir fyrir því að -ðr- hafi verið norsk venja fremur en íslensk. Orð þar sem hljóðbreytingin nnr>ðr kemur fram lifa samhliða myndum með -nrr(-) í íslensku líkt og norsku, sbr. Indrebø, *Norsk Målsoga*, 87; Stefán Karlsson, „Tungan“, 16.



hann með öllu vingast við yður.“ Þá svara menn hans máli, að margir þóttust harðindi fengið hafa af Sveini; báðu þeir, að Pálnatóki gjörðist höfðingi yfir ríkinu; þeir sögðu hann best til fallinn. Pálnatóki segir það eigi eiga að vera og kveðst vilja heldur styrkja Svein til ríkis; og með ráði Pálnatóka taka Danir, þeir er þar voru á þinginu, Svein til kóngrs yfir Danmörk, og hvar sem þeir fóru, var Sveinn til kóngr tekinn um alla Danmörk, áður þeir fóru í burt (21–22).

Í ljósi þessara atburða verður fyrirskipun um dráp Pálnatóka í erfínu kaldrifjaðri en í öðrum gerðum því að hér á Sveinn tign sína alfarið Pálnatóka að þakka. Fleiri dæmi smærri má tína til sem sýna þessa sköpun sem birtist þegar gerðirnar eru bornar saman:

**AM 510 4to**

- 1) Nú verður fyrst að segja frá Pálnatóka, að hann býst heiman og Björn hinn breski með honum. Þá mælti Ólof, kona Pálnatóka: „Svo segir mér hugur um, að við munum eigi sjást síðan.“ Pálnatóki kvað það eigi mundu fyrir standa för sinni, „og er Sveini kóngrí mál að vita hið sanna um líflát föður síns, þótt ég munda kjósa, að kóngr hefði annan ráðgjafa en Fjölni“ (25).
- 2) Sveinn kóngrur biður Þórgunnu til handa Áka, föstbróður sínum; og með því að Áki var fríður maður sýnum og vinsæll, þótti Véseta og sonum hans líklegt þetta ráð til styrktar. Þá er Áka föstnuð konan og síðan er gjört brúðhlaup þeirra veglegt með miklu fjölmenni; sat Sveinn kóngrur að veislunni og margir göfugir menn. En eftir veisluna fer Sveinn kóngrur heimleiðis og svo hver annarra manna. Áki fer og heim með konu sína (31).
- 3) Samfarir þeirra Áka og Þórgunnu voru góðar og er þau höfðu eigi lengi á samt verið þá gátu þau sér son að eiga, og var sá Vagn nefndur; hann var snemmindis bæði mikill vexti og sterkur að afli; hann var allra manna vænstur sýnum, og verður hans getið síðar meir við söguna; skal hér standa nú fyrst að sinni (31).
- 4) Vagn var þá svo sterkur, að eigi fékk þá menn, að hans jafningar væri, þótt fullkomnir væri í allan þroska. Vagn var allra manna vænstur og fríðastur að allri ásjónu, þeirri er menn höfðu séð, og um alla atgjörvi og íþróttir umfram aðra menn; og til vígs að telja mátti hann eftir sínu afli og atgjörvi, og eigi var hann minni að hug og áræði; en svo var hann harðfengur, að frændur hans þóttust varla mega við hann sæma (40).

**AM 291 4to**

- En nú verður að segja frá Pálnatóka, að hann býst heiman og Björn hinn breski (124).
- Sveinn kóngrur bað hennar til handa Áka syni Pálnatóka, og var hún gift honum (131).
- Og brátt er þau höfðu saman gingið, þá áttu þau Áki sér son er Vagn er nefndur (131).
- ...og er þá svo komið að menn þóttust trautt mega umb hræfa hans skaplyndi og ofsa. Hann gerist og svo illgerðasamur að öngu vætta vildi hann eira. Og nú þykjast hans frændur eigi vita hvað úr skyldi ráða þessu vandræði (143).

Þessar breytingar sem orðið hafa á sögunni í 510 miðað við 291 og Perg. 7 benda til að þær séu viðbætur af því tagi sem kallast *amplificatio* og hefur verið þýtt sem „stigmögnun“ eða „þensla“.

William Ryding flokkar *amplificatio* í tvennt, retórískt og efnislegt.<sup>1</sup> Hið fyrra á við um viðbætur sem hafa ekki mikil áhrif á byggingu og atburðarás heldur segja frá sömu atburðum í lengra máli, samtöl eru fleiri og lýsingar orðmeiri. Efnislegar viðbætur eru aftur á móti þannig að byggingin verður önnur, nýju efni er bætt við, annað hvort fléttað saman við söguna eða bætt við fremst eða aftast. Ryding bendir á að helstu heimildir um *amplificatio* á miðöldum séu ritgerðir um skáldskaparfræði sem eiga rætur að rekja til latínurita. Ryding fjallar um þróun *amplificatio* og segir:

Of course, the word *amplificatio* did not, for the classical writers, have anything to do with the lengthening of a narrative. On the contrary, its application seems to have been strictly limited to the manner of presenting an idea, giving it grandeur and magnitude, exalting its importance, or heightening its effect. But the rules for amplification, originally intended to give fullness to an exposition, were ultimately applied to narrative and came to mean spinning out the story, lengthening, widening, and heightening, stuffing it out with the full complement of rhetorical devices.<sup>2</sup>

Ryding útskýrir síðar í kaflanum í umfjöllun um lengd miðaldasagna: „the general idea was simply to make a story longer and more effective by providing more in the way of circumstantial detail.“<sup>3</sup> Skilgreiningar Rydings á *amplificatio* má vel heimfæra á þá þróun sem virðist hafa orðið á Jvs. og birtist í þeirri gerð sem er varðveitt í 510 líkt og dæmin úr textanum sýna hér að framan. Þetta bendir til að sögugerðin í 510 sé ekki aðeins varðveitt í yngsta handritinu heldur sé aukinheldur yngri gerð en Perg. 7 og 291. Styttning gerðarinnar í Perg. 7 sýnir þannig andstæða hneigð, því að eins og sýnt var hér að framan bendir samanburður hennar við 291 eindregið til þess að textinn sé stytur.<sup>4</sup>

Þessa niðurstöðu um *amplificatio* og aldur gerðarinnar í 510 má styðja með dæmi af öðrum sögum sem hafa varðveist í tveimur eða fleiri gerðum. *Mágus saga jarls* eða *Bragða-Mágus saga* er ein slíkra sagna. Hún er varðveitt í tveimur gerðum sem jafnan eru kallaðar yngri og eldri gerð og sú yngri er jafnframt lengri, við hana hafa bæst stuttir þættir sem eru laustengdir meginþræði sögunnar og myndu flokkast sem efnisleg *amplificatio* en auk þess eru breytingar sem hafa aðeins áhrif á stílinn.<sup>5</sup> Til marks um að lengri gerðin sé yngri má einnig minnst klausu úr lokaorðum þeirrar gerðar þar sem má finna lýsingu sem kallast á við skilgreiningu *amplificatio* hjá Ryding:

---

<sup>1</sup> Ryding, *Structure in Medieval Narrative*, 65–66.

<sup>2</sup> Sama rit, 66.

<sup>3</sup> Sama rit, 79.

<sup>4</sup> Það er ekki algilt að yngri gerðir séu lengdar. Í rannsókn á uppskriftum riddarasagna hefur Marianne Kalinke einnig komist að þeirri niðurstöðu að íslenskir skrifarar riddarasagna hafi hver haft sína hentisemi í uppskriftum, ýmist stytt og felld brott, bætt við og breytt eða einfaldlega fylgt forriti af nákvæmni þannig að erfitt sé að lýsa vinnubrögðum þeirra almennt. Sjá Kalinke, „Scribes, Editors and the *riddarasögur*,“ 39–40.

<sup>5</sup> Sjá Kalinke „Scribes, Editors and the *riddarasögur*,“ 46–47; Driscoll, „Introduction,“ *Sigurðar saga þögla*, xciv–xcvi; Glauser, *Isländische Märchensagas*, 273–274. Frekari rannsóknir á *Mágus sögu* eru þó tímabærar en þegar þetta er ritað er þó unnið að nýrri útgáfu á sögunni. Yngri gerðin var gefin út af Gunnlaugi Þóðarsyni í Kaupmannahöfn 1858 og eldri gerðin í *Fornsögum Suðrlanda* sem Gustaf Cederschiöld gaf út í Svíþjóð 1884.

Nú þó að vèr finnim ei, at þessarri sögn beri saman við aðrar sögur, þær er menn hafa til frásagnar, þá má þat til bera, at ófróðir menn hafa í fyrstu slíkar eðr aðrar frásagnir saman sett, ok skilr því mest á um frásagnir, at þeir sem rita eðr segja þær sögur, er þeim þikkir skammt um talat, er orðfærir eru, þá auka þeir með mörgum orðum, svo at þeim sem skilja kunna þikkir með fögrum orðum fram bornar, sem áðr voru sagðar með ónýtum orðum ....<sup>1</sup>

Hið sama má segja um *Sigurðar sögu þögla* sem er varðveitt í styttri og lengri gerð en Matthew Driscoll hefur fært sannfærandi rök fyrir því að lengri gerðin fylgi lögmálum *amplificatio*.<sup>2</sup> *Gísla saga Súrssonar* er einnig gott dæmi um sögu sem er varðveitt í fleiri en einni gerð. Hefð er fyrir því að fjalla um lengri og styttri gerð sögunnar en að auki hefur verið til þriðja gerð sögunnar sem er aðeins varðveitt í broti.<sup>3</sup> Emily Lethbridge hefur meðal annars borið saman gerðirnar og bendir á að þær breytingar sem orðið hafa á textanum frá einni gerð til annarrar hljóti að skýrast af því að skrifarar hafi endurskoðað söguna eftir eigin höfði. Hún bætir við:

Such conscious alterations to an exemplar might have been effected at any time by any number of individual copyist, perhaps in order to make the *Gísla saga* narrative more meaningful in its contemporary context for an audience, or to make it conform to an individual copyist's or potential audience's sense and expectations of the narrative with regard to its overall coherence, style and/or thematic interest.<sup>4</sup>

Þessi orð má vel heimfæra á þá þróun sem orðið hefur á texta Jvs. eins og hann birtist í 510. Það er áhugavert að beina sjónum að viðtakendum og velta upp, líkt og Lethbridge gerir, hvort að breytingar á textanum beri vitni smekk áheyrenda og lesenda. Sverrir Tómasson beindi einmitt sjónum að viðtökum í samanburði á gerðum *Bandamanna sögu* og lagði áherslu á að frásagnirnar varpi ekki síður ljósi á njótendur frásagnarinnar en þá sem skrifa eða semja.<sup>5</sup>

Inn í þá mynd sem varðveittar gerðir Jvs. gefa vantar vafalaust nokkrar uppskriftir sem myndu varpa frekara ljósi á hvernig breytingar textans hafa orðið til, ef til vill smám saman þar sem aðrar heimildir, munnleg hefð og hugmyndarflug skrifara hefur líklegast blandast saman. Einhvern tíma á 12. eða 13. öld var skrifuð niður saga sem gæti hafa verið nefnd *Jómsvíkinga saga*. Hvort sú saga var eins og sú sem er varðveitt í 291 er ómögulegt að vita en það er sá texti

<sup>1</sup> *Bragða-Mágus saga með tilheyrandi þáttum*, 176.

<sup>2</sup> Sjá Driscoll, „Introduction“, *Sigurðar saga þögla*, xcvi–cxliii en hann gefur fjölmörg dæmi úr handritunum AM 596 4to (styttri gerð) og AM 152 fol. (lengri gerð) sem styðja mál hans og sýna að bæði efni og orðalag benda til að lengri gerðin sé aukin útgáfa styttri gerðarinnar.

<sup>3</sup> Sjá nánar, Lethbridge, „*Gísla saga Súrssonar*: Textual Variation, Editorial Constructions and Critical Interpretations“, 127–134; Þórður Ingi Guðjónsson, „Editing the Three Versions of *Gísla saga Súrssonar*“, 107–113.

<sup>4</sup> Lethbridge, „*Gísla saga Súrssonar*: Textual Variation, Editorial Constructions and Critical Interpretations“, 149. Sjá einnig: Lethbridge, „Dating the Sagas and *Gísla saga Súrssonar*“, 103–105. Enn fremur: Vésteinn Ólason og Þórður Ingi Guðjónsson, „Sammenhængen mellem tolkninger og tekstversioner af *Gísla saga*“, 108; þeir benda í þessu samhengi á að skrifarar hafi getað staðið frammi fyrir ýmsum vandamálum líkt og rannsakendur í dag; þeir hafi mögulega haft aðgang að munnlegum og skriflegum heimildum sem stönguðust á og valið úr eða fléttað saman. Þetta sé mikilvægt að hafa í huga þegar fjallað er um gerðir *Gísla sögu*.

<sup>5</sup> Sjá Sverrir Tómasson „*Bandamanna saga* og áheyrendur á 14. og 15. öld“, 97–117; sbr. einnig Clover, *The Medieval Saga*, 188–193.

sem markar fyrsta spor sögunnar eins og hún hefur varðveist. Síðan hefur sagan verið skrifuð og sögð áfram og Perg. 7, Flateyjarbók og 510 eru einu varðveittu vörðurnar á þeirri leið á miðöldum. Samanburðurinn á varðveittum gerðum eins og hann er rakinn hér að framan gefur þó tilefni til túlkunar á muni gerðanna. Hér mætti því túlka sagnagerðirnar þrjár sem sjónum hefur verið beint að sem vitnisburð um ólíkar væntingar og kröfur viðtakenda á 13. og 14. öld annars vegar og 16. öld hins vegar. Perg. 7 ber vott um skrifara og ef til vill viðtakendur sem vildu hafa söguna hnitmiðaða, stutta og hlutlæga; þar sem borin er virðing fyrir konungum og sneitt hjá frásögnum eða smáatriðum sem geta sýnt valdhafana í neyðarlegu ljósi en 291 sem er aðeins eldri, sennilega í mesta lagi einni öld, hirðir ekki um slíkt og gamanið er alvörunni yffirsterkara. Þegar aftur á móti komið er fram á 16. öld er gerðin í 291 orðin „stutta“ gerðin og textinn hefur verið bættur, einkum með smáatriðum og samtölum sem ekki breyta gangi mála verulega heldur draga skarpari mynd af persónum og atburðum sem bendir til breyttra væntinga, eða jafnvel tísku, þar sem sviðsetning og myndrænar lýsingar eru mikilvægar.

## 2.5 Samantekt

Rannsóknir á uppruna Jvs. og ólíkum gerðum hennar eru fjölbreyttar en eiga það sameiginlegt að lítil eining hefur ríkt um uppruna sögunnar og vensl gerðanna. Hér að framan hefur verið bent á ýmsa galla eldri rannsókna en um leið fjallað um leiðir til nýrrar og annars konar nálgunar við vandamálið um tilurð sögunnar. Mikilvægt er að viðurkenna að sumt verður ekki útskýrt vegna skorts á heimildum. Niðurstaða um uppruna og aldur verður aldrei nákvæm. Það sem má með nokkurri vissu fullyrða er að á fyrri hluta 13. aldar hefur Jómsvíkinga saga verið rituð, hvort sem það var í fyrsta sinn eða ekki. AM 291 4to er næsta örugglega elsta handrit sögunnar en Perg. 7 er þó sennilega ekki mikið yngra. Sterk rök eru þó fyrir því að 291 sé skrifað eftir eldra handriti en fátt bendir til að texti Perg. 7 hafi verið afritaður eftir mikið eldra handriti. Texti *Flateyjarbókar* er um öld yngri en sá í 291 og Perg. 7 og AM 510 er ljóslega yngst varðveittira miðaldahandrita Jómsvíkinga sögu eða frá 16. öld.

Sammanburður á varðveittum gerðum eins og hann er settur fram hér að framan hefur ekki verið gerður áður. Eldri samanburður snerist um orðalag en ekki efnisatriði sögunnar. Þegar varðveittar, sjálfstæðar gerðir sögunnar eru lesnar saman og þær hugmyndir sem þá vakna bornar saman við rannsóknir af svipuðum toga, eins og til að mynda þær sem beinast að *Gísla sögu Súrssonar*, má varpa frekara ljósi á vinnubrögð íslenskra sagnaritara á miðöldum. Enn rækilegri samanburður á gerðum Jvs. gæti mögulega skerpt niðurstöðuna hér að framan en þó má vera ljóst að ef miðað er við 291 kemur á daginn að sagan hefur þróast í tvær ólíkar áttir, hún hefur annars vegar verið klippt og skorin (Perg. 7), hins vegar stækkuð og túlkuð (510). Sagnaritarar hafa haft frelsi til þessara breytinga, hvort sem þær hafi orðið í mörgum skrefum eða fáum.

### 3 Hefð og nýmæli

Ýmsa atburði og persónur Jómsvíkinga sögu má finna í einhverri mynd í heimildum sem hafa verið álitnar áreiðanlegri sagnarit en Jómsvíkinga saga sjálf. Má þar nefna norsku ritin *Historia Norvegiæ*, *Historia de Antiquitate Regum Norwagiensium* eftir Theodoricus og *Ágrip af Noregskonungasögum* sem og íslensku ritin *Fagurskinnu* og *Heimskringlu*. Aldrei verður fulljóst hvaða forþekkingu áheyrendur höfðu þegar Jómsvíkinga saga var sögð og hvort þeir könnuðust við þær sagnir sem eru aðgengilegar nútímamönnum. Varðveittar heimildir geta þó gefið einhverja hugmynd um hvaða þekkingu viðtakendur Jvs. kunna að hafa búið yfir en vafalaust hafa einnig verið þekktar sagnir, munnlegar eða skriflegar, sem ekki hafa varðveist. Í varðveittum heimildum gætir í ýmsum atriðum mótsagna og er ekki útilokað að slíkar mótsagnir hafi einnig verið hluti af hugmyndaheimi þeirra sem nutu sögunnar.

Í þessum kafla verður fyrst gerð grein fyrir tengslum sögunnar við aðrar heimildir og hvernig persónur, staðhættir og atburðir birtast. Rakin verða þau tengsl sem má finna milli Jvs. og annarra miðaldaheimilda. Tilgangurinn er tvíþættur. Annars vegar verður kaflinn samantekt og yfirlit um samband efnis Jvs. við aðrar varðveittar miðaldaheimildir en hins vegar getur sú mynd sem dregin er upp af þessum tengslum varpað ljósi á hugmyndaheim viðtakenda. Þegar sjónum er beint að efni sögunnar í öðrum heimildum vakna spurningar um heimildagildi hennar og mögulegar viðtökur sem sagnfræðirits. Með því að fjalla um söguna í samhengi við aðrar heimildir er þess vegna lagður grunnur að meginsteffi annars hluta kaflans þar sem sjónum er beint að kenningum um skáldskap og sagnfræði og muninum þar á milli á miðöldum. Þetta er gert í þeim tilgangi að lýsa ríkjandi hugmyndafræði og straumum á ritunartíma sögunnar. Leitast verður við að skýra þær hugmyndir sem birtast í evrópskum bókmenntum á 12. öld og hafa borist til Íslands og þannig haft áhrif á íslenska skrifara og höfunda. Í þriðja og síðasta hluta kaflans eru fyrri hlutarnir tveir nýttir til þess að kanna hvernig viðtakendur Jvs. hafa getað túlkað hana með tilliti til hugmynda um sagnfræði og skáldskap.

#### 3.1 Jómsvíkinga saga og aðrar heimildir

Hér verður fjallað um persónur sögunnar í öðrum heimildum, sögusvið og einn af hápunktum Jómsvíkinga sögu, Jómsvíkingabardaga. Umfjöllunin hefur þann tilgang að víkka það sögusvið sem birtist í Jvs. Sennilega hafa sumar persónurnar verið þekktari en aðrar, rétt eins og nú. Heimildir um valdhafa eru ríkulegri en um þá sem lægra eru settir og er engum heimildum til að dreifa um sumar persónur sögunnar utan Jvs. Varðveittar heimildir eru eina vísbendingin um það í hvaða samhengi viðtakendur sögunnar gætu mögulega hafa sett persónur Jvs. Myndin er

vissulega brotakennd ef til vill hafa sumar persónanna, líkt og Sigvaldi og Búi, verið viðtakendum kunnuglegri en varðveittar heimildir gefa til kynna. Þetta má meðal annars ráða af því hvernig Sigvalda bregður fyrir í *Eyrbyggju*, *Kristni sögu* og *Egils sögu* eins og rakið verður hér á eftir.

Samanburður Jvs. við aðrar heimildir bendir til að áheyrndur hafi ekki komið að sögunni án nokkurrar forþekkingar á efni hennar. Viðtakendur hafa þurft að sætta þær þverstæður eða mótsagnir sem kunna að hafa birst þeim fyrir hugskotssjónum. Þess vegna er eðlilegt að spyrja hvort þeir sem nutu sögunnar hafi túlkað hana sem þeirra tíma sagnfræði eða hvort þeir hafi eingöngu litið á hana sem skemmtun.

### 3.1.1 Persónur

Fjölmargar persónur koma fram í Jómsvíkinga sögu og í sumum tilvikum eru þær lítið sem ekkert kynntar til sögunnar og eru vart annað en nafnið eitt. Vera má að það sé vegna þess að gert er ráð fyrir einhvers konar forþekkingu eða almæltum sögum af viðkomandi persónum. Þekkt eru mörg dæmi úr til að mynda Íslendingasögum, þar sem sömu persónur koma fyrir í fleiri en einni sögu, að vísað er á milli sagna eða einfaldlega látið vera að kynna slíkar persónur jafnvel og aðrar. Sem dæmi má nefna persónu Guðmundar ríka á Möðruvöllum. Gísli Sigurðsson hefur bent á að Guðmundur komi við ýmsar sögur en hvergi sé ævi hans rakin skipulega. Gísli sýnir fram á að ef atburðum úr einstökum sögum er raðað í tímaröð birtist ágætis mynd af ævi Guðmundar þó að áherslan sé ólík milli sagnanna.<sup>1</sup> Þó er ekki hægt að sjá að hver saga þiggi af annarri heldur virðist sem persóna hans hafi tilheyrt lifandi hefð og því sé lítið um þversagnir honum tengdar á milli sagna. Gísli bendir enn fremur á að erfitt sé að skýra þessa heildarmynd öðruvísi en sögurnar hafi sótt í sameiginlegan brunn minninga.

Fleiri dæmi má nefna um persónur sem birtast í fleiri en einni Íslendingasögu, jafnvel persónur sem eiga sína eigin sögu. Þannig bregður til að mynda Guðrúnu Ósvífursdóttur fyrir í *Eyrbyggja sögu* og Víga-Glúmi í *Valla-Ljóts sögu* án þess að þau séu kynnt sérstaklega eða ættir þeirra raktar. Þegar Guðrún birtist fyrst í *Eyrbyggju* segir aðeins: „Þat vár eptir keypti Snorri goði um lönð við Guðrúnu Ósvífrsdóttur, ok færði Snorri þá bú sitt í Tungu í Sælingsdal.“<sup>2</sup> Síðar í sögunni segir:

---

1 „Hann er sonur, bróðir, faðir og fjölskyldumaður sem er vandur að virðingu sinni, ofsafenginn og tilfinningaríkur elskhugi, höfðingi í harkalegri valdabaráttu og hégómlegur framagosi, vel ættaður og venslaður, völdugur og ríkur en um leið mjög hræddur um líf sitt í hörðum heimi þar sem hann sjálfur og aðrir eru líklegri til að láta vopnin tala fremur en lögin.“ Gísli Sigurðsson, „Hin almæltu saga af Guðmundi ríka,“ 190–191. Rækilegri greiningu á persónum Austfirðingasagna á þennan hátt má finna í riti Gísla Sigurðssonar, *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar*, 136–191. Ármann Jakobsson hefur einnig greint hvernig Skapti Þóroddsson lögsögumaður birtist í mörgum ólíkum heimildum og að almennt greini heimildir ekki á um grunnatriði í lífskeiði Skapta þó að einstaka sögur túlki persónu hans á ólíka vegu, sbr. „Tradition and the Individual Talent,“ 101–124.

<sup>2</sup> *Laxdæla saga*, 153.

Snorri goði bjó í Tungu tuttugu vetr, ok hafði hann fyrst heldur ofundsamt setr, meðan þeir lifðu smábokkarnir, Þorsteinn Kuggason ok Þorgils Hølluson ok enn fleiri inir stærri menn, þeir er óvinir hans váru. Kemr hann ok víða við sögur aðrar en þessa. Hann kemr við Laxdæla sögu, sem mörgum er kunnigt; hann var inn mesti vinr Guðrúnar Ósvífrsdóttur ok sona hennar.<sup>1</sup>

Rödd sögumannsins gefur hér vel til kynna ákveðna vitund um sögur og lifandi sagnahefð í landinu. Varðveisla *Laxdæla sögu* gerir það að verkum að nafn Guðrúnar er hlaðið merkingu þó að henni bregði aðeins fyrir í mýflugumynd í *Eyrbyggju*. Hið sama gildir um Víga-Glúm í *Valla-Ljóts sögu* en um hann vissum við fátt ef *Valla-Ljóts saga* væri eina heimildin. Hann er nefndur einu sinni þar sem segir: „Þá bjó Víga-Glúmr at Þverá, og hittusk þeir frændr.“<sup>2</sup> Án *Víga-Glúms sögu* eða þess fróðleiks um hann sem sagan varðveitir hefði þessi setning litla merkingu.

Oft er það einnig svo að persónum bregður fyrir á þennan hátt án þess að til séu nokkrar frekari upplýsingar um þær og virðist sem gert sé ráð fyrir að nöfnin muni hljóma kunnuglega. Um þetta er *Valla-Ljóts saga* raunar prýðilegt dæmi því að þar kemur hver persónan á fætur annarri fram á sjónarsviðið sem lítið annað en nafnið eitt, í mesta lagi er tiltekið frá hvaða bæ menn koma.<sup>3</sup> Því fer þess vegna fjarri að kynning á persónum í íslenskum fornsögum sé ætíð eftir sömu formúlunni, til að mynda eins og þeirri sem birtist í upphafi *Eyrbyggju*:

Ketill flatnefr hét einn ágætr hersir í Nóregi; hann var sonr Bjarnar bunu Gríms sonar hersis ór Sogni. Ketill var kvángaðr; hann átti Yngvildi, dóttur Ketils veðrs, hersis af Raumaríki. Björn ok Helgi hétu synir þeira, en dóetr þeira váru þær Auðr djúpauðga, Þórunn hyrna ok Jórunn mannvitsbrekka. Björn, sonr Ketils, var föstraðr austr á Jamtalandi með jarli þeim, er Kjallakr hét, vitr maðr ok ágætr; jarlinn átti son, er Björn hét, en Gjaflaug hét dóttir hans.<sup>4</sup>

Enn flækist mynd sumra persóna íslenskra miðaldabókmennta ef litið er til þeirra norrænu konunga sem leika burðarhlutverk í konungasögum og koma auk þess víða við Íslendingasögur því að þeirra er stundum getið í erlendum heimildum. Mynd ýmissa persóna konungasagna er stundum flóknari og þversagnarkenndari þegar heimildir eru teknar saman en í Íslendingasögum. Þetta endurspeglast meðal annars í mynd Gunnhildar konungamóður og Haralds Gormssonar eins og rakið verður hér á eftir, en þau tvö eru meðal persóna Jvs. sem aðrar heimildir greina nánar frá.

Upphafi sögunnar hefur þegar verið lýst hér að framan (bls. 33–34). Hún hefst á stuttri ættartölu danskra konunga þar sem fyrstur er nefndur Gormur hinn barnlausí og greint frá

<sup>1</sup> *Laxdæla saga*, 180.

<sup>2</sup> *Valla-Ljóts saga*, 236.

<sup>3</sup> Má hér nefna t.d. Þóri Vémundarson (240) sem er ekki kynntur og ókunnur utan sögunnar, Skafti Þóroddsson (247) er ekki kynntur öðruvísi en sem vinur Ljóts en er þó þekktur úr öðrum heimildum, sjá Ármann Jakobsson „Tradition and the Individual Talent,“ 101–124. Narfi á Hellu (249) kemur fyrir sem sjálfsögð persóna, ekki þykir þörf á að gefa upp fðurnafn hans.

<sup>4</sup> *Eyrbyggja saga*, 3.

fóstursyni hans, afkvæmi systkinanna Arnfinns jarls af Saxlandi og ónefndrar systur hans. Þegar Knútur hefur tekið við ríkinu fetar hann í fótspor Gorms og tekur að sér dreng, sem sagður er sonur Sigurðar orms-í-auga. Sá var nefndur Hörða-Knútur og eignaðist soninn Gorm. Gormur er fyrstur þessara konunga sem þekktur er af samtímaheimildum og ef til vill hefur það áhrif á að hann hlýtur meira rúm í sögunni en þeir fyrrnefndu. Hörða-Knútur er reyndar þekkt nafn einnig. Adam frá Brimum nefnir hann Hardegon í *Gesta Hammaburgensis ecclesiae pontificum* og segir að hann hafi komið frá Normandí en tekur svo fram að alls óvíst sé hve margir konungar eða einvaldar hafi ríkt í Danmörku á þessum tíma, enda nægi það eitt að vita að þeir voru allir heiðnir.<sup>1</sup>

Ólafur Halldórsson telur að Hörða-Knúti sé ofaukið í konungaröðinni í Jvs.<sup>2</sup> Í *Heimskringlu* má sjá vísun í þessa konungaröð á einum stað: „Við þetta ákall varð Haraldr konungr reiðr mjök, sagði, at engi maðr krefði þess Gorm konung, fōður hans, at hann skyldi gerask hálfkonungr yfir Danaveldi, eigi heldr hans fōður Hōrða-Knútt eða Sigurð orm-í-auga eða Ragnar loðbrók.“<sup>3</sup> Þetta kann að vera vottur um rittengsl milli Jvs. og *Heimskringlu* en Ragnar loðbrók er aldrei nefndur sem forfaðir Gorms í neinni varðveittri gerð Jvs. þó að það sé vitaskuld þekkt að Sigurður ormur-í-auga sé sonur Ragnars.<sup>4</sup> Í *Ragnars sögu* sjálfri er þess ekki getið að Sigurður sé faðir Hörða-Knúts, aðeins sagt að frá Sigurði komi mikill ættbogi og nefnd dóttir hans Ragnhildur, móðir Haralds hárfagra.<sup>5</sup>

Gormur konungur er í sögunni ýmist nefndur hinn gamli eða hinn ríki og er vel þekktur utan sögunnar, sérstaklega vegna tveggja rúnasteina sem varðveittir eru í Jelling í Danmörku. Nafn Gorms kemur fyrir á báðum steinum. Þar kemur fram að hann hafi sjálfur látið reisa annan steininn þegar kona hans dó en þar stendur: „kurmr kunukr karþi kubl þusi aft þurui kunu sina tanmarkar but“. Á síðari steininum stendur að hann hafi verið reistur að Gormi látnum: „haraltr kunukr baþ kaurua kubl þausi aft kurm faþur sin auk aft þaurui muþur sina. sa haraltr ias sār uan tanmaurk ala auk nuruiak auk tani karþi kristna.“<sup>6</sup> Í fullu samræmi við rúnasteinana á Gormur í Jvs. eiginkonuna Þyri Danmarkarbót sem svo var kölluð því að hún var vitrust kvenna í Danmörku.

Þyri Danmarkarbót er eftir sögunni dóttir Klakk-Haralds jarls á Hollsetulandi. Nafn hans er þekkt úr heimildum en hvergi nema í Jvs. er hann faðir Þyri. Fyrirmynd Klakk-Haralds virðist hafa verið uppi fyrr en á þeim tíma er sagan gerist. Ólafur Halldórsson rekur stuttlega sögu

<sup>1</sup> „Nobis hoc scire sufficiat omnes adhuc paganos fuisse,“ *Hamburgische Kirchengeschichte*, 53.

<sup>2</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 34.

<sup>3</sup> *Heimskringla* I, 233.

<sup>4</sup> Til dæmis í *Hálfðanar sögu* í *Heimskringlu* I, 88.

<sup>5</sup> *Vǫlsunga saga ok Ragnars saga loðbrókar*, 169.

<sup>6</sup> Sjá Wimmer, *De Danske Runemindesmærker*, 53–56, Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 38. Um aldur steinanna sjá Christensen, „The Jelling Monuments,“ 7–21.



Þessa Haralds sem barðist um völd í Danmörku snemma á 9. öld en lauk ævi sinni sem jarl hjá Hlöðvi keisara, syni Karlamagnúsar, og kemur nafn hans síðast fyrir í heimildum 842.<sup>1</sup> Ástæða þess að Ólafur telur þennan Harald fyrirmynd Klakk-Haralds sögunnar er að ríki hans sem jarls stendur heima sem og að sagt er frá því að hann hafi farið suður á bóginn og tekið kristni en í Jómsvíkinga sögu segir: „þá fór Haraldur jarl suður á lönd og kom í Saxland og tók við kristni og kom aldri síðan til ríkis síns“ (73). Samkvæmt *Heimskringlu* á Klakk-Haraldur einnig dótturina Þórnýju sem var móðir Ragnhildar þeirrar er Hálfðan svarti kvæntist þegar fyrri kona hans (sem einnig hét Ragnhildur) lést.<sup>2</sup> Í *Fagrskinnu* er þess getið að þessi sama Ragnhildur hafi verið dóttir Sigurðar orms-í-auga en móðir hennar ekki nefnd.<sup>3</sup> Þessar ættfærslur úr *Heimskringlu* og *Fagrskinnu* styðja það að Klakk-Haraldur sé skrifaður inn í Jvs. á röngum tíma því að Hálfðan dó um 861.

Gormur og Þyri eiga í Jvs. tvo syni, þá Harald og Knút. Knútur ólst upp hjá móðurafa sínum, Klakk-Haraldi. Engar frásagnir eru til um þennan Knút utan Jvs., þó nafn hans komi reyndar fyrir víðar, en hann er þá jafnan nefndur í sömu andrá og sonur hans, Gull-Haraldur. Knútur gegnir hlutverki hins vinsæla, elskaða sonar og virðist ætla að vaxa upp sem fullkominn arftaki konungsveldisins. Viðurnefnið Danaást er til marks um það. Haraldur, yngri bróðir Knúts, er fullur öfundar og kemur Knúti fyrir kattarnef og erfir þar með ríkið einn.<sup>4</sup> Frásagnir af Gull-Haraldi, koma fyrir víðar en í Jvs., einkum sagan af því þegar Haraldur Gormsson og Hákon jarl Sigurðarson svíkja Harald gráfeld og Gull-Harald. Í flestum þeirra er Gull-Haraldur ættfærður og sagður sonur Knúts eða bróðursonur Haralds blátannar.<sup>5</sup> Í Jvs. er sagt frá því að viðurnefni Gull-Haralds sé dregið af gulli sem hann hafði aflað í suðurlöndum en það „var svo mikið, að tvær kistur voru fullar af gulli, svo að eigi máttu tveir menn meira knýja“ (83). Gullið hirti Hákon jarl eftir dauða Gull-Haralds.

Gull-Haraldur er einnig nefndur í kvæðinu Noregskonungatali sem mögulega er með elstu íslensku heimildum.<sup>6</sup> Kvæðið er varðveitt í *Flateyjarbók* og er þar eignað Sæmundi fróða en líklegra þykir að það sé ort eftir riti sem Sæmundur setti saman.<sup>7</sup> Kvæðið var ort til heiðurs Jóni Loftssyni í Odda sem lést 1197. Höfundur kvæðisins er óþekktur en það er jafnan talið ort um

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 28–31; Storm, *Kritiske bidrag til vikingetidens historie*, 53–56.

<sup>2</sup> *Heimskringla* I, 86–89.

<sup>3</sup> *Fagrskinna*, 57; í *Heimskringlu* er Sigurður ormur-í-auga langafi Ragnhildar.

<sup>4</sup> Sem fyrr segir er Knútur raunar drepinn af Englendingum skv. Perg. 7 og fleiri heimildum, sjá kafla 2.4.

<sup>5</sup> *Monumenta historica Norvegiæ*, 10–11; *Ágrip af Noregskonunga sögum*, 14. Frásögnin í *Heimskringlu* er raunar mun rækilegri en í Jvs. og um margt frábrugðin, sjá *Heimskringla* I, 232–240 og hið sama má segja um *Fagrskinnu*, 104–110. Einnig er vísað til frásagnarinnar í *Ólafs sögu Odds*, 181.

<sup>6</sup> *Flateyjarbók* II, 522; *Poetry from the Kings' Sagas* II, 772.

<sup>7</sup> *Poetry from the Kings' Sagas* II, 761–806; Sverrir Tómasson, „Konungs lof: Noregs konunga tal í *Flateyjarbók*,“ 258.

1190, ekki aðeins vegna aldurs Jóns Loftssonar heldur einnig vegna þess að í kvæðinu virðist sem Sverrir konungur ríki enn þegar það er ort en hann var við völd frá 1177–1202.<sup>1</sup>

Haraldur, sonur Gorms og Pyriar, er meðal þekktustu konunga Dana.<sup>2</sup> Töluvert fleiri heimildir, bæði samtímaheimildir og yngri, eru til um hann en foreldra hans. Ekki er alveg ljóst hvenær Haraldur tók við ríkinu því að á huldu er hvenær nákvæmlega Gormur gamli dó. Um og upp úr 940 var lengi talinn líklegur tími<sup>3</sup> en það hefur verið dregið í efa og er nú almennt talið að hann hafi dáið árið 958.<sup>4</sup> Líkt og fram kemur á rúnasteininum sem nefndur er hér að framan er Haraldur jafnan talinn sá konungur sem kristnaði Danmörku. Haraldur kemur mjög við sögu hjá Adam frá Brimum. Adam leggur ríka áherslu á trú Haralds og mikilvægi hans í trúskiptum Danmerkur og að ríki hans hafi styrkst vegna tryggðar hans við Guð. Þessi mynd Haralds er talsvert ólík þeirri sem birtist í Jvs. líkt og síðar verður rakið.

Ólafur Tryggvason kemur stuttlega fyrir í Jvs. Hann mætir Ótta keisara sem hefur háð bardaga við Harald og Hákon jarl Sigurðarson við Danavirki og ætlar sér að snúa þeim til kristinnar trúar. Ólafur gefur ekki upp sitt rétta nafn og kynnir sig sem Óla.<sup>5</sup> Hann gengur til liðs við Ótta og saman vinna þeir mikla sigra og í bardaganum kveðst Óli ekki vilja dyljast lengur fyrir Ótta og gefur upp sitt rétta nafn og ætterni. Að lokum er haldið þing þar sem Haraldur og Hákon taka kristni en Hákon kastaði reyndar trúnni. Með Ótta var einnig biskupinn Poppa og þegar Haraldur segist ekki munu taka kristni nema verða vitni að jarteinum gengur Poppa á glóandi járn.<sup>6</sup> Að skírinni lokinni fer Ólafur í austurveg og er hann þar með úr sögunni. Um Ólaf Tryggvason verður ekki fjölyrt hér en þess má geta að Jvs. er ekki eina heimildin sem getur þess að hann hafi verið með Ótta keisara í þessari för til Danmerkur.<sup>7</sup> Ólafur Halldórsson dregur þróun þessarar frásagnar saman á eftirfarandi hátt: „Adam úr Brimum er upphafsmaður þeirrar lygisögu að Ottó keisari hafi farið herskildi um Jótland, og Gunnlaugur munkur mun fyrstur hafa sent Ólaf Tryggvason í þennan bardaga, en aldrei var hann þar, enda barn að aldri þegar þessir atburðir urðu.“<sup>8</sup> Aftur á móti getur Widukind þess að Haraldur hafi tekið kristni þegar

<sup>1</sup> *Flateyjarbók* II, 527; *Poetry from the Kings' Sagas* II, 761–762; Sverrir Tómasson, „Konungs lof,“ 259–264.

<sup>2</sup> Viðurnefni hans, blátönn, kemur raunar ekki fyrir í Jvs. og yfirleitt ekki í íslenskum sögum, nema *Færeyinga sögu*, *Ágrip* og annálum. Adam frá Brimum er elsta heimildin um viðurnefnið en merking þess er umdeild, sjá Ólafur Halldórsson, „Formáli,“ xix–xx.

<sup>3</sup> Sjá umræðu hjá Weibull, „Kritiska undersökningar,“ 260–263.

<sup>4</sup> Þessi tímasetning var ákvörðuð eftir fornleifauppgröft í Jelling á síðari hluta 20. aldar, sjá Jensen, *Danmarks Oldtid*, 371–378.

<sup>5</sup> Þetta er ekki eina dæmi þess að Ólafur Tryggvason hafi kynnt sig sem Óla. Í *Ólafs sögu Tryggvasonar hinn mestu* kemur þetta einnig fyrir í öðru samhengi. Sjá *Flateyjarbók* I, 150. Í *Ólafs sögu* AM 61 fol. kynnir hann sig einnig sem Óla þegar hann hittir Ótta keisara. Sjá *Ólafs saga Tryggvasonar en mesta* I, 39.

<sup>6</sup> Rækilegri umfjöllun um Poppa biskup má finna hjá Lene Demidoff, „The Poppo Legend,“ 39–67.

<sup>7</sup> Sjá *Heimskringla* I, 255. Þar er hann með Ótta vegna þess að hann er í liði Búrizláfs tengdaföður síns sem fylgir Ótta; sjá og *Ólafs sögu Odds*, 172–173. Í *Fagurskinnu*, 116–117, er þess aftur á móti ekki getið að Ólafur hafi verið í liði Ótta.

<sup>8</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 37.

hann varð vitni að því að Poppa biskup gekk á glóandi járn.<sup>1</sup> Saxakrónika Widukinds er því sem næst samtímaverk en Widukind er fæddur um 925. Líkt og Norman F. Blake bendir á er óvíst að hve miklu leyti Haraldur sjálfur er ábyrgur fyrir kristnitöku Danmerkur en hans eigin skírni gæti hafa hvatt fólk til þess að gera slíkt hið sama þó að bardaginn sem á sér stað í aðdraganda skírnarinnar í sumum heimildum geti verið önnur saga og yngri.<sup>2</sup>

Þegar Hákon jarl og Haraldur Gormsson leggja á ráðin til þess að fá Harald gráfeld til Danmerkur, í þeim tilgangi að koma honum fyrir kattarnef, er einn hluti ráðagjörðarinnar að finna leið til þess að móðir hans, Gunnhildur konungamóðir, komi einnig. Úr verður að Haraldur sendir Gunnhildi bónorð. Hákon telur að þeir muni þannig eiga auðveldara með að sannfæra Harald gráfeld um að koma til Danmerkur því ef móðir hans á von á bónorði muni hún hvetja hann til fararinnar. Hákon telur „þótt hún sé nakkvað aldri orpin, að hún mun þá mesta stund á leggja að fýsa son sinn fararinnar, ef þetta liggur við, þvíáð lengi hefir hún þótt nokkvat vergjörn“ (80). Gunnhildur er ekki síður þekkt persóna í heimildum, bæði íslenskum og öðrum norrænum, en í þeim gætir þversagna.<sup>3</sup> Frásögnin af bónorði Haralds Gormssonar vekur sérstaka athygli í ljósi þess að í *Historia Norvegiæ* er Gunnhildur sögð dóttir Gorms og Þyri og þar með systir Haralds sem í Jvs. og víðar er orðinn falskur biðill hennar. Skal ósagt látið hvernig þessi skekkja er tilkomin í heimildum en Sigurður Nordal taldi víst að ættfærslan úr *Historia Norvegiæ* væri rétt. Í raun er hvorki hægt að hrekja né staðfesta rök hans þar eð ekki er vitað hver varðveittra heimilda vegur þyngst.<sup>4</sup> Sögnin af því er Haraldur og Hákon fá Gunnhildi til Danmerkur er þó ekki uppfinning höfundar Jvs. því hana má finna í riti Theodoricusar, *Historia de Antiquitate Regum Norwagiensium*.<sup>5</sup> Í Ágripi segir enn fremur að Hákon fái Harald til þess að senda Gunnhildi bónorðið sem hann og gerir, biður þess „at hón gømul giptisk gømlum konungi, ok hón hlýddi á þat, ok var hennar fōr ger prýðiliga til óprúðrar, því at þegar hón kom til Danmarkar, þá var hón tekin ok sökkt í mýri einni, ok lauk svá hón sínum dōgum“.<sup>6</sup> Á þann hátt lýkur einnig ævi Gunnhildar í Jvs. þar sem henni er drekkt í mýri „og heitir þar síðan Gunnhildarmýrr“ (84).

Hjá Adam frá Brimum flúði Haraldur Gormsson frá Danmörku eftir að lið hans tapaði orrustu við Svein tjúguskegg, son hans.<sup>7</sup> Hann leitaði á náðir Slava, í borginni Iumne og lét líf

<sup>1</sup> *Quellen zur Geschichte der Sächsischen Kaiserzeit*, 168–170.

<sup>2</sup> Blake, „Introduction“, xiii. Þá er einnig mikilvægt að hafa ætíð í huga að í flestum tilvikum er um að ræða heimildir frá 11.-14. öld sem fjalla um atburði frá 9. og 10. öld.

<sup>3</sup> Sbr. Sigurður Nordal, „Gunnildur konungamóðir“. Sigurður getur flestra þeirra heimilda sem minnst á Gunnhildi. Sjá einnig Jochens, *Old Norse Images of Women*, 180–182.

<sup>4</sup> Sigurður Nordal, „Gunnhildur konungamóðir“, 141–143; sjá *Monumenta historica Norvegiæ*, 104, fyrir ættfærsluna í *Historia Norvegiæ*.

<sup>5</sup> *Monumenta historica Norvegiæ*, 12–13.

<sup>6</sup> *Ágrip af Noregskonunga sögum*, 15.

<sup>7</sup> *Hamburgische Kirchengeschichte*, 86–87.

sitt þar. Adam getur þess að lík hans hafi síðan verið flutt til Danmerkur þar sem hann var lagður til hinstu hvílu í Hróarskeldu, í þeirri kirkju sem hann hafði sjálfur lagt grunn að.<sup>1</sup> Sú gröf reyndist tóm þegar hún var opnuð ekki löngu eftir lát hans.<sup>2</sup> Íslenskar heimildir sem greina frá dauða Haralds virðast þó alls óskyldar frásögn Adams en þær eru auk þess innbyrðis ólíkar. Í *Heimskringlu* á sér að vísu stað bardagi milli þeirra feðga, Haralds og Sveins, en ólíkt frásögn Adams hlýtur Haraldur mikinn stuðning og Sveinn og lið hans flýr. Haraldur deyr hins vegar af sárum sínum að bardaga loknum. Í *Fagurskinnu* er engum bardaga lýst heldur aðeins sagt að Haraldur hafi tekið sótt og andast.<sup>3</sup> Í öllum gerðum Jómsvíkinga sögu er það Pálnatóki sem skýtur ör úr launsátri að konungi, með þeim afleiðingum að Haraldur fellur samstundis niður dauður líkt og þegar hefur verið rakið. Í *Ólafs sögu Tryggvasonar* í AM 61 fol. deyr Haraldur af sárum sínum eftir bardagann en í kjölfarið er tekið fram: „er sva s(agt) at Pálnatoki veitti honum þau saar“<sup>4</sup>. Í *Dana sögu* Saxos birtist loks ein gerð frásagnarinnar af dauða Haralds til, mun skyldari sögu Adams en virðist þó blönduð. Danir eiga að hafa hvatt Svein tjúguskegg til þess að velta föður sínum úr sessi af því að hann aðhylltist kristna trú. Haraldur hörfar tvisvar úr bardaganum og í seinna skiptið fer hann til borgarinnar Julin þar sem hann fær liðstyrk frá Slövum og Dönum sem snúa með honum aftur til Danmerkur í þriðja bardagann. Þá er hann skotinn með ör frá höfðingjanum Tóka en deyr ekki strax heldur flýr aftur til Julin og deyr af sárum sínum. Líkt og Adam, greinir Saxo frá því að lík Haralds hafi verið flutt til Hróarskeldu þar sem hann var grafinn vegna þess að Danir sáu eftir því að hafa komið svo illa fram við sinn kristna konung og dýrkuðu gröf hans upp frá því.<sup>5</sup>

Flestar ofangreindar heimildir geta einhvers konar baráttu milli þeirra feðga Haralds og Sveins tjúguskeggs en hvergi er þess getið að Sveinn hafi verið lausaleiks barn Haralds líkt og raunin er í Jvs.<sup>6</sup> Ritið *Encomium Emmae Reginae* frá um 1040–1042 er elsta heimild þess að hirðin hafi tekið Svein til konungs og snúist gegn Haraldi. Þar er greint frá því að Haraldur hafi hatað son sinn sem annars naut mikilla vinsælda hirðarinnar. Smám saman óx öfund Haralds í garð sonarins og fór að lokum svo að þeir háðu bardaga, en líkt og í riti Adams frá Brimum tapar Haraldur þeirri orrustu og flúði á náðir Vinda.<sup>7</sup>

<sup>1</sup> *Hamburgische Kirchengeschichte*, 87; *Flateyjarbók* I, 17–18. Þetta kemur einnig fram í spássúgrein í AM 291 4to, sem rituð er með annarri hendi en meginmálið, á þeim stað sem Sveinn fer um landið og er tekinn til konungs. Þar stendur: „Lík Haralds konungs var fært til Róiskeldu og þar jarðað. Þá hafði hann konungur verið yfir Dönum fjóra tigu og sjö vetur eftir Gorm konung föður sinn“ (*Jómsvíkinga saga*, 212.)

<sup>2</sup> Lund, *Harald Blátands død*, 13.

<sup>3</sup> *Fagrskinna*, 122.

<sup>4</sup> *Ólafs saga Tryggvasonar en mesta*, 172.

<sup>5</sup> Saxo Grammaticus, *Gesta Danorum*, 638–639.

<sup>6</sup> *Knýtlinga saga* er undantekning en Jvs. er tilgreind sem ein heimilda sögunnar: „sem segir í sögu Jómsvíkinga,“ *Knýtlinga saga*, 96.

<sup>7</sup> *Encomium Emmae Reginae*, 8.

Í Jvs. er gert talsvert úr svikum Sigvalda jarls við Svein þegar Sigvaldi rænir Sveini og fer með hann til Vindlands þar sem hann giftist Gunnhildi dóttur Búrizláfs. Sjálfur kvænist Sigvaldi systur Gunnhildar, Ástríði. Í *Encomium Emmae* kemur fram að eiginkona Sveins hafi verið slavnesk en hún er ekki nefnd á nafn. Samtímaheimildir um þennan atburð eru því fátæklegar. Ólafur Halldórsson telur að í Jvs. sé jarlinn Mieszko og sonur hans Boleslav sameinaðir í einn mann, Búrizláf konung. Mieszko ríkti á árunum 964–992 en sonur hans 992–1025. Ólafur bætir við í hálfkæringi að ef Sigvaldi hafi átt konu frá Vindlandi „er líklegra að hann hafi átt systur Búrizláfs en dóttur, en fjáarakornið að hún hafi heitið Ástríður“.<sup>1</sup> Sveinn tjúguskegg vann aftur á móti mörg sinna helstu afreka eftir að Jvs. lýkur því að hann kemur víða við sögu, meðal annars í frásögnum af Svöldarbardaga þar sem Ólafur Tryggvason féll. Einnig eru þekktar frásagnir af því að Sveinn hafi herjað í Englandi. Í *Encomium Emmae* kemur fram að hann hafi verið mjög vinsæll og menn hans hefðu fylgt honum hvert sem er, sem þeir og gerðu þegar hann réðst inn í England með stóran flota og lagði hvert hérað á fætur öðru undir sig uns hann hafði náð öllu Englandi á sitt vald.<sup>2</sup>

Ekki eru Danakonungar einir til umfjöllunar í Jvs. heldur kemur Hákon jarl Sigurðarson nokkuð við sögu. Hans er getið í öllum helstu norrænu heimildum sem fjalla um sama tíma og er mynd hans oft og tíðum nokkuð neikvæð, ekki síst þegar dregur nærri ævilokum. Theodoricus kallar hann beinlínis Hákon illa<sup>3</sup> (malus) en í *Fagurskinnu* er lýsing hans aftur á móti ekki alsæl: „Hákon var manna fríðastr sjónum ok kurteisari en flestir menn aðrir, meðalmaðr at vexti. Hann var bæði vel hærðr ok skeggjaðr, atgervismaðr mikill um flesta hluti, talaðr vel, djúpráðr, þolinmóðr, grimmr óvinum sínum, bæði með opinberum ráðum ok leyniligum vélum, langrækr, mildr af fé.“<sup>4</sup> Í *Heimskringlu* er sagður kærleikur milli Hákonar og Gunnhildar konungamóður „en stundum beittusk þau vélræðum.“<sup>5</sup> Theodoricus segir þau tvö hafa lent í ýmsum árekstrum enda hafi hvorugt þeirra skort illkvittni og slægð.<sup>6</sup> Í *Heimskringlu* virðist að sumu leyti tekið í sama streng og í *Fagurskinnu* og dregin fram jákvæð áhersla á mynd Hákonar þegar segir að í hans tíð hafi árferði í Noregi verið gott og hann hafi verið vinsæll lengst af.<sup>7</sup> Skömmu fyrir andlát hans er sagt frá því að hann hafi verið kallaður „jarli inn illi“ en í kjölfarið gefið í skyn að hann hafi verið ólánsamt fórnarlamb nýrra tíma.<sup>8</sup> Í *Ólafs sögu Tryggvasonar* í *Heimskringlu* er það þó litið neikvæðum augum þegar Hákon og Gunnhildur hafa forgöngu um

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 51.

<sup>2</sup> *Encomium Emmae Reginae*, 10–15. Sjá einnig *Monumenta historica Norvegiæ*, 121; *Heimskringla* I, 353 og *Heimskringla* II 13; *Knýtlinga saga* 98; Morawiec, *Vikings among the Slavs*, 209–268.

<sup>3</sup> Sbr. kaflaheitið „De Hacone Malo“, sjá *Monumenta historica Norvegiæ*, 11.

<sup>4</sup> *Fagrskinna*, 104.

<sup>5</sup> *Heimskringla* I, 211.

<sup>6</sup> *Monumenta historica Norvegiæ*, 12.

<sup>7</sup> *Heimskringla* I, 290.

<sup>8</sup> Sama rit, 298–299.

að koma í veg fyrir að Ólafur Tryggvason komist til Noregs.<sup>1</sup> Sömu sögu er að segja víðar. Í *Historia Norvegiæ* reynir Hákon fyrst að hafa uppi á Ólafi ungum í Orkneyjum sem verður til þess að Ólafur er sendur austur í Garðaríki. Hákon gafst ekki upp og gerði tilraun til að fá Ólaf til Noregs í þeim tilgangi að drepa hann. Ráðagerðin snerist í höndum Hákonar og markaði endalok hans. Ólafur Halldórsson hefur bent á að þessi sögn af Hákonni falli vel að þekktu sagnaminni um menn sem óttast að missa völd sín og fremja röð af ódæðum til þess að koma í veg fyrir slíkt, sem endar alltaf með því að það sem þeir óttast mest gerist, þeir missa völdin.<sup>2</sup>

Í mörgum heimildum má finna frásagnir af kvennafari Hákonar sem skapaði honum miklar óvinsældir. Kvennafars hans er reyndar ekki getið í latnesku sagnaritunum en það má finna í elstu heimildunum á norrænni tungu, *Ólafs sögu* eftir Odd munk og *Ágrip*, sem og í flestum yngri íslenskum ritum um hann. Í *Ágrip* er ekki farið fögrum orðum um þennan löst Hákonar þar sem segir: „ok sat með ríki miklu ok óvinsælð mikilli og margfaldri, er á leið upp, ok með einni þeiri, er hann dró til heljar, at hann lét sér konur allar jafnt heimilar, er hann fýsti til, ok var engi kvenna munr í því gorr ok engi grein, hvers kona hver væri eða systir eða dóttir.“<sup>3</sup> Í *Heimskringlu* er hann sagður „ósiðugr um kvennafar“ og í *Ólafs sögu Odds* „óeirinn um konur“.<sup>4</sup>

Dauði Hákonar er athyglisverður en um hann er ekkert í Jvs. því að hann deyr eftir að sögunni lýkur. Líkt og orðin úr *Ágrip* hér að framan bera með sér er gert ráð fyrir því að kvennafar Hákonar hafi dregið hann til heljar. Frásögnum *Heimskringlu*, *Ólafs sögu Odds* og *Ágrips* ber saman um það hvernig dauða jarls er háttað, þó að þær tvær fyrr nefndu fari vissulega fleiri orðum um atburðinn og bendir Sverrir Tómasson á að svo virðist sem texti *Heimskringlu* hafi verið unninn upp úr texta *Ólafs sögu Odds*.<sup>5</sup> Hákon girnist konu nokkra, Guðrúnu Lundasól, og sendir þræla sína eftir henni. Meðan þeir matast tekst henni hins vegar að safna nægu liði til þess að þeir geti ekki rænt henni og sendir orð Hákonni að hún vilji að ein af konum hans, Þóra af Rimul, komi eftir henni. Þrælarnir neyðast til að snúa til baka og á meðan safnar maður Guðrúnar enn stærra liði og skipar fyrir um að Hákon verði drepinn. Jarl og þræll hans Karkur fara í leyni að bæ Þóru og hýsir hún þá í svínastíunni en þar moka þrællinn gröf og leggur við yfir svo að Hákon geti falið sig. Flokkur manna leitar að honum, lið Ólafs Tryggvasonar í *Heimskringlu*, og fer svo að þrællinn sker Hákon á háls. Í *Ágrip* er það Hákon sem skipar Karki fyrir því að hann heyrir að flokkurinn ætli að brenna bæinn og vill Hákon ekki slíkan dauðdaga.

---

<sup>1</sup> *Heimskringla* I, 291.

<sup>2</sup> Ólafur Halldórsson, „Af Hákonni Hlaðajarli Sigurðssyni,“ 181–182.

<sup>3</sup> *Ágrip af Noregskonunga sögum*, 16.

<sup>4</sup> *Heimskringla* I, 290; *Ólafs saga Odds*, 191.

<sup>5</sup> Sjá *Heimskringla*. I, 293–298, *Ólafs saga Odds* 198–202, *Ágrip af Noregskonunga sögum* 16–17. Sverrir Tómasson, „Dauði Hákonar jarls,“ 189.

Í *Heimskringlu* aftur á móti lætur Hákon svo illa í svefni með þeim afleiðingum að þrællinn sker af honum höfuðið og færir það Ólafi Tryggvasyni. Í *Ágrip* eru höfð þau orð um dauða Hákonar að „lauk svá saurlífismaðr í saurgu húsi sínum dögum ok svá ríki“ (17).

Sverrir Tómasson hefur tengt dauða Hákonar í *Ólafs sögu Odds* og *Heimskringlu* við almenna kirkjusögulega túlkun á guðs níðingum.<sup>1</sup> Hákon er kallaður níðingur, í þessum tveimur sögum telur Sverrir að hann sé guðsníðingur og að túlkunin sé líklega sótt til 2. Pétursbréfs 20 þar sem segir meðal annars: „Ef þeir, sem fyrir þekkingu á Drottni vorum og frelsara Jesú Kristi voru sloppnir frá saurgun heimsins, flækja sig í honum að nýju og bíða ósigur, þá er hið síðara orðið þeim verra en hið fyrra.“ Hákon kastaði trúnni eftir að hafa tekið skírn og því lá leiðin aðeins niður á við upp frá því. Í lok greinarinnar ályktar Sverrir: „vegir guðs níðinga liggja í einn stað: í svínabælið, þar sem þeirra bíða grimmileg örlög“.<sup>2</sup> Í *Historia Norvegiæ* kemur fram að Hákon hafi ríkt í 33 ár þegar Ólafur Tryggvason varð konungur.<sup>3</sup> Af framangreindu má vera ljóst að fremur neikvæð afstaða til Hákonar í Jvs. er síður en svo úr lausu lofti gripin heldur í nokkru samræmi við aðrar heimildir.<sup>4</sup>

Ef litið er til dróttkvæða sem fjalla um Hákon jarl er aftur á móti aðra sögu að segja. Folke Ström hefur fjallað um hvernig skáldskapur um Hákon virðist hafa verið nýttur eins og áróður.<sup>5</sup> Ström tekur fram að í Skáldatali sé greint frá því að Hákon hafi haft níu hirðskáld en fáir konungar Noregs hafi náð að skáka þeim fjölda. Í þeim kvæðum og kvæðabrotum sem varðveist hafa og fjalla um Hákon jarl er sjónarhorninu yfirleitt beint að hátindi ferils hans, það er um og eftir sigurinn í Hjörungavogi. Á heildina litið er Hákon lofaður í þessum kvæðum og dáður fyrir orðspor sitt í hernaði. Líkt og Ström bendir á má þykja líklegt að ástæða þess að mynd Hákonar sé svo jákvæð í kvæðunum sé að skáldin hafi stutt hann í því að halda tryggð við heiðni: „The skalds were united with the jarl in their common interest in their ancestral religion, from whose hoard of myths drew their inspiration.“<sup>6</sup>

Hér er þó nauðsynlegt að slá þann varnagla sem fylgir því að draga ályktanir af dróttkvæðum vísnum sem heimildum. Það geta hafa liðið allt að fjórar aldir eða meira frá því að skáldin ortu kvæðin og þar til handritin sem varðveita þau voru rituð. Ström gengur út frá því að skáldin sem eru skrifuð fyrir kvæðunum um Hákon hafi ort þau en heimildirnar sem við höfum fyrir því eru yngri sagnatextar. Þá má og gera ráð fyrir því, líkt og Shami Ghosh bendir meðal annars á, að vísun í háan aldur kvæða gerir það ekki endilega að verkum að þau séu nákvæmari frásagnir en

<sup>1</sup> Sverrir Tómasson, „Dauði Hákonar jarls.“

<sup>2</sup> Sverrir Tómasson, „Dauði Hákonar jarls,“ 193.

<sup>3</sup> *Monumenta historica Norvegiæ*, 115.

<sup>4</sup> Sjá nánari umfjöllun um mynd Hákonar í kafla 5.1.3.

<sup>5</sup> Ström, „Poetry as instrument of propaganda. Jarl Hákon and his poets,“ 440–458.

<sup>6</sup> Ström, „Poetry as instrument of propaganda. Jarl Hákon and his poets,“ 457.

prósinn. Á hinn bóginn geta kvæðin, þegar þau eru tekin úr samhengi textanna, veitt ákveðna innsýn og viðhorf líkt og Ström hefur greint í kvæðunum um Hákon. Ghosh bendir einnig á að þegar kvæði og prósi stangast á geti það verið vísbending um að kvæðið sé eldra. Alltént er viðhorfið til Hákonar í kvæðunum nokkuð ákveðið en örðugara er að eigna skáldunum sjálfum skoðanir þar sem nákvæmar heimildir fyrir því að þau hafi ort þessi kvæði eru ótraustar.<sup>1</sup>

Eitt af skáldum Hákonar, Einar skálaglamm, kemur fyrir í Jvs. en er ekki allskostar ánægður með jarlinn og yrkir vísur þar sem hann hótar að yfirgefa jarl og ganga til liðs við Sigvalda. Hákon bregst við með því að gefa honum skálar þær sem hann er kenndur við. Einar skálaglamm er ekki eini Íslendingurinn sem kemur við sögu því í bardaganum eru sem fyrr segir þrír aðrir kynntir til leiks, þeir Vigfús Víga-Glúmsson, Þórður örvarhönd og Þorleifur skúma, sonur Þorkels auðga úr Alviðru í Dýrafirði.

Aðrar persónur Jvs. eru lítt þekktar utan sögunnar en líkt og yfirlitið hér að framan gefur til kynna gildir þetta sérstaklega um Jómsvíkinga sjálfa. Tóki og Þórvör eru kynnt til sögunnar í 8. kafla og eiga þau synina Fjölni (frilluson), Áka og Pálni. Pálnir er faðir Pálnatóka sem stofnar Jómsborg. Pálnatóki á aðeins einn son, Áka og sá á soninn Vagn sem berst með Jómsvíkingum í bardaganum í Hjörungarvogi. Öll þessi nöfn eru svo gott sem óþekkt í heimildum sem ekki eru nátengdar Jvs. Þrátt fyrir að Pálnatóki sé atkvæðamikil persóna virðist hann ekki eiga fyrirmynd í elstu heimildum ef frá eru talin óljós tengsl við *Dana sögu Saxa* þar sem maður að nafni Tóki (*lat. Toko*) er í þjónustu Haralds konungs.<sup>2</sup> Pálnatóka er þó getið í íslensku heimildunum sem segja frá Jómsvíkingum. Blake kallar Pálnatóka uppspuna<sup>3</sup> án nokkurs fyrirvara en Halldór Laxness taldi Blake óþarflega dómharðan og benti á að skortur á fornleifum eða samtímaheimildum merki ekki að hann sé búinn til af Íslendingum: „mangel på arkæologisk bevis indebærer naturligvis ikke at Palnatoke er et nordislandsk opspind.“<sup>4</sup> Við þetta má bæta að Pálnatóki kemur stuttlega við *Eyrbyggja sögu* þar sem sagt er frá því að Björn Breiðvíkingakappi hafi farið til Jómsborgar og meðan Pálnatóki lifði hafi Björn verið með honum (80). Pálnatóka er annars ekki getið í neinni annarri Íslendingasögu.

Greina má þekkingu um Búa og Sigvalda í ýmsum miðaldaheimildum þar sem nöfn þeirra koma fyrir án mikilla ef einhverra útskýringa. Búi er sonur Véseta og Hildigunnar en Sigvaldi er jarlssonur, sonur Strút-Haralds og Ingigerðar. Þeir Búi tengjast með mægðum því að Tófa, systir Sigvalda, giftist Sigurði kápu, bróður Búa.<sup>5</sup> Í *Færeyinga sögu* má skilja sem svo að ástæða þess að Búi bíður ósigur í bardaganum í Hjörungavogi sé að hann berst við Sigmund Brestisson sem

---

<sup>1</sup> Sjá Shami Gosh, *Kings' sagas and Norwegian history*, 25–70.

<sup>2</sup> Saxo Grammaticus, *Gesta Danorum*, 632–639.

<sup>3</sup> Orðrétt: „fictitious character,“ Blake, „Introduction,“ xiv.

<sup>4</sup> Halldór Laxness, *Yfirskygðir staðir*, 180

<sup>5</sup> Sigurður er í *Fagurskinnu* nefndur Sigurður hvíti en ekki kápa, sjá *Fagurskinna*, 125.



hefur betur. Höfundur *Færeyinga sögu* greinir frá því að Búi hafi vegna ósigursins stökkið fyrir borð, líkt og í Jvs., og vitnar til heimilda máli sínu til stuðnings: „Þetta er sagn Hallbjarnar hala hins fyrra ok Steingríms Þórarinssonar ok frásagn Ara prests fróða Þorgilssonar.“<sup>1</sup>

Einar skálaglamm er talinn höfundur kvæðisins *Velleklu* en þar koma fyrir nöfn Sigvalda og Búa.<sup>2</sup> Í *Hákonardrápu* sem eignuð er Tindi Hallkelssyni má einnig finna nöfn þeirra. Alls eru 11 vísur varðveittar af þessu kvæði, í einni vísu koma nöfn beggja fyrir en í annarri kemur nafn Búa aftur. Í *Eiríksdrápu* sem eignuð er Þórði Kolbeinssyni segir frá því að Eiríkur jarl hafi farið með miklu liði gegn Sigvalda, þar er Búi ekki nefndur. Sú vísa sem geymir nafn Sigvalda er varðveitt víðar en hinar tvær fyrrnefndu, meðal annars í *Fagurskinnu* og *Heimskringlu* en vísan kemur aðeins fyrir í þeirri gerð Jvs. sem er varðveitt í AM 510 4to.<sup>3</sup>

Sigvalda bregður fyrir í *Eyrbyggja sögu* en er þar þó ekki annað en nafnið eitt: „Guðleifr var farmaðr mikill; hann átti knorr mikinn, en annan Þórólfr, sonr Eyra-Lopts, þá er þeir þorðusk við Gyrð, son Sigvalda jarls; þá lét Gyrðr auga sitt.“<sup>4</sup> Í *Kristni sögu* er stuttlega greint frá því þegar Stefnir Þorgilsson yrkir vísu um Sigvalda sem lætur drepa Stefni fyrir og er vitnað til Ara hins gamla sem heimildarmanns.<sup>5</sup> Þetta bendir til þess að Sigvaldi hafi verið þekkt nafn þar eð hvorki er gefin rækilegri skýring í *Eyrbyggju* né *Kristni sögu*. Hið sama má segja um *Egils sögu* sem varðveitir lausavísu Einars skálaglamms þar sem nafn Sigvalda kemur fyrir. Vísan er einnig í Jvs. en þriðja vísuorð er ólíkt.<sup>6</sup> Að öðru leyti kemur Sigvaldi ekki fram í *Egils sögu* og Bjarni Einarsson taldi þetta benda til að höfundur *Egils sögu* hafi búist við að viðtakendur sögunnar þekktu til Sigvalda.<sup>7</sup> Margaret Clunies Ross bendir þó á að í *Egils sögu* komi fyrir tvær vísur eftir Einar skálaglamm en ekki sé lagt út af efni þeirra í lausamálstextanum. Þetta telur hún til marks um að höfundur *Eglu* hafi nýtt sér efni einhverrar gerðar Jvs. á síðari stigum verksins og þess vegna hafi ekki verið lagt meira upp úr efni vísanna en raun ber vitni, tilgangurinn hafi aðeins verið að draga Einar skálaglamm inn í frásögnina til þess að bera saman skáldin tvö, Einar og Egil í því augnamiði að varpa ljósi á stórfenglega skáldgáfu Egils.<sup>8</sup> Í *Heimskringlu* er Sigvaldi þátttakandi í Svölðarbardaga, í liði Ólafs Tryggvasonar, og er Sigvalda getið í vísu eftir

<sup>1</sup> *Færeyinga saga*, 67.

<sup>2</sup> Sjá frekari umfjöllun um *Velleklu* í kafla 3.1.3.

<sup>3</sup> Petersens, *Jómsvíkinga saga (efter Cod. Am. 510, 4to)*, 70.

<sup>4</sup> *Eyrbyggja*, 176; þessa bardaga er einnig getið í *Landnámu*, sjá *Landnámabók*, 24 og 147. Í lok Jvs. er tekið fram að Sigvaldi hafi átt soninn Gyrði og er það eina gerð Jvs. sem nefnir hann. Hins vegar er einnig þekkt rúnaáletrun á Sjælle steininum í Danmörku þar sem fyrir kemur nafnið Gyrður og hann sagður bróðir Sigvalda, sjá Wimmer *De Danske Rundemindesmærker*, 76–77.

<sup>5</sup> *Kristni saga*, 38.

<sup>6</sup> Í Jvs. er hún: „hlöðum við borð á barða,“ en í *Egils sögu*: „skipum borðróinn barða“. Þriðju gerð vísuorðsins má finna í AM 510 4to: „hlaupum við borð á barða.“ Sjá einnig bls. 187.

<sup>7</sup> Bjarni Einarsson, *Litterære forudsætninger for Egils saga*, 106.

<sup>8</sup> Margaret Clunies Ross, „A Tale of two Poets,“ 75–80.

Skúla Þorsteinsson.<sup>1</sup> Ekki er þó greint frá örlögum Sigvalda í bardaganum. Ólafur Halldórsson telur einnig ljóst að höfundur Jvs. viti hvernig ævi Sigvalda muni ljúka og að í sögulok vísi hann til þess með orðunum „og eru mikil tíðendi frá honum sögð í öðrum sögum“ (205).<sup>2</sup>

Líkt og þegar er getið kemur fyrir víkingaflokkur í *Dana sögu* Saxa sem dvelur í borginni Julin og eru fjórir þeirra nefndir á nafn, Búi, Úlfur, Sigvaldi og Karlsefni.<sup>3</sup> Karlsefni minnir að sumu leyti á Vagn Ákason, einkum vegna þess að frásagnir Saxo og Jvs. af misheppnaðri aftöku Vagns og Karlsefnis eru hliðstæðar. Að þessu óljósa dæmi frátöldu er Vagn ekki þekktur í miðaldaheimildum öðrum en Jvs., *Fagurskinnu*, *Ólafs sögu Odds* og *Heimskringlu*.

Fleiri Jómsvíkingar eru lítt þekktir ef frá er talinn Þorkell hávi. Hann var í liði Aðalráðs konungs gegn Sveini tjúguskegg en gekk svo í þjónusu Knúts ríka þegar hann hafði lagt England undir sig.<sup>4</sup> Í *Flateyjarbók* er greint stuttlega frá þessum viðburðum og þar er einnig sagt frá dauða Þorkels sem annars er hvergi getið.<sup>5</sup> Á Knútur að hafa vegið hann vegna þess að Knúti þótti Þorkell hafa svikið hann í kvennaskiptum. Þorkell hafði fundið Emmu drottningu og lagt til að Knútur gengi að eiga hana. Sjálfur kvæntist Þorkell Úlfhildi dóttur Aðalráðs konungs og er Knútur sá hana þótti honum ljóst að Þorkell hefði svikið hann um betri konuna. Þessa sögu er þó ekki að finna í fleiri heimildum.<sup>6</sup> Fleiri persónur má vissulega tína til úr Jvs. en hér hefur verið tæpt á þeim sem mest rými fá en margar persónur eru lítið annað en nöfnin ein.

### 3.1.2 Sögusvið

Sem fyrr segir er sögusvið Jvs. einkum bundið við Danmörku, Noreg og Vindland. Mörg örnefni koma fyrir í sögunni, sum hver eru þekkt nú en önnur ekki. Lýsingar á staðháttum eru yfirleitt fábrotnar. Sjálfri Jómsborg er þó lýst nokkuð rækilega samanborið við aðra staði:

Og þar lætur hann gera brálliga í sínu ríki sævarborg eina mikla og ramgjörva, þá er Jómsborg er kölluð síðan. Þar lætur hann og gera höfn þá uppi í borginni að liggja máttu í þrjú hundruð langskip senn, svo að þau voru öll læst innan borgar. Þar var umb búið með mikilli vélfinni er í var lagt inn í höfnina, og þar var sem dyr væri gervar, en steinbogi mikill yfir uppi. En fyrir durunum voru járnhurðir og læstar innan úr höfninni. En á steinboganum uppi var görr kastali einn mikill og þar valslöngur í. Sumur hlutur borgarinnar stóð út á sæinn, og eru þær kallaðar sæborgir er svo eru görvar og af því var innan borgar höfnin (128).

Örnefnið Jumne eða Jomi má finna í fleiri heimildum, meðal annars í riti Adams frá Brimum.<sup>7</sup> Borgin er nefnd þegar Adam lýsir staðháttum í Slavia, stóru landsvæði í Germaníu (*Germaniae*)

<sup>1</sup> *Heimskringla* I, 358.

<sup>2</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 48.

<sup>3</sup> Saxo Grammaticus, *Gesta Danorum* 1, 626 (10.2,1) og 630 (10.4,4).

<sup>4</sup> *Encomium Emmae*, 11.

<sup>5</sup> *Flateyjarbók* I, 203–205.

<sup>6</sup> Ólafur Halldórsson 1969, „Inngangur“, 49–50; frásögnin minnir um margt á það þegar Sigvaldi velur kvonfang handa Sveini tjúguskegg í Jvs.

<sup>7</sup> *Hamburgische Kirchengeschichte*, 79. Fyrir nýlega umræðu um uppruna og þróun örnefnisins og möguleg tengsl

þar sem Vandalir (Wandali) búa. Hann lýsir þessu landsvæði rækilega og segir meðal annars að áin Oder sé stærsta fljótið á slavneska svæðinu og að við mynni hennar standi *Iumne*, göfug borg og vel þekkt miðstöð verslunar fyrir barbara og Grikki. Að hans sögn er borgin sú stærsta í Evrópu og þar komi saman fólk úr ýmsum áttum, meðal annars Grikkir og Saxar. Hann tekur fram að þrátt fyrir að heiðnar venjur séu þar enn í heiðri hafðar séu íbúar borgarinnar gestrisnir og örlátir. Þar sé og gnótt ýmissa vörutegunda frá öllum norrænum þjóðum. Ólafur Halldórsson nefnir Arnór jarlaskáld sem elstu heimildina um örnefnið, en í kvæði eftir hann má finna orðið *Jómi*.<sup>1</sup> Þó að Arnór hafi verið uppi á 11. öld er vísan fyrst varðveitt í Konungsbók *Snorra-Eddu* sem talin er rituð um 1300.<sup>2</sup> Vísan er hluti *Hrynhendu* sem Arnór orti um Magnús góða og er einnig varðveitt í sögu hans í *Heimskringlu* og *Morkinskinnu*. Í vísunni segir að breitt virki hafi verið í borginni þegar Magnús góði fór þangað í herför. Í *Historia Norvegiæ* er borgarinnar *Jome* getið og þar kemur fram að hún sé traustust (*firmissima*) slavenskra borga.<sup>3</sup> Borginni er ekki lýst heldur aðeins nefnd þegar greint er frá herleiðöngrum Ólafs Tryggvasonar sem hafði veturviðdvöl hjá vinum sínum á Jómi. Í *Ágrip* má finna svipaða frásögn þegar tekið er fram að Ólafur hafi iðulega haft „vetrsetu sína á Vinðlandi í borg þeiri er hét Jómsborg“.<sup>4</sup> *Ágrip* virðist því elsta heimild íslenska heitisins *Jómsborg*. Í *Fagurskinnu* er upphafi Jómsborgar lýst á annan hátt en í Jvs: „Haraldr konungr Gormsson herjaði á Vinðland ok lét þar gøra borg mikla, er heitir at Jómi, ok er sú borg kǫlluð síðan Jómsborg.“<sup>5</sup>

Staðsetning þessarar borgar hefur verið ýmsum hugleikin. Fornleifarannsóknir í borginni Wolin í Póllandi hafa leitt til þess að staðsetning hennar er almennt sett í samhengi við Jómsborg. Rannsóknirnar leiddu í ljós að á 10. öld hafi Wolin verið ein stærsta miðstöð Eystrasaltsins í vöruskiptum og handverki. Ekki leikur vafi á að norrænir menn hafi haft viðkomu þar.<sup>6</sup>

Hjörungavogur, þar sem Jómsvíkingar mæta liði Hákonar jarls í bardaga, hefur ekki síður valdið mönnum heilabrotum en Jómsborg en þetta örnefni er ekki þekkt í Noregi nú. Þegar Hjörungavogur er fyrst nefndur til sögunnar er honum ekki lýst, þess aðeins getið að Hákon jarl og synir hans liggi á „vogi þeim er Hjörungavogur heitir“ (173). Fyrr í frásögninni kemur þó fram að þeir séu á Sunnmæri við eyna Höð. Við upphaf bardagans er aðstæðum aftur á móti lýst ágætlega:

---

ólíkra mynda þess, sjá Petrulevich, „On the etymology of at *Jómi*, *Iumne* and *Jómsborg*“, 65–97 og Udolph, „On the etymology of *Jómsborg*“, 183–210.

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 40.

<sup>2</sup> *Poetry from the Kings' Sagas* II, 197–198.

<sup>3</sup> *Monumenta historica Norvegiæ*, 113.

<sup>4</sup> *Ágrip*, 29.

<sup>5</sup> *Fagurskinna*, 121.

<sup>6</sup> Duczko, „Viking-Age Wolin (Wollin) in the Norse Context of the Southern Coast of the Baltic Sea“, 144–146; Morawiec, *Vikings among the Slavs*, 193–208; *Jómsvíkingar: Wolin-Jómsborg, verslunarstaður í Póllandi*, 7–12.

En svo er hér frá sagt að í austur horfi botninn á Hjörungavogi en mynnið í vestur. Þar standa og út á voginum steinar þrír þeir er heita Hjörungar, og er einn þeirra nokkuru mestur, og er við þá steina vogurinn kenndur. En sker liggur inn á voginum miðjum, og er jafnlangt til lands á alla vegu frá skerinu, bæði inn á vogsbotninn og út tveim megin gagnvert. En ey liggur sú fyrir norðan voginn, er heitir Prímsigð, en Harund liggur fyrir sunnan voginn, og þar inn frá er Harundarfjörður (176–177).

Liavågen hefur verið nefndur sem möguleg fyrirmynd Hjörungavogs og árið 1986 var reistur minnisvarði um bardagann við Liavågen.<sup>1</sup> Bæði John Megaard og Ólafur Halldórsson benda aftur á móti á að lýsingin passi ekki við Liavågen en mynni hans snýr í norðaustur.<sup>2</sup> Önnur lýsing úr AM 510 4to kemur betur heim og saman við Liavågen. Þar segir: „Þeir fara sidann inn med eyne, þar til er þeir koma firer innann Haud og i vikina firer eyiar-endann nordur, þar sem heiter Hiorunga-vogur.“<sup>3</sup> Lengri lýsinguna er þó einnig að finna í 510 og því koma þar fyrir tvær lýsingar á Hjörungavogi sem eru í mótsögn því að vogur við norðurenda eyjar hefur varla mynni sem snýr í vestur.

Ólafur Halldórsson fjallaði um Liavågen sem Hjörungavog í léttum dúr þegar hann skrifaði:

Norðmenn hafa ekki varðveitt Hjörungarvog öllu betur en sín gömlu handrit ... og hafa snúið honum við svo að nú horfir mynnið í norðaustur í stað þess að í Jómsvíkinga sögu horfði það í vestur. Í stað Hjörunganna þriggja úti á voginum eru nú tvö sker fyrir utan voginn, en ekkert sker lengur á miðjum voginum, svo að ekki hefði sú góða hetja, Vagn Ákason, getað bjargað sér og mönnum sínum í þetta sker, ef hann hefði barist á voginum eins og hann er núna, og hefði þess vegna trúlega druknað og Jómsvíkinga saga þar með orðið leiðinleg.<sup>4</sup>

Í framhaldinu segist Ólafur hafa hugsað sér að reyna að finna hinn rétta Hjörungavog en féll frá þeirri hugmynd þegar hann las grein eftir Halldór Laxness. Ályktun Halldórs hljómaði svo: „Uvilkárligt fár læseren lyst til at valfarte til dette sted og spørger, hvor er Hjörungavåg? Men her er vi på sagaens enemærker. Hjörungavåg er et sted som Svolder, hvor Olaf Tryggvason faldt, og som ikke blev skabt af Gud, men lavet af islændere. Ikke engang filologerne ved hvor disse steder ligger.“<sup>5</sup> Síðar virðist þó sem Ólafur hafi íhugað málið enn frekar og segir lýsingu Jvs. geta bent til Steinavogs við Álasund.<sup>6</sup>

John Megaard telur ástæðu þess að örnefni Jvs. séu sum ókunn í Noregi geti stafað af því að ein heimild sögunnar hafi verið latnesk og staðarnöfnin séu þess vegna tvíþýdd, fyrst úr norrænu á latínu og síðan aftur úr latínu á norrænu.<sup>7</sup> Ef þýðendur hafi ekki haft þekkingu á staðháttum megi vel búast við því að þau brengrlist. Máli sínu til stuðnings rekur hann mögulega þróun

<sup>1</sup> Helle, „Jomsvikingeslaget: islandsk heltediktning?“ 172. Þess má geta að á nútímalandakortum er Liavågen stundum einnig merktur með nafninu Hjörungavågen.

<sup>2</sup> Megaard, „Hvor sto “Slaget i Hjörungavågr”? Jomsvikingeberetningens stedsnavn og Sæmundr fróði,“ 32–33; Ólafur Halldórsson, „Mostur og Sæla,“ 106. Um merkingu örnefnisins, sjá Þórhallur Vilmundarson, „Hjörungavågr,“ 44–51.

<sup>3</sup> *Jómsvíkinga saga (efter Cod. Am. 510, 4to)*, 68–69.

<sup>4</sup> Ólafur Halldórsson, „Mostur og Sæla,“ 106.

<sup>5</sup> Halldór Laxness, *Yfirskygðir staðir*, 179.

<sup>6</sup> Ólafur Halldórsson, „Hverjir voru Jómsvíkingar?“

<sup>7</sup> Megaard, „Hvor sto “Slaget i Hjörungavågr”?“ 36–48.

örnefnanna Prímsigð og Hjörund/Harund.<sup>1</sup> Vandinn við kenningu Megaards er að heimildir fyrir henni eru litlar sem engar. Í handritum Jvs. er ýmist ritað Prímsigð eða Prímsignd og gengur Megaard út frá síðar nefndu orðmyndinni.<sup>2</sup> Hann telur að það hafi verið þýtt úr latínu *prima signatio* og leitar því að norskri eyju sem fellur bæði að staðsetningu og latínu og staldrar við eyjuna Vigra. Hún hafi á norrænu verið rituð Vigr, líklegt geti verið að skrifarar geti hafa ruglað saman löngu og stuttu rótarsérhljóði svo að úr yrði Vigr og því gæti hún hafa verið þýdd sem *prima signatio*. Í skýringu hans koma þannig nokkrar getgátur saman sem þurfa allar að vera réttar til þess að niðurstaðan komi til greina. Ólafur Halldórsson bendir á að Prímsigð sé ekki „ómögulegt“ nafn: „Prím var haft um tungl á fyrsta kvartéli, og oft hefur tungli á fyrsta og síðasta kvartéli verið líkt við sigð.“<sup>3</sup>

Enn langsóttari er skýring Megaard á þróun örnefnisins Harund sem samkvæmt sögunni liggur sunnan við Hjörungavog. Hann hefur rökfærsluna á því að benda á að sennilega endurspegli stafsetningin ekki rétta mynd nafnsins og að þetta hafi upphaflega verið ritað *Hjörund*. Fyrirmynd þess telur hann að geti verið eyjan Súla sem liggur sunnan við Vigru og Álasund. Latneskt orð sem Megaard telur að geti tengt þetta tvennt er orðið *palus* ef hörund er túlkað sem skrauthverfð merking fyrir ‘getnaðarlim’. Orðið í þeirri merkingu er þó ekki algengt, þó að vel sé þekkt dæmi úr *Njáls sögu*.<sup>4</sup>

Það kann vel að koma til greina, líkt og Megaard bendir á, að einhver heimild Jvs. hafi verið á latínu og mögulega eftir Sæmund fróða því að vitnað er til hans sem heimildamanns í 510.<sup>5</sup> Það mætti ímynda sér að Sæmundur hafi ritað á latínu og að honum látnum (d. 1133) hafi ritið verið þýtt á norrænu. Hversu langur tími hefur liðið frá skrifum Sæmundar og þýðingar ritsins er ómögulegt að vita og hafi liðið einhverjir áratugir er ekki ótrúlegt að rangþýðingar komi upp vegna vanþekkingar eða misskilnings.<sup>6</sup> Ókunn örnefni kunna að stafa af misþýðingum en slíkar tilgátur verða seint sannaðar vegna skorts á heimildum. Á hitt ber þó að líta að í íslenskum ritum frá fyrri hluta 13. aldar má finna mýmörg dæmi þess að sagnaritarar lýsi staðhättum utan lands nákvæmlega og fari rétt með örnefni í Noregi og því virðist sem lærðir menn hafi kunnað þeim skil.<sup>7</sup>

<sup>1</sup> Megaard, „Hvor sto “Slaget i Hjörungavágr”?“ 33. Sjá Jvs., 177.

<sup>2</sup> Í 291 stendur *prímsigþ*, Perg. 7 *prímsignd* og í 510 stendur *Prímsignd*.

<sup>3</sup> Ólafur Halldórsson, „Mostur og Sæla“, 106.

<sup>4</sup> Sjá *ONP*, „hörung“, *Brennu-Njáls saga*, 24. Blake telur aftur á móti að Súla samsvari eyinni Prímsigð í sögunni en ekki Harund, sbr. Blake, *Jómsvíkinga saga*, 49–50.

<sup>5</sup> *Jómsvíkinga saga (efter Cod. Am. 510, 4to)*, 54.

<sup>6</sup> Ólafur Halldórsson hefur t.d. fært rök fyrir því að örnefnið Mostur og Sæla sem koma fyrir í sögum af Ólafi Tryggvasyni og Ólafi helga eigi um sama staðinn. Ólafur færir rök fyrir því að latneska orðið *felicitas* geti merkt bæði sæla og mostur en aðeins annað örnefnið er þekkt, eyjan Moster. Röksemdir Ólafs eru sterkari en hjá Megaard því að örnefnið *felicitas* kemur fram hjá Theodoricus monachus, sbr. Ólafur Halldórsson, „Mostur og Sæla“, 107–112.

<sup>7</sup> Í ritum sem gerast að miklu leyti í Noregi, til dæmis *Egils sögu*, *Heimskringlu* og *Morkinskinnu* má finna ótal

Í Jvs. koma raunar fyrir örnefni sem benda til að höfundur hafi ekki búið þau til eða lýst staðháttum viljandi ónákvæmlega. Þegar Hákon jarl kastar kristni og hættir að gjalda Danakonungi skatta sendir Haraldur Gormsson leiðangur til Noregs til hefnda. Þá er tekið fram að herinn geri „aleyðu í Noregi í Sogni allt með sjó norður til Staðar, nema fimm bæi í Læradal“ (99). Sogndal stendur innarlega í Sognefjorden og enn norðar í firðinum má finna Lærdal. Einnig má nefna Slésmunna, sem í íslensku máli er þekktari sem Slésvík, og Ægisdyr. Þessi örnefni koma við sögu þegar greint er frá Danavirki „en það var gert milli Ægisdura og Slésmunna, um þvert landið milli sjóva“ (87). Ægisdyr eru ekki jafnþekktar sem örnefni og Slésvík og Slésmunni. Í *Ólafs sögu Odds* eru höfð mjög svipuð orð um staðsetningu Danavirkis en hvorki *Heimskringla* né *Fagurskinna* varðveita það.<sup>1</sup> Ægisdyr eru einnig nefndar í leiðarlýsingu Nikulásar ábóta sem varðveitt er í AM 194 8vo. Handritið er skrifað 1387 en Kálund telur víst að Nikulás sem leiðarlýsingin er kennd við hafi verið Nikulás ábóti á Þverá og er hún eignuð honum. Samkvæmt annálum kom hann heim úr reisu árið 1154 og lést 1159.<sup>2</sup> Í leiðarvísingunum segir: „Úr Noregi er fyrst að fara til Danmerkur í Álaborg. Svo telja Rómferlar að úr Álaborg sé tveggja daga för til Vébjarga [Viborg], þá er viku för til Heiðabæjar [Haddeby], þá er skammt til Slésvíkur [Schleswig], þá dagför til Ægisdyra“.<sup>3</sup> Svo virðist sem Ægisdyr sé íslenskun á ánni Eider (lat. Egdor eða Egdore) sem er lengsta áin í Slésvík-Holstein.<sup>4</sup>

Þó að vitaskuld sé lítið sem bendi til að sá sem setti saman Jvs. hafi þekkt leiðarlýsingu Nikulásar ábóta leiðir þetta í ljós að örnefni sögunnar hafa ekki verið merkingarlaus sérnöfn sem gripið var til af handahófi. Því skal þó ekki neitað að hvert sinn sem Limafjörður er nefndur í sögunni geta vaknað grunsemdir um ónákvæmni sagnaritara og hægt er að fallast á eftirfarandi orð Ólafs Halldórssonar: „höfundur Jómsvíkinga sögu kann að nefna þennan fjörð einan í Danmörku og gerir sér svo mikinn mat úr, að hann lætur engan mann komast inn í landið nema hann fari yfir Limafjörð, en aldrei hefur hann vitað hvar þessi fjörður er.“<sup>5</sup> Á einum stað segir: „Þeir hittust á Limafirði, þar sem heitir að Hálsi“ (81). Þetta er í eina sinnið sem einhver nánari lýsing er höfð við Limafjörð en ekki er hún rækileg.<sup>6</sup>

dæmi um þetta.

<sup>1</sup> Sjá *Ólafs sögu Odds*, 170.

<sup>2</sup> *Alfræði íslenzk* I, xix-xx, *Sturlunga saga. Skýringar og fræði*, 54–65.

<sup>3</sup> *Sturlunga saga. Skýringar og fræði*, 54.

<sup>4</sup> Í *Íslenzkum sagnablöðum* no. 9, 1824-1825 má alltént finna þessa þýðingu á árheitinu; þar stendur að ýmsar byggðir Holtsetulands hafi orðið fyrir sjávargangi „einkum nálægt Ægisdurum (edur ánni Eyder)“.

<sup>5</sup> „Inngangur“, 25.

<sup>6</sup> Í 19. vísu *Noregskonunga tals* kemur fram að Haraldur Gormsson og Gull-Haraldur hafi rænt nafna sinn gráfæld lífi að Hálsi í Limafirði, sjá *Flatayjarbók* 2, 522. Í *Egils sögu*, 218, má finna dæmi ótengt þessari frásögn þar sem Háls er nefndur í sömu andrá og Limafjörður, þegar Egill og Arinbjörn koma til Danmerkur eftir herför um Saxland og Fríslund.

Fjöldmörg örnefni önnur koma fyrir í sögunni en af þessum dæmum má vera ljóst að margt er á huldu um skilning þeirra á ritunartíma. Taka má undir með Halldóri Laxness að vel megi ímynda sér að skrásetjari sögu sem gerist að öllu leyti utan Íslands lýsi staðháttum af ónákvæmni og hafi ekki teljandi áhyggjur af því að verða rengdur. Aftur á móti er ekki hægt að saka höfund sögunnar um fullkomna örnefnafölsun. Sagnaritun á 12. öld kann að hafa verið áhrifarík, bæði á latínu og norrænu, og bjagað túlkun og framsetningu örnefna. Þó að tilgátur Megaard séu hæpnar er ekki útilokað að í einhverjum tilvikum séu annars óþekkt örnefni komin til vegna þýðinga á latínu og þaðan yfir á norrænu þó að erfiðara geti verið að rekja hvernig þróunin hefur orðið í einstökum örnefnum vegna skorts á heimildum. Misþýðingar kunna að vera ein skýring óþekktara örnefna og misritun eða ónákvæmni eldri sagnarita getur verið önnur. Ekkert kemur því í veg fyrir að höfundur hafi stuðst við tiltækar heimildir um staðhætti og ekki einungis eigið hyggjuvit.

### 3.1.3 Jómsvíkingabardagi

Í umræðu um Jómsvíkinga sögu er jafnan gert ráð fyrir að bardaginn við Hjörungavog, einnig þekktur sem Jómsvíkingabardagi, eigi sér fyrirmynd í bardaga sem hafi í raun átt sér stað.<sup>1</sup> Bardagans er þó hvorki getið í *Historia Norvegiæ* né *Historia de Antiquitate Regum Norwagiensium*. Engin vísun er til bardagans í *Ágrip* og Knut Helle bendir á að *Fagurskinna* sé elsta heimildin sem getur bardagans skýrt.<sup>2</sup> *Fagurskinna* er hins vegar talin rituð um 1220 og mögulegt að Jvs. sé frá svipuðum tíma. Hún er því einnig með elstu sögum sem skýra frá bardaganum. Hvað sem því líður er ljóst að yfir 300 ár líða frá því að bardaginn á að hafa gerst og þar til varðveittar heimildir greina frá honum og þær eru allar íslenskar. Líkt og Knut Helle bendir á getur ástæða þess verið að minningin um þennan bardaga hafi varðveist í munnlegri geymd og dróttkvæðum, en nokkur varðveitt dróttkvæði vísa til bardagans.

Lengsta og þekktasta kvæðið sem greinir frá bardaganum er *Vellekla*, eignuð Einari skálaglammi og ort til heiðurs Hákon jarli. Sem fyrr segir kemur Einar skálaglamm fyrir í Jvs. en kvæðið er allt varðveitt utan sögunnar. Í Jvs. yrkir hann þó þrjár vísur sem allar eru taldar til lausavísna Einars.<sup>3</sup> *Vellekla* er hvergi varðveitt í heild heldur hefur verið endurgerð úr vísnum sem eru varðveittar í ýmsum textum, einkum *Skáldskaparmálum*, *Heimskringlu*, *Ólafs sögu Tryggvasonar hinn mestu* og *Fagurskinnu*, alls 37 vísur og vísuhelmingar. Í kvæðinu er meðal annars greint frá því þegar Hákon jarl berst með Haraldi Gormssyni gegn Ótta keisara við Danavirki og sagt frá miklum bardaga Hákonar við Vindur sem lúta í lægra haldi. Smáatriði eru

<sup>1</sup> Sbr. Ólafur Halldórsson, *Jómsvíkinga saga*, 43–44 og Blake, „Introduction,“ xiv.

<sup>2</sup> Helle, „Jómsvíkingeslaget: islandsk heltektning?“ 171–172.

<sup>3</sup> *Poetry from the Kings' Sagas* II, 331.

fá og stangast hvorki á né bæta nokkru við það sem fram kemur í Jvs. Sveinbjörn Rafnsson hefur sett fram þá tilgátu að *Vellekla* geti verið ranglega eignuð Einari skálaglamm og að hún sé í raun ort eftir einhverri gerð Jómsvíkinga sögu.<sup>1</sup> Hann byggir rök sín einkum á því að hann telur Jvs. elstu heimildina sem getur bardagans við Danavirki og að grunsamlegt megi þykja að engar vísur *Velleklu* séu í sögunni.

Þessi ágiskun Sveinbjörns hlýtur engan stuðning úr heimildum og ekki er endilega víst að Jvs. sé elsta heimildin sem getur bardagans við Danavirki því að eins og rakið er í 2. kafla er lítið fast í hendi um aldur sögunnar annað en rök Foote um að málið á 291 bendi til þess að forritið hafi verið frá um 1230.<sup>2</sup> Sveinbjörn bendir réttilega á að langur tími líður frá láti Einars skálaglamms og varðveislu kvæðisins og því ekki hægt að fullyrða að kvæðið sé samtímaheimild um bardagann. Að auki er erfitt að ímynda sér hvernig kvæðið gæti hafa verið þegar það var ort vegna brotakenndrar varðveislu. Tólf vísur og vísuhelmingar kvæðisins eru varðveittir í *Skáldskaparmálum*, þar af eru níu þeirra ekki annars staðar.<sup>3</sup> Þar kemur hins vegar aldrei fram að nokkur þessara vísna tilheyri kvæði sem ber titilinn *Vellekla*, heldur eru þær aðeins eignaðar Einari án vísunar til kvæðisins. Hið sama má segja um *Fagurskinnu*, allar vísur sem eignaðar eru Einari skálaglamm þar og taldar til *Velleklu* í útgáfum eru án minnstu skírskotunar til kvæðis með þeim titli. Aðra sögu er að segja um *Heimskringlu* en þar er vísað til kvæðisins með titli. Þar er það þó ekki varðveitt í heild heldur í bótum. Sex vísur koma fyrir í *Haralds sögu gráfeldar* og sextán eru dreifðar um *Ólafs sögu Tryggvasonar*.<sup>4</sup>

Auk *Velleklu* fjallar *Hákonardrápa*, sem eignuð er Tindi Hallkelssyni, öll um Jómsvíkingabardaga. Svo vill raunar til að af ellefu varðveittum vísnum og vísuhelmingum eru átta eingöngu varðveittar í Jvs. í AM 510 4to sem er eins og fyrr er getið frá 16. öld.<sup>5</sup> Í 510 eru einnig varðveittar tvær vísur úr *Eiríksdrápu* eftir Þórð Kolbeinsson en þar er bardagans einnig getið. Bróðurpartur þeirrar drápu er varðveittur í *Fagurskinnu* og hefur Alison Finlay bent á að þessar vísur sem 510 á sameiginlegar með *Fagurskinnu* og *Heimskringlu* geti bent til þess að 510 sé runnið undan týndri gerð Jvs. sem var notuð sem heimild í *Fagurskinnu* og *Heimskringlu*.<sup>6</sup>

Ekkert þessara kvæða bætir nokkru efnislega við þær heimildir um bardagann sem þegar hafa verið nefndar. Í þessu sambandi má einnig minnst tveggja drápna um Jómsvíkinga,

<sup>1</sup> Sveinbjörn Rafnsson, *Af fornum lögum og sögum*, 116–121.

<sup>2</sup> Sjá kafla 2.3 hér að framan.

<sup>3</sup> Sjá inngang Edith Marold að kvæðinu í *Poetry from the Kings' Sagas I*, 280–282.

<sup>4</sup> Sjá yfirlit um varðveisluna hjá Jesch, „Jómsvíkinga Sögur and Jómsvíkinga Drápur: Texts, Contexts and Intertexts“, 86–87.

<sup>5</sup> Hinar þrjár eru einnig varðveittar í *Heimskringlu* og *Ólafs sögu Tryggvasonar hinn mestu* og ein þeirra vísna er að auki varðveitt í *Skáldskaparmálum*, sjá *Poetry from the Kings' Sagas I*, 336.

<sup>6</sup> Finlay, „*Jómsvíkinga Saga and Genre*“, 69.



*Búadrápu* og *Jómsvíkingadrápu*, en bardaginn er þungamiðja hvors kvæðis. *Jómsvíkingadrápa* samanstendur af 45 vísu eða víshelmingum sem lýsa bardaganum og aðdraganda hans. Drápan hefur mansöng og stef, fyrsta lína 15. vísu er endurtekin alls fimm sinnum.<sup>1</sup> Stærsti hluti drápunnar, allt nema síðustu þrjár vísurnar og tveir víshelmingar, er varðveittur í Codex Regius *Snorra-Eddu*. Hluti drápunnar er einnig varðveittur í *Ólafs sögu Tryggvasonar hinnu mestu* í AM 61 fol., AM 54 fol. og Sth. Perg. 1 fol.

Búadrápa er varðveitt í *Ólafs sögu Tryggvasonar hinnu mestu* í AM 61 fol., AM 53 fol. og AM 54 fol. og þar er nefndur höfundur hennar, Þorkell Gíslason. Drápan er alls 12 vísur sem allar fjalla um bardagann en hvorki er vitað hvenær drápan var ort né hver Þorkell var. Efni drápunnar er nátengt efni Jvs. og þar eru nefndir þeir Búi, Vagn og Eiríkur Hákonarson. Bæði *Jómsvíkingadrápa* og *Búadrápa* gætu verið ortar eftir sögunni sjálfri eða skyldum textum, en um þetta verður ekki fullyrt. Báðar eiga þær það sameiginlegt með öðrum kvæðum sem hér hafa verið nefnd að efnið hvorki stangast á við söguna né bætir við hana og raunar er efni þeirra einfalt. Ólafur Halldórsson komst vel að orði þegar hann dró saman þann fróðleik sem kvæðin varðveita: „Af þessum kvæðum er ljóst að Danir hafa farið með mikinn skipaher að þeim feðgum, Hákon og Eiríki, og að Vindur hafi verið í liði þeirra, en helztu foringjar liðsins hafi verið Sigvaldi og Búi.“<sup>2</sup> Jakub Morawiec telur þó að hefðin sýni að bardaginn hafi verið mikilvægur í sögu Norðurlanda, bæði fyrir sigurvegarana og þá sem töpuðu, því að hann hafi verið uppspretta frægðar beggja aðila, Jómsvíkinga og Hákonar jarls.<sup>3</sup>

Það er vissulega rétt að í íslenskri sagnahefð hefur þessi bardagi þótt mikilvægur í sögum af Hákon jarli og Jómsvíkingum. Þessar frásagnir geta ekki verið góð heimild um það hvort, hvernig og hvenær bardaginn varð, þar eð engar samtímaheimildir greina frá honum, nema dróttkvæðin *Vellekla* og *Hákonardrápa*, að því gefnu að þær hafi verið skráðar eins og þær voru ortar af fyrrgreindum skáldum. Heimildirnar gefa þannig ekki tilefni til þess að álykta að bardaginn hafi verið mikilvægur í sögu Norðurlanda á 10. öld en þegar komið er fram á 13. öld er hann órjúfanlegur hluti sögunnar af Hákon og Jómsvíkingum. Þetta birtist bæði í sagnaritum og kvæðum. Hér er því mikilvægt að gera greinarmun á bardaganum sjálfum, það er atburði sem kann að hafa gerst, og sagnahefð. Textar miðla völdum upplýsingum, minningum og frásögnum af atburðum sem hafa mótast í tímans rás.

<sup>1</sup> Stefið er endurtekið í vísu 19, 23, 27, 31 og 35. Sjá *Poetry from the Kings' Sagas* I, 954. Sjá einnig Jochens, „Mansöngur and the Jómsvíkingar,“ 23–36 en hún telur að *Jómsvíkingadrápa* sé gott dæmi um það að mansöngur hafi þróast frá því að vera sakhæft erótískt nið (sbr. *Grágás*, 274) yfir í kvæði sem lýsir harmi skáldsins vegna óendurgoldinnar ástar.

<sup>2</sup> Ólafur Halldórsson, *Jómsvíkinga saga*, 44.

<sup>3</sup> Morawiec, *Vikings among the Slavs*, 139.

### 3.2 Sagnfræði og skáldskapur

Þegar Jómsvíkingar hafa tekið land í Noregi kemur það í hlut Ögmundar hvíta að flytja Hákon jarli fréttirnar. Jarl bregst við orðum Ögmundar svo: „‘Hvað veit eg,’ segir hann, ‘hvort menn munu aldregi hætta fyrr lygisögum í landinu en nokkur hangir uppi fyrir’“ (170). Orðið *lygisaga* kemur aðeins fyrir á einum öðrum stað í íslenskum miðaldabókmenntum en það er í hinni frægu frásögn af sagnaskemmtun á Reykjahólum árið 1119 í *Porgils sögu og Haflíða*: „En þessari sögu var skemt Sverri konungi, ok kallaði hann slíkar lygisögur skemtiligstar.“<sup>1</sup> Þessi tvö tilvik eru jafnan notuð sem dæmi í umræðu um skáldskap og sagnfræði á miðöldum og orðið hefur í raun fengið stöðu sem miðaldahugtak um ákveðna gerð sagna. Er þar mikil ábyrgð lögð á orð sem ekki finnst oftast í íslenskum miðaldatextum.<sup>2</sup> Dæmi Jvs. bendir til að orðið merki beinlínis skrök eða lygi almennt fremur en tiltekna gerð sagna sem dregur enn úr lögmæti þess sem hugtaks. Þá flækist merking orðsins í *Porgils sögu* vegna fyrirvarans sem kemur um Hrómund Gripsson og „lygisöguna“ af honum: „ok þó kunna menn at telja ættir sínar til Hrómundar Gripssonar“.<sup>3</sup>

Vangaveltur um merkingu orðsins *lygisaga* í þessum tveimur tilvikum er aðeins angi af stærri umræðu, skilgreiningum og skilningi á hugmyndum um sagnfræði og skáldskap. Hugtökin eru hér notuð í nokkuð nútímalegum skilningi og verður betur vikið að hugmyndum um þau á miðöldum á næstu síðum. ‘Sagnfræði’ samsvarar e. *history* og ‘skáldskapur’ e. *fiction*. Það skal tekið fram að orðið ‘skáldskapur’ á íslensku á miðöldum merkir fremur ‘kveðskapur’ og er ekki notað um laust mál. Í fornálsorðabók Fritzners er orðið skilgreint annars vegar: „poesi, digtning og digtekunst“ og hins vegar: „især saadan poesi, som indeholdt personligheder, hvilken var forbudt.“<sup>4</sup> Í *Grágás* er sérgrein um skáldskap því að „[h]vortki á maður að yrkja um mann lof né löst“ og í kjölfarið er greint frá hvernig mögulegt sé að fremja brotið en næsta grein fjallar um hvernig stefna skal um skáldskap.<sup>5</sup> Öll dæmi *Grágásar* um skáldskap eiga um ‘það sem ort er’. Hugtakið skáldskapur í miðaldatextum tengist ekki endilega sannleika eða lygi. Í nútímamáli getur það samkvæmt orðabók merkt hvort tveggja ‘það að yrkja’ og ‘ýkjur’ eða jafnvel ‘skrök’ en er ekki síður notað til lýsingar á lausu máli, nátengt hugtakinu ‘skáldsaga’. Af ritmálssafni Orðabókar Háskólans að dæma eru fyrstu dæmin um að

<sup>1</sup> *Sturlunga saga: efter membranen Króksfjarðarbók I*, 22.

<sup>2</sup> Dæmi um notkun þessa hugtaks sem heiti á flokki bókmennta má meðal annars sjá í útgáfu Áke Lagerholm á *Egils sögu einhenda og Ásmundar berserkjabana, Ála flekks sögu og Flóres sögu konungs* frá árinu 1927 sem ber titilinn *Drei lygisögur*. Nýlegra dæmi má finna í kaflaheitinu „Late prose fiction (lygisögur)“ í *A Companion to Old Norse-Icelandic Literature and Culture*. Sjá einnig: Bibire, „On Reading the Icelandic Sagas: Approaches to Old Icelandic Texts,“ 6–8, Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum*, 253 og O’Connor, „History or fiction?: truth-claims and defensive narrators in Icelandic romance-sagas,“ 136–139.

<sup>3</sup> *Sturlunga saga: efter membranen Króksfjarðarbók I*, 22, sbr. Foote, „Sagnaskemmtan: Reykjahólar 1119,“ 236.

<sup>4</sup> Fritzner, *Ordbog over det gamle norske sprog*, „kveðskapr“.

<sup>5</sup> *Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, 273–274.

‘skáldskapur’ geti átt við laust mál frá því á 19. öld og breyting merkingarinnar helst þannig sennilega í hendur við vöxt skáldsögunnar.<sup>1</sup>

Ástæða þess að merking þessara hugtaka er rædd hér er sú að þau stinga hvað eftir annað upp kollinum í umræðu um Jómsvíkinga sögu. Torfi H. Tulinius taldi söguna mikilvægt skref í þróun lausamálsbókmennta hér á landi og Sverrir Tómasson rær á svipuð mið þegar hann segir að vera kunnir að sagan sýni hvernig skrefið frá sagnfræði til skáldskapar hafi fyrst verið stigið til fulls.<sup>2</sup> Í inngangi að danskri þýðingu sögunnar telja Degnbol og Jensen að ekki sé auðvelt að koma auga á hvar sagnfræðinni ljúki og skáldskapurinn taki við en Hollander, í enskri þýðingu sögunnar, kallar hana líkasta því sem nú kallast söguleg skáldsaga.<sup>3</sup> Í umræðu um söguna í þessu samhengi getur verið erfitt að greina hvaða skilning fræðimenn leggja í hugtökin sagnfræði og skáldskap og mörkin þar á milli. Vitaskuld er hver og einn mótaður af hræringum síns tíma og erfitt getur reynst að losna undan þeim skilningi sem lagður er í hugtökin nú. Það er á hinn bóginn þess virði að reyna að kasta nútímaskilningi fyrir róða og spyrja hvaða augum viðtakendur litu söguna á miðöldum. Sú mynd verður aldrei fullkomin vegna fjarlægðar í tíma en fræðilegar rannsóknir og miðaldertextarnir sjálfir geta skerpt þessa mynd.

### 3.2.1 Skáldskapur og sagnfræði á miðöldum.

Oft er miðað við 12. öld þegar reynt er að greina vöxt ritaðs skáldskapar á miðöldum, þó að upphaf skáldskapar sé sjaldan miðað við þann tíma.<sup>4</sup> 12. öldin hefur jafnvel verið kennd við endurreisn (*renaissance*) eins og titill bókarinnar *Renaissance and Renewal in the Twelfth Century* ber með sér en bókin er safn fræðigreina sem miða að því að túlka menningu 12. aldar frá ýmsum hliðum.<sup>5</sup> Á þessum tíma verða áhrif fornra latneskra rita áberandi í Evrópu, varðveittu eru fjölmörg rit frá miðöldum þar sem latnesk rit eru útskýrð (e. *commentary*) og einnig jókst fjöldi þýðinga úr grísku og arabísku.<sup>6</sup> Hinar klassísku lærdómslistir *grammatica* og *rhetorica* voru yfir og allt um kring. Að fornu voru þær einkum reglur um mælskulist sem höfðu áhrif á

<sup>1</sup> Sjá til dæmis grein frá 1893–1894 í *Sunnanfara* 1:3–4 um skáldsöguna *Jón biskup Vídalín* eftir Torfhildi Hólm þar sem greinarhöfundur notar hugtakið um efni bókarinnar.

<sup>2</sup> Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 192; Sverrir Tómasson, „Konungasögur,“ 387.

<sup>3</sup> Degnbol og Jensen, „Indledning,“ 14; Hollander „Introduction,“ 14. Gustav Storm taldi að í Jvs. hefðu sagnirnar sem lögju að baki henni tapað „historisk karakter“ sbr. Storm, „Om Redaktionerne af *Jomsvikingasaga*,“ 248; sjá einnig Berman, „The Political Sagas,“ 115.

<sup>4</sup> Erfitt getur reynst að benda nákvæmlega á hvert sé fyrsta varðveitta ritaða skáldverkið. Per Nykrog nefnir *Satiricon* sem hið elsta og síðan megi finna texta á stangli frá fyrstu öldum eftir Krists burð sem telja megi til skáldverka, sbr. Nykrog, „The Rise of Fiction,“ 94. Tólfta öldin er einkum viðmið um vöxt skáldverka.

<sup>5</sup> Titill þeirrar bókar vísar raunar aftur til ritsins *Renaissance of the Twelfth Century* eftir sagnfræðinginn Charles Homer Haskins frá árinu 1927. Sjá Ladner „Terms and Ideas of Renewal,“ 28 um lögmæti þess að nota hugtakið „renaissance“ um 12. öldina.

<sup>6</sup> Sjá t.d. d’Alverny, „Translations and Translators,“ 426–457; Rita Copeland fjallar í bók sinni *Rhetoric, Hermeneutics, and Translation in the Middle Ages* um rík áhrif þýðinga fornra rita yfir á latínu og þjóðtungur á miðöldum sem og skýringar ýmissa rita. Þessi áhrif hafi verið mikilvægur þáttur í menntun manna og túlkun þeirra á bókmenntum miðalda.

mál og stíl ræðumanna en á miðöldum lutu þær fremur að rituðu máli. Í inngangi að útgáfu á mörgum grundvallartextum frá miðöldum lýsa Copeland og Sluiter þessum áhrifum svo: „Whether one was to approach texts from the perspective of a poet or an exegete, whether the texts to be considered were secular or sacred, whether one was to compose a text or teach others how to compose, an education in the principles of grammar and rhetoric was the entryway into literary thought.“<sup>1</sup> Þetta er sá heimur sem menntamenn miðalda tilheyrta.

Per Nykrog telur að í upphafi 12. aldar á frönskumælandi svæðum megi í grófum dráttum segja að bókmenntum (*literary*) sé stillt upp gegnt skáldskap. Hið ritaða orð var frátekið fyrir texta á latínu sem þjónuðu ákveðnum kirkjulegum og stjórnsýslulegum tilgangi. Slíkir textar voru settir fram sem sannleikur og ætlast var til að fólk tryði þeim. Nykrog telur að skáldskapurinn hafi gengið manna á millum í munnlegum frásögnum.<sup>2</sup> Samfara vexti skáldskapar ber einnig í auknum mæli á *höfundinum*. Rétt er að gera nánari grein fyrir hugmyndum um höfundinn og umræðu um hlutverk hans á miðöldum áður en lengra er haldið. Orðið *höfundur* er þekkt á Íslandi miðalda. Í fyrstu málfræðiritgerðinni segir: „Skáld eru höfundar allrar rýnni eða málsgreinar sem smiðir [smíðar] eða lögmenn laga.“<sup>3</sup> Sverrir Tómasson bendir á að orðið „rýnni“ í þessu samhengi hljóti að merkja hið sama og lat. *enarratio peatarum* og eigi við um þá iðju skálda og fræðimanna að útskýra innlendan skáldskap á sama hátt og gert var við fornlatneskan kveðskap á meginlandinu. Orðið höfundur sé þó hvorki í *Fyrstu málfræðiritgerðinni* né öðrum miðaldatextum notað í sömu merkingu og það hefur nú og óvíst nákvæmlega hver merking þess er hjá Fyrsta málfræðingnum.<sup>4</sup> Sverrir bendir ennfremur á að í norrænu séu fleiri hugtök sem eru notuð um ritstörf eins og sögnin „gera“ í merkingunni ‘að búa til’ eða ‘skapa’ og orðasambandið „setja saman“. Sverrir telur þetta benda til að höfundar hafi talið starf sitt eiga um verkið í heild og að þeir hafi ekki greint á milli skrifanna sjálfra og sköpunar textans.<sup>5</sup>

Else Mundal telur mögulegt að mörk bókmenntagreina hafi áhrif á það hvaða skilning megi leggja í hugtakið „höfundur“.<sup>6</sup> Íslendingasögur og fornaldarsögur eru nafnlausar en margar konungasagnanna eru tengdar nafngreindum höfundum og telur hún líklegt að höfundar Íslendingasagna og fornaldarsagna hafi ekki litið starf sitt sömu augum og þeir sem rituðu konungasögur. Hún telur að ástæðan kunni að felast í mismunandi viðhorfi til heimilda. Annars vegar byggji höfundar verk sín á rituðum heimildum og eru gagnrýnir á þær en hins vegar miðla

<sup>1</sup> Copeland og Sluiter, „General Introduction,“ 1. Um þetta hefur margt verið ritað og má t.d. nefna ágætt rit James J. Murphy, *Rhetoric in the Middle Ages. A History of Rhetorical Theory from St. Augustine to the Renaissance*.

<sup>2</sup> Sbr. Nykrog, „The Rise of Literary Fiction,“ 593–594.

<sup>3</sup> *The First Grammatical Treatise*, 224–226, stafsetning samræmd.

<sup>4</sup> Sverrir Tómasson, „*Höfundr–Skáld: Author, Compiler, and Scribe in Old Norse Literature*,“ 237.

<sup>5</sup> Sama rit, 243–247.

<sup>6</sup> Mundal, „Modes of Authorship and Types of Text in Old Norse Culture,“ 211.

höfundar lifandi sagnahefð sem þeir telja sig ekki hafa neinn eignarrétt á. Þetta gæti átt rætur í hefðinni en eins og Nykrog bendir á hafa sagnamenn aðeins verið eigendur verks jafnlengi og þeir voru að flytja það; um leið og annar maður flytur sama verk er sá hinn sami orðinn skapari þess.<sup>1</sup>

Sá sem semur eða setur saman sögu og ritar hana niður er aftur á móti sífellt nálægur og textinn er undir hans stjórn, jafnvel eftir að hann fellur frá, svo fremi að hinn ritaði texti hans glattist ekki. Nykrog telur jafnframt að þetta hlutverk höfundarins vegi þyngra ef höfundurinn ritar skáldskap og starf hans sé annað en þess sem ritar texta og telur sig einungis viðhalda hefð eða breiða út orð Guðs með skrifum sínum. Líkt og umræðan gefur til kynna er erfitt að komast hjá því að nota orðið *höfundur* þegar vísa þarf til þess sem ber ábyrgð á textanum eins og hann hefur varðveist. Ekkert er því til fyrirstöðu að um fleiri en einn geti verið að ræða en hér verður þó áfram aðeins vísað til höfundarins í umræðu um Jvs. og aðrar höfundalausar miðaldabókmenntir með þeim fyrirvara að nútímaskilningur þess orðs á ekki við og að starf höfundarins hafi verið fjölbreytt.

Vöxtur skáldskapar er samofinn upphafi rómönsunnar og umræðan beinist að hinu frönskumælandi svæði. Oftar en ekki er nafn Chrétien de Troyes nefnt í sömu andrá. Hann er jafnan talinn fyrsti nafngreindi maðurinn sem ritar skáldskap á þjóðtungu.<sup>2</sup> Lítið er vitað um bakgrunn Chrétien en ritstörfin hefur hann að öllum líkindum stundað við hirðina. Hann nefnir bæði Marie de Champagne, greifynju og dóttur Loðvíks sjöunda, og Philippe d'Alsace greifa í Flanders 1168–1190 sem sína velgjörðarmenn.<sup>3</sup> Chrétien ritaði fimm sögur í bundnu máli á árunum 1170–1190, tvær þeirra eru reyndar af ókunnnum ástæðum ókláraðar. Efniviður allra sagnanna er sóttur í heim Artúrs konungs og riddara hans en eins og vel er þekkt varð þessi heimur uppspretta fjölda sagna sem urðu geysivinsælar.<sup>4</sup>

Þjóðtungan er mikilvæg þegar kemur að því að skilgreina Chrétien sem einhvers konar upphafsmann skáldskapar því að í umræðu um skáldskap og sagnfræði er ekki hægt að líta fram hjá mun eldri latneskum verkum á borð við Eneasarkviðu Hómers, rit Óvíðs og fleiri. Á hinn

<sup>1</sup> Nykrog, „The Rise of Literary Fiction“, 594.

<sup>2</sup> Sbr. t.d. Walter Haug sem telur fyrstu sögu Chrétien, *Erec et Enide* marka upphaf nýs skeiðs í vestrænum bókmenntum. Hann bendir á að deila megi um hvort sögur Chrétien hafi verið ritaðar og skildar sem „fiktión“ en að þær flokkist óumdeilanlega sem slíkar á mælikvæða bókmenntafræði nútímans, sjá Haug, *Literaturtheorie im deutschen Mittelalter*, 91–92.

<sup>3</sup> Marie de Champagne nefnir hann í upphafi *Lancelot ou le Chevalier de la Charrette* og í upphafi *Perceval ou le Conte du Graal* lofsyngur Chrétien Philippe frá Flanders, sjá *Oeuvres complètes*, 507 og 685. Sjá nánari umfjöllun hjá McCash, „Chrétien's Patrons“, 15–25.

<sup>4</sup> Geoffrey of Monmouth er jafnan talinn fyrsti höfundurinn sem ritar yfirgrípsmikla sögu af Artúri og hirð hans í riti sínu *Historia Regum Britanniae*. Um 1155 orti Wace *Roman de Brut* sem er endurgerð *Historia* eftir Geoffrey í bundnu máli á frönsku. Chrétien hefur líkast til þekkt annað hvort ritið eða hvort tveggja, sjá Lacy, „The Arthurian Legend Before Chrétien“, 43. Fleiri nafngreindir höfundar urðu einnig þekktir fyrir sögur á þjóðtungu um Artúr og hirð hans, má til dæmis nefna Wolfram von Eschenbach (um 1170–1220) og Gottfried von Strassbourg (d. um 1210) sem skrifuðu á þýsku og síðar Sir Thomas Malory (d. 1471) á ensku.

bóginn hefur verið bent á að Chrétien de Troyes brjóti blað í þróun bókmennta á miðöldum á fleiri vegu en með því að rita sögur á þjóðtungunni. L. T. Topsfield sýndi meðal annars fram á að með Chrétien þróist nýtt form sem síðan er kennt við rómönsuna. Chrétien hafi skapað sér sjálfstæða ímynd sem sé harla ólík bæði heimildunum sem hann studdist við og samtímabókmenntum.<sup>1</sup> Í upphafi *Erec et Enide* tekur Chrétien fram að hann hafi skipað sögunni fagurlega niður:

A bien dire et a bien aprandre;

Et tret d'un conte d'avanture

Une mout bele conjointure.<sup>2</sup>

Hugtakið *conjointure* sem Chrétien notar hér hefur verið talið mikilvægur lykill að verkum hans. Topsfield telur að það sem einkenni sögur Chrétien öðrum fremur á þessum tíma sé hin undirliggjandi merking sem felst í því hvernig Chrétien raðar sama atvikum og samtölum.<sup>3</sup> Hann leggur þó ekki síður áherslu á hugtakið *sen*, þá merkingu sem gefin er í skyn í efninu sjálfu, það sem lesa má milli lína eða túlka.<sup>4</sup> Walter Haug er á sama máli þegar hann fjallar um hugtökin *conjointure* og *sen* og fléttar þau saman í umræðu um hvernig Chrétien raðar niður einingum þannig að þær myndi merkingarbæra heild.<sup>5</sup> *Mout bele conjointure* bendir til að fegurð formsins hafi þýðingu í sköpun merkingar sögunnar. Hann leggur áherslu á að Chrétien hafi með verkum sínum tekið mikilvægt skref frá sögum í munnlegri geymd til ritaðra sagna og í raun stækkað heim bókmenntanna. Mikilvægi hans liggur í þessari undirliggjandi merkingu verksins sem ólíkt *exempla* og allegórískum textum sé ekki falin í *narratio fabulosa* heldur í úthugsaðri byggingu verksins. Topsfield bendir jafnframt á að Chrétien nýti ýmsar algengar frásagnaraðferðir, meðal annars úr arfi mælskufræðinnar, sem hafa áhrif á það hvernig hann kemur merkingu til leiðar. Sem dæmi nefnir hann hvernig Chrétien stillir upp þekktum andstæðum sem varpa ljósi hvor á aðra. Gleði og sorg standa saman rétt eins og skop og alvara; yfirnáttúrulegur heimur getur varpað ljósi á hinn eiginlega heim og svo framvegis. Með þessu móti telur Topsfield að Chrétien nái fram þeirri fjarlægð á söguefnið sem gerir það að verkum að merkingin felst ekki aðeins í

---

<sup>1</sup> Topsfield, *A study of the Arthurian romances*, 12.

<sup>2</sup> *Oeuvres complètes*, 3.

<sup>3</sup> Topsfield, *A study of the Arthurian romances*, 12 og 23.

<sup>4</sup> Sbr. Vinaver, *The Rise of Romance*, 16–17. Hér má einnig minnast hugtaksins *integumentum* og mætti þýða sem hulu eða hjúp. Það er arfur úr retórík en á miðöldum getur það átt um þá duldu merkingu sem leynist í söguefninu sbr. Peter Dronke, *Fabula*, 4 og 25; sjá einnig O'Connor, „History or fiction?: truth-claims and defensive narrators in Icelandic romance-sagas,” 110.

<sup>5</sup> Haug, *Literaturtheorie im deutschen Mittelalter*, 104. Sbr. Vinaver, *The Rise of Romance*, 34–38.

hinu einstaka heldur hinu almenna.<sup>1</sup> Það megi til dæmis túlka *Cligès* á þann hátt að undirliggjandi merking sé að þekking eða kunnátta (*savoir*) sé betri en glópska (*folie*) en að í rauninni búi hvort tveggja óhjákvæmilega saman í manningum.<sup>2</sup>

Það er ekki ætlunin hér að greina náðið verk Chrétien de Troyes en af því sem hér hefur verið nefnt og kemur skýrt fram hjá Topsfield, er ljóst að Chrétien markar mikilvæg skil í þróun ritaðra vestrænna bókmennta og áhrifa hans og verka hans eru ótvíræð. Sem dæmi má taka orðið sjálf, rómönsu sem m.a. er sama orðið og *roman* í nútímaensku. Orðið var upphaflega notað til þess að greina texta á rómönsku máli frá textum á latínu. Orðið *romanz*, sem Chrétien notar sjálfur, var dregið af lat. *romaince* og lýsti verkum sem rituð voru á rómönsku máli og af því varð til no. *li romanz* fyrir verk á frönsku.<sup>3</sup> En áhrif Chrétien felast ekki síst í því að með honum verður til ný leið til að rita sögur sem eru óháðar kirkjunni og hagiógrafískum rithætti. Með þeirri aðferð sem Chrétien beitir skapast rými til túlkunar hjá viðtakendum og merkingin liggur ekki endilega í augum uppi. Kröfurnar til áheyrenda aukast þannig þegar söguefni hefur verið raðað niður á ákveðinn hátt með ásetningi höfundar – slíkar sögur geta miðlað sannleik þó að hann felist ekki endilega í nákvæmni sögunnar sjálfar.

Haug telur að þessi aðferð feli í sér að verk Chrétien séu „fiktión“ en á hinn bóginn er óvíst í hvaða samhengi miðaldaáheyrendur settu sögurnar.<sup>4</sup> Ljóst sé að hugmyndin um sögulegan heim þar sem Artúr og hirð hans hafði verið til, lifði samhliða sögunum sem spruttu um þann heim, þó að samband þessara tveggja heima hafi aldrei verið skilgreint nákvæmlega. Það mætti því víkka sjónarhornið og kanna hvort fleiri höfundar geti varpað ljósi á mögulegar hugmyndir viðtakenda um það sem nú er þekkt sem *sagnfræði* og *skáldskapur*.

Platón og Aristóteles skilgreindu báðir hugmyndina um skáldskap. Platón taldi skáldskapinn ósannan og óverðugan athygli heimspekinnar og að skáldið sjálf skrifaði aðeins um „það sem virðist“ í stað „þess sem er“.<sup>5</sup> Aristóteles taldi aftur á móti að ekki ætti að dæma skáldskap eftir mælikvarða sanninda og ósanninda. Skáld greinast frá sagnfræðingum að því leyti að þau segja frá því sem gæti gerst en sagnfræðingar frá því sem hefur gerst.<sup>6</sup> Hann taldi því að skáldskapurinn væri heimspekilegri en sagnfræði. Kenning Platón var þekkt snemma á miðöldum og féll prýðilega að hugmyndum kirkjuvaldsins. Ágústínus var til að mynda sömu skoðunar og Platón en setti þó þann fyrirvara að skáldskapur gæti haft hlutverk sannleikans

<sup>1</sup> Topsfield, *A Study of the Arthurian Romances*, 18–19.

<sup>2</sup> Sama rit, 99.

<sup>3</sup> Sbr. Topsfield, *A Study of the Arthurian Romances*, 11 og Harf-Lancner, „Chrétien’s Literary Background,“ 27–28. Chrétien notar orðið t.d. í upphafi *Cligès*, sjá *Oeuvres complètes*, 173.

<sup>4</sup> Haug, *Literaturtheorie im deutschen Mittelalter*, 106.

<sup>5</sup> Platon, *Ríkið I*, 204–206 (377c–378b).

<sup>6</sup> Aristóteles, *Um skáldskaparlistina*, 59 (1451b).

skírskoti hann til einhverrar merkingar.<sup>1</sup> *Um skáldskaparlistina* eftir Aristóteles var aftur á móti ekki þýdd á latínu fyrr en á 13. öld og það var raunar fyrst á 16. öld sem rit hans varð ráðandi í skáldskaparfræðum.<sup>2</sup> Í *Amores* eftir Óvíð má finna þriðja einkennandi viðhorfið um skáldskap. Í 3. bók, 12. versí telur hann upp ýmis atriði sem skáldin hafa fundið upp á en að skáldaleyfið hafi engin takmörk.<sup>3</sup> Vandamálið felst fremur í áheyrendum eða lesendum, þeir eigi að sjá í gegnum skáldið og ekki taka orðum skáldsins sem sagnfræðilegum skjölum.

Hjá Óvíð er áheyrandinn þannig hluti af skilgreiningunni á skáldskap sem er grundvallaður á eins konar samkomulagi milli skáldsins og viðtakenda. Þetta samkomulag hefur D.H. Green útskýrt á þann hátt að með skáldskap ætlist höfundur til þess að viðtakendur geri sér upp trú á texta hans og taki upp tvöfalt sjónarhorn.<sup>4</sup> Green tekur sem dæmi herra Pickwick úr fyrstu skáldsögu Dickens. Um leið og lesendur trúa því að herra Pickwick hafi verið sköllóttur, trúa þeir því ekki að herra Pickwick hafi einhvern tíma verið til og þar af leiðandi getur hann ekki hafa verið sköllóttur. Þessi þversagnarkennda mynd vekur aðeins undrun þess sem ekki stendur við sinn hluta af samkomulaginu. Líkt og fram kemur hjá Óvíð gengur þetta aðeins upp ef viðtakendur gera sér grein fyrir sínu hlutverki.<sup>5</sup> Rit Óvíðs nutu mikilla vinsælda frá 11. öld og næstu aldir þar á eftir og skáld sóttu innblástur í efnivið hans.

Hér verður ekki fjallað nánar um bókmenntalegar hræringar á meginlandi Evrópu á 11. og 12. öld en þessi þekktu nöfn sem hér hafa verið nefnd leika veigamikil hlutverk í þróun bókmennta og með mikilli einföldun má segja að óhjákvæmilega hafi komið fram höfundur eins og Chrétien de Troyes sem eins konar afsprengi þessara áhrifa. Ördugra getur reynst að greina að hvaða leyti þessar hugmyndir um skáldskap hafa haft áhrif á Íslandi. Ljóst er að 12. öldin í Vestur-Evrópu var tími fjölbreyttrar bókmenntastarfsemi sem hafði í för með sér nýjungar. Heimildir um hvaða rit voru þekkt hér á landi á 12. öld eru fábreyttar en það má þó gera því skóna að ráðandi hugmyndir og straumar í Vestur-Evrópu hafi haft áhrif á menntaða íslenska menn. Menntun þeirra sprettur ekki upp úr tómarúmi á Íslandi heldur kemur lærdómurinn frá Evrópu, til dæmis Englandi, Þýskalandi og Frakklandi. Sverrir Tómasson bendir á að „áhrif evrópskrar kristinnar menningar“ hafi verið alhliða<sup>6</sup> og bætir við að heimildir um bóklega

<sup>1</sup> Sbr. Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum*, 190.

<sup>2</sup> Sbr. Ryding, *Structure in Medieval Narrative*, 9; Green, *The Beginnings of Medieval Romance*, 1–2. Á miðöldum er hins vegar *Ars Poetica* eftir Hóras þekkt þó að áhrif hans hafi verið ríkari á seinni öldum. Hóras taldi að skáld ættu að vera hnitmiðuð og að skáldskapurinn ætti í senn að vera skemmtilegur og nytsamlegur og líkur raunveruleikanum, sbr. Horatius Flaccus, *Horace on Poetry. Ars Poetica*, 67 (333–338); um kvæðið á miðöldum sjá t.d. Leon Golden, „Reception of Horace’s *Ars Poetica*,“ 392–395.

<sup>3</sup> „Immensum fecunda licentia vatum,“ Ovidius Naso, *Amores* III, xii:41.

<sup>4</sup> Green, *The Beginnings of Medieval Romance*, 11.

<sup>5</sup> Ovidius Naso, *Amores* III, xii:44.

<sup>6</sup> Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum*, 18–19. Í kjölfarið rekur Sverrir það sem má ráða af heimildum um menntun íslenskra manna á 11.–12. öld og verður ekki farið nánar í það hér heldur vísað í tilvitnað rit, 19–35.



menntun verði að túlka varlega. Sem dæmi má nefna að vitað er að Óvíð hefur verið þekktur á Íslandi en mjög óvíst sé hversu vel og nákvæmlega hvaða rit hans gætu hafa verið þekkt. Minnst er á hann í *Jóns sögu helga* þegar Jón biskup bannar Klængi Þorsteinssyni sem þá var prestlingur að lesa „Ovidius Epistolarum.“<sup>1</sup> Vissulega er ekki hægt að fullyrða að tilvísunin eigi við um sögulegan tíma en alltént bendir þetta til að nafn Óvíðs hafi verið þekkt á 13. öld þegar sagan var skrifuð.<sup>2</sup>

Umræða um skáldskap fléttast óhjákvæmilega saman við hugmyndir og skilgreiningar á sagnfræði. Mikilvægt er að leitast við að skilgreina sagnfræði á miðöldum óháð því hvernig hún er skilgreind nú. Líkt og Ruth Morse hefur meðal annars bent á getur verið vandasamt að skilgreina sagnfræði sem bókmenntagrein.<sup>3</sup> Í skilningi Morse merkti sagnfræði, og merkir raunar enn, viðfangsefni sem fjallað er um með ákveðnum stíl og á trúverðugan hátt, sem kann að smita út frá sér í annars konar ritun eins og skáldskap. Hún skilgreinir starf sagnaritarans á miðöldum:

The medieval author announces a subject which is taken from the past, often the recent past. He begins at the beginning, recounts the political and military deeds of those men (occasionally, though only exceptionally, women) who influenced the course of events which illuminates the effects of those men and events upon the city or state, and draws from this narrative lessons of individual or corporate behaviour. (Those writers who concentrate on individuals rather than corporations may be distinguished as biographers ...) The historian's style is for the most part the middle style, recognizably serious and verisimilar.<sup>4</sup>

Morse bendir réttilega á að trúverðugleiki sé ekki það sama og sannar frásagnir og því kunni að vera erfitt að greina á milli spuna og sannleika. Satt að segja verður að telja slíkt verk nánast ógerlegt og ekki endilega æskilegt. Fremur ætti að líta textana öðrum augum. Líkt og áður er drepið á er mikilvægt að greina á milli atburða og frásagnar. Textar um tiltekinn atburð koma hvorki í staðinn fyrir atburðinn sjálfan né jafngilda honum. Paul Bibire hefur rætt þetta í samhengi við hvernig eigi að nálgast texta frá íslenskum miðöldum og ályktaði í lokin:

The 'meaning' of saga-content, therefore, is presented through layered receding reflections of the past. We see in the text itself not only our own and its own perceptions of the past, but the diminishing reflections of perception from previous periods. These are only perceptions of the past, not that past itself: they are cultural artefacts that reflect the past.<sup>5</sup>

<sup>1</sup> „Þat er sagt í frá at hann kom á hljóð at Klæng Þorsteinsson, sá er síðan varð byskup í Skálaholti, en var þá prestlingr ok ungr at aldri, las bók þá er kǫlluð er Ovidius Epistolarum.“ *Jóns saga helga*, 211–212. Hér gæti verið vísað í ritið *Heroides*. Í B gerð segir hins vegar *Ovidius de arte* sem gæti þá verið *Ars amatoria* sbr. Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 24.

<sup>2</sup> Sbr. Sigurður Pétursson, „Ovid in Iceland,“ 55–56.

<sup>3</sup> Morse, *Truth and Convention in the Middle Ages: Rhetoric, Representation, and Reality*, 86.

<sup>4</sup> Sama rit, 92.

<sup>5</sup> Bibire, „On Reading the Icelandic Sagas: Approaches to Old Icelandic Texts,“ 17–18.

Hayden White hefur sömuleiðis lagt áherslu á að mikilvægt sé að greina á milli sagnfræðilegra texta um atburði og atburðanna sjálfra.<sup>1</sup> Líkt og hann bendir á geta staðreyndir ekki talað fyrir sig og starf sagnfræðingsins snýst um að koma orðum yfir staðreyndirnar og miðla þeim. Sagnfræðingurinn þarf að velja sér leið og áherslur, um leið og hann skrifar túlkar hann atburðina sem ætlunin er að lýsa. White tekur dæmi af tveimur ólíkum sagnfræðitextum um frönsku byltinguna, annar lýsir henni á dramatískan og rómantískan hátt en hinn sem írónískum harmleik. Ástæðan er ekki sú að tveir sagnfræðingar hafi uppgötvað ólíkar staðreyndir um frönsku byltinguna heldur höfðu þeir ólíkar skoðanir á framsetningu þeirra og þeim búngi sem best hæfði staðreyndunum.<sup>2</sup>

White beinir sjónum sínum í flestum tilvikum að sagnfræði um og eftir 19. öldina í þessari umræðu en bendir þó á að ákveðin straumhvörf hafi orðið á sagnfræðinni eftir frönsku byltinguna og telur þær áherslubreytingar sem urðu á hlutverki sagnaritarans á 19. öld miður. Hann tekur þó ekki fram hversu langt aftur í tíma þetta á við heldur miðar umfjöllunina við „fyrir og eftir“ frönsku byltinguna. Hann telur að fyrir byltinguna hafi sagnfræðiskrif verið list (*literary art*) og að jafnvel þó að hugsuðir á 18. öld hafi gert greinarmun á staðreyndum (*fact*) og ímyndun (*fancy*) hafi þeir ekki talið að ímyndunin ætti ekkert erindi í sagnfræðitexta. Þvert á móti hafi ímyndun, ekki síður en skynsemi, verið nauðsynleg til þess að miðla staðreyndum. White tíundar hvernig draumurinn um staðreyndasagnfræði hafi fæðst á 19. öldinni þar sem krafan varð að lýsa eingöngu viðburðum sem einhver hafði orðið vitni að; án vitnisburðar frá fyrstu hendi væri vægi sagnfræðinnar lítið. Sagnfræðingurinn átti að eyða öllum vísbendingum um hið ímyndaða, sneiða hjá vinnubrögðum skáldsins og ekki treysta á innsæið.<sup>3</sup>

Líkt og White gerir Gabrielle Spiegel greinarmun á sagnfræði fyrri alda og síðari. Lýsing hennar á sagnfræði á miðöldum er nánast andstæð þeirri sem White setti fram um 19. aldar sagnfræði: „In short, medieval historiography, by all critical odds, is inauthentic, unscientific, unreliable, ahistorical, irrational, borderline illiterate, and worse yet, unprofessional.“<sup>4</sup> Af þessum orðum að dæma skal ekki undra hve umdeilanleg hugtökin skáldskapur og sagnfræði hafa orðið í umræðu um miðaldabókmenntir. Skilgreining Spiegel getur vel átt við hugmyndir nútímans um skáldskap.

Af framangreindu má vera ljóst að þegar fjallað er um miðaldasagnfræði og skáldskap eiga nútímaskilgreiningar illa við en snúnara er að komast að niðurstöðu um að hvaða leyti skilgreiningarnar eru óviðeigandi. Verður því sjónum beint að miðaldatextunum sjálfum og hvort

---

<sup>1</sup> White, *Tropics of Discourse: Essays in Cultural Criticism*, 122–123.

<sup>2</sup> Sama rit, 85.

<sup>3</sup> Sama rit, 123.

<sup>4</sup> Spiegel, *The Past as Text: The Theory and Practice of Medieval Historiography*, 100.

þar megi greina hvaða augum höfundar þeirra eða viðtakendur litu fortíðina og hvernig umræddar bókmenntir hafa komið þeim fyrir sjónir. Textarnir sjálfir og samhengi þeirra geta gefið ákveðnar vísbendingar. Ef athyglinni er beint um sinn frá því hvað sé raunsönn lýsing á atburði og hvað ekki, geta textar borið vitni um hvað miðaldahöfundar töldu að hefði gerst eða hvað gæti hafa gerst. Það kann vel að vera að í einhverjum tilvikum hafi textar gefið nokkuð nákvæma mynd af tilteknum atburðum og höfundar gætu jafnvel hafa haft vitnisburð frá fyrstu hendi í sumum tilvikum, en um þetta erum við næsta fávís nú.

### 3.2.2 Satt og ósatt

Í umfjöllun um skáldskap og sagnfræði er óhjákvæmilegt að taka tillit til hugmyndanna um *satt* og *ósatt*. Á miðöldum er ljóst að áhersla var lögð á sannleiksgildi texta. Sem dæmi má nefna kenninguna um þrískiptingu verka eftir sannleiksgildi, eða *fabula*, *historia* og *argumentum* sem er nokkuð fyrirferðamikil í sumum miðaldaritum. Sverrir Tómasson gerir rækilega grein fyrir þessari flokkun í riti sínu *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum*.<sup>1</sup> Hann bendir á að þrískiptingin sé forn og vitnar meðal annars í ritið *Rhetorica ad Herennium*, kennslurit í mælskulist sem er talið frá um 85 f. Kr. en er eitt þeirra fornu rita sem voru vel þekkt á miðöldum.<sup>2</sup> Í ritinu segir meðal annars: „Það efni sem sett er í frásagnir er þrenns konar: sögn, saga, frásaga. Sögn hefur hvorki að geyma sanna atburði né sennilega eins og t.d. þá sem gerast í harmleikjum. Saga er atburðir sem gerst hafa en fyrir minni vorrar aldra. Frásaga er af uppdiktuðum atburðum sem hefðu þó getað gerst eins og t.d. efni gamanleikja.“<sup>3</sup> Þessi skilgreining gengur að hluta aftur hjá Ísidór frá Sevilla í kaflanum „De generibus historiae“ í *Etymologiarum* þar sem hann stillir *historia* og *fabula* upp sem andstæðum: það sem gerðist í raun annars vegar og það sem aldrei gæti hafa gerst hins vegar vegna þess að það stríðir gegn lögmálum náttúrunnar (*contra naturam sunt*). Mitt á milli staðsetur hann *argumentum*, atburðum sem hafa ekki gerst en hefðu getað það.<sup>4</sup> Um þetta hefur Peter von Moos meðal annars fjallað og telur að í þessari skilgreiningu felist munurinn á skáldum og sagnfræðingum, skáldin segja frá

<sup>1</sup> Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 9–10 og 76.

<sup>2</sup> Sama rit, 75–76.

<sup>3</sup> „Id quod in negotiorum expositione positum est tres habet partes: fabulam, historiam, argumentum. Fabula est quae neque veras neque veri similes continet res, ut eae sunt quae tragoediis traditae sunt. Historia est gesta res, sed ab aetatis nostrae memoria remota. Argumentum est ficta res quae tamen fieri potuit, velut argumenta comoediarum.“ *Ad C. Herennium. De ratione Dicendi (Rhetorica ad Herennium)*, vii: 13. Þýðingin fengin úr riti Sverris, sjá *Formálar íslenskra sagnaritara*, 76.

<sup>4</sup> „Item inter historiam et argumentum et fabulam interesse. Nam historiae sunt res verae quae factae sunt; argumenta sunt quae etsi facta non sunt, fieri tamen possunt; fabulae vero sunt quae nec factae sunt nec fieri possunt, quia contra naturam sunt.“ Ísidór frá Sevilla, *Etymologiarum sive Originum* I xlv. Sjá einnig Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 76, 190 og 255; O’Connor, „History or Fiction?: Truth-claims and defensive narrators in Icelandic romance-sagas,“ 109.

því sem gæti hafa gerst og fjalla þannig um hið almenna fremur en hið einstaka.<sup>1</sup> Þetta minnir á vinnubrögð Chrétien de Troyes eins og þeim er lýst hér að framan.

Það er aftur á móti óljóst hversu þekktar þessar hugmyndir um þrískiptingu voru á Íslandi og ekkert rit hefur varðveist sem beinlínis greinir frá henni. Það má þó gera því skóna að menntaðir menn hafi þekkt hana. Rit Ísídórs frá Sevilla er til dæmis skráð meðal bóka í Viðeyjarklaustri 1397.<sup>2</sup> Sverrir Tómasson bendir enn fremur á að af þýðingum og hugtökum málfræðiritgerðanna megi ætla að þekktustu verk kristinna miðalda hafi borist til Íslands þegar á 12. öld. Hvað sem öðru líður kemur í íslenskum heimildum fyrir að greint er á milli sannra og ósanna sagna sem kann að vera fyrir áhrif þessara hugmynda.<sup>3</sup>

Ralph O'Connor hefur einnig tekið til umræðu þrískiptingu texta eftir sannleiksgildi, einkum í samhengi við rómönsur.<sup>4</sup> Hann hefur bent á þrjú atriði sem vert er að hafa í huga í þessari flokkun. Í fyrsta lagi leggur hann áherslu á að sannleikur og skáldskapur séu ekki aðeins metin í nákvæmni frásagnar heldur einnig innra samhengi hennar, siðferðislegu gildi verks og þjóðfélagslegri stöðu höfundar. Í öðru lagi telur hann ekki víst að sannleiksgildi hafi leikið lykilhlutverk í skilgreiningu bókmenntategunda eins og það gerir að miklu leyti nú, það er að segja eitt verk gat blandað saman *historia*, *fabula* og *argumentum* en á vorri tíð er algengara að verk séu sett fram og fyrirfram skilgreind sem skáldverk eða sagnfræði þó að vissulega verði mörkin óljós í ýmsum verkum, til að mynda sögulegu skáldsögunni. Í þriðja lagi telur O'Connor ekki víst að höfundar sem rituðu á þjóðtungu hafi þótt flokkun úr latneskri hefð mikilvæg, jafnvel þó að gert sé ráð fyrir að allir skrifandi menn hafi þekkt til hennar. Hann tekur dæmi af áður nefndri athugasemd Chrétien de Troyes sem leggur áherslu á niðurskipan efnisins (*conjointure*) í formála *Erec et Enide* en reifar í því sambandi ekki hugmyndir um undirliggjandi merkingu eða *sen*. Fyrsta athugasemd O'Connors hér að framan kallast þó á við þessar hugmyndir, það er að sannleiksgildi sé ekki aðeins fólgið í nákvæmni frásagnar heldur einnig samhengi.

Það er ekki margt sem gefur tilefni til þess að meta líkurnar á viðtökum einstakra texta á miðöldum. Ýmislegt hnýsilegt getur þó leynst í því sem dýrmætast er, í textunum sjálfum. Stundum má hafa sitthvað upp úr krafsinu, sérstaklega í þeim verkum sem hafa formála eða eftirmála en þar er algengt að fram komi viðhorf höfundar til sannleiksgildis verksins. Þar að auki má nota frásagnarhátt og byggingu verks sem mælikvarða, þó að formgreining geti ekki tekið af allan vafa um tilgang verks getur hún gefið ákveðnar vísbendingar. Bæði á klassískum

---

<sup>1</sup> Peter von Moos, „*Poeta und historicus im Mittelalter*,“ 96.

<sup>2</sup> *Diplomatarium Islandicum* 4:110.

<sup>3</sup> Sbr. Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 77–78.

<sup>4</sup> O'Connor, „History or Fiction?: Truth-claims and defensive narrators in Icelandic romance-sagas,“ 109–110.

tíma og miðöldum var þekkt að niðurröðun efnis gat verið tvenns konar, annars vegar í náttúrulegri röð (*ordo naturalis*), eða listrænni röð (*ordo artificialis*).<sup>1</sup> Í hinni fyrrnefndu er efni raðað niður í þeirri röð sem atburðir gerðust og er það jafnan aðferð sagnfræðingsins. Í hinni síðarnefndu er röðin brotin upp í samræmi við markmið höfundar og hefst *in medias res*. Þekkt er þó að höfundur getur valið hvora leiðina hann fer eða blandað þeim saman og því ekki með öryggi hægt að halda fram að verk í *ordo naturalis* hafi verið hugsað sem sagnfræði, þó að sú leið geti gefið ákveðnar vísbendingar um tilgang. Einnig þekkist að höfundar blandi aðferðum saman til dæmis þegar höfundur gerir hlé á máli sínu og snýr sér að öðrum hluta sögunnar og er jafnan fjallað um slíkar frásagnir sem fléttaðar.<sup>2</sup>

Í þessu sambandi má einnig minnst umfjöllunar Sverris Tómassonar um sagnfræðilegt gildi píslarsagna og jarteina, sagna sem hann telur að hafi brotið „í bága við veruleikaskyn áheyranda.“<sup>3</sup> Sverrir telur að þrátt fyrir að slíkar sagnir hafi verið hluti hins heilaga orðs sem fáir drógu í efa hafi slíkt ekki endilega gilt um jarteinir. Sagnaritarar hafi þurft að setja slíkar sögur fram á þann hátt að þeim væri trúað og þá hafi formið leikið lykilhlutverk, „frásagnarhátturinn gat verið kennimark um það hvort menn ætluðu að semja sagnfræðilegt rit eða skáldverk.“<sup>4</sup> Á hinn bóginn getur verið erfitt að fullyrða að slíkar sögur hafi í raun fallið illa að veruleikaskyni fólks, því að ekki er hlaupið að því að skilgreina veruleikaskyn. Á öllum tímum, í öllum menningarheimum trúa menn á eitthvað sem þeir hvorki sjá né skilja, hvort sem það eru bakteríur, andar, Guð eða kraftaverk. Því er þó ekki að neita að form frásagnar getur aukið trúverðugleika texta. Það flækir slíkar skilgreiningar að íslensk hefð er ólík því sem viðgengst á meginlandi Evrópu þar sem form skáldsins var jafnan bundið mál. Chrétien de Troyes semur rómönsur sínar í bundnu máli en hér eru rómönsur laust mál og form þeirra að vissu leyti hið sama og konungasagna og Íslendingasagna.

Í textunum sjálfum eru að auki stundum dæmi þess að fram komi einhverjar athugasemdir um sannleika. Af eftirfarandi efnisgrein úr *Guðmundar sögu Arasonar* virðist sem höfundur hafi gert sér grein fyrir að sagan reyni á trú fólks. Hér birtist einnig nokkurs konar greining á milli góðs og ills sannleika:

En þótt sumum mönnum þikki þat nú sem lygi sé, þá er þat þó ótalligr fjöldi manna, er trúa enn þessa sögu sanna, ok svá mun jafnan, meðan kristnin stendr, at þeir munu fleiri, er trúa þessi frásögn. Nú má því eigi at hvers manns orði fara, at sitt þikkir hverjum satt, ok skal af því nú enn rita fleira frá Guðmundi biskupi, at þeim verði at gagn og gaman, er trúa með góðum hug þessi sögu, því at þat vita allir menn, at þat er allt satt, er gott er sagt frá guði ok hans helgum mönnum, ok er því gott góðu

<sup>1</sup> Sjá t.d. Green, *The Beginnings of Medieval Romance*, 96–102; Ármann Jakobsson, *Staður í nýjum heimi*, 66; von Moos, „*Poeta und historicus im Mittelalter*,“ 95.

<sup>2</sup> Sjá Vinaver, *The Rise of Romance*, 68–98; Ármann Jakobsson, *Staður í nýjum heimi*, 85–86

<sup>3</sup> Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 192.

<sup>4</sup> Sama rit, 192.

að trúa, en illt er at trúa illu, þótt satt sé, ok allra vest því, er illt er logit, ok verðr þat þó mörgum góðum mönnum, at trúa því, er logit er, ok verðr þá eigi rétt um skipt, er menn tortryggja þat, er gott [er] ok satt, en trúa því, er illt er ok logit.<sup>1</sup>

Af þessari klausu að marka hefur sannleikurinn verið mönnum hugleikinn og þýðingarmikill en auk þess er sannleika og lygi hér stillt upp sem andstæðum sem eru hliðstæðar góðu og illu. Höfundum hefur því ef til vill verið enn fremur í mun að leggja áherslu á að þeir segðu satt og rétt frá, hvort sem sú var raunin eða ekki.

Það er ekki síst algengt í fornaldarsögum og rómönsum að höfundar sagna stígi fram og ávarpi áheyrendur sína með því að taka fram að sagan sé sönn og virðist þetta ekki síst eiga við þegar greint er frá atburðum sem auðvelt er að ímynda sér að reyni á trúgirnri fólks á öllum tímum. Slíkar athugasemdir eða framígrip höfunda hefur Marianne Kalinke kallað *apologia* sem hér verður þýtt sem málsbót.<sup>2</sup> Þessar athugasemdir, þar sem rödd söguhöfundar kemur skyndilega fram í frásögn sem annars er hlutlæg þriðju persónu frásögn, hafa stundum verið taldar merki um gamansemi höfundar.<sup>3</sup> Má hér taka dæmi af röddinni sem ávarpar viðtakendur í lok *Göngu-Hrólfs sögu*:

Nú þótt þessi saga þykki eigi samhljóða verða öðrum sögum, þeim er at ganga þessu máli, um manna nöfn og atburði, hvat er hvern vann eða gerði með frægð eða vizku, fjölkynngi eða svikum eða hvar höfðingjarnir ríktu, þá er þat líkligast, at þeir, er skrifat hafa ok samsett þessi tíðendi, muni eitthvert hafa fyrir sér haft, annathvært forn fræði eða fróðra manna sögn.<sup>4</sup>

Ralph O'Connor hefur lagt til að þessar málsbætur megi túlka á fleiri en einn máta.<sup>5</sup> Ekki sé endilega nauðsynlegt í öllum tilvikum að lesa á milli lína og ætla orðunum dulda merkingu. O'Connor bendir á að enginn hafi fjallað um möguleika þess að höfundar hafi í raun og sann meint þessi orð og að þeir hafi ekki ætlað að blekkja áheyrendur sína. O'Connor telur einnig þann möguleika fyrir hendi að orðin hafi bæði verið hugsuð sem gamansemi og alvara, eftir því hver viðtakandinn var. Þeir sem vildu og skildu skáldskapinn tóku þeim sem glettni en aðrir hafi tekið þeim sem staðfestingu um sannleika sagnanna. Taka má undir þessa ályktun hans því að þótt höfundar hafi ef til vill gert sér fullvel grein fyrir sínum stílbrögðum er ekki víst að viðtakendur hafi allir brugðist við á sama hátt. Orðin í lok *Sigurðar sögu þögla* lýsa þessu viðhorfi ágætlega: „Nú verðr hvárki þat né annat gört eptir allra hugþokka, því at engi þarf

<sup>1</sup> *Biskupa sögur* I, 592.

<sup>2</sup> Kalinke, „Norse Romance (*Riddarasögur*)“, 319.

<sup>3</sup> Sjá t.d. Vésteinn Ólason, „The Marvellous North and Authorial Presence in the Icelandic *Fornaldarsaga*“, 117; Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 173; Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 250–251.

<sup>4</sup> *Göngu-Hrólfs saga*, 46.

<sup>5</sup> O'Connor, „History or Fiction?: Truth-claims and defensive narrators in Icelandic romance-sagas“, 103 og 130. Rannsókn hans beinist að sögum sem hann nefnir „romance-sagas“ og fellir í þann flokk fornaldarsögur, riddarasögur og ungar Íslendingasögur. Þessi flokkun er ef til vill nokkuð óljós en breytir ekki máli fyrir umfjöllunina hér sem beinist einkum að hugtakinu *apologia*. Sjá einnig, O'Connor, „Truth and Lies in the *fornaldarsögur*“, 361–378.

trúnað á slíkt at leggja, nema vili.<sup>1</sup> Og enn skýrar má greina þetta í inngangi *Göngu-Hrólfs sögu*:

Verða menn jafnan misfróðir, því at þat er optliga annars syn ok heyrð, er annars er eigi, þó at þeir sé við atburð staddir. Er þat ok margra heimskra manna náttúra, at þeir trúu því einu, er þeir sjá sínum augum eða heyra sínum eyrum ... verður hvárki þetta né annat gert eptir allra hugþokka, því at engi þarf trúnað á slíkt að leggja meir en fallit þykkir.<sup>2</sup>

Skilgreining textans er því háð viðbrögðum einstaklingsins.<sup>3</sup>

Ef hægt er að efast um tortryggilegt viðhorf einhverra viðtakenda til sagnfræðinnar í rómönsum, sem löngum hafa þótt ótrúverðugastar íslenskra miðaldabókmennta, aukast líkurnar á að raunsærri sögur hafi þótt enn trúverðugari. Ef til vill á viðhorf fræðimanna síðustu tveggja alda of djúpar rætur í öllu almennu viðhorfi til miðaldabókmennta og tími til kominn að vikka sjóndeildarhringinn. Á þetta hefur t.d. Paul Bibire minnst:

An unhappy association between realism and reality has remained current to the present, however, so that texts with 'fantastic' elements are still often regarded as degenerate. So a saga which contains dragons or trolls is still usually considered less meritorious than one without, dependent entirely on a modern, arbitrary and anachronistic world-view which defines what shall occur in the 'real world' and in its depiction, and what can and should not.<sup>4</sup>

Má hér minnst orða Árna Magnússonar um *Flateyjarbók* sem falla vel að þessum hugmyndum Bibire: „Sa compiler, sem það volumen hefur saman tekið, hefur þóttst gjöra vel, þegar hann uppskrifade allann þvætting sem hann fyrir sier sæe.“<sup>5</sup> Líklega yrði efni *Flateyjarbókar* seint kallað þvættingur í fræðilegri umræðu nú en betur verður vikið að þessu í kafla 3.3. Þá er og vert að hafa í huga að þó að skilgreiningar eða viðhorf um hugtök eins og sannleik, skáldskap og sagnfræði á miðöldum eins og rakið hefur verið hér að framan er lítill vitnisburður fólgin í því um viðtökur einstakra texta. Aftur á móti má nýta þessa fræðilegu umræðu um hugtökin á miðöldum til þess að varpa ljósi á einstaka texta og meta líkurnar á viðhorfi til þeirra. Hin almenna umræða getur þannig stækkað umfjöllun um viðtökur sagna eins og Jómsvíkinga sögu.

### 3.2.3 Unnið úr heimildum

Líkt og fyrr er getið nefnir Sverrir Tómasson jarteinir og píslarsögur sérstaklega sem verk sem gætu hafa reynt á trú fólks. En það má einnig draga inn í umræðuna verk sem eru ljóslega sett fram sem sagnfræðirit en vekja óneitanlega upp spurningar um mörk sagnfræði og skáldskapar. Þetta gildir meðal annars um verk áhrifamikilla sagnaritara á borð við William frá Malmesbury,

<sup>1</sup> *Sigurðar saga þogla*, 96.

<sup>2</sup> *Göngu-Hrólfs saga*, 359–360.

<sup>3</sup> O'Connor, „History or Fiction?: Truth-claims and defensive narrators in Icelandic romance-sagas,“ 156.

<sup>4</sup> Paul Bibire, „On Reading the Icelandic Sagas: Approaches to Old Icelandic Texts,“ 11.

<sup>5</sup> *Arne Magnússon's private brevveksling*, 660.

Geoffrey frá Monmouth og William frá Newburgh. D.H. Green hefur meðal annars bent á að í verkum þeirra megi greina tilraunir að skáldskap.<sup>1</sup> Monika Otter er þeirrar skoðunar að enskir sagnaritarar 12. aldar, sem rituðu allir á latínu, hafi mögulega átt sinn þátt í þróun skáldskapar á miðöldum.<sup>2</sup> Chrétien de Troyes hefur sem fyrr segir líklega þekkt annað hvort *Historia Regum Britanniae* eftir Geoffrey frá Monmouth eða *Brut* sem Wace orti eftir verki Geoffrey. Otter greinir til dæmis nokkra þætti sem hún nefnir „annars heims“ úr ritum þessara höfunda og bendir á að þeir séu þar staddir utan „venjulegrar“ landafræði og tíma. Þar hafi höfundar notið frelsis til þess að leika sér að mörkum hins mögulega, nýta kaldhæðni og hrista upp í staðfastri kröfu um heimildir frá fyrstu hendi. Þeir hafi látið reyna á mörk tilvísana (*referentiality*) með því að rita um atburði sem reyna á trú fólks. Líkt og Ruth Morse bendir á hefur Geoffrey frá Monmouth verið almennt talinn sagnfræðingur á 12. öld þó að efasemdaraddir megi finna.<sup>3</sup> William frá Newburgh spottar nefnilega Geoffrey í formála sínum að *Historia Rerum Anglicarum* fyrir að búa til sögur.<sup>4</sup> Otter fjallar í sinni umræðu lítið um möguleg viðhorf viðtakenda og þegar hún gerir það virðist sem hún miði við nútímann og vísar til þess hvernig við sem *lesendur* skynjum texta en ekki að viðhorf til raunveruleikans hafi ef til vill breyst frá miðöldum.<sup>5</sup>

Umræddir sagnaritarar leggja jafnan áherslu á að sagnir þeirra séu sannar og réttar, ekki síst í formálum þar sem þeir minnst á *heimildir* sínar. Geoffrey frá Monmouth segist til dæmis hafa fundið ritaða bók sem hann þýddi og að hann hafi ekki viljað skrifa of flúraðan stíl sem gæti skyggt á hina sögulegu atburði. Hann tekur einnig fram að hann hafi nýtt sér vitnisburð manna sem hann viti að megi treysta.<sup>6</sup> William frá Malmesbury vitnar í formála sínum í ýmsa annála og *Englandssögu Beda*.<sup>7</sup> Þessir formálar minna um margt á formála *Heimskringlu* þar sem vitnað er til þess er fróðir menn hafa sagt eða ritað „eptir fornum kvæðum eða söguljóðum“. <sup>8</sup> Í síðari hluta formálans er síðan vitnað til Ara fróða sem ritaði „mest í upphafi sinnar bókar frá Íslands byggð“ og í kjölfarið greint frá ýmsu því sem Ari á að hafa skrifað um. Líkt og Sverrir Tómasson hefur bent á er lítið stuðst við verk Ara í *Heimskringlu* sjálfri sem vekur upp spurningar um tilgang þeirrar löngu lofræðu um Ara sem finna má í formálanum.<sup>9</sup> Sverrir telur

<sup>1</sup> Green, *The Beginnings of Medieval Romance*, 21.

<sup>2</sup> Otter, *Inventiones: Fiction and Referentiality in Twelfth-Century English Historical Writing*, 93–95.

<sup>3</sup> Morse, *Truth and Convention in the Middle Ages: Rhetoric, Representation, and Reality*, 89.

<sup>4</sup> Willelmi Parvi de Newburgh, *Historia Rerum Anglicarum*, 4.

<sup>5</sup> Sjá til dæmis, Otter, *Inventiones: Fiction and Referentiality in Twelfth-Century English Historical Writing*, 9 þar sem hún segir að veilir í landfræðilegum lýsingum verks muni veikja trú okkar á sannleika frásagnarinnar. Þar ræðir hún ekki hvort viðtakendur hafi gert sér grein fyrir rangfærslum um landafræði.

<sup>6</sup> Geoffrey of Monmouth, *The History of the Kings of Britain*, 1.

<sup>7</sup> William of Malmesbury, *Gesta Regum Anglorum*, 14–16 (i. pr. 1–6).

<sup>8</sup> *Heimskringla* I, 4.

<sup>9</sup> Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 279–290. Formáli *Heimskringlu* hefst raunar á orðunum „Á bók þessa lét ek rita fornar frásagnir,“ sem getur bent til þess að sá sem skrifaði formálann hafi ekki ritað söguna



að þessi vísun í verk Ara sé því ekki eins traust og menn hafa viljað ætla. Í *Heimskringlu* hafi Snorri túlkað heimildir frjálslegar en Ari gerir í Íslendingabók og að fyrirmynd þess konar sagnaritunar sé einmitt undir áhrifum Geoffrey frá Monmouth.

Robert W. Hanning hefur enn fremur bent á að rit Geoffrey sé til marks um *nýja* sagnfræði. Ritið fangi anda þeirrar miklu þróunar eða jafnvel byltingar sem átti sér stað á 12. öldinni í Englandi og Normandí þegar sagnaritun gekk í endurnýjun lífdaga að hans mati.<sup>1</sup> Svo virðist því sem áhrif þessarar nýju sagnfræði hafi þegar náð til Íslands þegar Snorri var að störfum. Vöxtur skáldskaparins eins og honum er lýst hér að framan og endurnýjun sagnfræðinnar eru því greinar af sama meiði. Hanning telur að Geoffrey hafi ætlað sér að skrifa nýstárlega sagnfræði sem lýsti vexti og falli Bretlands og nýjungin fælist einkum í því að Geoffrey hafi losað sig undan hagiógrafískum áhrifum í sagnaritun.<sup>2</sup>

Eitt rækilegasta dæmið um íslenskan miðaldertexta þar sem tekist er á við sannar og ósannar frásagnir, hverju skal trúna og hverju ekki er formáli *Piðreks sögu af Bern*. Sagan er nokkuð gömul eða talin rituð á fyrri hluta 13. aldar.<sup>3</sup> Í formálanum er sami háttur og hjá Chrétien og í *Heimskringlu* og vitnað til heimilda: „Þessi saga er saman sett eftir sögn þýzkra manna, en sumt af þeira kvæðum, er skemmta skal ríkum mönnum ok fornort váru þegar eftir tíðendum, sem segir í þessari sögu, ok þó at þú takir einn mann ór hverri borg um allt Saxland, þá munu þessa sögu allir á eina leið segja, en því valda in fornu kvæði.“<sup>4</sup> Í framhaldinu ræðir höfundur formálans nánar hin fornu kvæði og segir: „At sumum orðum verðr ofkveðit sakir skáldskapar háttar“. Þetta útskýrir hann með kvæði eftir Hallfred vandræðaskáld þar sem látið er í ljós að Norðurlönd séu auð vegna andláts Ólafs Tryggvasonar. Sú sé ekki raunin heldur noti skáldið þessa líkingu vegna þess að enginn jafnoki Ólafs finnist í þessum löndum að honum gengnum. Þetta er „háttur skáldskapar“ og lætur höfundur í það skína að eðlilegt sé að „ofkveða“ hlut þess sem lofaður er í hvert sinn, viðhorf sem ómar í Prologus *Heimskringlu*: „En þat er hátt skálda at lofa þann mest, er þá eru þeir fyrir“.<sup>5</sup> Í upphafi formálans er einnig greint frá ólíkum heimildum sagnaritarans en þar á meðal eru munnlegar heimildir:

Á bók þessi lét ek rita fornar frásagnir um höfðingja þá, er ríki hafa haft á Norðrlöndum ok á danska tungu hafa mælt, svá sem ek hefi heyrt fróða menn segja, svá ok nokkurar kynslóðir þeira eptir því,

---

sjálfa en það breytir ekki því að sá sem ritaði formálann og sá eða þeir sem rituðu söguna hljóta að hafa unnið náið saman.

<sup>1</sup> Hanning, *The Vision of History in Early Britain*, einkum 121–172.

<sup>2</sup> Hanning, *The Vision of History in Early Britain*, einkum 171. Sbr. einnig Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 289 en hann bendir á að Geoffrey og Snorri hafi báðir tekið þjóðarsögu „út úr hinum guðfræðilega ramma.“

<sup>3</sup> Sjá t.d. Curschmann, „The Prologue of *„Piðreks saga“*: Thirteenth-Century Reflections on Oral Traditional Literature,“ 142.

<sup>4</sup> *Piðreks saga af Bern*, 4.

<sup>5</sup> *Heimskringla* I, 5.

sem mér hefir kennt verit, sumt þat, er finnsk í langfeðgatali, þar er konungar eða aðrir stórættaðir menn hafa rakit kyn sitt, en sumt er ritat eptir fornum kvæðum eða sǫguljóðum, er menn hafa haft til skemmtanar sér. *En þótt vér vitim eigi sannendi á því, þá vitum vér dæmi til, at gamlir fræðimenn hafi slíkt fyrir satt haft.*<sup>1</sup>

Hér þykir mikilvægt að taka fram að til séu dæmi þess að forn skemmtikvæði hafi af „gömlum fræðimönnum“ verið talin sönn. Höfundur formálans tekur ekki ábyrgð á sannindunum en útilokar ekki að skemmtunin geti verið sönn. Það er vart tilviljun að fræðimenn séu nefndir til sögunnar því að í þeim býr valdið. Það liggur í orðsins hljóðan að fræðimaður skáldar ekki.

Það er athyglisvert að líta til Jómsvíkinga sögu í þessu ljósi. Sem fyrr segir kemur fram í sögugerð Perg. 7 að vitnað er til tveggja rita, *Konungabókar* og *Konungasagna* (sjá kafla 2.2). Þó að ekki sé víst hverjar þessar heimildir eru hafa þær ljóslega verið ritaðar. Í AM 510 er vitnað til Sæmundar fróða. Í sögugerðinni 291 er hvorki vitnað til ritaðra heimilda né nafngreindra höfunda. Þar er heldur enginn formáli um heimildanotkun höfundar. Hins vegar er hvað eftir annað vitnað til óþekktara og ósýnilegra heimilda, það er orðróminn sem enginn getur staðfest.<sup>2</sup> Dæmi um þetta eru eftirfarandi setningar eða orðasambönd:

- Þess er við getið...
- Þess er eigi getið...
- Það er nú sagt eitthvert sinn...
- En það er eigi sagt...
- En í annarri sögn er þess getið...
- Og er það sumra manna sögn þeirra er fróðir eru...
- Nú lýsir hér yfir því er margir mæltu...
- Svo er frá sagt um...
- Eigi kunnu vér að segja hve lengi þeir knúðu þetta mál...
- ...og er svo sagt af flestum fræðimönnum...
- En það er frá honum sagt...
- ...eru mikil tíðendi frá honum sögð í öðrum sögum.
- En það er sögn manna síðan...

Allar setningarnar virðast vísa í mælt mál en ekki ritað. Hvort að höfundur hafi ákveðnar munnmælasögur í huga eða taki einfaldlega svona til orða er ógjörningur að vita en vissulega vekur það grunsemdir að hann nefnir hvorki eitt einasta rit né heimildarmann. Þegar sagnaritarar hefja verk sín á því að vitna til heimilda, og gera það jafnvel áfram af og til í verkinu sjálfu, hlýtur tilgangurinn að vera sá að auka trúverðuleika sögunnar. Það gildir þó einnig um

---

<sup>1</sup> *Heimskringla* I, 3–4. Leturbreyting ÞEJ.

<sup>2</sup> Carl Phelpstead hefur einnig dregið fram þessi einkenni í *Ólafs sögu Odds* og telur að þær séu til marks um að höfundur vilji með slíkum tilvísunum auka trúverðuleika sinn sbr. Phelpstead, „Fantasy and History: The Limits of Plausibility in Oddr Snorrason’s *Ólafs saga Tryggvasonar*,“ 32.

tilvísanirnar í Jvs., tilgangur þeirra hlýtur að vera sá að losa höfund undan ábyrgð á frásögninni og um leið auka trúverðugleikann; hann bjó söguna ekki til sjálfur.

Textar sem koma nútímafólki fyrir sjónir sem skáldskapur eða texti með skáldskaparlegum blæ minna okkur umfram allt á hversu erfitt getur reynst að samræma menningu nútíma og miðalda. Langar, veraldlega frásagnir voru miðlægt form fyrir trúverðuga sagnaritun. Ruth Morse telur að breidd frásagna, bæði í lausu máli og bundnu, sem lýst er sem sagnfræði, annað hvort af sagnaritunum sjálfum eða viðtakendum, bendi til að menn hafi leikið sér með mörk og skilgreiningu sagnfræðihugtaksins.<sup>1</sup> Hún lítur svo á að á miðöldum megi finna ólíka skynjun á ýmsum hugtökum og að hugtakið *sannur* geti merkt ‘að mestu satt’ eða ‘þetta gæti hafa gerst svona’. Morse er þeirrar skoðunar að bókmenntalegur og retórískur arfur hafi haft áhrif á sagnaritara sem nýttu þau tækifæri sem gáfust í frásögnum til þess að ýkja og stækka sínar sögur. Þar af leiðandi gat verið innra ósamræmi í áreiðanleika einnar og sömu frásagnarinar. Þess vegna kemur ekkert í veg fyrir að einhver hluti til dæmis sögunnar eftir Geoffrey frá Monmouth sé góð lýsing á sögulegum atburðum þó að annað kunnir að vera ýkt eða beinlínis uppspunnið.

Ólíkt White og Spiegel hér að framan telur Morse að ekki þurfi endilega að gera ráð fyrir að himinn og haf skilji að nútíma og miðaldir í viðhorfum til skáldskapar og sagnfræði.<sup>2</sup> Raunar telur hún að ákveðinn tálmi hafi verið reistur milli nútíma og miðalda með raunhyggju 17. aldar sem geri okkur erfitt fyrir þegar reyna á að bera saman þessa ólíku tíma, en þó að áhersla á heimildagildi og heimildarýni í sagnfræði hafi breyst og aukist er ekki þar með sagt að nútímalesendur eigi auðveldara með að greina að sannferðuga lýsingu á atburðum og skáldskap um atburð. Sagnfræði er á öllum tímum túlkun. Lýsing á atburði sem er vel úr garði gerð og á þann hátt að hún hreyfir við lesandanum *kann* að endurspegla atburð sem átti sér í raun stað en gæti einnig verið skáldskapur.

Þá er vert að hafa í huga, líkt og áður er getið, að sú áhersla sem lögð er á heimildarýni í sagnfræði nú er tiltölulega ung. Kröfur um heimildarýni haldast í hendur við þær hræringar sem áður hafa verið nefndar í framhaldi frönsku byltingarinnar, þegar sagnfræðingurinn átti að samsama sannleika og staðreyndir og losa sig undan ímyndunaraflinu.<sup>3</sup> Ekki ætti heldur að vanmeta þann möguleika að höfundar sagnarita hafi viljað skemmta viðtakendum sínum um leið og þeir fræddu þá. Ef sagnfræðingar áttu að standast kröfur um að lýsa atburðum „eins og þeir voru“ og fylgja rétttri tímaröð er hætt við að frásögn geti orðið samhengislaus því að „raunverulegt líf“ er sundurlaust, óskipulagt og óútreiknanlegt. Form skáldskaparins býr aftur á

<sup>1</sup> Morse, *Truth and Convention in the Middle Ages: Rhetoric, Representation, and Reality*, 2–8.

<sup>2</sup> Morse, *Truth and Convention in the Middle Ages: Rhetoric, Representation, and Reality*, 89–90.

<sup>3</sup> White, *Topics of Discourse*, 123.

móti til reiðu úr óreiðu raunveruleikans þar sem frásagnareiningum er raðað niður svo að úr verði merkingarbær heild.<sup>1</sup>

Það sem nútímamenn hafa umfram miðaldamenn er tækifærið til þess að gera sjálfstæða rannsókn á þeim heimildum sem sagnir styðjast við, líkt og gert er í kafla 3.1 hér að framan. Slíkur samanburður hefur í flestum tilvikum verið illmögulegur á Íslandi miðalda. Sagnaritarar sem hafa talist til kennivalds í sagnfræði síns tíma, eins og Snorri Sturluson telst nú í íslenskum miðaldabókmenntum, voru sannarlega góðir höfundar sem skrifuðu *líka*, ekki eingöngu, um það sem í raun og veru gerðist á þann hátt að það virðist samræmast nútímans kröfum um nákvæmni.<sup>2</sup> Það skekkir sjálfsagt ímynd nútímamanna af sagnfræði og skáldskap að verk eru jafnan fyrirfram skilgreind og lesendur nálgast texta með ákveðnar hugmyndir um hlutverk hans. Auðvelt er að ímynda sér að skynjun á textum gæti breyst ef höfundur, samhengi, auglýsingar og annað sem skilgreina texta væri ekki fyrir hendi.

Öll framangreind umræða um skáldskap og sagnfræði varpar í raun og veru ljósi á að hugtökin tvö eru ekki andstæður heldur þvert á móti náskyld, tvær hliðar á sama peningi og því er ekki undarlegt að línan á milli geti verið fín eða illgreinanleg á stundum. Hvort tveggja eru hugtök notuð um texta, mannlega orðsmíð. Í *Íslenskri stílfræði* segir um *Heimskringlu*: „Hér er sjaldan sagt frá atburðum án þess að um leið sé greint frá tíma, umhverfi, veðri og hlutum eða fyrirbærum í umhverfinu. Þessar lýsingar eru að öllum líkindum hugarsmíð Snorra og því sagnfræðilega ómarktækar. Þær gera frásögnina hins vegar trúverðugri og nákomnari mönnum, ljá henni raunveruleikablæ.“<sup>3</sup> Þessi lýsing gildir um flest rit sem skilgreind eru sem „sagnfræði.“ Skáldskapurinn er óumflýjanlegur og þó að það hljómi þversagnarkennt er það skáldskapurinn sem eykur raunsæi frásagna.

### 3.3 „Má og vera að hvorki sé satt“

#### 3.3.1 Sagnfræði og Jómsvíkinga saga

Augljóst er að sagan er sett saman mönnum til skemmtunar, en þar með er þó ekki sagt að höfundurinn hafi ekki sjálfur trúað að minnsta kosti sumu af sögu sinni; hann hefur hvað sem öðru líður ekki viljað láta menn halda að hann hefði logið sögunni upp frá rótum, því að í lok hennar lætur hann þess getið, að Þórður örvahönd og Einar skálaglamm hafi sagt „glöggvast frá þessum tíðendum út til Íslands.“<sup>4</sup>

Jómsvíkinga saga is set against a background of historical events ... But the saga's emphasis is distinctively anti-historical.<sup>5</sup>

---

<sup>1</sup> Sbr. Green, *The Beginnings of Medieval Romance*, 93–94.

<sup>2</sup> Sbr. White, *Tropics of Discourse*, 122.

<sup>3</sup> Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, 246.

<sup>4</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 24.

<sup>5</sup> Finlay, „*Jómsvíkinga Saga* and Genre,“ 67.

Þessar tilvitnanir í Ólaf Halldórsson og Alison Finlay eru gott dæmi um það hvernig hugmyndirnar um skáldskap og sagnfræði hafa verið felldar inn í umræðu um Jómsvíkinga sögu. Líkt og rakið er í upphafi 3. kafla eru fjölmörg atriði, bæði persónur og atvik, í sögunni sem eru þekkt úr öðrum heimildum en á heildina litið er sagan ævintýraleg og nútímalesandi gerir sér grein fyrir að líklega sé meiri hluti hennar spunninn upp. Sá mælikvarði dugir skammt ef á að greina mögulegt viðhorf til sögunnar á miðöldum. Enginn formáli fylgir Jvs. og formálar fylgja ekki öllum miðaldaverkum þó að algengir séu. Engir formálar eru að Íslendingasögum og þekkt sagnarit á borð við *Fagurskinnu* og *Morkinskinnu* eru formálalaus. Þess vegna þarf að leita fanga annars staðar, til dæmis í texta sögunnar, umhverfi hennar og bókmenntagreiningum annarra skyldra sagna, til þess að draga upp skýrari mynd af mögulegum tilgangi og viðtökum verksins.

Viðtakendur Jvs. áttu mögulega að venjast ýmsum sögum sem eru enn ótrúlegri en hún; nærtækur er flokkur fornaldarsagna, þó að flestar þeirra séu á rituðu formi líkast til yngri en Jvs. er hugsanlegt að elstu sögurnar í þeim flokki séu litlu yngri en Jvs.<sup>1</sup> Það er því ekki langsótt að einhvers konar vísir að slíkum sögum hafi lifað í munnlegri geymd. Hið sama má segja um elstu Íslendingasögur. Meiri hagur getur hlotist af því að líta til rita sem eru frá svipuðum tíma og Jvs. eða eldri og má þar finna margt sem stingur í stúf við hefðbundna skynjun okkar á veruleikanum. Sum þessara rita eru ljóslega sett fram sem trúverðug sagnarit en tilgangur annarra getur verið umdeilanlegri. Dæmi rita sem ljóslega hefur átt að taka alvarlega og brjóta í bága við það sem í nútímanum þykir mögulegt, geta þannig gefið til kynna ólíka skynjun á því sem er trúlegt og ótrúlegt á miðöldum og nú.

Jvs. er uppfull af atvikum sem nútímalesendum þykja ótrúleg og líkleg til þess að vera spuni eða að minnsta kosti krydduð frásögn. Má sem dæmi nefna dráp Haralds Gormssonar og aftöku Jómsvíkinga í lok sögunnar, atvik sem auðvelt er að ímynda sér að hlægi viðtakendur á öllum tímum. Þá er þrítekning einnig áberandi í allri sögunni sem minnir á byggingu ævintýra.<sup>2</sup> Hvorki dráp Haralds, aftakan né önnur glettin atvik í þeim dúr brjóta í bága við það sem er í hlutveruleikanum fræðilega mögulegt nema að líklega má efast um hvort ör sem skotið er beint í rass konungi geti komið út um munninn. Það brýtur aftur á móti engin náttúrulögmál að hafa gróf orð eða gamanmál á vörum rétt fyrir sína eigin aftöku eins og ónefndur vel hærður Jómsvíkingur: „það er og annað, að eg er svo vandur að hári mínu að eg vil að sá maður haldi hárinu fram af höfðinu meðan eg er högginn og hnykki skjótt höfðinu af bolnum, svo að hárið

<sup>1</sup> Sbr. Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 139 en hann telur til dæmis líklegt að *Völsunga saga* sé rituð nærri 1250. Stíga þarf varlega til jarðar þegar mælikvarðinn trúlegur – ótrúlegur er nýttur; hér er hann hugsaður út frá viðteknum venjum nútímans með það í huga að hann kunni að vera frábrugðinn skynjun miðaldamanna en þó ekki algjörlega andstæður.

<sup>2</sup> Sjá nánar kafla 4.1.

verði eigi blóðugt“ (198). Vissulega læðist að lesanda sá grunur að tilgangurinn hér sé fremur skemmtun en miðlun sannleika.

*Historia Norvegiæ* ber það beinlínis í titli sínum hvers kyns rit það er og í formála þess leggur höfundur ríka áherslu á að hann segi ekki frá neinu nýju, hann segi aðeins frá vitnisburði eldri manna eða atburðum sem hann sjálfur varð vitni að.<sup>1</sup> Í upphafi sögunnar er ýmsum staðháttum í Noregi og nágrenni lýst, meðal annars hinu mikla hafi í norðri þar sem menn hafa mætt eineygðum hest-hvölum með mikið fax og fleiri sæskrímslum.<sup>2</sup> Reyndar eru áhöld um hve gömul þessi Noregssaga er, Inger Ekrem hefur bent á að fræðimenn hafi talið hana geta verið allt frá 1150 til um 1300 en flestir hafa komist að þeirri niðurstöðu að sagan sé rituð á árabílinu 1170–1220.<sup>3</sup> Sjálf telur hún að sagan hafi verið rituð áður en erkibiskupsembættið í Niðarósi var stofnað 1152–1153.<sup>4</sup> Hvað sem ritunartíma sögunnar líður ber hún þess glöggt vitni hvað leyfist í sagnaritun á þessum tíma eða öllu heldur gefur hún til kynna að það sem þykir ótrúlegt nú getur verið hluti sagnfræðilegra frásagna á miðöldum. Í *Heimskringlu* má finna dæmi, meðal annars hina frægu upprunasögu íslensku landvættanna þar sem Haraldur blátönn sendir kunnugan mann í hamförum til Íslands.<sup>5</sup> *Morkinskinna* er talin rituð um 1220 og er þá með elstu íslensku konungasagnaritunum og í henni eru fjölmörg atriði með ólíkindum. Nægir að nefna bardaga Haralds harðráða við orminn í Miklagarði.<sup>6</sup>

Þessi rit eru öll flokkuð sem sagnarit og njóta nokkurrar virðingarstöðu sem slík enn þann dag í dag, þó ef til vill í mismiklum mæli. Kennivald Snorra Sturlusonar hefur vegið þungt í allri umræðu um *Heimskringlu* og hefur hún tvímælalaust verið mest í hávegum höfð af þessum ritum í íslenskri bókmenntasögu. Það hefur ekki fellt *Heimskringlu* af stalli sínum að þar megi finna atvik sem þykja ótrúverðug á nútímamælikvarða. Hér verður því ekki haldið fram að *Heimskringla* hafi óverðskuldað verið vel metið sagnarit í bókmenntasögunni heldur aðeins bent á að ótrúleg atvik í Jvs. ein og sér duga ekki sem rök fyrir því að Jvs. hafi talist til skáldskapar á miðöldum.

Margt í umhverfi og hefð Jvs. bendir raunar til að hún gæti mögulega hafa verið jafn samþykkt sem sagnfræðiverk og framangreind sagnarit á miðöldum. Í umræðu um einkenni og form skáldskapar hér að framan er bent á að niðurskipan efnis geti gefið vísbendingu um markmið verka. Sagnfræðiverk fylgja eðlilegri röð, *ordo naturalis*, þar sem hver atburður rekur

<sup>1</sup> *Monumenta historica Norvegiæ*, 71–72.

<sup>2</sup> Sama rit, 79–80. Þetta sést einnig á sumum heimskortum frá miðöldum þar sem ýmsar kynjaskepnur eru teiknaðar inn á hafsvæðin og tilheyra þar með heimsmýndinni.

<sup>3</sup> Ekrem, *Nyt lys over Historia Norwegie*, 88.

<sup>4</sup> Sama rit, 14.

<sup>5</sup> *Heimskringla* I, 271. Landvættasagan hefur raunar sem þekkt er verið talin eiga sér forsögu sem rekja má til tákmynda guðspjallamanna, sjá t.d. Einar Ól. Sveinsson, „Landvættasagan,“ 122–124. Þrátt fyrir það er framsetning þessarar frásagnar í *Heimskringlu* yfirnáttúruleg.

<sup>6</sup> *Morkinskinna* I, 109–111.

annan í rétttri tímaröð. Þessi leið einkennir íslenskar miðaldabókmenntir almennt og er Jvs. þar ekki undantekning. Þar er þó til að mynda vikið frá þessari reglu við upphaf annars hluta: „Nú hefst upp annar þáttur sögunnar, sá er fyrr hefir verið en þetta væri fram komið, og má eigi einum munni allt senn segja“ (100). Tekið er til orða á svipaðan hátt í *Morkinskinnu* fyrir orrustuna á Hlýrskógarheiði þegar frásögnin yfirgefur Magnús góða í bili og víkur sögunni að systur hans: „ok verðr hér frásögn at hvílask fyrst, því at eigi má allt senn segja.“<sup>1</sup> Í *Morkinskinnu* er enn fremur athyglisvert hvernig ferðasögu Haralds harðráða er skeytt inn í söguna eftir að Magnús og Haraldur hafa hist. Skipt er um sjónarhorn og sagt frá atburðum sem þegar hafa gerst þegar þar er komið sögu: „Nú hvílisk fyrst at segja frá Magnúsi konungi, ok skal fyrst segja frá ferðum Haralds.“ Ármann Jakobsson telur aftur á móti ljóst að höfundur *Morkinskinnu* setji verk sitt fram sem sagnfræði<sup>2</sup> og líti á sig sem sagnfræðing.<sup>3</sup> Ármann bendir enn fremur á að viðhorf um hina réttu röð sagnfræðinnar hafi gert það að verkum að þessi óeðlilega röð í *Morkinskinnu* hafi farið í taugarnar á fræðimönnum eins og Finni Jónssyni sem tekur fram að atburðarásin í *Heimskringlu* og *Fagurskinnu* sé eðlileg en að í *Morkinskinnu* sé þetta „mærkelig anordning.“<sup>4</sup> Þessi dæmi *Morkinskinnu* gera það að verkum að óeðlileg röð atburða í Jvs. líkt og á sér stað í upphafi annars hluta, er ekki hægt að samþykkja fyrirvaralaust sem merki um ritun skáldskapar.

### 3.3.2 Rómönsur og sagnaritun.

Hér að framan hefur verið rakið hvernig upphaf skáldskapar tengist ritun rómansa órjúfanlegum böndum. Þar er sjónum einkum beint að meginlandinu, sérstaklega Frakklandi. En að hvaða marki er hægt að heimfæra þessa þróun skáldskapar á meginlandinu upp á Ísland? Rómönsur bárust í þýðingum til Íslands og áhrifa þeirra gætir sannarlega í íslenskum bókmenntum, ekki síst með tilkomu flokks frumsamdra, íslenskra rómansa. Torfi H. Tulinius telur að líklega megi finna tengsl milli sögunnar um *Yvain* eftir Chrétien de Troyes og *Egils sögu* sem sé vísbending um að þessar sögur hafi verið farnar að berast til Íslands eða Noregs þegar *Egla* var samin.<sup>5</sup> Þetta merkir hann einkum í kaflanum þegar Egill huggar dóttur Gyðu, systur Arinbjarnar, og ákveður að berjast fyrir Friðgeir bróður hennar við Ljót hinn bleika. Ljótur hafði skorað Friðgeir á hólmi og ætlar sér að nema dótturina á brott ef hann hefur betur.<sup>6</sup> Svipað gerist í *Yvain* þegar hann berst í stað tveggja sona gestgjafa sinna við ópokka sem ætlar að drepa þá og nema systur

<sup>1</sup> *Morkinskinna* I, 55.

<sup>2</sup> *Morkinskinna* I, 82.

<sup>3</sup> Ármann Jakobsson, *Staður í nýjum heimi*, 86.

<sup>4</sup> Finnur Jónsson, „Indledning“ xv; sjá Ármann Jakobsson, *Staður í nýjum heimi*, 78–92 fyrir frekari umfjöllun um texta *Morkinskinnu* sem fléttu og vefnað; sbr. Ryding, *Structure in Medieval Narrative*, 70.

<sup>5</sup> Torfi H. Tulinius, *Skáldið í skriftinni*, 99–100.

<sup>6</sup> *Egils saga Skalla-Grimssonar*, 199–206.

þeirra á brott. Móðirin er, eins og Gyða í *Egils sögu*, systir besta vinar hans.<sup>1</sup> Hér eru vissulega líkindi á ferð en erfitt að nýta þetta dæmi eitt um að sögur Chrétien hafi borist til Íslands á ritunartíma *Egils sögu*, munnleg áhrif sagna hans gætu verið ein skýring eða að hér sé einhvers konar minni sem sögurnar eiga sameiginlegt án þess að um bein áhrif sé að ræða.

Aftur á móti eru stoðirnar styrkari ef litið er til sögu Geoffrey frá Monmouth á Íslandi og raunar má merkja eftirtektarverða þróun í *Bretasögu* hans á Íslandi. Söguna hefur Geoffrey upphaflega ritað um 1136 og efnið virðist hafa borist snemma til Íslands því að talið er að Gunnlaugur Leifsson munkur á Þingeyrum hafi ritað og þýtt Merlínusspá upp úr sjöundu bók *Historia Regum Britanniae* um 1200. Þetta er hið elsta sem vitað er um áhrif Geoffrey hér á landi en Merlínusspá er varðveitt í Hauksbókargerð *Breta sagna*. Þar sem Merlínusspá kemur í bókinni segir: „her eftir hefir Gvðlavgr mvnkr ort kvæði þat er heitir Merlinvs spá.“<sup>2</sup> Talið er líklegt að Gunnlaugur hafi haft *Bretasöguna* eftir Geoffrey við hendina þar eð hann hefur bætt við atvikum í Merlínusspá sem má finna í öðrum hlutum sögunnar.<sup>3</sup> Marianne Kalinke telur líklegt að fyrst Gunnlaugur hafi á annað borð þekkt söguna geti verið hugsanlegt að hann hafi síðar þýtt *Breta sögur* sem eru meðal annars varðveittar í Hauksbók (frá 1301–1314) og AM 537 4to (frá um 1350–1375) en hvorugt handritið varðveittir upprunalega gerð.<sup>4</sup> Talsverður munur er á gerðunum. Í Hauksbók hefur textinn verið skorinn niður og honum þjappað saman en í AM 537 4to er hann töluvert lengri þó að þar vanti reyndar Merlínusspá. Líkt og Kalinke bendir á er ljós áherslumunur á því hvernig efnið er sett fram. Hún tekur dæmi af því þegar Artúr konungur er getinn. Það vildi þannig til að móðir Artúrs, Igerne, var gift Gorlois en konungurinn Uther gat ekki á heilum sér tekið vegna ástar til Igerne. Með aðstoð Merlínar tókst honum að taka á sig mynd Gorlois og komast þannig til rekkju Igerne. Á sama tíma annars staðar var hinn sanni Gorlois drepinn af her Uthers.<sup>5</sup>

Í sögu Geoffrey er málalyktum lýst stuttlega þar sem fram kemur að Uther geti tekið sína mynd aftur og megi kvænast Igerne. Þau giftust og eignuðust börnin Artúr og Önnu.<sup>6</sup> Í Hauksbók er þessum viðburðum lýst á mjög svipaðan hátt og í riti Geoffreys en aðra sögu er að segja í AM 537 4to.<sup>7</sup> Þar virðist sem höfundur hafi þótt frásögninni ábótavant og séð ástæðu til þess að bæta úr. Þar er Uther sagður játa blekkinguna og lýst nákvæmlega viðbrögðum Igerne

<sup>1</sup> *Oeuvres complètes*, 431–433.

<sup>2</sup> *Hauksbók*, 271.

<sup>3</sup> Sbr. Kalinke, „The Arthurian Legend in *Breta sögur*, 217–219; Sölvi Eysteinnsson, „The relationship of Merlínusspá and Geoffrey of Monmouth’s *Historia*,“ 98–104; Jakob Benediktsson, „Merlínusspá,“ 556–557.

<sup>4</sup> Um aldur Hauksbókar sjá Stefán Karlsson, „Aldur Hauksbókar,“ 114–121. Aldur AM 537 4to er miðaður við upplýsingar í *Håndskriftregister ONP*.

<sup>5</sup> Kalinke, „The Arthurian Legend in *Breta sögur*,“ 220–221.

<sup>6</sup> Geoffrey of Monmouth, *The History of the Kings of Britain*, VIII:454–512 (bls. 185–187).

<sup>7</sup> Sbr. *Hauksbók*, 286–287.



þegar hún fréttir um andlát Gorlois. Igerne — sem í hinum tveimur frásögnunum er aðeins mállaust viðfang — birtist sem tilfinningarík persóna. Hún er buguð af harmi og grætur þungan svo „at engi maðr mátti hugga hana.“<sup>1</sup> Áhrif rómönsufrásagna eru ótvíræð í samanburði þessara frásagna og breytingin er athyglisverð. Í Hauksbók sem rituð er rétt eftir 1300 endurómar texti sem er ritaður um 1136, þýddur á íslensku sennilega um eða uppúr 1200.<sup>2</sup> Nokkrum áratugum síðar, í AM 573 4to kveður við annan tón og þörf er á að víkka frásögnina. Marianne Kalinke telur þetta dæmi sýna mjög glögg hvernig sagnfræði verður skáldskapur. Hjá Geoffrey og Hauki Erlendssyni er okkur sagt hvað sögupersónur gerðu en í AM 573 4to er okkur sagt hvernig þeim leið.<sup>3</sup>

Þetta dæmi eitt og sér dugar vitaskuld ekki til þess að álykta nokkuð um þróun og áhrif rómansa í íslenskum bókmenntum og væri einföldun að halda því fram. Hér má einnig rifja upp hvers eðlis breytingarnar á texta Jvs. eru í 291, Perg. 7 og 510 líkt og rakið er í kafla 2.4 þar sem sagan hefur annars vegar verið stytta og hins vegar aukið. Enn verður ljóst hversu lifandi texti frá þessum tíma getur verið. Þróunin í *Breta sögum* er athyglisverð í ljósi umræðunnar um skáldskap og sagnfræði og hve stutt bilið þar á milli er. Sagnaritararnir Haukur Erlendsson og Geoffrey frá Monmouth einbeita sér að því að lýsa þeim atburði sem er til umfjöllunar hlutlægt. Í AM 573 er því lýst sem gerist en um leið fjallað um innra líf persóna. Marianne Kalinke telur þarna liggja grundvallarmun í skilgreiningum á skáldskap og sagnfræði.<sup>4</sup> Dæmi um þessi mörk er ekki að finna í Jvs. ekki einu sinni í 510 þar sem textinn hefur þó verið aukinn nokkuð. Tilfinningar, grátur, harmur eða hvers kyns innra líf sögupersóna er ekki ekki til umræðu. Slíkt er yfirleitt ekki að finna í Íslendingasögum heldur, þar er viðtakenda að túlka það sem höfundar gefa í skyn um tilfinningalíf persóna. Ef miða á við skilgreiningu Kalinke teldust allar þessar bókmenntir því til sagnfræði, og kann að vera að svo hafi verið á miðöldum, en af framangreindri umræðu er ljóst að fleira hlýtur að koma til þegar viðtökur þessara verka eru greindar.

<sup>1</sup> *Breta sögur hinar fornu*, 86.

<sup>2</sup> Talið er líklegt að *Breta sögur* hinar íslensku séu þýddar eftir latnesku riti sem hefur verið aukið gerð *Bretasögunnar* eftir Geoffrey. Má styðja þetta meðal annars af klausum sem eru í *Hauksbók* en ekki í texta Geoffrey og þar sem texti *Hauksbókar* er talsvert stytta væri kyndugt ef þar hefði verið bætt atriðum við textann á stöku stað. Margt í texta AM 573 4to bendir til að latneska gerðin hafi svipað til *Roman det Brut* sem skáldið Wace orti um miðja 12. öld en sú frásögn er byggð á *Bretasögu* Geoffrey. Styrkist sú kenning til dæmis af því að líkt og í AM 573 4to er spá Merlins sleppt hjá Wace. Sjá m.a. Kalinke „The Arthurian Legend in *Breta sögur*,“ 221–229; *Wace's Roman de Brut*, 190.

<sup>3</sup> Kalinke, „The Arthurian Legend in *Breta sögur*,“ 221.

<sup>4</sup> Kalinke, „The Arthurian Legend in *Breta sögur*,“ 221.

### 3.3.3 Íslendingasögur og skáldskapur

Spurningar um mörk skáldskapar og sagnfræði hafa ekki síst verið áberandi í umræðu um Íslendingasögur. Raunar hafa fáir flokkar miðaldabókmennta hlotið þann heiður að verða bitbein tveggja fylkinga með ólíkar hugmyndir um uppruna, þeirra bókfestu- og sagnfestumanna. Algengt er á síðari tímum að líta svo á að Íslendingasögur geti ekki verið í heild sinni uppspuni frá rótum, en viðurkenna um leið skáldskapinn í þeim. Orð Vésteins Ólasonar úr *Íslenskri bókmenntasögu* lýsa þessu viðhorfi ágætlega: „Hinn feikimikli fróðleikur um fólki og atburði sem sögurnar geyma getur ekki allur verið skrök fáeinna rithöfundar á 13. öld, en hlýtur að rísa á arfi sagna og fróðleiks um fortíðina sem lifað hefur fram á sögutíma. Sögurnar bera líka frá upphafi merki þróaðrar frásagnarlistar sem er þess eðlis að ekki var kostur að læra hana af erlendum bókum.“<sup>1</sup>

Deilur um sagnfræðilegt gildi sagnanna endurspeglast ef til vill best í umræðu um *Hrafnkels sögu*. Sigurður Nordal komst að þeirri niðurstöðu í bók sinni *Hrafnkötlu* frá 1940 að hún væri skáldverk, listræn sköpun eins höfundar.<sup>2</sup> Sigurður kemst meðal annars að þessari niðurstöðu með því að bera efni sögunnar saman við aðrar tiltækar heimildir eins og *Landnámu*. Hann telur að greina megi í textanum höfundarvitund og ályktar meðal annars:

Meðferð hans [höfundarins] á efninu, hvernig sem hann hefur fengið það, sýnir gjörlla, að hann hefur verið vitur maður. Ef hann hefði verið að endursegja munnlega frásögn eða frásagnir, sem hann hefði gert ráð fyrir, að væri að mestu leyti sannsögulegar, myndi dómgreind hans hafa verið meir á varðbergi og hann hafa slegið einhverja varnagla. Að minnsta kosti hefði hann átt að hafa einhvern snefil af, að öðruvísi væri sagt frá í *Landnámu*. Sjálfst hikleysið í frásögninni bendir til þess, að hann hafi engar áhyggjur gert sér af sannindum sögunnar.<sup>3</sup>

Sigurður leggur áherslu á „söguleg sannindi“ og gerir kröfu um heimildarýni höfundar. Enn fremur gerir hann sér upp einhverja mynd af því hvers kyns heimildir höfundur *Hrafnkötlu* hafði nærtækar en um slíkt er vissulega lítið hægt að fullyrða nema um beinar tilvitnanir sé að ræða. Eins og Hermann Pálsson hefur í öðru samhengi bent á, fræðir samanburður Íslendingasagna við aðrar heimildir, eins og *Landnámu* eða *Íslendingabók*, okkur lítið um afstöðu höfundar til téðra heimilda og hvort hann hafði yfir höfuð kost á að kynna sér þær í sömu mynd og þær hafa varðveist fram á okkar daga, eða hvort hann hafi vísvitandi vikið frá þeim.<sup>4</sup>

Á seinni hluta 20. aldar komu enda fram gagnrýnisraddir sem töldu að Sigurður hefði gengið of langt þegar hann útilokar að sagan geti að einhverju leyti byggt á munnmælum og nær sú umræða ákveðnum hápunkti með bók Tommy Danielsson, *Hrafnkels saga eller Fallet med den undflyende traditionen*, þar sem lítið er lagt upp úr niðurstöðum Sigurðar og *Hrafnkels saga*

<sup>1</sup> Vésteinn Ólason, „Íslendingasögur og þættir“, 46.

<sup>2</sup> Sigurður Nordal, *Hrafnkatla*, 68.

<sup>3</sup> Sama rit, 39.

<sup>4</sup> Hermann Pálsson, *Sagnaskemmtun Íslendinga*, 135–137.

greind með hliðsjón af hlutverki munnlegrar hefðar.<sup>1</sup> Hermann Pálsson er einnig meðal þeirra sem hafa beint sjónum sínum að *Hrafnkels sögu* og taldi hann að jafn vafasamt væri að taka ritinu sem sagnfræðilegri heimild um atburði tíundu aldar eins og að taka undir með Sigurði Nordal að viðburðir sögunnar hafi aldrei gerst. Þó að hægt sé að færa rök fyrir „sagnfræðilegum veilum“ í sögunni dugi það ekki til þess að sanna að í öðrum tilvikum geti ekki verið stuðst við munnmæli um atburði sem áttu sér stað. Hermann tekur til að mynda undir með Sigurði Nordal að mannaforráð Þjóstárssona í Þorskafirði hafi verið tilbúningur en það merki ekki endilega að allt annað í sögunni sé hreinn uppspuni.<sup>2</sup> Í ritinu *Mannfræði Hrafnkels sögu og frumþættir* kafar Hermann ofan í frumþætti sögunnar og ræðir hlutverk einstakra þátta og mögulegar fyrirmyndir eða uppruna þeirra. Hermann leggur áherslu á að „atburðir á söguöld og lýsingar á þeim í þrettánda aldar listaverki [séu] næsta óskyld fyrirbæri.“<sup>3</sup> Hann tekur dæmi af Njálsbrennu en leggur áherslu á að óhugsandi sé að halda því fram að efni 127.–130. kafla í *Njáls sögu* hafi verið sótt í eldri heimildir um þann atburð því að brennan sjálf sé aðeins lítið brot af frásögninni í heild. Hermann telur auk þess að ekki megi gleyma mannfræðilegri áherslu sagnaritunar „enda voru sögur ekki skrifaðar í því skyni einu saman að fræða menn um löngu liðna atburði, heldur einnig til að glæða skilning á mannlegum vandamálum yfirleitt.“<sup>4</sup>

Óskar Halldórsson lagði að auki orð í belg og gagnrýndi Sigurð Norðdal fyrir einföldun í niðurstöðu sinni.<sup>5</sup> Hann tekur sem dæmi staðhætti sögunnar sem Sigurði þótti út í bláinn en Óskar bendir á að margt í staðháttum og staðarlýsingum geti vel staðið heima. Óskar telur að þó að sagan beri þess ekki endilega merki á yfirborðinu geti vel verið að gamlar alþýðusagnir liggi að baki *Hrafnkels sögu*. Þá tekur Óskar í sama streng og gert hefur verið hér að framan um skyldleika skáldskapar og sagnfræði: „Hér hefur það gleymst hve skammt er á milli skáldsögu og króníku: Af því að höfundur Hrafnkels sögu var ekki hlutlaus safnari fróðleiks eins og þjóðsagnaritarar okkar tíma hlaut sagan að vera hugarleiftur hans!“<sup>6</sup>

Þeir fræðimenn sem nefndir eru til sögunnar í þessari umræðu um *Hrafnkels sögu* eiga það sameiginlegt að taka lítið sem ekkert til umfjöllunar skilgreiningar á skáldskap og sagnfræði, skilningur þessara hugtaka þykir sjálfsgæður. Sigurður Nordal virðir til að mynda að vettugi að í sögunni sjálfri geta ólíkir straumar mæst á einum stað, hinn sögulegi atburður sem um er fjallað getur blandast áhrifum, erlendum og innlendum, munnmælum eða rituðum heimildum, hugmyndaflugi höfundar og ríkjandi sagnahefð. Rökræður þær sem endurspeglast í umfjöllun

<sup>1</sup> Saga umræðunnar um *Hrafnkels sögu* er rakin hjá Clover, „Icelandic Family Sagas (*Íslendingasögur*)“, 243–245.

<sup>2</sup> Hermann Pálsson, *Úr hugmyndaheimi Hrafnkels sögu og Grettlu*, 14.

<sup>3</sup> Hermann Pálsson, *Mannfræði Hrafnkels sögu og frumþættir*, 15.

<sup>4</sup> Sama rit, 15.

<sup>5</sup> Óskar Halldórsson, *Uppruni og þema Hrafnkels sögu*, 13.

<sup>6</sup> Sama rit, 43.

um *Hrafnkels sögu* eru áberandi í fræðiritum um Íslendingasögur almennt og verða eflaust uppspretta fræðilegra athugana um ókomna tíð. Líkt og Carol Clover bendir á hefur meginviðhorf til sannleiksgildi Íslendingasagna á 20. öldinni verið að sögurnar endurspeglir fremur ritunartíma sinn en sögutíma.<sup>1</sup> Í yfirliti sínu um bókmenntir í *Sögu Íslands* segir Jónas Kristjánsson: „Í stað þess að líta á Íslendingasögur sem heimildir um söguöldina hafa menn í vaxandi mæli farið að líta á þær sem endurspeglun frá umhverfi höfundanna, íslenzku þjóðfélagi á þrettánda og fjórtánda öld.“<sup>2</sup> Þetta viðhorf má einnig finna í umfjöllun Torfa Tulinius um Jvs. en hann telur að höfundur sögunnar hafi valið efni, raðað því, breytt og bætt til þess að leggja áherslu á ákveðin hugðarefni 13. aldar áheyrenda. Torfi dregur fram áherslu sögunnar á samskipti konunga, jarla og bænda. Í upphafi 13. aldar hafi konungsveldi verið í þróun í allri Evrópu og Torfi telur að sagan sýni vilja og getu til þess að komast áfram og ná völdum í samfélaginu með því að þjóna konunginum. Þannig hafi til dæmis Vagn og Pálnatóki verið tákmyndir bændasona sem klífa metorðastigann á grundvelli persónulegra kosta og komast þannig skrefinu nærri tign og völdum. Með þessu móti hafi skáldskapareiginleikar sögunnar æðri tilgang sem skírskoti til samtímans.<sup>3</sup>

Þessi umræða er rakin hér sem dæmi um rökræður sem sprottið hafa vegna spurningarinnar um mörk sagnfræði og skáldskapar. Umræðan varpar ljósi á hve erfitt getur reynst að samrýma niðurstöður fræðimanna. Líkt og fyrr greinir er ein niðurstaðan sú að hugtökin tvö séu mun skyldari en svo að þau geti talist andstæður. Um leið má taka undir með Ármanni Jakobssyni sem bendir á að flokkun texta í sagnfræði eða skáldskap sé aðeins vandamál ef við gerum ráð fyrir að sögur geti eingöngu verið *annað hvort sagnfræði eða skáldskapur*.<sup>4</sup> Ármann Jakobsson varpar ágætu ljósi á samspil sagnfræði og skáldskapar með dæmi af *Bárðar sögu Snæfellsáss*. Ólíkt mörgum framangreindum rannsóknum leggur Ármann ekki áherslu á sannleiks- eða heimildagildi sögunnar heldur einbeitir sér að formlegum einkennum textans. Fyrst nefnir hann ólík áhugasvið þar sem í sagnfræðiritum má oft finna yfirdrifið af nöfnum á fólki og stöðum sem leggja ekkert af mörkum til hinnar listrænu heildar. Í annan stað er viðhorfið oft gagnrýnna í sagnfræði, ef eitthvað þykir óljóst eða byggt á ónógum sönnunum er efast um gildi þess í textanum sjálfum og að lokum nefnir hann að atburðir og samræður verða að vera trúverðug þeim sem eru viðtakendur verksins. Niðurstaða Ármanns er sú að *Bárðar saga* sé, þrátt fyrir

<sup>1</sup> Clover, „Icelandic Family Sagas (*Íslendingasögur*)“, 262, sjá einnig t.d. Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 225–226.

<sup>2</sup> Jónas Kristjánsson, „Bókmenntasaga“, 272–273.

<sup>3</sup> Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 192–210; um þetta verður betur fjallað í 5. kafla. Einnig má nefna fræðimenn sem hafa beint sjónum sínum að sambandi Íslendingasagna og skáldsögunnar eða sögulegu skáldsögunnar. Sjá til dæmis Halldór Guðmundsson, „Skáldsöguvitund í Íslendingasögum“, 62–72; Joseph Harris, „Saga as Historical Novel“, 227–260.

<sup>4</sup> Ármann Jakobsson, „History of the Trolls? *Bárðar saga* as an historical narrative“, 53–71; sjá einnig Ármann Jakobsson, „Formáli“, lvi–lvii.

yfirnáttúrulega atburði hennar, sagnfræðileg frásögn. Þar sé áhuginn á örnefnum mjög áberandi, sögumaður skýlir sér bak við almenningsálit í stað þess að taka afstöðu til ótrúlegra viðburða og vitnar í sjónarvotta til þess að styrkja frásögn sína. Allt eru þetta einkenni sagnfræðinnar fremur en skáldskaparins. Fræðimenn hafa þó yfirleitt verið á öndverðum meiði og efast um sagnfræði *Bárðar sögu* vegna yfirnáttúrulegra einkenna hennar en líkt og Ármann bendir á hefði höfundur sögunnar ekki kannast við þetta hugtak.<sup>1</sup>

Athyglisvert er að bera þessa umræðu saman við framangreindar rannsóknir á Hrafnkels sögu. Ólíkt *Bárðar sögu* skortir *Hrafnkels sögu* atburði sem geta kallast yfirnáttúrulegir. Þvert á móti er frásögnin raunsæ, örnefni sögunnar eru alls 70, fjöldi manna er jafnan tiltekinn og sagt er frá af hikleysi líkt og sá sem segir frá hafi vitneskjuna á sínu valdi.<sup>2</sup> Þetta túlkar Sigurður Nordal sem merki um að höfundur hafi engar áhyggjur af sannindum sögunnar en með tilliti til túlkunar Ármanns mætti líta á þessi smáatriði sem vísbendingar um að verkið hafi sagnfræðilegan tilgang. Í umfjöllun Ármanns annars vegar og Sigurðar Nordals hins vegar, endurspeglast ágætlega hvernig viðhorf til hugtaksins ‘sagnfræði’ er vandkvæðum bundið. Sigurður Nordal lítur á sagnfræði og skáldskap sem andstæðu, hliðstæða andstæðunni satt og skrökvað. Ármann leggur aftur á móti áherslu á að sagnfræði sé tegund bókmenntatexta en ekki alger framsetning á sannleikanum. Sigurður endurspeglar í þessu tilliti ágætlega hugmyndir Hayden Whites sem kynntar voru hér að framan um sagnfræðinga 19. aldarinnar.

Þessi hugmynd Ármanns endurómar að sumu leyti síðar í grein um *Egils sögu* þar sem hann bendir á að raunsæi Íslendingasagna megi líkja við raunsæjar fantasíur nútímans. Í sögu eins og *Egils sögu* megi finna raunsæja mynd af mannlegum heimi þrátt fyrir að aðalhetja hennar virðist að mörgu leyti ómannleg. Við þetta bætir Ármann:

Of course, such an occurrence does not make a narrative unrealistic in and of itself—that must depend on what is regarded as real by its creator and by its audience. For those who believe in trolls, the appearance of a troll hardly makes a narrative less realistic and the idea that the demarcation between the natural and the supernatural can be clearly defined does not seem applicable to a medieval text such as a saga.<sup>3</sup>

Þó ólíku sé saman að jafna, *Bárðar sögu* og Jvs., má vissulega heimfæra sum þeirra atriða sem Ármann nefnir upp á Jvs. Líkt og dæma má af umfjöllun í kafla 3.1 er Jvs. rík af persónum sem koma lítið sem ekkert við sögu og staldra stutt við; eru vart nema nafnið eitt.<sup>4</sup> Með því sem Ármann nefnir gagnrýnið viðhorf á hann meðal annars við tilvik þar sem sögumaður tekur ekki ábyrgð á fullyrðingum sem kunna að hljóma ótrúlega. Ármann styður meðal annars mál sitt með

<sup>1</sup> Ármann Jakobsson, „History of the Trolls? *Bárðar saga* as an historical narrative,“ 61.

<sup>2</sup> Sigurður Nordal, *Hrafnkatla*, 39–48.

<sup>3</sup> Ármann Jakobsson, „Beast and Man: Realism and the Occult in *Egils saga*,“ 30–31.

<sup>4</sup> Arnfinnur jarl er nefndur einu sinni bls. 61; Haukur fóstbróðir Haralds Gormssonar nefndur á bls. 75 en kemur annars ekki við sögu; Arnoddur kertasveinn konungs er nefndur á bls. 125 og ekki aftur; Hemingur bróðir Þorkels háva er aðeins nefndur tvisvar á nafn á bls. 160 og ekki aftur.

orðalaginu sem notað er þegar Bárður hverfur úr mannlegu samfélagi og „þykkir mönnum sem hann muni í jöklana horfit hafa ok byggt þar stóran helli.“<sup>1</sup>

Líkt og fyrr greinir er algengt að sögumaður Jvs. leysi sig undan ábyrgð líkt og hann geri sér grein fyrir að orð hans muni reyna á trú fólks. Þetta gerist til dæmis þegar Pálnatóki drepur Harald líkt og áður er getið: „og er svo sagt af flestum fræðimönnum, að örin flýgur beint í rassinn konunginum og eftir honum endilöngum og kom fram í munninn, og fellur konungurinn þegar á jörð niður örendur, sem von var“ (119). Skýrast birtist þetta einkenni í lok sögunnar:

En það er sögn manna síðan að Búi hafi að ormi orðið og lagizt á gullkistur sínar; en vér hyggjum það til þess haft vera að þar hafi ormurinn sézt á Hjörungavogi, og kann vera að nökkur ill vættur hafi lagizt á féð og sýnzt þar síðan. En eigi kunnum vér að segja hvort heldur er. Má og vera að hvorki sé satt, þvíáð marga vega má sýnast (205).

Þessi orð minna um margt á málsbæturnar sem ræddar voru hér að framan og Ralph O'Connor hefur fjallað rækilegast um. O'Connor ræðir þó þessa frásagnartækni einkum í tengslum við íslenskar rómönsur þar sem orð sem þessi eru miklu algengari en í öðrum bókmenntategundum. Vöxtur rómönsunnar á Íslandi miðast fyrst og fremst við 14. öld og síðar, rómönsur eru þar af leiðandi flestar töluvert yngri en Jvs. Upphaf rómönsugreinarinnar á norrænu er að jafnaði miðað við tíð Hákonar Hákonarsonar Noregskonungs (1217–1263), ekki síst vegna klausunnar í upphafi *Tristrams sögu* þar sem fram kemur að sagan hafi verið þýdd á norrænu árið 1226 við hirð Hákonar.<sup>2</sup> Þessari klausu er ef til vill ekki nógu oft tekið með fyrirvara um að ártalið gæti verið rangt og handrit sögunnar eru talsvert yngri en frá 13. öld.<sup>3</sup> Þegar litið er til þess hvernig sögur sem varðveittar eru í fleiri en einni gerð, eins og dæmin af Jvs., *Gísla sögu*, *Sigurðar sögu þögla* og *Breta sagna* hér að framan sýna, verður að teljast ólíklegt að elsta varðveitta *Tristrams saga* endurspegli nákvæmlega þá sögu sem mögulega var þýdd við hirð Hákonar. Hvað sem aldri fyrstu norrænu rómansanna líður má sjá af málsbótum Jvs. að þessi frásagnartækni er ekki fundin upp af þýðendum rómansa, en gera má því skóna að notkun hennar aukist vegna eðli rómansanna. Þær eru uppfullar af atburðum sem geta reynt á trú fólks og bjóða þess vegna upp á margfalt fleiri tilefni til að grípa til slíkra athugasemda.

Athugasemdirnar í bókstaflegri merkingu gefa til kynna að rómönsusmiðir hafi viljað að sögur þeirra ætti að taka alvarlega og ekki er hægt að útiloka að einhver hluti áheyranda hafi gert það. Ekki er útilokað að fjarlægð sögusviðsins hafi til dæmis getað ýtt undir slíkt vihorf. Þó að Sverri konungi þyki lygisögur skemmtilegastar er engin staðfesting fólgin í þessum orðum

---

<sup>1</sup> *Bárðar saga Snæfellsáss*, 119

<sup>2</sup> *Tristrams saga ok Ísöndar*, 28.

<sup>3</sup> Sbr. Sverrir Tómasson, „Hvenær var *Tristrams sögu* snúið?“ 56-76.

um nákvæmlega til hvaða sagna hann vísar. Það er enn fremur of djúpt í árinna tekið að ætla að viðhorf hans hafi verið viðhorf allra.

### 3.3.4 Jómsvíkinga saga og Flateyjarbók

Ef lítið er út fyrir sjálfa Jvs. í leit að vísbendingum um viðhorf til hennar getur notkun efnisins í öðrum ritum sagt sína sögu. Líkt og bent er á í kafla 2.2 er ekki útilokað að *Fagurskinna*, *Heimskringla* og *Ólafs saga Odds* sem eiga skemmri eða lengri frásagnir sameiginlegar með Jvs. geti átt sameiginlega heimild fremur en að sagan sjálf hafi verið heimildin. Þessi þrjú rit hafa almennt fallið í flokk konungasagna þó að um það megi deila hvort *Ólafs saga Odds* ætti fremur heima í flokki helgisagna.<sup>1</sup> Þessi rit flokkast að minnsta kosti til sagna sem hafa þótt „áreiðanlegri“ heimildir en Jómsvíkinga saga sjálf. Ritin sýna hins vegar að sjálfsagt hefur þótt að nýta efni sem er í Jvs. við smíð þessara sagnarita, hvort sem heimildin hefur verið sagan sjálf eða eldri sagnarit með sameiginlegu efni. Í þessu samhengi er *Flateyjarbók* sér á báti því að þar er ljóst að sagan sjálf hefur verið nýtt svo gott sem í heild, sérstaklega annar hluti hennar eins og þegar hefur verið rakið. Líkt og þegar hafa verið færð rök fyrir er sagan í *Flateyjarbók* hluti af stærra samhengi og ekki sjálfstæð í sama skilningi og í handritunum 291, 510 og Perg. 7. Hvernig Jvs. er nýtt í *Flateyjarbók* getur því verið vitnisburður um viðhorf til sögunnar á ritunartíma *Flateyjarbókar*, í lok 14. aldar.

*Flateyjarbók* er eitt frægasta íslenska miðaldahandritið og einnig hið stærsta, í svo stóru broti að talið er að ekki hafi fengist meira en tvö blöð af hverju kálfskinni. Í útgáfu sögunnar frá 1944–45 er texti bókarinnar prentaður á 2070 blaðsíður.<sup>2</sup> Í inngangi fyrsta bindis þeirrar útgáfu bendir Sigurður Nordal á að í þessu bindi einu, sem telur 578 prentaðar blaðsíður, sé nærri því jafnmikið lesmál og í allri *Heimskringlu*.<sup>3</sup> Í upphafi *Flateyjarbókar* er innihaldi og tilkomu bókarinnar lýst:

Þessa bók á Jón Hákonarson. Er hér fyrst á kvæði, þá hversu Noregur byggðist, þá frá Eiríki víðförla, þar næst frá Ólafi konungi Tryggvasyni meðr öllum sínum þáttum. Því næst er saga Ólafs konungs hins helga Haraldssonar með öllum sínum þáttum og þar meðr sögur Orkneyjajarla, þá er Sverris saga, þar eftir Hákonar saga gamla með sögu Magnúsar konungs sonar hans, þá er þáttur Einars Sökkasonar af Grænlandi, þar næst frá Helga og Úlfi hinum illa, þá hefur upp annál þegar heimurinn er skaptur, tekur hann allt til þess er nú er komið heimsstöðunni. Hefir skrifað Jón prestur Þórðarson frá Eiríki víðförla og Ólafs sögunnar báðar, en Magnús prestur Þórhallsson hefir skrifað upp þaðan og

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson segir í formála sögunnar að sagan sé „að miklu leyti samin að fyrirmynd helgisagna, einna helst í ætt við játarasögur,“ sbr. „Formáli,“ lxxx. Fleiri höfðu áður bent á að sagan væri helgisaga sbr. umfjöllun Sverris Tómassonar, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 265–266. Sverrir bendir sjálfur á að sagan dragi dóm af postulasögnum og margt í sögunni minni á helgisögur miðalda. Sjá sama rit 267–279.

<sup>2</sup> Kolbrún Haraldsdóttir, „Innhald og komposisjon í Flateyjarbók,“ 93; Sigurður Nordal, „Formáli,“ *Flateyjarbók*, v.

<sup>3</sup> Sigurður Nordal, „Formáli,“ *Flateyjarbók*, xxiv.

svo það er fyrr er skrifað og lýst alla. Gleði og Guð allsvaldandi þá er skrifuðu og þann er fyrir sagði og jómfriú sancta María.<sup>1</sup>

Þó að tilgangi bókarinnar sé ekki beilínis lýst hér er ljóst að áherslan er söguleg. Kolbrún Haraldsdóttir bendir á að *Flateyjarbók* hafi verið hugsuð sem samfelld Noregssaga, eins rækileg og mögulegt var en Ólafur Halldórsson telur fremur líklegra að bókin hafi í upphafi átt að vera sem greinilegust saga Ólafanna tveggja sem síðan hafi verið bætt öðru efni.<sup>2</sup> Í upptalningu á efninu eru nefndar sögu konunganna tveggja og hins norræna landsvæðis utan Íslands. Fátt efnisins hefur betri sagnfræðilega skírskotun en annáll sem rekur upphaf heimsins þar til „nú er komið heimstöðunni.“

Ekki hefur viðhorf til *Flateyjarbókar* á síðari tímum ætíð verið á þá lund að hún sé fullgilt sagnfræðiverk, enda stenst hún ekki þær kröfur sem gerðar voru til sagnfræði á 19. öld ef miðað er við áður tilvitnaða greiningu White. Í inngangi útgáfunnar frá 1944 segir Sigurður Nordal um *Ólafs sögu Tryggvasonar* í *Flateyjarbók*, en inn í hana er meðal annars Jvs. skeytt:

Ekki þarf orðum að því að eyða, hversu verki Snorra er spillt í Ólafs sögu hinn mestu og allra helzt í *Flateyjarbók*. Í stað vel saman settrar sögu með sniðföstum stíl og blæ vakandi dómgreindar og mannvits er komin sagnasyrpa, sem er óskapnaður að samsetningu og sundurleit að stíl og efnismeðferð.<sup>3</sup>

Þetta er ekki ósvipað viðhorfi Árna Magnússonar um allan þann þvætting sem var skrifaður inn í *Flateyjarbók* og vitnað var til hér að framan.

Árni Magnússon og Sigurður Nordal eru báðir börn annarra tíma en þeir sem stóðu að gerð *Flateyjarbókar* og þeirra mælikvarði miðast vafalaust við raunhyggju og raunsæi, stefnur sem voru áhrifamiklar á hvorum tíma fyrir sig. Enda kemur í ljós þegar betur er að gætt að *Flateyjarbók* fellur þrýðilega að sínum tíma. Eins og William Ryding bendir á var almennt talið á miðöldum að alvarlegar bókmenntir ættu að vera langar. Stærsta verk miðaldahöfundarins var að uppgötva efni, þenja það út, bæta við og flétta saman efni úr ýmsum áttum í því augnamiði að búa til fyllri og stærri frásögn.<sup>4</sup> Má með sanni segja að *Flateyjarbók* marki hápunkt þessarar aðferðar á Íslandi. Elizabeth Ashman Rowe komst að svipaðri niðurstöðu í rækilegri rannsókn sinni á *Flateyjarbók*. Hún vitnar til orða Gabrielle M. Spiegel um að í sagnaritun á miðöldum hafi þótt mikilvægt að fjalla um pólitíska atburði samtímans með því að skrifa um fortíðina. Frá

---

<sup>1</sup> *Flateyjarbók* I; stafsetning samræmd.

<sup>2</sup> Kolbrún Haraldsdóttir, „Innhald og komposisjon í *Flateyjarbók*,“ 95–96; Ólafur Halldórsson, „Af uppruna *Flateyjarbókar*,“ 85–86.

<sup>3</sup> Sigurður Nordal, „Formáli,“ *Flateyjarbók*, xxvii.

<sup>4</sup> Ryding, *Structure in Medieval Narrative*, 62–63.



Þessu sjónarhorni telur Rowe að þeir Jón og Magnús hafi ótvírætt stundað sagnfræðilega iðju með skrifum *Flateyjarbókar*.<sup>1</sup>

Í upphafi bókarinnar kemur fram að Jón Þórðarson hafi ritað báðar *Ólafs sögurnar* og *Eiríks sögu víðförla*. Athygli vekur stutt athugasemd þegar *Eiríks sögu* lýkur sem hlýtur að koma frá Jóni sjálfum.<sup>2</sup> Þar kallar hann *Eiríks sögu víðförla* „ævintýr“ og útskýrir ástæðu þess að hún fylgir með í bókinni. Í sögunni segir frá Eiríki, norrænum manni, sem ætlar sér að finna Ódáinsakur eða Paradís. Hann fer fyrst til Grikklands og kemst í kynni við Grikklandskonung. Þá er rakið samtal þeirra Eiríks og konungs þar sem Eiríkur nemur fróðleik af vörum konungsins og birtist þar vel þekkt form í miðaldafrásögnum, samtal lærisveins og meistara. Hér á landi er þetta form meðal annars frægt í þýðingu verksins *Elucidarius*.<sup>3</sup> Konungur útskýrir kristna heimsmynd fyrir Eiríki sem lætur að samtali loknu skirast, en á sögutíma er norræna svæðið enn heiðið. Með aðstoð konungsins finnur Eiríkur leiðina til Paradísar og inn í Paradís kemst hann að lokum með því að stökkva í gin dreka. Þar hittir hann fyrir engil drottins og lærir sitthvað um Paradís en snýr svo að lokum aftur heim til Noregs og segir sögu sína.

*Eiríks saga víðförla* hefur verið talin samin um 1300–1350 en *Flateyjarbók* er með elstu handritum hennar.<sup>4</sup> Sagan hefur einkenni *exempla* eða dæmisagna en var þó á 19. öldinni gefin út sem fornaldarsaga.<sup>5</sup> Rowe telur að *Eiríks saga* í *Flateyjarbók* sé hugsuð sem efnislegur inngangur að *Ólafs sögu Tryggvasonar* og hæfi vel sem slík því að hún kynni meðal annars til sögunnar nýtt trúarlegt og sögulegt samhengi fyrir allt „gamla“ efnið sem hefur verið safnað saman í *Ólafs sögu Tryggvasonar* í *Flateyjarbók*.<sup>6</sup> Í kjölfar *Eiríks sögu* í *Flateyjarbók* kemur síðan skýringin á ástæðu þess að sagan er í bókinni og kemur í ljós að hún hefur, í samræmi við dæmisögur, æðri tilgang en þann að lýsa ferðum Eiríks víðförla.

En því setti sá þetta ævintýr fyrst í þessa bók er hana skrifaði, að hann vill að hver maður viti það, að ekki er traust trútt nema af guði, því að þó að heiðnir menn fái frægð mikla af sínum afreksverkum þá er það mikill munur þá er þeir enda þetta hið stundlega líf að þeir hafa þá tekið sitt verðkaup af orðlofi manna fyrir sinn frama en eigu þá von hegningar fyrir sín brot og trúleysi er þeir kunnu eigi skapara sinn. En hinir sem guði hafa unnað og þar allt traust haft og barist fyrir frelsi heilagrar kristni hafa þó af hinum vitrustum mönnum fengið meira lof, en það að auk að mest er, að þá er þeir hafa fram gengið um almennilegar dyr dauðans, sem ekki hold má forðast, hafa þeir tekið sitt verðkaup, það er að skilja eilíft ríki með allsvaldanda guði utan enda, sem þessi Eiríkur sem nú var frá sagt.<sup>7</sup>

<sup>1</sup> Spiegel, *The Past as Text*, xii; Rowe, *The Development of Flateyjarbók*, 393.

<sup>2</sup> *Eiríks saga* er í *Flateyjarbók* I, 29–35 en athugasemdin á 35–36.

<sup>3</sup> *Elucidarius* hefur að öllum líkindum verið ein af heimildum sögunnar sbr. Jensen, „Indledning“, xxviii–xxxvi og enn fremur Jensen, „*Eiríks saga víðförla*: Appendix 3,“ 506–508.

<sup>4</sup> Jensen, „Indledning“, xiii–xv.

<sup>5</sup> C.C. Rafn gaf söguna út í *Fornaldarsögum Nordrlanda* III, 661–674. Sbr. Rowe, *The Development of Flateyjarbók*, 154–155; sjá einnig bls. 186.

<sup>6</sup> Rowe, *The Development of Flateyjarbók*, 184–192.

<sup>7</sup> *Flateyjarbók* I 35–36; fært til nútímastafsetningar.

Skrifarinn sér ástæðu til þess að grípa hér inn í frásögnina og taka fram að sagan sé ævintýr og þar með ekki sagnfræði en trúarinnar vegna var réttlæt看legt að skrifa hana upp. Þetta viðhorf kallast á við hugmyndir Platóns um skáldskap sem ræddar eru í kaflanum hér að framan þar sem skáldskapur geti haft hlutverk sannleikans skírskoti hann til merkingar.<sup>1</sup>

Af upphafi *Flateyjarbókar* að dæma hefur Jón Þórðarson einnig haldið um fjöður á þeim stað sem Jvs. er skeytt inn í *Ólafs sögu Tryggvasonar*. Skýringin sem fylgir *Eiríks sögu víðförla* gefur til kynna að skrifaranum hafi þótt eðlilegt að tjá viðhorf til efnisins frá eigin brjósti eða setja athugasemdir við einstakar sögur. Þessi skýring hlýtur að bera vitni um eðli *Flateyjarbókar* almennt. Bókin er sagnarit sem á að taka alvarlega og þess vegna þykir skrifaranum ástæða til þess að réttlæta þá ákvörðun að *Eiríks saga víðförla* hafi verið sett í bókina. Í þessu ljósi hlýtur Jvs. að hafa verið talin sagnfræði sem átti að mati skrifarans eða ritstjóra *Flateyjarbókar* heima í rækilegri sögu Ólafs Tryggvasonar.

Jvs. hefur því verið heimild í *Flateyjarbók* og því er eðlilegt að af undangenginni umræðu vakni spurningar um heimildagildi nú, hvort sem það á við um Jvs. eða aðrar sögur sem fjallað hefur verið um hér að framan. Þegar sagnfræði og skáldskapur hafa verið skilgreind sem náíð þar fremur en andstæður er óljóst hvernig eigi að nýta textana sem heimildir. Er hægt að nýta texta Jvs. til þess að reikna út líkurnar á því að persónur sögunnar hafi verið til á 10. öld og farið á þá staði sem nefndir eru eða afrekað allt sem þeim er eignað í sögunni?<sup>2</sup> Svarið er neikvætt. Mikilvægt er að hafa í huga greinarmuninn á atburðinum sjálfum og frásögn af atburði. Ljóst er að engir textar eru fullkomin eftiröpun viðfangsefnisins. Að stærstum hluta er heimildagildi textanna fólgið í því að þeir endurspeglar viðhorf þess sem ritar til efnisins, trú hans eða skoðanir. Framsetning getur verið bending um það hvort höfundurinn trúði því að frásögn hans væri „sönn“ eða hvort hann hafi ætlast til þess að textinn væri tekinn alvarlega og talinn sannferðugur. Þegar tekist er á við texta frá miðöldum, þar sem til umfjöllunar eru jafnan eldri tímar og atburðir, er ekki hægt að halda því fram að einhver þessara texta greini fullkomlega frá atburðum, staðháttum eða fólki. Jvs. getur þannig verið heimild um hvað 13. aldar fólk teldi að gæti hafa gerst á 10. öld en er ótæk heimild um 10. öldina sjálfa.

### 3.4 Samantekt

Í umræðu um skáldskap og sagnfræði er ekki langsótt að hugmyndir um sögulegu skáldsöguna komi upp í hugann þegar reynt er að skilgreina Jvs.<sup>3</sup> Atburðir og persónur hennar koma fyrir í ýmsum öðrum heimildum sem eru álitnar sagnfræðilegri en hún. En rétt eins og hugmyndin um að skáldskapur sé gagnkvæmur samningur höfundar og viðtakanda, er sú tillaga að kalla Jvs.

---

<sup>1</sup> Sjá bls. 75–76.

<sup>2</sup> Þó nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess, sjá til dæmis Slupecki, „Fact and fancy in *Jómsvíkinga saga*,“ 906–915 og Megaard, „Vagn Ákesons vekst og fall,“ 327–333.

<sup>3</sup> Þannig lagði t.d. Lee M. Hollander til að mætti skilgreina söguna sbr. „Introduction,“ 14.

sögulega skáldsögu þeim vanda undirorpin að hún gagnast ekki til þess að varpa ljósi á viðtökur verksins á miðöldum. Sögulega skáldsagan er hugtak úr nútímabókmenntafræði sem helst í hendur við upphaf skáldsögunnar sem sérstakrar tegundar bókmennta á 18. og 19. öld. Sá möguleiki er vissulega fyrir hendi að á miðöldum hafi menn gert sér einhverjar hugmyndir um fyrirbæri sem svipar til sögulegu skáldsögunnar en ef svo er hefur ekkert hugtak eða skilgreining sem samsvarar henni varðveist. Sama hve mikið Jvs. þykir svipa til forms sögulegu skáldsögunnar væri það tímaskekkja að flokka hana sem slíka.

Ef miðað er við að Jvs. hafi verið rituð á fyrstu áratugum 13. aldar má við því búast að straumar úr Evrópu, þar sem höfundar á borð við Chrétien de Troyes hafa tekið að semja sögur sem voru ekki háðar ramma heilagra sagna, hafi borist til Íslands. Þó að heimspeki Chrétien birtist ekki í Jvs. er ljóst að hugmyndir um trúverðugleika sagna taka breytingum á hans dögum og landamæri ritaðra sagna færast til. Fleiri gerðir af sögum rúmast innan sagnaritunar þar sem sagnfræði og skáldskapur gátu lifað saman, jafnvel innan sama verksins. Ef til vill er Jvs. með elstu íslensku dæmum um að slíkar sögur hafi verið skrifaðar niður. Um þetta verður áfram rætt í 4. kafla. Sagan endurspeglar ef til vill best hvernig hugmyndirnar um skáldskap og sagnfræði takast á eða hversu nán hugtökin eru því að sagan er hvort tveggja. Sagan er sett saman sem listræn, bókmenntaleg heild, það er ákveðinn vilji og skapandi hugsun að baki því hvernig atburðum er raðað saman. Skáldað er í eyður þar sem hægt er og atburðir ýktir á köflum. Framvindan líður ekki fyrir skort á heimildum sem leiðir þó ekki endilega af sér að engar heimildir hafi verið nýttar. Aftur á móti eru formið og framsetningin sagnfræðileg, greint er frá atburðum í réttari röð, sögulegar persónur og viðburðir eru hluti atburðarásarinnar en setja henni ekki skorður. Tilvist sögunnar í *Flateyjarbók* og sameiginlegt efni með öðrum sagnaritum bendir auk þess til að skáldskapur sögunnar hafi ekki komið í veg fyrir að miðaldaskrifarar hafi tekið hana alvarlega. Vissulega er ljóst að framsetning sögunnar gæti verið öðruvísi sagnfræðileg. Má taka dæmi af *Lárentíus sögu* þar sem frásögnin er iðulega skreytt með tíðindum í annálastíl þar sem rakin eru mjög stuttarlega hápunktir þeir sem urðu meðan sögunni af Lárentíusi vindur fram og segir meðal annars í upphafi sögunnar: „Eru hér ok margir hlutir saman settir af ýmissum atburðum sem fram hafa farit á ýmsum löndum eftir því sem annálar til vísa hverir mestan fróðleik sýna.“<sup>1</sup> Þegar greint hefur verið frá foreldrum Lárentíusar og fæðingu hans kemur til að mynda upptalning á tíðindum í öðrum löndum og síðan markverðum atburðum á æskuárum Lárentíusar.

Þrátt fyrir muninn sem kristallast á framsetningu ef bornar eru saman Jvs. og *Lárentíus saga* er samt sem áður ekki hægt að útiloka að fólk hafi getað trúað jafn vel atburðum beggja sagna. Munurinn skýrist ef til vill einkum af nálægð ritunartíma og sögutímans og í *Lárentíus sögu* hefur nálægðin við sögusviðið eflaust áhrif einnig. Þetta er ekki ósvipað muninum á *Sturlungu*

<sup>1</sup> *Lárentíus saga*, 216.

og Íslendingasögum. Fátt bendir til að viðtakendur *Njálu* annars vegar og *Sturlungu* hins vegar, sem kann þó vel að hafa verið sami hópurinn í mörgum tilvikum, hafi litið verkin ólíkum augum hvað varðar sannleiksgildi verkanna. Það sem hér hefur verið rakið um varðveitta texta frá svipuðum tíma og Jvs. og notkun hennar í sagnaritum, bendir eindregið til þess að viðhorf til sögunnar hafi verið annað á miðöldum en nú. Hún gat á miðöldum verið gild söguleg heimild þrátt fyrir ótrúverðuga atburði hennar en nú væri hún seint talin til gildra heimilda um 10. öld

## 4 Textinn

Allur texti er sköpun. Þegar höfundur og umhverfi sögu eru óþekkt er textinn meginheimildin um hann sjálfan. Jómsvíkinga saga var rituð niður í fyrsta sinni á einhverjum tímamarki en hefur líklega orðið til smám saman. Ýmsir kunna þannig að hafa komið að sköpun hennar. Hver upprunaleg mynd sögunnar var er engin leið að vita en sá texti sem varðveist hefur getur nýst til þess að varpa ljósi á ýmis viðhorf, hugsanir, jafnvel pólitískar skoðanir. Þegar saga er sköpuð á þann hátt að hún er ekki eins nákvæm lýsing á tilteknum atburðum og frekast er kostur heldur þannig að atburðum og persónum er hagrætt, hlýtur einhver vilji eða ásetningur að búa að baki. Sögutexti getur endurspeglad hugarfar og veitt innsýn í umhverfi sagnaritaranna. Enn fremur búa bókmenntir yfir ýmsum tólum, minnum eða stefjum sem ganga aftur í textum frá öllum öldum, allt frá upphafi ritunar. Þannig tilheyra sögur ákveðinni hefð sem í sumum tilvikum er órofin frá upphafi sagnaritunar fram á okkar daga. Má hér nefna þekkt bókmenntaleg fyrirbæri á borð við tákni, drauma, alvitran sögumann, þrítækningu og myndhverfingar. Öll þessi hugtök lýsa frásagnartækni sem krefst vals og tilgangs; sá sem setur saman sögu velur og hafnar þeim aðferðum sem bókmenntir hafa fram að færa. Þetta val getur vitaskuld ýmist verið ómeðvitað eða haft skýran tilgang. Með því að fara í saumana á frásögninni og formi hennar er hægt að draga upp skýrari mynd af textanum og samhengi hans. Verður hér kannað hvernig einkenni textans, eins og form og stíll, getur veitt vísbendingar um ýmsa aðra þætti úr umhverfi sögunnar líkt og menntun sagnaritarans og samspil rithefðar og munnmennta.

### 4.1 Bygging

Í þessum kafla verður lögð áhersla á að fjalla um Jvs. í bókmenntasögulegu samhengi og draga fram einkenni hennar sem ritverks. Hér er lykilatriði að sköpun sögunnar falli að einhverri hefð sem fyrir er og verði um leið hluti af áframhaldandi hefð um ómunatíð, jafnlengi og maðurinn skráir sögur, hvort sem þær flokkast til skáldskapar, sagnfræði eða annars. Þessa hefð má meðal annars merkja í táknum og minnum sem eru svo algild að eftir þeim er vart tekið. Sum þessara atriða eru afar mikilvæg í byggingu verks. Þegar kafað er undir yfirborð textans í þeim tilgangi að greina byggingu verksins er mikilvægt að hafa í huga þau tæknilegu atriði sem ráða miklu um framvindu sögunnar og hafa ákveðin, tilætluð áhrif.

Allir textar eru háðir ákveðinni bókmenntalegri byggingu.<sup>1</sup> Í Jvs. er sögumaður nokkuð áberandi og honum er umhugað um að hafa stjórn á framvindu mála. Þetta má meðal annars

---

<sup>1</sup> Í bókinni *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* er gerð grein fyrir hugtakinu „bygging“, 53. Hún segi „til um hvernig einstakir hlutar verks mynda heild þess, hvernig höfundurinn hefur ofið þræði sína saman“. Stundum sé fjallað um

merkja á þeirri tilhneigingu hans til að marka innri tímaramma. Þegar annar hluti sögunnar hefst grípur sögumaður inn og segir að nú hefjist þáttur sem „fyrir hefði verið“ því ekki sé unnt að segja allt í einu. Þar með gætir hann þess að viðtakendur viti að sú frásögn gerist ekki í beinu framhaldi af því sem á undan kom. Þetta er ekki eina dæmi þess að hann marki tímann. Hann tekur oft fram ef tími hefur liðið milli atburða eða getur nákvæmrar tímasetningar: „Nú er kyrrt um hríð, og það sumar. Og er annar vetur kemur, þá sendir konungur enn menn sína“ (69); „hann kom í Limafjörð atfangsdag jóla og síð dagsins“ (74); „þess er nú við getið hið þriðja sumarið þá er á leið um haustið“ (150). Hann stýrir því einnig hversu hröð frásögnin er. Stuttar, hnitmiðaðar setningar auka hraðann en útúrdúrar draga úr hraða. Vald sögumanns á hraða frásagnarinnar sést glögg í lok 26. kafla þar sem segir: „Og gangast nú mjög úr stað lögin þeirra frá því sem þau voru sett fyrir öndverðu af Pálnatóka og öðrum vitrum mönnum, og finna þeir það nú Jómsvíkingar, og eru þó nú allir samt þar í borginni of stundar sakir, og eru frægir mjög“ (159). Hér hægir hann á frásögninni um leið og hann byggir spennu því að ljóst er af orðunum „stundar sakir“ að eitthvað stærra og meira er í vændum. Frásögnin er lygn um skamma stund áður en Jómsvíkingar yfirgefa Jómsborg í hinsta sinn.

Í fyrri hluta sögunnar, raunar í sama kaflanum, koma fyrir bæði draumar og sýnir, hvort tveggja í þrígang. Fyrst dreymir Gorm konung þrjá drauma að ósk Þyri sem vill ekki giftast honum fyrir en hún veit hvað hann dreymir þrjár nætur í röð. Það sem gerist í framhaldinu minnir um margt á drauma faraós í Fyrstu Mósebók (40.1–50). Faraó dreymir sjö kýr vel aldar, sjö kýr ljótar og horaðar og loks að þær ljótu og horuðu éti hinar fyrri og verði við það ekki eins ljótar og horaðar. Jósef ræður drauminn og tákna feitu kýrnar sjö allsnægtar ár en hinar ljótu og horuðu boða sjö ára hungursneyð. Í Jvs. eru mörg atriðanna mjög frábrugðin en forspárgildi draumanna og afleiðingarnar eru hinar sömu. Gorm dreymir þrjá drauma og í hverjum þeirra ganga þrjár uxar upp úr sjónum. Fyrstu eru hvítir, næstu rauðir og hyrmdir og að lokum birtast svartir uxar, enn hyrndari. Líkt og Jósef í Fyrstu Mósebók býr Þyri ein yfir nægri visku til þess að ráða draumana en hver uxahópur táknar þrjá vetur, fyrst þrjá snjóþunga vetur, næst þrjá snjólétta vetur en að lokum þrjá svo illa vetur að engan rekur minni til slíkrar óáran fyrir. Vegna draumanna gátu Gormur og Þyri, líkt og Jósef, gert viðeigandi ráðstafanir fyrir slæmu árin og „miðluðu þaðan mikil gæði öllum landsmönnum sínum“ (67).

---

ytri og innri byggingu þar sem innri bygging sýnir „hvernig meginhugsun verks birtist í formþáttum þess“ og hefur þá svipaða merkingu og formgerð. Sverrir Tómasson bendir á að skilgreiningar á byggingu og formgerð eigi einkum við um nútímaskáldverk, og henti miðaldaverkum upp að vissu marki, en hann noti orðið *bygging* eingöngu um alla þessa þætti því að hugtakið höfði „betur til þeirra hugmynda sem miðaldamenn gerðu sér um samsetningu skáldverka“ sbr. Sverrir Tómasson „Skorið í fornsögu: Þankar um byggingu *Hrafnkels sögu*,” 787. Hér verður fordæmi Sverris fylgt.

Draumar, hvort sem þeir geta átt rætur að rekja til Biblíunnar eða ekki, gegna mikilvægu hlutverki í byggingu og framvindu verksins. Í fyrsta lagi hægist á frásögninni meðan sagt er frá draumum og þeir túlkaðir en þeir eru einnig tól til þess að benda fram í frásögnina. Þó að oft komi fyrir að dreymandi trúir ekki draumráðningum eru draumar svo algengir í frásögnum og nánast ófrávikjanleg regla að þeir hafi forspárgildi eða eigi að þjóna sem viðvörun. Viðtakendur eiga þannig að búast við því að draumarnir rætist síðar í frásögninni þó að dreymandinn taki ef til vill ekki mark á þeim. Í bók sinni um drauma í Íslendingasögum bendir Georgia Kelchner á að í íslenskum miðaldabókmenntum megi finna um 530 frásagnir af draumum eða vísanir í drauma. Í umfjöllun hennar er ekki alveg ljóst nákvæmlega til hvaða sagna er tekið tillit í þessari talningu en engu að síður gefur þessi tala mynd af því hve víða má finna frásagnir af draumum. Kelchner tekur einnig fram að langflestir þessara drauma séu fyrirboðar.<sup>1</sup> Lars Lönnroth fjallaði betur um þetta forspárgildi í grein um drauma í Íslendingasögum. Hann telur að megintilgangur draumanna sé að vara dreymandann við og bætir við að draumar séu í grundvallaratriðum ólíkir draumum nútímabókmennta því að þeir segi sjaldnast eitthvað um dreymandann sjálfan heldur séu eins konar lykill að framtíðinni innan frásagnarrammans.<sup>2</sup>

Draumar Gorms virðast þannig sameina áhrif Biblíunnar og þá hefð drauma sem birtist í Íslendingasögum. Draumar hans skera sig að sumu leyti frá mörgum frægum draumum Íslendingasagna því að Gormur tekur mark á ráðningu Þyri og býr í haginn svo að mögru árin verði Danmörku léttari.<sup>3</sup> Fyrir viðtakendur sögunnar er aftur á móti athyglisverður síðasti hluti ráðningarinnar þar sem Þyri segir:

En það er þér þótti eyxninir mjög vera hyrmdir, þar munu margir menn verða þess hornungar er eigu. En það er þeir gingu aftur allir í sæinn sem að höfðu komið, eyxninir, og þú heyrðir brest mikinn er særinn féll á land, það mun vera fyrir ófriði stóreflismanna, og munu þeir hér finnast í Danmörku og eiga hér bardaga og orrostur stórar. Þess er mér og vonir, að þeir menn sé þér nánir sumir að frændsemi, er við verða staddir við þenna ófrið (67).

Við þetta bætir hún að hann muni ekki lifa þessi stórtíðindi vegna þess að þetta kom fyrir í síðasta draumnum en ekki hinum fyrsta. Hið illa í draumnum mun þannig ekki hafa áhrif á dreymandann sjálfan heldur afkomendur hans, en eins og Lönnroth bendir á eru draumar í

<sup>1</sup> Kelchner, *Dreams in Old Norse Literature and their Affinities in Folklore*, 3 og 75.

<sup>2</sup> Lönnroth, „Dreams in the Sagas,“ 455–456. Christopher Crocker hefur tekið í sama streng og dregið fram hvernig draumar tilheyra hinu opinbera sviði. Þó að draumurinn sjálfur sé upplifun einstaklings er hlutverk draumsins háð því að hann sé endursagður og túlkaður í samhengi við ytri aðstæður. Sjá Crocker, „To Dream is to Bury: Dreaming of Death in *Brennu-Njáls saga*,“ 261–291.

<sup>3</sup> Fyrir kemur að dreymandinn trúir ekki á drauma og afneiti þess vegna túlkuninni. Frægt er tilsvor Þorsteins Egilssonar í *Gunnlaugs sögu ormstungu*: „Ekki er mark at draumum“ en draumur hans í upphafi sögunnar er smækkuð mynd atburðarásarinnar í heild. Svar hans þegar Austmaðurinn hefur ráðið drauminn er einnig lýsandi fyrir viðhorf hans til drauma: „Illa er draumur ráðinn ok óvingjarnlega ... ok munt þú ekki drauma ráða kunna“ en þrátt fyrir þessi orð er öllum ljóst að draumurinn mun ganga eftir, sjá *Gunnlaugs saga ormstungu*, 53–55.

Íslendingasögum oft fyrirboðar ills, annað hvort fyrir dreymandann eða ættingja hans.<sup>1</sup> Fyrir viðtakendur sögunnar er þetta augljóst merki um við hverju má búast, túlkun draumsins er rétt og að Gormi gengnum má gera ráð fyrir að afkomendur hans lendi í atburðum sem munu verða afdrifarík fyrir Danmörku. Viðtakendur eru ekki sviknir um þetta loforð ef ferill Haralds Gormssonar er hafður í huga. Gormur er enn á lífi þegar Haraldur drepur bróður sinn en síðan á Haraldur þátt í miklum bardaga við Ótta keisara sem leiðir af sér kristnitöku Danmerkur og að lokum berst hann við Svein son sinn. Túlkun draumsins er þó ekki afdráttarlaus um til hvaða ófriðar og bardaga hann vísar en bardagar Haralds, sem sannarlega er náinn Gormi að frændsemi, er rökrétt ályktun.

Í sama kafla og sagt er frá draumum Gorms koma fyrir sýnir Klakk-Haralds, föður Þyri. Sýnir gegna í raun sama hlutverki og draumar, munurinn er sá að þær gerast í vöku en ekki svefni, en þær eru einhvers konar fyrirboðar. Líkt og draumar Gorms eru sýnir Klakk-Haralds þrjár og sér hann eina sýn í hvert sinn sem hann heldur af stað til Gorms og Þyri að þiggja heimboð á jólum. Við hverja sýn snýr Klakk-Haraldur við og áræðir ekki að halda för sinni áfram. Í hvert sinn stigmagnast gremja Gorms þegar tengdafaðir hans mætir ekki. Eftir þriðja sinnið vill Gormur herja á Harald og þótti hann „mjög hafa drabbað í móti sínu virðilegu boði ...og þótti honum jarl svívirðan sig hafa mjög í þessu“ (70). Klakk-Haraldi tekst þó að skýra mál sitt áður en til átaka kemur. Sá munur er á dramunum og sýnunum í frásögninni að Klakk-Haraldur túlkar sýnirnar sjálfur og þarf ekki annan til. Sýnirnar hafa heldur ekki persónulega skírskotun og virðast fremur hafa þýðingu fyrir ríkið í heild; vandinn er þó sá að ekki liggur algerlega í augum uppi til hvaða atburða sýnirnar vísa. Hin fyrsta er reyndar vafalaus því að Haraldur segir beinlínis að siðskipti munu verða. Þá næstu telur hann vera fyrir því að einhverjir ótilteknir yngri menn, sem þegar þar er komið sögu eru enn ófæddir, muni ætla að hafa vit fyrir þeim sem eldri eru og gerast hvatvísir þó að hinir eldri séu oft ráðgari.

Hér er ekki afdráttarlaust við hvað er átt. Mögulega er vísað til Haralds og Hákonar þegar þeir ráða Harald gráfeld af dögum en þriðja sýnin flækir einnig túlkun á annarri sýninni. Þar segir Haraldur að sýnin sé fyrir stórum bardögum og styrjöld stóreflismanna innan lands og muni átökin teygja sig til Limafjarðar, þar sem Haraldur sá sýnina. Þeir bardagar sem sagan tiltekur að eigi sér stað í Limafirði eru tveir, annars vegar þegar Haraldur Gormsson drepur Knút bróður sinn og hins vegar þegar Hákon og Haraldur Gormsson berjast við Harald gráfeld og drepa hann. Líklegra er að þriðja sýnin eigi um síðara tilvikið sem hefur lengri aðdraganda og töluverðar afleiðingar. Þessar sýnir virðast þannig ekki hafa verið fullkomlega úthugaðar í

---

<sup>1</sup> Lönnroth, „Dreams in the Sagas,“ 455–456.



samhengi við annað efni sögunnar; alltént er ekki alveg skýrt hvaða fyrirboða þær bera með sér og þar með hefur hlutverk þeirra í byggingu sögunnar misst marks.

Sem fyrr segir eru draumar og sýnir mikilvæg tól sem tilheyra sagnahefðinni en þessi atvik minna einnig á annað algengt sagnaminni, þrítekninguna. Að draumunum og sýnunum frá-töldum er margt sem gerist í þrígang í Jvs. Ótta keisari herjar þrjú sumur í röð, Gunnhildur og Knútur halda í leiðangra á þremur skipum, lið Ótta og Haralds taka sér „þriggja náttu grið“ (86) í miðjum bardaga, Ótta tekur hlé í þrjá vetur á milli bardaga, þegar Ótta og Haraldur berjast í seinna skiptið verða „þrír bardagar á meginlandi“ (94) og „sumar hið þriðja“ (109) sækir Haraldur veislu hjá Pálnatóka og alls fjórum sinnum má finna orðalagið „fyrir hinar þriðju veturnætur“. Talan þrír er eins og vel er þekkt ein algengasta tala bókmennta og mikilvægi hennar tengt heilagri þrenningu og heild því að hún er fyrsta talan sem hefur upphaf, miðju og endi.<sup>1</sup> Í þjóðsögum og ævintýrum er þrítekning þó einkum endurtekningarstílagið sem felur í sér stigmögnun og skapar eftirvæntingu: „allt er þegar þrennt er“. Þetta kemur til að mynda í ljós þegar Pálnatóki sendir Svein þrjú ár í röð til Haralds, gremjan eykst í hvert sinn og endar með bardaga milli feðganna. Hið sama má segja þegar Pálnatóki forðast að mæta til erfis eftir Harald Gormsson hjá Sveini; hann kemst upp með það í tvígang en ekki í þriðja sinn. Gremja Sveins hefur grafið um sig og nær hámarki í veislunni þegar hann kemst að því að Pálnatóki drap Harald og skipar um leið fyrir um handtöku Pálnatóka sem sleppur naumlega.

Draumar og þrítekning eru dæmi um algengt tól sem sameina sagnahefð í tíma og rúmi. Þessi atriði eru meðal annars það sem setur Jvs. í samhengi við bókmenntahefð. Þau má telja til smáatriða en hafa áhrif innan frásagnarinnar hverju sinni. Í heildarbyggingu verksins má finna önnur stærri atriði sem verða áberandi. Sem fyrr segir er sögunni, samkvæmt orðum sögumanns, skipt í tvo hluta. Á miðöldum var raunar algengt að skipta verkum í tvo hluta, jafnvel nokkuð óháða hvor öðrum. Miðjan verður þess vegna þokukennð og ef til vill illskilgreinanleg. William Ryding bendir á að þetta form megi rekja langt aftur og nýtir *Bjólfskviðu* sem dæmi.<sup>2</sup> Þá umfjöllun sækir hann aftur til Tolkien sem benti fyrstur á þessa tvískiptingu *Bjólfskviðu*.<sup>3</sup> Ryding líkir forminu saman við tvískipta altarisbrík þar sem hvor hluti er andstæður hinum en mynda þó samhengi.<sup>4</sup> Í stað þess að einn söguþráður sé rakinn frá upphafi til enda, í sögulega réttri röð, verða skil í sögunni og nýr þráður tekur við en þessir tveir þræðir tvinnast þó saman á

<sup>1</sup> Torfi H. Tulinius hefur einnig bent á að talan þrír hafi stundum ráðið byggingu miðaldaverka og telur mögulegt að það hafi gilt um *Egils sögu*, sbr. *Skáldið í skriftinni*, 33–34. Um merkingu tölunnar í miðaldahugsun, sjá t.d. Hopper, *Medieval Number Symbolism*, 4–11 og 89–135.

<sup>2</sup> Ryding, *Structure in Medieval Narrative*, 40–41. Sjá einnig Sverrir Tómasson, „Skorið í fornsögu: Þankar um byggingu *Hrafnkels sögu*,“ 790–798; Þorleifur Hauksson, „Formáli,“ lxiv–lxv; Ármann Jakobsson, *Staður í nýjum heimi*, 64–65.

<sup>3</sup> Tolkien, *Bjólfskviða. Forynjurnar og fræðimennirnir*, 93–94.

<sup>4</sup> Ryding, *Structure in Medieval Narrative*, 40–41.

einhvern hátt. Í Jvs. er tvískiptingin afar skýr þó að síðari hlutinn sé þrisvar sinnum lengri en sá fyrri og standa hlutarnir því ekki sem andstæður eða hliðstæður að formgerð. Það má teljast líklegt að þessi skipting sé undir áhrifum miðaldaformgerðar og þó að hún brjóti söguna upp og snúi sjónarhorninu bæði í aðra átt og aftur í tíma, er því haganlega fyrir komið og orðin „má eigi einum munni allt senn segja“ (100) skýra fullkomlega tilgang þessarar tilhögunar. Skilin eru einnig afar skýr, í fyrri hlutanum beinist kastljósið að konungum og viðskiptum þeirra. Í upphafi er rakin stuttlega ætt þeirra konunga sem við sögu koma en í upphafi síðari hlutans er sjónarhornið hjá höfðingjum og smám saman verður ljóst hvernig hlutarnir tveir tengjast og hvernig leiðir konungsættar og höfðingjaættar liggja saman.

Torfi H. Tulinius bendir á að bygging sögunnar hverfist um samband bænda, konunga og jarla.<sup>1</sup> Þannig endurtaki ákveðin mynstur sig sem hafa þann tilgang að varpa ljósi á tengsl þessara þriggja stétta og ættboga. Torfi telur að gróflega megi skipta flestum þáttum hennar í fjóra flokka:

- 1) Yngri kynslóðin tekur við af eldri kynslóðinni
- 2) Samband konungs og bónda
- 3) Samband konungs og jarls
- 4) Samband jarls og bónda

Við þessa skiptingu Torfa ber þó að athuga að óvíst er hvort stéttin sem hann flokkar til bænda sé réttilega flokkuð sem slík. Þegar Tóki og fjölskylda hans eru kynnt til sögunnar ber Tóki enga tign og Áki sonur hans verður mestur manna sem ekki ber tignarnafn í Danmörku (101). Þeir eru hins vegar ríkir og eiga mikil lönd og eru því að minnsta kosti ekki smábændur en ef til vill væri eðlilegra að kalla þá höfðingja. Tóki og Áki eru reyndar aldrei nefndir höfðingjar en það er þó Pálnatóki, sonarsonur Tóka, kallaður (110).

Burtséð frá því hvort réttara sé að kalla stéttina bændur eða höfðingja er auðvelt að fallast á þessar ályktanir Torfa hvað varðar byggingu verksins. Þó að einhverjir atburðir sögunnar virðist við fyrstu sýn ekki skyldir einum þessara þátta getur tilefni eða afleiðingar þeirra myndað tengslin ef nánar er að gætt. Segja má að þarna greini hann meginþræði sem mögulegt er að hafa í hendi sér í allri sögunni. Þar með er þó ekki sagt að allri sögunni sé einfaldlega skipað niður í þessi fjögur hólf án þess að nokkuð annað megi greina í textanum. Torfi bendir til að mynda einnig á ákveðin endurtekin mynstur í sögunni og þessar endurtekningar eru hlekkir í órofinni keðju sem myndar heild sögunnar.<sup>2</sup> Má þar nefna áhersluna á gildi þess að menn þiggi veisluboð

---

<sup>1</sup> Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 196.

<sup>2</sup> Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 197.

hjá konungi sem birtist þegar Klakk-Haraldur á að fara til jólaveislu hjá Gormi og Þyri, þegar Pálnatóki á að mæta í erfið hjá Sveini og þegar Sigvaldi og Jómsvíkingar fá boð í erfidrykkju eftir Strút-Harald. Í öll skiptin kemur fram að konungurinn tapaði virðingu sinni ef heimboð væri eigi þegið. Þessi tilvik eru þannig bæði endurtekin mynstur og falla að þráðum 2) og 3) hér að framan. Endurtekin er einnig ákveðin tregða til þess að greiða skatta sem birtist bæði hjá Hákonu jarli og Búrizláfi. Þá eiga Haraldur Gormsson og Fjölunir Tókason það sameiginlegt að setja eigin frama í forgang og ryðja úr vegi vinsælum bræðrum sínum. Torfi bendir réttilega á áhugaverða samsvörun sem felst í falli Danavirkis og sonarförn Hákonar og telur að þar sé heiðni og kristni viljandi stillt upp andspænis hvor annarri í fyrri og seinni hluta sögunnar.<sup>1</sup> Hann telur til dæmis ekki tilviljun að þegar Danavirki fellur á sunnanvindur sinn þátt í því að virkið brennur (92) en þegar Hákon biðlar til Þorgerðar horfir hann norður og stormur hennar kemur úr norðri (184–185).

Þessi greining á byggingu, bæði eins og hún hefur verið rakin hér að framan og í umfjöllun Torfa, er harla ólík þeirri nálgun sem finna má til dæmis í bókinni *The Icelandic Family Saga* eftir Theodore M. Andersson frá árinu 1967. Í fyrsta kafla þeirrar bókar fjallar Andersson um byggingu Íslendingasagna sem hann telur nokkuð fastmótaða.<sup>2</sup> Hann er ljóslega undir áhrifum strúktúralisma og þá einkum kenningum Propps um frásagnarliði þjóðsagna og ævintýra.<sup>3</sup> Andersson telur að byggingu sagnanna megi skipta í sex hluta: kynningu, deilur, ris, hefnd, sættir og niðurlag.<sup>4</sup> Í greiningu hans eru einkum tveir gallar sem hafa áhrif á umfjöllunina hér. Í fyrsta lagi hefur þessi aðferð þau áhrif að takmarka frelsi túlkanda hverrar sögu fyrir sig þar sem ætlast er til að allar sögurnar falli að þessari ákveðnu formúlu. Í öðru lagi er hér ekki tekið tillit til þess hvert sjónarmið miðaldamanna kunni að hafa verið til byggingu verka. Þó að Jvs. teljist ekki til flokks Íslendingasagna mætti með góðum vilja fella hana að þessu sögumynstri Anderssons. *Kynning* er vissulega í upphafi, *deilur* milli valdhafa Danmerkur og Noregs eru byggðar upp smám saman, sagan *ris* í bardaganum milli Jómsvíkinga og Hákonar, Hákon *hefnir* sín með aftökunni, *sættir* verða í lokin þegar Vagni og fleirum er sleppt úr haldi og *afleiðingum* er lýst í stuttu máli þegar sagt er frá afdrifum helstu persóna. Vandamálið við þessa greiningu er að hér er ýmsum þráðum sleppt, sögur innan sögunnar eru undanskildar og virðast þannig óþarfar því að þær hafa ekkert fram að færa til einstakra byggingarþátta. Þannig henta byggingareiningar Torfa betur sem nokkurs konar haldreipi í byggingunni allri fremur en að framvindu sögunnar sé skipt niður, línulega, á þessi sex stig.

<sup>1</sup> Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 211–212.

<sup>2</sup> Andersson, *The Icelandic Family Saga*, 3–30.

<sup>3</sup> Sjá Propp, *Morphology of the Folktale*.

<sup>4</sup> Andersson, *The Icelandic Family Saga*, 4–5.

### 4.1.1 Vísur

Vísur gegna svipuðu hlutverki í byggingu sögunnar og draumar eða sýnir. Um stund hægist á frásögninni og athyglin beinist að einhverju tilteknu atriði. Fjöldi vísna í Jvs. er misjafn eftir gerðum, í 291 eru þær sjö og þar af eru þrjár í 31. kafla og tvær í 7. kafla. Notkun vísna er því ekki reglubundin.

Í meginatriðum hefur skapast hefð fyrir því að skipta dróttkvæðum vísnum í lausamálsfrásögnum í tvennt.<sup>1</sup> Annars vegar eru þær heimild og aðfararorðin eru þá „svo segir“ eða eitthvað í þeim dúr en hins vegar eru þær hluti frásagnarinnar í samtali og kynntar inn með orðum eins og „þá kvað“. Bjarni Einarsson taldi að skýr skil væru á milli konungasagna og Íslendingasagna hvað þetta varðar þar sem kvæði af fyrri gerðinni eru algeng í konungasögum en sjaldséd í Íslendingasögum. Guðrún Ingólfssdóttir hefur bent á að hlutverk vísna í Íslendingasögum sé flóknara en svo að það sé einfaldlega hægt að skilgreina þær sem lið í frásögn.<sup>2</sup> Hún skipar kvæðunum í fjóra flokka eftir tilgangi þeirra og komst að þeirri niðurstöðu að kvæðin falli að listbrögðum og byggingu sagnanna. Flokkun Guðrúnar er á þessa lund:

- 1) Þær dýpka persónulýsingar og flytja boðskap.
- 2) Þær skapa meiri nánd og rökstyðja frásögn.
- 3) Þær skapa spennu og hægja á frásögn.
- 4) Þær eru til skrauts og skemmtunar.<sup>3</sup>

Þessi hlutverk vísna geta skarast og vísur tilheyrt fleiri en einum flokk í einu. Í ljósi þess að fimm af þessum sjö vísnum Jvs. eru lagðar í munn sögupersóna en ekki tilfærðar sem heimildir er nærtækt að kanna hlutverk þeirra í sögunni með hliðsjón af þessari flokkun. Fyrstu tvær vísurnar skera sig úr því að til þeirra er vitnað en aftur á móti falla þær vel að 4. flokki. Þær hafa ekki eiginlegan tilgang í framvindunni og prósin sem fylgir þeim er útúrdúr. Vísurnar eru tilfærðar í lok 7. kafla þegar Haraldur Gormsson hefur sent her til Noregs á hendur Hákonu jarli, en vinskapur þeirra var allur eftir að Hákon kastaði kristni. Í kjölfarið er greint frá því að Haraldur sé í Sólundum að ráðgast við „sína spekimenn“ og að hann hafi hug á að fara til Íslands að hefna fyrir nið Íslendinga. Frá þessu er einnig sagt í *Heimskringlu* og síðan kemur þar hin fræga saga af uppruna íslensku landvættanna. Í *Heimskringlu* er þess þó ekki getið hver orti vísuna en af Jvs. má skilja sem svo að höfundurinn sé Eyjólfur Valgerðarson. Á þetta er minnst í mjög stuttu máli og því virðist sem sagan kunni að hafa verið þekkt eða almælt. Niðvísan er tilgreind og

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. Bjarni Einarsson „On the Role of Verse in Saga-Literature,“ 118–125; O’Donoghue, *Skaldic Verse and the Poetics of Saga Narrative*, 12.

<sup>2</sup> Guðrún Ingólfssdóttir, „Um hlutverk vísna í Íslendinga sögum,“ 226–240.

<sup>3</sup> Sama rit, 227.

síðan önnur vísa eignuð Eyjólfvi Valgerðarsyni en sú er aðeins varðveitt í 291-gerð Jvs. og hvergi annars staðar.<sup>1</sup> Eyjólfur Valgerðarson er þó tilgreindur í lok sögunnar af hamförinni í *Heimskringlu* og sagður höfðingi í Eyjafirði.

Níðvísan sjálf hefur skemmtanagildi. Seinni vísan virðist ætluð til að sýna yfirburði Íslendinga því að hún fjallar um að Íslendingar séu viðbúnir bardaga við konung en Haraldur tók ráð góðra manna og sneri aftur heim til Danmerkur. Þessi útdúr með tveimur vísunum virðist því hafa þann tilgang að tengja söguna við íslenska viðtakendur hennar. Hið sama má segja um næstu þrjár vísur því að þær eru ortar af íslenskum skáldum sem eru viðstaddir bardagann við Hjörungavog, Einari skálaglamm og Þorleifi skúmu. Allar vísurnar fimm sem eru í seinni hluta sögunnar falla að 1. flokki Guðrúnar Ingólfsdóttur. Þriðja, fjórða og sjöunda vísa sögunnar eru báðar eftir Einar skálaglamm og þær flytja boðskap og skýra mál Einars því að efni þeirra er ekki tilgreint í lausa málinu heldur eru þær beinlínis hluti frásagnarinnar. Vísa Þórðar skúmu er sér á báti því að hún er ort undir fornryðislagi og er svar hans við spurningu frá Eiríki jarli. Eina vísan sem ekki er eftir Íslending er eignuð Vagni Ákasyni og fellur bæði að 1. og 4. flokki því að skemmtanagildi hennar er ótvírætt. Vísuna mælir Vagn af vörum þegar Sigvaldi leggur til flóttu úr bardaganum og Vagn svarar með því að smána Sigvalda í bundnu máli.

Það segir sína sögu að af sjö vísunum eru sex ortar af Íslendingum sem annars taka lítinn þátt í viðburðum sögunnar. Mögulega má draga af þessu þá ályktun að hér endurspeglar nokkurs konar stolt Íslendinga yfir skáldum sínum eða einfaldlega einhver viðleitni til þess að tengja þessa sögu sem hefur lítið sem ekkert með Ísland að gera við ritunarstaðinn. Þetta gæti verið af svipuðum meiði og þegar segir í *Morkinskinnu* frá mannfalli í liði Magnúsar blinda, alls féllu sextíu manns en aðeins tveir menn eru nafngreindir, íslenskir menn sem eru og ættfærðir en koma annars ekki við sögu.<sup>2</sup>

Af og til virðist sem bygging Jvs. sé lítið ígrunduð en það á til að mynda við um sýnir Klakk-Haralds eins og þær eru raktar hér að framan þar sem sýnirnar hafa ekki augljósa skírskotun fram í söguna. Að öðru leyti hefur byggingin skýran tilgang, hún leiðir viðtakendur smám saman í átt að lokum sögunnar, örlögum Jómsvíkinga. Stórar og smáar vörður hafa verið reistar á leiðinni sem allar hafa þann tilgang að skerpa merkinguna og gefa tækifæri til túlkunar. Byggingin er þannig eins og nokkurs konar grind sem hægt er að styðja sig við þegar textinn er túlkaður og minnir okkur á að sagan er ekki aðeins saga heldur ritverk, mótað eftir höfði síns skapara.

<sup>1</sup> Bo Almqvist hefur gert góða grein fyrir varðveislu vísunnar og sögunnar af hamförunum til Íslands. Hann telur einmitt að munur frásagnarinnar í *Heimskringlu* og Jvs. helgist af því að sögnin hafi komið úr munnlegri hefð, sjá Almqvist, *Norrön Niddiktning* I, 119–132.

<sup>2</sup> *Morkinskinna* II, 205. Ármann Jakobsson telur þetta merki um að söguhlýðendur myndu þekkja mennina, sbr. Ármann Jakobsson, *Staður í nýjum heimi*, 241–242; sjá einnig Ármann Jakobsson, „Konungurinn og ég“, 41–42.

## 4.2 Stíll

### 4.2.1 Yfirlit um stíl íslenskra miðaldabókmennta

Á 20. öldinni má segja að skapast hafi hefð fyrir notkun fjögurra hugtaka yfir stíl íslenskra miðaldabókmennta:<sup>1</sup>

- 1) Þjóðlegur/alþýðlegur stíll
- 2) Lærdómsstíll
- 3) Hefðarstíll/hirðstíll
- 4) Skrúðstíll

Allt eru þetta hugtök sem urðu til á síðari tímum og koma ekki fyrir í miðaldaritunum sjálfum.<sup>2</sup> Um hugtökin og einkenni hvers stíls hefur þó hvorki ríkt einhugur né alltaf verið samræmi hjá þeim sem á annað borð hafa fjallað um stíl 12.–14. aldar bókmennta. Forvígismaður nútímastílrannsóknna á norrænum textum var Marius Nygaard sem greindi á milli tveggja flokka stíls, lærdómsstíls (*lærd stíl*) og alþýðlegs stíls (*folkelig stíl*).<sup>3</sup> Einfaldur munur var á þessum tveimur stíltegundum að mati Nygaards. Alþýðlegur stíll sótti í daglegt mál, munnlegar frásagnir og hafði þróast í meðförum sagnamanna. Setningar voru stuttar og einfaldar, skrautlausar og lítið um orðaforða sem væri sóttur í latínu. Lærdómsstíllinn sótti aftur á móti meira í innflutta hefð, erlend áhrif og máleinkenni, einkum latnesk. Setningar væru flóknar og málsgreinar langar og mikið um tökuorð úr latínu. Þessa tvo stíla telur Nygaard hafa ríkt jöfnum höndum á sama tíma en í ólíkum bókmenntategundum. Sá alþýðlegi tilheyrði verkum sem voru „frumsamin“ innanlands og innlendum lögum en lærdómsstíllinn einskorðaðist við þýddar bókmenntir eða verk sem kröfðust þekkingar á innfluttum bókmenntum.<sup>4</sup> Þessi framsetning Nygaards mótaði mjög umræðu um stíl næstu áratugi og hugtökin tvö urðu algeng í bókmenntaumræðu.

Lærdómsstíll og alþýðlegur stíll skipta íslenskum miðaldabókmenntum þannig í tvennt og í elstu bókmenntum er línan nokkurn veginn dregin við andstæðuna *veraldlegur* og *andlegur*; það sem er þýtt og innflutt eru einkum helgisögur og aðrir kirkjutextar. Þessi skýra aðgreining hins innlenda og hins erlenda hjá Nygaard er þó mikil einföldun. Ef einstök verk væru könnuð með þessa aðgreiningu í huga hljóta að vakna ýmsar spurningar og erfitt að ímynda sér að innfluttar

---

<sup>1</sup> Sbr. Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, 170.

<sup>2</sup> Ólafur hvítaskáld notar þó orðalagið „alþýðlegt orðtak“ sem spekingar greindu ræður sínar frá, sbr. Ólafur Þórðarson, *Málhljóða og málskrúðsrit = Grammatisk-retorisk afhandling*, 73; sbr. einnig Sverrir Tómasson, „Helgisögur og helgisagnaritun“, xlix.

<sup>3</sup> Nygaard, *Norrøn Syntax*, 1–2.

<sup>4</sup> Nygaard „Den lærde stil i den norrøne prosa“, 155–156; Nygaard, *Norrøn Syntax*, 1–2. Sjá einnig Halvorsen, „Lærd og folkelig stil“, 119–122.

bókmenntir og erlend menning hafi engin áhrif haft á innlenda ritmenningu. Það er einnig galli á kenningu Nygaard á hve fáum ritum hann byggir sín dæmi, en eins og Jónas Kristjánsson hefur rækilega gert grein fyrir koma dæmin um lærdómsstíl úr 10 verkum, þar af eru 40% þeirra úr norsku hómiljubókinni.<sup>1</sup> Dæmin um alþýðlegan stíl segir Jónas vera úr sjö verkum en Nygaard gerir raunar ekki grein fyrir því hvaða verk hann nýtti til rannsóknarinnar heldur greindi Jónas þau í sundur með því að rýna í umfjöllun Nygaard. Til þess að greina stíl í íslenskum miðalda-bókmenntun hlýtur að vera ljóst að taka þarf tillit til fleiri verka.

Árið 1953 setti Gabriel Turville-Petre fram þá tilgátu að Íslendingar hafi lært sinn bókmenntastíl af elstu helgisögum.<sup>2</sup> Þær hafi þjónað sem fyrirmyndir og þó að efni þeirra hafi verið ólíkt t.d. konungasögum eða Íslendingasögum gat formið og frásagnahátturinn hafa komið mönnum á sporið. Jónas Kristjánsson reri á svipuð mið þegar hann gagnrýndi Nygaard fyrir að taka ekki tillit til heilagra manna sagna og bendir á átján sögur sem eru taldar ritaðar á árabílinu 1200–1250 og eru ekki ræddar í rannsókn Nygaard.<sup>3</sup> Jónas heimfærir í kjölfarið rök Nygaard á þessar sögur og kemst að þeirri niðurstöðu að sumir þeir þættir sem Nygaard taldi einkennandi fyrir lærðan stíl eigi sér ekki fyrirmynd í latínu en séu svo algengir í vestnorrænum verkum að vart sé hægt að telja þau til séreinkenna. Þá sé og ljóst af þessari athugun hans að ekki sé hægt að skipta elstu verkunum í tvennt eftir stíl. Eðlilegra væri að líta á þetta sem þróun þar sem elstu verk séu þýddar helgisögur undir latneskum áhrifum og að stíllinn hafi mótast eftir bæði latneskum og innlendum hefðum. Síðar hafi orðið til alíslenskar sögur þar sem stílfyrirmyndin var meðal annars sótt til þessara elstu helgisagna.

Þrátt fyrir ofangreindar stílrannsóknir stendur sá sem ætlar sér að kanna stíl í íslenskum miðaldabókmenntum frammi fyrir nokkrum vanda: tilfinnanlegum skorti á stílrannsóknnum.<sup>4</sup> Í inngangi *Íslenskrar stílfræði* sem kom út árið 1994 benda höfundar á að stílfræði hafi lítið verið stunduð á Íslandi. Ástæðan gæti mögulega verið sú að stílfræði liggja á mörkum málfræði og bókmennta en hvorug greinin hafi hýst hana að fullu. Þær fáu stílrannsóknir sem þeir nefna til sögunnar fjalla auk þess flestar um stíl nútímabókmennta. Rannsóknir á stíl einstakra verka frá miðöldum eru sárafaár en aftur á móti er algengt að hlaupið sé á stíl í stuttu máli í ýmsum rannsóknnum. Þannig má af og til finna undirkafla eða klausur um stíl í formála sagna í ritröð Íslenzkra fornrita. Sjaldan er kafað mikið undir yfirborðið og rými fyrir dæmi er lítið. Ágætt dæmi er greining Björns Sigfússonar á stíl *Ljósvetninga sögu*: „Stíllinn er hvorki þjáll né jafn,

<sup>1</sup> Jónas Kristjánsson, „Learned style or saga style?“ 261–262.

<sup>2</sup> Turville-Petre, *Origins of Icelandic Literature*, 142.

<sup>3</sup> Jónas Kristjánsson, „Learned style or saga style?“ 264. Mikilvægt framlag til stílrannsókna er einnig að finna í rannsókn Jónasar á *Fóstbræðra sögu*, sbr. Jónas Kristjánsson, *Um Fóstbræðrasögu*, 262–291.

<sup>4</sup> Hér fer þó fjárri að um tæmandi lista um stílrannsóknir sé að ræða en það breytir því ekki að rækilegum rannsóknnum mætti fjölga umtalsvert.

getur verið hnýflóttur, hvatskeytlegur eða þyngslalegur á víxl, en yfirleitt kjarngóður. Hann batnar við áreynslu í örðugri frásögn, einkum þegar á sögu líður. Afarstirðlegum endurtekningum bregður fyrir. Orðfæri og blær er alþýðlegt og hvorki unglegt né sérlega fornt. Sundurgerð er engin.<sup>1</sup> Björn skýrir hvorki hvernig hann komst að þessari niðurstöðu né rekur hann dæmi til stuðnings. Svipaða sögu er að segja um formála að *Eyrbyggja sögu* þar sem Einar Ól. Sveinsson grípur til hugtaksins „alþýðlegur sögustíll“ án útskýringar: „Stíllinn er hreinn og þróttmikill, látlaus og geðfelldur, og það má leita vel í sögunni til að finna þar nokkra sundurgerð. En málshættir, líkingar, stuðluð orðtæki og annað því um líkt, sem algengt er í alþýðlegum sögustíl, er líka algengt í þessari sögu.“<sup>2</sup> Þó skal taka fram að þetta gildir ekki um öll bindi Íslenzkra fornrita og má finna rækilegri umfjöllun um stíl ýmissa sagna.<sup>3</sup>

Við þetta má bæta að í *Íslenskri stílfræði* er greindur stíll á útvöldum verkum eða bókmenntagreinum, eins og Íslensku hómiliubókinni, *Heimskringlu*, Íslendingasögum, *Íslendinga sögu* og riddarasögum. Mesta athygli virðast helgisögur hafa hlotið í þessu sambandi og þær settar í samhengi við erlendar fyrirmyndir sínar. Ef til vill er ástæðan einmitt sú að helgisögur, einkum elstu helgisögur, standa í sambandi við ákveðna vel þekkta hefð og má þar gefa sér ýmsar forsendur um höfunda þeirra. Í einhverjum tilvikum eru þekktar erlendar (latneskar) fyrirmyndir sagnanna sem hægt er að bera saman við en að auki er helgisagnahefðin, orðfæri kirkjunnar, lög og reglur áhrifamikil þegar kom að ritun slíkra sagna. Höfundar *Íslenskrar stílfræði* benda á að þótt þýðendur helgisagna hafi verið trúir söguefni frumtextanna hafi þeir tekið mið af norrænum málvenjum og forðast setningafræðileg, latnesk einkenni sem voru norrænunni framandi. Þetta styður rannsókn Lucy Collings á heilagra manna sögum í Skarðsbók postulasagna en þar kemst hún að þeirri niðurstöðu að þýðendur hafi í meginatriðum ekki fylgt stíl latínunnar.<sup>4</sup> Innlendar sögur á borð við Íslendingasögur og fleiri veraldlega texta, sem varðveist hafa á íslensku frá 12. öld og síðar, eru ólíkar helgibókmenntum þar sem ekki er hægt að vísa til ritaðra fyrirmynda. Áhrif í innlendra sagnahefð eru flóknari og heimildir eru fábrotnari. Bent hefur verið á, líkt og Nygaard gerði, að munnleg hefð hafi haft áhrif á innlenda sagnagerð og orðfæri hennar sé þess vegna hversdagslegt.<sup>5</sup> Þegar rannsóknir á stíl einstakra sagna eru jafnfáar og raun ber vitni hlýtur stílþekking að teljast stutt á veg komin, einkum hvað varðar veraldlegar sögur frá upphafi sagnaritunar á Íslandi.<sup>6</sup>

<sup>1</sup> Björn Sigfússon „Formáli“, xxii.

<sup>2</sup> Einar Ól. Sveinsson, „Formáli“, *Eyrbyggja saga*, xli.

<sup>3</sup> Sjá til dæmis formála Bjarna Einarssonar að *Ágripri af Noregskonunga sögum*, xlvii–lii og formála Þorleifs Haukssonar að *Sverris sögu*.

<sup>4</sup> Collings, *The Codex Scardensis*, 162–284.

<sup>5</sup> Sjá t.d. Meulengracht Sørensen, *Fortælling og ære*, 73–78.

<sup>6</sup> Meulengracht Sørensen bendir til dæmis á að rækileg rannsókn á stíl Íslendingasagna hafi aldrei farið fram jafnvel þó að hugtakið „Íslendingasagnastíll“ sé notað um stíl sagnanna. Þá vísar hann einnig til rannsóknar Louis-Jensen á



Rannsóknir á stíl Jómsvíkinga sögu eru þessu marki brenndar, fáir hafa fjallað um stíl sögunnar. Bent hefur verið á líkindi með einstaka verkum eða bókmenntategundum en samanburður nær ekki langt og dæmi eru fá. Rækilegust er greining Ólafs Halldórssonar frá árinu 2009 í greininni „Um Jómsvíkingasögu“ en þó telur umfjöllunin þar rétt um eina blaðsíðu. Ólafur kallar stíl sögunnar sérkennilegan og segir að frásögnin sé nokkuð langorð. Þá bendir hann á að stíllinn sé ólíkur flestum Íslendingasögum og *Heimskringlu* en fari „ákaflega vel í munni“.<sup>1</sup> Á móti mætti spyrja hvort þetta ætti ekki við um fleiri sögur sem voru líklega flestar ætlaðar til upplesturs á ritunartíma þeirra. Þó er vel hægt að ímynda sér að við fyrstu sýn, án frekari rannsóknar, hafi stíllinn þau áhrif á nútímalesendur að hann virðist „talmálskenndur“ ef svo má að orði komast. Vandamálið við slíkt orðalag er að aðgangur að talmáli miðalda er enginn. Ólafur Halldórsson telur til dæmis í tilvitnaðri grein að sagan „hljóti að vera hreinasta náma fyrir þá sem vilja leita í íslenskum miðaldaritum og áhrifum munnlegra frásagna“ og bætir síðan við: „og ætli stíllinn og sjálf frásagnartæknin sé ekki meira í ætt við munnlega sagnaskemmtan en það sem hefur verið kallað hinn sígildi sögustíll.“ Ekki tekur hann mörg dæmi til stuðnings og bendir einkum á að stundum sé fornafn þriðju persónu notað með sérnafni, til dæmis ‘segir hann Úlfur’ og að mælandi beinnar ræðu sé oft tvítekin: „Þá mætti Hákon jarl: ‘Það þykjumst eg sjá,’ segir hann ...“ (183). Það virðist því vera rík ástæða til þess að kanna betur stíleinkenni sögunnar og hvort sé hægt að styrkja eða hrekja niðurstöðu Ólafs um „munnlegan stíl“.

Fyrst er vert að spyrja hvort stíll sé skilgreinanlegur og hvernig skuli nálgast stílrannsóknir. Í *Íslenskri stílfræði* er tæpt á helstu skilgreiningum stíls og að lokum bent á að í sögulegri stílfræði aðhyllist menn einkum eftirfarandi skilgreingu: „Stíll er það hvernig visst inntak er sett fram í rituðu eða mæltu máli og þau áhrif sem framsetning þess hefur.“<sup>2</sup> Með þessa skilgreingu að leiðarljósi hlýtur það að vera nokkuð háð túlkun þess sem metur hver *áhrif* framsetningarinnar eru og greiningin verður þannig huglægt mat. Þá getur smekkur og menning á hverjum tíma haft áhrif á þetta mat en þó má ímynda sér að sumar kröfur til sögugerðar séu sammanlegar á öllum tímum, að öðrum kosti yrðu fáar sögur sígildar.

Í klassískri mælskufræði giltu býsna ákveðnar reglur um hvernig ræðumenn áttu að haga máli sínu við ákveðnar aðstæður. Þessar reglur eða fyrirmæli þekktust á miðöldum og rötuðu inn í ritaða texta og lögmál ræðunnar voru yfirfærð á textagerð. Þessi leið mælskufræðinnar inn í

stílbreytingum á texta *Heimskringlu* og *Morkinskinnu* í yngri handritunum Huldu og Hrokkinskinnu, sem benda til að þróunin í konungasögum hafi verið önnur en í Íslendingasögum, en bætir við að þetta krefjist allt frekari rannsókna til staðfestingar, sbr. *Fortælling og ære*, 76; Louis-Jensen, *Kongesagastudier. Kompilationen Hulda-Hrokkinskinna*, 136–155.

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson, „Um Jómsvíkinga sögu,“ 297.

<sup>2</sup> Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, 78.

ritmál er rökrétt því að sögur hafa verið lesnar upp og átt að hafa tilætluð áhrif á áheyrendur.<sup>1</sup> Upp að hvaða marki lögmál mælskufræðinnar höfðu áhrif á íslenskar miðaldabókmenntir er erfitt að segja vegna skorts á rannsóknum. Sem fyrr segir (sjá kafla 3.2) kemur þó vel fram í riti Sverris Tómassonar, *Formálar íslenskra sagnaritara*, að mælskufræðin hafi verið þekkt hér á landi og sér áhrifa hennar meðal annars stað í *Fyrstu málfræðiritgerðinni*.<sup>2</sup>

Ein áhrifamesta ritgerðin um mælskufræði á miðöldum hefur verið *De doctrina christiana* eftir Ágústínus frá Hippó.<sup>3</sup> Ætla má að menntaðir menn á Íslandi hafi þekkt til hugmynda Ágústínusar og þetta rit hans er meðal bóka sem taldar eru upp í Viðeyjarklaustri á 14. öld.<sup>4</sup> Ágústínus setti fram fyrirmæli um hvernig menn skyldu halda ræður og byggði mál sitt meðal annars á verkum Cicerós.<sup>5</sup> Í gegnum Ágústínus varð mælskufræði Cicerós þannig þekkt meðal klerklærðra manna á miðöldum. Ágústínus leggur meðal annars áherslu á skýra framsetningu máls. Sá sem ætlar að miðla kristnisdómnum til ólærðrar alþýðu þurfi að leggja sig fram um að orð hans skiljist; hann á að forðast skrautmælg og velja orð sem eru bæði skýr og gáfuleg.<sup>6</sup>

Gera má því skóna að lærðir menn íslenskir hafi þekkt til mælskufræði og verið undir áhrifum hennar, hvort sem höfundar hafi beitt henni markvisst eða ekki. Taka má undir með Sverri Tómassyni að þessi lærdómur geti hafa fléttast saman við ævagamla frásagnarlist svo að ekki verði hvor þáttur um sig auðveldlega sundurskilinn.<sup>7</sup> Í *Íslenskri stílfræði* er birtur rækilegur stílbragðalisti (bls. 153–165) og má rekja flest þeirra stílbragða beint eða óbeint til klassískrar mælskufræði. Þar má finna ýmis stílbrögð sem eru algeng bókmenntahugtök nú, eins og klifun, stigmögnun, þverstæðu og íróníu. Það getur því verið athyglisvert að kanna hvernig þessi atriði birtast í Jvs. og reyna að koma auga á hvort stílbrögðum sé markvisst beitt. Hér verður athyglinni einkum beint að texta Jvs. í AM 291 4to sem er að öllum líkindum elsta handritið og gefur þannig bestu innsýn í möguleg áhrif á stíl á 13. öld, jafnvel fyrri hluta 13. aldar ef gert er ráð fyrir að 291 sé nokkuð nákvæm uppskrift eldra forrits. Aðrar gerðir sögunnar verða þó nýttar til samanburðar.

<sup>1</sup> Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 13–15. Sjá einnig Sverrir Tómasson, „Veraldleg sagnaritun 1120–1400: Inngangur,“ 274–276.

<sup>2</sup> Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 39–41. Sverrir tekur ágæt dæmi úr *Fyrstu málfræðiritgerðinni* máli sínu til stuðnings.

<sup>3</sup> Sjá t.d. Murphy, *Rhetoric in the Middle Ages*, 47–48, 107–111.

<sup>4</sup> *Diplomatarium Islandicum* 4:110; Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 31.

<sup>5</sup> *De doctrina christiana*, 4, 12:27.

<sup>6</sup> *De doctrina christiana*, 4, 10:24. Sjá einnig Sverrir Tómasson, „Helgisögur og helgisagnaritun,“ xlix–liv og „Helgisögur, mælskufræði og forn frásagnarlist,“ 132.

<sup>7</sup> Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara*, 132.

#### 4.2.2 Stíll Jómsvíkinga sögu

Hið fyrsta sem vekur eftirtekt í stíl sögunnar er notkun samtenginganna *en* og *og*. Notkunin er slík að ekki kæmi á óvart þó að einhverjum þætti það ofnotkun. Sem dæmi má taka textabrot úr 291 og bera saman við sambærilegt brot úr *Flateyjarbók*.

**Og** fara þeir nú þar til er þeir finna keisarann. Þeir finnast á sæ, **og** slær þar þegar í bardaga með þeim, **og** verður þar hin snarpasta atлага. Þeir berjast allan dag í gegnum, **og** fellur mikið lið af hvorum tveggjum, **og** þó fleira af keisaranum. **Og** er náttá tók, þá settu þeir þriggja náttá grið á millum sín **og** lögðu að landi **og** bjuggust við hvorirtveggju. **Og** er þrjár nætur liðu, þá gingu saman fylkingar þeirra Óttu keisara **og** Haralds konungs **og** Hákonar jarls, **og** berjast nú á landi, **og** gengur keisaranum nú þungt bardaginn, **og** féll miklu fleira hans lið of daginn. **Og** þar kömur að hann leggur á flóttu undan með lið sitt (86).

Þessi texti telur samtals 116 orð. *Og* kemur fyrir alls fimmtán sinnum. Í sambærilegum texta *Flateyjarbókar* kemur samtengingin átta sinnum fyrir:

Otto keisari dró her saman um vorið á Saxlandi. Hann hafði mikið lið **og** frítt; hélt hann því til Danmerkur. Um sumarið fundust þeir Haraldur konungur. Þeir lögðu þegar til orrustu **og** börðust allan daginn til nætur. Þar féll fjöldi liðs af huorumtveggjum en þó fleira af keisaranum. En er náttá tók settu þeir með sér þriggja náttá grið til ráðagerðar **og** viðurbúnaðar huorumtveggjum. En er þrjár nætur voru liðnar gengu á land huorirtveggju **og** bjuggust til bardaga. Gengu síðan saman fylkingar **og** varð hin harðasta atsókn. Veitti keisari þá allþungt **og** féll miklu fleira hans lið. **Og** er á leið daginn brást flótti í liði hans **og** flýði síðan til skipa sinna.<sup>1</sup>

Í texta *Flateyjarbókar* hefur samtengingin *en* sums staðar komið í staðinn fyrir *og*. Ef þessi brot eru borin saman að öðru leyti má sjá að frásögn *Flateyjarbókar* er orðmeiri og þar eru auk þess fleiri löng orð. Þetta getur meðal annars að líta í orðunum „ráðagerðar og viðurbúnaðar“ í *Flateyjarbók* þar sem í 291 segir „lögðu að landi og bjuggust við“. Þessi brot endurspeglar ágætlega hvernig sama atburði má lýsa á ólíkan máta. Þessi stutti texti er ekki einstakur heldur má segja að hann sé ágætur fulltrúi fyrir söguna í heild. Á hinn bóginn kemur fyrir að þessi notkun samtengingarinnar minnkar um stund sem mögulega gæti bent til þess að annars vegar fylgi höfundur minni en hins vegar forriti. Má hér taka sem dæmi hluta úr 7. kafla.<sup>2</sup>

Þar kemur nú máli, að allir gerðu að því róm að hafa það ráð er Óli legði til. Þá mælti hann: ‘Það er þá ráð mitt,’ segir hann, ‘að vér gangim allir í einn stað er á Krist trúum **og** heitim á allsvaldanda guð, skapara allra hluta, sex dægra föstu, að hann gefi oss sigur, **og** vér þurfim eigi að drepa hross til matar oss. Þá vil eg það ráð annað til gefa,’ segir hann, ‘að vér farim í dag á merkur **og** skóga, þá er oss eru nálægstir, **og** skal hver maður höggva sér byrði af þeim viði er oss þykir von að eldnæmstur sé, **og** skulu vér þann við allan bera að virkinu **og** sjám þá enn síðan hvað í gerist.’ Þetta ráð sýnist þeim vænlegt, er Óli hefir til lagt, **og** fara nú þannig með sem hann gaf ráð til. Þar var þannig til farið, er virkið var, að diki mikið var grafið þeim megin sem þeir voru. Það var tíu faðma breitt, en níu faðma djúpt. En nokkuru mjórri þar er kastalar stóðu yfir uppi. En þeir voru svo settir, að kastali stóð yfir hverju hundraði faðma á virkinu uppi (91–92).

<sup>1</sup> *Flateyjarbók* I, 108; samræmd stafsetning og auðkenning ÞEJ.

<sup>2</sup> Þetta má einnig sjá í kaflanum um lög Jómsvíkinga þar sem lögin sjálf eru meitlaðri en annar texti kaflans.

Þessi texti er samtals 194 orð en samtengingin *og* kemur aðeins fyrir sjö sinnum. Örfáum línnum síðar er textinn þannig:

Nú er svo frá sagt, þá er náttá tók, að eldurinn tók að leika vatnkeröldin **og** viðinn, **og** því næst laust logunum upp í kastalana **og** því næst í virkið, **og** síðan brann hvað að öðru, þvíáð virkið var mest af viðum gert. Svo lauk máli, að á þeirri nátt brann upp allt Danavirki með köstulum **og** sá engi merki eftir né örmol, **og** unnu það vatnkeröldin er eldinn báru að virkinu. En þá er morgna tók, þá gerði á mikið regn, svo að menn mundu trautt slíkt vatnfall úr himni komið hafa **og** slökkti þann eld vandlega, svo að menn máttu þá þegar fara yfir usla þann hinn mikla. **Og** ef það sloknaði eigi við regnið, þá var eigi vænt að þar mundi mega yfir komast bráðfengis. **Og** nú er þeir Haraldur konungur **og** Hákon jarl sá á þetta allt jafnsaman, þá slær ótta nokkurum í skap þeim **og** síðan flýja þeir undan til skipa sinna. En þeir keisari gingu yfir brúarnar, þar er þeir höfðu gert yfir díkið, þvíáð þaðan hafði eldinn frá lagðan, þá er virkið brann, **og** ganga þeir nú yfir þann usla, **og** var nú allur kaldur orðinn **og** slokkinn, **og** höfðu þeir nú fastað fjögur dægur til liðs sér við almáttkan guð (93).

Þetta brot er nokkrum orðum lengra, 209 orð en hér er samtengingin aftur orðin áberandi og kemur fyrir alls 15 sinnum. Hliðskipaðar setningar hafa jafnan verið tengdar munnlegum stíl og því er sá möguleiki fyrir hendi að í þessum tveimur brotum geti glitt í mun munnlegra og skriflegra frásagna.<sup>1</sup>

Því miður er samanburður á 291 við Perg. 7 og AM 510 ekki mögulegur hér þar sem þessi kafli er ekki þar. Ef textar 291 og Perg. 7 eru bornir saman þar sem þeir fylgjast að með samtenginguna í huga er munurinn mjög ljós:

291: En í þann tíma réð þar fyrir konungur sá er Búrizláfur hét, **og** hugði hann illt til hernaðarins, fyrir því að honum var sagt frá Pálnatóka, að hann hafði nær ávallt sigur, þar sem hann herjaði, **og** var hann ágæstur víkinga í það mund, **og** þótti hann vera hverjum manni vitrari **og** ráðgari, **og** gengur þungt við hann flestum. **Og** vonu bráðara, þá er Pálnatóki kómur þar við land **og** Búrizláfur hefir spurt til hans **og** hvað hann ætlaðist fyrir, þá sendir konungur menn sína á fund hans **og** býður Pálnatóka til sín **og** lézt vildu eiga við hann frið **og** vinfengi; það lét hann **og** fylgja þessu heimboði, að hann bauð að gefa honum eitt fylki eða ríki af landi sínu, þar er heitir að Jómi, til þess að hann skyldi þar staðfestast, **og** mundi hann þetta ríki gefa honum einkum til þess að hann skyldi þá vera skyldbundinn til að verja land **og** ríki með konunginum. **Og** þetta þiggur Pálnatóki **og** allir hans menn, að því er sagt er (127–128).

Perg. 7: Í þenna tíma réð fyrir Vindlandi konungur sá er Búrisleifr hét. Hann spyr til Pálna-Tóka **ok** hyggur illt til hernaðar hans, því at hann hafði nær ávalt sigr **ok** var hverjurn manni frægri. Þat ráð tekr konungur at hann sendir menn á fund Pálna-Tóka **ok** býðr honum til sín **ok** kvezk vilja leggja við hann vináttu. Þat lætr konungur **ok** fylgja þessu boði at hann vill gefa honum eitt fylki af landi sínu, þat er heitir at Jómi, til þess at hann verði land hans **ok** ríki ok staðfestisk þar. Þetta þiggur nú Pálna-Tóki **ok** staðfestisk nu þar **ok** allir hans menn (17).

Hér kemur skýrt fram hve styttri gerðin í Perg. 7 er en einnig kristallast ljóslega að í Perg. 7 hefjast setningar ekki á *og* eins og svo algengt er í 291. Vissulega er *og* algengasta og eitt nauðsynlegasta orð tungumálsins og ef texti 291 er borinn saman við aðrar ritaðar sögur sem taldar eru ritaðar á 13. öld má vel finna dæmi þess hve algengt orðið er á stöðum þar sem

---

<sup>1</sup> Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, 102; stutta en ágæta umfjöllun um munnlega hefð og stíl Íslendingasagna má finna hjá Meulengracht Sørensen, *Fortælling og ære*, 73–78.

setning væri tæk án þess, eins og til dæmis í upphafi setningar. Í dæminu hér að framan þar sem 16 af 208 orðum er *og* má færa rök fyrir því að textinn yrði óbrennlaður ef að minnsta kosti 7 þeirra væri sleppt. Ef leitað er fanga í aðrar sögur, til dæmis *Egils sögu* er *og* einnig mjög áberandi.<sup>1</sup> Það kemur heim og saman við það sem ritað er um stíl Íslendingasagna í *Íslenskri stílfræði* þar sem meðal annars er bent á að málsgreinagerð sé einföld, stuttar aðalsetningar tengdar með aðaltengingum á borð við *og* og *en* eru áberandi og að hliðskipun sé eitt megin einkenni Íslendingasagna.<sup>2</sup> Tekið er textasýni úr *Njálu* og bent á að aðalsetningar séu að meðaltali 5 orð.<sup>3</sup> Í *Egils sögu* eru *og* þess vegna áberandi, ráðandi setningagerð kallar á notkun þess. Má hér taka dæmi af broti úr upphafi sögunnar:

Þau Kveld-Úlfr áttu tvá sonu; hét inn ellri Þórólfr, en inn yngri Grímr; en er þeir óxu upp, þá váru þeir báðir menn miklir **ok** sterkir, svá sem faðir þeira var. Var Þórólfr manna vænstur **ok** gørviligastr; hann var líkr móðurfrændum sínum, gleðimaðr mikill, qrr **ok** ákafamaðr mikill í qllu **ok** inn mesti kappsmaðr; var hann vinsæll af qllum mǫnnum. Grímr var svartr maðr **ok** ljótr, líkr feðr sínum, bæði yfirlits **ok** at skaplyndi; gerðisk hann umsýslumaðr mikill; hann var hagr maðr á tré **ok** járn **ok** gerðisk hinn mesti smiðr; hann fór **ok** opt um vetrum í síldfiski með lagnarskútu **ok** með honum húskarlar margir. En er Þórólfr var á tvítugs aldri, þá bjósk hann í hernað; fekk Kveld-Úlfr honum langskip. Til þeirar ferðar réðusk synir Berðlu-Kára, Eyvindr **ok** Qlvir, – þeir hǫfðu lið mikit **ok** annat langskip, – **ok** fóru um sumarit í víking **ok** qfluðu sér fjár **ok** hǫfðu hlutskipti mikit. Þat var nǫkkur sumur, er þeir lágu í víking, en váru heima um vetrum með feðrum sínum. Hafði Þórólfr heim marga dýrgripi **ok** færði fǫður sínum **ok** móður; var þá bæði gott til fjár **ok** mannvirðingar. Kveld-Úlfr var þá mjok á efra aldri, en synir hans váru rosknir.<sup>4</sup>

Textinn er 202 orð og þar af eru 17 *og*. Hlutfallið er þess vegna mjög svipað og í síðara brotinu úr Jvs. hér að framan. Það er athyglisvert að ef sama brot er kannað í C-gerð *Egils sögu*, en handrit hennar eru líklega öll frá 15. öld og síðar, kemur í ljós að samtengingin kemur á aðeins færri stöðum en í tilvitnuðu broti A-gerðar sem byggir á elstu handritum en einkum þó Möðruvallabók.<sup>5</sup> Textabrotið hér að ofan er nánast orðrétt eins í báðum gerðum en má t.d. sjá eftirfarandi mun:

A-gerð: ...var hagr maðr á tré **ok** járn **ok** gerðisk hinn mesti smiðr; hann fór **ok** opt um vetrum í síldfiski með lagnarskútu **ok** með honum húskarlar margir.

C-gerð: ...hann var hagr, bæde ä trje og járn, hann gjordizt hinn meste störsmidr, hann var opt ä vetrum i sílldvere, med hüs kalla marga.<sup>6</sup>

Hér birtist tilhneiging til þess að þjappa textanum með upptalningu án samtengingarinnar. Samanburðurinn hér er vissulega takmarkaður og gefur ekki tilefni til óyggjandi niðurstöðu en

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson benti einnig á að óþarflega ríka notkun samtengingarinnar *og* megi finna í bæði S- og A-gerð *Ólafs sögu Odds*, sbr. Ólafur Halldórsson, „Formáli,“ *Ólafs saga Odds*, clxiv–clxv.

<sup>2</sup> Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, 274–276.

<sup>3</sup> Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, 274–275.

<sup>4</sup> *Egils saga Skalla-Grimssonar*, 5–6.

<sup>5</sup> *Egils saga Skallagrímssonar. Bind I: A-Redaktionen*, 2. Um aldur C-gerðar sjá Chesnutt, „Forord,“ xxiii.

<sup>6</sup> *Egils saga Skallagrímssonar. Bind III: C-Redaktionen*, 4.

hér virðist að minnst kosti tilefni til þess að kanna hvort yngri gerðir sagna sýni almennt slíkar breytingar á stíl. Verður ekki gengið lengra hér en þessi stutti samanburður gefur til kynna að notkun samtengingarinnar geti endurspeglad einhvers konar ritstjórn. Áður en skilið verður við þetta litla en nauðsynlega orð er vert að geta orðasambandsins „og nú“ þar sem Jvs. í 291 hefur talsverða sérstöðu samanborið við ýmsar Íslendingasögur og aðrar gerðir sögunnar.

Þegar leitarstrengurinn „og nú“ er sleginn inn í einfalda textaleit í Jvs. 291 koma 123 niðurstöður. Yfirgnæfandi meirihluti þessara tilvika er í upphafi setninga en það er þó ekki algilt. Sama leit í útgáfu Blake á Perg. 7 skilar 8 niðurstöðum. 510 er því miður ekki aðgengileg í útgáfu sem leyfir slíka leit en handtalin dæmi voru á þriðja tug. Orðastrengurinn er nokkuð algengur í *Flateyjarbók* enda sá texti almennt svipaður 291 en þó má sjá í fljótu bragði að fjöldinn er ekki sá sami og í 291. Í *Brennu-Njáls sögu* allri kemur strengurinn sex sinnum fyrir og einu sinni í *Egils sögu*.<sup>1</sup> Ef sama leit er gerð við allar Íslendingasögur er *Bjarnar saga Hitdælakappa* næst Jvs. með 11 niðurstöður ef frá er talinn *Reykðæla saga* sem er eina sagan jafnríkuleg og Jvs. af þessu orðasambandi, alls komu 119 niðurstöður. Hér kann einhverjum að þykja mikið gert úr tveimur litlum orðum en þessi skýra niðurstaða getur gefið einhverja vísbendingu um stíl og hugmyndir um sagnaritun.

Hér verður ekki gengið langt í samanburði á *Reykðæla sögu* og Jvs. í 291 þó að ef til vill sé tilefni til, en ástæða er til þess að vekja athygli á að rök hníga að því að *Reykðæla saga* sé 13. aldar saga og gæti jafnvel verið rituð snemma á 13. öld.<sup>2</sup> Í 19. kafla segir „Spjótit Vagnsnaut átti síðan Þorvarðr Þorgeirsson.“<sup>3</sup> Þorvarður lést 1207 en setningin bendir til þess að áheyrendur hafi átt að kannast við hann.<sup>4</sup> Erfitt er vitaskuld að segja til um hversu lengi nafn hans gæti hafa verið nógu kunnugt til þess að óhætt væri að nefna það án frekari skýringar fyrir áheyrendur. Björn Sigfússon, útgefandi sögunnar, hampar sögunni lítið og telur fátt setja fornan svip á hana „nema ef til þess skyldi telja einhæfan listarþroska.“<sup>5</sup> Hann telur ólíklegt að höfundurinn hafi verið mikill ritsnillingur: „Höfundur Reykðælu verður aldrei talinn til stórmenna íslenzkrar ritlistar á 13. öld. Þó ver hann vel rúm sitt á ýmsan hátt, og aðferð hans við sögugerð er í fróðlegri lagi við athugun á þróunarferli bókmenntanna á þeim tímum.“<sup>6</sup>

Í hugmyndum Björns birtist hið algenga viðhorf að eldri texti sé betri texti og virðist hann eiga erfitt með að sætta hugmyndir um að sagan sé gömul en um leið standist hún ekki samanburð við bestu sögurnar. Þá segir hann og að höfundurinn sé slægur fræðimaður „og

<sup>1</sup> Við leit var stuðst við *Íslenskt textasafn* hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (corpus.arnastofnun.is) sem endurspeglar auðvitað ekki þann mun sem getur komið fram í ólíkum handritum sagna en þessar niðurstöður eru þó það afgerandi að af þeim hlýtur að mega draga ályktanir.

<sup>2</sup> Björn Sigfússon, „Formáli,“ lxxxviii.

<sup>3</sup> *Reykðæla saga og Víga-Skútu*, 213.

<sup>4</sup> Björn Sigfússon, „Formáli,“ lxxxix.

<sup>5</sup> Sama rit.

<sup>6</sup> Sama rit, lxxxvii.

sagan næsta þýðingarlaus heimild um 10. öld.<sup>1</sup> Viðhorf Björns til heimildagildis *Reykðælu* minnir þannig um margt á viðhorf til Jvs. En hvaða ályktun má draga af þessu stíleinkenni sem *Reykðæla* og Jvs. eiga sameiginlegt? Af því sem að framan er dregið saman, bæði samanburður við gerðir *Egils sögu* og aðrar gerðir Jvs. virðist sem þegar fram líða stundir fækki þessum einkennum. Eru þessi einkenni þá merki um frumstæða sagnaritun? Fleiri einkenni sögunnar geta ef til vill varpað frekara ljósi á þetta.

Í *Íslenskri stílfræði* er bent á að algengt sé í Íslendingasögum að aðalsetningar tengist saman með tíðaratviksorðum eins og *nú*, *þá*, *þegar*, *síðan* og *eftir það*.<sup>2</sup> Þetta einkenni á Jvs. sameiginlegt með Íslendingasögum, að því gefnu að þetta einkenni þær allar, sem ætla má af umfjöllun *Íslenskrar stílfræði* þó að tilvísanir og dæmi séu ekki mörg eða rækileg. Þar er einnig bent réttilega á að í Íslendingasögum beri ekki á löngum og tilfinningaskryddum einræðum líkt og algengar eru í helgisögum, riddarasögum og jafnvel konungasögum. Þetta gildir einnig um Jvs. Beinar ræður í löngu máli eru engar, tilsvör stutt og snaggaraleg. Upp að vissu marki má því finna sameiginleg stíleinkenni með Íslendingasögum og Jvs. en annað er þó frábrugðið. Þá er og ljóst að Íslendingasögur geta verið innbyrðis ólíkar í stíl líkt og dæmið af *Reykðælu* gefur til kynna.

Algeng notkun orðasambandsins „og nú“ er hluti af stærri heild í stíl Jvs. Endurtekningar sama orðs, einkum fornafna, með stuttu millibili er eitt höfuðeinkenna textans í 291. Endurtekningar sem stílbragð eiga að hafa ákveðin áhrif og henta vel til þess að auka áherslu. Slík notkun endurtekningar er ekki algeng í Jvs. og eru endurtekningarnar ekki ætlaðar til áhersluauka eins og sjá má í eftirfarandi dæmum (endurtekningar eru undirstrikaðar):

- a. ...hann var kallaður Klakk-Haraldur. Hann var vitur maður. Hann átti sér dóttur eina er Þyri er nefnd (63)
- b. Þar skal húsið sett er eigi hafi fyrir hús verið gert (64).
- c. Þá skal senda menn úr landi á einu skipi, svo að það sé vel skipað (79).
- d. Og nú sitja þeir Haraldur konungur og Hákon jarl nokkura vetur í góðum friði, og er nú friður milli landanna (84)
- e. ...og fæðir hún sveinbarn, og er þeim sveini nafn gefið og kallaður Sveinn (109).<sup>3</sup>
- f. Og situr Hákon nú of kyrrt í landinu og ræður nú einn fyrir öllum Noregi (98).<sup>4</sup>
- g. ...þá tekur Pálnir faðir hans sótt, og af þeirri sótt lætur hann líf sitt (106).
- h. ...en þó skal eg ekki þér þyrma í engan stað, og ef þú lætur eigi gangast það er eg kref þig, þá skal nú reyna með okkur, og skulu við nú berjast þegar í stað, og skaltu hvergi fá undan hokrað (116).
- i. En þá var þó svo kveldað, að þá var eigi vígljóst (118).<sup>5</sup>
- j. ...þá spurði konungurinn ef Sigvaldi hefði mál sitt, en honum er sagt að hann hefir mál sitt, og er þó máttur sem minnstur (155).
- k. ...og fer Sigvaldi í rekkju hjá konu sinni Ástríði, og sofnar hann fast brátt, er hann kom í rekkjuna (164).

<sup>1</sup> Björn Sigfússon, „Formáli,“ lxxxii.

<sup>2</sup> Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, 275.

<sup>3</sup> Hér má þó ekki útiloka þann möguleika að endurtekningin eigi að vera hnyttin.

<sup>4</sup> Svipað gildir um *nú* og *og*, það kemur fyrir mjög víða þar sem setning væri tæk þó að orðinu væri sleppt.

<sup>5</sup> Samskonar endurtekning á orðinu *þá* er mjög algeng í allri sögunni.

Til samanburðar er áhugavert að kanna hvernig þessar setningar birtast í Perg. 7 sem er umtalsvert styttri eins og rakið er í 2. kafla. Þar kemur í ljós að þessum endurtekningum virðist markvisst hafa verið fækkað. Í eftirfarandi samanburði eru þó ekki allar setningar af dæmunum hér að ofan sambærilegar vegna þess að þær vantar í Perg. 7. Setningar sem bjóða upp á samanburð eru merktar með samsvarandi bókstaf og í dæmunum úr 291:

- a. ...hann var kallaðr Klakk-Haraldr. Hann var vitr maðr. Jarl átti dóttur er Þyri hét (2).
- b. lát gøra hús þar sem eigi hafi fyrr verit (2)
- g. Ok er Pálna-Tóki er af inum mesta barnsaldri þá tekr faðir hans sótt ok andask (10).
- e. ...ok fœðir Æsa barn. Er nafn gefit ok hét Sveinn... (11)
- j. Þá spurði konungr hvárt Sigvaldi hefði mál sitt. Honum var sagt að máttir hans var sem minstr. (26)
- k. Sigvaldi ferr í rekkiu hjá konu sinni, Ástríði, ok sofnar hann brátt ok fast (29).

Hér virðist þannig sem textinn hafi þróast á þann veg að endurtekningarnar hafi þótt óþarfar. Hallvard Lie fjallar í stílfransókn sinni á *Heimskringlu* um ýmsar gerðir endurtekninga og þegar þær eru bornar saman við ofantaldar endurtekningar í Jvs. sést enn fremur að þær virðast ekki hafa sama tilgang. Í *Heimskringlu* segir Lie til dæmis algengt að endurtaka sama orðið í annarri mynd einkum í samtölum (*polyptoton*), þó að einnig komi fyrir að sama orðið sé endurtekið óbreytt.<sup>1</sup> Þetta stílbragð telur Lie notað til þess að leggja áherslu á hvaða orð sé kjarninn í viðkomandi samtölum. Líkt og Ólafur Halldórsson benti á er mjög algengt að mælandi beinnar ræðu sé tvítekin.<sup>2</sup>

Nú mælti konungur: ‘Hafðu sex skip og tvö hundruð manna,’ segir hann, ‘og kom aldri síðan mér í augsýn’ (114).

Konungur svarar: ‘Þú Búi,’ segir hann, ‘stór verður þú oss...’ (140).

Nú mælti Pálnatóki við félagi sína, Jómsvíkinga: ‘Vili þér til hætta,’ segir hann, ‘hvort þessir menn segja satt eða eigi...’ (142).

Og nú tekur konungur til orða og mælti: ‘Hvað er nú, Sigvaldi,’ segir hann; ‘viltu svíkja mig nú...’ (156).

Hún mælti: ‘Eigi mun þér að því verða,’ segir Ástríður, ‘því er eg get til, og muntu bæði við þurfa vit og ráðagerð’ (164).

Þeir svara: ‘Kom að vísu,’ segja þeir; ‘eða hvort hefur þú því valdið?’ (192).

Samræður Pálnatóka, Vagns og nokkurra annarra Jómsvíkinga í 22. kafla lúta enn fremur í flestum tilvikum þessari reglu en í kaflanum er skipt títt á milli persóna sem taka til máls í beinni ræðu. Jvs. er raunar ekki einstök um þetta einkenni. Það er algengt í *Morkinskinnu* og sumum Íslendingasögum, til dæmis nokkuð algengt í *Gunnlaugs sögu*.<sup>3</sup>

Þó að endurtekning mælanda í beinnu ræðu sé ekki einkenni einskorðað við Jvs. má líta á það sem hluta af þessum algengu endurtekningum. Dæmin sem talin eru upp hér að framan eru ekki tæmandi listi heldur sem fyrr segir, eitt höfuðeinkenna textans. Þetta einkenni er fremur í

<sup>1</sup> Lie, *Studier i Heimskringlas stil*, 68–78. Sjá dæmi hans úr *Heimskringlu* um *polyptoton* á bls. 75–77.

<sup>2</sup> Ólafur Halldórsson „Um Jómsvíkinga sögu,“ 297.

<sup>3</sup> Sjá Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, 283.



ætt við það sem nú er kallað *nástaða* og þykir ekki fin í rituðu máli. Hvort nástaða hafi þótt ófin í miðaldertextum er erfitt að fullyrða nokkuð um. Það má þó leiða getum að því, í ljósi þess að í mælskufræði eiga endurtekningar að hafa áhrifamátt, að annars konar endurtekningar hafi ekki endilega verið æskilegar. Endurtekningar mælskufræðinnar virðast, hvað sem öðru líður, fjarri huga þess sem skrifaði Jvs. Eitt einkenna nástöðu er að hún vekur fremur eftirtekt þegar texti er lesinn af blaði en þegar hann er lesinn upphátt. Til samanburðar má nefna greiningu á stíl *Heimskringlu* í *Íslenskri stílfræði* en þar benda höfundarnir meðal annars á notkun samheita. Vitnað er í brot úr *Heimskringlu* (I, 314–315), samtals rúmlega 19 línur í *Íslenskri stílfræði* þar sem fjallað er um viðskipti Ólafs Tryggvasonar við bændur. Mikið er því minnst á bændur í þessum kafla en höfundur hefur komið sér hjá því að nota orðið *bóndi* í öll skiptin með því að grípa til þriggja ólíkra samheita. Þetta bendir því til að Heimskringluhöfundur hafi lagt sig fram um að forðast tíða notkun sama orðsins, ólíkt höfundi Jvs.

Við þetta má bæta endurtekningu þar sem ákveðin orð eða orðastrengur koma oftar en einu sinni fyrir með stuttu millibili en eru annars ekki algeng í sögunni. Í upphafi 16. kafla, þar sem segir frá Véseta og sonum hans, eru fjórar persónur kynntar til sögunnar með orðunum „hefir heitið“ eða „heitið hefur“ í texta sem tekur upp minna en eina blaðsíðu í útgáfu Ólafs Halldórssonar. Þessi strengur kemur annars ekki fyrir í sögunni heldur er notað jöfnum höndum „hét“, „kallaður“ eða „nefndur“ þegar persónur eru kynntar. Í 17. kafla er sagt frá því þegar synir Strút-Haralds „ræntu og taka upp bú Véseta eitt, það er *auðgast var*“. Upphaf 18. kafla er rúmri blaðsíðu síðar og hljómar svo: „Nú verður þar til máls að taka er Véseti er, að hann er ræntur einu búi sínu því er *auðgast var*“ og nokkrum línunum neðar fer Véseti á fund Sveins konungs og segir honum „hversu þeir höfðu ræntan hann og tekið upp bú hans það er hann átti eitt hvert *auðgast*“ (135). Þessi sýnishorn eru andstæða þess sem birtist í dæminu af *Heimskringlu*, hér sést engin viðleitni til að nýta samheiti á stuttum kafla heldur er líkt og það orðalag sem er einu sinni notað hafi áhrif á texta í næsta nágrenni.

Dæmi um endurtekningu sem ber með sér áhersluauka í Jvs. eru fá og í raun má vafi leika á hvort endurtekningin eigi að hafa þau áhrif. Þessi dæmi mega njóta vafans:

...þar munu koma aðrir þrír vetur snælitlir, og þó eigi litlir (66).

Hann drap margan mann, og mörg héruð brenndi hann um sumarið (115).

‘Lítill eru enn tíðendi undir förum mínum,’ segir hann, ‘en gerast mætti að tíðendum eigi alllitlum.

‘Hvatta?’ segir jarl. ‘Þatta!’ segir Ögmundur.

Önnur stílbrögð sem koma má auga á eru til dæmis stuðlun og upptalning en hvorugt er áberandi eða virðist markvisst beitt. Dæmi um stuðlun eru eftirfarandi:

Annað undur var það er vér heyrðum hvelpana geyja í greyhundunum (72).  
 En skunda að förinni sem föng eru á (81).  
 Og þar lendir þessi viðræðu þeirra og viðurhjali (108).  
 ...far herskildi yfir og brenn allt og hæl svo sem þú mátt við komast (113).  
 ...og í öllu sínu athæfi að trautt þótti mega um tæla (132).  
 ...svoað þeir Sigvaldi hopa undan á hæli og hans félagar (149).  
 ...að þessir menn eru svo óvægðir og óðir (182).

Ofstuðlun kemur lítið sem ekkert fyrir. Upptalningar hafa ekki ósvipaðan tilgang og endurtekningar en í upptalningum er inntakið endurtekið eða tjáð með öðru orðalagi;<sup>1</sup> þetta tengist meðal annars mikilli notkun samtengingarinnar *og*.

...hann var snemmendis ýgur og æfur og illur viðskiptis, og varð hann fyrir því óvinsæll í sínum upprunum (68).  
 Og nú hér eftir tekur Haraldur við landi og þegnum og því ríki öllu er faðir hans hafði átt (77).  
 ...hafa flýði í braut frá eignum sínum og skipum og fjárlutum (94).  
 En samfarar þeirra eru góðar og hægjar og miklar ástir (106).  
 ...að Saumæsa dóttir búanda tók að þróast og digrast og mundi vera ólétt (108).

Í tilvitnaðri umfjöllun Ólafs Halldórssonar um stíl Jvs. leggur hann mesta áherslu á að stíllinn hafi munnleg einkenni. Hann bendir þó einnig á að einstaka setningu bregði fyrir sem minni á stíl *Ágrips*. Í inngangi útgáfu Íslenzkra fornrita á *Ágrip* fjallar Bjarni Einarsson nokkuð um stíl sögunnar og tekur fyrst fram að málfar hennar einkennist mjög af fágætum orðum, það er orðum sem alls ekki eru varðveitt í öðrum handritum eða í örfáum.<sup>2</sup> Þetta einkenni á *Ágrip* sameiginlegt með Jvs. en spyrja má hvort þetta geti talist sérstakt einkenni og hvort hægt sé að draga einhverjar ályktanir út frá þessum orðaforða.<sup>3</sup> Það sem hann endurspeglar ef til vill frammar öðru er að sögunnar eru með elstu sögum. Varðveittar íslenskar miðaldabókmenntir eru flestar yngri og orðasafn ritmálsins vex eðli málsins samkvæmt með auknum fjölda texta. Þörf er á frekari rannsóknnum á orðaforða 12. og 13. aldar bókmennta áður en ályktarnir verða dregnar. Meðal athyglisverðra stakyrða úr Jvs. má nefna no. kvk. ft. *drúpur* (myndað af sögninni ‘drúpa’), *raunæfur*, *brautfúss*, *hálfroteldi*, *meðalfárbauti*, *máskári* og *gnolla*.<sup>4</sup>

Bjarni telur aftur á móti ljóst að stíll *Ágrips* beri skýr merki mælskufræðinnar og eitt höfuðeinkenna sögunnar, *antithesis*, megi rekja þangað þar sem orðum eða orðasamböndum andstæðrar merkingar er teflt saman í setningu eða málsgrein líkt og í áður tilvitnuðum ummælum um Gunnhildi konungamóður: „var hennar fgr ger prýðiliga til óprúðrar“.<sup>5</sup> Þá nefnir Bjarni einnig sérstaklega stílbragðið *zeugma* þar sem ein sögn á við tvo óskylda hluti, eins og

<sup>1</sup> Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, 155.

<sup>2</sup> Bjarni Einarsson, „Formáli,“ xlvii–xlvi.

<sup>3</sup> Af neðanmálsgreinum í útgáfu Íslenzkra fornrita á *Morkinskinnu* að dæma á þetta til dæmis einnig við þar, en hún er talin rituð um 1220, sjá Ármann Jakobsson, „Formáli,“ xvi–xvii.

<sup>4</sup> Það má reyndar finna dæmi um so. *nolla* og no. *noll* í yngri textum en í *ONP* eru engin önnur dæmi um hvoruga myndina varðveitt. Orðabókaskýringar byggja allar á þessu eina dæmi úr Jvs. 291.

<sup>5</sup> Bjarni Einarsson, „Formáli,“ xlix; *Ágrip af Nóregskonunga sögum*, 15.

sögnin *taka* í eftirfarandi setningu: „tók þar lýðr við trú, en Ólafr við ríki“.<sup>1</sup> Þessi stílbrögð einkenna ekki Jvs. en sögurnar eiga sameiginlegar stuttar samsettar setningar sem tengjast saman með *en* og *og*. Þetta einkenni er mjög áberandi í *Ágrip* og hefur ef til vill nokkuð með heiti hennar að gera. Aftur á móti eru í *Ágrip* einnig afar langar og flóknar setningar sem eru á mörkum þess að teljast skiljanlegar eins og M.J. Driscoll benti á í þýðingu sinni á sögunni.<sup>2</sup> Samanburður á stíl þessara tveggja sagna nær því ekki langt en endurspeglar ef til vill kjarnann í stíl beggja sagna: stíll verksins í heild fylgir ekki ákveðinni forskrift.

Stíll Jvs. minnir einnig á hugmyndir Ágústínusar um að mikilvægt sé að skrifa einfalt og skiljanlegt mál um efni sem á að ná til alþýðunnar. Hann beinir þessum orðum raunar til klerka sem eiga að koma guðdómnum áfram til allra, ekki aðeins þeirra sem skilja lærdóminn.<sup>3</sup> Einfaldur stíll og orðfæri getur þannig verið til marks um hverjir viðtakendur voru, ómenntað fólk. Hvort sem höfundar hafi markvisst haft þetta í huga eða ekki hafa þessar hugmyndir eflaust haft áhrif á það hvernig höfundar settu fram sínar sögur. Það breytir ekki því að stíll Jvs. ber einnig þess merki að hinn ritaði texti standi nærri munnlegri hefð. Þetta gerir það að verkum að taka má undir með Ólafi Halldórssyni um að sagan í 291 sé líklega meira undir áhrifum munnlegrar hefðar en rithefðar.<sup>4</sup> Þetta styður til að mynda ríkuleg notkun samtengingarinnar *og* á stöðum þar sem setningar væru tækar án hennar og samanburður á orðastrengnum *og nú* við aðrar sögur.

Endurtekning sömu eða svipaðra orða eins og hún er rakin hér að framan bendir einnig til þess að munnleg hefð birtist í stílnum. Í litlum mæli ber á ákveðnum stíleinkennum sem hafa áhrifamátt á borð við stuðlun og upptalningar, dæmin sem talin eru upp hér að framan eru augljósustu dæmi þess. Flest bendir til að notkun stílbragða sé ekki markviss eða höfð að leiðarsljósi í ákveðnum tilgangi. Þó er enn ónefnt að í sögunni gætir sums staðar íróniú eða tvísæi. Íróniá er tiltekin með stílbrögðum í *Íslenskri stílfræði* en þar er tekið fram að hún sé bæði „málbragð“ og „hugsunarbragð“, þ.e. annars vegar það sem á beint við orðalag og hins vegar það sem er ekki jafnbundið ákveðnu orðalagi heldur hægt að orða á ýmsa vegu.<sup>5</sup> Í *Íslenskri*

<sup>1</sup> Sama rit, I.

<sup>2</sup> Driscoll, „Introduction“, *Ágrip af Nóregskonungasögum*, xvii–xx.

<sup>3</sup> *De doctrina christiana*, 4, 10:24 og 18:37, sbr. Sverrir Tómasson, *Sturlunga. Skýringar og fræði*, xxxv en Sverrir bendir á að veraldlegar sagnir hafi átt að vera ritaðar með lágum málshætti þannig að þær væru öllum skiljanlegar. Sjá einnig Auerbach sem fjallar sérstaklega um *Sermo humilis*, hinn lága stíll, sem Ágústínus mælir með að hæfi einföldu efni; sbr. Auerbach, *Literary Language & Its Public in Late Latin Antiquity and in the Middle Ages*, 35–40.

<sup>4</sup> Þessi niðurstaða er raunar ekki nýstárleg heldur rímar við athuganir Sigurðar Nordal á gerðum *Fóstbræðra sögu* og Sven B. F. Janssons á *Eiríks sögu rauða* í Hauksbók. Sigurður taldi að upprunalegust væri gerð *Fóstbræðra sögu* í *Flateyjarbók* og að hún hefði verið stytt í *Möðruvallabók* og *Hauksbók*, sbr. Sigurður Nordal, „Formáli“, *Vestfirðinga sögur*, lxxii–lxxvii. Jansson færði rök fyrir því að í *Hauksbók* hefðu ýmis talmálskennd orð verið skorin niður, sbr. Jansson, *Sagorna om Vinland*, 149–166.

<sup>5</sup> Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, 161.

*stilfræði* er hið síðarnefnda sagt eiga við um það sem í íslensku er nefnt tvísæi og er það líklega algengasta form íróniunnar. Til þess að greina tvísæi í texta eru gerðar meiri kröfur til túlkandans en þegar á að greina til dæmis klifun eða myndhverfingar og vel er mögulegt að tvísæið missi marks hjá að minnsta kosti einhverjum hluta viðtakenda. Ef tvísæi er skilgreint í stuttu máli má segja að það sem sagt er á yfirborðinu, það er textinn sjálfur, hafi aðra merkingu og gjarnan gagnstæða því sem sagt er. Í raun verður íróniá í texta ekki til fyrr en einhver túlkar hana og hún er auk þess misaugljós. Annað sem einkennir tvísæi er að því er gjarnan beitt gegn einhverju eða einhverjum, í mörgum tilvikum er hægt að benda á fórnarlamb tvísæisins.<sup>1</sup>

Þá er tvísæið náskyld háði en í formála *Heimskringlu* er bent á að enginn þyrði að lofa mann, svo hann sjálfur heyri, sem allir aðrir viti að sé hégómi og skrök því að það væri háð en ekki lof.<sup>2</sup> Af þessum orðum má ætla að það hafi tíðkast að lofa menn til þess að hætta þá. Gott og hnitmiðað dæmi um þetta eru eftirmælin sem Gunnhildur hlýtur þegar henni hefur verið drekkt í mýri og Haraldur segir: „hefir hún nú þann sóma er eg hugða henni“ (84). Hér er það orðið „sómi“ sem vekur árekstur í huganum og kallar fram áhrif tvísæisins. Sómi er jákvætt orð, skylt orðinu *sæmd* og er svipaðrar merkingar og orðið *heiður*. Þetta merkingarsvið á fátt sameiginlegt með örlögum Gunnhildar og meðferð sögunnar á persónu hennar.

Tvísæið birtist mjög skýrt í viðhorfinu til Sigvalda jarls. Þegar Vagn kemur til Jómsborgar skorar hann á Sigvalda í bardaga til þessa að sanna að hann sé þess verður að hljóta inngöngu. Þegar Sigvaldi er nánast sigraður hefur sögumaður þetta að segja:

Og nú sér Pálnatóki og þeir Jómsvíkingar að nú mun tveimur um skipta: annað hvort að Vagn mun fá yfir komið Sigvalda og lið hans, eða hitt ella að þeir munu verða að lúka upp borginni og komist hann svo undan með fjörvi, því að hann má nú eigi undan flýja og eigi mun hann viljað hafa, slíkur maður sem hann var (149).

Síðustu orð þessarar setningar bera með sér tvísæi, sem þó verður ekki skilið nema með því að heyra söguna til enda því að Sigvaldi flýr úr bardaganum úr Hjörungavogi og er þess mjög fús eins og betur verður komið að síðar (kafla 5.2). Nokkru síðar, þegar sögumaður tekur fram að Sigvalda skorti hvorki „vit né orðfæri“ þegar hann fær Svein konung til þessa að giftast Gunnhildi, er mögulegt að túlka þau orð sem háð í ljósi þess sem koma skal, einkum þegar Ástríður má hafa vit fyrir Sigvalda í kjölfar heitstrenginganna. Ástríður segir fyrst að hann muni þurfa bæði „vit og ráðagerð“ en hann reynist öldungis ráðalaus og svarar: „Þú ert vitur ávallt, og muntu nú kunna nokkur góð ráð að gefa“ (164).

<sup>1</sup> Talsvert hefur verið ritað af fræðibókum og greinum um fyrirbærið en hér er stuðst við bókina *Irony's Edge* eftir Lindu Hutcheon (1994). Hún dregur meðal annars fram þetta einkenni, þ.e. að einhver broddur sé fölginn í íróniunni. Um tvísæi í íslenskum miðaldabókemntum hefur ekki margt verið ritað sérstaklega, sjá þó t.d. Vésteinn Ólason, „List og tvísæi í Snorra-Eddu,“ 41–65; Cook, „The Reader in *Grettis saga*,“ 133–154; Ármann Jakobsson, „Some types of ambiguities in the Sagas of Icelanders,“ 37–53 og Ármann Jakobsson, „Skarphéðinn talar,“ 9–27.

<sup>2</sup> *Heimskringla* I, 5.

Í lok sögunnar beinast spjót íróniunnar aftur að Sigvalda þegar Ástríður ætlar með honum í laug til þess að „fægja“ sárin sem hann fékk í bardaganum, en maður sem leggur á flóttu þarf ekki á því líkri natni að halda. Í næstu málsgrein er skilið við Sigvalda með þeim orðum að hann „þótti vera hinn vitrasti maður“ (205) og enn læðist að sá grunur að um yfirborðskennda athugasemd sé að ræða og merkingin sé í raun hin gagnstæða. Rétt eins og vel heppnaðri íróniú sæmir er merkingin ekki ótvíræð.

Þessi dæmi af íróniú í 291 sem dregin eru upp hér skerpast í samanburði við textann í Perg. 7 þar sem hana er ekki að finna í öllum tilvikum. Eftirmælin um Gunnhildi koma ekki fyrir því að ekki er greint frá örlögum hennar yfir höfuð í Perg. 7. Pálnatóki hefur engin orð um frammistöðu Sigvalda í bardaganum við Vagn og hvergi er nokkuð tekið fram um vit hans, hvorki af sögupersónum né sögumanni. Tilsvár Búa er einnig í Perg. 7 en að öðru leyti er erfiðara að koma auga á tvísæi í þessari gerð sögunnar.

Í framhaldi af umræðunni hér að framan er þó athyglisvert að tvísæi sé það stílbragð sem mest ber á í 291 því að kaldhæðni er auðveldara að miðla í mæltu máli en rituðu. Raddblær eða tónfall sögumanns má nýta í þágu háðsins, leggja áherslu á háðið eða greina það frá því sem er ekki háð. Kröfur til túlkandans eru alltént meiri þegar um ritaðan texta er að ræða en mæltu frásögn.

#### 4.2.3 Mót rithefðar og munnmennta

Þessi skamma yfirferð á stíl Jvs. í samanburði við nokkrar aðrar sögur vekur upp ýmsar spurningar. Elstu rit íslensk eru rituð í tengslum við starfsemi kirkjunnar. Þá er viðbúið að latneskar fyrirmyndir hafi haft áhrif, bæði á mál og stíl þó að munnleg hefð hafi líklega einnig leikið stórt hlutverk vegna þess að helgisögur voru skrifaðar á norræna tungu og norræn tunga átti sér ekki aðra hefð en munnlega. Þessar bókmenntir höfðu án nokkurs vafa áhrif á innlenda sagnahefð utan ramma kirkjunnar.

Nefna má sem dæmi *Sverris sögu*, sem talin er rituð ekki mikið síðar en á fyrsta áratug 13. aldar, en í formála útgáfunnar fjallar Þorleifur Hauksson ágætlega um stíl sögunnar. Hann segir þar margt svipa til Íslendingasagna en að margt sé einnig ólíkt, til að mynda sé orðaforðinn ekki eins talmálskenndur og fyrir komi afar flóknar málsgreinar.<sup>1</sup> Hann bendir einnig á að ýmsar gerðir mælskubragða megi finna í *Sverris sögu* sem minni á einkenni elstu heilagra manna sagna. Retórísk áhrif eru einnig greinileg í *Sverris sögu* og koma þau ekki síst fram í ræðum sögunnar.<sup>2</sup> Innflutt menning og rithefð mætir þannig innlendri sagnahefð.

<sup>1</sup> Þorleifur Hauksson, „Formáli,“ lxxvi–lxxviii.

<sup>2</sup> Sjá t.d. Lie, *Studier i Heimskringlas stil*, 86–90 og 106–115.

Þessi mót tveggja hefða birtast einnig ef lítið er aftur til upphafs sagnaritunar, það er að segja upphafsins eins og varðveittar bókmenntir benda til að það hafi verið, og má greina í umfjöllun um *Íslendingabók* Ara fróða. Í formála útgáfu hennar fjallar Jakob Benediktsson raunar ekki mikið um stíl sögunnar en athugasemdir hans þar að lútandi eru þó áhugaverðar.<sup>1</sup> Hann tekur fram að í stíl og málfari sjáist þess merki að Ari hafi verið latínulærður maður en að stíllinn sé „óbrotinn og einfaldur“ og að mælskubrögð séu lítil sem engin. Þá telur Jakob að sumt sé „vafalítið að kenna þjálfunarleysi í framsetningu og skorti á stílkröfum til ritaðs máls“ og bætir síðar við að orðfæri sé „stundum dálítið klaufalegt, sem ekki er undrunarefni í fyrstu bók sinnar tegundar á máli sem ekki átti sér neina rithefð.“<sup>2</sup>

Þá má einnig velta því upp hvort að ein skýring geti verið að veraldleg sagnaritun hafi viljandi markað sér einhverja sérstöðu frá andlegum, þýddum bókmenntum og hvort stíllinn hafi nýst sem tól til þess að greina að þessa tvo yfirflokka bókmennta. Af rannsókn Lucy Collings á heilagra manna sögum í Skarðsbók postulasagna að dæma virðist þó sem svo sé ekki, sem fyrr greinir. Því er varasamt að halda því fram að stíll heilagra manna sagna sé endilega frábrugðinn verkum af öðrum toga. Collings bendir á að fremur sé líklegt að verk frá svipuðum tíma séu líkari að stíl en verk sem tilheyra sömu bókmenntagrein; þetta má meðal annars dæma af því að stíll postulasagna breyttist með aldrinum, einföld sagnorð í nútíð eru algeng í elstu sögum en lýsingaháttur nútíðar verður áberandi í yngri gerðum.<sup>3</sup> Hún bendir þó réttilega á að hér sé tilefni til frekari rannsókna.

Þrátt fyrir að þau verk sem fléttuð hafa verið hér saman við umræðu um stíl Jvs. hér að framan, *Ágrip*, *Íslendingabók*, *Egils saga*, *Reykðæla* og *Sverris saga*, séu öll ólík, eiga niðurstöður athugana á stíl þeirra að minnsta kosti eitt sameiginlegt: erfitt er að skilgreina stíllinn eða setja hann ákveðið í samhengi við einhverja hefð. Ein möguleg skýring á þessu er að varðveitt rit frá elstu tíð eru fá og þess vegna er erfitt að gera samanburð sem bregður upp skýrri mynd af stíllhefð. Önnur skýringin er sú sem Jakob bendir á í umfjöllun um *Íslendingabók*, það tekur einfaldlega tíma fyrir rithefð að festast í sessi og á meðan endurspeglar stíll elstu sagna þessa þróun. Þrátt fyrir að ekki sé vitað hve mörg ritverk hafi glatast frá fyrstu öldum ritmenningar er ekki ólíklegt að varðveitt verk gefi nokkurs konar sneiðmynd af ríkjandi straumum. Veraldleg sagnaritun á norrænni tungu er ný, fyrirmýnda var aðeins að leita í sagnaritum á erlendri tungu og þeirri munnlegu hefð sem fyrir var í landinu og því eðlilegt að stíll mótist smám saman undir áhrifum allra þessra þátta.<sup>4</sup> Þriðja skýringin getur einfaldlega

---

<sup>1</sup> Jakob Benediktsson, „Formáli,“ xxvi og xliii.

<sup>2</sup> Sama rit, xliii.

<sup>3</sup> Collings, *The Codex Scardensis*, 158.

<sup>4</sup> Sjá t.d. Gísla Sigurðsson, *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: tilgáta um aðferð*, 33.

verið sú að skrifandi menn hafi verið mislærðir og misgamlir. Það er auðvelt að ímynda sér að sá sem skrifaði Jvs. í 291 hafi ekki verið vanur sagnaritari.

### 4.3 Samantekt

Það er eftirtektarvert að þegar greining á byggingu og stíl Jvs. hér að framan er dregin saman kemur í ljós að upp að vissu marki hefur sagan eins og hún er varðveitt í 291 hrátt yfirbragð. Vissulega verður að gera því skóna að sagnaritun á 13. öld hafi verið afar ólík því sem nú tíðkast og skrifarar höfðu ekki tækifæri til þess að gera mörg uppköst að texta sínum. Á hinn bóginn er fátt vitað um það hversu margar uppskriftir hafa glatast í tímans rás og af vinnubrögðum miðaldaskrifara er ljóst að í hverri uppskrift sögu hafa einhverjar breytingar orðið. Því fleiri uppskriftir, því fleiri breytingar og þar með lengri rithefð tiltekinnar sögu. Einnig getur það hafa haft áhrif hversu margar ritaðar heimildir skrifari eða höfundur hafði tiltækar og hversu stór hluti efnisins kom úr munnlegri geymd. Eðlilegt er að draga þá ályktun að eftir því sem ritaðar heimildir eru fleiri, því minni líkur eru á að munnlega hefðin komi fram í textanum.

Í byggingu sögunnar verður einkum áberandi að draumar Gorms og sýnir Haralds eru sem frásagnartækni ófullkomin þar eð ekki er fulljóst nákvæmlega til hvaða atburðar síðar í sögunni vísað er til. Þetta vekur grunsemdir um að höfundur sjálfur hafi bætt frásögnunum inn án þess að huga að heildarbyggingu verksins. Aðrir byggingarþættir eru þó betur heppnaðir og þó að fyrsti og annar hluti sögunnar standi ekki endilega í mjög nánu samhengi er slík formgerð ekki óþekkt á miðöldum líkt og rætt er í 4.1. Þess vegna er það fyrst og fremst stíllinn sem vekur þá tilfinningu að sagan hafi ekki verið rituð oft áður eða sett saman af mjög reyndum sagnaritara. Dæmin sem tekin voru hér að framan sýna berlega að textinn má við þjöppun sem ekki hefur farið fram í 291 en Perg. 7 sýnir merki um. Samanburður á tveimur textabrotum þar sem notkun samtengingarinnar og breytist með stuttu millibili sýnir einnig breytingu í stíl sem kann að vera fólgin í muni á munnlegum heimildum og rituðum. Í ljósi þessarar umræðu má því setja fram þá tilgátu að Jómsvíkinga saga hafi ekki langa rithefð að baki þó að hlutar hennar gætu hafa þekkt í rituðum heimildum öðrum. Styrkir þetta þá ályktun sem dregin hefur verið í 2. kafla um að ekki sé víst að sagan sem ein heild hafi fyrst verið rituð mikið fyrir 1220-30 þegar forrit 291 var skrifað.





## 5 Efniviðurinn

Í 4. kafla var lögð áhersla á að fjalla um formleg einkenni Jvs. en hér verður sjónum beint að efni sögunnar sjálftrar í svipuðum tilgangi, það er að rýna í textann til þess að varpa ljósi á umhverfi hans og hugmyndafræði. Til þess er nauðsynlegt að rýna vel í textann, túlka hann og setja í samhengi við hefðina. Nákvæmur lestur á Jómsvíkinga sögu getur haft sitthvað að segja um tilurð verksins, samhengi og sagnahefðina sem hún tilheyrir og hvort greina megi ákveðinn ásetning í einstökum atriðum. Í raun og sann verður texti aldrei túlkaður til fulls, sögur eru uppspretta sem aldrei þrýtur. Hér verður farin sú leið að setja túlkunina fram í samhengi við helstu persónur sögunnar. Kastljósinu er beint að persónusköpun en um leið er öll framvindan undir. Rýnt verður í meginatvik sögunnar og þýðingu þeirra fyrir persónur sögunnar og njótendur hennar.

Í íslenskum fornsögum má jafnan finna beinar persónulýsingar en þær eru ekki alltaf rækilegar og á köflum formúlukenndar. Afburðamönnum er oftast en ekki lýst með sömu eða svipuðum lýsingarorðum þar sem orðin „mikill“ og „sterkur“ eru algeng.<sup>1</sup> Bein lýsingarnar duga ekki til þess að viðtakendur sjái fyrir sér fullskapaða persónu um leið og hún er kynnt til sögunnar. Óbeinar lýsingar leika því lykilhlutverk og dýpka persónur.<sup>2</sup> Bein ræða er gott dæmi um óbeinar lýsingar, þegar persóna tekur til máls skerpist ímynd hennar. Í Íslendingasögum er bein ræða mjög algeng og hið sama má segja um Jvs.<sup>3</sup>

Í Íslendingasögum er aðalhetjum jafnan lýst beint og í lengra máli en öðrum persónum. Ein eftirminnilegasta lýsing söguhetju er lýsing Egils Skalla-Grímssonar. Þegar hann er kynntur fyrst til sögunnar í 31. kafla er honum lýst stuttlega sem barni:

En er hann óx upp, þá mátti brátt sjá á honum, at hann myndi verða mjök ljótr ok líkr feðr sínum, svartr á hár. En þá er hann var þrévetr, þá var hann mikill ok sterkr, svá sem þeir sveinar aðrir, er váru sex vetra eða sjau; hann var brátt málugr ok orðvís; heldr var hann illr viðureignar, er hann var í leikum með öðrum ungmennum.<sup>4</sup>

Frekari útlitslýsing kemur ekki fyrr en töluvert síðar í sögunni, sögumaður hefur beðið eftir rétta augnablikinu. Þegar Þórólfur Skalla-Grímsson hefur fallið í bardaga og Egill gengur fyrir konung, þungur í skapi, njóta viðtakendur þessarar lýsingar:

<sup>1</sup> Almenn um persónulýsingar í Íslendingasögum sjá Vésteinn Ólason, *Samræður við söguöld*, 109–136.

<sup>2</sup> Gott dæmi um hvernig hægt er að greina persónur út frá beinum og óbeinum lýsingum er greining Bouman á persónum í *Laxdælu*, sbr. Bouman, *Patterns in Old English and Old Icelandic Literature*, 113–125.

<sup>3</sup> Í greiningu á beinni ræðu í *Íslenskri stílfræði* segir að að meðaltali sé um 30% texta Íslendingasagna í beinni ræðu en samsvarandi hlutfall í konungasögum er 19%, sbr. Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfræði*, 282.

<sup>4</sup> *Egils saga Skalla-Grímssonar*, 80.

Egill var mikilleitr, ennibreiðr, brúnamikill, nefit ekki langt, en ákafliga digrt, granstæðit vítt ok langt, hakan breið furðuliga, ok svá allt um kjálkana, hálsdigr ok herðimikill, svá at þat bar frá því, sem aðrir menn váru, harðleitr ok grimmligr, þá er hann var reiðr; hann var vel í vexti ok hverjum manni hæri, úlfgrátt hárit ok þykkt ok varð snimma sköllotr; en er hann sat, sem fyrr var ritat, þá hleypði hann annarri brúninni ofan á kinnina, en annarri upp í hárrœtr; Egill var svarteygur og skolbrúnn.<sup>1</sup>

Þrátt fyrir að hér sé tilteknu atviki lýst tekur sögumaður sér tíma til þess að miðla almennum útlitseinkennum Egils, einkennum sem gilda einu í atburðarásinni, en þarna skiptir máli að viðtakendur sjái Egil fyrir sér sem greinilegast þar sem hann situr gegnt Aðalsteini konungi. Lýsingin á útliti Egils er býsna nákvæm og svipaða sögu er að segja af lýsingu margra annarra persóna fornsagna. Þó að þær kunni að vera misnákvæmar má jafnan treysta á að einhvers konar lýsing fylgi mikilvægustu hetjunum, auk þess sem orð þeirra og verk skerpa persónusköpun.<sup>2</sup>

Ekki þarf að glugga lengi í Jvs. til að komast að raun um að beinar lýsingar eru stuttar og fáar, valin lyndiseinkenni og útlitslýsingar eru látin duga. Hollander taldi persónulýsingar sögunnar fábrotnar og að persónurnar væru fremur manngerðir en margbrotnir einstaklingar.<sup>3</sup> Knútur bróðir Haralds Gormssonar er til dæmis: „fyrir flestum mönnum um vænleik og atgervi og um allar íþróttir þær er þá voru frammi hafðar í þann tíma. Hann var hvítur á hárslit og hverjum manni gervilegri“ (68). Það eitt að Knútur hafi verið ljóshærður og gervilegur dugar ekki til þess að skapa mynd í huga viðtakenda. Knútur er þó vissulega ekki ein af stærri hetjum sögunnar og því ef til vill óþarfi að eyða orðum í lýsingu hans. Þá má þess geta að Pálnatóka, stofnanda Jómsborgar og foringja Jómsvíkinga, er aldrei lýst umfram orðin „vitur og vinsæll“ og að hann hafi verið líkur Áka föðurbróður sínum. Engin einasta útlitslýsing fylgir Pálnatóka.

Taka má undir með Hollander að beinar lýsingar dragi ekki upp skýra mynd persónanna en vert er að kanna hvernig óbeinar lýsingar skerpa myndina og hvaða ályktanir má draga um viðhorfið til persóna.

## 5.1 Konungar

Nokkrir konungar koma við Jómsvíkinga sögu og leika mikilvæg hlutverk. Tilvera þessara konunga hefur líkast til ráðið mestu um að sagan hefur verið talin til konungasagna. Vikið verður að sambandi sögunnar við konungasögur í 6. kafla en ýmislegt í einkennum konunganna í Jvs. kallast á við birtingarmynd konunga í öðrum sögum líkt og rakið verður hér á eftir. Valdhafar þurftu að standast ákveðnar kröfur sem ljóst verður í mörgum þeim sögum sem fjalla á einn eða annan hátt um konunga. Hinn réttláti konungur, *rex iustus*, var viðmiðið. Viska,

---

<sup>1</sup> *Egils Saga Skalla-Grimssonar*, 143.

<sup>2</sup> Sjá nánari umfjöllun um persónulýsingar í Íslendingasögum, Vésteinn Ólason, *Samræður við söguöld*, 109–136

<sup>3</sup> Hollander, „Introduction,“ 22.

styrkur, stilling og réttlæti eru dyggðir konungs.<sup>1</sup> Konungurinn er hluti af Guðs ríki en aðeins ef hann hagar sér sem slíkur og sýnir mildi og réttlæti. Hann skal stuðla að friði, þó að friðarmarkmiðið geti falið í sér stundarófrið.<sup>2</sup>

Mesta athygli sögunnar hljóta einkum Danakonungarnir Haraldur Gormsson og Sveinn sonur hans, og Hákon Sigurðarson sem nefndur er jarl en virðist hafa gegnt hlutverki konungs í Noregi. Öðrum konungum þessara tveggja landa bregður fyrir en hlutverk þeirra er ekki stórt. Í umræðu um söguna er gjarnan minnst á neikvæða mynd Danakonunga eða andúð í garð konungsvaldsins en slík umræða er nokkur einföldun á mynd konunga í sögunni. Líkt og rakið verður hér á eftir er réttara að gera greinarmun á viðhorfi til einstakra konunga fremur en konunga í heild eða Danakonunga sérstaklega. Þá er og rétt að kanna hver staða þessara konunga í sögunni er í samhengi við birtingarmynd þeirra í öðrum sögum.

### 5.1.1 Haraldur Gormsson

Dauði Haralds Gormssonar, líkt og hann er rakinn í 2. kafla, vekur upp spurningar um tilgang og samhengi. Hvort sem höfundur hefur viljandi látið atvikið minna á nið eða ekki standa lesendur og áheyrendur eftir með ímynd af konungi sem hefur verið niðurlægður og mynd hans verður þar af leiðandi önnur en í heimildum á borð við sögu Adams frá Brimum þar sem kristni Haralds leikur lykilhlutverk í frásögninni af honum.<sup>3</sup> Jvs. lætur í raun kristni konungsins í léttu rúmi liggja. Hann vissulega kristnar Danmörku en trúin leikur afar lítið hlutverk í sögunni allri, ólíkt mörgum Íslendingasögum. Drápið beinist að Haraldri persónulega, Pálnatóki er í hefndarhug hvort sem ástæðan er dauði Áka frænda hans eða framkoma Haralds við Svein og Saum-Æsu. Haraldri er þannig refsað fyrir persónulega hegðun gagnvart einstaklingum fremur en laka framkomu við þegna sína. Til samanburðar mætti hér rifja upp dauða Hákonar jarls Sigurðarsonar í ýmsum heimildum en Hákon er annað gott dæmi um yfirvald sem er niðurlægt á dauðastundinni. Sem fyrr segir er mynd Hákonar oft og iðulega neikvæð þó að framan af ævi hans sé algengara að honum sé lýst á jákvæðum nótum. Áhersla er þó ávallt lögð á að hann hafi verið heiðinn og ekki tekið vel hinum nýja sið. Þegar tekur að líða á ævi hans vekur kvennafarið

<sup>1</sup> Sbr. t.d. Bagge, *Den Politiske Ideologi i Kongespeilet*, 242.

<sup>2</sup> Þessar hugmyndir eru raktar og settar í sögulegt samhengi m.a. í riti Bagge um *Konungs skuggsjá*, sbr. *Den politiske ideologi i Kongespeilet*, 33–43 og 222–251. Sjá enn fremur t.d. skrif Paasche um Sverri konung, *Kong Sverre*, 188–191; sbr. Þorleifur Hauksson, „Formáli,“ xxxv. Um dyggðir konunga í *Heimskringlu* hefur Bagge fjallað í *Society and Politics in Snorri Sturluson's Heimskringla*, 146–191. Kröfum og væntingum til konunga er lýst nokkuð nákvæmlega í 13. aldar norska ritinu *Konungs skuggsjá*. Þar kemur meðal annars fram að konungurinn fái nafn sitt frá Guði og að hans skylda sé að „líkja alla sína dóma eftir guðlegum dæmum,“ sbr. *Konungs skuggsjá*, 178; sjá Bagge, „Norwegian Monarchy in the Thirteenth Century,“ 162–163. Konungarnir sem hér eru til umræðu ríkja þó á 10. öld en 13. aldar rit endurspeglar væntanlega að einhverju leyti hugmyndir viðtakenda sögunnar um konungsvald. Að auki eru sumar hugmyndanna reistar á fornum grunni eins og fram kemur í tilvitnaðri umfjöllun Bagge.

<sup>3</sup> Sjá nánar bls. 56.

einkum óvildina í hans garð og fyrir hana er honum refsað því að girndin veldur því að Hákon endar líf sitt í svínastíu líkt og fyrr er rakið.<sup>1</sup>

Þessir tveir valdhafar sem báðir leika stórt hlutverk í Jvs. hljóta þannig afar niðurlægjandi dauðdaga sem undirstrikar breytni þeirra fremur en hina opinberu valdastöðu. Vegna þeirrar stöðu vekur slíkur dauðdagi meiri athygli en ef um óbreytta þegna væri að ræða. Niðurlæging valdsins er þekkt frásagnarbragð, vel til þess fallið að gefa almúganum tækifæri til þess að glotta yfir örlögum manna sem alla jafna er ætlast til að þeir beri ómælda virðingu fyrir.<sup>2</sup>

Þó að andlát Haralds gnæfi talsvert yfir önnur atvik úr ævi Haralds er það síður en svo eina tilvikið um neikvætt viðhorf til hans. Tónninn er í raun sleginn strax í æsku:

Þau Gormur konungur og Þyri áttu tvo sonu, og hét Knútur hinn ellri, en Haraldur hinn yngri. Þeir voru báðir efnilegir menn, og þótti Knútur hinn vitrari í æsku þeirra, og hann var fyrir flestum mönnum um vænleik og atgervi og um allar íþróttir þær er þá voru frammi hafðar í þann tíma. Hann var hvítur á hárslit og hverjum manni gervilegri. Hann óx upp með Klakk-Haraldi afa sínum, og fósttraði hann Knút og unni honum mikið. Hann var og vinsæll í sínum upprunum. En Haraldur var fæddur heima með hirð föður síns. *Hann var þeirra bræðra mjög miklu yngri, og var snemmendis ýgur og æfur og illur viðskiptis, og varð hann fyrir því óvinsæll í sínum upprunum* (68 - leturbr. ÞEJ).

Þeir bræður eru kynntir hér sem nokkurs konar andstæður og látið í ljós að Knútur væri æskilegri arftaki, auk þess sem hann er réttborinn arftaki. Haraldur og Knútur eru ekki einsdæmi um slíkt bræðrapar. Má hér til að mynda minnst þeirra Heiðreks og Angantýs úr *Hervarar sögu* og *Heiðreks* þar sem Angantýr er líkur föður sínum Höfundu og vildi öllum gott. Höfundur unni honum mikið „ok þar með öll alþýða.“ Heiðrekur gerir hins vegar jafnillt og bróðir hans gott og svo fer að Heiðrekur er valdur að dauða bróður síns, þó að reyndar sé ólíkt eftir gerðum á hvaða hátt. Í Hauksbókargerð drepur Heiðrekur Angantý með sverði en í svo kallaðri R-gerð kastar hann grjóti úr fjarlægð með þeim afleiðingum að Angantýr deyr.<sup>3</sup> Þetta atvik úr *Hervarar sögu* hefur Torfi H. Tulinius aftur á móti bent á sem hliðstæðu við frásögn *Egils sögu* af því þegar Þórólfur má mæta til veislu en Egill ekki því að hann er of ungur. Þegar Heiðrekur drepur (óvalt) bróður sinn er það einmitt í kjölfar veislu sem Angantýr fékk boð í en Heiðrekur ekki vegna aldurs. Hér er því sá munur á að í *Egils sögu* er frásögnin skopleg því að Egill er aðeins þriggja ára en í *Hervarar sögu* er hún harmræn vegna falls Angantýs.<sup>4</sup> Hliðstæðan milli sagnanna, *Hervarar sögu* og *Egils sögu* annars vegar en *Hervarar sögu* og Jvs. hins vegar, er þannig háð því á hvaða hlið frásagnarinnar af bræðrunum er einblínt.

---

<sup>1</sup> Sjá nánar bls. 57–59.

<sup>2</sup> Sbr. sögusagnirnar af dauða Játvarðs II. sem minnst er á hér að framan, hvort sem gert er ráð fyrir að sagan sé sönn eða ekki hefur hún haft þann tilgang að niðurlægja fyrrverandi konung Englands.

<sup>3</sup> *Heiðreks saga*, 34–36.

<sup>4</sup> Torfi H. Tulinius, *Skáldið í skriftinni*, 64.

Í Jvs. er það Haraldur Gormsson sem gegnir sama hlutverki og Heiðrekur. Sagt er frá því að Haraldur og Gormur faðir hans verða ósáttir og grípur Gormur á það ráð að gefa Haraldi skip og leyfa honum að fara sína leið. Knútur tekur við ríki afa síns Klakk-Haralds í Hollsetulandi og fer Haraldur Gormsson þá fram á að Gormur veiti honum annað eins ríki til umráða. Á það fellst Gormur ekki og vex úlfúðin milli þeirra feðga sem og öfundin í garð Knúts. Svo fer að bræður mætast á sjó, Knútur á leið frá Hollsetulandi til foreldra sinna á jólum en Haraldur á heimleið úr Eystrasalti þar sem hann hafði legið í víking. Á sjálft jólaaftan berjast þeir og fellur Knútur ásamt öllu sínu liði. Gormur konungur deyr úr harmi þegar hann heyrir fréttirnar og Haraldur tekur við ríkinu. Þá fyrst réttir sögumaður aðeins hlut Haralds og greinir frá því að hann sitji um nokkra vetur í friði og stýri ríkinu „með vegsemd og gildum sóma; er harðráður og gildur höfðingi og vinsæll“ (77). Áhersla sögunnar er þó ekki á þennan þátt í lífi hans og ekki greint frekar frá þessu tímabili.

Í næsta kafla kveður við annan tón, en þá er kastljósinu beint að vinfengi þeirra Haralds Gormssonar og Hákonar Hlaðajarls. Hákon hefur völd í fjórum fylkjum en fyrir Noregi ríkir þá Haraldur gráfeldur, sonur Gunnhildar. Hákon ásælist frekari völd og heldur til Danmerkur til þess að vingast við Harald Gormsson. Á sama tíma dvelur hjá Haraldi Gormssyni bróðursonur hans og nafni, Gull-Haraldur. Í kjölfarið hefst atburðarás sem varpar ljósi á slægð Hákonar. Hann gefur í skyn við Danakonung að hann geti ekki talist mestur konunga meðan Haraldur gráfeldur gjaldi honum ekki skatta og komist upp með það og fær þannig Harald á sitt band. Saman fá þeir Harald gráfeld til Danmerkur ásamt Gunnhildi sem fyrr segir.<sup>1</sup> Með í ráðum er Gull-Haraldur og fara þessir þrír fyrir miklu liði og biða komu Haralds gráfeldar, sem á sér einskis ills von enda hafði Danakonungur boðið þeim mæðginum í því augnamiði að kvænast Gunnhildi. Haraldur gráfeldur verður því sá sem nýtur mestrar virðingar í hugum viðtakenda sögunnar eftir þessi samskipti því að áður en hann fellur í bardaga verður honum ljóst hvernig í pottinn er búið og mælir við Danakonung: „Það hlægir mig nú,“ segir hann, ‘að eg sé það, nafni, að sigur þinn mun eigi langur vera, þóttú fellir mig, fyrir því að eg veit, að þetta eru ráð Hákonar jarls er hér fara nú fram, og hér kemur hann þegar á hendur þér er eg em dauður og drepur þig á fætur oss og hefnir vor svo’“ (82).

Orð Haralds gráfeldar rætast undir eins því að Hákon rennur blóðið til skyldunnar, snýr skipi sínu beint að Haraldi Gormssyni og spyr hvort hann vilji heldur berjast við hann eða selja honum Gull-Harald svo að hann geti hefnt konungsdrápsins. Hákon fær Gull-Harald og hengir hann. Þessu fylgir athugasemd sögumanns um að þetta hafi verið að ráði beggja, Hákonar og

<sup>1</sup> Sjá bls. 55.

Haralds Gormssonar, því að sá síðar nefndi hafi viljað ryðja frænda sínum úr vegi, án hans er minni samkeppni um krúnuna.

Í umræðu um viðhorf til konunga í sögunni er jafnan fjallað um andúð í garð Danakonunga eða konungsvalds yfir höfuð.<sup>1</sup> Í þessari atburðarás er tónninn sleginn um Hákon jarl, sem ríkir sem æðsti maður Noregs þó að hann haldi ætíð jarlsnafninu, og sagan hagar því þannig að mynd Hákonar er ekki síður neikvæð en mynd Haralds. Andúðin í garð konunga beinist fremur að ákveðnum persónum en konungum sögunnar í heild. Hlutverk Haralds gráfeldar er vissulega lítið en hann kemur fyrir sem fórnarlamb annarra og verri konunga. Gormur hinn gamli er sá konungur sem fyrst hlýtur rými í sögunni. Fyrstu kynni af honum eru í tilhugalífínu þegar hann biður um hönd Þyri dóttur Klakk-Haralds jarls. Þyri lætur hann uppfylla ákveðin skilyrði áður en hún játast honum, meðal annars að byggja hús og sofa í því þrjár nætur og segja henni svo drauma sína. Gormur verður við óskum hennar, hjónaband þeirra verður að veruleika og varð Gormur við það bæði „léttúðigr og kátur“ (65). Bæði fyrir og eftir brúðkaup þeirra er það Þyri sem virðist vitrari og sterkari helmingur sambandsins enda þótti „Þyri vitrust kona komið hafa í Danmörk og var kölluð Danmarkarbot“ (67). Hjónaband þeirra var farsælt og vegna visku Þyri var landinu stýrt af skynsemi og myndarskap í tíð Gorms gamla. Þó að viðhorf til Þyri sé jákvætt virðist Gormur ekki síður njóta virðingar og hlýtur meðaumkun á dauðastundinni, hann hafði átt hinn fullkomna son sem gat tekið við kyndlinum og haldið við farsælli og friðsælli stjórn Danmerkur. Þeirri framtíðarsýn er grandað þegar Haraldur drepur Knút bróður sinn. Andúðin hefst því með ákveðinni persónu, Haraldi Gormssyni.

Eftir framangreind samskipti Haralds og Hákonar ríkja þeir í friði nokkur ár. Þeir sameinast síðan á ný þegar ógn steðjar að Danmörku. Kynntur er til sögunnar Ótta, keisari fyrir Saxlandi og Peitulöndum sem hafði strengt þess heit að kristna Danmörku. Haraldur heyrir af þessum áformum og sendir því Hákonni beiðni um liðsstyrk. Hákon bregst skjótt við „og þykir nauðsyn á að vera, að eigi verði þau endimi í að menn sé kúgaðir [til kristni í] Danmörku eða á öðrum norðurlöndum“ (85)<sup>2</sup> og heldur með hundrað skipa til Danmerkur og lætur þess getið að með lengri fyrirvara hefði hann safnað stærra liði. Saman taka þeir Haraldur á það ráð að sigla í veg fyrir Ótta og slær þar í mikinn bardaga. Að lokum leggur Ótta á flótta með þeim orðum að næst þegar hann komi til Danmerkur skuli hann kristna landið ellegar láta lífið. Við það stendur hann tveimur vetrum síðar og tekst þá ætlunarverk sitt. Enn mætir Hákon til Danmerkur með liðsstyrk en í þetta sinn fer hann fram á að Haraldur gefi upp alla skatta af Noregi eða að hann snúi við

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 52–53 og Melissa Berman, „The Political Sagas,“ 116–117. Dean A. Miller skilgreinir söguna svo: „This epiclike saga can best be analyzed as a Norse-Icelandic exercise in antimonarchism“, sjá *The Epic Hero*, 38.

<sup>2</sup> Þegar fyrir koma hornklofar í tilvísunum í Jvs. í útgáfu Ólafs Halldórssonar er það vegna þess að handrit er á þeim stað ill- eða ólæsilegt og orðin eru ágiskun útgefanda.

með lið sitt. Haraldur telur þetta tvo vonda kosti en af þeim velji hann fremur að gefa upp skatta við Noreg og þiggja liðsinni Hákonar gegn Ótta.

Í þetta sinn sigrar Ótta, en þó ekki fyrr en honum hefur borist aðstoð í Ólafi Tryggvasyni sem siglir inn í söguna alls óforvarandis með liðsstyrk og góð ráð. Í kjölfarið er haldið fjölmennt þing þar sem ákvörðun um kristnitöku er tekin. Við þau tímamót birtist áhugavert viðhorf til þeirra kumpána Hákonar og Haralds, sem undirstrikar vel það sem á undan er gengið. Á þinginu heldur biskupinn Poppa langt erindi og gott um kosti kristinnar trúar. Að erindinu loknu tekur Haraldur til máls: „Ekki er til þess að ætla,” segir hann, „að eg muna skipast við orð ein saman, nema það fylgi, að eg sjá jartegnir nokkurar, að þessum sið fylgir meiri máttur, er þér boðið, en þeirri trú er vér höfum áður.” En þetta var þó ráð Hákonar jarls, þótt konungur bæri upp, því að hann vildi hvotvetna annars heldur en ganga undir trúna“ (95).

Hér þykir tilefni til þess að áréttta að Hákon hafi áhrif á konunginn. Í flestum þeim málum sem hingað til hafa verið rakin er það einmitt Hákon jarl sem hefur mest um framgöngu Haralds að segja. Haraldur virðist þeirra einfaldari, bak við tjöldin er það Hákon sem stjórnar. Hákon á frumkvæði að vinfengi við Harald, Hákon á hugmyndina að því að fá Harald gráfeld til Noregs og aukinheldur er það hann sem stingur upp á að Haraldur biðji Gunnhildar til þess að auka líkurnar á að Haraldur gráfeldur þiggi heimboðið.

Við kristnitökuna missir Hákon þó völdin. Jartegnir Poppa biskups bera tilætlaðan árangur, hann gengur yfir glóandi járn en „guð hlífði honum svo að hvergi var brunaflekkur á hans líkama, og hvergi var runnið á klæði hans“ (96). Haraldur þarf ekki frekari vitnana við og tekur skírn undir eins. Hákon er aftur á móti „alltrauður undir trúna“ en tekur skírn, beiðist svo fararleyfis „og vill hvata heim“. Hann kastar enda trúnni undir eins og tækifæri gefst og heldur tryggð við heiðni það sem eftir er, „gerðist þá hinn mesti guðníðingur og blótmaður, svo að aldregi hafði hann meir blótað en áður“ (98).

Haraldur er á hinn bóginn harla ánægður með hina nýju trú og kristnar land sitt að því er virðist án nokkurra vandkvæða. Það vekur aftur á móti athygli í sögunni allri að kristin trú leikur afar lítið hlutverk og að frátaldri þessari kristnitöku er ekki minnst á Jesú eða Guð. Á hvorugan þeirra er heitið og bænir eru engar. Í raun koma orðin ‘guð’ og ‘trú’ aldrei fyrir í sögunni eftir kaflann um kristnitökuna og engar eru kirkjurnar í allri sögunni. Þetta skýtur nokkuð skökku við í samanburði við til að mynda bæði Íslendingasögur og konungasögur þar sem greint er frá kristnitökunni eða þar sem söguviðið er frá upphafi kristið. *Brennu-Njáls saga* er sennilega eitt besta dæmið um þetta, enda mest Íslendingasagna að vexti og kristnitakan markar afar skýr skil þar. Þegar brennumönnum hefur tekist að koma eldi að Bergþórshvoli er Njáll, maður sem fæddur er í heiðni, til að mynda látinn segja: „Trúið þér ok því at guð er miskunnsamr ok mun

hann oss eigi láta brenna bæði þessa heims ok annars.“<sup>1</sup> Ef seinni hluti *Njálu* er kannaður með þetta í huga kemur víða fyrir að menn biðji guð um aðstoð eða leggi áherslu á kristna siði og kirkjuna.<sup>2</sup> Hið sama má segja um flestar Íslendingasögur þar sem kristni, guð og kirkjur verða eðlilegur hluti af hversdagslífi persóna. Lesendur gera sér grein fyrir því að umhverfi sagnanna að kristnitöku lokinni verður kristið. Þetta gildir ekki um *Jvs.*, sem er ef til vill viðbúið í þeim hluta sem gerist í Noregi en Jómsvíkingar sjálfir eru danskir og þar með væntanlega kristnir en það er ekki hluti sögunnar.<sup>3</sup>

Þegar síðari hluti sögunnar hefst tekur aftur á móti neikvæð afstaða til Haralds Gormssonar völdin og Hákon er úr sögunni í bili. Umfjöllunin um Harald tekur breytingum í síðari hlutanum á þann hátt að hún verður persónulegri. Í fyrstu 7 köflunum er Haraldur fyrst og fremst konungur Dana, í samskiptum við aðra valdhafa og kastljóstinu beint að hinni opinberu persónu konungsins. Í síðari hlutanum má segja að mynd hans færist nær áheyrendum þar eð hún snýst einkum um persónuleg samskipti hans við fólk sem er lægra í þjóðfélagsstiganum. Á þetta við um dráp Áka, getnað Sveins og afneitun hans, sem nær hámarki á dauðastund Haralds, en allt var þetta rakið í öðru samhengi í 2. kafla. Haraldur nýtur þannig lítið sem ekkert þeirrar virðingar sem konungi hæfir. Ármann Jakobsson bendir á að einn liður í virðingu konungsins sé ósnertanleiki og að þegnar hans skuli bera ómælda virðingu fyrir honum, hver sem hann er.<sup>4</sup> Pálnatóki brýtur þessar hugmyndir niður, hann sem víkingur gegnir svipaðri stöðu og hermaður en drepur konunginn þegar sá tigni maður, er berskjaldaður. Virðing fyrir tigninni er engin og konungurinn er sviptur æðri stöðu sinni.

### 5.1.2 Sveinn Haraldsson

Að Haraldi gengnum tekur Sveinn óskilgetinn sonur hans við völdum og það sem eftir lifir sögunnar ríkir hann í Danmörku og Hákon jarl í Noregi, einir valdhafa sögunnar ef frá er talinn Búrizláfur, konungur Vinda, sem leikur aukahlutverk í stofnun Jómsborgar.

Viðhorf sögunnar til Sveins er ekki jafn afgerandi neikvætt og til föður hans. Framan af hlýtur hann jafnvel samúð því að hann er óskilgetinn og elst upp vitandi að hann er konungssonur en að konungurinn viðurkenni ekki tilvist hans. Pálnatóki elur hann upp sem

---

<sup>1</sup> *Brennu-Njáls saga*, 329; sjá einnig *Brennu-Njálssaga. Texti Reykjabókar*, 208.

<sup>2</sup> Sjá t.d. *Brennu-Njáls sögu*, 281 þar sem hinustu orð Höskuldar Hvítanessgoða eru: „Guð hjálpi mér, en fyrirgefi yðr“, 322: „bað Flosi alla menn koma til kirkju ok biðjask fyrir,“ og í kjölfar brennunnar vill Kári að bein Njáls séu flutt til kirkju (342)

<sup>3</sup> Hér má þó minnast áður nefndrar túlkunar Torfa H. Tulinius um að svo margar hliðstæður megi finna í frásögnunum af falli Danavirkis og förn Hákonar að þeim hljóti að vera viljandi stillt upp gegnt hvor annarri sem kristni gegn heiðni, sbr. *The Matter of the North*, 211–213. Fall Danavirkis tengist beint kristnitökunni og breytir því ekki að kristinn siður er að öðru leyti fjarri í sögunni.

<sup>4</sup> Ármann Jakobsson, *Í leit að konungi. Konungsmynd íslenskra konungasagna*, 117–121; sjá einnig Ármann Jakobsson, „Our Norwegian Friend,“ 146–148.



fósturson og etur Sveini markvisst gegn konunginum en sá grunur kann að læðast að viðtakendum að hann sé ekki síður drifinn áfram af persónulegri óvild í garð Haralds en umhyggju fyrir Sveini. Alltént tekst Pálnatóka ætlunarverkið, að koma Sveini til valda. Á þeirri stundu verður viðsnúningur í viðhorfinu til Sveins, konungsnafnbótin breytir honum; samfélag hefndarskyldu skiptir meira máli en huglæg og náin persónuleg sambönd. Það breytir engu að dráp Haralds hafi komið Sveini til góða og framkoma Haralds við Svein snýst við þegar Sveinn kemst að því að Pálnatóki varð valdur að dauða Haralds. Hið eina sem kemst að í huga Sveins er að Pálnatóki sé sekur um að drepa kónginn, föður Sveins, og þar með er Sveinn skyldugur að hefna sín á föstra sínum: „Standið upp allir,“ segir konungur, „og hafið hendur á þeim Pálnatóka og förunautum hans og drepjið þá alla, fyrir því að nú er niður slegið allri vináttu milli okkar Pálnatóka og öllum góða þeim er með okkur hefir verið“ (126). Pálnatóka tekst að flýja og heldur sig fjarri Danmörku það sem eftir er. Svo virðist þó sem Sveinn mildist aðeins því að sonur Pálnatóka, Áki, býr á Fjöni og veitir Sveinn honum mikla athygli og vinskáp og lætur hann ekki gjalda þess sem varð milli þeirra Pálnatóka.

Viðhorf til Sveins eftir að hann er tekinn til konungs er tvíbent, annars vegar birtist hann sem vitur konungur sem gott er að leita ráða hjá en hins vegar er hann hefnigjarn og persónugerð undirrót þess að Jómsvíkingar fara flestir sína hinstu för til Noregs. Sem ímynd hins vitra og ráðspaka konungs birtist hann í deilum tveggja höfðingja og reynir að leika þar eins konar sáttasemjara. Höfðingjarnir Véseti og Strút-Haraldur jarl, standa í deilum vegna afbrota sona þeirra. Synir Haralds ætluðu til Jómsborgar og reyna sig en Haraldur veitir þeim ekki fjármagn og vistir til fararinnar. Þeir rændu þess vegna eitt mesta bú Véseta og komast þannig klakklaust til Jómsborgar. Véseti leitar þá ráða hjá Sveini konungi í stað þess að fara beint til Haralds og heimta skaðabætur. Sveinn ráðleggur honum að halda kyrru fyrir og boðar sjálfur Strút-Harald til sín í því augnamiði að sætta málin. Haraldur gerir þau mistök að þiggja ekki ráð konungs, hann ætlar að leysa málið sjálfur og er enda „stórum óhræddur við Véseta og sonu hans“ (136).

Synir Véseta grípa til hefnda og fara ránshendi um þrjú bú Haralds, Haraldur sér að sér og biður Svein um að ráða sér heilt. Þá kemur í ljós að Haraldur hefði betur hlustað á konung í upphafi því að Sveinn svarar: „nú skal Haraldur jarl hafa ráð sín hin góðu, en nú mun eg ekki láta til mín taka, þvíáð hann vildi ekki mín ráð við hafa, þá er við ræddum þetta mál, og var þá umb minna að dæma en nú er, og hafi hann nú sjálfur einræði sitt, en eg mun mér öngu af skipta“ (137). Af þessu má ætla að konungsráð séu betur þegin en eigi þegar þau gefast. Deilurnar stigmagnast á báða bóga og enda á Íseyrarþingi<sup>1</sup> þar sem allir aðilar eru saman komnir nema synir Strút-Haralds sem þegar voru komnir til Jómsborgar. Búi digri, sonur Véseta, var

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson telur að hér gæti verið vísað til Íseyrar við Ísafjörð á Sjálandi, sjá „Inngangur,“ 213.

búinn „ítarlega að klæðum“ sem höfðu verið í eigu Strút-Haralds. Einnig ber hann hatt á höfði úr eigu Haralds sem var jafnvirði 10 marka gulls. Að auki er þess getið að Búi hafði með sér tvær gullkistur; allt miðar þetta að því að ögra Strút-Haraldi. Búi lætur ekki staðar numið þar heldur tekur til máls svo að allir nærstaddir heyri: „‘Hitt er nú ráð, jarl,’ segir hann, ‘ef þú ber nokkur kennsl á gripi þessa er nú muntu sjá á oss skína, attú sæk nú til óraglega ef þú þorir og sé nokkur dáð í þér, fyrir því að lengi hefir þú stórt bergt við oss frændur. Em eg nú og albúinn að berjast við þig, ef nokkurt er mannsmót í þér“ (139). Sveinn konungur heyrir orð Búa og telur að hann verði að miðla sáttum því ef kæmi til bardaga á þinginu biði tign konungsins hnekki. Búi heimtar að fá að halda gullkistunum tveimur og fær konungs leyfi fyrir því en Sveinn skipar honum að skila gripum og klæðum og gera Haraldi ekki „þá hneisu og svívirðu“ að hann fái ekki tignarklæði sín aftur. Sveinn kveður svo uppúr hvernig skuli skipta ránsfengnum milli aðila og stingur að lokum upp á að Strút-Haraldur gifti Tófu dóttur sína Sigurði kápu, syni Véseta, til að tryggja sættina. Sögumaður lætur þess getið að konungurinn hafi talið mestar líkur á að um heilt myndi gróa milli Véseta og Strút-Haralds með þessu móti.

Sveinn konungur uppfyllir í þessum viðskiptum nokkrar af þeim kröfum sem gerðar eru til konungs. Konungurinn á meðal annars að vera mildur og vitur, vernda þegna sína og tryggja réttlæti og frið í ríkinu. Í Sveini má segja að birtist að einhverju leyti þær dyggðir sem eiga að prýða konunga samkvæmt íslenskum konungasögum.<sup>1</sup> Um mynd konunga í íslenskum konungasögum hefur Ármann Jakobsson fjallað rækilega og dregið fram í dagsljósið að lýsingar konunga eru ekki tilviljanakenndar. Þeir þurfa að standast þær kröfur sem gerðar eru til þeirra. Þrátt fyrir að hver konungur hafi sitt sérkenni þurfa þeir að hafa ýmislegt til brunns að bera til þess að geta verið konungar. Má hér nefna til dæmis útlitsteinkenni eins og fegurð, hæð, augu eða hár en Ármann bendir á að það heyri til undantekinga ef útliti konunga er ekki lýst í sögum. Þá skipta ekki síður máli andlegir eiginleikar, sem koma einkum fram í óbeinum lýsingum, á borð við blíðu, stórlyndi, stillingu, visku og styrk.<sup>2</sup> Þessar áherslur eru raunar ekki mjög áberandi í beinum eða óbeinum lýsingum konunga Jvs. en persóna Sveins gefur til kynna að kröfur til konunga og hugmyndir um konungsvald hafi ekki verið höfundi Jvs. með öllu ókunnar. Til þessa benda orðin um að Sveini hafi verið annt um sína tign (139) og athugasemd sögumanns um að Sveinn þætti ekki lengur „gildur konungur“ (123) ef hann héldi ekki erfi eftir föður sinn í síðasta lagi þremur vetrum eftir andlát.

Aftur á móti telur Torfi H. Tulinius framangreind viðskipti Véseta og Strút-Haralds jarls og sona þeirra afar mikilvægan hluta sögunnar þó ekki sé hann langur.<sup>3</sup> Torfi bendir á að þessi

---

<sup>1</sup> Um dyggðir konunga, sjá tilvitnuð rit hér að framan, bls. 135.

<sup>2</sup> Sjá Ármann Jakobsson, *Í leit að konungi. Konungsmynd íslenskra konungasagna*, 99–116 og 193–239.

<sup>3</sup> Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 200–207.

frásögn gefi glögga mynd af félagslegum hugðarefnum í samskiptum jarla, bænda og konunga þeirra og að hún lýsi því hvernig samfélag byggir vald. Undirstaða valds felst í áherslu á erfðatign en henni getur verður ógnað í nafni ríkisdæmis eða persónulegra eiginleika.<sup>1</sup> Hér hefur Véseti ekki jarlstign en í nafni ríkisdæmis síns ógnar hann valdastöðu Strút-Haralds jarls, manns sem í upphafi telur óþarft að þiggja ráð konungsins því að stöðu sinnar vegna ætti hann að hafa stjórn á málum sjálfur. Þegar þetta gengur ekki eftir þarf sáttasemjarinn, konungurinn, að skerast í leikinn, en hann á að sjá til þess að stöðugleiki ríki. Honum ber skylda til að halda við lögmáli tignarinnar en um leið halda frið við bændur. Bændum er það auk þess í hag að halda frið við konunginn því að hann getur eflt félagslega stöðu þeirra. Hér eru tengdir saman ríkur búandi og jarl með hjónabandi fyrir tilstuðlan konungs.

Þessi frásögn, þó stutt sé, styður ekki það sjónarmið að sagan sé almennt fjandsamleg konungum og konungsvaldi. Hér kemur þvert á móti vel í ljós hversu mikilvægur konungurinn er í skipulagi samfélagsins. Einnig kristallast í þessu atviki hversu veik erfðatignin getur orðið í samskiptum jarla og ótigninna manna, í raun er titillinn hið eina sem greinir að Véseta og Strút-Harald, þeir virðast jafnir að vinsældum og eignum. Torfi telur þess vegna að meginathygli sögunnar þegar kemur að völdum beinist að togstreitu bænda og jarla en ekki endilega konungsins við aðrar stéttir. Véseti er þó aldrei nefndur bóndi og bændur yfirleitt ekki nefndir til sögunnar eða stéttin skilgreind. Eini maðurinn sem kallaður er bóndi í sögunni er Atli svartí, faðir Æsu, sem er nefndur fátækur búandi. Ekkert er fjallað um ólíka bændur og erfitt að sjá hvernig bændur sem stétt geti verið eitt viðfangsefna sögunnar. Á hinn bóginn má taka undir með Torfa um að þessi deila sýni að einhvers konar vald, í þessu tilfelli konungsvald, verði að vera til staðar svo að reglum sé framfylgt í samfélaginu.<sup>2</sup> Sú niðurstaða kemur einnig heim og saman við það sem rakið er hér að framan, að viðhorf til konunga er persónulegt en ekki kerfisbundið, og að andúðin beinist gegn þeim persónulega.

Þetta er ítrekað enn frekar eftir því sem sögunni vindur fram og myndin af Sveini konungi skerpist. Þrátt fyrir að hann standi uppi sem konungur sem uppfyllir skyldur sínar í deilu þeirra Véseta og Strút-Haralds verður viðhorfið til hans neikvæðara og persónulegra. Viðhorfið til hans er þannig klofið, sem embættismaður stenst hann kröfur sem til hans eru gerðar en sem manneskja ekki. Á sama hátt eru viðbrögð hans í krafti embættisins rétt þegar upp kemst að Pálnatóki hafði drepið Harald og Sveinn ætlar undir eins að hefna föðurmorðsins. Þrátt fyrir að Pálnatóki hafi fóstorað Svein og komið honum til valda ber Sveini skylda til að hefna fyrir dráp Haralds. Hið persónulega samband þeirra Pálnatóka skal víkja fyrir konunglegum skyldum.

<sup>1</sup> Sú varð til að mynda raunin þegar Haraldur Gormsson lét drepa Áka, hann átti svo miklum persónulegum vinsældum að fagna að það ógnaði tign og meðfæddri valdastöðu konungsins.

<sup>2</sup> Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 214.

Hér mætti staldra við og spyrja hvort þessar hugmyndir sem birtast um konungsvald í Jvs. hafi haft gildi fyrir viðtakendur á ritunartíma og síðar. 13. öldin er sem kunnugt er róstumikill tími þar sem meðal annars er tekist á um það hvort Ísland gangi Noregskonungi á hönd eða ekki. Birtingarmynd þessara átaka á Íslandi er með ýmsum hætti í bókmenntum 13. aldarinnar. Mikilvirk ritun konungasagna er ein grein af þessum meiði. Þá eru önnur rit, til dæmis sumar Íslendingasögur, sem hafa verið túlkuð með tilliti til hræringa 13. aldarinnar.<sup>1</sup> Hugmyndafræði Jvs. gæti því átt rætur að rekja til þessara fyrirferðamiklu átaka á 13. öld. Sagan verður þó seint kölluð áróður fyrir eða gegn því að Ísland gangist konungi á hönd. Hér hefur vissulega komið fram að lögð sé áhersla á mikilvægi konungsvalds með hlutverki Sveins en þáttur hans er lítill í Jvs. og hæpið er að halda því fram að konungsvald sé eitt meginhugðarefna sögunnar.

Sveinn er enn á lífi og við völd í Danmörku þegar Jvs. lýkur en hann er óbeint valdur þess að bandalag Jómsvíkinga líður undir lok. Sveinn lendir í útistöðum við Sigvalda jarl Strút-Haraldsson, sem tók við forystu Jómsborgar eftir daga Pálnatóka. Á yfirborðinu er samband þeirra Sveins og Sigvalda með mestri kurteisi en grunnt er á óvildinni. Hana má rekja til þess að Sigvalda tókst með svikum að koma Sveini til Vindlands. Búrizláfur hafði farið fram á að Sigvaldi kæmi á sambandi við Svein konung fyrir sig og í staðinn myndi Sigvaldi fá að giftast elstu dóttur Búrizláfs, Ástríði. Sigvaldi fer því til Danmerkur að sækja Svein en virðist ekki hafa trú á að Sveinn komi sjálfviljugur. Hann setur á svið veikindi um borð í skipi sínu sem verður til þess að Sveinn fer um borð til að vitja Sigvalda. Sigvaldi heldur síðan konungi með handafli meðan hann skipar mönnum sínum að sigla af stað. Sigvaldi tjáir konungi að hann hafi kvonfang handa honum í dóttur Búrizláfs, Gunnhildi, sem taki fram hinum dætrum Búrizláfs. Hann hafi þess vegna rænt honum úr landi til þess að konungurinn yrði ekki af góðum kvenkosti. Það var aftur á móti ekki rétt því að Ástríður var þeirra vænst og fremst og ætluð Sigvalda en þau svik komast ekki upp fyrr en Sveinn og Sigvaldi hafa þegar kvænst systrunum, því að þær voru giftar með blæju fyrir andliti. Rétt fyrir brúðkaupið lætur Sigvaldi þess að auki getið að Búrizláfur vilji að Sveinn gefi honum upp skatta til Danmerkur og sannfærir hann um að það sé verðmætara að tengjast Búrizláfi með mægðum en skattþeningum.

Sveinn konunugur bregst aftur á móti við eins og konungi sæmir, með stillingu:

Og finnur nú Sveinn konungur að mikið stendur undan við hann í vinfenginu af hendi Sigvalda, og sér konungurinn nú með viturra manna ráði bragð hans allt, og drepur þó huldu á fyrir alþýðu manns, og nýtir það af allt sér til sæmdar og virðingar sem nú er í boði, þannig sem komið er málinu. Á hann nú og að taka Vindland að þriðjungi eftir daga Búrizláfs konungs (159).

---

<sup>1</sup> Sem dæmi má nefna hvernig Torfí Tulinius tengir saman samfélag 13. aldarinnar og ritun *Egils sögu*, sbr. *Skáldið í skrifinni*, 129–218; um tengsl Laxdælu og ritunartíma sjá Madelung, *The Laxdæla Saga*, 183–196; Heller, „*Laxdæla saga* und *Sturlunga saga*,“ 112–133.

Sveinn konungur hugsar því sitt en hann lætur ekki á því bera enda er stilling ein af höfuðdyggðum konungsins.<sup>1</sup>

Þegar Strút-Haraldur kveður jarðlífið kemur það í hlut Sveins konungs að halda erfi og býður hann þá Sigvalda og Búa og öðrum Jómsvíkum til veislunnar. Gefið er í skyn að sú ferð gæti haft alvarlegar afleiðingar: „Þetta sýndist flestum mönnum óráðlegt, að þeir færi þangað, og grunuðu að vinátta þeirra Sveins konungs og Sigvalda mundi vera heldur grunn, og þeirra allra saman Jómsvíkinga, þannig sem farið hafði fyrr með þeim viðurskiptin, þótt þeir léti þá hvorirtveggju skyldilega við aðra“ (160).

Í veislunni tekur Sveinn vissulega til sinna ráða en aftur á móti er ekki hægt að skella skuldinni alfarið á hann; með kænsku gerir hann Jómsvíkinga alfarið ábyrga fyrir gjörðum sínum, hann er mögulega sá sem ýtir þeim að brúninni en þeir sjá sjálfir um að koma sér fram af henni. Til þess notar Sveinn öl og áskoranir. Hann sér til þess að allir Jómsvíkingar fái nóg að drekka í veislunni, þeir „gerast nálega allir dauðadrukknir“ og þegar konungur áttar sig á að þeir eru orðnir kjaftaglaðir og kokhraustir um efni fram stingur hann upp á að þeir skemmti veislugestum með heitstrenginum. Heitstrengingar eru samkvæmt sögunni algeng dægrastytting í veislum og virðist ganga út á það að þátttakendur strengi heit sem sýni þá í jafngóðu eða betra ljósi en sá sem strengdi heit næst á undan. Sveinn konungur er upphafsmaður leiksins og strengir þess heit að fara til Englands innan þriggja vetra og ná völdum af Aðalráði konungi. Næstur til heitstrengingar er Sigvaldi og segir Sveinn að hann megi eigi mæla minna en hann hafði gert. Þetta minnir um margt á mannjöfnuð en sá munur er á að gortið gengur koll af kolli innan tiltekens hóps en ekki aðeins á milli tveggja manna. Þó er ljóst að rígurinn er einkum milli Sveins og Sigvalda og mætti líta á heitstrengingar þeirra tveggja sem mannjöfnuð.<sup>2</sup>

Í sumum heimildum, einkum fornaldarsögum, birtast heitstrengingar sem einhvers konar athöfn sem oftast en ekki fer fram á jólum. Í *Hervarar sögu* er til að mynda sagt frá því þegar menn strengja heit að bragarfulli á jólaaftan „sem siðr er til“.<sup>3</sup> Í lausamáli Helgakviðu Hjörvarðssonar (fyrir vísu 31) er einnig minnst á heitstrengingar á jólaaftni og því lýst hvernig menn leggja hendur á gölt og drekka að bragarfulli þegar heitin eru strengd. Í *Sturlaugs sögu starfsama* fara einnig fram heitstrengingar á jólum en að öðru leyti er sú frásögn líkari Jvs. Sturlaugur lýsir því yfir að heitstrengingar séu algeng skemmtun og auk þess strengir hann heit

<sup>1</sup> Ármann Jakobsson hefur til dæmis bent á þetta, sbr. *Í leit að konungi*, 222–228; sbr. Bagge, *Society and Politics in Snorri Sturluson's Heimskringla*, 146–191.

<sup>2</sup> Í *Svarfdæla sögu* má finna dæmi um heitstrengingar sem eru mannjöfnuð, en þar segir: „Vel samir þat í svá góðu samsæti at tala mest þat, er eptir megi hafa, ok strengja heit eða taka sér jafnaðarmenn,“ sjá *Svarfdæla saga*, 165–166. Í kjölfarið kys hver maður sér sinn jafnaðarmann og strengir heit. Eitt áhugaverðasta og skemmtilegasta dæmið um mannjöfnuð er hins vegar ólíkt þessu, það er milli bræðranna Sigurðar og Eysteins í *Morkinskinnu*, sjá *Morkinskinna II*, 132–134.

<sup>3</sup> *Heiðreks saga*, 5.

sem hann ætlar að standa við ellegar deyja.<sup>1</sup> Stefán Einarsson telur að þessar bókmenntir birti líklega sið sem á fremur gamlar rætur og rekur til stuðnings nokkur dæmi úr *Bjólfskviðu* þar sem heit eru strengd yfir öli.<sup>2</sup> Hann telur að drykkja hafi verið mikilvæg við þessar athafnir rétt eins og að ýmis kaup eða tilboð hafi verið innsiglið með glasi af öli eða víni. Þetta getur skýrt „bragarfullið“ sem víða er drukkið um leið og heit eru strengd. Í *Ynglingasögu* birtist enn önnur skýring á þessari venju:

Þat var siðvenja í þann tíma, þar er erfi skyldi gera eptir konunga eða jarla, þá skyldi sá, er gerði ok til arfs skyldi leiða, sitja á skörinni fyrir hásetinu allt þar til, er inn væri borit full, þat er kallat var bragafull, skyldi sá þá standa upp í móti bragafulli ok strengja heit, drekka af fullit síðan, síðan skyldi hann leiða í háseti, þat sem átti faðir hans.<sup>3</sup>

Stefán telur aftur á móti að heitstrengingar Jómsvíkinga sýni að siðurinn hafi misst eitthvað af hinum gamla strangleika sem birtist til dæmis í *Bjólfskviðu* og *Helgakviðu*, en í Jvs. segir Sveinn konungur að menn hafi heitstrengingar „sér til skemmtanar og ágætis“ (161).<sup>4</sup>

Þrátt fyrir að heitstrengingarnar séu settar fram sem skemmtun í veislunni eru þær þegar á hólminn er komið enginn leikur og þeir sem strengja heit skulu standa við þau. Sveinn konungur veit að til þess að Sigvaldi geti jafnað hans heitstrengingu verður Sigvaldi að finna annan konung til þess að steypa af stóli og er Hákon jarl þess vegna kjörið skotmark. Ekki er gefið upp hvort Sveinn hafi vitað að nákvæmlega þetta myndi Sigvaldi segja en líkast til hafði Sigvaldi ekki úr mörgum nærtækum kostum að velja ef hann ætlaði að jafna heitstrengingu Sveins.

Á því leikur enginn vafi daginn eftir, þegar Jómsvíkingar vakna og í ljós kemur að óhófleg drykkja hafði leitt til minnisleysis, að þeir muni þurfa að standa við gefin orð. Ástríður kona Sigvalda minnir hann á hvað hafði gerst og tekur fram að þeir eigi ekki undankomu auðið, þeir verði að standa við heitstrengingarnar. Ef þeir þykjast ekki muna og neita að fara hefur Sveinn smánað þá. Af samhenginu er auðsætt að Sveinn hafði aðeins hugsað sér að niðurlægja þá með því að þeir yrðu að draga heitstrengingar sínar til baka. Að ráði Ástríðar fer Sigvaldi fram á að Sveinn leggi skip til fararinnar en þegar hann býður fram 20 skip svarar Sigvaldi til að slíkt væri gott boð af bónda en ekki slíkum höfðingja sem konungur ætti að vera. Þá þyngist brúnin á

<sup>1</sup> *Sturlaugs saga starfsama*, 344. Fleiri dæmi má nefna, t.d. *Harðar sögu*, 38–39, þar sem menn „stíga á stökk“ og strengja heit að kveldi jóla. Í *Eiríks sögu víðförla* strengir Eiríkur heit á jólum að fara um allan heim að leita Ódáinsakurs, sjá *Flatleyjarbók* I, 29. Fyrir í Jvs. er einnig sagt frá því að Ótta keisari hafi strengt þess heit á „einhverjum jólum“ að kristna Danmörku (85). Í *Hænsna-Þóris sögu*, 34, stíga menn á stein og strengja heit í brúðkaupsveislu en ekki á jólum. Þá virðist og hafa komið til greina að strengja heit einn, það er án þess að úr því verði samkeppni. Sjá til dæmis *Göngu-Hrólfs saga*, 328 og *Hrólfs saga kraka*, 74.

<sup>2</sup> Stefán Einarsson, „Old English beot and Old Icelandic heitstrenging“, 976–980.

<sup>3</sup> *Heimskringla* I, 66. Sjá einnig *Fagrskinna*, 124–125. Heitstrengingar og bragarfull má finna víðar sbr. tilvitnuð dæmi úr *Hervarar sögu* og *Helgakviðu*. Í *Ólafs sögu Tryggvasonar* í *Heimskringlu*, þar sem sagt er frá heitstrengingum Jómsvíkinga, er aftur á móti drukkið „Kristi minni“, sbr. *Heimskringla* I, 274. Í Jvs. er drykkjan hvorki kennd við Braga né Krist.

<sup>4</sup> Stefán Einarsson, „Old English beot and Old Icelandic heitstrenging“, 984.

konungi sem veitir Sigvalda þó vilyrði um jafnmörg skip og þurfa þykir. Sigvaldi þakkar fyrir sig og segist ætla að halda af stað hið fyrsta. Þá kemur í ljós að konungur er hissa á viðbrögðum Sigvalda því að hann verður orðlaus en segir að lokum að hann hafi ekki átt von á að þeir myndu ætla af stað svo skjótt. Sveinn er forviða á viðbrögðum Jómsvíkinga við drykkjuleiknum en fleira er ekki frá honum sagt í allri sögunni. Jómsvíkingar fara með skipin sem hann lét þeim í té til Noregsfarar og sögumaður sér ekki ástæðu til að upplýsa nokkuð um örlög Sveins í framhaldinu. Þrátt fyrir að sagan hafi því fram að þeirri stundu virt Svein sem konung skilur hún við hann í fremur vandræðalegri stöðu og Jómsvíkingar fara frá honum filefdir í sína hinstu för.

### 5.1.3 Hákon jarl

Frá valdhafa Danmerkur beinist kastljósið að valdhafa Noregs. Í fyrri hluta sögunnar fléttast saga Hákonar jarls saman við sögu Haralds Gormssonar en í seinni hlutanum er Hákon á heimavelli. Síðustu fregnir sögunnar af Hákon jarli voru þegar hann tók skírni með Haraldi Gormssyni, gegn eigin vilja og kastaði svo kristni í öruggri fjarlægð frá Danakonungi. Fyrir hinn kristna viðtökuheim sögunnar á 13. öld og síðar er Hákon í Jómsvíkinga sögu án vafa fulltrúi heiðinnar á neikvæðan hátt. Vel er þekkt hvernig bókmenntir ritaðar af kristnum mönnum í kristnum menningarheimi reyna að réttlæta jákvætt viðhorf til heiðinna hetja sem voru uppi fyrir tíma kristinnar trúar og vöktu spurningar um hvort þessar hetjur ættu fullan rétt á aðdáun eða virðingu.<sup>1</sup>

Þessa tilhneigingu til þess að réttlæta jákvætt eða jafnvel upphafið viðhorf til heiðinna hetja er hvergi að greina í viðhorfi til Hákonar. Hann er heiðinn og gjörðir hans skýrast að miklu leyti vegna tryggðar hans við heiðnina en í sögunni er engin tilraun gerð til þess að fyrirgefa honum framkomu eða afsaka hana vegna trúarinnar. Hákon svífst einskis, tekur skírni en kastar trúnni um leið.<sup>2</sup> Athyglisvert er að eftir að hafa tekið skírni fer hann til Gautlands, herjar þar og rænir eitt mesta hof Gautlands sem helgað var Þór og brennir það. Óttar heitir jarl sem réði mestu fyrir Gautlandi og fer með her gegn Hákon jarli sem flýr. Það skýtur skökku við að hann skuli eyðileggja það sem helgast er í heiðni og af sögunni má túlka það sem svo að hann hafi gert þetta í hálfgerðu bráðræðiskasti. Óttar jarl lýsir því yfir á þingi að Hákon sé „vargur í véum ... og unnið margt annað illt, og öngvir menn vissu dæmi til slíks, og hvargi er hann fór eða kom, þá skyldi hann þetta nafn hafa“ (97–98). Í kjölfarið er hann sagður kasta trúnni og kallaður „mesti

<sup>1</sup> Sjá t.d. Lars Lönnroth, „The Noble Heathen: A Theme in the Sagas,“ 1–29.

<sup>2</sup> Nokkrum öldum síðar má þó greina að Grímur Thomsen hafi verið þeirrar skoðunar að sagnarit færu ómaklegum orðum um Hákon og orti kvæði til varnar Hákon jarli. Má skilja sem svo að Grímur hafi talið Hákon fá slæm eftirmæli vegna þess að hann hélt tryggð við gömlu trúna, sbr. ljóðlínurnar: Hákon varð helzt að falli, / að hlýddi hann eigi tímans kalli. *Ljóðmæli* 207–208, sbr. Sveinn Yngvi Egilsson, *Arfur og umbylting*, 133–135.

guðníðingur“.<sup>1</sup> Hákon er þannig ekki aðeins heiðinn maður, hann er heiðinn maður sem hefur ómerkt skírn sína og er þar með versta gerð heiðingja. Hann er auk þess vargur í véum, úlfur á helgum stað og þannig vart mannlegur.

Einn athyglisverðasti atburður sögunnar er einmitt samofinn Hákon og heiðninni, þegar Hákon færir Þorgerði Hörðatrölli sjö ára son sinn að fórn. Sá atburður er einnig merkilegur fyrir þær sakir að þá birtast á söguviðinu í fyrsta og eina sinnið persónur sem kalla má yfirnáttúrulegar. Að öðru leyti er sagan snauð hvers kyns yfirnáttúru eða kynjaverum sem algengar eru í ýmsum íslenskum fornsögum.<sup>2</sup> Hér birtast engar ofurmannlegar hetjur sem berjast við ljón eða dreka og draugar, berserkir, dvergjar eða einhvers konar skrímsl eru fjarri góðu gamni. Undanskilin þessari reglu eru samskipti Hákons og Þorgerðar. Í bardaganum í Hjörungarvogi, þar sem Jómsvíkingar berjast við Hákon og hans lið, virðist Hákon orðinn úrkula vonar:

„Það þykjumst eg sjá,“ segir hann, „að mjög tekur á oss að hallast bardaginn, og var hvortveggja þegar, að eg hugða til þess verst að berjast við þessa menn, enda reynist mér svo, að mér þykja öngvir vera þessum mönnum líkir, að eigi sé þessir menn verri viðureignar, og það kann eg sjá, að oss mun eigi svo búið hlýða ef eigi er ráðs leitað“ (183–184).

Hákon heldur í eyna Prímsigð þar sem hann „skorar á fulltrúa sinn“ Þorgerði og biður um aðstoð. Í fyrstu eru viðbrögð við bón hans engin og telur Hákon víst að Þorgerður sé honum reið. Hvers vegna er ekki látið í ljós í sögunni en ekki er ótrúlegt að þetta megi tengja því að hann hafi tekið skírn. Örvænting Hákonar eykst við viðbragðsleysi Þorgerðar og hann býður henni ýmsa hluti til fórnar án árangurs. Þá býður hann ótilgreind mannblót en hlýtur ekki áheyrn hennar fyrr en hann býður henni Erling, sjö ára efnilegan son sinn. Þá fyrst bregst Þorgerður við og launar Hákonni með því að berjast við hlið hans gegn Jómsvíkingum ásamt Irpu systur sinni. Þær skjóta örvum úr hverjum fingri og magna upp ógurlegt haglé. Lið Hákonar nær þannig smám saman yfirhöndinni.

Hér er athyglisvert að Þorgerður kemur til sögunnar án nokkurrar kynningar, líkt og gert sé ráð fyrir því að áheyrendur muni þekkja til hennar. Þorgerður er vissulega þekkt utan Jvs. en uppruni hennar og hlutverk eru býsna óljós og hafa margir reynt að skýra tilveru hennar nánar. Í Jvs. er hún nefnd bæði Þorgerður Hörðatröll og Hörðabrúður en fyrri hluti seinna nafns hennar hefur í heimildum einnig verið ritað Hölga-, Hölda- og Hörga-<sup>3</sup> Hvers vegna viðurnefni hennar hefur svo fjölbreyttan rithátt og hver uppruni þess er nákvæmlega er á huldu. Í *Snorra-Eddu* er

<sup>1</sup> Þetta er hann einnig kallaður í *Ólafs sögu Tryggvasonar hinni mestu* eftir AM 61 fol., sbr. *Ólafs saga Tryggvasonar en mesta* 1, 201. Sjá umræðu um túlkun Sverris Tómasonar á Hákonni sem guðsníðingi bls. 59.

<sup>2</sup> Hér er ekki tekið tillit til drauma Gorms og merkingar þeirra eða þegar Klakk-Haraldur sér þrívægis sýnir á leið sinni til veislu hjá Gormi, en sýnirnar gegna svipuðu frásagnarhlutverki og draumar, þær eru táknmynd einhvers annars líkt og fram kemur í sögunni. Sjá nánar bls. 108–109.

<sup>3</sup> *Jómsvíkinga saga. The Saga of the Jomsvikings*, 51; Storm, „Om Thorgerd Hölgebrud,“ 124–125.



hún nefnd Hölgabrúður og sögð dóttir Hölga sem Hálogaland er kennt við og töldu til að mynda bæði Gustav Storm og Folke Ström að þetta væri elsta mynd nafnsins.<sup>1</sup>

Tilgátur og ýmsar vangaveltur fræðimanna um nafn hennar leiðir þó einkum í ljós hve óljós uppruni Þorgerðar er. Þetta kann að benda til þess að á ritunartíma þessara frásagna hafi verið farið að fenna yfir þá hefð sem tengist Þorgerði. Ólíkar útgáfur af kenninafni hennar geta því einfaldlega verið spröttnar af samblöndu á mislestri, misheyrn og þekkingarleysi. Munurinn á fyrri hlutunum Hölga-, Hörða-, Hörða- og Hölda- felst yfirleitt í einum eða tveimur bókstöfum. Breytinguna Hölga–Hörða er til að mynda auðvelt að ímynda sér, þarf ekki annað en mislestur eða misheyrn á l/r að koma til, bæði orðin eru skiljanleg og rökrétt í samhengi við sögunar af henni. Ekki er heldur ótrúlegt að myndin Hörða- geti þróast í Hölda, í handritum er farið að rita „d“ í stað „ð“ á 14. öld<sup>2</sup> og jafnvel meðan greinarmuni á „ð“ og „d“ var haldið má ímynda sér atvik þar sem „ð“ er mislesið sem „d“. Þá er það aftur aðeins l/r sem þarf að misrita eða -heyra. Auk þess gætu bönd og styttingar hafa átt þátt í þessum breytileika. Ef upplýsingar um uppruna hennar eru þegar af skornum skammti á ritunartíma varðveittra heimilda er ekki ótrúlegt að þessi frávik í ritun birtist, þar sem sitt hefur hverjum sýnst um kenninafn Þorgerðar. Þegar upp er staðið eru allar heimildir um nafn hennar bundnar við íslenskt ritmál og þar er uppruni kenninafns hennar hvergi skýrður, nema að hluta til í *Snorra-Eddu*.<sup>3</sup>

Þorgerður birtist í ýmsum sögum, meðal annars *Brennu-Njáls sögu*, *Færeyinga sögu* og *Þorleifs þætti jarlsskálds*.<sup>4</sup> Rækilegustu og jafnframt athyglisverðustu frásögnina af sambandi Hákonar og Þorgerðar er aftur á móti að finna í þætti í tveimur gerðum *Ólafs sögu Tryggvasonar innar mestu* (AM 62 fol. og Flateyjarbók) en gerist það raunar að Hákonni látnum. Ólafur Tryggvason, þá orðinn konungur Noregs, kemur í hús sem var augljóslega tileinkað Þorgerði. Húsinu er lýst sem vel búnu, svo vel að konungur hafði vart séð annað eins. Þar inni situr kona, vel klæðum búin og konungur spyr föruneysi sitt hver hún væri. Svárið er á þessa lund: „ef þér hefðið séð Þorgerði Hölgabrúði er Hákon jarl átti mest vinfengi við þá mætti vera að þér þættist

<sup>1</sup> *Snorra Edda: Skáldskaparmál*, 60; Storm, „Om Thorgerd Hölgebrud“, 125; Ström, „Hieros gamos-motivet i Hallfreðr Óttarssons Hákonardrápa och den nordnorska jarlavärdigheten“, 75.

<sup>2</sup> Sjá t.d. Stefán Karlsson, „Tungan“, 37 og Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script*, 44.

<sup>3</sup> Ýmsir hafa þó lagt sitt fram til skýringar á uppruna hennar. Má þar nefna til dæmis Gro Steinsland og Fölke Ström sem fjalla hvort á sinn hátt um Þorgerði í tengslum við hieros gamos, sjá *Det hellige bryllup og norrøn kongeideologi*, 220–226 og „Hieros gamos-motivet i Hallfreðr Óttarssons Hákonardrápa och den nordnorska jarlavärdigheten“, 79; John McKinnell sem ber hana saman við Vani, sbr. „Þorgerðr Hölgabrúðr and *Hyndluljóð*“, 270–272; Gunnhild Røthe sem fjallar um Þorgerði sem fylgju Háleygjættarinnar, sbr. „Þorgerðr Hölgabrúðr: The fylgja of the Háleygjær Family“ og loks má nefna Lotte Motz sem telur Þorgerði til tröllkvenna, sbr. „The Family of Giants“, 221. Þá hefur einnig verið bent á að Þorgerður birtist í *Gesta Danorum* (71–72) sem Thora, dóttir finnska prinsins Gusa og brúður Helga, konungs af Hálogalandi. Þetta taldi t.d. Gustav Storm, sbr. „Om Thorgerd Hölgebrud“, 133 og í útgáfu Davidson á *Gesta Danorum* er bent á að Thora hljóti að jafngilda Þorgerði, sbr. *The History of the Danes*, 53–54; sjá einnig Gunnhild Røthe, „Þorgerðr Hölgabrúðr: The fylgja of the Háleygjær Family“, 40–42. Þó að þarna kunnist að birtast einhver sameiginleg hefð er hins vegar á litlu að byggja. Það sem þær eiga sameiginlegt er að tengjast Hálogalandi og vera göldróttar. Annars er frásögn Saxo afar knöpp.

<sup>4</sup> *Brennu-Njáls saga*, 214; *Færeyinga saga*, 50–51; *Flateyjarbók I*, 208–215.

nokkuð marka mega af álitni þessarar konu hennar viðbragð og yfirlit.<sup>1</sup> Í kjölfarið tekur konungur af henni gull, silfur og klæði til handargagns en bindur líkneskið við tagl hests síns og ríður til sinna manna. Mönnum sínum segir hann frá að þarna sé sú kona sem hefur „misst bónda síns, þess er henni var harla kær.“ Einn manna hans lítur á illa leikið líkneskið og spyr: „Hví ertu hér Þorgerður svo herfilega hneist og virðulega afflett þínum bjarta búnaði þeim er Hákon jarl lét þig hafa þá er hann elskaði þig.“<sup>2</sup>

Tilgreindar frásagnir eiga það allar sameiginlegt að lýsa hofum þar sem einhvers konar líkneski eða eftirmynd af Þorgerði má finna og lýsa auk þess allar nánnum tengslum Hákonar og Þorgerðar, svo virðist sem hún sé einkum dýrkuð af honum, eða fyrir hans atbeina. Frá þessu má finna undantekningu í *Harðar sögu og Hólmverja* þar sem hofi helguðu Þorgerði er lýst, en þangað fer Grímkell til þess að leita ráða hennar, en hvergi er minnst á Hákon.<sup>3</sup> Í útgáfu Íslenzkra fornrita á *Harðar sögu* er bent á að skýring þessa kunni að vera sú að faðir Grímkels hafi komið úr Orkadal í Þrándheimi sem er næsta nágrenni Hlaða en þar að auki megi ráða af *Landnámu* að móðir Grímkels, Ljótunn, hafi verið dótturdóttir Hákonar Hlaðajarls.<sup>4</sup> Hversu nákvæm þessi ættfærsla er getur verið erfitt að meta en skráning hennar í *Landnámu* bendir þó til að þessi tengsl við Hákon geti hafa verið kunn á ritunaríma *Harðar sögu*.

Algengast er að síðari hluti kenninafnis Þorgerðar sé *-brúður* því að síðari hlutann *-tröll* er aðeins að finna í sumum gerðum Jvs., *Fyrstu málfraeðiritgerðinni* og *Ketils sögu hængs* en í *Þorleifs þætti* er hún sögð búa yfir tröllskap. Þorgerður leikur ekki stórt hlutverk í *Ketils sögu* heldur er minnst á hana í upptalningu á tröllkonum sem munu ætla að mæta til tröllapings.<sup>5</sup> Jvs. er þess vegna eina heimildin sem segir að einhverju ráði frá Þorgerði og kallar hana tröll, þó hún sé einnig nefnd brúður; þ.e. Hörðabrúður og Hörðatröll eru notuð jöfnum höndum. Í AM 510 er meira að segja tekið fram að hún sé ýmist kölluð Hörðabrúður eða Hörðatröll.<sup>6</sup> Hvers vegna brúður verður tröll liggur ekki í augum uppi en má geta sér til að smám saman hafi kristilegt viðhorf valdið þessari breytingu og dregið upp mynd af illri vætti fremur en anda sem má dýrka. Þá skiptir líklega og máli að hvergi er þess getið í heimildum að Þorgerður hafi verið talin til gyðja heldur virðist líklegra að tilveru hennar megi rekja til dauðlegrar konu, líkt og hún birtist í *Snorra-Eddu*. Síðari hlutinn *-tröll* bendir enn fremur til að hún hafi síður en svo verið talin gyðja. Hvers vegna hún er nefnd tröll er aftur á móti erfitt að útskýra.

<sup>1</sup> *Flateyjarbók* I, 407, stafsetning samræmd.

<sup>2</sup> Sama heimild, 408.

<sup>3</sup> *Harðar saga*, 51–52.

<sup>4</sup> Sbr. *Harðar saga* 1991, nmgr. 1, 51. Þessi ættfærsla kemur fram í Sturlubók og Þórðarbók *Landnámu*.

<sup>5</sup> *Ketils saga hængs*, 261.

<sup>6</sup> *Jómsvíkinga saga* (efter *Cod. Am. 510, 4to*) samt *Jómsvíkinga drápa*, 79.

Ármann Jakobsson hefur fjallað rækilega um orðið í íslenskum miðaldabókmenntum og skipað notkun orðsins niður í þrettán flokka.<sup>1</sup> Í sjöunda flokki nefnir Ármann Þorgerði og kallar hana „heathen demigod“ og að í samhengi Jvs. geti orðið tröll átt við um slíka veru en lykilatriði sé að hún sé nefnd tröll af kristnum manni. Það er að segja, kristni gerir það að verkum að hana megi flokka til trölla, í heiðnu samhengi er hún ekki tröll. Flest dæmin eiga það sameiginlegt að orðið tröll er notað í neikvæðri merkingu og oftast en ekki skammaryrði.

Birtingarmynd Þorgerðar í Jvs. sker sig ekki úr öðrum frásögnum af henni því að það sem þær eiga allar sameiginlegt, þó að *Harðar saga* sé óljósari, er að setja dýrkun Þorgerðar í beint samhengi við Hákon jarl. Án hans væri Þorgerður líklega ekki til og án Þorgerðar hefði Hákonni tekist verr upp í ýmsum brögðum. Allar eiga þessar frásagnir einnig sameiginlegt að ekki virðist þörf á að skýra tilvist Þorgerðar né samband þeirra Hákonar. Þetta bendir til einhvers konar almenns samþykkis eða almæltrar sagnar af þeim sem birtist í brotakenndri mynd í heimildum, jafnvel þó að breytileiki í kenninafni hennar geti stafað af því að uppruni hennar sé óljós á ritunartíma. Þess vegna þarf ekki að koma á óvart að Þorgerður birtist óforvarandis í Jvs. og aðstoði Hákon sem er hennar helsti bandamaður. Þorgerði má þannig flétta saman við hinn heiðna jarl og neikvæða ímynd hans í heimildum. Þorgerður er ekki velkomin og Jómsvíkingar hefðu líklega ekki þurft að lúta í lægra haldi fyrir Hákonni ef hennar hefði ekki notið við.

Í sögunni hefði Hákon heldur ekki notið aðstoðar Þorgerðar nema vegna þess að hann fórnaði syni sínum. Mannblót koma vissulega fyrir í fleiri íslenskum heimildum en eru ekki algeng og þaðan af síður eru algengar frásagnir af mönnum sem fórna börnum sínum. Nokkrar íslenskar heimildir benda þó til þess að mannblót hafi verið stundað í heiðnum sið. Bæði í *Kristni sögu* og *Ólafs sögu Tryggvasonar inni mestu* er sagt frá því að heiðnir menn á Íslandi hafi fórnað tveimur mönnum frá hverjum landsfjórðungi um það leyti sem Þorgeir lagðist undir feldinn, í þeirri von að Ísland yrði ekki kristnað.<sup>2</sup> Hvort þessi frásögn sé uppspuni til þess að sýna fram á að ekki einu sinni heiðin mannblót gátu skákað kristinni trú skal ósagt látið, en að minnsta kosti er ljóst að þessi fórn var til einskis ef hún hefur farið fram. Í *Eyrbyggja sögu* er engin frásögn af mannblóti en skín í hefðina vegna tiltekins steins sem lýst er: „Þórs steinn, er þeir menn váru brotnir um, er til blóta váru hafðir, ok sér enn blóðslitinn á steininum.“<sup>3</sup> Svipað orðalag má einnig finna í *Landnámabók*.<sup>4</sup> Í *Vatnsdæla sögu* segir frá Þórólfi heljarskinni sem sagður er óvinsæll ójafnaðarmaður og að grunsemdir hafi verið uppi um að hann hafi blótað

<sup>1</sup> Ármann Jakobsson, „The Trollish Acts of Þorgrímr the Witch: Meanings of *Troll* and *Ergi* in Medieval Iceland,“ 44–52.

<sup>2</sup> *Kristni saga*, 34.

<sup>3</sup> *Eyrbyggja*, 18.

<sup>4</sup> Jón Hnefill Aðalsteinsson taldi rök hniga að því að *Landnámabók* væri hér heimild *Eyrbyggju*; sjá nánar Jón Hnefill Aðalsteinsson, *Blót í norrænum sið*, 81–86. *Landnámabók* 32 og 153.

mönnum. Í Melabókarslitrum *Landnámu* er einnig sagt frá Þórólfi en með hlutlausri athugasemd um að hann hafi blótað mönnum.<sup>1</sup>

Þessar heimildir sem geta mannblóts á einhvern hátt, að Jvs. undanskildri, eiga það sameiginlegt að þess er ekki getið hverjum var fórnað, allt eru þetta nafnlausir menn og ekkert sem bendir til að fórnir á börnum hafi tíðkast. Í *Ynglingasögu* má aftur á móti finna dæmi um hvort tveggja. Í fimmtánda kafla hefur Dómaldi tekið við löndum en á hans dögum varð hallæri í Svíþjóð. Svíar efldu því blót að Uppsölum og blóta fyrst yxnum. Ástandið breyttist ekki og næsta haust blóta þeir ónafngreindum mönnum en það ber heldur ekki árangur. Þriðja haustið koma höfðingjar sér saman um það að Dómaldi hljóti að vera ástæða hallærsins og honum skuli því fórnað. Það ber árangur og við ríkinu tekur Dómarr sonur Dómalda sem réð lengi í góðri árferð og friði.<sup>2</sup> Þessi stigmögnun blótsins minnir um margt á blót Hákonar sem bar ekki árangur fyrr en í þriðju tilraun. Síðar í *Ynglingasögu* er sagt frá annars konar mannfórn, þegar Aun konungur, sextugur að aldri, færir Óðni son sinn til langlífis. Óðinn heitir honum sextíu árum til viðbótar fyrir þessa gjöf, sem gefur til kynna hvers virði ein sonarfórn getur verið. Að sextíu árum liðnum fórnar Aun öðrum syni en í þetta sinn segir Óðinn að Aun skuli fá tíu aukaár í hvert sinn sem hann fórnar einum syni og þyrfti að auki að láta eftir hluta af héraði í landi sínu. Að endingu hafði hann blótað níu sonum, var Aun þá lagstur í kör og drakk „horn sem lébarn.“ Þegar hann ætlar að fórna tíunda syni sínum og gefa Óðni Uppsali bönnuðu Svíar honum það og hann dó skömmu síðar af elli.<sup>3</sup>

Engin þessara mannfórna minnir eindregið á fórn Hákonar. Sveinbjörn Rafnsson hefur bent á að hér hafi Jvs. sótt efnivið í *Trójumanna sögu*.<sup>4</sup> Í þeirri gerð *Trójumanna sögu* sem kennd er við Dares Phrygius lendir Agamemnon í miklum mótvindi í lok sögunnar þegar hann er á heimleið frá Tróju en fýsir mjög að komast heim. Honum er ráðlagt að blóta „helvítis goðum“ til byrjar og „er svo sagt“ að hann hafi þá fórnað dóttur sinni Ahnilethu.<sup>5</sup> Nákvæmari er frásögnin ekki og erfitt að taka undir orð Sveinbjörns um að sonarblót Hákonar sé ættað úr *Trójumanna sögu*. Sveinbjörn telur að frásögnin af Danavirki sé einnig sótt í *Trójumanna sögu* og tengslin milli þessara tveggja sagna séu „náin“.<sup>6</sup> Þá getur Sveinbjörn þess ekki að áhöld eru uppi um aldur *Trójumanna sögu* en Jonna Louis-Jensen fer ágætlega yfir það í formála útgáfunnar á Dares Phrygius-gerð *Trójumanna sögu* að ef rýnt er í rök fyrir aldursgreiningu fræðimanna á

---

<sup>1</sup> Jón Hnefill Aðalsteinsson, *Blót í norrænum sið*, 86–87, sbr. *Skarðsárþók. Landnámabók Björns Jónssonar á Skarðsá*, 94.

<sup>2</sup> *Heimskringla* I, 31–32.

<sup>3</sup> Sama heimild, 47–50.

<sup>4</sup> Sveinbjörn Rafnsson, *Af fornum lögum og sögum*, 134.

<sup>5</sup> *Trójumanna saga. The Dares Phrygius Version*, 78. Mannblótið er ekki að finna í hinni megingerð *Trójumanna sögu* sem Louis-Jensen gaf út árið 1963.

<sup>6</sup> Sveinbjörn Rafnsson, *Af fornum lögum og sögum*, 129–130.

íslensku þýðingu sögunnar kemur í ljós að þau eru býsna veik.<sup>1</sup> Louis-Jensen bendir á að ekkert í varðveislu sögunnar geri okkur kleift að telja söguna ritaða mikið fyrir miðja 13. öld. Ekki virðist ástæða til þess að efast um þessa niðurstöðu Louis-Jensen og verður þá ekki útilokaður sá möguleiki að Jvs. sé rituð áður en *Trójumanna saga* var þýdd. Hvað sem því líður sýnir þessi umræða að hæpið er að halda fram nánnum tengslum *Trójumanna sögu* og Jvs. þar sem orðalagslíkindi eru of almenn bæði um Danavirki og mannbloðið.<sup>2</sup>

Af framangreindu er ljóst að mannblothsfrásagnir í íslenskum miðaldabókmenntum eru ekki langar, margar eða rækilegar. Einskis er getið um viðhorf til mannbloths í þessum frásögnum, flestar fjalla þær hlutlaust um efnið. Aðeins *Vatnsdæla saga* sýnir tvímælalaust neikvætt viðhorf til manns sem stundar mannbloð. Þessar frásagnir eru því ekki endilega góðar heimildir um hvar og hvernig mannbloð voru stunduð fyrir kristnitöku en þær bera þó vitni um að á ritunartíma er mannbloð talið eðlilegur hluti hins heiðna umhverfis forfeðranna og ekki litið verri augum en blóð yfir höfuð. Munurinn á mannbloði og hverju öðru blóði er því fremur stigsmunur en eðlismunur, hið æðsta blóð, og má ætla að æðra verði það varla en að fórna sínu eigin barni.<sup>3</sup> Fórn Hákonar er vitnisburður um hve mikilvægur sigur yfir Jómsvíkingum er.

Sem fyrr segir er ævi Hákonar hvergi nærri á enda þegar Jvs. lýkur og skilur sagan ekki við hann sigri hrósandi sem ef til vill mætti búast við heldur þegar hann lætur það eftir Eiríki syni sínum að gefa nokkrum Jómsvíkingum grið, þar á meðal Vagni Ákasyni, og má hann því fremur þakka Eiríki lífgjöfina en Hákonni. Hið allra síðasta sem fréttist af Hákonni úr Jvs. er aftur á móti nokkuð jákvætt: „En Hákon jarl réð skamma stund Noregi síðan, og þótti hann verða hinn ágætasti allskostar af þessu öllu saman, og svo synir hans“ (205). Þrátt fyrir það má draga þá ályktun að í sögu sem fjallar um Jómsvíkinga og miðar meðal annars að því að draga upp mynd af hetjulegri framgöngu þeirra, hafi gjörðir Hákonar ekki verið metnar mikils. Þessi lestur á persónu Hákonar er aftur á móti ekki algildur eða að fullu samþykktur ef marka má orð Sveinbjörns Rafnssonar. Hann telur að sagan sé „ekki síst rituð til lofs Hákonni jarli Sigurðssyni“ því að hann sé „hennar eftirminnilegasta persóna, slægvitur og herskár, grimmur hermaður og höfðingi.“<sup>4</sup> Vissulega er Hákon eftirminnileg persóna og fær mikið rúm í sögunni en það sem

<sup>1</sup> Louis-Jensen, „Introduction,“ li–lvi.

<sup>2</sup> Dæmin sem Sveinbjörn gefur um tengsl Danavirkis og Tróju eru þessi, sbr. *Af fornum lögum og sögum*, 129: „lét hann ... svo vandlega búa um borgarhliðin að þau voru ekki auðsótt ef aftur voru byrgð,“ (sbr. *Trójumanna saga. The Dares Phrygius Version*, 7) og „...sjá Danavirki og þykir eigi vera auðveldlegt að sækja, ef varnarmenn eru fyrir,“ (sbr. *Jómsvíkinga saga*, 90).

<sup>3</sup> Sjá nánar Jón Hnefill Aðalsteinsson, *Hið mystíska X*, 211–220 og „Mannbloð í Semnónalundi og á Þórsnesþingi,“ 364–369. Jón fjallar einnig um tengsl mannbloths við sköpunargoðsögur og bendir á að slíkar goðsögur lýsi jafnan því að fyrstu mannverunni eða lífverunni hafi verið fórnað til þess að skapa heiminn líkt og raunin er með Ými í *Gylfaginningu*. Þá hafi mannbloð haft þann tilgang að líkja eftir þessu frumblóti. Þetta tengir hann til að mynda við Þórssteininn sem nefndur er hér að framan þar sem menn voru „brotnir“ og bendir einnig á að þeim mönnum sem var fórnað fyrir kristnitöku var varpað fyrir björg og þar með hafa væntanlega brotnað í þeim beinin.

<sup>4</sup> Sveinbjörn Rafnsson, *Af fornum lögum og sögum*, 102–103.

rakið hefur verið hér að framan um persónu hans gefur tilefni til að draga í efa að Jvs. sé skrifuð honum til lofs. Í fyrri hlutanum svíkur hann og drepur menn að því er virðist óverðskuldað, hann er eini heiðni maður sögunnar eftir kristnitöku, hann fórnar syni sínum og gerir samning við yfirnáttúrlegar verur og sigrar þannig Jómsvíkinga sem hafa enga yfirnáttúrlega bandamenn á sínum snærum. Þó að heiðni Hákonar sé ekki beinlínis fordæmd í sögunni eru Jómsvíkingar brennipunktur sögunnar og hann er ótvíræður andstæðingur þeirra.

Í sögunni er Hákonni ekki lýst vel beint, ekki fremur en flestum öðrum persónum sögunnar. Viðhorfið þarf þess vegna að draga saman úr allri sögunni og þess vegna er ekki ótrúlegt að tveir geti komist að ólíkri niðurstöðu. Allar gjörðir Hákonar í sögunni miða að því að komast til valda, halda völdum eða koma í veg fyrir kristnitöku. Hann er aldrei ráðalaus þegar kemur að því að ná þessum markmiðum og í flestum tilvikum nær hann þeim á óhetjulegan máta. Afrek hans eru fremur merkt slægð og undirferli en göfugri hetjuhugsjón.

## 5.2 Hetjur og víkingar

Það háir höfundi sögunnar að hann kann ekki að nefna aðra af Jómsvíkingum en höfðingja þeirra og hann gerir enga tilraun til að lýsa afrekum þeirra fyrr en í orrustunni á Hjörungavogi; fyrir bragðið verða þessir kappar ekki hugstæðari lesendum sögunnar en svo, að dauði þeirra verður varla meiri harmleikur en þótt það sé drepð á taflborði og lagt til hliðar, þar til því verður raðað upp aftur til nýs leiks.<sup>1</sup>

Taka má undir þessi orð Ólafs Halldórssonar um Jómsvíkinga. Mynd nokkurra Jómsvíkinga er þó skýrari en annara eins og Pálnatóka, Vagns Ákasonar, Sigvalda og Búa. Á hinn bóginn má líta á Jómsvíkinga sem hóp sem gegnir ákveðnu hlutverki. Það getur ekki hver sem er verið Jómsvíkingur og greining á þessu bræðralagi getur endurspeglad viðhorf og kröfur sem gerðar voru til norræna víkinga eða hermanna. Í sögunni er margítrekað að líta megi á þá sem afmarkaðan hóp. Þegar Jómsborg hefur verið byggð segir: „Þeir fara hvert sumar úr borginni og herja á ýmis lönd og fá sér ágætis mikils, og þykja vera hinir mestu hermenn, og öngvir þóttu vera nálega þeirra jafningjar í þenna tíma. Og eru nú kallaðir Jómsvíkingar héðan í frá allar stundir“ (130). Síðar í sögunni hefur hróður hópsins borist um heiminn og „er þeirra nú víða getið um veröldina“ (149). Sagan gefur þó ekki upp hvernig þeirra var getið um veröld, hvaða einkunnir fylgdu þessum fiskisögum og hvers konar ímynd hefur sprottið upp í huga þess sem heyrir af Jómsvíkingum og aldrei fást haldbær svör við slíkum vangaveltum. Aftur á móti er ástæða til að kanna hvernig þeir falla að hefðinni, hvort þeir séu á einhvern hátt sérstæðir og hvort greina megi einhvern ákveðinn ásetning í túlkun þeirra.

---

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur,“ 55.

### 5.2.1 „Vaskleikur og karlmennska“

Þegar Sigvaldi og hans menn koma til Jómsborgar í von um að fá inngöngu þurfa allir að reyna sig til þess að sanna að þeir séu þess verðir að ganga til liðs við Jómsvíkinga. Einungis helmingur liðsins stenst kröfurnar og þá kemur fram að menn þurfi að búa yfir „vaskleik og karlmennsku“ (134). Ekki er nánar getið hvað felst í þessum vaskleik og karlmennsku en þetta er látið duga til útskýringar. Hugmyndir um karlmennsku verða heldur ekki flúnar í umræðu um samfélagið innan veggja Jómsborgar. Lög Jómsvíkinga eru áhugaverð í þessu samhengi. Fátt afmarkar þessa veröld karlanna betur en lagagreinin sem tekur fram að „[a]lls engi maður skyli þar konu hafa innan borgar, og engi skyldi á braut þaðan þrem nóttum lengur úr borginni, nema Pálnatóka ráð væri til og leyfi“ (129). Hér gefur auga leið hvert hlutverk kvenna var í lífi þessara víkinga. Félagsskapur þeirra var nægur í að mesta lagi þrjár nætur í senn og ef til vill í ótilgreindum víkingaferðum þeirra.

Jvs. er ekki frábrugðin mörgum 13. aldar bókmenntum að því leyti að hún er karlasaga. Konur eru jaðarpersónur, en þó ekki ósýnilegar og hafa sín áhrif á gang mála. Sumir flokkar og undirflokkar íslenskra miðaldabókmennta eru nefndir eftir ákveðinni stöðu karlmannsins í samfélaginu: konungasögur, biskupasögur, riddarasögur, heilagra manna sögur. Við þetta má bæta að Íslendingasögur eru vissulega nefndar eftir Íslendingum en yfirgnæfandi meirihluti Íslendinganna eru karlmenn í ákveðinni stöðu og á ákveðnum aldri.<sup>1</sup> Konur, þrælar, börn, gamalmenni og ambáttir eru þar í miklum minnihluta og endurspeglar Íslendingasögurnar sjaldan alþýðulíf. Íslendingurinn er þannig tiltekin manngerð líkt og riddarinn í riddarasögum og þó að þessar manngerðir verði ekki skilgreindar í stuttu máli, þar sem þær geta verið innbyrðis ólíkar og flóknar, hefur það ekki komið í veg fyrir að tiltekinn flokkur bókmennta sé nefndur eftir þeim. Í hverjum þessara flokka er það samfélagsstaðan sem skilgreinir karlmanninn og kröfurnar til hans eru í samræmi við titilinn og stöðuna sem hann gegnir. Þessar kröfur eða hugmyndir um karlmanninn eru mismótaðar, sumar eru fastmótaðar en aðrar ómótaðri.

Það er ekki tilviljun að lýsingar á görpum Íslendingasagna eru æði oft svipaðar, þær falla að ákveðinni hefð. Þetta sést glögg ef teknar eru af handahófi lýsingar úr ólíkum Íslendingasögum. Kveld-Úlfi í *Egils sögu* er lýst svo: „Úlfr var maðr svá mikill ok sterkr, at eigi váru hans jafningar; en er hann var á unga aldri, lá hann í víkingu ok herjaði“.<sup>2</sup> Gunnar á Hlíðarenda átti sömuleiðis enga jafningja en hann var auk þess „vænn at yfirliti ok ljóslitaðr ... hárit mikit, gult, ok fór vel“ (53). Kjartan Ólafsson var „mikilleitur ok vel farinn í andliti, manna bezt eygðr ok ljóslitaðr“<sup>3</sup> en Gunnlaugur ormstunga „mikill ok sterkr, ljósjarpr á hár, ok fór allvel“.<sup>1</sup> Mikill,

<sup>1</sup> Sjá t.d. Carol Clover, „Regardless of Sex,“ 366–369 um hlutverk kvenna og karla í Íslendingasögum.

<sup>2</sup> *Egils saga Skalla-Grimssonar*, 3.

<sup>3</sup> *Brennu-Njáls saga*, 77.

sterkur, fagur og hárprúður eru eftirsóknarverðir eiginleikar. Frá þessu eru þó vitaskuld fjölmargar undantekningar þar sem fremstur í flokki fer hinn skegglausi Njáll á Bergþórshvoli sem hefur fremur vitið að vopni en eiginleg bardagavopn.

Í riddarasögum er kurteisí aftur á móti orðinn algengur eiginleiki karlmannsins, þó hana megi vissulega finna utan þess flokks, Gunnar á Hlíðarenda var til að mynda „manna kurteisast“.<sup>2</sup> Riddarinn er góður og hjartahreinn, í stað þess að „fara í víking“ fer riddarinn og „leitar ævintýra“<sup>3</sup> en mælikvarðinn á hreysti hans fólst ekki síst í færni í burtreiðum. Bardagasvið riddarans er því ólíkt því sem algengast er í Íslendingasögum þar sem menn berjast með báða fætur á jörðinni. Riddarinn er settur á stall, þeir sem hafa báðar fætur á jörðinni þurfa að líta upp til hans. Ástin á stærstan þátt í að skilgreina riddarann frá karlmönnum annarra bókmenntaflokka. Takmark riddarans var einnig að vinna ást réttu konunnar. Í bardögum og á ferðalögum getur rétta konan blásið baráttuhug í brjóst riddarans og ástin sem hann ber til hennar hvetur hann til göfugrar og hirðlegrar hegðunar.<sup>4</sup>

Í ljósi lýsinga á karlmönnum Íslendingasagna og riddarasagna mætti ef til vill ætla að íslenskar bókmenntir 13. aldarinnar lýsi mjög hefðbundnum og ákveðnum karlmenskugerðum en ef nánar er að gáð kemur í ljós að karlmennska er fjölpætt hugtak og karlmenn alla jafna flóknari persónur en svo að flokkun þeirra dugi sem lýsing. Karlmenskuhugtakið kemur fyrir í Jvs. og er ástæða til þess að kanna hvaða merkingu viðtakendur kunna að hafa lagt í það. Hugmyndir miðaldamanna eru fengnar í arf frá klassískum hugsuðum, meðal annars Aristótelesi. Hann taldi til að mynda að karlmenn væru ekki aðeins líkamlega sterkari en konan heldur einnig siðferðilega. Hann taldi þetta hið náttúrulega ástand þar eð karlkyn hverrar dýrategundar væri ætíð þróaðra og sterkara en kvenkynið.<sup>5</sup> Í Biblíunni má víða greina vangaveltur um hlutverk kynjanna og hugmyndasmiðir kirkjunnar voru áhrifamiklir. Thomas Aquinas taldi líkt og Aristóteles að það væri náttúrulegt ástand að karlmaðurinn væri æðri, þó ekki væri hægt að horfa fram hjá því að konan væri sköpun Guðs eins og karlinn og því hlyti hún að gegna mikilvægu hlutverki.<sup>6</sup> Orð Guðs í kjölfar fyrstu syndarinnar hafa einnig lagt sitt af mörkum til þess að viðhalda þessari skoðun: „En við konuna sagði hann: Mikla mun eg gjöra þjáningu þína, er þú verður barnshafandi; með þraut skalt þú börn fæða, og þó hafa löngun til

---

<sup>1</sup> *Gunnlaugs saga ormstungu*, 59.

<sup>2</sup> Sbr. *Brennu-Njáls saga*, 53.

<sup>3</sup> Sjá t.d. *Ívens saga*, 12–13.

<sup>4</sup> Um hlutverk riddarans sjá nánar t.d. Glauser, *Isländische Märchensagas*, 162–196; Keen, *Chivalry*, 6–15; um hlutverk kvenna í lífi riddarans sjá t.d. sama rit, 193.

<sup>5</sup> Bullough, „On Being a Male in the Middle Ages,“ 31; Aristóteles, *History of Animals* 608a; Aristóteles tekur þó fram að björn og hlébarði séu undantekning frá þessari reglu.

<sup>6</sup> Thomas Aquinas, *Summa Theologica*, 488–491 (Q. 92, Art. 1–2).



manns þíns, en hann skal drotna yfir þér.“<sup>1</sup> Þessir áhrifamiklu karlmenn taka þannig allir í sama streng, bæði náttúran og Guð (nema þau séu eitt og hið sama) hafa skapað karlkynið æðra.

Í íslenskum miðaldabókmenntum virðist karlmennskuhugmyndin mönnum hagleikin og þar sést glögg að þessi umræða er ekki einskorðuð við forna spekinga á meginlandi Evrópu.<sup>2</sup> Til þess benda meðal annars mýmörg dæmi úr íslenskum sögum um níð og ásakanir um ergi eða einfaldlega að karlmönnum sé líkt við konur, og er merkingin neikvæð. Ef líkingin er öfug, það er að konu sé líkt við karlmann er það á sama hátt jákvæð líking vegna þess að karlar og konur eru ekki jöfn. Það er skref niður á við í virðingu fyrir karlmenn að líkjast konum.<sup>3</sup> *Brennu-Njáls saga* er gott dæmi um þetta þar sem ítrekað er minnst á skeggleysi Njáls, og synir hans nefndir taðskegglingar, í þeim tilgangi að draga karlmennsku þeirra í efa. Skeggleysi er þó ekki hið eina sem gefur tilefni til þess að velta vöngum yfir karlmennskuhugtakinu í *Njálu* en Ármann Jakobsson hefur bent á að í sögunni sé fjölmargar ólíkar aðferðir notaðar til þess að efast um karlmennsku í sögunni. Þó er það ekki svo að sagan sé endilega gagnrýnin á ókarlmannlega eiginleika heldur sýni hún áhuga á kynjahlutverkum yfir höfuð.<sup>4</sup>

Það er rétt að kynjahlutverk og karlmennska setja svip sinn á frásögn *Brennu-Njáls sögu* og hefur hún sérstöðu hvað varðar fjölbreyttar ásakanir um skort á karlmennsku. Víðar má sjá merki þess að karlmennska var mikilvæg í íslenskum sagnaheimi og orðið ber með sér eiginleika sem eru eftirsóknarverðir. Ákveðnar dáðir eða hreystiverk geta verið dæmi um karlmennsku og má rekja nokkur dæmi því til stuðnings. Í *Flóamanna sögu* er Ingólfur Arnarson sagður „vitr maðr ok ágætr í öllum atlögum ok allri karlmennsku“ en í sömu sögu ræður Þorgils niðurlögum erfiðra drauga og þakkar Auðun honum „mikla vingan“ og „góða karlmennsku.“<sup>5</sup> Í *Bjarnar sögu Hítðelakappa*, þegar Þórður og Þorsteinn ræða um að ráða Björn af dögum, segir Þórður meðal annars að það væri Þorsteini „happ í ok karlmennska“ ef hann fengi Björn af ráðið.<sup>6</sup> Í *Fóstbræðra sögu* þykir það „skömm karlmennskunnar“ að skepja sér

<sup>1</sup> *Biblian*. Fyrsta Mósebók 2:16. Sjá einnig Jo Ann McNamara, „The Herrenfrage“, 4, sem bendir á að þessi grein hafi öðru fremur styrkt þá trú að konur hafi haft „náttúrulega“ þörf fyrir drotnun karlmansins.

<sup>2</sup> Kynhlutverk í íslenskum miðaldabókmenntum hafa verið talsvert rannsökuð, má hér t.d. nefna: Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, *Women in Old Norse Literature: Bodies, Words and Power* sem fjallar um birtingarmynd og hlutverk kvenna í veraldlegum íslenskum miðaldabókmenntum; Sif Ríkhardsdóttir hefur m.a. skrifað um kynhlutverk í samhengi við meykóngahéð riddarasagna, sjá grein hennar „Meykónghefðin í riddarasögum. Hugmyndafræðileg átök um kynhlutverk og þjóðfélagsstöðu“, 410–433; Ásdís Egilsdóttir hefur beint sjónum að konum og körlum í ólíkum bókmenntagreinum, sbr. „En verden skabes – en mand bliver til“, 245–254 sem fjallar um karlmennsku og kolbíta en konur í trúarbókmenntum eru í brennidepli í greininni „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi.“ Fyrir ágæta greiningu á körlum og konum í Íslendingasögum sjá t.d. Meulengracht Sørensen, *Fortælling og ære*, 212–248. Þá má einnig nefna ágæta rannsókn Henric Bagerius á karlmennsku og kvenhlutverkum á síðmiðöldum, einkum í riddarasögum, sjá *Mandom och mödom: sexualitet, homosocialitet och aristokratisk identitet på det senmedeltida Island*.

<sup>3</sup> Bullough, „On Being a Male in the Middle Ages“, 34.

<sup>4</sup> Ármann Jakobsson, „Masculinity and Politics in *Njáls saga*“, 191–215.

<sup>5</sup> *Flóamanna saga* 234 og 256.

<sup>6</sup> *Bjarnar saga Hítðelakappa*, 165.

sjálfur mat og þeir Þorgeir og Butraldi láta sér fremur duga „lítt vandaðan“ mat sem er borinn á borð fyrir þá en sækja sér sjálfir í eldhús.<sup>1</sup> Síðar í *Fóstbræðra sögu* spyr Þorgeir Þormóð: „Hvar veiztu nú aðra tvá menn okkr jafna í hvatleika ok karlmennsku, þá er jafnmjök sé reyndir í mörögum mannaunum, sem vit erum?“<sup>2</sup> Í *Völsunga sögu* er Völsungur sjálfur sagður „snemma mikill ok sterkr ok áræðizfullr um þat, er mannaun þotti i ok karlmennzka“ og fer hér ekki á milli mála hvað felst í karlmennsku.<sup>3</sup>

Lýsingarorðið *karlmannlegur* er enn algengara í fornum textum en *karlmennska*. Orðið er oft notað í samhengi við hreysti, afl og sterklegan vöxt. Björn Hítðælakappi var „snemma mikill vexti ok rammr at afli, karlmannligr ok sœmiligr at sjá.“<sup>4</sup> Óspakur í *Bandamanna sögu* „er mikill vexti ok karlmannligr; hann hefir brúnt hár ok stór bein í andliti, svartar brýnn, miklar hendr, digra leggi, ok allr hans vöxtr er afburðar mikill.“<sup>5</sup> Hallfreður vandræðaskáld er „mikill ok sterkr, karlmannligr ok skolbrúnn nokkut.“<sup>6</sup>

Persónur geta einnig staðið sig karlmannlega, ekki síst í bardögum. Í *Færeyinga sögu* vilja menn veita karlmannlega vörn: „Hóll einn er hér skammt frá oss, ok munu vér þangat fara allir; er þat vígi gott. Skulu vér brjóta þar upp grjótt ok veita karlmannliga vörn.“<sup>7</sup> Slíka vörn þarf einnig „ef duga skal“ í *Þorsteins þætti uxafóts*.<sup>8</sup> Í *Harðar sögu* veitti Helgi Sigmundarson einnig karlmannlega vörn.<sup>9</sup> Í *Gísla sögu* segir Gísli Eyjólfi aftur á móti að „sækja karlmannlega“.<sup>10</sup> Karlmannleg sókn var því ekki síður mikilvæg en karlmannleg vörn. Er ljóst af þessum dæmum að karlmennska var fýsileg einkunn og karlmannleg staða var æskileg öllum görpum þessara sagna.

Á 13. öldinni höfðu hugmyndir um karlmennsku aðlagast töluvert frá því sem áður var því að með tilkomu kristinnar varð til eins konar karlmenskukreppa á 11. og 12. öld. Kristni hefur þá verið fest í sessi og hinn kristni karlmaður, prestar, munkar og biskupar, falla illa að stöðluðum hugmyndum um hlutverk karlmannsins því að þeir starfa í kvenlausu rými. Vern Bullough telur að einkum þrennt hafi skilgreint karlmanninn öðru fremur.<sup>11</sup> Hann átti að geta börn, vernda þá sem voru háðir honum og sjá fyrir fjölskyldu sinni. Ef hann stóð ekki við þessar skyldur sínar gat hann átt á hættu að vera líkt við kvenfólk eða sýna kvenlega veikleika. Það

<sup>1</sup> *Fóstbræðra saga*, 144–145.

<sup>2</sup> *Fóstbræðra saga*, 150.

<sup>3</sup> *Völsunga saga*, 5.

<sup>4</sup> *Bjarnar saga Hítðælakappa*, 112.

<sup>5</sup> *Bandamanna saga*, 325.

<sup>6</sup> *Hallfreðar saga*, 141.

<sup>7</sup> *Færeyinga saga*, 33.

<sup>8</sup> *Þorsteins þáttur uxafóts*, 369.

<sup>9</sup> *Harðar saga og Hólmverja*, 71.

<sup>10</sup> *Gísla saga Súrssonar*, 111.

<sup>11</sup> Bullough, „On Being a Male in the Middle Ages,“ 34.

gefur auga leið að hinn skírlífi, kristni karlmaður fellur á karlmennskuprófinu ef mælikvarðinn helgast einkum af þessum þremur atriðum. Jo Ann McNamara bendir á að ekki hafi gengið greiðlega að sætta þessar hugmyndir karlmennskunnar að skírlífi kristinna manna.<sup>1</sup> Kynin voru jafnan skilgreind hvort út frá öðru en skírlífi hafði eðli málsins samkvæmt í för með sér skort á makanum sem skilgreindi kynhlutverkið. Hún tekur jafnframt fram að þessi hugmynd um mikilvægi kynlífsins fyrir kynhlutverk hafi verið lífseig. Fram eftir öldum hafi ekki þótt tiltökumál að prestar ættu frillur og fjöldi vændiskvenna jókst í samræmi við skort á eiginmönnum. Smám saman sneru þó kirkjunnar menn þessum hugmyndum sér í hag. Ásdís Egilsdóttir lýsir því hvernig holdið varð freisting sem þurfti að standast og þótti það bera vott um karlmennsku þrek að standast slíkar freistingar.<sup>2</sup> Ásdís dregur einnig fram hvernig kristnir menn hafi aðlagð karlmennskuímyndir hinna heilögu manna að áður fastmótuðum hugmyndum með því að nýta orðræðu hernaðar þegar baráttu þeirra við líkamlegar freistingar var lýst. Heilagir menn verðar „riddarar Guðs“ og orðin *sverð* og *stríð* eru gjarnan notuð í yfirfærðri merkingu um innri baráttu þeirra.

Þessi stutta umræða um karlmennsku á miðöldum sýnir glögg að hugtakið og hugmyndin skiptir máli. Það sýna dæmin sem rakin eru hér að framan einnig. Jvs. lýsir engum skírlífum, helgum mönnum og kristleg orðræða um karlmenskuna birtist ekki þar. Sagan er einnig að öllum líkindum eldri en sumar þær sögur sem vitnað er til hér að ofan, og því mætti spyrja hvort þessi umræða eigi nokkuð heima með greiningu á Jvs. Það má velta fyrir sér að hve miklu leyti höfundur eða höfundar Jvs. hafi velt fyrir sér, ef nokkuð, karlmennskuhugmyndum. Þessu má svara á þá lund að Jvs. hlýtur að spretta að einhverju leyti úr sama jarðvegi og önnur ritmenning á Íslandi og 12. og 13. öld. Þó margt sé á huldu um ritmenningarheim Íslands á 13. öld er ólíklegt að upp hafi sprottið, litlir, einangraðir ritunarstaðir, ósnortnir af ríkjandi menningu, menntun og hugmyndum. Það blasir við að karlmennska skiptir máli í sögu sem nefnd er eftir hópi karlmanna, nánar tiltekið hópi víkinga. Í ljósi notkunar orðanna karlmennska og karlmannlegur, líkt og hún er rakin hér að framan, er ekki langsótt að draga þá ályktun að menn sem tilheyra sérstöku víkingabandalagi hafi verið taldir karlmannlegir.

<sup>1</sup> McNamara, „The Herrenfrage: The Restructuring of the Gender System, 1050-1150,“ 7–15. Hún bendir einnig á að skírlífar konur hafi aftur á móti þótt færast nær karlmennsku með slíku líferni, sérstaklega framan af öldum en á 10. öld og síðar tekur að bera á tilhneigingu hjá klerkum til þess að staðsetja sig æðri þeim.

<sup>2</sup> Ásdís Egilsdóttir, „Með karlmannlegri hreysti og hreinni trú.“ 32–37; sjá einnig, Ásdís Egilsdóttir, „Kolbítur verður karlmaður,“ 90–91. Einar Sigurbjörnsson hefur einnig bent á að þrátt fyrir að hjónabandið sé talið mikilvægt í Biblíunni hafi áherslan á einlífi Jesú og Páls postula verið talsverð. Hreinlífi og afneitun holdsins hafi verið liður í að ná fullkomnun, sjá Einar Sigurbjörnsson, „Dýrlingar – helgir menn,“ xvi.

### 5.2.2 Riddarar, Jómsvíkingar og konur

Lýsingarnar á Jómsvíkingum sem hópi karlmannna sem býr saman á afmörkuðum stað eru einstæðar í veraldlegum íslenskum miðaldabókmenntum. Raunar minnir samfélagið í Jónsborg um margt á hugmyndir um riddaramennsku og samfélag riddara. Það skýtur mögulega skökku við að líkja víkingum við riddara en ef nánar er að gætt er hugmyndin ekki svo fjarstæðukennd. Hugmyndafræði riddaramenningar og riddarareglna er flókin og erfitt er að gera henni skil í stuttu máli. Á ensku er jafnan notað hugtakið *chivalry* um þessa hugmyndafræði í víðu samhengi en líkt og Maurice Keen bendir á hefur orðið haft ýmsar merkingar á miðöldum.<sup>1</sup> Það gat átt við riddarareglu, samfélagsstöðu eða einfaldlega hóp vopnaðra manna á hestbaki.

Keen lýsir í bók sinni *Chivalry* ýmsum hliðum þessarar menningar sem var snar þáttur evrópskrar miðaldamenningar. Hann nýtir til rannsóknar sinnar meðal annars ritgerðir um hlutverk riddarans og varðveittar heimildir um einstakar riddarareglur. Margt af því sem hann fjallar um fellur illa að heimi Jómsvíkinga, sérstaklega áherslan á ást, konur og kristna trú.<sup>2</sup> Í sumum riddarareglum var lögð rík áhersla á kristilegt líf og þess jafnvel getið í lögum þeirra að riddarar skyldu sækja messu einu sinni á dag. Trúarsíðir voru einnig samofnir inntöku riddara í regluna.<sup>3</sup> Í lögum Jómsvíkinga er ekkert minnst á Guð eða messur en tekið fram að konur séu ekki leyfðar innan veggja borgarinnar (129–130). Keen bendir á að ást réttu konunnar hafi í sumum reglum verið einkar mikilvæg og jafnvel hafi sumar riddarareglur tekið inn bæði konur og karla.<sup>4</sup> Að þessu leyti eiga Jómsvíkingar ekki samleið með riddurum, þó að sumir þeirra séu giftir er ekki um rómantíska ást að ræða og þegar konum er loks hleypt inn í borgina eftir að Sigvaldi tekur við völdum hriktir í stoðum Jónsborgar. Á hinn bóginn eru lög Jómsvíkinga og markmiðið með stofnun borgarinnar í anda þess sem þekkist úr heimi riddaramenningar. Keen bendir á að lög hafi verið veigamikill hluti hvernar riddarareglu, þó að reglur hafi verið með ýmsu móti hvað varðar hlutverk og meginverkefni þeirra hafi þær alltaf haft sín lög og reglur sem meðlimir skyldu fylgja.<sup>5</sup> Kjarninn í slíkum lögum var að riddarar skyldu vera trúir sínum leiðtoga og samherjum. Í lögum Jómsvíkinga segir meðal annars: „Hver maður er þangað réðst í þeirra föruneyti skyldi því heita fastlega, að hver þeirra skyldi hefna annars sem mötunauts síns eða bróður síns“ og „engi hlut skyldi þann bera með þeim innan borgar, er eigi skyldi Pálnatóki því öllu setja og ráða eftir því sem hann vildi“ (129–130). Svo virðist sem riddarar hafi, að

---

<sup>1</sup> Keen, *Chivalry*, 2.

<sup>2</sup> Sjá sama rit 7–15, 190.

<sup>3</sup> Sama rit, 195.

<sup>4</sup> Sama rit, 193.

<sup>5</sup> Keen, *Chivalry*, 182–184. Carolyne Larrington hefur enn fremur fært rök fyrir því að víkingalögin sem birtast í *Örvar-Odds sögu* eigi rætur að rekja til menningarheims riddarans, sbr. Larrington, „A Viking in Shining Armour?: Vikings and Chivalry in the *Fornaldarsögur*,“ 277–282; sjá einnig Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 161; *Örvar-Odds saga*, 310.

minnsta kosti í einhverjum tilvikum, þurft að uppfylla ákveðin inntökuskilyrði til þess að hljóta náð reglunnar.<sup>1</sup> Hið sama má segja um Jómsborg, til þess að ganga til liðs við Jómsvíkinga var nauðsynlegt að þreyta einhvers konar próf þó að ekki sé tekið fram hvernig það fór fram. Hluti þeirra sem sækjast eftir því að verða Jómsvíkingar þarf frá að hverfa vegna þess að þeir standast ekki inntökuprófið og hið sama gildir um riddarareglur, ekki allir karlmenn geta orðið riddarar.

Stofnun Jómsborgar minnir einnig á tilgang riddarareglna en Keen bendir á að markmið stofnunar reglu var hernaðarleg vernd tiltekins landsvæðis fyrir konung eða prins.<sup>2</sup> Æðsta syndin var föðurlandssvik og hugleysi. Jómsborg er stofnuð í þeim tilgangi að halda uppi vörnum fyrir Búrizláf konung Vindlands og bandalag Jómsvíkinga líður undir lok meðal annars vegna þess að lögin eru ekki höfð í heiðri og Sigvaldi leiðtogi þeirra gerist sekur um hugleysi. Að þessu leyti falla Jómsvíkingar vel að hugmyndafræði riddaramenningar og þegar Vagn Ákason hefur hlotið inngöngu í borgina er honum lýst sem fremri öðrum innan borgarinnar í „riddaraskap“. Torfi H. Tulinius telur að þessi eiginleiki Jvs. geti verið til marks um aukinn áhuga suðrænna hirðsiða við hirðina í Noregi og þar með hjá yfirstéttinni á Íslandi. Algengt er að rekja þýðingar elstu rómansanna til tíðar Hákonar Hákonarsonar Noregskonungs sem ríkti 1217–1263, vegna þess að hans er getið í upphafi *Tristrams sögu* þar sem fram kemur að bróðir Róbert hafi þýtt hana 1226 eftir Hákonar „befalningu“.<sup>3</sup> Sverrir Tómasson hefur þó bent á að um ritklif geti verið að ræða þegar konungum er eignuð forsögn bókmenntaverka og varhugavert sé að treysta slíkum formálum nema aðrar heimildir komi til.<sup>4</sup> Að auki koma ártöl yfirleitt ekki fyrir í upphafi sagna sem gerir þessa tilvísun grunsamlega. Hins vegar segir Sverrir jafnframt að bæði ytri og innri rök bendi til að ritun riddarasagna sé hafin í valdatíð Hákonar gamla en að *Tristrams saga*, eins og hún er varðveitt, kunni að hafa tekið breytingum frá fyrstu ritun en elstu handrit eru frá 14. og 15. öld.<sup>5</sup>

Það sem máli skiptir fyrir aldur riddarasagna og umræðuna hér er að áhrif rómönsunnar koma ekki fram í áherslu á ástir eða hirðsiði í Jvs. Keen bendir á að bókmenntir hafi sótt innblástur í riddaramenningu en að síðan hafi sú ímynd sem bókmenntir drógu upp af heimi riddarans haft áhrif á riddarareglur.<sup>6</sup> Markmið riddarareglu hafi einkum verið bundin við hernað og heiður en goðsagnakenndar frægðarferðir og áhersla á hæversku, fegurð og ást voru í forgrunni í bókmenntum um riddara. Þessa þætti nýttu riddarareglur sér til þess að upphefja

<sup>1</sup> Sjá Keen, *Chivalry*, 10. Keen vísar þar sérstaklega til miðaldarritgerðarinnar *Libre del ordre de cavayleria* um þær kröfur sem gerðar voru til riddara þegar þeir vildu ganga til liðs við reglur.

<sup>2</sup> Keen, *Chivalry*, 2 og 190–198.

<sup>3</sup> *Tristrams saga ok Ísöndar*, 28.

<sup>4</sup> „Hvenær var *Tristrams sögu* snúið?“ 56–62.

<sup>5</sup> Sama rit, 75–76.

<sup>6</sup> Keen, *Chivalry*, 190–199.

riddarahugsjónina. Af þessu má draga þá ályktun að áhrif riddaramenningarinnar í Jvs. sé bundin við hugmyndafræði riddaramenningar fremur en riddarabókmenntir.

Lög og kröfur Jómsborgar fléttast saman við hugmyndir um karlmennsku. Jómsvíkingar skulu búnir karlmenskukostum, það er eitt af skilyrðunum fyrir inngöngu í Jómsborg. Í sögunni er einnig ljóst að hugmyndin um karlmennsku getur verið vopn, stílbragð sem þekkt er víða í íslenskum miðaldabókmenntum. Þetta á ekki síst við þegar menn eru eggjaðir með orðum sem er sérstaklega beint að kyni eða kynlífi karlmannsins. Þetta gerir Vagn Ákason til að mynda þegar hann sækist eftir inngöngu í Jómsborg. Vagn er aðeins tólf ára gamall þegar hann fer með liði að heiman í þeim tilgangi að ganga til liðs við Jómsvíkinga. Pálnatóki, afi hans, er tregur til þess að leyfa honum að reyna sig en í lögnum er það tekið fram að enginn skuli vera yngri en átján og eldri en fimmtugur. Vagn stingur upp á því að heyja bardaga við Sigvalda með jafnmargt lið; ef hann sigrar hlýtur hann inngöngu en heldur ellegar á brott. Tillögu sinni lýkur Vagn með þessum orðum: „En eigi býð eg yður með minna kappi en svo, að Sigvaldi jarlsson berist við oss ef hann þorir og sé hann óragur karlmaður og hafi heldur manns hjarta en berkvikvendis“ (147). Pálnatóki mælir þá til Sigvalda og segir meðal annars: „En við það er svo er fast að skafið og fárlega, þá verður þú trautt hæfur maður af ef þú freistar eigi við þá, fyrir því að miklu er um mælt meira en þú megir undan víkjast“ (147). Sigvaldi á engra annarra kosta auðið en taka áskorun Vagns því að ásakanirnar eru svo alvarlegar. Vagn vegur að karlmennsku Sigvalda með því að gefa í skyn að hann geti bæði verið ragur og haft hjarta kvenkyns dýrs. Neðar í virðingarstigann verður vart komist. Samkvæmt fornum norskum lögum má dæma þann sem brigslar öðrum manni um að vera „berkvikindi“ til sektar, sem ber vott um hve alvarleg þessi ásökun er.<sup>1</sup> Svar Pálnatóka um að hann sé „trautt hæfur maður“ taki hann ekki áskoruninni ítrekar samlíkinguna við dýr.

Karlmennska er sem fyrr segir jafnan skilgreind út frá andstæðu sinni. Karlmenn eru bornir saman við konur og mælikvarði karlmenskunnar miðast við hefðbundnar hugmyndir um hlutverk konunnar. Konur í Jvs. eru sem fyrr segir fáar og engin þeirra leikur stórt hlutverk. Þær sem koma fyrir eiga það þó sameiginlegt að hafa nokkur áhrif á söguna. Sú fyrsta sem kveður að er sem fyrr segir Þyri Danmarkarbót og viðurnefni hennar er ekki síst til vitnis um hver staða hennar var og raunar mætti segja að Gormur eiginmaður hennar standi í skugga hennar. Hún hefur ákvörðunarvald um hjónaband þeirra. Hún ræður drauma sem verða til þess að árferði verður gott í Danmörku og sér til þess að eiginmaður hennar haldi sinni konunglegu stillingu

---

<sup>1</sup> *Norges gamle love indtil 1387*, §31:310 (stafsetning samræmd): „Ef maðr jafnar manni við berkvikindi eitthvert þá er hann sekr við hinn er hann mælti (við) jafnt kona sem karlmaðr þriggja marka rétti.“ Orðið er annars ekki algengt, tiltæk dæmi *ONP* eru úr þessari lagagrein, læknisfræði og guðfræði en það kemur aðeins einu sinni fyrir í Íslendingasögum og þá er það notað á svipaðan hátt og í Jvs. Sjá *Kjalnesinga saga*, 24–25.

þegar hann er um það bil að missa hana. Þegar Knútur sonur þeirra deyr stendur hún auk þess uppi sem sterkari einstaklingur en Gormur sem deyr um leið af harmi.

Gunnhildur konungamóðir er ef til vill ekki jafn áhrifamikil og Þyri en hún er sannarlega eftirtektarverð og viðhorfið til hennar er skýrt. Hún verður leiksoppur í ráðabruggi Haralds og Hákonar sem leika á vergirni hennar og sjá til þess að hennar hinsta hvíla verði mýri í Danmörku. Hvort sem viðtakendum sögunnar þyki hún eiga skilin þessi örlög eða ekki er ljóst að Hákon og Haraldur telja þetta makleg málagjöld. Að þessum tveimur konum frátöldum eru tvær aðrar sem leika hlutverk í sögunni en þess utan eru konur varla nema nöfnin ein. Sú fyrri er Æsa en hlutverki hennar hefur þegar verið gerð nokkur skil í 2. kafla og er hún ekki atkvæðamikil þó að hlutverk hennar sé mikilvægt í átökum Pálnatóka og Haralds Gormssonar. Æsa er auk þess hvorki stétthá né skörungur og nokkuð háð Pálnatóka. Síðari konan er Ástríður, dóttir Búrizláfs, sem verður eiginkona Sigvalda. Systur hennar, Gunnhildi, bregður einnig fyrir og er gift Sveini konungi en hefur lítil áhrif á atburðarásina. Ástríður aftur á móti er líkari Þyri að því leyti að hún rís yfir eiginmann sinn og virðist honum vitrari. Hún giftist honum einungis af skynsemisástæðum en þegar Sigvaldi biður Búrizláf um hönd hennar setur hann fram afarkosti: að eiga hana eða hann yfirgefi Jómsborg.

Ástríður setur því hagsmuni föður síns og landsins ofar eigin löngunum þegar hún segist aldrei hafa viljað giftast honum. Þessi ráðahagur verður Sigvalda síðan örlagaríkur. Stirt verður á milli þeirra Sveins konungs og hún á sinn þátt í því að koma Jómsvíkingum af stað til Noregs. Þegar Sigvaldi man ekki eftir heitstrengingum sínum í veislu Sveins bætir Ástríður úr, rekur allt sem fram hafði farið en að auki leggur hún á ráðin um það hvernig Sigvaldi og Jómsvíkingar skuli leysa úr klípunni. Sjálfur er Sigvaldi ráðalaus og spyr Ástríði: „Hvað skal nú þá til ráðs taka? ... Þú ert vitur ávallt, og muntu nú kunna nokkur góð ráð til að gefa“ (164). Hún segir honum í kjölfarið hvernig hann eigi að koma fram við Svein og hvernig hann skuli fá af honum skip og mannafla en allt fer sem Ástríður leggur til þegar Sigvaldi fylgir ráðum hennar. Ástríður er þannig eiginkonan sem er eiginmanni sínum fremri og eru slíkar konur ekki óþekktar í íslenskum miðaldabókmenntum. Þessir yfirburðir eru undirstrikaðir í lokin þegar hún spottar mann sinn þar sem hann baðar sig, nýkominn heim úr bardaganum við Hákon jarl, en henni þykir lítið á honum sjá miðað við þrekraunina sem hann hefur nýlokið: ‘Verið get eg hafa nökkura í bardaganum í liði Jómsvíkinga, er þaðan munu hafa borið raufóttara belginn en svo sem þú hefir borið, þvíáð mér þykir sjá til þess bezt fallinn að varðveita í hveitimjöl’ (204).

Þó það sé ákveðin uppreisn æru fyrir nútímalesendur að þessar örfáu kvenpersónur sem þó koma fyrir í sögunni, séu ákveðnar og eftirminnilegar mætti velta fyrir sér hvort hlutverk þeirra sé þó ekki fremur að varpa ljósi á karlmennina sem næst þeim standa, einkum í ljósi þess að

konur eru að öðru leyti fjarri sögunni og næsta óþarfar. Þó að vissulega megi túlka persónu Þyri sem dæmi um sterka konu sem er betur til þess fallin að stjórna ríki en eiginmaður hennar má einnig gera því skóna að tilvera hennar dragi betur fram persónu Gorms. Þetta á þó ekki síður við um Ástríði vegna þess að hún er hvorki fræg úr öðrum sögum né ber jákvætt viðurnefni líkt og Danmarkarbót. Ástríður er kvenpersóna í ætt við margar konur bókmenntanna sem ögra eiginmönnum sínum eða eggja þá.<sup>1</sup> Þrátt fyrir að konan fái þar með rými verður persónulýsing karlmansins um leið skýrari dráttum dregin.

Karlmaður sem er eggjaður, hvattur eða þarf að þola átölur frá eiginkonu sinni hlýtur að falla í álit. Í samanburði við aðra karlmenn sögunnar má þannig að hluta til efast um karlmennsku þeirra Sigvalda og Gorms og konurnar þjóna því hlutverki að ná fram þessum áhrifum. Í heimi þar sem karlmennskan er fólgin í því að drottna yfir konunni, vera henni æðri og hafa fulla stjórn, hlýtur karlmennskuímynd þeirra sem eru spottaðir eða lítillækkaðir af kvenfólki að skerðast að einhverju leyti.

### 5.2.3 Jómsvíkingar og hetjur

Örðugra getur reynst að skilgreina hetjur en karlmennsku, enda þótt karlmennska sé vítt hugtak líkt og greint er frá hér að framan. Þó að orðið „hetja“ sé algengt og víða notað í bókmennta-umræðu er það misvel skilgreint og auk þess getur verið lagður mismunandi skilningur í það á ólíkum tímum. Í grófum dráttum má skipta notkun orðsins nú í tvennt, annars vegar er átt við afreksmenn sem skara fram úr öðrum mönnum með að því er virðist ómannlegum styrk en hins vegar er átt við fyrirferðamiklar persónur eða aðalpersónur í sögum eða söguhetjur.<sup>2</sup> Söguhetjur geta verið framúrskarandi en þær eru þó fremur skilgreindar vegna mikillar fyrirferðar í sögum fremur en sérstakra krafta. Í fornsögum er fyrri gerðin algengari og næsta algilt að hetjur séu afburðamiklar.

Jvs. er ekki eiginleg hetjusaga í þeim skilningi að þráðurinn hverfist einkum um eina tiltekna hetju sem trónir jafnan efst í huga viðtakenda eftir lestur eða áheyrn. Aftur á móti má kalla Jómsvíkinga sem hóp, hetjur og í sögunni eru þeir meðal annars kallaðir það: „Og þó að eigi sé hér í þessari frásögn frá þeim stórvirkjum sagt, sem þeir unnu, þá er það þó alsagt, að eigi er sýnt að verið hafi meiri hetjur eða garpar en þeir Jómsvíkingar, og hyggju vér að varla hafi

---

<sup>1</sup> Jenny M. Jochens hefur m.a. fjallað um slíkar konur og bent á að konur sem eggja í konunga- og Íslendingasögum hafi alla jafna haft erindi sem erfiði. Hún telur einnig að þetta hafi verið bundið samfélagsgerð og talið hæfa fortíðinni sem þær sögur greina frá því að í Sturlungu birtist áberandi færri dæmi um slíkar konur, sbr. Jochens, „The Female Inciter in the Kings' Sagas,“ 100–119. Ein eftirminnilegasta konan sem frýjar karlmanni er Hildigunnur í *Njálu* sem lagði blóðuga skikkju Höskuldar yfir Flosa og eggjaði hann til hefnda, sbr. *Brennu-Njáls saga*, 290–291; sjá nánar, Clover, „Hildigunnr's lament,“ 15–54 og Meulengracht Sørensen, *Fortælling og ære*, 240–244.

<sup>2</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* vísa til að mynda til færslunnar um aðalpersónu ef orðinu ‘söguhetja’ er flett upp.



“fingist þeirra jamningjar“ (143). Ekki virðist af samhenginu sem þessi orð séu sett fram í kaldhæðni eða höfð í flimtingum. Þvert á móti virðist þetta sett fram í fullri alvöru og verður hér ekki efast um að Jómsvíkingar hafi í raun og sann verið hetjur. Ólafur Halldórsson telur jafnframt að höfundur Jvs. hafi verið „hliðhollur hetjum“ og dregur fram orðin um að sagan hafi stundum verið nefnd „hetjuljóð í óbundnu máli.“<sup>1</sup> Svo virðist sem ekki sé þörf á að efast um að Jómsvíkingar sem eining hafi vakið ótta og að þeim geti hafa verið hampað sem hetjum. Þegar Hákon jarl heyrir til að mynda fyrst af því að Jómsvíkingar hafi tekið land í Noregi svarar hann: „þenna munda eg sízt kjósa herinn ... þótt eg ætta um [alla að] velja, og mun nú bæði við þurfa vit og harðfengi; svo segir mér [hugur] umb“ (171).

Aftur á móti gefur sagan víða ástæðu til þess að efast um að allir einstakir Jómsvíkingar hafi verið hetjur en það veltur þó á því hvernig hetjan er skilgreind. Í grein sem ber heitið „The Problem of the Hero in the Later Medieval Period“ bendir Morton W. Bloomfield meðal annars á að ýmis vandamál tengist skilgreiningu hetjunnar og ákveðinnar tvíræðni gæti í skilgreiningum.<sup>2</sup> Þetta kemur meðal annars fram í því að þó að hetjur séu upphafnar og lofaðar birtist um leið ákveðin tilhneiging til þess að ófrægja þær. Hann telur að þetta eigi við hvort sem um ræði erlendar hetjur *Bjólfskviðu* og *Chanson de Roland* eða íslenskar hetjur *Njáls sögu*. Hetjur þessara frásagna mæta sínum ósigri – hetjulegum ósigri – með þá tilfinningu í farteskinu að þær séu sjálfar á einhvern hátt ábyrgar fyrir örlögum sínum. Þessar aðstæður sem leiða persónurnar jafnan til hetjudauða eru þannig sjálfskaparviti og þrátt fyrir að viðtakendur eigi að dást að slíkum dauðdaga verður ekki umflúin sú hugsun að endalokin hafi að einhverju leyti verið hetjunni sjálfri að kenna. Lýsandi dæmi um þetta er Gunnar á Hlíðarenda sem hefði ef til vill lifað lengur hefði hann farið úr landi í stað þess að unna Hlíðinni. Þetta minnir einnig á dauða píslarvotta; þeir deyja vegna eigin sannfæringar og vita hvert stefnir með því að fylgja sinni sannfæringu og eru dáðir fyrir vikið. Hetjur eiga þannig oftast aðdáun skilda, þær eru yfirleitt ekki upphafnar að ástæðulausu heldur vegna þess að þær skara á einhvern hátt fram úr, eru yfir meðallagi á flestum sviðum og búa yfir þeim drifkrafti sem nauðsynlegur er til þess að vekja meiri athygli og hrifningu en næsti maður.

Ef litið er til heims rómönsunnar er ákveðið hetjumynstur ríkjandi. Ung leggur hetjan upp í för, mætir ýmsum hindrunum á leið sinni sem undirstrikar karlmennsku og hetjuskap, nokkurs konar þroskaferli hetjunnar sem að lokum hlýtur virðingu, ríki og gott kvonfang að launum.<sup>3</sup> Það gefur auga leið að þessi hetja er nokkuð ólík mönnum á borð við Gunnar á Hlíðarenda, Þorgeir Hávarsson, Kjartan Ólafsson og fleiri kappa Íslendingasagna eða frægustu hetjur

<sup>1</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 52, sjá einnig Jónas Kristjánsson, „Konungasögur“, 234.

<sup>2</sup> Morton W. Bloomfield, „The Problem of the Hero in the Later Medieval Period“, 31.

<sup>3</sup> Þetta er vissulega ekki algild regla, hetjan hlýtur t.d. ekki farsæl endalok í *Tristrams sögu*.

hetjukvæðanna, Helga Hundingsbana og Sigurð Fáfnisbana. Þó má segja að kjarninn sé hinn sami, líkamlegt atgervi og kurteisi eiga þessar hetjur sameiginlegt. Eitt sem skilur að fyrri hópinn og þann síðari eru örlög hetjunnar. Í rómönsum hlýtur hetjan alla jafnan farsælan endi og dauðastundin er ekki mikilvægur hluti sögunnar. Dánarstund hetjunnar úr síðari hópnum er aftur á móti ekki jafntíðindalítil. Þær hetjur láta lífið tiltölulega ungar, í bardaga eða einvígi.

Í Jvs. er því sem fyrr segir haldið fram að Jómsvíkingar séu hetjur. Hetjuhugtakið hlýtur hér að eiga fremur við í þeirri merkingu sem á við um hetjur Íslendingasagna en hetjur rómansa. Ef þeir fáu einstöku Jómsvíkingar sem koma við sögu eru greindir með tilliti til þess hvort þeir séu slíkar hetjur eða ekki er málið flóknara. Pálnatóki til dæmis er fyrirtaks víkingur og leiðtogi en um það má deila hvort hann sé hetja. Fyrir tíð Jómsborgar á hann mikilli velgengni að fagna, hann ræður yfir miklu landi bæði í Danmörku og Englandi og allir víkingaleiðangrar hans ganga firnavel. Hann er aftur á móti ekki hetja þegar kemur að einstaka, persónulegum viðburðum. Hetja myndi ekki felast í leyni og drepa konunginn án þess að nokkur vissi. Flótti hans úr veislu Sveins, hversu vel heppnaður sem hann var, snýst helst um að bjarga eigin skinni en að sýna hetjuskap og eftir að hann hefur stofnað Jómsborg er ævi hans fremur átakalítil það sem eftir er. Lífið lætur hann auk þess ekki í bardaga heldur í elli vegna veikinda. Þar tilheyrir hann prýðilegum flokki mikilla manna sem láta lífið í elli líkt og Haraldur hárfagri, Egill Skalla-Grímsson og fleiri. Þetta eru menn sem skara fram úr með nokkrum hætti en aftur á móti er umdeilanlegra hvort megi sæma þá hetjuhugtakinu.

Sigvaldi verður enn síður kallaður hetja þó að sögumaður láti í það skína af og til að Sigvaldi sé gott hetjuefni. Þegar hann er kynntur til sögunnar er honum stuttlega lýst: „hann er maður nefljótur og fölleitur; hann var eygður manna bezt; hár var hann vexti og allsnöfurmannalegur“ (132). Í næstu setningu er bróður hans Þorkatli lýst og þeirri lýsingu lýkur með því að kalla þá bræður báða „forvitra“. Útlitslýsing Sigvalda er ekki sérstaklega nákvæm en það er ekki tilviljun að útlit augna og nefs sé tekið fram. Af persónulýsingum í íslenskum miðaldabókmenntum að dæma hafa augun táknræna merkingu. Annette Lassen hefur bent á að augun séu nokkurs konar smækkuð mynd innri persónunnar.<sup>1</sup> Þau koma upp um hinn innri mann en um leið tákna þau vald, hvort sem um ræðir útlitslýsingar konunga eða hetja Íslendingasagnanna. Sigvaldi er eygður manna best sem ætti að gefa góð fyrirheit um hans innri mann en aftur á móti gefur lýsingin á nefinu annað til kynna. Í hetjulýsingum er nefið ef til vill ekki eins mikilvægt en fyrst

---

<sup>1</sup> Sbr. Lassen, *Øjet og blindheden i norrøn litteratur og mytologi*, 17–25. Hér má einnig minnst útlitslýsingar Þræls og Þýjar í *Rígsþulu* en hann hefur hrokkið skinn og fúllegt andlit en hún niðurbjúgt nef og af samhengi kvæðisins má ljóst vera að útlitið hæfir stéttinni.

að tekið er fram að hann sé nefljótur dregur það úr gildi fagurra augnanna, þessi þversögn í andliti hans gefur til kynna það sem koma skal.<sup>1</sup>

Sigvaldi stendur sig vissulega ágætlega í ýmsum raunum en upp úr stendur þó býsna óhetjuleg frammistaða nokkrum sinnum í sögunni. Í fyrsta lagi á hann þátt í upphafi að deilum Véseta og Strút-Haralds því að hann rænir bú Véseta þegar Haraldur faðir hans neitar honum um vistir í förina til Jómsborgar. Þar með hefjast fyrrgreindar illdeilur sem draga dilk á eftir sér. Í öðru lagi er viðureign hans við Vagn Ákason næsta vandræðaleg og enda þótt Pálnatóki hafi trú á honum er öllum ljóst að niðurlæging Sigvalda er alger. Hann er talinn einna mestur kapp innan veggja Jómsborgar en hann lýtur í lægra haldi fyrir tólf ára gömlum mótherja. Í sögunni er þess enda getið að Vagn hafi einn haft virðingu af viðskiptum þeirra. Í þriðja lagi, og það sem tekur steininn úr um hetjuskap Sigvalda, er flótti hans úr bardaganum við Hjörungavog. Engin sönn hetja hefði yfirgefið samherja sína á þennan hátt.

Að þessum þremur stóru viðburðum í lífi Sigvalda frátöldum má nefna fleiri atriði sem bregða skugga á mannorð hans. Pálnatóki tekur það að vísu fram þegar hann treystir Sigvalda fyrir stjórnvelinum í Jómsborg að sumum kunni að þykja þetta hvatvís ákvörðun en Sigvalda skorti þó fæst sem til þurfi en tekur einnig fram „að alla skorti nakkvað að því sem eg hefi verið“ (151). En skjótt er ljóst að Pálnatóki ofmetur hæfileika Sigvalda líkt og fyrr er rakið. Við þetta bætist framkoma hans við Svein konung þegar hann svo gott sem rænir honum frá Danmörku og giftir honum síðri systurina í óþökk konungsins. Ofdrykkjan, óminnið og ráðprotið í kjölfarið bæta ekki úr skák en allt eru þetta atvik sem draga úr þeirri trú að Sigvaldi geti verið hetja. Drykkja er vissulega algeng í íslenskum fornsögum en óminni í kjölfar drykkju er ekki jafn algengt. Ótæpilega er drukkið í *Egils sögu* en vandræðin þar stafa fremur af ölvun og uppsölum en óminni.<sup>2</sup>

Þegar Sigvaldi flýr úr bardaganum í lok sögunnar gerir hann það með þeim rökum að hann rjúfi ekki heit sín: „eigi flýju vér fyrir mönnunum þótt vér haldim undan. Ekki strengdu vér þess heit að berjast við tröll“ (187). Það er rétt að Sigvaldi strengdi þess ekki heit að berjast við tröll en túlka má heit hans þannig að ekkert ætti að geta komið í veg fyrir að hann berjist við tröll: „Þess strengi eg heit ... að eg skal herja í Noreg fyrir hinar þriðju veturnætur með því liði er eg fæ til og hafa eltan Hákon jarl úr landi eða drepið hann ella; að þriðja kosti skal eg þar eftir liggja“ (162). Hér eru tröll ekki nefnd til sögunnar, né aðrar óvættir sem gætu skotið upp

<sup>1</sup> Lars Lönnroth hefur sýnt að í íslenskum miðaldabókmenntum sé hugmyndin um líkamann sem „spegil sálarinnar“ algeng og komi víða fyrir. Fagrir og vel vaxnir menn eru vinsælir og kurteisir en ódælir menn eru dekkri og hafa oft einhvern útlitsgalla. Hann bendir jafnframt á að algengt sé að telja þessar hugmyndir fornan germanskan arf en að rökréttara sé að rekja þær til helgiritra. Sbr. Lönnroth, „Kroppen som själens spegel – Ett motiv i de isländska sagorna“, 24–61. Sjá einnig t.d. Jan Ziolkowski „Avatars of Ugliness in Medieval Literature“, 1–20.

<sup>2</sup> Til dæmis þegar Eyvindur drepur Þorvald (*Egils saga Skalla-Grimssonar*, 125) eða þegar Egill spýr í andlit Ármóds (*Egils saga Skalla-Grimssonar*, 226).

kollinum í bardaga við Hákon jarl. Heitið hefur það markmið að koma Hákon jarli úr landi eða drepa hann. Ef Sigvalda tekst hvorugt skal hann fórna sínu eigin lífi. Þetta er því vart hægt að túlka á annan hátt en að Sigvaldi hafi rofið heit sitt en hvaða hetja yrði uppvís að slíkri hegðun?

Ekki er jafnrækilega sagt frá Búa, syni Véseta, og Sigvalda en þó er ljóst að hann er efni í hetju. Hann er sagður „svo sterkur, að menn vissu ógerla afl hans... ekki vænleiksmaður, en þó var hann vörpulegur og mikilúðlegur og garpur hinn mesti í alla staði“ (132). Þó má líta á Búa sem nokkurs konar andhetju eða skopstælda hetju. Hann er hrokafullur, hégómlegur og kotroskinn eins og sést á Íseyrarþingi þegar hann ögrar Strút-Haraldi með eiginum sem hann rændi og eggjar hann svo til bardaga ef hann þorir eða hafi dáð til og nokkurt „mannsmót“ sé í Haraldi. Ekki reynir á hvort nokkur innistæða sé fyrir þessum bardagahug í Búa því að Sveinn konungur sættir mál sem fyrir segir. Hins vegar má túlka þetta atvik sem óþarfa rosta og hégómagirnd því að Búi neitar að gefa eftir gullkisturnar frægu sem hann stal frá Strút-Haraldi og skilar með semingi klæðum Haralds. Frá því að hann stal kistunum og þar til hann deyr skilur hann gullið ekki við sig. Ekki er skýrt nánar frá ástæðu þess og ekki kemur heldur fram að hann hafi einhvern tíma þurft á þessu gulli að halda.

Búi ber einnig viðurnefnið „digri“. Ástæðan er ekki gefin en má gera því skóna að hún sé auðskilin, þó að vafi geti leikið á hvort að við sé átt að Búi sé digur um sig eða digur með sig.<sup>1</sup> Af framangreindu er þó ljóst að síðari merkingin á fullvel við en sú fyrri verður að liggja á milli hluta, í lýsingu er hann þó sagður „vörpulegur“ og því gæti viðurnefnið gilt í báðum merkingum orðsins. Í bardaganum við Hjörungavog hlýtur Búi hetjulegri endalok en Sigvaldi. Hann gengur hart fram og berst af miklu kappi. Frá því er greint að þeir sem mættu honum hafi smám saman látið undan síga því hann er „stórhöggur“ og „mannskæður“. Á Búa er ráðist um það bil sem Sigvaldi hvetur til flóttu. Þorkell miðlangur stekkur um borð hjá honum og heggur til Búa, honum að óvörum. Við höggið fer af honum vörin og tennurnar fjúka út. Viðbrögð Búa eru hégómleg: „Versna mun hinni dönsku þykja að kyssa oss ... í Borgundarhólmi, þótt vér kæmim enn þangað þessu næst“ (187).<sup>2</sup> Hann gat ekki hugsað sér að lifa við svo búið, heggur Þorkel í tvennt og hleypur fyrir borð með hvora gullkistuna í sinni hendinni. Svo virðist sem þessi endalok þyki hetjuleg því að í vísunni sem Vagn orti þegar honum er ljóst að Sigvaldi hefur flúið fjalla síðustu tvö vísuorðin um Búa: „en fyrir borð hið breiða / Búi gekk með hugrekki“. Þessi orð geta þó verið mælt í kaldhæðni því að í raun leggur Búi ekki síður á flóttu en Sigvaldi, þó að áfangastaðurinn hafi verið annar. Búi er hégómleg hetja, ekki kemur fram að honum sé

---

<sup>1</sup> Ólafur helgi bar sem kunnugt er einnig þetta viðurnefni áður en hann varð þekktur sem „helgi“. Viðurnefni hans er ekki útskýrt í *Heimskringlu* en túlkun Halldórs Laxness er engum vafa undirorpin í *Gerplu*, 191: „þessi sveinn var bleikur yfirlitum, lágur vexti en ákaflega feitur og hlaunameiri en flestir menn, svo að hann kjagaði í spori.“

<sup>2</sup> Þetta minnir á orð Helga Droplaugarsonar í *Droplaugarsona sögu*, 164: „Aldri var ek fagrleitr, lítit hefir þú um bætt,“ sem hann mælti þegar Hjarrandi hafði hoggið af honum neðri vörina.

dauðinn vís eftir höggið en hann getur ekki hugsað sér að skiljast við gullkisturnar.<sup>1</sup> Ást hans á gullinu virðist einnig hafa náð út yfir dauðann og í sögulok er talið að hann hafi breyst í orm. Í *Guðmundar sögu Arasonar* eftir Arngrím Brandsson ræður Guðmundur niðurlögum hræðilegs orms á Hjörungavogi með bæn og vígðu vatni en ekki er sá ormur nefndur á nafn eða vísað til Búa.<sup>2</sup> Hér kann þó að skína í hjátrú sem tengist örlögum Búa.

Í samanburði við Vagn Ákason skerpist óhetjuleg ímynd þeirra Búa og Sigvalda enn fremur. Vagn er trúlega sá nafngreindi Jómsvíkingur sem helst uppfyllir þær kröfur sem gera má til hetjunnar. Ólafur Halldórsson taldi sögumanninn almennt hliðhollan hetjum og að Vagn væri uppáhalds hetjan.<sup>3</sup> Líkt og Bjarni Einarsson hefur bent á er margt í æskulýsingu Vagns sem minnir á uppvöxt Egils Skalla-Grímssonar.<sup>4</sup> Vagn er í æsku býsna erfiður viðureignar og lyndir við fáa. Hann er nokkurra vetra gamall þegar honum er svo lýst: „En það er frá honum sagt, þegar er nakkvað má marka skaplyndi hans, að hann var meiri vandræðamaður í sínum skapsmunum en allir menn aðrir, þeir er þar höfðu upp vaxið. Svo var hann og í allri lýzku og í öllu sínu athæfi að trautt þótti mega um tæla“ (132). Enginn sem að honum stendur getur með góðu móti alið hann upp nema Búi móðurbróðir hans. Ólíkt Agli er Vagn hins vegar „allra manna fríðastur sjónum“. Þegar Vagn er níu ára gamall er sagt frá því að hann hafi þegar drepið þrjá menn og við tólf ára aldur: „er þá svo komið að menn þóttust trautt mega umb hræfa hans skaplyndi og ofsa. Hann gerist og svo illgerðarsamur að öngu vætta vildi hann eira“ (143). Þegar þarna er komið sögu fær Vagn þá hugmynd að halda til Jómshorgar og verða allir hans aðstandendur því fegnir. Athyglisvert er að bera saman för Vagns að heiman og för þeirra Strút-Haraldssona. Sem fyrr segir neitaði Strút-Haraldur að sjá sonum sínum fyrir vistum á leiðinni með þeim afleiðingum að þeir rændu bú Véseta. Vagn aftur á móti hafnar því að Véseti afi hans gefi honum annað en tvö langskip og hundrað manns, en allt var lið hans á aldrinum átján til tuttugu ára. Vagn ætlar sér sjálfur að afla þess sem uppá vantar í förina og gerir í kjölfarið strandhögg um Danmörku. Deila má um hvort það sé betri leið en sú sem synir Haralds fóru en alltént er engra eftirmála getið vegna þessara strandhöggva, þar virðast engir nafntogaðir jarlar eða höfðingjar hafa átt í hlut. Vagn er settur á hærri stall en Sigvaldi, sem hefði þegið vistir af föður sínum hefðu þær staðið til boða en rændi bú Véseta án nokkurrar umhugsunar um afleiðingarnar.

<sup>1</sup> Þráhyggja Búa vegna gullsins minnir óneitanlega á Egil Skalla-Grímsson sem gat ekki hugsað sér að aðrir myndu njóta silfursins sem hann átti og hans hinsta verk var að grafa silfrið sem enn er ófundið. Hér mætti jafnvel velta upp þeim möguleika hvort hér sé skopast að Agli. Við þetta má bæta að Daniel Sävborg hefur bent á möguleika þess að þessi frásögn hafi haft áhrif á *Þorskfirðinga sögu* og örlög Gull-Þóris, sbr. *Sävborg*, „Búi the Dragon: Some Intertexts of *Jómsvikinga saga*,“ 101–110.

<sup>2</sup> *Biskupa sögur* II, 129.

<sup>3</sup> Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 52.

<sup>4</sup> Bjarni Einarsson telur raunar að Vagn sé að hluta til fyrirmynd Egils, sbr. *Litterære forudsætninger for Egils saga*, 117–122; sjá nánari umfjöllun í 6. kafla.

Þegar Vagn hefur fengið inngöngu í Jónsborg breytist hann til batnaðar: „Vagn er sagt að svo gerist spakur maður og siðugur þar í Jónsborg, að engi maður var þar spakari né lystugari en Vagn Ákason né kunnir betur allan sinn riddaraskap en hann“ (150). Allt sem þurfti var reglufestan og aginn sem fylgir borgarmúrunum og lögum Pálnatóka. Þegar Jónsvíkingar halda í hinsta sinn frá Jónsborg verður sú tilfinning sterk að Vagn sé þeirra fremstur þó að Sigvaldi eigi að vera það að nafninu til. Í heitstrengingunum er það líkt og áður er getið Sigvaldi sem fer fyrstur með heit sitt og svo fylgja Jónsvíkingar koll af kolli, með þeim hætti að flestir segjast munu fylgja Sigvalda. Þegar röðin kemur að Vagni fylgir hann því fordæmi og ætlar hann að elta Sigvalda og Búa en lætur ekki staðar numið þar heldur bætir um betur og strengir þess einnig heit að komast í rekkju Ingibjargar dóttur Þorkels leiru án „hans ráði og allra frænda hennar“ áður en hann snýr aftur til Danmerkur. Við þessa heitstrengingu uppsker Vagn hrós frá Sveini konungi sem telur hann þarna hafa sýnt að hann sé fremri öðrum mönnum um vaskleik og kurteisni (163–164).

Framganga Vagns í Noregi undirstrikar þessa ímynd hans. Þegar þeir taka land í Noregi og fram að bardaganum sjálfum er helst lögð áhersla á Vagn í frásögninni og Sigvalda, sem þó er fyrir liðinu, bregður lítt fyrir. Í upphafi bardagans við Hákon og hans lið er sagt frá Úlfi nokkrum sem hafði vegna afarkosta gengið til liðs við Jónsvíkinga eftir að þeir komu til Noregs. Þegar hann sér hve mikið lið Hákon hefur ætlar hann að flýja og synda til lands. Vagn launar honum hugleysið með því að skjóta hann til bana. Í bardaganum sjálfum stýrir Vagn því skipi sem Eiríkur jarlsson mætir og milli þeirra tveggja verður „snörpust orrusta“. Vagni er lýst um borð á hetjulegan máta, höggvandi á báðar hendur þannig að margir menn hljóta mikinn skaða. Hæst ber þó líklega hetjuímynd Vagns í kjölfar þess að Sigvaldi leggur til að þeir flýi allir. Vagn svarar Sigvalda fyrst með vísu og kallar hann „fnauða“ og skýtur í kjölfarið spjótum í átt að honum en fer mannvillt og hlýtur sá maður bana. Spjótinu fleygði hann með þeim orðum að Sigvaldi skuli fara „manna armastur“. Flóttinn vekur þannig frekari eftirtekt vegna orða Vagns og heigulsháttur Sigvalda er augljós. Vagn tekur þá völdin og með honum er Björn breski og áttatíu menn. Vagn telur aðeins tvennt í stöðunni, vera handtekinn um borð í dagrenningu eða halda til lands og gera jafnillt og þeir mögulega geta. Aðeins síðari kosturinn kemur til greina í huga Vagns. Þeir eru þá orðnir svo þrekaðir og kaldir að þeir eiga ekki viðreisnar von þegar Hákon og menn hans finna þá um morguninn og handtaka þá.

Í umræðu um hetjur fornsagna, hvort sem það eru Íslendingasögur, hetjukvæði eða annað, fléttast umræðan um hetjuna jafnan saman við hetjudauða. Hetjur sem ekki deyja hetjudauða minna þannig fremur á þær hetjur rómansanna sem hljóta farsæl ævilok. Þar er Vagn í raun enn sambærilegur við Egil Skalla-Grímsson sem eftir sín helstu afrek utanlands heldur sig heima við

og deyr í elli. Þó að síðari hluta ævi Vagns sé ekki lýst er greint frá því að hann fari heim til Fjóns og „réð þar fyrir lengi síðan og þótti vera hinn mesti afreksmaður, og er margt stórmenni frá honum komið“ (203). Aftur á móti stendur Vagn fullkomlega við heit sín því að hann barðist við Hákon jafnlengi og hann mögulega gat en auk þess hafði hann Ingibjörgu, dóttur Þorkels leiru, með sér heim til Danmerkur og stendur þannig við síðari hluta heitsins einnig. Þannig skákar hann Sigvalda á allan mögulegan máta.

Þetta gildir raunar um fleiri Jómsvíkinga í smærri hlutverkum, sum atvik sögunnar virðast hafa þann tilgang einan að sanna hetjuskap þeirra. Má hér nefna dæmi af því þegar Pálnatóki og Björn hinn breski þurfa að flýja með lið sitt í skyndingu úr erfinu hjá Sveini og fellur ekki nema einn úr liði þeirra. Björn hættir þá lífi sínu, snýr aftur inn í höllina og nær í þennan eina, jafnvel þó að hann sé líklega dauður, og ber hann með sér til skips. Óhugsandi er að skilja liðsmanninn eftir í höndum óvinanna og er greint frá því að þetta hafi Björn unnið „mest til ágætis sér“ (126). Björn hinn breski er annars aukapersóna, hans er víða getið í sögunni en frá afrekum hans er lítið greint. Hið sama má segja um enn minni aukapersónu, Áslák hólmskalla, sem fylgir Búa í förinni til Noregs en er sagður berjast við hlið Vagns. Áslákur hefur sverð í hvorri hendi og höggur „svo má að kveða“ og berst þar að auki hjálmlaus. Andstæðingar hans sjá þar leik á borði og höggva sem mest þeir mega í skalla hans en ekkert bítur á, hvorki sverð né exi. Það er ekki fyrr en nefsteðji er settur í höfuð hans sem hann dettur niður dauður. Um nóttina, að bardaga loknum, er annarri örstuttri frásögn skotið inn og virðist hafa svipaðan tilgang. Í röð manna Hákonar, sem þá eru að binda um sár sín, fellur skyndilega maður að nafni Guðbrandur hvíti vegna þess að ör kemur fljúgandi af skipinu sem Búi fór fyrir. Í dagrenningu halda menn út á skipið til að kanna hver væri þar ábyrgur og finna mann, rétt á lífi, sem segist heita Hávarður höggvandi og eru báðir fætur af höggvir við hné. Hann spyr hvort einhver hafi orðið fyrir sendingu sinni og kemur í ljós að hann hafði ætlað örina Hákonni sjálfum en sættir sig við að hafa þó náð einhverjum. Ekki er nánar lýst hvernig fótalaus maður hefur farið að því að skjóta mann með ör úr nokkurri fjarlægð svo að hann hafi bana af en auðvelt að að ímynda sér að slíkt hafi verið talið til hetjudáða. Menn Hákonar drepa Hávarð undir eins og tilkynna svo Hákonni verknaðinn með þeim orðum að þar hafi enginn „meðalfárbauti“ verið á ferð.<sup>1</sup> Persónur sem annars njóta ekki mikillar athygli eru í sviðsljósinu í skamma stund ef þær fremja hetjudáðir sem styrkir framangreind orð Ólafs Halldórssonar um að höfundur sé hliðhollur hetjum. Hetjuímyndin sem birtist þegar einstakir Jómsvíkingar eru greindir ber með sér að hugtakið er flókið og erfitt er að skilgreina menn sem annað hvort hetju eða ekki.

<sup>1</sup> Orðið *meðalfárbauti* er stakdæmi en hér er vafalaust vísað til föður Loka sem var talinn til jötna.

#### 5.2.4 „Eitt sinn skal hver deyja“

Hugmyndin um Jómsvíkinga sem hóp fellur á hinn bóginn vel að fornri hetjuhugsjón, það er hetjan sem óttast ekkert, allra síst dauðann. Þetta birtist skýrast í lokaköflum sögunnar, ef þeir eru túlkaðir sem birtingarmynd hetja. Þó að Vagn Ákason hljóti ekki hetjudauða skína margir einstakir Jómsvíkingar skærast þá. En það er ekki endilega dauðinn sjálfur sem vekur athygli eða aðdáun heldur fremur orð þeirra áður en þeir deyja. Orð sem sýna að þeir óttast ekki dauðann fremur en annað. Fjölmargar slíkar dauðastundir má finna í bókmenntunum. Dauðastundina kallar Bjarni Guðnason helstu „hetjuskuggsjá“ fornsagnanna því að þar beinast sjónir að manngildinu.<sup>1</sup> Enn fremur bendir Bjarni á að hin sanna hetja bjóði dauðanum birginn, aflinu sem flestir menn óttast en að orðstírinn sé „eina haldreipi mannlegrar reisnar á banastundinni.“ Þeir Jómsvíkingar sem vart eru þekktir fyrir annað en að vera Jómsvíkingar, til dæmis þær persónur sem eru varla nema nafn eða jafnvel nafnlausar, leggja sig fram um að tapa ekki orðsporinu sem þeir hafa öðlast í þessu bandalagi. Um þetta vitnar hin alræmda aftaka í lok sögunnar. Þar fá nafnlausir Jómsvíkingar í fyrsta sinn orðið og tala frá eigin brjósti. Ljóst er að þeim er í mun að halda sínum orðstír þó að Sigvaldi leiðtogi þeirra hafi ekki gert slíkt hið sama. Jómsvíkingar sem heild hljóta þannig örlög sem falla vel að ímynd þeirra.

Þeir Jómsvíkingar sem falla í aftökunni ná í henni fullkomnun hetjunnar, í hetjudauðanum. Bjarni Guðnason greindi fjögur stig í sögumynstri hetjudauðans í Íslendingasögum og nýtir til greiningarinnar frásagnir af 16 frægum köppum. Í mynstrinu telur hann upp fjögur stig sem leiða að dauðanum: vörun, aðför, vörn og fall. Til fyrsta stigsins teljast til dæmis draumar eða forspá, aðvaranir sem alla jafna eru hunsaðar. Á öðru stigi fara óvinir að hetjunni í þeim tilgangi að granda henni, á þriðja stigi verst hetjan frækilega en á við ofurefli að etja og á því fjórða fellur hún. Fallið getur verið hvort tveggja í senn hátindur og sögulok. Frá þessu mynstri eru vitaskuld frávik, *Njáls saga* er til að mynda ekki öll þegar Gunnar fellur þó að hetjudauði hans falli vel að þessu mynstri. Þá má einnig segja að vanti vörunina í falli Þorgeirs Hávarssonar svo eitthvað sé nefnt. Ef aftaka hinna nafnlausu Jómsvíkinga er greind sem hetjudauði að hætti Bjarna eru síðari tvö stig sögumynstursins mun skýrari en fyrstu tvö. Vörunin er ef til vill ekki augljós þó að teikn séu á lofti þegar Jómsvíkingar halda til erfisins hjá Sveini og orðrómur er uppi um að sú för væri óráðleg. Liggur á milli hluta hvort áhyggjurnar hafi verið orðaðar beint við Jómsvíkinga eða hvort þær hafi aðeins tilheyrt almannarómi en í þeim felst ákveðin vörun. Annað stigið er annars konar því að í raun er aðförin í höndum Jómsvíkinga en ekki Hákonar og hans liðs. Það er yfirnáttúruleg íhlutun sem leikur lykilhlutverkið á þessu stigi og snýr bardaganum Hákonu í hag. Vörn Jómsvíkinga og fall þeirra, það er að segja þess hluta

---

<sup>1</sup> Bjarni Guðnason, „Sögumynstur hetjudauðans,“ 97.



Jómsvíkinga sem deyr í aftökunni, fellur vel að mynstrinu. Þeir mega sín lítills gegn hagléli Þorgerðar en berjast sem mest þeir mega, kaldir og hraktir. Þeir gefast ekki upp fyrr en þeir eiga enngar undankomu auðið og lenda í höndum Hákonar. Aftakan er ákveðinn hápunktur og sannarlega markar hún sögulok því að henni lokinni er ekki eftir nema að greina frá örlögum helstu persóna í stuttu máli og þar með lýkur sögunni.

Aftakan verður sérstaklega minnistæð vegna hinstu orða Jómsvíkinga. Hetjur fá oftast en ekki orðið rétt áður en þær láta lífið, eða jafnvel stuttu eftir andlátíð líkt og Gunnar á Hlíðarenda sem yrkir eftirminnilega úr haug sínum. Áhrifamikil er frásögnin í *Völsunga sögu* þegar Hjördís hefur uppi á Sigmundi Völsungssyni á vígvellinum og hann ræður henni heilt og spáir fyrir um son þeirra sem hún ber undir belti áður en hann dregur andann hinsta sinn í fangi hennar.<sup>1</sup> Í bókmenntum er dauðinn hetjunni mikilvægur og það rúm sem aftakan hlýtur í Jvs. ber þess glöggt merki. Menn sem eru nafnlausir, og persónur þeirra merkingarlausar nema sem hluti af heild, tjá sig í beinni ræðu sem hefur þann tilgang að skerpa hetjuímynd Jómsvíkinga.

Aftakan byrjar raunar ópersónulega og ekki er greint frá því hverjir lenda fyrstir undir öxinni því að Þorkell leira, böðull Hákonar, telur að yfirleitt dugi þrjár aftökur til þess að mönnum bregði. Hann heggur því höfuðið af þremur mönnum og spyr svo Hákon hvernig viðbrögðin hafi verið, en hann vottar að engum hafi brugðið nema þá ef til vill Þorkatli sjálfum. Frá og með fjórða manni spyr Þorkell hvern og einn hvernig þeir hyggi til andlátsins. Fyrstu svörin falla nokkuð vel að sögumynstri hetjudauðans. Óttinn er enginn, viðhorfið æðrulaust. „[Þ]að mun mér verða sem mínum föður, að eg mun deyja“ segir einn og í svipaðan streng tekur sá sem segir „eitt sinn skal hver deyja“. Annar dregur fram áherslu á orðstírinn: „[m]ér þykir gott að deyja ...við orðstír góðan; en þér er skömm að lífi þínu, þvíáð þú munt lifa við skömm og klæki meðan þú lifir.“

Þegar líður á aftökuna verða svörin fyndnari og grófari. Óhætt er að gera ráð fyrir að Jómsvíkingurinn, sem er svo vandur að hári sínu að hann biður um að því sé hagað þannig að ekki slettist blóð á, veki kátínu. Ekki er síðri sá sem hefur buxurnar á hælunum og „hélt á félagu sínum“ hristir hann og segir: „margt verður annan veg en maðurinn ætlar fyrir sér, þvíáð það hafða eg ætlað að þessi félagi minn skyldi nær koma Þóru Skagadóttur, konu jarls, og skyldi hún hann fóstra og í rekkju hafa hjá sér“ (197). Aftakan er einnig grótesk, við hver lokaorð Jómsvíkings er höfuðið hoggið af hratt og örugglega. Verra er þegar einn þeirra fer fram á að öxin komi fyrst á hann að framan svo að hann líti ekki út sem sauður en ekki síður til þess að kanna hvort honum brygði við, því að það höfðu þeir Jómsvíkingar oft rætt, „hvort maður mundi

<sup>1</sup> *Völsunga saga*, 29. Gróteskari ummæli líkt og þau sem Jómsvíkingar mæla í aftökunni minna þó fremur á til dæmis síðustu orð Atla í *Grettis sögu* þegar hann stendur með spjótið í gegnum sig og mælir „tíðkast nú hin breiðu spjótin“, *Grettis saga*, 146.

nokkuð bregða sér við, ef höggið væri í andlit honum“. Kaldhæðnin skín úr frásögninni þegar Þorkell reiðir til höggs: „Svo er sagt að þeir sæi hann ekki blöskra við, nema þá er dauði færðist í augu honum, þá dregur saman augun, sem oft kann verða þá er menn andast“. Gróteskari er aftaka hins hárrúða því að þegar hann heyrir hvininn frá öxinni, hnykkir hann höfðinu til með þeim afleiðingum að böðullinn heggur hendur við olnboga af hirðmanni sem hafði verið fenginn til þess að halda hárinu frá. Húmorinn tekur enn völdin, því að sá hárrúði rís á fætur og segir: „Hver á sveina ... hendur í hári mér?“

Þessa aftöku mætti túlka á þrjá vegu. Líta má á aftökuna sem „hetjuskuggsjá“ svo gripið sé aftur til líkingar Bjarna Guðnasonar. Jómsvíkingar sem heild eru hetjur og það endurspeglast í þessari aftöku því að þeir blikna ekki gagnvart dauðanum heldur mæta honum af hversdagslegu kæruleysi. Þessi afstaða fellur vel að orðstír þeirra eins og greint er frá honum fyrr í sögunni þegar segir: „þá er það þó alsagt, að eigi er sýnt að verið hafi meiri hetjur eða garpar en þeir Jómsvíkingar“ (143). Á hinn bóginn er aftakan ýkt og áherslan í tilsvörum Jómsvíkinga er skopleg. Hér gæti því einnig verið að ætlunin sé að skopast að hetjuhugsjóninni og hetjudauðanum með íróníu. Hin gróteska áhersla og ædruleysi Jómsvíkinga minnir enn fremur á píslardauða. Þó er vitaskuld sá reginmunur að yfir dauða píslarvotta ríkir ekki léttleiki og seint hrytu gamanyrði af vörum þeirra andspænis dauða sínum. Hins vegar hefur dauði píslarvotta æðri tilgang og þeir deyja fyrir málstaðinn í stað þess að gefast upp eða flýja af hólmi. Ekkert er því til fyrirstöðu að viðtakendur sögunnar hafi getað túlkað aftökuna með öll þessi atriði í huga: gróteskan dauða píslarvotta, írónískan hetjudauða eða jafnvel endalok í fullkomnu jafnvægi við hetjuhugsjónina.

### 5.2.5 Víkingar og hermenn

Hér að framan hafa Jómsvíkingar einkum hlotið athygli sem hetjur. Ef til vill væri rökréttara, og mörgum þætti það ef til vill liggja í augum upp, að fjalla um þá sem víkinga. Fá hugtök eru jafn samofin umræðu um miðaldir í Evrópu og víkingurinn. Á síðustu árum eða áratugum hefur þetta hugtak orðið sérlega áberandi í fræðimennsku, dægurmenningu og markaðssetningu á flestu því sem byggir á einn eða annan hátt á sagnaarfi Norður-Evrópu.<sup>1</sup> Flest það sem má rekja til

---

<sup>1</sup> Sem dæmi má nefna bækur sem hafa orðið í titli sínum og hugtakið á að ná á breiðan hátt yfir alla norræna menn á ákveðnu tímabili, í sviga eru lýsingar bókanna af kápu eða úr auglýsingum: Jesse Byock, *Viking Language* (introduction to Old Norse and Icelandic); Neil Price, *The Viking Way* (examines the evidence for Old Norse sorcery); Nancy Mary Brown, *Song of the Vikings* (brings to life Snorri Sturluson, wealthy chieftain, wily politician, witty storyteller, and the sole source of Viking lore for all of Western literature). Í formála bókarinnar *The Vikings and the Victorians*, xi–xii lýsir Andrew Wawn þessu vandamáli ágætlega þegar hann tekur fram að með réttu merki titillinn: „Some Vikings (Not real ones, mind you, but romantic reconstructions based on philologically primitive sources) and Some (though it is hard to interrogate the silence and judge how many) Victorians (with selective contextualising reference to pre- and post-Victorian events, texts and individuals within and beyond the British Isles).“

bókmennta Íslands, Svíþjóðar, Danmerkur, Noregs og Engilsaxa má tengja víkingahugtakinu. Af fjölda fræðirita, bíómynda, sjónvarpsþátta, myndabóka og skáldsagna sem byggir á þessum arfi og setur víkinginn sem miðdepil mætti ætla að ritaðar sagnir segðu frá fáu öðru en víkingum og þeirra daglega lífi. Þessi áhersla skýtur skökku við ef litið er til íslenskra miðaldertexta. Víkingar eru ekki meginhugðarefni þessara sagna. Jvs. er eina varðveitta sagan sem hefur víkinga í titli sínum og þó er áherslan þar ekki augljóst eingöngu á víkinga. Mynd víkingsins sem tiltekinnar manngerðar verður til að mynda ekki jafnskýr og mynd konungsins verður í konungasögum.

Anthony Faulkes bendir á að erfitt getur reynst að skilgreina orðið *víkingur*. Það kemur víða fyrir í elstu íslensku textum, bæði prósa og kvæðum, og á við um þann sem „fer í víking“.<sup>1</sup> Almennt telur Faulkes að smám saman fái orðið neikvæða merkingu og fordómar hafi fylgt því, víkingar eru óvinir og heiðnir menn frá Skandinavíu. Af niðurstöðum við uppflettiorðið „víkingr“ í *ONP* er ljóst að í elstu ritum, einkum trúarlegum, hefur orðið neikvæða merkingu og víkingar spyrtil saman við hermenn og ribbalda. Í *Morkinskinnu* nær orðið meðal annars yfir íslamska sjóræningja sem berjast við Sigurð Jórsalafara.<sup>2</sup> Faulkes telur að á síðari öldum hafi sagnfræðingar tekið að nota þetta orð almennt um menn frá Skandinavíu á víkingaöld (793–1066). Óvíst virðist þó hvernig sú þróun varð. Hann tekur einnig fram að það að kalla landnámsmenn á Íslandi víkinga sé í raun þversögn, í þrengstu merkingu orðsins „víkingur“, því að sá sem er „landnemi“ er ekki „í víking.“ Þannig eru litlar líkur á að flestar persónur Njálu eða þeir sem settust að í Jórvík hafi kallað sig víkinga eða samsamað sig þeim þó að ýmsir geri það nú. Faulkes virðist telja að þetta gildi um sagnfræðinga almennt og vísar ekki til neinna tiltekinna. Hann fylgir síðan sjálfur fordæmi þessara sagnfræðinga þegar hann fjallar um persónur íslenskra sagna, til að mynda Íslendingasagna, sem víkinga þegar hann segir: „Many of the Icelandic sagas are about vikings“.<sup>3</sup>

Algennt er að ungir karlmenn íslenska sagnaheimsins „fari í víking“. Misjafnt er hversu vel þeim er fylgt eftir þegar þeir halda af stað en þetta virðist öðrum þræði eins konar mannvígsla, svipuð því þegar riddarar halda í frægðarferðir sínar.<sup>4</sup> Þrátt fyrir það er áherslan ekki á almennt líf víkingsins heldur einstaka atburði, sem oftast en ekki hafa fremur persónulega merkingu. Greint er frá einstaka atburðum og sjónarhornið er einatt persónulegt. Samskipti Íslendinga og konunga eða jarla eru oft í forgrunni þegar haldið er í víking. Algennt er að greina hlutlaust frá

<sup>1</sup> Faulkes, „The Viking Mind or in Pursuit of the Viking“, 47.

<sup>2</sup> *Morkinskinna* II, 76. Í sögunni er einnig sagt frá því þegar Magnús berfættur „ruddi land sitt víkingum ok illþýðisliði“, sbr. *Morkinskinna* II, 39. Víkingar í *Morkinskinnu* eru þannig andstæðingar og illmenn.

<sup>3</sup> Faulkes, „The Viking Mind or in Pursuit of the Viking“, 53.

<sup>4</sup> Sjá t.d. Meulengracht Sørensen, *Fortælling og ære*, 224–226.

víkingaferðum, þær afla mönnum frægðar og tekna, en ránum og strandhöggum sjaldan lýst náðið.

Í sumum tilvikum hverfur sögupersóna af sögusviðinu þegar hún fer í víking en í öðrum, sérstaklega ef um er að ræða aðalpersónu, er henni fylgt eftir í víking. Í *Egils sögu* fer Egill í nokkrar víkingaferðir með Þórólfi bróður sínum og síðan Arinbirni. Ferðunum er oftast lýst í stuttu máli, hvert þeir fara og hve lengi. Stundum eiga þeir friðland þar sem þeir koma en annars staðar herja þeir og ræna.<sup>1</sup> Þó er sjaldan lýst í smáatriðum hvernig hernaðurinn fer fram en bardagar Arinbjarnar og Egils í Fríslandi eru undanteking. Tilgangurinn virðist þó einkum að leggja áherslu á ótrúlega krafta og atgervi Egils. *Egils saga* er raunar mjög skýrt dæmi um birtingarmynd víkingalífsins. Víkingar, að fara í víking, hernaður og rán tilheyra útlöndum. Á Íslandi er Egill ekki víkingur í þeim skilningi heldur friðsamur og virðingarverður bóndi og skáld.

Miklu stærri að vöxtum en sögur af víkingaferðum eru nákvæmar frásagnir af illdeildum og vandræðum á Íslandi meðal ættmenna, nágranna, vina og óvina. Þar á víkingahugtakið illa við og sögurnar nefna þessa menn ekki víkinga. Af þessum sökum eru greinargóðar lýsingar af víkingnum fáar nema þegar sögusviðið er utan lands.<sup>2</sup> Því fer fjarri að bókmenntirnar lýsi landnámsöld á Íslandi sem samfélagi víkinga, í víking var ekki farið nema með því að halda úr landi og í Íslendingasögum er afar sjaldan sagt frá því að víkingar séu á Íslandi.<sup>3</sup> Þess vegna virðist nærtækara að bera víking saman við starfsheiti eða hlutverk. Af íslenskum sögum er ljóst að það er valkvætt að fara í víking en ekki hæfileiki sem er meðfæddur. Þannig má greina víkinginn frá hetjunni, hetjan er fædd hetja. Hetjan getur orðið víkingur en það þarf ekki endilega að vera öfugt. Egill Skalla-Grímsson fer sannarlega í víking, enda snemma talinn af móður sinni gott efni í víking, en hann er ekki aðeins víkingur. Hann er skáld, mikill maður, erfiður maður, faðir og svo framvegis. Víkingur er ekki hugtakið sem ber hæst af þessum.

Ónafngreindir Jómsvíkingar verða seint skilgreindir annað en víkingar, á svipaðan hátt og ókunnugir lögreglumenn verða ávallt skilgreindir eftir starfsheiti sínu af þeim sem ekki þekkir þá persónulega. Mynd þeirra sem greint er nánar frá af Jómsvíkingum verður þó stærri. Víkingar verða í þessu samhengi einhliða hópur sem erfitt er að skilgreina sem annað en hermenn. Fleiri dæmi má finna um þetta. Í 30. kafla *Njáls sögu* er sagt frá ferðum þeirra Kolskeggs og Gunnars sem fara eitt sumar til Rafala og mæta þar víkingum. Bardaga milli þeirra og víkinganna er lýst stuttlega og lið Gunnars og Kolskeggs hefur sigur og taka þeir í kjölfarið upp allt fé víkinganna.

---

<sup>1</sup> Á Hallandi telur Þórólfur til dæmis ekki ástæðu til að herja því að það land er ekki auðugt og því hafa þeir friðland þar; þá höfðu þeir þegar herjað í Austurvegi, sbr. *Egils saga Skalla-Grímssonar*, 120.

<sup>2</sup> Sem dæmi má nefna Kol í *Brennu-Njáls sögu*, 198–200.

<sup>3</sup> Sjá þó viðureign Snorra goða við Hrafn víking, *Eyrbyggja saga*, 162 og 166–168.

Af samhenginu virðist sem hugtakið eigi ekki við um Gunnar og Kolskegg. Hið sama má segja um bardaga Njálssona við víkinga í 83.–84. kafla *Njálu*. Víkingar eru í þessu samhengi óvinir þeirra. Af þessum dæmum sem tekin eru af víkingum Íslendingasagna má því draga þá ályktun að viðtökur þeirra á ritunartíma séu ólíkar þeirri sem markaðsvæðing víkingsins hefur haft í för með sér á síðustu árum.

Sögur sem segja af víkingum og eru ritaðar á Íslandi eru þannig ópersónulegar og fjarlægjar. Þær kunna að hafa vakið aðdáun en sorgin, reiðin og óttinn sem hefur vafalaust fylgt nálægð við víkinga er órafjarri á svipaðan hátt og fréttir af mannfalli í fjarlægum löndum hafa jafnan lítil áhrif á daglegt líf Íslendinga. Af þessum sökum er eðlilegt að Jómsvíkingar birtist á þennan hátt. Með ópersónulegum lýsingum er auk þess auðveldara að skemmta sér yfir þeim, þó að mannfall sé mikið og bardagar gróteskir er frásagnarhátturinn yfirborðskenndur, snarpur og laus við smáatriði eða dóma og því auðvelt að leiða óhugnaðinn hjá sér og skemmta sér heldur. Þeir eru hópur ótalausra, hraustra bardagamanna sem í nafni nafnleysis eru gott söguefni og verðugir andstæðingar.

### 5.3 Samantekt

Persónur íslenskra miðaldabókmennta eru jafnólíkar og þær eru margar. Mörg einkenni má þó finna sameiginleg ýmsum persónum þvert á bókmenntagreinar sem hljóta að endurspeglaríkjandi bókmenntahefð og mögulega ólíka afstöðu höfundar til hennar. Í Jvs. má til að mynda greina viðhorf til karlmennsku sem fellur vel að fleiri 13. aldar bókmenntum; ljóst er að karlmennska var ákveðinn mælikvarði. Sagan varpar ljósi á það að erfitt getur reynst að greina hetjuhugsjón og að mörkin milli íróníu og alvöru geti verið óljós.

Persónusköpun í Jvs. má í grófum dráttum skipta í tvennt. Annars vegar birtast nafngreindir menn sem hafa áhrif sem einstaklingar innan sögunnar og hins vegar sviplausir menn sem eru ekki annað en hluti af heild. Allar tilheyra persónurnar einhverjum flokki manna, ef þær eru ekki Jómsvíkingar þá konungar, höfðingjar, jarlar, konur. Persónum Jvs. er ekki lýst af jafnmikilli list og mörgum eftirminnilegustu persónum íslenskra miðaldabókmennta en þeir vekja viðbrögð og tilfinningar. Það er auðvelt að fordæma Sigvalda og hampa Vagni. Pálnatóki hlýtur samúð og virðingu. Hákon jarl er illa liðinn og Haraldur Gormsson niðurlægður. Mynd Sveins konungs er tvíþætt, sem konungur nýtur hann virðingar en sem maður ekki. Að þessari niðurstöðu kæmist enginn nema að lýsingar sögunnar gæfu tilefni til. Greining á persónum sögunnar leiðir í ljós ásetning og ætlun, hverjir hljóta velþóknun höfundar og hverjir ekki. Viðtakendur eiga að draga þessar ályktanir. Sigvaldi á ekki að hljóta inngöngu í hóp mikilla hetja íslenskra sagna, Haraldur Gormsson á ekki að virðast göfugur og kristinn konungur, Hákon jarl á að vera vargur í véum. Þetta er ekki tilviljanakennd persónusköpun, hún þjónar tilgangi og skapar, eða skerpir, skoðanir

á mönnum. Birtingarmynd persóna í sögunni hlýtur þannig að tengjast viðhorfi höfundar og þess umhverfis sem hann tilheyrði. Það er of langt gengið að kalla söguna andsnúna konungsvaldinu. Hún sýnir fremur að þeir sem valdið hafa eru ekki ósnertanlegir heldur höfðu menn leyfi til þess að segja sögur sem sýndu þá í slæmu eða skoplegu ljósi.

## 6 Bókmenntategundir og Jómsvíkinga saga

Í samanburði við margar aðrar 13. aldar sögur hefur Jvs. verið vanrækt af fræðimönnum og lítið lesin. Ástæðu þess má að einhverju leyti rekja til flokkunar íslenskra miðaldabókmennta í *tegundir* eða *greinar* á síðari öldum.<sup>1</sup> Kerfið í sinni núverandi mynd varð til löngu eftir að sögurnar voru fyrst skrifaðar, þó að vissulega megi finna vísbendingar um flokkun á miðöldum eins og Möðruvallabók og fleiri handrit benda til.<sup>2</sup> Ef umræða um greinar bókmennta (*genre*) og Jómsvíkingasögu er könnuð verður niðurstaðan gjarnan sú að sagan beri þræði sem megi tengja einkum til konungasagna og fornaldarsagna en að einhverju leyti til Íslendingasagna að auki.<sup>3</sup> Þegar sú gerð sögunnar sem varðveitt er í AM 291 4to var fyrst rituð hefur höfundur (eða höfundar) hennar ekki viljandi samið hana með ákveðið flokkunarkerfi í huga. Aftur á móti má gera ráð fyrir að hann eða þeir hafi skrifað inn í einhverja hefð eða verið undir áhrifum ríkjandi strauma. Þær sögur sem einatt stinga upp kollinum í samanburði við Jvs. eru *Yngvars saga víðförla* (Sirpa Aalto, Alison Finlay), *Færeyinga saga*, *Orkneyinga saga* (Sirpa Aalto, Melissa Berman) og *Egils saga* (Bjarni Einarsson og Torfi H. Tulinius).<sup>4</sup> Allt eru þetta sögur sem taldar eru ritaðar á tímabilinu 1200-1250 líkt og Jvs. og samanburður við þær er áhugaverður.<sup>5</sup> Allar eru þær líka styttri en verk á borð við *Heimskringlu* og *Morkinskinnu* sem eru einnig frá tímabilinu en stærð og umgjörð þeirra verka eru svo ólík hinum sögunum að það eitt gerir samanburð óhentugan. Líkt og sér stað í undangengnum köflum má þó vissulega finna þætti, minni eða frásagnartækni sem eru sameiginleg þessum stóru verkum.

### 6.1 Fræðileg umræða

Margt hefur verið ritað og rætt um gildi flokkunar bókmennta, ekki síst á 20. öldinni þar sem umræðan hefur fylgt hræringum í bókmenntafræði. Í ágætum inngangskafli eftir David Duff í bókinni *Modern Genre Theory* er saga þessara hugmynda rakin, allt frá 19. öld til upphafs 21. aldarinnar og nefndir til sögunnar margir áhrifamestu bókmenntafræðingar 20. aldar, m.a. Shklovsky, Bakhtin og Todorov.<sup>6</sup> Þessi umræða beinist að nútímabókmenntum en hefur eflaust haft áhrif á það hvernig bókmenntafræðingar litu aftur til miðalda. Það er þó nauðsynlegt að

<sup>1</sup> Rétt er að ítreka að skuldinni má ekki skella alfarið á flokkunina því að vænta má að skortur á íslenskum persónum í sögunni hafi skipt máli.

<sup>2</sup> Möðruvallabók er talin rituð um eða upp úr miðri 14. öld og varðveitir sögur sem allar hafa verið taldar til Íslendingasagna.

<sup>3</sup> Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 191–216, Sirpa Aalto, „*Jómsvíkinga Saga* as a Part of Old Norse Historiography“, 41–53; Alison Finlay, „*Jómsvíkinga Saga* and Genre“, 63–79; Ólafur Halldórsson, „Inngangur“, 51.

<sup>4</sup> Sjá tilvísanir í hverri umfjöllun fyrir sig hér að aftan.

<sup>5</sup> Aldur hverrar sögu er betur ræddur í komandi umræðu.

<sup>6</sup> David Duff, „Introduction“, 1–24.

draga ákveðin mörk milli nútímabókmenntafræði og bókmennta miðalda því að annars er hætta á að forsendur miðalda falli í skuggann af forsendum nútímans. Þó að viðhorf miðaldamanna verði aldrei að fullu aðgengileg er nauðsynlegt að nálgast hugmyndir um bókmenntategundir í samhengi við miðaldaheimildir. Þó að samanburður við nútímamann geti vissulega borið ávöxt þurfa forsendurnar að vera skýrar.

Hans Robert Jauß er líklega sá fræðimaður sem hefur haft mest áhrif á umræðuna um bókmenntategundir og miðaldabókmenntir.<sup>1</sup> Hann nálgast bókmenntirnar með tilliti til þeirra brotakenndu miðaldaheimilda sem eru tiltækar en nýtti hugmyndir nútímabókmenntafræðinga til greiningar. Hann lagði mikla áherslu á að bókmenntategundir á miðöldum væru rannsakaðar í samhengi við tímann, ekki væri hægt að heimfæra flokkun bókmennta á miðöldum á bókmenntir fornaldar, endurreisnar eða nútímans. Sögulegt samhengi er þannig lykilatriði í greiningu og flokkun á bókmenntum. Bókmenntategundir eru ekki einangraðar og eiga ekki sjálfstætt líf óháð öðrum, heldur uppfylla í sameiningu hin ýmsu hlutverk þess bókmenntakerfis sem er ríkjandi hverju sinni. Hlutverk bókmenntategunda er að skilgreina hvernig einstök verk tengjast þessu kerfi. Flokkar bókmennta eru ekki lokaðir og þegar flokkarnir blandast sýna þeir fram á breidd bókmenntakerfisins hverju sinni.

Þær bókmenntir sem Jauß fjallar um eru ekki íslenskar en gagnlegt er að hafa hugmyndir hans almennt í huga þegar bókmenntaflokkar íslenskra miðalda eru kannaðir. Íslenskar miðaldabókmenntir hafa ekki farið varhluta af fræðilegri umræðu um flokkun eða tegundir þó að algengast sé að hinir hefðbundnu flokkar séu notaðir án umhugsunar.<sup>2</sup> Það sem jafnan er tilefni fræðilegra skrifa um flokkun íslenskra miðaldabókmennta er að fræðimenn átta sig á göllum eða annmörkum þeirrar venju sem tíðkast hefur síðustu tvær aldir eða svo. Þá gætir tilhneigingar til þess að leggja fram tillögur að aðlögun, búa til ný viðmið fyrir flokka eða finna upp á nýjum undirgreinum.

Torfi H. Tulinius hefur til dæmis sett fram annars konar nálgun þar sem hann skiptir bókmenntum niður í fimm grundvallarþætti.<sup>3</sup> Nálgun hans er nokkuð í anda Jauß því að Torfi telur að líta megi á bókmenntirnar sem sögu- og menningarlega þróun, svipaðri þeirri sem má greina á meginlandi Evrópu, sem þó fór sínar eigin leiðir á Íslandi. Torfi lítur einnig svo á að íslenskar miðaldabókmenntir myndi ákveðið bókmenntakerfi. Þessi fimm atriði sem hann telur að geti nýst betur til þess að nálgast bókmenntirnar eru: ættfræði, landafræði, trú, tengsl við yfirmáttúru og félagsleg staða aðalpersónunnar. Með þessu móti má finna sammerki með sögum

---

<sup>1</sup> Hér er einkum stuðst við kaflann „Theorie der Gattungen und Literatur des Mittelalters“ úr bókinni *Alterität und Modernität der mittelalterlichen Literatur*.

<sup>2</sup> Þ.e. Íslendingasögur, konungasögur, biskupasögur eða helgisögur, riddarasögur, fornaldarsögur og samtíðarsögur.

<sup>3</sup> Torfi H. Tulinius, „The Matter of the North: Fiction and Uncertain Identities in Thirteenth-Century Iceland,“ 252.



úr ólíkum flokkum sem ef til vill varpar nýju ljósi á þær. Tilgangurinn með umræðu og nýjum hugmyndum um flokkun hlýtur einnig að vera sá að setja einstakar sögur í nýtt samhengi og slík nálgun er góðra gjalda verð. Hin hefðbundna flokkun er þó rótgróið kerfi sem erfitt er að bylta.

Sem dæmi um aðra nálgun á þetta svið má nefna grein Elizabeth Ashman Rowe um *blendinga* eða „generic hybrid“.<sup>1</sup> Þar setur hún fram tilgátu um að íslenskir sagnahöfundar hafi blandað saman þáttum úr Íslendingasögum og fornaldarsögum og þannig hafi orðið til sögur sem eru bræðingur þessara tveggja sagnaflokka. Í kjölfarið tekur hún dæmi af *Áns sögu bogsveigis* og kallar hana „Norwegian family saga“ á þeirri forsendu að þar hafi verið rituð fornaldarsaga undir miklum áhrifum byggingar Íslendingasagna. Aftur á móti telur hún að sögur á borð við *Grettis sögu* og *Bárðar sögu*, sögur sem gerast á Íslandi en eru undir áhrifum fornaldarsagna, geti kallast „Icelandic mythic-heroic sagas“.

Þessi nálgun Rowe getur varpað áhugaverðu ljósi á margar sögur en að taka upp hugtakið *blendingur* eða „generic hybridity“ veldur ýmsum vandkvæðum. Með Jauß í huga eru bókmenntategundir ekki lokaðar einingar heldur þvert á móti opnar og hafa áhrif hver á aðrar. Raunin er enda sú, líkt og ætti að verða ljóst í umræðunni hér að aftan, að sögur sem bera í sér þætti úr öðrum flokkum en þær sjálfar tilheyra eru miklu fleiri en þær virðast ef til vill við fyrstu sýn. Og þegar umræðan snýst um blöndun flokkanna er vert að spyrja hvar eigi að draga mörkin? Hver er mælikvarðinn á það hvenær saga er orðinn *blendingur* tveggja flokka? Auk þess má spyrja hvort blönduninni hafi verið vísvitandi beitt af miðaldahöfundunum eða fremur eðlileg sköpun sagna sem féllu vel að því umhverfi sem þær spruttu úr. Öll framangreind umræða sýnir ef til vill fyrst og fremst hversu fjölbreyttir og lifandi textarnir er, nokkuð sem verður enn ljósara þegar Jvs. er greind með hliðsjón af vangaveltum um flokkun og tegundir.

## 6.2 Jómsvíkinga saga og aðrar sögur

Spurningin um bókmenntategundir er áberandi í þemahefti *Scripta Islandica* frá 2014 þar sem Jómsvíkinga saga er í brennidepli. Sirpa Aalto<sup>2</sup> telur best að líta svo á að Jvs. sé *blendingur* (e. *generic hybrid*) vegna þess að þar mætist þættir úr að minnsta kosti tveimur ólíkum flokkum bókmennta. Alison Finlay lýsir þessum bræðingi einnig en hún telur að augljósustu tengslin við flokkunarkerfið séu milli Jvs. og konungasagna.<sup>3</sup> Hins vegar tekur hún einnig fram að textinn sé

<sup>1</sup> E.A. Rowe, „Generic hybrids: Norwegian “family” sagas and Icelandic “mythic-heroic” Sagas,“ 539–554. Sjá einnig Phil Cardew sem beinir spjótum sínum að hinum svo kölluðu „ungu Íslendingasögum“ með dæmi af *Þorskfirðinga sögu*. Hann bendir réttilega á að tilefni sé til þess að endurskoða hugmyndina um „ungar“ og „gamlar“ sögur þar sem skiptingin byggir jafnan á áhrifum fornaldarsagna og riddarasagna á hina íslensku hefð Íslendingasagna nokkuð óháð varðveislu sagnanna, sbr. Cardew, „The Question of Genre in the Late Íslendingasögur,“ 13–28.

<sup>2</sup> Aalto, „*Jómsvíkinga Saga* as a Part of Old Norse Historiography,“ 40.

<sup>3</sup> Finlay, „*Jómsvíkinga Saga* and Genre,“ 77.

að öllum líkindum eldri en áhrifamesta verk þess flokks, *Heimskringla*, og því eðlilegt að konungasögur hafi ekki verið ráðandi áhrifavaldur, að minnsta kosti ekki á rituðu formi. Finlay tiltekur í sinni grein þræði sem má tengja við aðra stóra flokka nefnilega hetjukvæði eddunnar, helgisögur, fornaldarsögur og Íslendingasögur og klykkir út með að Jvs. storki hefðbundinni tegundaflokkun.

Þá er vert að spyrja hvernig eigi að nálgast söguna því að flokkun bókmennta er ekki síst hjálpartæki fyrir nútímalesendur sem hafa þörf fyrir skilgreiningarnar vegna þess að þær gefa ákveðnar hugmyndir um hvernig á að nálgast tiltekin verk. Í þessum kafla verður leitast við að svara þessari spurningu í samhengi við umræðu um flokkun íslenskra miðaldabókmennta og þá greiningu sem fram hefur farið á Jvs. í undanförunum köflum. Það er eftirtektarvert að þessi fjögur verk sem nefnd voru í upphafi kaflans og eru öll talin frá fyrri hluta 13. aldar eiga það sameiginlegt að vera að nokkru leyti olnbogabörn í flokkun íslenskra miðaldabókmennta, þó ef til vill síst *Egils saga*. Á þessu eru líklega tvær skýringar. Fyrri skýringin er sú, líkt og fram kemur í kaflanum um stíl hér að framan, að bókmenntahefðin er enn í mótun og áhrif ritaðra sagna eru þess vegna ekki rík. Síðari skýringin er að fjöldi handrita sem er ljóslega frá þessum tíma, eða geyma texta sem má rekja aftur til þessa tímabils, er ekki mikill. Þessar tvær skýringar haldast í hendur og gera það að verkum að tímabilið er hulu sveipað og vísbendingarnar sem við höfum eru líkt og litlar tíur í myrkri. Þetta breytir ekki því að áfram er áhugavert að rýna í myrkrið og kanna hvort mögulegt sé að auka birtuna.

### **6.2.1 *Færeyinga saga og Orkneyinga saga***

Ekki skal undra að Jómsvíkinga saga sé stundum sett í flokk með *Færeyinga sögu* og *Orkneyinga sögu*. Þær hafa verið til vandræða í hefðbundinni flokkun, *Orkneyinga saga* jafnan talin til konungasagna en *Færeyinga saga* til Íslendingasagna eða konungasagna.<sup>1</sup> Peter Foote<sup>2</sup> var þeirrar skoðunar að þessar þrjár sögur deildu ákveðnum einkennum í frásagnartækni og sem fyrr segir flokkaði Melissa Berman þær saman sem „pólítískar sögur“. Judith Jesch hefur enn fremur séð ástæðu til þess að fella þessar sögur undir einn hatt vegna afstöðu þeirra til sagnfræði, það er að þær varpi ljósi á þróun sagnaritunar frá sagnfræðiritun til skáldskapar.<sup>3</sup> Í því tilliti telur hún mikilvægt að frumgerð þessara sagna sé rituð á svipuðum tíma, um eða uppúr 1200.

---

<sup>1</sup> Sbr. Sverrir Tómasson, „Konungasögur“, 389–390 og Vésteinn Ólason, „Íslendingasögur og þættir“, 82–85.

<sup>2</sup> „Færeyinga saga“, 222.

<sup>3</sup> Sbr. Jesch, „History in the ‘Political Sagas’“, 210–218.

Sögurnar þrjár eiga það einnig sameiginlegt að vera felldar inn í sögurnar af Ólafi Tryggvasyni og Ólafi helga í *Flateyjarbók*. Sirpa Aalto<sup>1</sup> hefur gert ágætlega grein fyrir því sem sögurnar eiga sameiginlegt og telur mest um vert hvernig viðhorf sagnanna til konungsvaldsins er sett fram. Þar telur hún sérstaklega að Jvs. og *Orkneyinga saga* sýni hvernig höfðingjar storki konungsvaldinu en að *Færeyinga saga* sé ögn jákvæðari í garð konungs. Aftur á móti tekur hún fram að jafnframt sé hver saga einstök á sinn hátt og bendir á að Jvs. skeri sig meðal annars úr vegna áherslunnar á gamanið. Þó að pólitík sé hluti sögunnar er kersknin og gáskinn sjaldan langt undan. Enginn konungur konungasagna er drepinn á jafn niðurlægjandi hátt og Haraldur Gormsson í Jvs. þó að hinsta stund Hákonar jarls komist ef til vill nærri því í *Heimskringlu*.

Lögð hefur verið áhersla á það í greiningu Jvs. hér að framan að deila megi um mikilvægi konungsins í Jvs. og að það sé orðum aukið að kalla Jvs. gagnrýna á konungsvaldið þar sem neikvæðnin beinist fremur að ákveðnum einstaklingum en hugmyndafræði eða valdakerfi. Flokkun Berman á því samkvæmt túlkun þessarar ritgerðar illa við og hefur ef til vill gert sögunni meira ógagn en gagn því að heitið „pólitískar sögur“ er of þröngt til þess að lýsa Jómsvíkinga sögu. Pólitík nær til dæmis ekki utan um hlutverk Jómsvíkinga sem hóps, nokkuð sem telja má til kjarna sögunnar. Það mætti reyndar til sanns vegar færa að fyrsti hluti sögunnar, það er áður en Jómsborg er stofnuð, sé pólitík þar sem athyglin beinist einkum að sambandi Hákonar jarls og Haralds Gormssonar. Það væri þó ekki sanngjörn skilgreining á sögunni sem heild. Flokkun Berman getur einnig gefið í skyn að aðrar sögur séu minna pólitískar en þessar þrjár sem er fráleitt; þarf ekki annað en nefna *Sturlungu* í því samhengi.

Jvs. í 291 hefur það einnig fram yfir *Færeyinga sögu* og *Orkneyinga sögu* að varðveislan er betri, það er að segja, handritið AM 291 4to sýnir án nokkurs vafa að Jvs. var til og hugsuð af einhverjum sem ein heild. Frá miðöldum er ekki sömu sögu að segja af *Færeyinga sögu* og *Orkneyinga sögu* sem eru hvergi varðveittar frá upphafi til enda í einu lagi heldur í hlutum í *Flateyjarbók* og í handritabrotum. Þær hafa því verið settar saman í þá heild sem þær eru þekktar á síðari tímum.<sup>2</sup> Útgefendur gera þannig ráð fyrir að ritstjórar *Flateyjarbókar* hafi haft undir höndum sjálfstæðar sögur sem þeir löguðu að sögum Ólafanna og að þessar sjálfstæðu gerðir hafi síðan glatast. Upphaf og endir *Færeyinga sögu* tekur mið af lífshlaupi Þrándar í Götu en möguleg upphafleg mynd sjálfstæðrar sögu er ókunn.

Efni *Orkneyinga sögu* er varðveitt í ýmsum handritum en hún er hvergi heil, þ.e. eins og hún hefur verið endurgerð sem heild. Þá er einnig misjafnt hvernig vísað er til hennar í öðrum sögum sem hafa nýtt efni hennar sem heimild, heitið *Jarlasögur* er meðal annars talið vísa til hennar.

<sup>1</sup> „*Jómsvíkinga Saga* as a Part of Old Norse Historiography,“ 41-43.

<sup>2</sup> Sjá Ólafur Halldórsson, „Formáli,“ vii-viii um *Færeyinga sögu* sem er „dreift í mislögum köflum innanum texta Ólafs sögu Tryggvasonar ...og Ólafs sögu helga.“

Finnur Jónsson hélt því fram að þetta væri hið rétta og upprunalega heiti sögunnar.<sup>1</sup> Í einföldustu túlkun getur heitið bent til þess að *Orkneyinga saga* hafi verið tvær eða fleiri sögur. Slíkt viðhorf hefur ekki hlotið brautargengi enda töldu bæði Finnur Jónsson og Sigurður Nordal, sem telja má til áhrifamestu fræðimanna íslenskra fræða, að hún hafi í sinni upprunalegu mynd verið ein heild.<sup>2</sup> Judith Jesch hefur raunar einnig komist að þeirri niðurstöðu með samanburði á varðveittum handritum texta *Orkneyinga sögu* að hún hafi verið ein saga og að *Flateyjarbók* endurspegli lokastig í þróun hennar því að í öðrum handritum megi finna vísur og heimildavísanir sem hafa verið skornar niður í sambærilegum texta *Flateyjarbókar*.<sup>3</sup> Þrátt fyrir að líkur bendi til að *Orkneyinga saga* og *Færeyinga saga* hafi verið til sjálfstæðar er erfitt að bera saman sögurnar, miðaldasamhengi þeirra og mögulegar viðtökur á þeim þegar sjálfstæður texti, óháður túlkunum útgefenda, er ekki fyrir hendi.

Svo virðist sem rannsóknarhefð og útgáfusaga 19. og 20. aldar hafi mjög mótað viðhorfið til *Orkneyinga sögu* og *Færeyinga sögu* og er hér ekki lagt til að fræðimenn hafi haft rangt fyrir sér heldur aðeins bent á að taka verði tillit til uppruna og varðveislu sagnanna og setja þennan fyrirvara á bókmenntarannsóknir á verkum sem ekki hafa varðveist í einni heild frá miðöldum. Þetta er hins vegar vel mögulegt með Jvs. og það í þremur ólíkum, sjálfstæðum gerðum. Sögurnar eiga þannig ekki heima saman sem pólitískar sögur eins og þegar hefur verið rakið en varðveislan ætti einnig að hafa áhrif á að Jómsvíkinga saga verði tekin úr þessu þrenningarbandalagi. Forsendur fyrir sérstökum flokki þessara þriggja sagna eru of hæpnar.

### 6.2.2 *Yngvars saga víðförla*

Í fyrrnefndri grein eftir Sirpu Aalto helgar hún hluta hennar í samanburð á Jvs. og *Yngvars sögu víðförla*. *Yngvars saga* hefur verið flokkuð með fornaldarsögum og þrátt fyrir að elstu handrit hennar séu frá 15. öld er hún talin rituð um eða upp úr 1200 líkt og framangreindar sögur. Í lok *Yngvars sögu* er vísað til þess að Oddur munkur hafi gert hana að forsögn fróðra manna en vegna þess hve ung handritin eru hafa margir talið þessa athugasemd falsaða. Dietrich Hofmann færði aftur á móti margvísleg rök fyrir því að eftirmálinn væri ekki falsaður og að sagan hafi verið þýdd á norrænu um 1200 eftir latnesku riti Odds.<sup>4</sup> Niðurstaða Hofmanns hefur orðið

<sup>1</sup> Finnur Jónsson, *Den Oldnorske og Oldislandske Litteraturs Historie* 2, 646.

<sup>2</sup> Finnur Jónsson, *Den Oldnorske og Oldislandske Litteraturs Historie* 2, 646; Sigurður Nordal, „Om *Orkneyinga saga*,“ 36. Judith Jesch telur þetta merki um að *Orkneyinga saga* hafi alltaf verið nokkuð blandaður texti fremur en endilega nokkrar sérstakar sögur, sbr. Jesch, „*Orkneyinga saga: A Work in Progress?*“ 171.

<sup>3</sup> Jesch, „*Orkneyinga Saga: A Work in Progress?*“ 153–168.

<sup>4</sup> Hofmann „Die *Yngvars saga víðförla* und Oddr munkr inn fróði,“ 191–197. Hann nýtir meðal annars sem rök stafsetningu í 15. aldar handritum sem benda aftur í tíma og orðalag sem finnst ekki sömu merkingar annars staðar en í *Íslendingabók* Ara fróða. Þá bendir hann einnig á að flestir hafi gert ráð fyrir að tilvísunin í Odd væri fölsuð vegna þess hve ung handritin eru en ekkert mæli hins vegar gegn því að hún kunni að vera rétt þrátt fyrir ung handrit.

ráðandi í umræðu um söguna á undanförunum árum.<sup>1</sup> Sverrir Tómasson er raunar á öndverðum meiði og telur rök Hofmanns ekki sannfærandi og að áhrif frá fornaldarsögum á borð við *Örvar-Odds sögu* megi greina í *Yngvars sögu* og ætti á líta á hana eins og hún hefur varðveist sem 14. aldar bókmenntir.<sup>2</sup> Vissulega verður seint hægt að staðfesta háan aldur *Yngvars sögu* en aftur á móti mætti leyfa henni að njóta vafans, ekkert í umhverfi sögunnar gefur beinlínis tilefni til þess að telja tilvísunina í Odd falsaða. Hefðu fleiri sögur í 15. aldar handritum, eða yngri, með slíkum tilvísunum varðveist veki það ef til vill grunsemdir um að þær ættu að auka vald eða heimildagildi sagna. Tilvísanir í Odd eru þó ekki á hverju strái og ætti það að styrkja að eftirmálinn hafi gildi. Tilvísunin er að auki nokkuð rækileg, vísað til þess að Oddur hafi skýrt frá henni í bréfi til Jóns Loftssonar og Gissurar Hallssonar. Einnig eru nefndir heimildarmenn Odds fyrir sögunni. Líkt og Helgi Skúli Kjartansson bendir á hefur þessi eftirmáli þau áhrif að sagan virðist rituð sem sagnfræði, tilvísanirnar standast nánast síðari alda kröfur um heimildaskráningu.<sup>3</sup> Það má þó taka undir með Sverri að varðveitt gerð *Yngvars sögu* er fremur fulltrúi 14. aldar en 12. og 13. aldar vegna þess að hver texti er kvikur á þessum tíma, líkt og samanburður á gerðum Jvs. í 2.4 hefur til að mynda leitt í ljós.

Bent hefur verið á að *Yngvars saga* falli ekki fullkomlega að flokki fornaldarsagna, meðal annars vegna þess að hún gerist ekki í fjarlægri fortíð heldur snemma á 11. öld, Kirsten Wolf segir til að mynda að sagan sé á mörkum fornaldarsagna og konungasagna.<sup>4</sup> Þessi skilgreining Wolf minnir á það sem sagt hefur verið um flokkun Jvs. Sirpa Aalto bendir þó réttilega á að ekki sé margt í *Yngvars sögu víðförla* sem kalli á samanburð við Jvs. en þó megi finna tengingu í einum mikilvægum þræði. Lýsingarnar á Jómsvíkingum sem skýrt skilgreindum hópi eða hernaðarbandalags eru einstæðar í íslenskum miðaldabókmenntum en Aalto telur að helst megi finna hliðstæðu í *Yngvars sögu*. Þegar Yngvar heldur austur á bóginn í leiðangur sinn hefur hann mörg skip og stóran flokk manna en aðeins fjórir þeirra eru nefndir á nafn þó að engum þeirra sé lýst að ráði nema Yngvari. Ævintýraför Yngvars er hins vegar vörðuð ýmsum verum sem eru alls fjarri Jvs. á borð við dreka, rísa og „djöfulsfólk“ enda er víkingaferðum Jómsvíkinga lítið lýst ef frá er talin þeirra hinsta ferð. Ást Silkisifjar drottningar, sem tryggir honum konungstign,

<sup>1</sup> Sbr. Helgi Skúli Kjartansson, „From the Frying Pan of Oral Tradition into the Fire of Saga Writing“; Aalto, „*Jómsvíkinga Saga* as a Part of Old Norse Historiography“, 46–50; Haki Antonsson, „Salvation and Early Saga Writing in Iceland: Aspects of the Works of the Þingeyrar Monks and their Associates“, 74–77. Lars Lönnroth velkist ekki í vafa um tengsl Odds við ritun sögunnar og veltir fyrir sér hvers vegna það var Oddi mikilvægt að skrifa um veraldlegan leiðtoga sem væri jafnframt heilagur og tengir það við pólitískt umhverfi Odds á 12. öld, sbr. „From History to Myth: the Ingvar Stones and *Yngvars saga víðförla*“, 107–108.

<sup>2</sup> Sbr. Sverrir Tómasson, „Ferðir þessa heims og annars“, 31.

<sup>3</sup> Helgi Skúli Kjartansson, „From the Frying Pan of Oral Tradition into the Fire of Saga Writing.“

<sup>4</sup> Wolf, „*Yngvars saga víðförla*“, 740; sbr. Aalto, „*Jómsvíkinga Saga* as a Part of Old Norse Historiography“, 47.

er að auki harla ólík hjúskaparfrásögnum í Jvs. þar sem tilfinningar eru ekki gerðar ljósar og minnir hún fremur á drottningar riddarasagna.<sup>1</sup>

Í efnislegum samanburði eiga *Yngvars saga* og Jvs. fátt sameiginlegt. Það endurspeglast ágætlega þegar Elizabeth Ashman Rowe líkir *Yngvars sögu* saman við *Eiríks sögu víðförla* en Lars Lönnroth telur hana minna á söguna af Thorkillus í 8. bók *Gesta Danorum* eftir Saxo Grammaticus.<sup>2</sup> Þessar sögur eiga fátt sameiginlegt með Jvs. Aftur á móti er ekki útilokað að hvati ritunar sagnanna tveggja, *Yngvars sögu* og Jvs., kunni að vera af sama meiði en að því verður betur vikið hér að aftan.

### 6.2.3 *Egils saga*

Rækilegasti bókmenntalegi samanburður milli Jvs. og annarrar sögu er rannsókn Bjarna Einarssonar frá 1975 þar sem hann færir rök fyrir því að höfundur *Egils sögu* hafi þekkt Jvs. Rök Bjarna lúta einkum að efnislegum samanburði, þar sem hann telur að ákveðin mynstur úr Jvs. séu endurtekin í útfærðri mynd í *Egils sögu*. Áður en vikið er nánar að þeim samanburði má einnig benda á að í umfjöllun um mörk bókmenntategunda eiga þessar sögur það sameiginlegt að vera bendlaðar við konungasögur. Jvs. hefur beinlínis verið flokkuð með konungasögum en *Egils saga* á margt sameiginlegt með konungasögum. Sagan gerist að miklu leyti í öðrum löndum, konungar og átök við þá eru áberandi, ekki aðeins í lífshlaupi Egils sjálfs heldur ekki síður í upphafi sögunnar þegar afstöðu Kveld-Úlfs, Þórólfs og Skalla-Gríms til konungs er lýst nákvæmlega.

Líkt og á við um sögunar hér að framan er ef til vill fátt við fyrstu sýn sem kallar á samanburð milli *Egils sögu* og Jvs. Þegar nánar er að gætt eiga þær þó efnislega meira sameiginlegt en Jvs. og *Orkneyinga saga*, *Færeyinga saga* eða *Yngvars saga víðförla*. Sem almennt einkenni má nefna afstöðu *Egils sögu* til sumra konunga en Noregskonungar eru ekki stórmenni í *Egils sögu*. Haraldur hárfagri, Eiríkur blóðöx og Hákon Aðalsteinsfóstri eru allir andstæðingar aðalhetjunnar en Aðalsteinn konungur í Englandi er undantekning þar á. Hákon Aðalsteinsfóstri vekur sérstaka eftirtekt í þessari upptalningu því að í sagnaritum öðrum er Hákon yfirleitt jákvæðum dráttum dreginn og mætti af þeim ætla að hann hafi verið vinsæll konungur. Viðhorf *Egils sögu* er þannig nokkuð einstætt. Í smærri atriðum er þó fleira sameiginlegt með Jvs. og *Egils sögu*.

---

<sup>1</sup> *Yngvars saga víðförla*, 16–17.

<sup>2</sup> Rowe, *The Development of Flateyjarbók*, 153; Lönnroth, „From History to Myth: the Ingvar Stones and *Yngvars saga víðförla*,“ 106. Við þetta má bæta að *Eiríks saga víðförla* og *Yngvars saga víðförla* standa saman í handritinu GKS 2845 4to frá 15. öld. Sverrir Tómasson hefur hins vegar bent á að *Eiríks saga víðförla* eigi ekki erindi meðal fornaldarsagna heldur verði að skilja hana sem veraldlega leiðslu, sbr. „Ferðir þessa heims og annars,“ 30.

Bjarni Einarsson færði líkt og áður er getið rök fyrir því að höfundur *Eglu* hafi þekkt Jvs. og undir það sjónarmið hefur Torfi H. Tulinius tekið.<sup>1</sup> Bjarni telur að persóna Einars skálaglamms sé mikilvægasta röksemdin fyrir því að sögurnar tvær séu nátengdar. Sem fyrr segir kemur fyrir dróttkvæð vísa í *Egils sögu* eftir Einar skálaglamm sem er einnig í Jvs. 291.<sup>2</sup> Vísan er eins í báðum sögum, að undanskildu þriðja vísuorði, en Bjarni telur að tilvera hennar í *Eglu* bendi óyggjandi til tengsla þessara tveggja sagna. Nafn Sigvalda kemur fyrir í vísunni en ekkert er minnst á hann í lausamálstexta *Eglu*. Svo virðist sem gert sé ráð fyrir að viðtakendur beri kennsl á þennan Sigvalda og skilji hvers vegna Einar var í ónáðinni hjá Hákonu jarli því að það er skýrt betur í Jvs. en í *Eglu*. Höfundur *Eglu* hefur, að mati Bjarna, áttað sig á því að ef hann segði greinilegar frá Einari, Sigvalda og Hákonu lenti hann í klípu vegna þess að síðar í sögunni segir að Egill sé kominn yfir áttrett á *öndverðum* dögum Hákonar jarls og samskipti Sigvalda, Einars skálaglamms og Hákonar jarls hafa þannig tæplega átt sér stað einhverjum árum áður.<sup>3</sup> Margaret Clunies Ross er á annarri skoðun en Bjarni um ástæðu þess að vísan er höfð með í *Eglu* en aftur á móti er hún sammála því að höfundur *Eglu* hafi tekið vísuna og söguna af ósætti Einars við jarl úr Jvs.<sup>4</sup>

Það er ekki hægt að útiloka að höfundur *Eglu* hafi tekið vísuna eftir annarri heimild en Jvs. og ef vísan væri hið eina sem sögurnar ættu sameiginlegt væri slík ályktun harla trúleg. Aftur á móti eru fleiri þættir sem Bjarni Einarsson telur að bendi til áhrifa Jvs. á *Eglu*, hvort sem um ræði bein eða óbein áhrif eða einfaldlega innblástur (hann kallar Jvs. *inspirationskilde*).<sup>5</sup> Um möguleika þess að leið áhrifanna sé öfug, að *Egils saga* geti hafa haft áhrif á Jvs., ræðir Bjarni ekki. Hann gengur út frá því að Jvs. sé ótvírætt eldri og byggir þá ályktun á athugunum fyrri fræðimanna. Vissulega hníga flest rök að því að Jvs. sé eldri en *Egils saga* og auk þess eru þeir þættir sem Bjarni telur að hafi haft áhrif á *Eglu* í flestum tilvikum stærri, þróaðri og útfærðari í *Egils sögu* en Jvs.

Þeir þættir sem Bjarni fjallar sérstaklega um í þessu sambandi eru bræðrapör, tengsl persónulýsinga Egils og Vagns og rógburður frillusona.<sup>6</sup> Líkindin milli sagnanna í hverju þessara atriða eru mismikil. Bræðrapörin eru ef til vill óljósasta dæmið. Í *Eglu* eru bræðrapör vissulega áberandi og ber þar mest á Skalla-Grími og Þórólfi og Agli og Þórólfi en einnig má nefna Hárek og Hrærek Hildiríðarsyni, Ölvi hnúfu og Eyvind lamba. Hliðstæðuna sem Bjarni finnur í Jvs. eru bræðurnir Haraldur og Knútur Gormssynir við Grím og Þórólf og Egil og

<sup>1</sup> Bjarni Einarsson, *Litterære forudsætninger for Egils saga*, 105–148, Torfi H. Tulinius, *Skáldið í skriftinni*, 93.

<sup>2</sup> Sjá bls. 61.

<sup>3</sup> Ekki er ósamræmi milli helstu handrita *Egils sögu* um orðið *öndverður* heldur kemur það alltaf fyrir á þessum stað.

<sup>4</sup> Clunies Ross, „A Tale of Two Poets,“ 75–80.

<sup>5</sup> Bjarni Einarsson, *Litterære forudsætninger for Egils saga*, 114.

<sup>6</sup> Sama heimild, 114–134.

Þórólf. Það sem bræðrapörin eiga sameiginlegt snýr einkum að hlutverki þeirra og örlögum sem bræðrapars fremur en einstaklinga. Þórólfarnir og Knútur eru fallegir og vinsælir í uppvexti, þeir eru elstir og þar með arftakar en deyja allir ungir í bardaga. Yngri bræðurnir eru óvinsælli og eiga í stirðu sambandi við bróðurinn. Haraldur er sagður „illur viðskiptis“ í æsku og Egill var „illur viðureignar“. Þeir eldri eru einnig í betra sambandi við feður sína þó að Skalla-Grímur skeri sig úr því að samband þeirra Kveld-Úlfs virðist með ágætum og þeir nokkuð líkir. Andúðin milli bræðra er þó hvergi eins rík og í Jvs. þar sem Haraldur drepur Knút en samskipti bræðranna í *Eglu* er flóknari og einkennast ekki af jafn skýru hatri. Þó að samband Egils og Þórólfs sé framan af slæmt er það gott að lokum og Egill harmar sannarlega dauða Þórólfs í orustunni á Vínheiði. Alltént eiga sögurnar það sameiginlegt að lýsa bræðrapörum þar sem áherslan er á það hve ólíkir þeir eru fremur en hvað þeir eigi sameiginlegt.

Sem einstaklingar eiga þessar persónur hver um sig aftur á móti lítið sameiginlegt en Egill á meira sammerkt, líkt og áður er getið, með Vagni Ákasyni.<sup>1</sup> Það sem ef til vill vekur mesta athygli í samanburði þeirra tveggja er æskulýsing beggja. Lýsingar á æsku söguhetja eru ekki algengar í íslenskum miðaldabókmenntum. Þekktar eru lýsingar af heilögum mönnum, einkum biskupum, í æsku þar sem tilgangurinn er að varpa ljósi á að helgi mannsins hafi verið ljós frá upphafi, þekkt sem minnið *puer senex* (gamall í æsku).<sup>2</sup> Annað þekkt æskuminni er kolbíturinn, hinn óefnilegi drengur sem virðist ekki líklegur til neinna afreka en verður að lokum hetja. Þriðja tegund æskulýsinga er bráðgera barnið sem er þroskaðra en önnur börn á sama aldri og drýgir dáðir sem ættu ekki að vera á þeirra færi miðað við aldur. Þessi börn eru ekki mörg í sögunum, Egill Skalla-Grímsson fer þeirra fremstur í flokki, Grettir sterki tilheyrir þessum hópi einnig þó að æskulýsingar hans og Egils séu ólíkar. Og í þennan hóp fellur einnig Vagn Ákason en ferill Vagns er líkt og smækkuð útgáfa af lífshlaupi Egils. Nokkurra vetra gamall er Vagn „vandræðamaður í sínum skapsmunum“ og svo ódæll að enginn ræður við hann nema Búi frændi hans. Hann vinnur síðan nokkur frækileg afrek um ævina en lifir í friði síðustu árin og deyr í elli. Mikilvægasti munur Egils og Vagns liggur í útliti þeirra því að Vagn er þrátt fyrir allt „manna vænstur og fríðastur sjónum“ (132).

Bjarni tínir til fleiri þætti sagnanna sem bera má saman. Þar má nefna að samskipti Þórólfs Kveld-Úlfssonar við Harald hárfagra eru hliðstæð því sem gerist milli Haralds Gormssonar og Áka Tókasonar. Áki á tvo bræður, Pálni og Fjölni en sá síðarnefndi er frilluson.<sup>3</sup> Áki og Pálnir

---

<sup>1</sup> Sjá bls. 169.

<sup>2</sup> Um þetta minni sjá t.d. Curtius, *Europäische Literatur und Lateinisches Mittelalter*, 108–112. Líkt og Gert Kreutzer bendir á birtist minnið jafnan skýrast í helgisagnaritun, sbr., „Der puer-senex-Topos in der altnordischen Literatur,“ 134–145.

<sup>3</sup> Í 291 vantar athugasemdina um að Fjölnir sé frilluson, sem stendur í Perg. 7 og Flb. en af samhenginu í 291 er þó ljóst að hann hlýtur að vera hálfbróðir þeirra fyrst að arfurinn skiptist ekki að fullu í þrjá hluta.



veita Fjölni minni arf en þeir fá sjálfir, Fjölni líkaði illa og gerðist hirðmaður Haralds konungs. Við hirðina sáir Fjölnir þeim fræjum sem duga til þess að Haraldur láti drepa Áka. Hann leikur á þann streng sem er viðkvæmastur konungum, að til sé sá maður sem mögulega teljist konungi fremri. Konungur verður sjálfur var við þetta í framhaldinu því að vart er haldin sú veisla í Danmörku að ekki séu bæði konungur og Áki boðnir þangað. Vinsældir Áka eru engum duldar. Áki er í kjölfarið drepinn þegar hann á síst von, menn konungs halda njósnir um ferðir Áka og ráðast á tjaldbúðir hans þegar enginn á sér ills von.

Hér er að ýmsu að hyggja með tilliti til *Egils sögu*. Með einföldun gegna Þórólfur Kveld-Úlfsson og Áki sömu stöðu. Fjölnir þjónar sama hlutverki og Hildiríðarsynir og Haraldarnir tveir gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að losna við keppinaut sinn sem er ógn við konungsvaldið. Í kjölfarið lenda Pálnir, bróðir Áka, og Kveld-Úlfur og Skalla-Grímur í sambærilegri stöðu, þeir eiga harma að hefna en þeir vita að hefnd við sjálfan konunginn er óvinnandi verk. Pálnir og Kveld-Úlfur leggjast báðir í rekkju af þessum sökum þegar tíðindin spyrjast. Ýmislegt greinir þó þessar frásagnir að. Áki virðist í raun og sann fórnarlamb aðstæðna, hann er vinsæll og ekkert í sögunni gefur annað til kynna. Þórólfur er vissulega einnig vinsæll en fall hans er flóknara. Hildiríðarsynir rægja hann sannarlega og gera konunginn óvinveittan honum en Þórólfur ofmetnast, vægir ekki fyrir konungi og baráttan milli þeirra verður persónuleg.

Samanburður Bjarna er mun nákvæmari en hér hefur verið greint frá, hann ber til að mynda saman orðalag sagnanna og telur upp fleiri atvik sem minna hvert á annað. Má þar nefna þegar Egill drepur Ketil höð sem stýrir skipi Eiríks konungs en ljóst er af samhenginu að Egill telur hann vera konung. Hið sama gerist þegar Vagn skýtur spjóti sínu á eftir skipi Sigvalda í þeirri trú að Sigvaldi sitji við stýri en það var annar maður honum líkur. Hvað sem öllu líður er ekkert þessara atvika þess eðlis að það sanni beinlínis að Egluhöfundur hafi haft söguna undir höndum eða heyrt hana. Orðalag er hvergi nákvæmlega hið sama og þar sem það er svipað er ekki hægt að útiloka tilviljun. Einnig kann að vera að áhrifin megi rekja til munnlegrar hefðar. Aftur á móti verður ekki um það deilt að samanburður milli *Egils sögu* og *Jvs.* sýnir miklu fleiri sameiginleg atriði en sá samanburður sem greint hefur verið frá hér að framan við aðrar sögur. Má taka því sem vísbendingu um að *Jvs.* standi nær Íslendingasögum en öðrum flokkum eða er það *Egils saga* sem sker sig frá Íslendingasögum? Svarið er sennilega: hvorttveggja. Það sem samanburður þessara tveggja sagna sýnir er að þær eiga að einhverju leyti sameiginleg hugðarefni, þær spretta úr sama menningarheimi og eru að öllum líkindum ritaðar fyrst á fyrri helmingi 13. aldar. Þær hugmyndir sem nefndar voru hér að framan um áhrif hirð- og riddaramenningar í *Jvs.* birtast í *Egils sögu* í útfærðari mynd, líkt og flestir þeir þættir sem

Bjarni nefndi í sínum samanburði. Jvs. er undir áhrifum hugmynda um konungsvald og hirðmenningu en í *Egils sögu* má segja að þetta tvennt sé í brennidepli.<sup>1</sup>

Inn í þennan samanburð mætti einnig taka *Hervarar sögu og Heiðreks*. Í 5. kafla kemur fram að Torfi H. Tulinius hafi greint hliðstæður milli *Hervarar sögu* og *Egils sögu*. Þessar hliðstæður má einnig tengja við Jvs. þó að hann geri það ekki í sinni umfjöllun.<sup>2</sup> Í *Hervarar sögu* minna bræðurnir Heiðreikur og Angantýr um margt á Knút og Harald, sem fyrr greinir, en einnig á Egil og Þórólf. Torfi bendir á að eitt meginþema *Hervarar sögu* sé „uppreisn þeirra sem telja sig hafa verið svipta réttmætum arfi gegn þeim sem eru handhafar hans“ og að sögurnar fjalli um „stöðu óskilgetinna sona sem ekki hljóta sömu meðferð og hinir skilgetnu.“<sup>3</sup> Þetta tengir Torfi svo við íslenskt samfélag á fyrri hluta 13. aldar þar sem réttur yngri bróður til arfs í samanburði við eldri bróður var ljóslega ofarlega á baugi.<sup>4</sup> Þessi hugðarefni eru ekki eins áberandi í Jvs. og *Hervarar sögu* en velta má fyrir sér hvort það sé nokkuð tilviljun að þau ber á góma. Knútur er drepinn af því að Haraldur, sem er yngri, öfundar bróður sinn og fýsir þau völd sem Knúti eru ætluð. Sagan fegrar að auki ekki þær afleiðingar sem staða Fjölnis hefur og hefnd hans dregur dilk á eftir sér, ekki síst ef dráp Haralds er túlkað sem hefnd fyrir dauða Áka. Þannig fellur Jvs. vel inn að umræðu Torfa um það hvernig þetta málefni 13. aldar hefur ratað inn í bókmenntir þess tíma. Þessi þráður dugar þó ekki til þess að telja *Hervarar sögu* og Jvs. ljóslega skyldar en gefur þó áhugaverða mynd af þeim tengslum sagnaritunar og samtímans sem geta birst í túlkun sagna, óháð bókmenntategund.

### 6.3 Staða Jómsvíkinga sögu

Í ljósi umræðu um flokkun og bókmenntategundir má segja að Jvs. standi að mörgu leyti ein. Í almennri umfjöllun um söguna verður þess sjaldan vart að fjallað sé um Jómsvíkinga sögu og einhverja aðra sögu í sömu andrú, ef frá er talinn sá samanburður sem rakinn hefur verið hér að framan. Sá samanburður helgast af þeim sögum sem hingað til hafa verið dregnar inn í umræðu um Jvs. Til eru dæmi þess að sagan sé flokkuð með konungasögum en einstakar konungasögur eru þó yfirlétt ekki nefndar í sama veffangi og Jvs.<sup>5</sup>

Það er raunar erfitt að skilgreina í stuttu máli konungasagnaflokkinn sem slíkan og margar þær sögur sem þar eiga heima eru afar ólíkar innbyrðis. Þær geta verið nokkurs konar samantekt

<sup>1</sup> Sjá t.d. Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 238–250.

<sup>2</sup> Hann er raunar ekki fyrstur til að minnst á hliðstæður milli *Hervarar sögu* og *Egils sögu* en finna má líkindi milli orustunnar á Vínheiði í *Eglu* og orustunnar á Dunheiði, sbr. Hollander, „The Battle on the Vin-heath and the Battle of the Huns,“ 33–43. Sjá Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 251–256.

<sup>3</sup> Torfi H. Tulinius, *Skáldið í skrifinni*, 64.

<sup>4</sup> Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North*, 98–102 og *Skáldið í skrifinni*, 64–65.

<sup>5</sup> Sagan er t.d. talin upp í flokki konungasagna í yfirliti um íslenskar bókmenntir í lausu máli í *Sturlungu-útgáfu Svarts á hvítu*, sbr. *Sturlunga saga. Skýringar og fræði*, 299.

eins og *Ágrip*, ævisaga einstakra konunga eins og *Sverris saga* og löng yfirlitsrit eins og *Heimskringla* eða *Morkinskinna*. Líkt og Ármann Jakobsson hefur bent á eiga sögur af ævi konunga fornar rætur.<sup>1</sup> Sameiginleg einkenni þeirra telur Ármann felast í því að þær eru öðrum þræði konungsskuggskjár. Þær fjalli um tiltekna konunga með áherslu á hlutverk þeirra og konunglegt eðli. Síðar tók Ármann skilgreiningu konungasagna til nánari athugunar og komst að þeirri niðurstöðu að konungasögur fjalli einnig um þegna konungsins og samband konunga við Íslendinga, ekki síst skáld. Þá bendir hann á að form sagnanna sé nátengt hugmyndafræði þeirra og að í grunninn sé framsetning þeirra sagnfræðileg.<sup>2</sup> Sum þessara einkenna eiga við Jvs. Hún fjallar um samband konunga við þegna sína sem sést einkum í valdatíð Sveins og framsetning hennar er í grunninn sagnfræðileg. Sagt er frá atburðum í lífi konunga, einkum framan af, og síðan Jómsvíkinga án þess endilega að einum söguþræði sé fylgt heldur miðast frásögnin við ákveðna viðburði og ekki endilega greint frá því sem gerist þar á milli nema ef til vill með því að tiltaka hversu langur tími hefur liðið.<sup>3</sup> Að þessu leyti fellur sagan ágætlega í hóp konungasagna og kannski á hún enn fremur heima þar vegna þess að hópur konungasagna er sundurleitur. Á hinn bóginn er sagan á miðöldum kennd við Jómsvíkinga og þeir sem hópur eru í brennidepli þó að konungar komi mjög við sögu. Þetta skapar sérstöðu sögunnar.

Umræðan hér að framan leysir þannig í raun ekki vandamálið um hvernig skuli skipa Jvs. niður og eftir stendur spurningin um það hvernig eigi fjalla um hana í bókmenntasögulegu samhengi. Ein lausn væri að brjóta alfarið upp flokkunarkerfi íslenskra miðaldabókmennta. Margt hefur verið ritað um galla flokkunarinnar og þessi rannsókn er ekki ein um að færa rök fyrir því á hvaða hátt hún er óhentug. Að undanförmu hefur minna borið á umræðu um ágæti flokkunarinnar en slík niðurskipan hefur ótvírætt sína kosti. Flokkun gerir bókmenntaumfjöllun skýrari og markvissari. Hún gerir bókmenntir aðgengilegri því að án hennar væru allir textar eitt samsafn og innbyrðis tengsl þeirra óljós. Að átta sig á samhengi bókmenntaverka, bæði efnislega og sögulega, er einfaldara þegar myndaðir hafa verið flokkar sem halda utan um þessa texta. Flokkar íslenskra bókmenntaverka eru að auki gamalgrónir og er óraunsætt að ætla að reyna að umbylta þeim þó að tillögur um ný sjónarhorn geti vissulega gagnast til þess að varpa á sögur öðru ljósi en venjan er.

Aftur á móti verður seint lögð nægileg áhersla á það að þeir sem fjalli um þessar bókmenntir og flokkun þeirra geri sér grein fyrir því hvað felst í hverjum flokki fyrir sig, hvernig hann varð til og á hvaða forsendum. Í þessu tilviki eru nærtæk dæmi af fræðilegri umræðu um flokk

<sup>1</sup> Sbr. Ármann Jakobsson, „Royal Biography,“ 388–389; sjá einnig sama höfund, *Í leit að konungi*, 46–47 og 12–16.

<sup>2</sup> Ármann Jakobsson, „Inventing a Saga Form: The Development of the Kings' Sagas,“ 3–19.

<sup>3</sup> Ármann Jakobsson bendir á að konungasögur eigi sameiginlegt þetta form, þar sem greint er frá ýmsum atburðum í lífi konunganna án þess að það sé endilega orsakasamhengi á milli þeirra, sbr. „Inventing a Saga Form,“ 3.

fornaldarsagna og Íslendingaþátta og áhrif útgefenda á hvorn flokk um sig. Fornaldarsögur Norðurlanda urðu í raun til sem hugtak þegar fyrsta útgáfa þeirra leit dagsins ljós, *Fornaldar sögur Norðurlanda eptir gömlum handritum* og átti við um þær sögur sem valdar voru af C.C. Rafn, útgefandanum, til þess að tilheyra henni. Vissulega hefur Rafn valið þær saman að einhverju leyti vegna þess að þær áttu heima saman en þessi flokkun var lítið gagnrýnd eða tekin til endurskoðunar af öðrum fræðimönnum í framhaldi af útgáfunni.<sup>1</sup> Skýrara tilvik um tilviljanakenndan uppruna flokkunar eru Íslendingaþættir en eins og Ármann Jakobsson hefur rakið er skýrt hvernig útgáfustefna og þjóðernishygga á 20. öld skóp þann flokk í litlu samhengi við miðaldavarðveislu þáttanna.<sup>2</sup> Þættirnir voru teknir úr konungasögum, þar sem þeir voru varðveittir sem hluti þeirra, og gefnir út í samhengi við útgáfur Íslendingasagna. Í útgáfum var þannig þurrkuð út tenging þáttanna við konungasögur.

Hér er því ekki lagt til að flokkun íslenskra miðaldabókmennta sé ótæk heldur hvatt til þess að uppruni flokkunar og forsendur verði hluti af umfjöllun þeirra. Í raun á enn hið sama við og Lars Lönnroth skrifaði árið 1975: „it would be useless to prevent people from using terms like *Íslendingasaga* or *fornaldarsaga*, since it is difficult to change old habits; but at least we should not let the terms mislead our thoughts, or we may all end up as hopeless nominalists“.<sup>3</sup> Ástæða er til þess að auka hlut og rannsóknir á miðaldavarðveislu í samhengi við flokkun. Leggja ætti aukna áherslu á flæðið á milli flokka og að þeir séu opnir í báða enda, til þess að sporna gegn því að sum verk liggi á milli hluta. Það virðist skynsamlegast að halda kerfinu við en auka vitund um varnaglana. Vitundin um að flokkarnir eru opnir en ekki lokaðir skapar grá svæði. Á gráu svæðin má setja sögur sem erfitt hefur reynst að laga að hefðbundnum skilgreiningum. Myndrænt mætti líkja þessu við mengi sem skarast. Flestar sögurnar sem fjallað hefur verið um í samanburði við Jvs. í þessum kafla eiga heima á hinu skaraða svæði.

Sjálf Jvs. fellur á grátt svæði þar sem skarast konungasögur, fornaldarsögur og Íslendingasögur. Efnislega vísar hún bæði til konungasagna og fornaldarsagna en stíllinn gefur nokkurs konar forsmekk að Íslendingasögum en vísar einnig til ytri tíma og hefðar almennt. Þessu til stuðnings má draga saman nokkur atriði sem hafa verið nefnd í öðru samhengi víða hér í ritgerðinni. Persónur sögunnar eru sumar þekktar úr öðrum sögum, einkum konungasögum og mynd Jvs. af þeim fellur að þeirri hefð. Hákon jarl er gott dæmi þar sem áherslan á heiðnina og

<sup>1</sup> Þessum uppruna fornaldarsagna er ágætlega lýst í pallborðsumræðum sem birtar voru í *Viking and Medieval Scandinavia* árið 2006, sjá „Interrogating genre in the *Fornaldarsögur*“, 275–296.

<sup>2</sup> Ármann Jakobsson, *Íslendingaþættir: saga hugmyndar*, 13–39 og 65–94. Sjá einnig Ármann Jakobsson, „The Life and Death of the Medieval Icelandic Short Story“, 257–291; Lönnroth, „The Concept of Genre in Saga Literature“, 423–424.

<sup>3</sup> Lönnroth, „The Concept of Genre in Saga Literature“, 426. Greina má svipaða niðurstöðu hjá Joseph Harris og Theodore M. Andersson sem einnig skrifa stuttar greinar um *genre* í sama hefti *Scandinavian Studies*, sbr. Andersson, „Splitting the Saga“, 437–441 og Harris, „Genre in the Saga Literature: A Squib“, 427–436.

neikvæð mynd hans kemur heim og saman við aðrar sögur (sjá bls. 59–60). Á hinn bóginn er dauði Haralds Gormssonar ekki í samræmi við neinar konungasögur en gróteskan og gamansemin sem fylgir þeirri frásögn ætti vel heima í fornaldarsögu. Má til dæmis minnst *Göngu-Hrólfs sögu* þar sem gróf gróteska er á köflum yfirdröfin:

Hrólfr slæmdi sverðinu á hönd Röndólfs, ok tók af í úlfliðnum ok allar tær af öðrum fæti. Röndólfur reiddi upp stöngina með annarri hendi ok laust til Hrólfs af öllu afli. Kylfan kom í jörðina ok sökk til miðs, en Hrólfr sakaði ekki. Hjó Hrólfr þá af Röndólfi aðra höndina, svá at hún fell niðr. Sneri hann þá undan. Hann veifaði stúfunum ok öskraði sem griðungr. Í því höggr Hrólfr undan honum báða þjóhnappana, svá at þeir loddu við í knésbótum. Dró hann þá slóðann eftir sér ok hljóp beljandi upp í fylking Eireks konungs, svá at allt hrökk undan. Drap hann með því margan mann.<sup>1</sup>

Sammerki með Íslendingasögum má meðal annars finna í notkun vísna, þó að þær séu fáar í 291 eru fimm vísur af sjö tilfærðar sem eins konar skraut og skemmtun en ekki heimildatilvísanir eins og algengast er í konungasögum.<sup>2</sup> Upp að vissu marki má einnig finna stíleinkenni sem eru sameiginleg Jvs. og Íslendingasögum, á borð við stutt tilsvör og fáar einræður líkt og greint er á bls. 124.

Miðaldavarðveisla Jvs. endurspeglar raunar sömu kreppu og nútímalesendur standa frammi fyrir þegar þeir ætla að skilgreina hana. Í 291 stendur hún ein, án nokkurs samhengis við aðrar sögur. Á hinn bóginn er varðveisla hennar í *Flateyjarbók*, AM 510 4to og Perg. 7 táknað fyrir umræðu um mörk bókmenntategunda því að hún er varðveitt meðal sagna af ólíkum flokkum. Í *Flateyjarbók* er hún hluti af sögu Ólafs konungs Tryggvasonar en í hinum tveimur handritunum er hún rituð meðal fornaldarsagna. Þrátt fyrir að útgáfa Rafns á fornaldarsögum sé hin fyrsta til þess að draga saman hvaða sögur eigi að setja í þann flokk er ekki þar með sagt að slíkur flokkur hafi verið úr lausu lofti gripin. Þvert á móti eru fjölmörg handrit sem benda til að á miðöldum hafi margir hneigst til þess að búa til bækur þar sem saman eru komnar nokkrar sögur sem síðar tilheyru fornaldarsagnaflöknum þó að heiti flokksins hafi ekki orðið til fyrr en á 19. öld. Þessi tilhneiging er ekki áberandi fyrr en á 15. öld þó að vísi að henni megi finna á 14. öld, til dæmis í Perg. 7.<sup>3</sup> Hins vegar eru fá dæmi um fornaldarsögur sem ljóslega má rekja til 13. aldar, hvorki eru varðveitt 13. aldar handrit með fornaldarsögum né hafa rannsóknir á 14. og 15. aldar handritum sýnt ljóslega að þau hafi verið skrifuð eftir mun eldri handritum.

Þetta bendir til að á fyrri hluta 13. aldar hafi verið langt í að hefð fornaldarsagna yrði skrifleg.<sup>4</sup> Hér sker Jvs. sig sannarlega úr og hið sama mætti þá segja um *Yngvars sögu víðförla*

<sup>1</sup> *Göngu-Hrólfs saga*, 430.

<sup>2</sup> Sbr. bls. 112 hér að framan; Bjarni Einarsson „On the Role of Verse in Saga-Literature,“ 118–125; Guðrún Ingólfssdóttir, „Um hlutverk vísna í Íslendinga sögum,“ 226–240.

<sup>3</sup> Sjá yfirlit um handritavarðveislu fornaldarsagna, Ármann Jakobsson, „The Earliest Legendary Saga Manuscripts,“ 21–31.

<sup>4</sup> Jónas Kristjánsson hefur raunar nefnt að ástæða sé til þess að kanna hvort fornaldarsögur almennt geti verið yngri

ef hefðbundin aldursgreining hennar er tekin gild. Þær skera sig einnig frá flokki fornaldarsagna vegna innri tímans, þær gerast ekki í fjarlægri fortíð. Helgi Skúli Kjartansson rær á þessi mið í sinni umfjöllun um *Yngvars sögu víðförla* sem hann telur að geti vart kallast fornaldarsaga og bendir á að þessar tvær sögur hafi verið ritaðar áður en sagnaritun hóf að sýna einhverja skýra aðgreiningu.<sup>1</sup> Hvatinn að baki þessum sögum sé hinn sami og flestum öðrum, að draga upp mynd af athyglisverðum sögulegum viðburðum sem byggja á um 150-200 ára munnlegri sagnahefð. Við þetta má bæta að í þessum sögum birtast merki þess að trúverðugleiki sé ekki endilega meginmarkmið ritunar þeirra heldur hafi höfundar haft aukið leyfi til þess að fara frjálstlega með hina sögulegu viðburði.

Þó að ritunartími sagna sé ávallt nokkuð háður vangaveltum, ályktunum og tilgátum og sjaldan sé nokkuð sem getur vakið öryggi í aldursgreiningu nema aldur handritanna sjálfra, virðist samt sem áður sem ritunartími Jvs. skipti nokkru máli í þeirri kreppu sem hefur einkennt fræðilega umfjöllun um söguna. Ef litið er til tímabilsins 1150–1250 í víðara samhengi er athyglisvert að skoða viðhorf fræðimanna á 19. og 20. öld til verka frá þessum tíma. Viðmið fræðimanna eru jafnan „bestu“ sögurnar eins og *Heimskringla*, *Egils saga* og *Njáls saga*. *Ágrip af konungasögum* hefur þótt sérkennilegt verk, jafnan talið til konungasagna en stingur í raun í stúf í samhengi við flest önnur verk. *Íslendingabók* Ara fróða á engan sinn líka og hið sama má segja um *Snorra-Eddu* og eddukvæði. Allt eru þetta einstök verk. *Ólafs saga Odds*, sem því miður er ekki varðveitt í upprunalegum texta Odds á latínunni, fjallar um Ólaf konung Tryggvason sem gerir hana vissulega að konungasögu í þeim skilningi að hún er saga um konung. Aftur á móti hafa verið færð rök fyrir því að hún sé rituð í stíl helgisagna og tilheyrir fremur þeirri hefð en konungasögum.<sup>2</sup> Þá má aftur nefna *Morkinskinnu*, sem talin er frá um 1220, en fræðimenn áttu löngum í mestu vandræðum með að átta sig á varðveislu hennar og samhengi, talið var að upphaflega hafi verið til önnur *Frum-Morkinskinna* eða að *Morkinskinna* væri einfaldlega sagnasafn en ekki heildstætt verk.<sup>3</sup> Ármann Jakobsson hefur þó hrakið þessar hugmyndir rækilega.<sup>4</sup>

en talið hefur verið, sbr. „Fornaldarsögur“, 243.

<sup>1</sup> Helgi Skúli Kjartansson, „From the Frying Pan of Oral Tradition into the Fire of Saga Writing“.

<sup>2</sup> Sjá Sverrir Tómasson, „Konungasögur“, 454–457 og Ólafur Halldórsson, „Formáli“, lxxxii.

<sup>3</sup> Sjá umræðu um viðhorf fræðimanna á borð við Gustav Storm, Finn Jónsson og Gustav Indrebø í Ármann Jakobsson, *Staður í nýjum heimi*, 30–33. Sverrir Tómasson telur þó að *Morkinskinnu* eigi að telja sem verk frá seinni hluta 13. aldar eða frá sama tíma og elsta handrit hennar, sjá „Konungasögur“, 383. Ármann Jakobsson er þessu ósammála og telur rökin fyrir því að forritið hafi verið frá um 1220 mjög sterk, sbr. *Staður í nýjum heimi*, 24–26; sjá einnig „Formáli“, I:xvi–xvii, sjá einnig Kjeldsen, *Filologiske studier i kongesagahåndskriftet Morkinskinna*, 12–16.

<sup>4</sup> Sbr. bók hans *Staður í nýjum heimi* en hann hefur fjallað um þetta efni víðar, sjá t.d. „Inventing a Saga Form: The Development of the Kings' Sagas“, 14–16; „The Amplified Saga: Structural Disunity in *Morkinskinna*“, 29–40.

Það má velta fyrir sér hvort að hér geti verið eitthvert orsakasamhengi. Vöflur eldri fræðimanna stafa af skýrri sýn þeirra á hvernig ákveðnar bókmenntir eiga að vera og mælikvarðinn er fyrirfram ákveðinn en hefð og umhverfi sagnaritunarinnar eru ekki jafnskýr vegna skorts á heimildum og það er látið liggja milli hluta. Allt bendir þetta til hefðar í mótun, hefðar sem ekki er bundin af því að falla að ríkjandi straumum í sagnaritun líkt og má ímynda sér að hafi smám saman gerst eftir því sem bækur urðu algengari. Þróun riddarasögunnar er prýðilegt dæmi en eftir því sem fjöldi þeirra jókst festi hún rætur nógu kirfilega til þess að geta af sér íslenskar, frumsamdar rómönsur. Sérstaða Jvs. meðal 13. aldar bókmennta er þannig ekki óvænt þegar hún er greind í samhengi við ritunartíma og rithefð.

## 6.4 Samantekt

Svo virðist sem þrátt fyrir alla umræðu og tilraunir til þess að lagfæra hefðbundna tegundaflokkun íslenskra miðaldabókmennta sé ólíklegt að kerfið verði nokkurn tíma stokkað upp. Fræðileg umræða hefur þó varpað ljósi á ýmsa þætti þessarar flokkunar sem ekki hafa ætíð verið hafðir til hliðsjónar í flokkun, eins og áhrifamátt eldri útgefenda. Í sumum tilvikum myndaðist gjá milli miðaldavarðveislu texta og útgáfu þeirra þó að brýr hafi verið byggðar yfir slíkar gjár á síðustu árum og áratugum. Um þetta eru Íslendingaþættir skýrasta tilvikið þar sem þeir voru teknir úr miðaldasamhengi sínu og prentaðir sérstakir, líkt og nokkurs konar smásögur um Íslendinga erlendis. Lesendur þáttanna hafa því sjaldnast sett þættina í samhengi við konungasögur eða haft tækifæri til þess að túlka þá í samhengi þeirra stóru sagna sem þeir tilheyra á miðöldum.

Grein Melissu Berman um *Jómsvíkinga sögu*, *Orkneyinga sögu* og *Færeyinga sögu* sem mynda saman flokk pólitískra sagna er annað dæmi um villandi niðurstöðu sem flokkun getur haft í för með sér. Þó að tilraun hennar til þess að skipa þessum sögum á sinn bás sé góðra gjalda verð er niðurstaðan sú að farsælla sé að viðurkenna annmarka kerfisins þegar kemur að því að túlka ákveðnar sögur. Jómsvíkinga sögu á að túlka í samhengi við flokkana þrjá sem þræðir hennar tengjast, það er fornaldarsagna, konungasagna og Íslendingasagna. Þessi niðurstaða gerir það að verkum að áfram verður erfitt að skipa henni í flokk í bókmenntasögum sem eru þannig þannig fram settar. Örðugt er að ná utan um fyrstu 150 ár veraldlegrar sagnaritunar á Íslandi með tilliti til bókmenntategunda. Flokkur konungasagna er þar undantekning þar sem flestar konungasögur eru frá þessu tímabili en um leið er flokkurinn sundurleitur. Það er í raun rökrétt að sagnahefðin hafi mótast smám saman. Ekkert er endanlegt heldur breytilegt og textar eru ekki allir „eins og“ einhver annar. Eftir því sem ritum fjölgar og fleiri áratugir og aldir líða frá upphafi sagnaritunar skapast frekari grundvöllur til flokkunar.





## 7 Niðurstöður

Í umræðu um flokkun Jómsvíkinga sögu á síðustu 150 árum um það bil eru tvær tvenndir sem ber mest á. Annars vegar spurningin um skáldskap eða sagnfræði, hins vegar spurningin um fornaldarsögu eða konungasögu. Vandamálið felst í því að líta söguna sem „annað hvort... eða“ fremur en „bæði...og“. Sagan er tvöföld eða margföld í roðinu og ekkert útilokar að hún hafi verið það frá upphafi. Það er líklegt að sagan hafi verið rituð í fullri trú um að hún stæðist þeirra tíma kröfur um sagnfræði líkt og gildir ef til vill um fjölmargar sögur sem nú eru afskrifaðar sem sagnfræði.<sup>1</sup> Það er einnig líklegt að frá upphafi hafi viðtakendur sögunnar skipst í tvennt eftir skilningi á sögunni, annars vegar þeir sem tóku henni sem sögu um „raunverulega“ fortíð og hins vegar þeir sem tóku henni með meiri fyrirvara og töldu hana fyrst og fremst skemmtun og afþreyingu.

Hér þarf að hafa í huga breytur sem varða söguhlýðendur. Umhverfi, menntun, hefð og venjur þeirra hafa áhrif á hvernig þeir skildu söguna. Um viðtökur sögunnar verður því aldrei hægt að fullyrða nokkuð og vísbendingar varðveislunnar verða að duga sem og hugmyndir nútímans um hvað greinir að miðaldir og nútíma. Eitthvað hljóta nútímamenn að eiga sameiginlegt með miðaldamönnum, að öðrum kosti þætti nútímamönnum ekki ástæða til þess að lesa miðaldabókmenntir. Jómsvíkinga saga ber þess einnig vitni að sum einkenni bókmennta eru tímalaus. Niðurlægning yfirvalds, gróteskar drápsaðferðir, grófyrdi og kynferðislegar skírskotanir eru þættir sem dregur fólk að afþreyingu á öllum tímum þó að á sumum tímum eða í sumum kimum samfélagsins hafi slíkt ef til vill verið litið meira hornauga en öðrum.

Ef litið er til spurninganna sem settar voru fram í upphafi ritgerðarinnar má draga saman helstu niðurstöður undangenginnar greiningar á Jómsvíkinga sögu:

*Er hægt að skilgreina Jómsvíkinga sögu í samhengi við flokka íslenskra miðaldabókmennta?*

Þessu mætti svara í senn játandi og neitandi. Það er ekki hægt að skilgreina hana í samhengi við einn flokk en ekkert er því til fyrirstöðu að fjalla um hana sem sögu þriggja flokka: fornaldarsagna, konungasagna og Íslendingasagna. Sagan teygir anga sína yfir landamæri allra þessa flokka og hún verður ekki skilin öðruvísi. Hún er ekki saga eins flokks með áhrifum úr öðrum eins og sumar sögur eru ljóslega. Þannig má til dæmis segja að *Egils saga* sé Íslendinga

---

<sup>1</sup> Annette Lassen hefur t.d. fært rök fyrir því að fornaldarsögur hafi verið ritaðar af mikilli alvöru sem lærð sagnfræði, sbr. „*Origines Gentium and the Learned Origin of Fornaldarsögur Norðurlanda*“, 31–58.

saga með nokkrum áhrifum frá konungasögum. Það er einnig óraunhæft að ætla að mynda nýjan flokk sem myndi ná yfir Jómsvíkinga sögu og aðrar sögur sem hafa vakið svipaðar spurningar.

*Hvernig getur varðveisla sögunnar varpað ljósi á viðtökur hennar á miðöldum?*

Varðveisla sögunnar getur gefið ýmsar vísbendingar um viðtökur hennar. Breytingar þær sem hafa orðið á sögunni milli handrita gefa til dæmis til kynna að höfundar og/eða viðtakendur hafi haft ólíkan smekk. Í umhverfi Perg. 7 hefur þótt óviðeigandi að drepa konung á niðrandi og klúran máta. Þar birtist auk þess skýr krafa um hnitmiðaðan stíl, niðurskurð á útdúrum og endurtekningum. Á ritunartíma AM 510 er annað uppi á teningnum þar sem textinn hefur verið lengdur, sviðsetningum fjölgað og sumar persónur eru dregnar skýrari dráttum. Inn í myndina vantar vitaskuld frekari heimildir um þá sem skópu textann í tímans rás en þessi þróun sýnir hvernig viðtakendur, skrifarar handrita þar með taldir, hafa mótað texta eftir hentugleika og smekk hverju sinni. Þá endurspeglar varðveisla sögunnar einnig svipaða togstreitu og birtist í viðhorfi síðari alda fræðimanna. Hún hefur varðveist ein í handriti sem kallast á við að hún er að einhverju leyti einstæðingur í íslenskri bókmenntasögu, ekki síst með það í huga að hún er eina sagan þar sem hópur manna er í brennidepli en ekki einstaklingar eða tiltekin ætt. Í Perg. 7 er hún skrifuð meðal sagna sem flestar tilheyra flokki fornaldarsagna og í *Flateyjarbók* er hún rituð sem hluti sögu Ólafs konungs Tryggvasonar. Þessi varðveisla lýsir viðtökum hennar vel og sýnir að hún virðist frá fyrstu tíð hafa verið skilin á margvíslegan hátt.

*Er Jvs. mikilvægur hlekkur í þróun hugmynda um sagnfræði og skáldskap á Íslandi á 13. öld?*

Það sennilega of langt seilst að kalla söguna mikilvægan hlekk í þróun íslenskra bókmennta. Ekki er margt sem bendir til að sagan sem bókmenntaverk hafi verið mjög áhrifarík. Þó að sá möguleiki sé fyrir hendi að höfundur *Egils sögu* hafi þekkt hana er ómögulegt að geta sér til um hvort hugmyndafræði sögunnar og sagnfræðileg framsetning á tilbúnum atburðum hafi mótað skrif hans. Á hinn bóginn er Jvs. mikilvæg fyrir þá sem vilja rannsaka hugmyndir um skáldskap og sagnfræði, mörk þeirra og náíð samband á 12. og 13. öld. Vísbendingar um háan aldur sögunnar eru mikilvægar og í samhengi við fleiri íslenskar miðaldabókmenntar geta hugmyndir um sagnaritun á fyrstu öldum rithefðar skerpst.

*Hvaða lærdóm má draga af sögunni um bókmenntahefð á 13. öld?*

Eitt bókmenntaverk verður aldrei fullgreint en ýmis einkenni hafa verið dregin fram hér sem gefa nokkrar vísbendingar um sagnaritun og vinnubrögð sagnaritara. Með nákvæmum lestri má sýna fram á ýmis hugðarefni sem koma upp í sögunni og geta gefið vísbendingar um viðhorf og menningu. Svo virðist sem áhrif riddaramenningar birtist í stofnun Jónsborgar en áhrif riddarabókmennta koma ekki fram. Ýmsar breytingar og þróun í bókmenntastarfsemi meginlandsins hefur einnig verið mikilvæg þó að áhrif einstakra verka komi ekki fram. Þannig eru undirliggjandi hugmynda- og menningaráhrif mikilvæg fyrir sköpun sögunnar.

Í einstökum þáttum má greina fleiri hugmyndir um umhverfi Jvs. Hetjuhugsjónin getur verið brothætt, línan milli aðdáunar og háðs er fín. Neikvætt viðhorf og niðurlæging Haralds Gormssonar sem ekki á sér jafn gróteska hliðstæðu í öðrum heimildum sýnir þörf fólks til þess að skemmta sér yfir örlögum manna úr efstu stéttum. Fleiri atriði sögunnar draga fram áherslu á skemmtanagildi, má nefna aftöku Jónsvíkinga í lokin og endalok Búa digra.

Texti sögunnar dregur einnig upp mynd af rithefð. Sú gerð sem varðveitt er í AM 291 4to bendir ekki til þess að hún hafi verið skrifuð upp oft heldur sé stutt á milli textans og munnlegrar hefðar. Sumar styttinganna sem hafa orðið milli gerðanna í Perg. 7 sýna að margar setningar hafa verið endurorðaðar án þess að merking glatist. Samanburður á einstaka setningum þessara tveggja gerða endurspeglar upp að vissu marki svipaðan mun og þegar talmál og ritmál nútímans er borið saman. Þessa ályktun er erfitt að staðfesta vegna þess að heimildir um mælt mál miðalda eru engar. Athugun á orðastrengnum „og nú“ og ýmsum endurtekningum orða sem mætti skera niður án þess að merking breytist benda eindregið til þess að sagan eins og hún er varðveitt í AM 291 4to hafi ekki verið skrifuð upp margoft. Þessa niðurstöðu mætti nýta í frekari samanburð til þess að varpa skýrara ljósi á vinnubrögð sagnaritara. Ýmsir þættir sögunnar benda einnig til að sagan tilheyri bókmenntahefð í mótun. Efni sögunnar og framsetning styður þannig vísbendingar um aldur hennar. Hefðin fyrir sagnfræðilegu efni sem fléttað er saman við tilbúning og ævintýralegt atvik er ekki orðin sterk á Íslandi um 1230. Eini flokkur veraldlegra sagna sem virkilega hefur fest sig í sessi á þeim tíma eru konungasögur. Ef miðað er við varðveitt handrit eru elstu merki um Íslendingasögur þetubrot *Egils sögu* frá um 1250. Konungar og konungsvald eru mikilvægur þráður í *Egils sögu* eins og í Jvs. og þessar sögur endurspeglar ef til vill hvernig sagnaritarar fetuðu sig frá konungasagnahefð yfir í annars konar sögur.

Rannsókn af þessu tagi er því miður ákveðnum takmörkunum háð vegna fábreyttra heimilda frá ritunartíma sögunnar. Nauðsynlegt er að horfast í augu við það hve lítið er í raun vitað um uppruna sagna og hversu mikið við treystum á túlkanir þeirra fræðimanna sem fyrstir tókust á við íslenskar miðaldabókmenntir. Þrátt fyrir þessar takmarkanir varpar þessi rannsókn ljósi á það hve mikilvægt er að rannsaka texta í heild sinni í samhengi við varðveislu og sögulegt samhengi. Það er ekki nóg að einblína á rittengsl einstakra sagna, það verður að taka tillit til umhverfis, hefðar og menningarstrauma á hverjum tíma. Þessar rannsóknir þurfa að vera í stöðugri endurnýjun og enduskoðun því að rannsakendur eru óhjákvæmilega undir áhrifum síns tíma og þeirra strauma og stefna sem ríkja hverju sinni.

Jómsvíkinga saga er aðeins ein fjölda sagna sem 13. öldin á Íslandi gat af sér. Hér hefur hvorki verið sagt fyrsta né síðasta orðið um söguna. Margt er enn ókannað. Hér var valin sú leið að nálgast söguna frá ýmsum hliðum og huga bæði að sögunni sjálfri og umhverfi hennar. Vonin er sú að ritgerðin í heild verði hvatning til fleiri slíkra rannsókna á öðrum sögum en að um leið hafi hér skapast grundvöllur fyrir frekari rannsóknir á einstökum þáttum Jómsvíkinga sögu. Mynd sögunnar ætti að vera skýrari nú en hún hefur áður verið. Sagan dregur einnig fram í dagsljósið að engin ástæða er til þess að vanrækja einstakar sögur í rannsóknum á íslenskum miðaldabókmenntum. Sérhvert verk er þrátt fyrir allt einstakt hvað sem öllum samkennum við önnur verk líður. Greining á stökum sögum getur brugðið ljósi á umhverfi þeirra og dýpkað skilninginn á samhengi sagna, hvort sem það er samhengi við önnur ritverk, munnlega hefð, hugðarefni samfélagsins eða mögulegar viðtökur.

## Heimildaskrá

### Handrit

AM 45 fol.  
AM 291 4to  
AM 510 4to  
Sth. Perg. 4to nr. 7

### Textaútgáfur

Adam von Bremen, *Hamburgische Kirchengeschichte*. Bernhard Schmeidler gaf út. Hannover og Leipzig 1917.

*Alfræði íslenzk* I-III, Kristian Kálund gaf út. Kaupmannahöfn 1908–1918.

Aristóteles, *Um skáldskaparlistina*, Kristján Árnason þýddi og ritaði inngang. Reykjavík 1974.

Aristóteles, *History of Animals: Books I-X*. A. L. Peck og David M. Balme þýddu. Cambridge 2012.

*Arne Magnussons private brevveksling*, Kristian Kálund og Finnur Jónsson gáfu út. Kaupmannahöfn 1920.

Árni Magnússon, *Arne Magnussons i AM. 435 a-b, 4to indeholdte håndskriftfortegnelser, med to tillæg*. Kaupmannahöfn 1909.

*Ágrip af Nóregskonunga sögum*, Bjarni Einarsson gaf út. Íslenzk fornrit 29. Reykjavík 1985.

Augustine, *De Doctrina Christiana*, R.P. H. Green gaf út. Oxford, 1995.

*Bandamanna saga*, Guðni Jónsson gaf út. Íslenzk fornrit 7. Reykjavík 1936.

*Bárðar saga Snæfellsáss*, Þórhallur Vilmundarson gaf út. Íslenzk fornrit 13. Reykjavík 1991.

*Biblian. Heilög ritning*, Hið íslenska Biblíufélag og JPV gáfu út. Reykjavík 2007.

*Biskupa sögur* I-II, Jón Sigurðsson, Guðbrandur Vigfússon, Þorvaldur Björnsson og Eiríkur Jónsson gáfu út. Kaupmannahöfn 1858-1978.

*Bjarnar saga Hítðælakappa*, Sigurður Nordal og Guðni Jónsson gáfu út. Íslenzk fornrit 3. Reykjavík 1938.

*Bragða-Mágus saga með tilheyrandi þáttum*, Gunnlaugur Þórðarson gaf út. Kaupmannahöfn 1858.

*Brennu-Njáls saga*, Einar Ól. Sveinsson gaf út. Íslenzk fornrit 12. Reykjavík 1954.

*Brennu-Njáls saga. Texti Reykjabókar*, Sveinn Yngvi Egilsson gaf út. Reykjavík 2004.

*Breta sögur hinar fornu: prentaðar eftir útgáfu Jóns Sigurðssonar forseta í dönskum annálum 1848*. Reykjavík 1914.

Chrétien de Troyes, *Oeuvres complètes*. Daniel Poirion ritstýrði ásamt Anne Berthelot, Peter F. Dembowski, Sylvie Lefèvre, Karl D. Uitti og Philippe Walter. París 1994.

- [Cicero], *Ad C. Herennium. Der ratione Dicendi (Rhetorica ad Herennium)*. Harry Caplan gaf út og þýddi. Lundúnir 1956.
- Diplomatarium Islandicum* 1–16. *Íslenzkt fornbréfasafn*. Kaupmannahöfn 1857–1972.
- Drei lygisögur: Egils saga einhenda ok Ásmundar berserkjabana, Ála flekks saga, Flóres saga konungs ok sona hans*. Áke Lagerholm gaf út. Halle 1927.
- Droplaugarsona saga*, Jón Jóhannesson gaf út. *Íslenzk fornrit* 11. Reykjavík 1950.
- Egils saga Skallagrímssonar. Bind I: A-Redaktionen*, Bjarni Einarsson gaf út. Editiones Arnamagnæanæ. Series A, 19. Kaupmannahöfn 2001.
- Egils saga Skallagrímssonar. Bind III: C-Redaktionen*, Michael Chesnutt gaf út. Editiones Arnamagnæanæ. Series A, 21. Kaupmannahöfn 2006.
- Egils saga Skalla-Grímssonar*, Sigurður Nordal gaf út. *Íslenzk fornrit* 2. Reykjavík 1933.
- Encomium Emmae Reginae*, Alistair Campbell gaf út. Lundúnir 1949.
- Eyrbyggja saga*, Einar Ól. Sveinsson gaf út. *Íslenzk fornrit* 4. Reykjavík 1935.
- Fagrskinna*, Bjarni Einarsson gaf út. *Íslenzk fornrit* 29. Reykjavík 1984.
- The First Grammatical Treatise*, Hreinn Benediktsson gaf út. Reykjavík 1972.
- Flateyjarbók I–III*, C.R. Unger og Guðbrandur Vigfússon gáfu út. Kristjánía, 1860–1868.
- Flóamanna saga*, Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. *Íslenzk fornrit* 13. Reykjavík 1991.
- Fornaldar sögur Nordrlanda: eptir gömlum handritum*, C.C. Rafn gaf út. Kaupmannahöfn 1829–1830.
- Fóstbræðra saga*, Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. *Íslenzk fornrit* 6. Reykjavík 1943.
- Færeyinga saga*, Ólafur Halldórsson gaf út. *Íslenzk fornrit* 25. Reykjavík 2006.
- Geoffrey of Monmouth, *The History of the Kings of Britain*. Michael D. Reeve gaf út frumtexta og Neil Wright þýddi á ensku. Woodbridge 2007.
- Gísla saga Súrssonar*, Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. *Íslenzk fornrit* 6. Reykjavík 1943.
- Grágás: Lagasafn íslenska þjóðveldisins*, Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mörður Árnason gáfu út. Reykjavík 1992.
- Grettis saga*, Guðni Jónsson gaf út. *Íslenzk fornrit* 7. Reykjavík 1936.
- Grímur Thomsen, *Ljóðmæli*. Reykjavík 1954.
- Gunnlaugs saga ormstungu*, Sigurður Nordal og Guðni Jónsson gáfu út. *Íslenzk fornrit* 3. Reykjavík 1938.
- Göngu-Hrólfs saga*, Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. Fornaldarsögur Norðurlanda 2. Reykjavík 1944.
- Hallfreðar saga*, Einar Ól. Sveinsson gaf út. *Íslenzk fornrit* 8. Reykjavík 1939.
- Harðar saga*, Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. *Íslenzk fornrit* 13. Reykjavík 1991.

- Hauksbók: udgiven efter de Arnamagnæanske håndskrifter no. 371, 544 og 675, 4 samt forskellige papirhåndskrifter af Det kongelige nordiske oldskrift-selskab*, Finnur Jónsson gaf út. Kaupmannahöfn 1892–1896.
- Heiðreks saga. Hervarar saga ok Heiðreks konungs*, Jón Helgason gaf út. Kaupmannahöfn 1924
- Heimskringla I–III*, Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Íslenzk fornrit 26–28. Reykjavík 1941–1951.
- Historia Jomsburgensium seu Juliniensium*, Jakob Benediktsson gaf út. Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta 1. Bibliotheca Arnamagnæana 9. Kaupmannahöfn 1950.
- Horatius Flaccus, Quintus, *Horace on Poetry. The Ars Poetica*. C.O. Brink gaf út og ritaði skýringar. Cambridge 1971.
- Hrólfs saga kraka*, Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. Fornaldarsögur Norðurlanda 2. Reykjavík 1944.
- Hænsna-Póris saga*, Sigurður Nordal og Guðni Jónsson gáfu út. Íslenzk fornrit 3. Reykjavík 1938.
- Ísidór frá Sevilla, *Etymologiarvm sive Originvm I-II*. W. M. Lindsay gaf út. Oxford 1911.
- Ívens saga*, Foster W. Blaisdell gaf út. Editiones Arnamagnæanæ Series B, 18. Kaupmannahöfn 1979.
- Jómsvíkinga sagan eller historia om kämparne från Jomsborg*, Magnus Adlerstram gekk frá texta og L. Hammarsköld gaf út. Gautaborg 1815.
- Jomsvikinga saga — útgefin eptir gamalli kálfskinnsbók í hinu konúngliga bókasafni í Stockhólmi*. Kaupmannahöfn 1824.
- Jómsvíkingasaga og Knýtlinga með tilheyrandi þáttum*, C.C. Rafn gaf út. Fornmanna sögur 11. Kaupmannahöfn 1828.
- Jómsvíkinga saga efter skinnboken 7, 4<sup>to</sup> å Kungl. Biblioteket i Stockholm*, Gustaf Cederschiöld gaf út. Stokkhólmur 1874.
- Jómsvíkinga-saga i latinsk oversættelse af Arngrim Jonsson*, A. Gjessing gaf út. Kristianssand 1877.
- Jómsvíkinga saga (efter Cod. Am. 510, 4to) samt Jómsvíkinga drápa*, Carl af Petersens gaf út. Lundur 1879.
- Jómsvíkinga saga efter Arnamagnæanska handskriften n:o 291 4to*, Carl af Petersens gaf út. Kaupmannahöfn 1882.
- Jómsvíkinga saga. The Saga of the Jomsvikings*, Norman Francis Blake gaf út og þýddi á ensku. Lundúnir 1962.
- Jómsvíkinga saga*, Ólafur Halldórsson gaf út. Reykjavík 1969.
- Jomsvikingernes saga: Harald Blåtand, Svend Tveskæg og vikingerne i Jomsborg*, Helle Degnbol og Helle Jensen gáfu út og þýddu á dönsku. Kaupmannahöfn 1978.
- Jóns saga helga*, Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote gáfu út. Íslenzk fornrit 15 (Biskupa sögur 1). Reykjavík 2003.
- Ketils saga hængs*, Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. Fornaldarsögur Norðurlanda 1. Reykjavík 1943.
- Kjalnesinga saga*, Jóhannes Halldórsson gaf út. Íslenzk fornrit 14. Reykjavík 1959.

- Knýtlinga saga*, Bjarni Guðnason gaf út. Íslenzk fornrit 35. Reykjavík 1982.
- Konungs skuggsjá. Speculum Regale*, Magnús Már Lárusson bjó til prentunar. Reykjavík 1955.
- Kristni saga*, Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote gáfu út. Íslenzk fornrit 15 (Biskupa sögur 1). Reykjavík 2003.
- Landnámabók I–III: Hauksbók, Sturlubók, Melabók*, Finnur Jónsson gaf út. Kaupmannahöfn 1900.
- Laxdæla saga*, Einar Ól. Sveinsson gaf út. Íslenzk fornrit 5. Reykjavík 1934.
- Lárentíus saga biskups*, Guðrún Ása Grímsdóttir gaf út. Íslenzk fornrit 17 (Biskupa sögur 3). Reykjavík 1998.
- Monumenta historica Norvegiæ: Latinske kildeskifter til Norges historie i middelalderen*, Gustav Storm gaf út. Kristjánía 1880.
- Morkinskinna I–II*, Ármann Jakobsson og Þórður Ingi Guðjónsson gáfu út. Íslenzk fornrit 23–24. Reykjavík 2011.
- Norges gamle love indtil 1387* 1-3, R. Keyser og P. A. Munch gáfu út. Kristjánía 1846–1849.
- Ovidius Naso, *Amores: Medicamina faciei femineae; Ars amatori a; Remedia amoris*. E. J. Kenney gaf út. Oxford 1994.
- Óláfs saga Tryggvasonar en mesta*, Ólafur Halldórsson gaf út. Editiones Arnamagnæanæ. Series A, 1-3 Kaupmannahöfn 1958–2000.
- Óláfs saga Tryggvasonar eptir Odd munk Snorrason*, Ólafur Halldórsson gaf út. Íslenzk fornrit 25. Reykjavík 2006.
- Ólafur Þórðarson, *Málhljóða og málskrúðsrit = Grammatisk-retorisk afhandling*. Finnur Jónsson gaf út. Kaupmannahöfn 1927.
- Orkneyinga saga*, Finnbogi Guðmundsson gaf út. Íslenzk fornrit 34. Reykjavík 1964.
- Platon, *Ríkið*. Eyjólfur Kjalar Emilsson þýddi og ritaði inngang og skýringar, Kristján Árnason þýddi bundið mál. Reykjavík 2009.
- Poetry from the Kings' Sagas I*, Diana Whaley gaf út. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 1. Turnhout 2012.
- Poetry from the Kings' Sagas II*, Kari Ellen Gade gaf út. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 2. Turnhout 2009.
- Quellen zur Geschichte der Sächsischen Kaiserzeit: Widukinds Sachsensgeschichte, Adalberts Fortsetzung der Chronik Reginos, Liuprands Werke*, Paul Hirsch, Max Büdinger og Wilhelm Wattenbach gáfu út og þýddu, Albert Bauer og Reinhold Rau endurbættu. Darmstadt 2002.
- Reykðæla saga og Víga-Skútu*, Björn Sigfússon gaf út. Íslenzk fornrit 10. Reykjavík 1940.
- The Saga of the Jómsvikings: Translated from the Old Icelandic with Introduction and Notes*, Lee M. Hollander gaf út og þýddi á ensku. Austin 1955.
- Saxo Grammaticus, *The History of the Danes: Books I-IX*. Hilda E. Davidson gaf út og Peter Fisher þýddi. Cambridge 1998.
- Saxo Grammaticus, *Gesta Danorum. Danmarkshistorien*. Karsten Friis-Jensen gaf út og Peter Zeeberg þýddi á dönsku. Kaupmannahöfn 2005.



- Sigurður Breiðfjörð, *Rímur af Jómsvíkinga sögu*. Reykjavík 1912.
- Sigurðar saga þøgla*, Agnete Loth gaf út. Late Medieval Icelandic Romances 2. Kaupmannahöfn 1963.
- Sigurðar saga þøgla*, M. J. Driscoll gaf út. Reykjavík 1992.
- Skarðsárþók. Landnámabók Björns Jónssonar á Skarðsá*, Jakob Benediktsson gaf út. Reykjavík 1958.
- Snorra Edda*. Prologue og Gylfaginning. Skáldskaparmál. Háttatal. Anthony Faulkes gaf út. Lundúnir 1998–2005.
- Sturlaug's saga starfsama*. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. Fornaldarsögur Norðurlanda 2. Reykjavík 1944.
- Sturlunga saga: efter membranen Króksfjarðarbók 1-2*, Kristian Kålund gaf út. Kaupmannahöfn og Kristjánía 1906.
- Sturlunga saga. Skýringar og fræði*, ritstj. Örnólfur Thorsson. Reykjavík 1988.
- Svarfdæla saga*, Jónas Kristjánsson gaf út. Íslenzk fornrit 9. Reykjavík 1956.
- Thomas Aquinas, *The Summa Theologica* 1. Fathers of the English Dominican Province þýddu og Daniel J. Sullivan endurskoðaði. Chicago 1952.
- Tristrams saga ok Ísöndar*, Marianne E. Kalinke gaf út. Norse Romance 1. The Tristan Legend Cambridge 1999.
- Trójumanna saga*, Jonna Louis-Jensen gaf út. Editiones Arnarnagæanæ Series A, 8. Kaupmannahöfn 1963.
- Trójumanna saga. The Dares Phrygius Version*, Jonna Louis-Jensen gaf út. Editiones Arnarnagæanæ Series A, 9. Kaupmannahöfn 1981.
- Valla-Ljóts saga*, Jónas Kristjánsson gaf út. Íslenzk fornrit 9. Reykjavík 1956.
- Völsunga saga ok Ragnars saga loðbrókar*, Magnus Olsen gaf út. Kaupmannahöfn 1906–1908.
- Wace's Roman de Brut: A History of the British*, Judith Weiss gaf út og þýddi. Exeter 2002.
- Willelmi Parvi de Newburgh, *Historia Rerum Anglicarum* I. Lundúnir 1856.
- William of Malmesbury, *Gesta Regum Anglorum, The History of English Kings* 1-2, R. A. B. Mynors, R. M. Thomson og M. Winterbottom gáfu út. Oxford 1998.
- Yngvars saga víðförla*, Johan Emil Olson gaf út. Kaupmannahöfn 1912.
- Þiðreks saga af Bern*, Guðni Jónsson gaf út. Reykjavík 1951.
- Þorleifs þáttur jarlsskálds*, Jónas Kristjánsson gaf út. Íslenzk fornrit 9. Reykjavík 1956.
- Þorsteins þáttur uxafóts*, Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. Íslenzk fornrit 13. Reykjavík 1991.
- Örvar-Odds saga*, Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. Fornaldarsögur Norðurlanda 1. Reykjavík 1943.

## Fræðirit

- Aalto, Sirpa, „Jómsvíkinga Saga as a Part of Old Norse Historiography,” *Scripta Islandica* 65 (2014), 33–58.
- Almqvist, Bo, *Norrön Niddiktning* I. Uppsalar 1965.
- Andersson, Theodore M., *The Icelandic Family Saga: An Analytic Reading*. Cambridge, Massachusetts 1967.
- Andersson, Theodore M., „Splitting the Saga,” *Scandinavian Studies* 47 (1975), 437–441.
- d’Alverny, Marie-Thérèse, „Translations and Translators,” *Renaissance and Renewal in the Twelfth Century*. Ritstj. Robert L. Benson, Giles Constable og Carol D. Lanham. Oxford 1982, 421–462.
- Auerbach, Erich, *Literary Language & Its Public in Late Latin Antiquity and in the Middle Ages*. Lundúnir 1965.
- Ármann Jakobsson, *Í leit að konungi. Konungsmýnd íslenskra konungasagna*. Reykjavík 1997.
- Ármann Jakobsson, „History of the Trolls? *Bárðar saga* as an Historical Narrative,” *Saga-Book* 25 (1998), 53–71.
- Ármann Jakobsson, „The Amplified Saga: Structural Disunity in *Morkinskinna*,” *Medium Ævum* 70 (2001), 29–46.
- Ármann Jakobsson, *Staður í nýjum heimi*. Reykjavík 2002.
- Ármann Jakobsson, „Our Norwegian Friend,” *Arkiv för nordisk filologi* 117 (2002), 145–160.
- Ármann Jakobsson, „Konungurinn og ég,” *Þjóðerni í þúsund ár?* Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. Reykjavík 2003, 39–55.
- Ármann Jakobsson, „Some Types of Ambiguities in the Sagas of the Icelanders,” *Arkiv för nordisk filologi* 119 (2004), 37–53.
- Ármann Jakobsson, „Royal Biography,” *A Companion to Old Norse-Icelandic Literature and Culture*. Ritstj. Rory McTurk. Oxford 2005, 388–402.
- Ármann Jakobsson, „Masculinity and Politics in *Njáls saga*,” *Viator* 38 (2007), 191–215. [Endurpr. *Nine Saga Studies: The Critical Interpretation of the Icelandic Sagas*. Reykjavík 2013.]
- Ármann Jakobsson, „The Trollish Acts of Þorgrímr the Witch: Meanings of Troll and Ergi in Medieval Iceland,” *Saga-Book* 32 (2008), 39–68. [Endurpr. *Nine Saga Studies: The Critical Interpretation of the Icelandic Sagas*. Reykjavík 2013.]
- Ármann Jakobsson, „Beast and Man: Realism and the Occult in *Egils saga*,” *Scandinavian Studies* 83:1 (2011), 29–44. [Endurpr. *Nine Saga Studies: The Critical Interpretation of the Icelandic Sagas*. Reykjavík 2013.]
- Ármann Jakobsson, „Formáli,” *Morkinskinna* I–II. Ármann Jakobsson og Þórður Ingi Guðjónsson gáfu út. Íslensk fornrit 23–24. Reykjavík 2011.
- Ármann Jakobsson, „The Earliest Legendary Saga Manuscripts,” *The Legendary Sagas: Origins and Development*. Ritstj. Anette Lassen, Agneta Ney og Ármann Jakobsson. Reykjavík 2012, 21–31.

- Ármann Jakobsson, „Inventing a Saga Form: The Development of the Kings’ Sagas,“ *Filologia Germanica – Germanic Philology* 4 (2012), 1–22.
- Ármann Jakobsson, „The Life and Death of the Medieval Icelandic Short Story,“ *Journal of English and Germanic Philology*, 112 (2013), 257–291.
- Ármann Jakobsson, *Íslendingaþættir: saga hugmynda*. Reykjavík 2014.
- Ármann Jakobsson, „Tradition and the Individual Talent: The “Historical Figure” in the Medieval Sagas, a Case Study,“ *Viator* 54 (2014) 3:101–124.
- Ármann Jakobsson, „Skarphéðinn talar,“ *Ritið* 15 (2015), 1:9–27.
- Ásdís Egilsdóttir, „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennta á Íslandi,“ *Konur og kristsmenn: þættir úr kristnisögu Íslands*. Ritstj. Inga Huld Hákonardóttir. Reykjavík 1996, 91–116.
- Ásdís Egilsdóttir, „Með karlmannlegri hreysti og hreinni trú.“ *Hugvísindaping 2005: Erindi af ráðstefnu Hugvísindadeildar og Guðfræðideildar Háskóla Íslands 18. nóvember 2005*. Ritstj. Haraldur Bernharðsson, Margrét Guðmundsdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þórdís Gísladóttir. Reykjavík 2006, 31–40.
- Ásdís Egilsdóttir, „Kolbitur verður karlmaður,“ *Miðaldabörn*. Ritstj. Ármann Jakobsson og Torfi H. Tulinius. Reykjavík 2005, 87–100.
- Ásdís Egilsdóttir, „En verden skabes – en mand bliver til,“ *Fornaldarsagaerne: Myter og virkelighed*. Ritstj. Agneta Ney, Ármann Jakobsson og Annette Lassen. Kaupmannahöfn 2009, 245–254.
- Bagerius, Henric, *Mandom och mödom: Sexualitet, homosocialitet och aristokratisk identitet på det senmedeltida Island*. Gautaborg 2009.
- Bagge, Sverre, *Den politiske ideologi i Kongespeilet*. Bergen 1979.
- Bagge, Sverre, *Society and Politics in Snorri Sturluson’s Heimskringla*. Berkeley 1991.
- Bagge, Sverre, „Norwegian Monarchy in the Thirteenth Century,“ *Kings and Kingship in Medieval Europe*. Ritstj. Anne J. Duggan. Lundúinir 1993, 159–177.
- Bandlien, Bjørn, *Man or Monster? Negotiations of Masculinity in Old Norse Society*. Ósló 2005.
- Berman, Melissa A., „The Political Sagas,“ *Scandinavian Studies* 57 (1985), 113–129.
- Bibire, Paul, „On Reading the Icelandic Sagas: Approaches to Old Icelandic Texts,“ *West over Sea: Studies in Scandinavian Sea-Borne Expansion and Settlement before 1300*. Ritstj. Beverley Ballin Smith, Simon Taylor og Gareth Williams. Leiden og Boston 2007, 3–18.
- Bjarni Aðalbjarnarson, *Om de norske kongers sagaer*. Ósló 1937.
- Bjarni Einarsson, „On the Role of Verse in Saga-Literature,“ *Mediaeval Scandinavia* (1974) 7:118–125.
- Bjarni Einarsson, *Litterære forudsætninger for Egils saga*. Reykjavík 1975.
- Bjarni Einarsson, „Formáli,“ *Ágrip af Nóregskonunga sögum*. Bjarni Einarsson gaf út. Íslensk fornrit 29. Reykjavík 1985.
- Bjarni Guðnason, „Sögumynstur hetjudauðans,“ *Tímarit Háskóla Íslands* (1990) 5:97–102.

- Björn Sigfússon, „Formáli,“ *Ljósvetninga saga*. Björn Sigfússon gaf út. Íslenzk fornrit 10. Reykjavík 1959.
- Blake, N.F., „Introduction,“ *Jómsvíkinga saga. The Saga of the Jomsvikings*. Norman Francis Blake gaf út. Lundúnir 1962.
- Bloomfield, Morton W., „The Problem of the Hero in the Later Medieval Period,“ *Concepts of the Hero in the Middle Ages and the Renaissance*. Ritstj. Norman T. Burns og Christopher J. Reagan. New York 1975, 27–48.
- Bouman, A.C., *Patterns in Old English and Old Icelandic Literature*. Leiden 1962.
- Brown, Nancy Marie, *Song of the Vikings: Snorri and the Making of Norse Myths*. New York 2012.
- Bullough, Vern L., „On Being a Male in the Middle Ages,“ *Medieval Masculinities. Regarding Men in the Middle Ages*. Ritstj. Clare A. Lees. Minneapolis 1994, 31–43.
- Byock, Jesse, *Viking Language: Learn Old Norse, Runes, and Icelandic Sagas*. Los Angeles 2013.
- Cardew, Phil, „The Question of Genre in the Late Íslendingasögur: a Case Study of *Porskfirðinga saga*,“ *Sagas, Saints and Settlements*. Ritstj. Gareth Williams og Paul Bibire. Leiden og Boston 2004, 13–28.
- Chesnutt, Michael, „Forord,“ *Egils saga Skallagrímssonar. Bind III: C-Redaktionen*, Michael Chesnutt gaf út. Editiones Arnarnæ. Series A, 21. Kaupmannahöfn 2006.
- Christensen, Aksel E., „The Jelling Monuments,“ *Mediaeval Scandinavia* 8 (1975), 7–21.
- Clover, Carol J., „Scene in Saga Composition,“ *Arkiv för nordisk filologi* 89 (1974), 57–83.
- Clover, Carol J., *The Medieval Saga*. Ípaka 1982.
- Clover, Carol J., „Icelandic Family Sagas (Íslendingasögur),“ *Old Norse–Icelandic Literature: A Critical Guide*. Ritstj. Carol J. Clover og John Lindow. Ípaka og Lundúnir 1985, 239–315.
- Clover, Carol J., „The Long Prose Form,“ *Arkiv för nordisk filologi* 101 (1986):10–39.
- Clover, Carol J., „Regardless of Sex: Men, Women, and Power in Early Northern Europe,“ *Speculum* 68 (1993), 363–387.
- Clover, Carol J., „Hildigunnr’s Lament,“ *Cold Counsel: Women in Old Norse Literature and Mythology. A Collection of Essays*. Ritstj. Sarah M. Anderson og Karen Swenson. New York 2002, 15–54.
- Clunies Ross, Margaret, „A Tale of Two Poets,“ *Arkiv för nordisk filologi* 120 (2005), 69–82.
- Collings, Lucy, *The Codex Scardensis: Studies in Icelandic Hagiography*. Ann Arbor 1974.
- Cook, Robert G., „The Reader in Grettis saga,“ *Saga-Book* 21 (1984–85), 133–154.
- Copeland, Rita, *Rhetoric, Hermeneutics, and Translation in the Middle Ages*, Cambridge 1991.
- Copeland, Rita og Ineke Sluiter, „General Introduction,“ *Medieval Grammar and Rhetoric. Language Arts and Literary Theory, AD 300–1475*. Oxford 2009, 62–71.
- Crocker, Cristopher, „To Dream is to Bury: Dreaming of Death in Brennu-Njáls saga,“ *Journal of English and Germanic Philology* 114 (2014), 261–291.
- Curschmann, Michael, „The Prologue of "Þiðreks saga": Thirteenth-Century Reflections on Oral Traditional Literature,“ *Scandinavian Studies* 56 (1984), 140–151.

- Curtius, Ernst Robert, *Europäische Literatur und Lateinisches Mittelalter*. Bern 1948.
- Danielsson, Tommy, *Hrafnkels saga eller Fallet med den undflyende traditionen*. Stokkhólmur 2002.
- Davíð Erlingsson, „Bakrauf og bakrauf“, *Skirnir* 171 (1997), 401–411.
- Degnbol, Helle og Helle Jensen, „Indledning“, *Jomsvikingernes saga: Harald Blåtand, Svend Tveskæg og vikingerne i Jomsborg*. Kaupmannahöfn 1978.
- Demidoff, Lene, „The Poppo Legend“, *Mediaeval Scandinavia* 6 (1973), 39–67.
- Driscoll, M.J., „Introduction“, *Sigurðar saga þóglá*. Reykjavík 1992.
- Driscoll, M.J., „Introduction“, *Ágrip af Nóregskonungasögum*. 2. útgáfa með leiðréttingum og viðbótum eftir M.J. Driscoll. Lundúnir 2008.
- Dronke, Peter, *Fabula: Explorations into the Uses of Myth in Medieval Platonism*, Leiden 1974.
- Duczko, Władysław, „Viking-Age Wolin (Wollin) in the Norse Context of the Southern Coast of the Baltic Sea“, *Scripta Islandica* 65 (2014), 143–151.
- Duff, David, „Introduction“, *Modern Genre Theory*. Lundúnir 2000, 1–24.
- Einar Ól. Sveinsson, „Formáli“, *Eyrbyggja saga*. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Íslensk fornrit 4. Reykjavík 1935.
- Einar Ól. Sveinsson, „Landvættasagan“, *Minjar og menntir. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn 6. desember 1976*. Ritstj. Guðni Kolbeinsson. Reykjavík 1976, 117–129.
- Einar Sigurbjörnsson, „Dýrlingar – helgir menn“, *Heilagra karla sögur*. Reykjavík 2007, ix-xx.
- Ekrem, Inger, *Nyt lys over Historia Norwegie. Mot en løsning i debatten om dens alder?* Bergen 1998.
- Faulkes, Anthony, „The Viking Mind or in Pursuit of the Viking“, *Saga-Book* 31 (2007), 46–83.
- Ferris, David, „Why Compare?“ *A Companion to Comparative Literature*. Ritstj. Ali Behdad og Dominic Thomas. Chichester 2011, 28–45.
- Finlay, Alison, „Introduction“, *Fagrskinna. A Catalogue of the Kings of Norway*. Alison Finlay gaf út og þýddi. Leiden og Boston 2004.
- Finlay, Alison, „Jómsvíkinga Saga and Genre“, *Scripta Islandica* 65 (2014), 63–79.
- Finnur Jónsson, *Den Oldnorske og Oldislandske Litteraturs Historie 2*. Kaupmannahöfn 1923.
- Finnur Jónsson, „Indledning“, *Morkinskinna*. Kaupmannahöfn 1932.
- Foote, Peter G., „Notes on Some Linguistic Features in AM 291 4to (*Jómsvíkinga saga*).“ *Íslensk tunga* 1 (1959), 26–46.
- Foote, Peter, „Notes on the Prepositions OF and UM(B) in Old Icelandic and Old Norwegian prose“, *Studia Islandica* 14 (1955), 41–83.
- Foote, Peter, „Sagnaskemtan: Reykjahólar 1119“, *Saga-Book* 14 (1955-56), 226-239.
- Foote, Peter, „*Færeyinga saga*“, *Medieval Scandinavia: An Encyclopedia*. Ritstj. Phillip Pulsiano. New York og Lundúnir 1993, 222.
- Gísli Sigurðsson, *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: tilgáta um aðferð*. Reykjavík 2002.

- Gísli Sigurðsson, „Hin almælti saga af Guðmundi ríka,“ *Skírnir* 182 (2008), 174–193.
- Gjessing, Gustav Antonio, „Forord.“ *Jómsvíkinga-saga i latinsk oversættelse af Arngrim Jonsson*. Kristianssand 1877.
- Glauser, Jürg, *Isländische Märchensagas: Studien zur Prosaliteratur im spätmittelalterlichen Island*. Basel 1983.
- Ghosh, Shami, *Kings' Sagas and Norwegian History: Problems and Perspectives*, Leiden og Boston 2011.
- Golden, Leon, „Reception of Horace's *Ars Poetica*,“ *A Companion to Horace*. Ritstj. Gregson Davis. Chichester 2010, 391–413.
- Green, D. H., *The Beginnings of Medieval Romance. Fact and Fiction 1150–1220*. Cambridge 2002.
- Guðrún Ingólfssdóttir, „Um hlutverk vísna í Íslendinga sögum,“ *Skáldskaparmál* 1 (1990), 226–240.
- Gunnar Karlsson, *Ástarsaga Íslendinga að fornu: um 870-1300*. Reykjavík 2013.
- Gödel, Vilhelm, *Katalog öfver Kongl. bibliotekets fornisländska och fornorska handskrifter*. Stokkhólmur 1897–1900.
- Haki Antonsson, „Salvation and Early Saga Writing in Iceland: Aspects of the Works of the Þingeyrar Monks and Their Associates,“ *Viking and Medieval Scandinavia* 8 (2012), 71–140.
- Halldór Guðmundsson, „Skáldsöguvitund í Íslendingasögum,“ *Skáldskaparmál* 1 (1990), 62–72.
- Halldór Laxness, *Gerpla*, Reykjavík 1952.
- Halldór Laxness, *Yfirskygðir staðir: ýmsar athuganir*. Reykjavík 1971.
- Halvorsen, E. F., „Lærd og folkelig stil,“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid* 11. Reykjavík 1966, 119–123.
- Hanning, Robert W., *The Vision of History in Early Britain: From Gildas to Geoffrey of Monmouth*. New York og Lundúnir 1966.
- Harf-Lancner, Laurence, „Chrétien's Literary Background,“ *A Companion to Chrétien de Troyes*. Ritstj. Norris J. Lacy og Joan Tasker Grimbert. Cambridge 2005, 26–42.
- Harris, Joseph, „Genre in the Saga Literature: A Squib,“ *Scandinavian Studies* 47 (1975), 427–436.
- Harris, Joseph, „Saga as Historical Novel,“ *Speak Useful Words or Say Nothing: Old Norse Studies*. Ritstj. Susan E. Deskis og Thomas D. Hill. Íþaka 2008, 227–260. [Áður birt: Structure and meaning in Old Norse Literature: New Approaches to Textual Analysis and Literary Criticism. Óðinsvé 1986.]
- Haug, Walter, *Literaturtheorie im deutschen Mittelalter. Von den Anfängen bis zum Ende des 13. Jahrhunderts*. Eine Einführung. Darmstadt 1985.
- Haugen, Odd Einar, „Tekstkritikk og tekstfilologi,“ *Handbok i norrøn filologi*. Ritstj. Odd Einar Haugen. Vigmostad og Bjørke 2004.

- Helgi Skúli Kjartansson, „From the Frying Pan of Oral Tradition into the Fire of Saga Writing: The Precarious Survival of Historical Fact in the Saga of Yngvar the Far-Traveller,“ *Sagas & Societies: International Conference at Borgarnes, Iceland, September 5.-9. 2002*. Ritstj. Stefanie Würth, Tönno Jonuks og Axel Kristinsson. Rafrænt efni 2002.
- Helle, Knut, „Jomsvikingeslaget: islandsk heltediktning?“ *Kongsmenn og krossmen: festskrift til Grethe Authén Blom*. Ritstj. Steinar Supphellen. Þrándheimur 1992, 167–193.
- Heller, Rolf, „Laxdæla saga und Sturlunga saga,“ *Arkiv för nordisk filologi* 76 (1961), 112–133.
- Hempel, Heinrich. „Die Formen der Íomsvíkinga saga,“ *Arkiv för nordisk filologi* 39 (1923), 1–58.
- Hermann Pálsson, *Sagnaskemmtun Íslendinga*. Reykjavík 1962.
- Hermann Pálsson, *Úr hugmyndaheimi Hrafnkels sögu og Grettlu*. Reykjavík 1981.
- Hermann Pálsson, *Mannfræði Hrafnkels sögu og frumþættir*. Reykjavík 1988.
- Hofmann, Dietrich, „Die Yngvars saga víðförla und Oddr munkr inn fróði,“ *Speculum Norroenum: Norse Studies in Memory of Gabriel Turville-Petre*. Ritstj. Ursula Dronke, Guðrún P. Helgadóttir, Gerd Wolfgang Weber og Hans Bekker-Nielsen. Óðinsvé 1981, 188–222.
- Hollander, Lee M., „Studies in the Jómsvíkingasaga.“ *Arkiv för nordisk filologi* 33 (1917), 193–222.
- Hollander, Lee M., „The Battle on the Vin-heath and the Battle of the Huns,“ *Journal of English and Germanic Philology* 22 (1933), 33–43.
- Hollander, Lee M., „Introduction,“ *The saga of the Jómsvíkinga: Translated from the Old Icelandic with Introduction and Notes*. Austin 1955, 13–25.
- Hopper, Vincent Foster, *Medieval number symbolism: Its Sources, Meaning, and Influence on Thought and Expression*, New York 2000.
- Hreinn Benediktsson, *Early Icelandic Script as Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Reykjavík 1965.
- Hreinn Benediktsson, „Relational Sound Change: vá > vo in Icelandic.“ *Linguistic studies, Historical and Comparative*. Ritstj. Guðrún Þórhallsdóttir, Höskuldur Þráinsson, Jón G. Friðjónsson og Kjartan Ottósson. Reykjavík 2002, 227–242. [Áður birt: *Linguistic Method*, Haag 1979, 307–326].
- Hreinn Benediktsson, „The Unstressed and the Non-Syllabic Vowels of Old Icelandic,“ *Linguistic studies, Historical and Comparative*. Ritstj. Guðrún Þórhallsdóttir, Höskuldur Þráinsson, Jón G. Friðjónsson og Kjartan Ottósson. Reykjavík 2002, 74–91. [Áður birt: *Arkiv för nordisk filologi* 77 (1962), 7–31.]
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Ritstj. Jakob Benediktsson. Reykjavík 1983.
- Hutcheon, Linda, *Irony's Edge: The Theory and Politics of Irony*. New York 1994.
- Indrebø, Gustav, *Fagrskinna*. Avhandlingar fra universitetets historiske seminar 4. Kristjánía 1917.
- Indrebø, Gustav, *Norsk målsoga*. Bergen 2001.
- „Interrogating Genre in the Fornaldarsögur: Round-Table Discussion,“ *Viking and Medieval Scandinavia* 2 (2006), 275–96.

*Íslenzk sagnablöð*. Kaupmannahöfn 1817–1826.

Jakob Benediktsson, *Arngrimi Jonae Opera Latine Conscripta* 4. Bibliotheca Arnamagnæana 12. Kaupmannahöfn 1957.

Jakob Benediktsson, „Merlínusspá,“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid* 11. Reykjavík 1966, 556–557.

Jakob Benediktsson, „Formáli,“ *Íslendingabók. Landnámabók*. Jakob Benediktsson gaf út. Íslenzk fornrit 1. Reykjavík 1968.

Jansson, Sven B. F., *Sagorna om Vinland* 1. Handskrifterna till Erik den Rödes Saga, Stokkhólmur 1945.

Jauß, Hans Robert, *Alterität und Modernität der mittelalterlichen Literatur: Gesammelte Aufsätze* 1956-1976. München 1977.

Jensen, Helle, „Indledning,“ *Eiríks saga víðförla*. Editiones Arnamagnæanæ. Series B; 29. Kaupmannahöfn 1983.

Jensen, Helle, „Eiríks saga víðförla: Appendix 3,“ *The Sixth International Saga Conference* 28.7. - 2.8 1985. Kaupmannahöfn 1985, 499–512.

Jensen, Jørgen, *Danmarks oldtid. Yngre jernalder og vikingtid 400–1050 e.Kr.* Kaupmannahöfn 2004.

Jesch, Judith, „History in the ‘political sagas’,“ *Medium Ævum* 62 (1993), 210–220.

Jesch, Judith, „Orkneyinga saga: A Work in Progress?“ *Creating the Medieval Saga: Versions, Variability and Editorial Interpretations of Old Norse Saga Literature*. Ritstj. Judy Quinn og Emily Lethbridge. Óðinsvé 2010, 153–173.

Jesch, Judith, „Jómsvíkinga Sögur and Jómsvíkinga Drápur: Texts, Contexts and Intertexts,“ *Scripta Islandica* 65 (2014), 81–100.

Jochens, Jenny, „The Female Inciter in the Kings’ Sagas,“ *Arkiv för nordisk filologi* 102 (1987), 100–119.

Jochens, Jenny, *Old Norse Images of Women*. Philadelphia, 1996.

Jochens, Jenny, „Mansöngur and the Jómsvíkingar,“ *Le secret d’Odin: mélanges offerts à Régis Boyer à l’occasion de son départ en retraite*. Ritstj. Marc Auchet. Nancy 2001, 17–26.

Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, *Women in Old Norse Literature: Bodies, Words, and Power*. New York 2013.

Jómsvíkingar: *Wolin-Jómsborg, verslunarstaður í Póllandi*. Sýning frá Þjóðminjasafninu í Szczecin Þjóðminjasafni Íslands 24. okt.-13. des. 1992. Umsjón með sýningarskrá Lilja Árnadóttir. Árni Björnsson og Hildur Bjarnadóttir þýddu. Reykjavík 1992.

Jón Helgason, „Nokkur íslenzk handrit frá 16. öld,“ *Skírnir* 106 (1932), 143–168.

Jón Hnefill Aðalsteinsson, *Blót í norrænum sið*. Reykjavík 1997.

Jón Hnefill Aðalsteinsson, „Mannblót í Semnóalundi og á Þórsnesþingi,“ *Skírnir* 173 (1999), 361–376.

Jón Hnefill Aðalsteinsson, *Hið mystíska X*. Reykjavík 2009.

Jónas Kristjánsson, *Um Fóstbræðrasögu*. Reykjavík 1972.



- Jónas Kristjánsson, „Konungasögur,“ *Saga Íslands* 2. Ritstj. Sigurður Líndal. Reykjavík 1975, 222–241.
- Jónas Kristjánsson, „Bókmenntasaga,“ *Saga Íslands* 3. Ritstj. Sigurður Líndal. Reykjavík 1978, 261–350.
- Jónas Kristjánsson, „Learned style or saga style?“ *Speculum Norroenum: Norse Studies in Memory of Gabriel Turville-Petre*. Óðinsvé 1981, 260–292.
- Kalinke, Marianne, „Scribes, Editors, and the Riddarasögur,“ *Arkiv för nordisk filologi* 97 (1982), 36–51.
- Kalinke, Marianne, „The Arthurian Legend in Breta sögur: Historiography on the Cusp of Romance,“ *Greppaminni: Rit til heiðurs Vésteini Ólasyni sjötugum*. Reykjavík 2009, 217–230.
- Kalinke, Marianne, „Norse Romance (Riddarasögur),“ *Old Norse-Icelandic Literature: A Critical Guide*. Ritstj. Carol Clover og John Lindow. Toronto 2005 [Fyrst gefin út 1985].
- Kálund, Kristian, *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling I–II*. Kaupmannahöfn 1889–1894.
- Kálund, Kristian, *Katalog over de oldnorsk-islandske håndskrifter i Det store kongelige bibliotek og i Universitetsbiblioteket (udenfor den Arnamagnæanske samling) samt den Arnamagnæanske samlings tilvækst 1894–99*. Kaupmannahöfn 1900.
- Karl Ó. Ólafsson, „Þrjár feðgar hafa skrifað bók þessa...“ *Um þrjár rithendur í AM 510 4to og fleiri handritum*. Ritgerð til MA-prófs í íslenskum fræðum. Reykjavík 2006.
- Keen, Maurice, *Chivalry*. New Haven 1984.
- Kelchner, Georgia Dunham, *Dreams in Old Norse Literature and their Affinities in Folklore*. Cambridge 1935.
- Kjeldsen, Alex Speed, *Filologiske studier i kongesagahåndskriftet Morkinskinna*. Bibliotheca Arnamagnæana. Supplementum 8. Kaupmannahöfn 2013.
- Kolbrún Haraldsdóttir, „Innhald og komposisjon i Flateyjarbók,“ *Nordica Bergensia* 23 (2000), 94–115.
- Kreutzer, Gert, „Der puer-senex-Topos in der altnordischen Literatur,“ *Skandinavistik* 16 (1986), 134–145.
- Ladner, Gerhart B., „Terms and Ideas of Renewal,“ *Renaissance and Renewal in the Twelfth Century*. Ritstj. Robert L. Benson, Giles Constable og Carol D. Lanham. Oxford 1982, 1–33.
- La Farge, Beatrice, „Preben Meulengracht Sørensen. Norrønt nid: forestillingen om den umandige mand i de islandske saer,“ *Skandinavistik* 13 (1983), 1:59–64.
- Lacy, Norris J., „The Arthurian Legend Before Chrétien,“ *A Companion to Chrétien de Troyes*. Ritstj. Norris J. Lacy og Joan Tasker Grimbert. Cambridge 2005, 43–51.
- Larrington, Caroline, „A Viking in Shining Armour?: Vikings and Chivalry in the Fornaldarsögur,“ *Viking and Medieval Scandinavia* 5 (2009), 269–288.
- Larsen, Sofus, „Jomsborg, dens Beliggenhed og Historie,“ *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie*, III (1927–1928) 1–106.
- Lassen, Annette, *Øjet og blindheden i norrøn litteratur og mytologi*. Kaupmannahöfn 2003.

- Lassen, Annette, „Origines Gentium and the Learned Origin of Fornaldarsögur Norðurlanda,“ *The Legendary Sagas: Origins and Development*. Ritstj. Anette Lassen, Agneta Ney og Ármann Jakobsson. Reykjavík 2012, 31–58.
- Lárus H. Blöndal, *Um uppruna Sverris sögu*. Reykjavík 1982.
- Lethbridge, Emily, „Gísla saga Súrssonar: Textual Variation, Editorial Constructions and Critical Interpretations,“ *Creating the Medieval Saga: Versions, Variability and Editorial Interpretations of Old Norse Saga Literature*. Ritstj. Judy Quinn og Emily Lethbridge. Óðinsvé 2010, 123–152.
- Lethbridge, Emily, „Dating the Sagas and Gísla saga Súrssonar,“ *Dating the Sagas. Reviews and Revisions*. Ritstj. Else Mundal. Kaupmannahöfn 2013, 77–113.
- Lie, Hallvard, *Studier i Heimskringlas stil*. Ósló 1937.
- de Leeuw van Weenen, Andrea, *A Grammar of Möðruvallabók*. Leiden 2000.
- Lindblad, Gustaf, *Studier i Codex Regius av äldre Eddan* 1-3. Lundur 1954.
- Louis-Jensen, Jonna, „Den yngre del af Flateyjarbók,“ *Afmælisrit Jóns Helgasonar 30. júní 1969*. Reykjavík 1969, 235–250.
- Louis-Jensen, Jonna, *Kongesagastudier. Kompilationen Hulda-Hrokkinskinna*. Kaupmannahöfn 1977.
- Louis-Jensen, Jonna, „Introduction,“ *Trójumanna saga. The Dares Phrygius Version*. Jonna Louis-Jensen gaf út. Editiones Arnarnagæanæ Series A, 9. Kaupmannahöfn 1981.
- Lund, Niels, *Harald Blåtands død*. Hróaskelda 1998.
- Lönnroth, Lars, „Kroppen som själens spegel – Ett motiv i de isländska sagorna,“ *Lychnos* (1963–1964), 24–61.
- Lönnroth, Lars, „The Noble Heathen: A Theme in the Sagas,“ *Scandinavian Studies* 41 (1969), 1–29.
- Lönnroth, Lars, „The Concept of Genre in Saga Literature,“ *Scandinavian Studies* 47 (1975), 419–426.
- Lönnroth, Lars, *Njáls Saga: A Critical Introduction*. Berkeley 1976.
- Lönnroth, Lars, „Dreams in the Sagas,“ *Scandinavian Studies* 74 (2002), 455–464.
- Lönnroth, Lars, „From History to Myth: the Ingvar Stones and Yngvars saga víðförla,“ *Nordic Mythologies. Interpretations, Intersections, and Institutions*. Ritstj. Timothy R. Tangherlini. Berkeley og Los Angeles 2014, 100–114.
- Madelung, A. Margaret Arent, *The Laxdæla Saga: Its Structural Patterns*. Chapel Hill 1972.
- McCash, June Hall, „Chrétien’s Patrons,“ *A Companion to Chrétien de Troyes*. Ritstj. Norris J. Lacy og Joan Tasker Grimbert. Cambridge 2005, 15–25.
- McKinnell, John, „Þorgerðr Hölgabrúðr and Hyndluljóð,“ *Mythological Women. Studies in Memory of Lotte Motz*. Ritstj. Rudolf Simek og Wilhelm Heizmann. Vín 2002, 265–290
- McNamara, Jo Ann. „The Herrenfrage: The Restructuring of the Gender System, 1050-1150.“ *Medieval Masculinities. Regarding Men in the Middle Ages*. Clare A. Lees ritstýrði. University of Minnesota Press, Minneapolis 1994, 3–29.

- Megaard, John, „Hvor sto “Slaget i Hjørungavágr”? Jomsvikingeberetningens stedsnavn og Sæmundr fróði,“ *Alvíssmál* 9 (1999): 29–54.
- Megaard, John. „Studier i Jómsvíkinga sagas stemma: Jómsvíkinga sagas fem redaksjoner sammanlignet med versjonene i Fagrskinna, Jómsvíkingadrápa, Heimskringla og Saxo,“ *Arkiv för nordisk filologi* 115 (2000), 125–182.
- Megaard, John, „Vagn Ákesons vekst og fall,“ *Old Norse Myths, Literature and Society: 11th International Saga Conference. Proceedings of the 11th International Saga Conference 2–7 July 2000, University of Sidney*. Ristj. Geraldine Barnes og Margaret Clunies Ross. Sydney 2000, 327–333.
- Meulengracht Sørensen, Preben, *Norrønt tid*. Óðinsvé 1980.
- Meulengracht Sørensen, Preben, *Fortælling og ære. Studier i islændingesagaerne*. Árósar 1992.
- Miller, D.A., *The Epic Hero*. Baltimore 2000.
- Mills, Robert, *Suspended Animation: Pain, Pleasure and Punishment in Medieval Culture*. Lundúnir, 2005.
- Mogk, Eugen, *Geschichte der Norwegisch-Isländischen Literatur*. Strassburg, 1904.
- von Moos, Peter „Poeta und historicus im Mittelalter. Zum Mimesis-Problem am Beispiel einiger Urteile über Lucan.“ *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache und Literatur* 98 (1976), 93–130.
- Morawiec, Jakub, *Vikings among the Slavs: Jomsborg and the Jomsvikings in Old Norse Tradition*. Vín 2009.
- Morse, Ruth, *Truth and Convention in the Middle Ages: Rhetoric, Representation, and Reality*. Cambridge 1991.
- Motz, Lotte, „The Family of Giants,“ *Arkiv för nordisk filologi*, 102 (1987), 216–236.
- Mundal, Else, „Modes of Authorship and Types of Text in Old Norse Culture,“ *Modes of Authorship in the Middle Ages*. Ritstjóri Slavica Ranković. Toronto 2012, 211–226.
- Murphy, James J., *Rhetoric in the Middle Ages. A History of Rhetorical Theory from St. Augustine to the Renaissance*. Berkeley, Los Angeles og Lundúnir 1974.
- Nichols, Stephen G., „Introduction: Philology in a Manuscript Culture,“ *Speculum* 65 (1990), 1:1-10.
- Nygaard, Marius, „Den lærde stil i den norrøne prosa“, *Sproglig-historiske studier tilegnede professor C.R. Unger*. Kristjánía 1896, 153–170.
- Nygaard, Marius, *Norrøn Syntax*, Kristjánía 1905.
- Nykrog, Per, „The Rise of Literary Fiction,“ *Renaissance and Renewal in the Twelfth Century*. Ritstj. Robert L. Benson, Giles Constable og Carol D. Lanham. Oxford 1982, 593–612.
- O’Connor, Ralph, „History or fiction?: Truth-claims and defensive narrators in Icelandic romance-sagas,“ *Mediaeval Scandinavia* 15 (2005), 101–169.
- O’Connor, Ralph, „Truth and Lies in the fornaldarsögur: The Prologue to *Göngu-Hrólfs Saga*,“ *Fornaldarsagaerne: Myter og virkelighed: studier i de oldislandske Fornaldarsögur Norðurlanda*. Ritstj. Agneta Ney, Ármann Jakobsson og Annette Lassen. Kaupmannahöfn 2009, 361–378.

- O'Donoghue, Heather, *Skaldic Verse and the Poetics of Saga Narrative*. Oxford og New York 2005.
- Ormrod, W. Mark, „The Sexualities of Edward II,“ *The Reign of Edward II: New Perspectives*. Ritstj. Gwilym Dodd og Anthony Musson. Woodbridge 2006, 22–47.
- Otter, Monika, *Inventiones: Fiction and Referentiality in Twelfth-Century English Historical Writing*. Chapel Hill 1996.
- Ólafur Davíðsson, „Jón biskup Vídalín,“ *Sunnanfari* 3 (1893–1894), 1:3–5.
- Ólafur Halldórsson, „Inngangur.“ *Jómsvíkinga saga*. Reykjavík 1969.
- Ólafur Halldórsson, „Mostur og Sæla,“ *Gripla* 6 (1984), 101–112. [Endurpr. Grettisfærsla. Reykjavík 1990]
- Ólafur Halldórsson, „Hverjir voru Jómsvíkingar?“ *Lesbók Morgunblaðsins* 16. ágúst 1986. [Endurpr. *Grettisfærsla*. Reykjavík 1990]
- Ólafur Halldórsson, „Af uppruna Flateyjarbókar,“ *Ný saga* 1 (1987), 84–86. [Endurpr. *Grettisfærsla*. Reykjavík 1990]
- Ólafur Halldórsson, *Danish Kings and the Jomsvikings in The Greatest Saga of Ólafr Tryggvason*. Lundúnir 2000.
- Ólafur Halldórsson, „Af Hákonni Hlaðajarli Sigurðssyni,“ *Gripla* 15 (2004), 175–185.
- Ólafur Halldórsson, „Formáli,“ *Færeyinga saga. Ólafs saga Odds*. Íslenzk fornrit 25. Reykjavík 2006.
- Ólafur Halldórsson, „Um Jómsvíkinga sögu,“ *Greppaminni: Rit til heiðurs Vésteini Ólasyni sjötugum*. Reykjavík 2009, 289–298.
- Óskar Halldórsson, *Uppruni og þema Hrafnkels sögu*. Reykjavík 1976.
- Paasche, Fredrik, *Kong Sverre*. Kristjánía 1920.
- Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 1–6*. Reykjavík 1948–1976.
- Petersens, Carl af., „Anmärkningar till Jómsvíkinga drápa,“ *Jómsvíkinga saga (efter Cod. Am. 510, 4to) samt Jómsvíkinga drápa*. Lundur 1879, 120–133.
- Petersens, Carl af., „Förord,“ *Jómsvíkinga saga efter Arnarnagnæanska handskriften n:o 291 4to*. Kaupmannahöfn 1882.
- Petrulevich, Alexandra, „On the Etymology of at Jómi, Jumne and Jómsborg,“ *Namn och Bygd* 97 (2009):65–97.
- Phelpstead, Carl, „Fantasy and History: The Limits of Plausibility in Oddr Snorrason's *Ólafs saga Tryggvasonar*,“ *Saga-Book*, 36 (2012), 27–42.
- Price, Neil S., *The Viking Way: Religion and War in Late Iron Age Scandinavia*. Oxford 2007.
- Propp, Vladimir, *Morphology of the Folktale*. Laurence Scott þýddi. Austin 1968.
- Remak, Henry H. H., „Comparative Literature, Its Definition and Function,“ *Comparative Literature: Method and Perspective*. Ritstj. Horst Frenz og Newton P. Stallknecht. Carbondale Illinois 1961, 3–2.1
- Rowe, Elizabeth Ashman, „Generic Hybrids: Norwegian “Family” Sagas and Icelandic “Mythic-heroic” Sagas,“ *Scandinavian Studies* 65 (1993), 539–554.

- Rowe, Elizabeth Ashman, *The Development of Flateyjarbók. Iceland and the Norwegian Dynastic Crisis of 1389*. Óðinsvé 2005.
- Røthe, Gunnhild, „Þorgerðr Hölgabrúðr: The fylgja of the Háleygjar Family,“ *Scripta Islandica* 58 (2007), 33–55.
- Ryding, William, *Structure in Medieval Narrative*. Haag 1971.
- Saussy, Haun. „Comparative literature? (Problems of definition)“ *Publications Of The Modern Language Association of America*, 118 (2003), 2:336-341.
- Sävborg, Daniel, „Búi the Dragon: Some Intertexts of Jómsvíkinga saga,“ *Scripta Islandica* 65 (2014), 101–117.
- Seip, Didrik Arup, *Nye studier i norsk språkhistorie*. Oslo 1954.
- Sif Ríkharðsdóttir, „Meykóngahefðin í riddarasögum. Hugmyndafræðileg átök um kynhlutverk og þjóðfélagsstöðu,“ *Skírnir* 184 (2010), 410–433.
- Sigurður Nordal, „Om Orkneyinga saga,“ *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie* (1913), 31–50.
- Sigurður Nordal, *Hrafnkatla*. Kaupmannahöfn 1940.
- Sigurður Nordal, „Gunnhildur konungamóðir: flutt 23. febrúar 1941,“ *Samtíð og saga* 1 (1941), 135–155. [Endurpr. *Mannlýsingar* I. Reykjavík 1986.]
- Sigurður Nordal, „Formáli,“ *Vestfirðinga sögur*. Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. Reykjavík 1943.
- Sigurður Nordal, „Formáli,“ *Flateyjarbók* I. Akranes 1944.
- Sigurður Pétursson, „Ovid in Iceland,“ *Cultura Classica e Cultura Germanica Settentrionale*. Ritstj. Pietro Janni, Diego Poli og Carlo Santini. [Macerata 1988].
- Shupecki, Leszek, „Fact and Fancy in Jómsvíkinga saga,“ *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature. Sagas and the British Isles: Preprint Papers of The 13th International Saga Conference Durham and York, 6th-12th August, 2006*. Ritstj. John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick. Durham 2006, 906–915.
- Sölvi Eysteinnsson, „The Relationship of Merlinússpa and Geoffrey of Monmouth’s Historia,“ *Saga-Book* 14 (1953–1957), 95–112.
- Spiegel, Gabrielle M., *The Past as Text: The Theory and Practice of Medieval Historiography*. Baltimore og Lundúnir 1997.
- Stefán Einarsson, „Old English beot and Old Icelandic heitstrenging,“ *Publications of the Modern Language Association of America* 49 (1934), 975–993.
- Stefán Karlsson, „Aldur Hauksbókar,“ *Fróðskaparrit* 13 (1964), 114–121. [Endurpr. *Stafkrókar*. Reykjavík 2000.]
- Stefán Karlsson, „Om norvágismen i islandske håndskrifter,“ *Maal og minne* 3–4 (1978), 87–101. [Endurpr. *Stafkrókar*. Reykjavík 2000.]
- Stefán Karlsson, „Tungan,“ *Íslensk þjóðmenning* 6. *Munnmenntir og bókmennir*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Reykjavík 1989, 1–54. [Endurpr. *Stafkrókar*. Reykjavík 2000.]
- Stefán Karlsson, „Bókagerð Ara lögmans Jónssonar,“ *Gripla* 19 (2008), 7–29.

- Steinsland, Gro, *Det hellige bryllup og norrøn kongeideologi. En analyse av hierogami-myten i Skírnismál, Ynglingatal, Háleygjatal og Hyndluljóð*. Ósló, 1991.
- Storm, Gustav, *Kritiske bidrag til vikingetidens historie: (I. Ragnar Lodbrok og Gange-Rolv)*. Kristjanía 1878.
- Storm, Gustav, „Om redaktionerne af Jomsvikingasaga,“ *Arkiv för nordisk filologi* 1 (1883), 235–248.
- Storm, Gustav, „Om Thorgerd Hölgebrud,“ *Arkiv för nordisk filologi* 2 (1885), 124–135.
- Ström, Folke, „Poetry as Instrument of Propaganda. Jarl Hákon and His Poets,“ *Speculum Norroenum: Norse studies in memory of Gabriel Turville-Petre*. Ritstj. Ursula Dronke, Guðrún P. Helgadóttir, Gerd Wolfgang Weber og Hans Bekker-Nielsen. Óðinsvé 1981, 440–458.
- Ström, Folke, „Hieros gamos-motivet i Hallfreðr Óttarssons Hákonardrápa och den nordnorska jarlavärdigheten,“ *Arkiv för nordisk filologi* 98 (1983), 67–79.
- Ström, Folke, *Níð, Ergi and Old Norse Moral Attitudes*. Lundúnir 1974.
- Sveinbjörn Rafnsson, *Ólafs sögur Tryggvasonar: um gerðir þeirra, heimildir og höfunda*. Reykjavík 2005.
- Sveinbjörn Rafnsson, *Af fornum lögum og sögum. Fjórar ritgerðir um fornislenska sögu*. Reykjavík 2011.
- Sveinn Yngvi Egilsson, *Arfur og umbylting*. Reykjavík 1999.
- Sverrir Tómasson, „Hvenær var Tristrams sögu snúið?“ *Gripla* 2 (1977), 47–78. [Endurpr. *Tækileg vitni*. Reykjavík 2011.]
- Sverrir Tómasson, „Bandamanna saga og áheyrendur á 14. og 15. öld,“ *Skírnir* 151 (1977), 97–117. [Endurpr. *Tækileg vitni*. Reykjavík 2011.]
- Sverrir Tómasson, „Helgisögur, mælskufræði og forn frásagnarlist,“ *Skírnir* 157 (1983), 130–162.
- Sverrir Tómasson, *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum: rannsókn bókmennthaefðar*. Reykjavík 1988.
- Sverrir Tómasson, „Veraldleg sagnaritun 1120–1400: Inngangur,“ *Íslensk bókmennsasaga* 1. Ritstjóri Vésteinn Ólason. Reykjavík 1992, 265–308.
- Sverrir Tómasson, „Konungasögur,“ *Íslensk bókmennsasaga* 1. Ritstjóri Vésteinn Ólason. Reykjavík 1992, 358–401.
- Sverrir Tómasson, „Skorið í fornsögu: Þankar um byggingu *Hrafnkels sögu*,“ *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*. Reykjavík 1994, 787–799. [Endurpr. *Tækileg vitni*. Reykjavík 2011.]
- Sverrir Tómasson, „Ferðir þessa heims og annars. Paradís – Ódáinsakur – Vinland í íslenskum ferðalýsingum miðalda,“ *Gripla* 12 (2001), 23–40. [Endurpr. *Tækileg vitni*. Reykjavík 2011.]
- Sverrir Tómasson, „Er nýja textafræðin ný?“ *Gripla* 13 (2002), 199–216. [Endurpr. *Tækileg vitni*. Reykjavík 2011.]
- Sverrir Tómasson, „Konungs lof: Noregs konunga tal í *Flateyjarbók*,“ *Skírnir* 176 (2002), 257–267. [Endurpr. *Tækileg vitni*. Reykjavík 2011.]

- Sverrir Tómasson, „Dauði Hákonar jarls,“ *Gripla* 15 (2004), 187–194. [Endurpr. *Tækileg vitni*. Reykjavík 2011.]
- Sverrir Tómasson, „Helgisögur og helgisagnaritun,“ *Heilagra karla sögur*. Sverrir Tómasson, Bragi Halldórsson og Einar Sigurbjörnsson bjuggu til prentunar. Reykjavík 2007, xxi–lx.
- Sverrir Tómasson, „Þingeyrar – stærsta íslenska menningarsetrið á miðöldum,“ *Húnavetningur* 28 (2009), 7–23.
- Sverrir Tómasson, „Höfundr–Skáld: Author, Compiler, and Scribe in Old Norse Literature,“ *Modes of Authorship in the Middle Ages*. Ritstjóri Slavica Ranković. Toronto 2012, 236–250.
- Tolkien, J.R.R., *Þjólfskviða. Foryrnjurnar og fræðimennirnir*. Arndís Þórarinsdóttir þýddi. Reykjavík 2013.
- Topsfield, L.T., *A study of the Arthurian romances*. Cambridge og New York 1981.
- Torfi H. Tulinius. „Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum,“ *Íslensk bókmenntasaga* 2. Ritstj. Vésteinn Ólason. Reykjavík 1993, 167–245.
- Torfi H. Tulinius, „The Matter of the North: Fiction and Uncertain Identities in Thirteenth-Century Iceland,“ *Old Icelandic Literature and Society*. Ritstj. Margaret Clunies Ross. Cambridge 2000, 242–265.
- Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North: The Rise of Literary Fiction in Thirteenth-Century Iceland*. Randi C. Eldevik þýddi úr frönsku. Óðinsvé 2002.
- Torfi H. Tulinius, *Skáldið í skriftinni. Snorri Sturluson og Egils saga*. Reykjavík 2004.
- Turville-Petre, Gabriel, *Origins of Icelandic Literature*. Oxford 1953.
- Udolph, Jürgen, „On the Etymology of Jónsborg,“ *Scripta Islandica* 65 (2014), 183–210.
- Vésteinn Ólason, „Íslendingasögur og þættir,“ *Íslensk bókmenntasaga* 2. Ritstj. Vésteinn Ólason. Reykjavík 1993, 25–163.
- Vésteinn Ólason, „The Marvellous North and Authorial Presence in the Icelandic Fornaldarsaga,“ *Contexts of Pre-Novel Narrative: The European Tradition*. Ritstj. Roy Eriksen. Berlín 1994, 101–134.
- Vésteinn Ólason, *Samræður við söguöld. Frásagnarlist Íslendingasagna og fortíðarmynd*. Reykjavík 1998.
- Vésteinn Ólason, „List og tvísæi í *Snorra-Eddu*,“ *Gripla* 12 (2001), 41–65.
- Vésteinn Ólason og Þórður Ingi Guðjónsson, „Sammenhængen mellem tolkninger og tekstversioner af *Gísla saga*,“ *Den fornordiska texten i filologisk och litteraturvetenskaplig belysning*. Ritstj. Kristinn Jóhannesson, Karl G. Johansson og Lars Lönnroth. Gautaborg 2000, 96–120.
- Vinaver, Eugène, *The Rise of Romance*. Oxford 1971.
- Wawn, Andrew, *The Vikings and the Victorians. Inventing the Old North in 19th-Century Britain*, Cambridge 2000.
- Weibull, Lauritz, „Kritiska undersökningar i Nordens historia omkring år 1000,“ *Nordisk Historia* I. Stokkhólmur 1948, 245–360.
- Wellek, René og Austin Warren, *Theory of Literature*. Hammondsworth 1973.

- Werlauff, E. C. „Jørgen Seefeldt og hans Bibliothek,“ *Nyt historisk tidsskrift* 6 (1856) 2:204–245.
- White, Hayden, *Tropics of Discourse: Essays in Cultural Criticism*. Baltimore og Lundúnir 1978.
- Wimmer, Ludvig F. A., *De Danske Runemindesmærker*, Kaupmannahöfn 1914.
- Wolf, Kirsten, „Yngvars saga víðförla,“ *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia*. Ritstj. Phillip Pulsiano. New York og Lundúnir 1993, 740.
- Ziolkowski, Jan, „Avatars of Ugliness in Medieval Literature,“ *The Modern Language Review* 79 (1984), 1:1–20.
- Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson, *Íslensk stílfraeði*. Reykjavík 1994.
- Þorleifur Hauksson, „Formáli,“ *Sverris saga*. Þorleifur Hauksson gaf út. Íslensk fornrit 30. Reykjavík 2007.
- Þórdís Edda Jóhannesdóttir og Veturliði Óskarsson, „The Manuscripts of Jómsvíkinga saga: A Survey,“ *Scripta Islandica* 65 (2014): 9–29.
- Þórður Ingi Guðjónsson, „Editing the Three Versions of Gísla saga Súrssonar,“ *Creating the Medieval Saga: Versions, Variability and Editorial Interpretations of Old Norse Saga Literature*. Ritstj. Judy Quinn og Emily Lethbridge. Óðinsvé 2010, 105–121.
- Þórhallur Vilmundarson, „Hjörungavágr,“ *Grímnir* 3 (1996), 44–51.